Hæstaréttardómar 1989 - 2. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Á milli bls. 1020 og 1021 er uppdráttur á tveimur bls. sem er ekki í blaðsíðuröðinni.
Mögulegur skurðargalli á korti á bls. 1031.
Á milli bls. 1048 og 1049 er uppdráttur á tveimur bls. sem er ekki í blaðsíðuröðinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1989

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

FÉLAGSPRENTSMIÐJAN HF.

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1989

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.

Aðild 1218, 1358
Afréttur 1011, 1022
Áfrýjun 917
Áfrýjunarleyfi 1325
Áhættutaka 1287
Ákæra 1318, 1501, 1514, 1754, 1773
Áskorunarmál 1104
Ávana- og fíkniefni 973, 978
Bein fógetagerð 1211
Bifhjól 1295
Bifreiðar:
  Einkamál 1050, 1257, 1280, 1287
  Opinber mál .. 1198, 1242, 1310, 1313, 1378, 1386, 1416, 1462, 1501
Bráðabirgðasvipting ökuréttinda felld úr gildi 1198, 1242
Brenna 898
Börn 1254
Dómarar 1175, 1208, 1214, 1315, 1534, 1627
Dómsátt felld úr gildi 1196, 1434, 1664, 1714
Dómstólar 1116
Dýr, ábyrgð á 1280
Eignarréttarfyrirvari 1473
Endurgreiðsla 1782
Endurupptaka dæmds opinbers máls 873
Erfðaskrá 1372
Farmgjald 1529
Farmskírteini 1529
Fasteignakaup 1610
Fiskveiðibrot 1754, 1764, 1773, 1788
Fjárlög 1404
Fjárnám 917, 1315
Fjársvik 934, 1686
Fjölbýlishús 1492
Forkaupsréttur 1268
Fógetagerð 1211
Fógetar 1175, 1315

Bls.
Frávikning 1627
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 879, 953, 1101, 1104, 1224, 1372, 1486, 1498, 1501, 1658, 1693, 1697, 1701, 1705, 1710
b) frá Hæstarétti 876, 961, 1007, 1073, 1204, 1254, 1307, 1309, 1325, 1395, 1452, 1455, 1624
c) frávísunardómur felldur úr gildi 1098, 1318, 1655
Frávísunarkröfu hafnað 909, 1514
Frestur 1106, 1107, 1204, 1211, 1307, 1309, 1572
Fyrning 1257
Gagnaöflun 1061, 1352, 1370
Galli 1523, 1610
Geðheilbrigðisrannsókn 1095
Gerðardómur 995
Girðing 1268
Gjafsókn, gjafvörn 1011, 1022
Gjaldþrot, gjaldþrotaskipti 1458, 1473, 1666, 1676
Greiðslustöðvun 1452, 1455
Gæsluvarðhald:
1.tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 882, 915, 931, 1004, 1059, 1076, 1120, 1148, 1190, 1202, 1353, 1355, 1393, 1412, 1414, 1425, 1437, 1738
3. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 ..... 1230, 1232
4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 .... 1142, 1187, 1205, 1232, 1250
5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 931, 1120, 1230, 1232, 1353, 1355, 1425, 1437
Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi 1603
Hafning máls 972, 1115, 1248
Hald á munum 1292
Hegningarauki 934, 1056
Heimvísun 833, 850, 885, 892, 1063, 1068, 1228, 1534, 1598
Húsleit 1254, 1292
Höfundarréttur 1080
Kaup og sala 1050
Kröfugerð 961, 1486
Kyrrsetning 917, 1123, 1128, 1132, 1138, 1179, 1183, 1358, 1569
Kæruheimild 1007, 1073
Kærumál:
Ákæra 1318, 1514
Áskorunarmál 1104
Bein fógetagerð 1211
Bráðabirgðasvipting ökuréttinda felld úr gildi 1198, 1242
Börn 1254
Dómarar 1175, 1208, 1214, 1534
Dómsátt felld úr gildi 1196, 1434, 1664, 1714

Bls.
Erfðaskrá ... 1372
Fógetagerð ... 1211
Frávísun:
a) frá héraðsdómi ... 879, 953, 1101, 1104, 1224, 1372, 1498
b) frá Hæstarétti ... 961, 1007, 1073, 1254, 1395, 1452, 1624
c) frávísunardómur felldur úr gildi ... 1098, 1318, 1655
Frávísunarkröfu hafnað ... 909, 1514
Frestur ... 1211
Geðheilbrigðisrannsókn ... 1095
Greiðslustöðvun ... 1452, 1455
Gæsluvarðhald 882, 915, 931, 1004, 1059, 1076, 1120, 1142, 1148, 1187, 1190, 1202, 1205, 1230, 1232, 1250, 1353, 1393, 1412, 1414, 1425, 1437, 1738
Gæsluvarðhaldsúrskurður fellur úr gildi ... 1603
Hald á munum ... 1292
Heimvísun ... 1228, 1534
Húsleit ... 1254, 1292
Kröfugerð ... 961
Kyrrsetning ... 1123, 1128, 1132, 1138, 1179, 1183, 1569
Kæruheimild ... 1007, 1073
Lögmenn ... 1208, 1214
Málskostnaður ... 1534
Málsvarnarlaun ... 1250
Opinbert mál ... 909, 1276
Ómaksbætur ... 1214
Ómerking ... 1228, 1534
Réttarfar ... 1228
Réttarhagsmunir ... 1254
Réttarneitun ... 1276
Skipti ... 1166, 1372
Stefna ... 959
Trygging ... 1123, 1128, 1132, 1179
Uppboð ... 1007
Vanhæfi dómara ... 1208
Verðbréfasjóður ... 1624
Þingfesting ... 959, 961
Þinglýsing ... 1395
Þóknun virðingarmanna ... 1144
Lagaskil ... 1508
Landamerkjamál ... 1011, 1022, 1063
Launakrafa ... 1427
Lausafjárkaup ... 1508, 1523
Líkamsárás ... 861, 1397, 1416, 1716, 1741
Líkamsmeiðingar ... 1558

Bls.
Líkamstjón 1575
Læknaráð 1061, 1352
Lögbann 1080
Löggeymsla 1666, 1676
Löghald 917, 1123, 1128, 1132, 1138, 1179, 1183, 1358, 1569
Lögmenn 1208, 1214
Manndráp 1440, 1540
Matsgerð 1610
Málflutningsumboð 1257
Málskostnaður 1115, 1248, 1534, 1540
Málsvarnarlaun 1250
Miskabætur 1586
Nauðgun 1716, 1741
Opinber gjöld 1782
Opinber mál 909, 1276
Ómaksbætur ... 928, 930, 972, 1214, 1234, 1235, 1236, 1237, 1574, 1663
Ómerking .. 833, 850, 885, 892, 1063, 1068, 1224, 1228, 1534, 1598, 1658
Ómerking ummæla 1218, 1586
Réttarfar 917, 1228, 1486
Réttarhagsmunir 1254
Réttarneitun 1276
Riftun 1523
Ríkisábyrgð á launum 852
Ríkissaksóknari 885, 892
Sakhæfi 1540
Sameign 1492
Samningar 1358
Sératkvæði . 885, 892, 917, 995, 1011, 1022, 1050, 1080, 1330, 1586, 1627, 1666, 1676
Sértökuréttur 1473
Símakostnaður 1108
Skaðabótaskylda hins opinbera 1575
Skaðabætur, skaðabótamál . 838, 844, 934, 1257, 1280, 1287, 1295, 1330, 1358, 1416, 1575, 1610, 1716, 1741
Skilasvik 1150
Skilorð, skilorðsrof 966, 1150, 1416, 1462, 1468, 1558
Skiptamál, skipti 1166, 1372
Skjalafals 934, 966, 1056, 1686
Skuldabréf 1050
Skuldajöfnuður 1610
Skuldamál 1116, 1529
Stefna 959
Stefnubirting 1224, 1257
Stjórnarskrá 1404, 1627

Bls.
Stjórnsýsla 1218
Sönnun 838, 844, 1427, 1468
Tékkasvik 934
Tilraun til manndráps 1440, 1540
Trygging 1123, 1128, 1132, 1179
Umferðarlög 1310, 1313, 1378, 1386, 1416, 1462, 1501
Uppboð 1007, 1068, 1325
Upptaka 973, 978
Útburðargerð 1211
Útivist, útivistardómar 928, 929, 930, 1234, 1235, 1236, 1237, 1238, 1239, 1240, 1241, 1451, 1584, 1585, 1662
Valdmörk fógeta 1315
Vanhæfi 885, 892, 1068, 1208
Vátrygging 1257
Verðbréfasjóður 1624
Verjandi, skipun 885, 892
Verslunarkaup 1508
Vextir 1782
Virðingarmenn, þóknun 1144
Vítur 1068
Víxlar, víxilmál 990, 1101, 1658
Þingfesting 959, 961
Þingflokkur 1404
Þinglýsing 1395
Þjófnaður 1468
Ærumeiðingar 1586
Örorka 1295, 1330
Öryggisgæsla 1540

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXX. árgangur. 2. hefti. 1989

Fimmtudaginn 18. maí 1989.

Nr. 141/1987. **Vinnuvélar hf.**
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
gegn
Vörubílstjórafélaginu Fáki
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
og gagnsök.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1987 og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af dómkröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir hann þær dómkröfur að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 48.045,00 krónur og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi hefur með stefnu 6. maí 1987 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Hann gerir þær dómkröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér 511.754,71 krónur með 2,25% mánaðarvöxtum af 426.462,26 krónum frá 21. maí 1986 til 1. mars 1987, 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 6. maí s.á., en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu deila aðilar um skuldaskil vegna verks sem þeir tóku sameiginlega að sér fyrir Vegagerð ríkisins. Gagnáfrýjandi heldur því fram að aðaláfrýjandi hafi tekið að sér fjárreiður vegna verksins, og í héraði stefnir hann aðaláfrýjanda til þess að greiða það,

sem hann telur ógreitt af sínum hluta, án þess að hafa í höndum endanlegt heildaruppgjör.

Við aðalflutning málsins 6. október 1986 lagði aðaláfrýjandi fram ódagsett uppgjörsblað ásamt yfirlitum um vinnuframlag hvors um sig. Yfirlitin eru ódagsett og fjárhæðir þar eru ekki dregnar saman í niðurstöðu. Uppgjörsblað skortir sundurgreiningu ákveðinna liða og þar sést ekki hvort fjárhæðir eru reiknaðar með eða án söluskatts. Ekki sést hver hefur gert yfirlit um vélavinnu, og uppgjörið og það og yfirlitin hafa ekki verið staðfest fyrir dómi. Eftir framlagningu þessara gagna hefur gagnáfrýjandi ekki gert glöggt heildaryfirlit um afstöðu sína til einstakra liða uppgjörsins. Ólafur Theodórsson mælingamaður, sem í málflutningi fyrir Hæstarétti var sagður hafa gert yfirlitin, hefur ekki komið fyrir dóm sem vitni.

Málið var endurupptekið og flutt á ný 5. febrúar 1987, en þá vegna þess að héraðsdómara hafði ekki tekist að ljúka dómi á málið innan löglegra tímamarka. Málið var hins vegar ekki skýrt frekar. Þar sem upplýsingar og skýrleika brast um atriði, sem máli skiptu, bar héraðsdómara samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, að veita aðilum kost á að skýra málið og afla framhaldsgagna eða vísa því frá dómi, teldi hann það réttara. Í stað þess er málið dæmt án fullnægjandi málsreifunar, og í greinargerð um málsatvik og málsástæður í forsendum hins áfrýjaða dóms koma ekki skýrt fram þeir liðir uppgjörsins, sem um er deilt, og afstaða aðila til þeirra. Þá eru úrslit um einstaka liði og málið í heild lítt rökstudd. Brýtur það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 27. febrúar 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 5. febrúar 1987 eftir munnlegan málflutning, er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 30. apríl 1986, af Gunnari Sæmundssyni hdl. f.h. Vörubílstjórafélagsins Fáks, nafnnúmer 2284-2951, á hendur Ólafi Bæringssyni, nafnnr. 6747-5887, stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Vinnuvéla hf., Patreksfirði, nafnnúmer 9336-2861, f.h. hlutafélagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 511.754,71, með 2,25% mánaðarvöxtum af kr. 426.462,26 frá 21.5. 1986 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda, Vinnuvéla hf., eru þær dómkröfur gerðar, að stefndi verði sýknaður af dómkröfum stefnanda í máli þessu og að honum verði til dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara er gerð sú dómkrafa að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda kr. 48.045,00 og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsástæður stefnanda eru þær að hann eigi hjá stefnda eftirstöðvar hluta síns vegna félagsmanna sinna, sem að verkinu unnu, af greiðslu sem koma átti fyrir umrætt verk. Á þeim greiðslum hafi stefndi átt að standa skil eigi síðar en við uppgjör Vegagerðar ríkisins. Þá er á því byggt að hvor aðila um sig verði að bera ábyrgð á mistökum sínum við áætlun kostnaðar við sinn hluta verksins, en báðir sameiginlega á áætlun kostnaðar vegna annarra þátta. Loks er á því byggt að hið stefnda félag sé ábyrgt fyrir kostnaði, sem leitt hafi af því, að það hafi farið út fyrir umboð sitt varðandi fjármálastjórn.

Sýknukrafa er fyrst og fremst byggð á aðildarskorti. Stefndi segir að Ólafur Bæringsson hafi verið ráðinn yfirstjórnandi verksins. Ekkert liggur fyrir um það hins vegar að stefndi, hlutafélagið Vinnuvélar hf., hafi tekið að sér yfirstjórnun verksins. Stefndi telur að fullyrðing stefnanda sé að því leyti röng. Vinnuvélar hf. séu því ekki réttur aðili að þessu máli, og beri því að sýkna stefnda á grundvelli 2. mgr. 45. gr. eml.

Til vara er því haldið fram til stuðnings kröfu um sýknu að stefnendur hafi þegar fengið greitt langt umfram það sem þeim beri. Stefndi heldur því fram að tapi eða hagnaði skyldi skipt til helminga. Kæmu þannig kr. 652.032,00 til frádráttar hjá hvorum aðila. Þannig ættu einungis kr. 225.888,00 að koma til stefnenda.

Lagarök: Stefnandi vísar til almennra reglna kröfuréttarins um bótaskyldu umboðsmanns gagnvart umbjóðanda, skyldu hans til skila á fé, sem hann tekur við í umboði umbjóðanda, og forsendna þeirra, sem málsaðilar lögðu til grundvallar verksamningi sínum við Vegagerð ríkisins.

Mál þetta snýst um sameiginlegt tilboð sem aðilar málsins, Vinnuvélar hf. og Vörubílstjórafélagið Fákur, gerðu í ákveðið verk hjá Vegagerð ríkis-

ins, „Styrking Barðaströnd". Aðilar gerðu tilboðið sameiginlega og í einu lagi og var það um 58% af kostnaðaráætlun Vegagerðar ríkisins. Ljóst er af gögnum málsins og framburði aðila, að ekki var gert formlegt samkomulag um skiptingu ágóða eða taps.

Óumdeilt er að Ólafur Bæringsson var ráðinn framkvæmdastjóri yfir verkinu og með ótakmarkað umboð, þar sem engin umboðsskrá var gerð til takmörkunar á umboðinu.

Þá er ljóst, að allt fjárhald var unnið hjá Vinnuvélum hf. og þeim réttilega stefnt til að gera skil á því sem hugsanlega væri vangreitt til samaðila.

Sá kostnaður, sem kemur til frádráttar af óskiptu, mun hafa orðið miklu meiri en aðilar ætluðu í upphafi, og liggja til þess ýmsar ástæður. Stefnandi telur ýmsa liði ofreiknaða og aðra vera kostnaðarhluta stefnda.

Stefnandi telur laun „svæðisverkstjóra", Gísla Viktorssonar, of há og einnig laun verkamanna sem unnu við verkið, og hafi Ólafur Bæringsson farið út fyrir umboð sitt. Þessu hefur verið mótmælt af lögmanni stefnda. Telja verður að hagur Vinnuvéla hf. hafi einnig verið sá, að þessi laun væru sem lægst.

Þá telur stefnandi að laun Ólafs Bæringssonar séu of há, en ekki er hægt að fallast á rök hans gegn mótmælum stefnda.

Stefnandi telur kostnað af bifreiðinni B 1368 of mikinn, og eru tilgreind kjör sem hefðu getað verið á bílaleigubíl. Verður að telja að þessi krafa sé of seint fram komin, og ósannað, að slíkur bíll hefði fengist á framkvæmdatímanum.

Krafa stefnanda um, að liðurinn „vökvun" falli undir sameiginlegan kostnað, og verður ekki séð hvor tilboðsgjafanna hefði frekar átt að annast þennan þátt (sic). Verður því að teljast rétt að taka þennan lið undir óskiptan kostnað, kr. 38.347,82.

Varðandi akstur Ólafs Bæringssonar, þ.e. 32 ferðir, gerir stefnandi að kröfu sinni, að helmingur verði metinn í þágu stefnda. Þetta eru ferðir Ólafs af vinnustað til heimilis og til baka og verður ekki fallist á þessa kröfu og hefur henni verið mótmælt af stefnda.

Stefnandi hefur krafist þess að reikningur Vegagerðar ríkisins vegna ólokins frágangs, kr. 130.000,00, falli á stefnda. Telja verður að báðir aðilar hafi gert sér ljóst að verkinu væri ekki lokið, og hefðu stefnendur alveg eins getað gert reka að því að ljúka verkinu. Ósannað er hversu mikið hefði kostað að ljúka umræddum verkþætti.

Stefndi hefur krafist sýknu vegna aðildarskorts. Um aðildarskort getur ekki verið að ræða, þar sem Vinnuvélar hf. komu fram sem fjármagnsaðili í útboðsverkinu gagnvart Vegagerð ríkisins og stefnanda.

Af framburði aðila málsins, sem komið hafa fyrir dóminn, er ljóst, að engir samningar hafa verið gerðir milli aðila um skiptingu á hluta þeim,

sem eftir stóð þegar sameiginlegur kostnaður hafði verið greiddur. Ósannað er að aðilar hafi gengið út frá vinnuhlutdeild þeirri sem talin er hafa verið lögð til grundvallar í dómskjali nr. 1, síðu 1.

Helgi Árnason, félagi í Vörubílstjórafélaginu Fáki, segir að upplýst hafi verið á fundi við undirskrift tilboðsins að Gísli Viktorsson væri ráðinn verkstjóri við verkið.

Þá segir Helgi, að vélavinna HB á dskj. nr. 57 sé til komin vegna þess, að Vinnuvélar hf. hafi ekki á þessum tíma haft tæki til að vinna verkið og því verið leigt tæki til að flýta verkinu.

Í framburði Jens Líndals Bjarnasonar kemur fram að hann telji ágreining hafa komið upp í september 1985 um greiðslu til aðila í Vörubílstjórafélaginu Fáki og þá hafi verkinu verið lokið.

Í ljósi þess, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að leggja til grundvallar eftirfarandi uppgjör á milli Vörubílstjórafélagsins Fáks og Vinnuvéla hf. vegna verksins „Styrking Barðaströnd".

Tekjur: Greiðslur frá Vegagerð ríkisins kr. 2.291.428,00.

Kostnaður:

Vegheflun o.fl.	kr.	269.250,00	
Vinnulaun	"	281.682,00	
Tæknivinna	"	152.200,00	
Fæði og uppihald	"	144.662,00	
Bílkostnaður	"	102.504,00	
Bensínkostnaður	"	37.929,00	
Rör frá Patrekshreppi	"	67.077,00	
Byggir hf.	"	24.256,00	
Flutningur á tækjum	"	4.544,00	
Ýmislegt	"	6.171,00	
Vökvun	"	38.348,00	kr. 1.128.623,00
Mismunur			kr. 1.162.805,00

Liðurinn HB-vinnuvélar greiðist af Vinnuvélum hf., kr. 68.681,00.

Þá þykir rétt, að hvor aðili um sig fái kr. 581.402,00 í sinn hlut, og hefur stefnandi þegar fengið kr. 360.000,00 í sinn hlut.

Fallist er á dráttarvaxtakröfu stefnanda.

Málskostnaður ákveðst kr. 52.422,00.

Dómsorð:

Stefndi Vinnuvélar hf., greiði stefnanda, Vörubílastjórafélaginu Fáki, kr. 221.402,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 21/11 '85 til 1/3 '86, en með 2,75% frá 1/3 '86 til 1/4 '86, en með 2,25% frá 1. apríl 1986 til greiðsludags og kr. 52.422,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. maí 1989.

Nr. 362/1987. **Eskey hf.**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
hafnarstjórn Hafnar í Hornafirði
(Gestur Jónsson hrl.)
og
Hafnamálastofnun ríkisins
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Skaðabætur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 4. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu bóta, að fjárhæð 38.300,00 krónur, auk 21,5% ársvaxta frá 31. desember 1983 til 21. janúar 1984, en 15% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí sama ár, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til þingfestingardags 10. desember 1986, en dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Af hálfu Hafnamálastofnunar er gerð varakrafa um lækkun bóta.

Hinn 11. janúar 1983 var skráð í dagbók mb. Bjarna Gíslasonar: „Kl. 22.30, þegar við vorum að fara frá bryggju í línuróður, lenti eitthvað í skrúfunni sem virtist fara strax úr, ekkert athugavert fannst á eftir og var haldið í róðurinn.“ Fyrir dómi bar skipstjóri, að sér hefðu „ekki þótt miklar líkur á því, að um mikið tjón væri að ræða, því hafi hann ekki talið að þörf væri á sjóprófi vegna þessa máls“. Hann kvaðst ekki geta staðfest, að skipið hefði tekið niðri í höfninni þennan dag, „enda telji hann ekki að skipið hafi

tekið niðri þó að skrúfan hafi að líkindum lent í grjótfláanum við stálþilið". Skoðun á skrúfunni fór fyrst fram 13. mars 1983. Í skýrslu kafara segir: „Skemmdir á skrúfu eru verulegar, á öllum blöðum skörð og brúnir beygðar." Aðspurður fyrir dómi kvaðst skipstjóri telja, að ekkert annað en framangreint óhapp hefði getað valdið þessum skemmdum á skrúfu skipsins. Samkvæmt reikningi Tórshavnar Skipasmiðju var ný skrúfa sett á skipið í september 1983.

Þegar litið er til þeirrar lýsingar, sem skráð var í dagbók skipsins, og þess álits skipstjóra, sem að framan er rakið, að hann taldi ekki miklar líkur á, að um mikið tjón væri að ræða, svo og þess, hve langur tími leið þar til skoðun á skrúfunni fór fram og þar til skipt var um skrúfu, verður ekki talið nægilega sannað, að skipta hafi þurft um skrúfu á skipinu vegna skemmda, er orðið hafi á henni 11. janúar 1983. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að rétt hefði verið að dæma mál þetta með sérfróðum samdómendum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Austur-Skaftafellssýslu 13. maí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 2. desember 1986 af Andra Árnasyni hdl. fyrir hönd Eskeyjar hf., nnr. 2243-8107, Höfn í Hornafirði, á hendur Hallgrími Guðmundssyni sveitarstjóra, Höfn í Hornafirði, f.h. hafnarstjórnar, Höfn í Hornafirði, og Aðalsteini Júlíussyni hafnamálastjóra, Seljavegi 32, f.h. Hafnamálastofnunar ríkisins til greiðslu in solidum skuldar, að fjárhæð kr. 38.300,00, auk 21,5% ársvaxta frá 31.12.1983 til 21.1.1984, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11.8.1984, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1.1985, en 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5.1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.1986, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4.1986, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingar, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varðandi málsástæður byggir stefnandi dómkröfur sínar á því að stefndu hafi með saknæmum og ólögmætum hætti valdið tjóni á skrúfu Bjarna

Gíslasonar, SF 90, en hafnarstjórn hafi fengið Vita- og hafnamálastofnun til þess að dýpka í höfninni og upp gefið dýpi hafi verið 4,2 til 4,5 metrar, en reyndist við athugun vera 2,1 til 3,3 metrar, meðaltal 2,3 metrar.

Upp gefið dýpi hefði átt að vera nægilegt fyrir stefnanda til að athafna sig við Miklagarðsbryggju, og skv. fundargerðum hafnarnefndar 2.2.1983 átti dýpkun, sem var gerð í höfninni, að vera nægjanleg.

Stefndi Hallgrímur Guðmundsson, sveitarstjóri Hafnarhrepps, f.h. hafnarstjórnar Hafnar í Hornafirði krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í máli þessu og að sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Stefndi Hafnamálastofnun ríkisins gerir þá kröfu aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til dæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og honum dæmt að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Sáttatilraunir dómara hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að hinn 11. janúar 1983 kl. 22.30 lagði vélskipið Bjarni Gíslason, SF 90, frá viðlegukanti í höfninni hér á Höfn. Viðlegukantur þessi er kallaður Miklagarðsbryggja og hafði Hafnamálastofnun ríkisins gert viðlegukant þennan sumarið 1982 fyrir hafnarstjórn Hafnarhrepps.

Vélskipið Bjarni Gíslason var að fara frá viðlegukantinum í línuróður, en beitingaskúr útgerðarinnar er þarna við kantinn. Þegar skipið var að fara frá kantinum og stefni þess var komið frá honum, en skutur var enn upp við kantinn, taldi skipstjóri, Erlingur Guðmundsson, sem var við stjórn skipsins, að eitthvað hefði lent í skrúfu skipsins. Hann taldi ástæðu til þess að bóka þetta í dagbók skipsins, en þar segir orðrétt: „Kl. 22.30, þegar við vorum að fara frá bryggju í línuróður, lenti eitthvað í skrúfunni sem virtist fara strax úr, ekkert athugavert fannst á eftir og var haldið í róðurinn."

Nokkru síðar fengu stjórnarmenn stefnanda, Eskeyjar hf., sem er eigandi skipsins, upplýsingar um að fleiri skip höfðu orðið fyrir hnjaski þarna við viðlegukantinn, m.a. mótorbáturinn Freyr, SF 20, hinn 19.1.1983, og var Ingvaldur Ásgeirsson kafari fenginn til þess að athuga um tjón á því skipi sama dag.

Í skýrslu kafarans, sem er dagsett sama dag, segir m.a.: „Kafað var við fjöru; er stokkið var út í, lenti ég á botni, og við bryggju stóð höfuð upp úr."

Þessu ber saman við það, sem fram kemur í yfirlýsingu Óskars Valdimarssonar hafnarstjóra í dómskjali nr. 8.

Hinn 13. mars 1983 er Ingvaldur Ásgeirsson kafari fenginn til þess að kanna hugsanlegar skemmdir á skrúfu Bjarna Gíslasonar, SF 90. Í skýrslu

kafarans í dómskjali nr. 35 segir m.a.: „Skemmdir á skrúfu eru verulegar, á öllum blöðum skörð og brúnir beygðar.“ Þrátt fyrir þessar skemmdir var skipinu haldið til veiða og það var ekki fyrr en haustið 1983, nánar til tekið 20.-22. september, að skipt var um skrúfu í skipinu í Tórshavnar skipasmiðju, og kostaði sú aðgerð kr. 64.724,00, en skrúfan sjálf var keypt hjá Heklu hf. fyrir kr. 160.396,00 og Vélsmiðja Kristjáns Gíslasonar vann að viðgerð á skrúfunni fyrir kr. 23.028,00. Samtals varð viðgerðarkostnaður kr. 248.148,00, sem er sú fjárhæð er greinir í stefnu, en kostnaður vegna köfunar var kr. 6.442,00 og heildarfjárhæðin því kr. 254.590,00.

Vitnið Gústaf Jónsson tæknifræðingur, starfsmaður Hafnamálastofnunar ríkisins, kom fyrir dóminn sem vitni í máli þessu og upplýsti, að mjög lítið efni hefði verið grabbað upp framan við þil viðlegukantsins, eftir að þilið hafði verið rekið niður við hafnargerðina sumarið 1982. Hefði tækjaskortur komið í veg fyrir að unnt var að grabba meira en raun varð.

Sverrir Guðnason kom fyrir dóminn og gaf skýrslu sem aðili málsins, en hann var formaður hafnarstjórnar Hafnarhrepps á árunum 1982 og 1986. Hann skýrði svo frá að Vita- og hafnamálastofnun hefði séð um framkvæmdir við gerð hafnargarðsins og Grétar Bjarnason verkstjóri hjá stofnuninni stjórnað þeim og látið grabba um sumarið framan við þil Miklagarðsbryggju, og eftir að Vita- og hafnamálastofnun fór með tæki sín af staðnum, var litið svo á, að notkun mannvirkisins væri heimil, enda hefðu bæði hafnarstjóri og Vita- og hafnamálastofnun vitað, að bátum var lagt að garðinum.

Sverrir kvaðst kannast við að hafa heyrt að gröbbun hefði gengið illa um sumarið 1982, en hann hefði einnig heyrt, að Grétar verkstjóri hefði verið að mæla dýpi við kantinn og ekki hefði komið annað fram en dýpið væri í lagi. Hins vegar hefði hann ekki skilað neinum upplýsingum um þetta atriði til hafnarstjórnar.

Sverrir fullyrti, að Vita- og hafnamálastofnun hefði átt að skila verkinu þannig að dýpið væri 4,20-4,50 metrar, sbr. dómskjal nr. 10. Sverrir sagði að 4-5 bátar hefðu tekið niðri við viðlegukantinn á þessum tíma; hann muni hins vegar ekki hvaða bátar það voru, en hann hafi heyrt af þessu, en ekki heyrt, hvaða tjón hafi orðið á hverjum báti.

Erlingur Kristinn Guðmundsson, skipstjóri á Bjarna Gíslasyni, SF 90, og einn eigenda Eskeyjar hf., stefnanda í máli þessu, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu í máli þessu.

Hann sagði, að þegar óhappið hefði orðið 11. janúar 1983 hefðu sér ekki þótt miklar líkur á, að um mikið tjón væri að ræða, og því hefði hann ekki talið, að þörf væri á sjóprófi vegna þessa máls.

Þá kvaðst Erlingur Kristinn ekki hafa verið varaður við að nota viðlegukantinn, áður en óhappið varð 11. janúar 1983. Þá kvaðst hann telja, að

ekkert nema atvik þetta frá 11. janúar 1983 hefði getað valdið skemmdum á skrúfunni á Bjarna Gíslasyni, SF 90. Þá sagði hann, að hann hefði ekki gert sér grein fyrir því, þegar atvik þetta varð 11. janúar 1983, að grjót hafði farið í skrúfuna; það var ekki fyrr en eftir að fleiri urðu fyrir skakkaföllum í höfninni, að hann áttaði sig á því, hvers kyns var, en hann hefði ekki fengið upp gefnar neinar dýptartölur fyrr en hann fékk í hendur kortið í dómskjali nr. 10, eftir að atvik þetta varð. Þá kvaðst hann ekki geta staðfest, að skipið hefði tekið niðri 11. janúar 1983, enda telji hann ekki, að skipið hafi tekið niðri, þótt skrúfan hafi að líkindum lent í grjótfláanum við stálþilið. Þá sagði Erlingur Kristinn að ekki hefðu verið teknar ljósmyndir af skrúfunni, þegar skipið var tekið í slipp í Færeyjum í september 1983, og ekkert mat verið gert á skrúfunni, eftir að skipið var tekið í slipp.

Í greinargerð lögmanns stefndu, Hafnamálastofnunar ríkisins, kemur fram, að reynt hafi verið af fremsta megni af framkvæmdaraðila að ná upp því efni, sem vitað var, að væri fyrir framan stálþilið, eftir að það var rekið niður, en ekki hafi verið vitað um það nákvæmlega hversu mikið efni var um að ræða. Þá kemur fram í greinargerð, að Vita- og hafnamálastofnun hafi ekki mælt dýpið í höfninni fyrr en 6. apríl 1983 og engar yfirlýsingar gefið um dýpið í höfninni fyrir þann tíma. Þá segir í greinargerðinni að byggt sé á því að allar framkvæmdir Vita- og hafnamálastofnunar, eins og þeim er lýst í greinargerð lögmanns stofnunarinnar, hafi verið með forsvaranlegum og venjubundnum hætti, og því sé mótmælt, að Vita- og hafnamálastofnun hafi gert nokkur mistök við þær framkvæmdir. Þá heldur lögmaður Vita- og hafnamálastofnunar því fram, að ósannað sé, að tjón hafi orðið á skipinu við Miklagarðsbryggju 11. janúar 1983, en einnig sé ósannað, að skipið hafi tekið niðri í höfninni, og bendir á, að það er ekki fyrr en töluvert eftir 11. janúar 1983, að stefnandi fer að rekja meint tjón á skipinu til grynninga í höfninni, þ.e. eftir að önnur skip tóku niðri að því er talið var. Bendir lögmaður á, að tjón hefði getað orðið á skipinu bæði fyrir og eftir 11. janúar 1983 með öðrum hætti en stefnandi byggi á í máli þessu, enda skipið á stöðugum veiðum.

Í greinargerð lögmanns stefnda, hafnarstjórnar Hafnar í Hornafirði, kemur fram að stefndi mótmælir því að bera bótaábyrgð á skemmdum á skrúfu mb. Bjarna Gíslasonar, SF 90, þar sem engar ótvíræðar sannanir hafi verið færðar fram fyrir því, að skemmdir þær, sem sagðar eru hafa komið fram á skrúfunni löngu eftir að skipið átti að hafa tekið niðri, stafi að öllu leyti, hluta eða nokkru af því að skipið hafi tekið niðri við hafnarkantinn í Hornafjarðarhöfn 11. janúar 1983, engin úttekt eða mat hafi verið gert á skemmdum, eftir að skipið átti að hafa tekið niðri, og virðist skipstjóri ekki hafa gert þær ráðstafanir, sem með þurfti og hann hafi verið skyldur til, svo sem að láta taka skýrslu af atburðinum. Þá bendir lög-

maðurinn á, að Hafnamálastofnun hafi annast framkvæmdirnar við bryggjuna og haft yfirumsjón með þeim eins og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1973 gerir ráð fyrir.

Niðurstaða.

Svo sem bent er á í greinargerðum lögmanna stefndu, að sönnun stefnanda fyrir tjóni sínu sé ekki nægjanleg, þar sem athugun fór ekki fram á skrúfu skipsins fyrr en 13. mars 1983, fullum tveimur mánuðum eftir að skipstjóri taldi sig hafa orðið varan við að eitthvað lenti í skrúfunni, verði að telja að athugun svo löngu eftir atvikið geti ekki talist sönnun fyrir því að skrúfan hafi skemmst við Miklagarðsbryggju 11. janúar 1983 með þeim hætti sem lýst er í skýrslu kafara í dómskjali nr. 35. Eðlilegt hefði verið, að skrúfan hefði verið skoðuð, strax og atvikið varð, eða í beinu framhaldi af því að í ljós kom að dýpið við viðlegukantinn, þ.e. Miklagarðsbryggju, var svo lítið að valdið gæti tjóni á skipinu, sbr. dskj. nr. 4. Þykir því verða að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu. Hins vegar þykir með hliðsjón af framferði stefndu verða að fella málskostnað niður.

Páll Björnsson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, hafnarstjórn Hafnar í Hornafirði og Hafnamálastofnun ríkisins, skulu vera sýknar af kröfum stefnanda, Eskeyjar hf., í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. maí 1989.

Nr. 363/1987. **Eskey h/f**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
hafnarstjórn Hafnar í Hornafirði
(Gestur Jónsson hrl.)
og
Hafnarmálastofnun ríkisins
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Skaðabætur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 4. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu bóta, að fjárhæð 38.300,00 krónur, auk 21,5% ársvaxta frá 31. desember 1983 til 21. janúar 1984, en 15% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí sama ár, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til þingfestingardags 10. desember 1986, en dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt kefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Af hálfu Hafnamálastofnunar er gerð varakrafa um lækkun bóta.

Hinn 3. mars 1983 skrifaði skipstjórinn á mb. Erlingi RE 65, svofellda skýrslu: ,,Atburðurinn skeði 17. janúar kl. 17.00. Nákvæm tjónlýsing: Þegar farið var frá bryggju, þegar búið var að taka línustampa um borð, tók báturinn niðri að aftan, og kom mikill skjálfti á hann. Var Sigurgeir Jónsson fenginn til að skoða skrúfuna, en hann sá ekkert vegna óhreininda í höfninni. Síðan var Ingvaldur Ásgeirsson fenginn til að kafa í skrúfuna 4.-2., og kom þá í ljós að hún er illa farin.“ Í skýrslu kafarans 4. febrúar 1983 segir: ,,Í

ljós kom að skemmdir voru á öllum blöðum, jaðrar öðrum megin og út til enda, þó nokkur skörð.“ Viðgerð á skrúfunni fór fram í Tórshavnar Skipasmiðju í september 1983. Ekkert var skráð um þetta atvik í dagbók skipsins og ekki haldin sjópróf. Skipstjóri og kafari hafa ekki komið fyrir dóm í málinu. Þegar allt þetta er virt þykir ekki komin fram nægileg sönnun þess, að framangreindar skemmdir á skrúfu skipsins stafi frá atvikinu 17. janúar 1983. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að rétt hefði verið að dæma mál þetta með sérfróðum samdómendum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Austur-Skaftafellssýslu 13. maí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 17. nóvember 1986, af Andra Árnasyni hdl. fyrir hönd Eskeyjar hf., nnr. 2243-8107, Höfn í Hornafirði, á hendur Hallgrími Guðmundssyni sveitarstjóra, Höfn í Hornafirði, f.h. hafnarstjórnar, Höfn í Hornafirði, og Aðalsteini Júlíussyni hafnamálastjóra, Seljavegi 32, f.h. Hafnamálastofnunar ríkisins til greiðslu in solidum skuldar, að fjárhæð kr. 38.300,00, auk 21,5% ársvaxta frá 31.12. 1983 til 21.1. 1984, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11.8. 1984, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, en 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingar, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varðandi málsástæður byggir stefnandi dómkröfur sínar á því að stefndu hafi með saknæmum og ólögmætum hætti valdið tjóni á skrúfu Erlings, SF 65, en hafnarstjórn hafi fengið Vita- og hafnamálastofnun til þess að dýpka í höfninni og upp gefið dýpi hafi verið 4,2 til 4,5 metrar, en reyndist við athugun vera 2,1 til 3,3 metrar, meðaltal um 2,3 metrar.

Upp gefið dýpi hefði átt að vera nægilegt fyrir stefnanda til að athafna sig við Miklagarðsbryggju, og skv. fundargerðum hafnarnefndar 2.2. 1983 átti dýpkun, sem var gerð í höfninni, að vera nægjanleg.

Stefndi Hallgrímur Guðmundsson, sveitarstjóri Hafnarhrepps, f.h. hafnarstjórnar Hafnar í Hornafirði krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Stefndi hafnamálastjóri f.h. Hafnamálastofnunar ríkisins gerir þá kröfu aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til dæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og hann dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Sáttatilraunir dómara hafa engan árangur borið.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum svo lýst, að 17. janúar 1983 hafi mótorskipið Erlingur, SF 65, tekið niðri í höfninni hér á Höfn við viðlegukant, sem er kallaður Miklagarðsbryggja, og hafði Hafnamálastofnun ríkisins gert viðlegukant þennan sumarið 1982.

Vélskipið Erlingur, SF 65, var að fara frá viðlegukantinum í línuróður, en beitingaskúr útgerðarinnar er þarna við kantinn. Þegar skipið var að fara frá, tók það niðri að aftan, og kom mikill skjálfti á það. Var þá Sigurgeir Jónsson fenginn til þess að skoða skrúfuna, en hann sá ekkert vegna óhreininda í höfninni. Síðan var Ingvaldur Ásgeirsson fenginn til þess að kafa í skrúfuna 4. febrúar 1983, og kom þá í ljós, að hún var illa farin, sbr. skýrslu Arnar Ragnarssonar í dskj. nr. 3, en þar segir: „Þegar farið var frá bryggju, þegar búið var að taka línustokkana um borð, tók bátinn niðri að aftan og kom mikill skjálfti á hann. Var Sigurgeir Jónsson fenginn til að skoða skrúfuna, en hann sá ekkert vegna óhreininda í höfninni. Síðan var Ingvaldur Ásgeirsson fenginn til að kafa í skrúfuna 4. febrúar 1983, og kom þá í ljós, að hún er illa farin."

Skipstjóri Erlings, SF 65, hefur ekki komið fyrir dóminn vegna þessa máls.

Hinn 19. janúar 1983 varð mb. Freyr, SF 20, fyrir hnjaski í höfninni hér á Höfn og var Ingvaldur Ásgeirsson kafari fenginn til að athuga um tjón á því skipi.

Í skýrslu kafarans, sem er dagsett sama dag, segir m.a.: „Kafað var á fjöru. Er stokkið var út í þá lenti ég á botni, og við bryggju stóð höfuð upp úr."

Þessu ber saman við það, sem fram kemur í yfirlýsingu Óskars Valdimarssonar hafnarstjóra í dómskjali nr. 8.

Ingvaldur Ásgeirsson kafari gerði skýrslu um skoðun sína á skrúfu Erlings, SF 65, sbr. dskj.nr. 35. Þar segir m.a.: „Í ljós kom, að skemmdir voru á öllum blöðum, jaðrar öðrum megin og út til enda, þó nokkur skörð."

Skipinu var haldið til veiða um veturinn og sumarið 1983, en í september var gert við skrúfu skipsins í Tórshavnar Skipasmiðju, og kostaði það kr. 44.020,00, en kostnaður við köfunina var kr. 4.678,00. Kostnaður vegna tjónsins var því samtals kr. 48.698,00, en af þeirri fjárhæð bar sóknaraðili sjálfsábyrgð, að upphæð kr. 38.300,00, sem er stefnufjárhæð í máli þessu.

Vitnið Gústaf Jónsson tæknifræðingur, starfsmaður Hafnamálastofnunar ríkisins, kom fyrir dóminn sem vitni í máli þessu og upplýsti, að mjög lítið efni hefði verið grabbað upp framan við þilið, sem rekið var niður við hafnarframkvæmdir þessar. Hefði tækjaskortur komið í veg fyrir, að unnt var að grabba meira en raun varð.

Sverrir Guðnason kom fyrir dóminn og gaf skýrslu sem aðili málsins, en hann var formaður hafnarstjórnar Hafnarhrepps á árunum 1982 og 1986. Hann skýrði svo frá að Vita- og hafnamálastofnun hefði séð um framkvæmdir við gerð hafnargarðsins og Grétar Bjarnason verkstjóri hjá stofnuninni stjórnað framkvæmdum og látið grabba um sumarið framan við þil Miklagarðsbryggju, og eftir að Vita- og hafnamálastofnunin fór með tæki sín af staðnum var litið svo á að notkun mannvirkisins væri heimil, enda hefðu bæði hafnarstjóri og Vita- og hafnamálstofnun vitað, að bátar lögðust að garðinum.

Sverrir kvaðst kannast við að hafa heyrt að gröbbun hefði gengið illa sumarið 1982, en hann hefði einnig heyrt að Grétar verkstjóri hefði verið að mæla dýpi við kantinn og ekki annað komið fram en dýpið væri í lagi. Hins vegar hefði hann ekki skilað neinum upplýsingum um þetta atriði til hafnarstjórnar.

Sverrir fullyrti, að Vita- og hafnamálastofnun hefði átt að skila verkinu þannig að dýpið væri 4,20 - 4,50 metrar, sbr. dskj. nr. 10. Sverrir sagði að 4 - 5 bátar hefðu tekið niðri við viðlegukantinn á þessum tíma; hann muni hins vegar ekki hvaða bátar það voru, en hann hafi heyrt að bátar hefðu tekið niðri, en hafi ekki heyrt, hvaða tjón hefði orðið á hverjum báti.

Í greinargerð lögmanns stefndu Hafnamálstofnunar ríkisins kemur fram að Hafnamálastofnun sá um gerð Miklagarðsbryggju sumarið 1982 og þar fóru fram hafnarframkvæmdir með þeim hætti að grjótfyllingu var ekið í höfnina og síðan var stálþil rekið niður í fyllinguna og að því loknu steyptur kantbiti og gengið frá stigum og fríholtum.

Dýpkun við Miklagarðsbryggju hafi ekki verið hluti af framkvæmdum þessum, en reynt hafi verið eftir fremsta megni að ná upp því efni sem var framan við stálþilið eftir að það var rekið niður, en ekki hafi verið vitað um það nákvæmlega hversu mikið efni var um að ræða.

Þá kemur fram í greinargerðinni að Hafnamálastofnun hafi ekki mælt dýpið í höfninni fyrr en 6. apríl 1983 og engar yfirlýsingar gefið um dýpið í höfninni fyrir þann tíma. Þá segir í greinargerðinni: „Jafnframt er á því

byggt að allar hafnarframkvæmdir umbjóðanda míns, eins og þeim er lýst í málavaxtalýsingu hér að framan, hafi verið með forsvaranlegum og venjubundnum hætti, og því er mótmælt, að umbjóðandi minn viðurkenni nokkur mistök við þær framkvæmdir.“ Þá heldur lögmaður Vita- og hafnamálastofnunar því fram, að ósannað, sé að tjón hafi orði á skipinu við Miklagarðsbryggju 17. janúar 1983, en einnig sé ósannað, að skipið hafi tekið niðri í höfninni, og bendir á, að það er ekki fyrr en nokkru eftir 17. janúar 1983, að stefnandi fær kafara til að skoða skipið, þ.e. 4. febrúar 1983, og hafi þá komið í ljós, að skrúfa skipsins var illa farin, eins og segir í dskj. nr. 3, þ.e. skýrslu skipstjóra. Telur lögmaður Hafnamálastofnunar að þessi lýsing sé engin sönnun um tjón, orsök þess, umfang né tíma. Þannig hafi tjónið getað orðið bæði fyrir og eftir 17. janúar 1983.

Varakröfu sína rökstyður lögmaður Hafnamálastofnunar með því að tjón kunni að hafa orðið meira en ella við það að skipið hélt áfram veiðum, einnig að sóknaraðili hafi tekið á sig áhættu þegar hann fór að nota hafnarmannvirki, sem ekki var endanlega lokið við.

Í greinargerð lögmanns stefndu hafnarstjórnar Hafnar í Hornafirði kemur fram, að stefndi mótmælir því, að hafnarstjórn beri bótaábyrgð á skemmdum á skrúfu skipsins, þar sem engar ótvíræðar sannanir hafi verið færðar fram fyrir því, að skemmdir þær, sem sagðar eru hafa komið fram á skrúfunni, löngu eftir að skipið átti að hafa tekið niðri, stafi að öllu leyti, hluta eða að nokkru af því, að skipið hafi tekið niðri við hafnarkantinn í Hornafjarðarhöfn 17. janúar 1983. Engin úttekt eða mat hafi verið gert á skemmdum, eftir að skipið átti að hafa tekið niðri, og virðist skipstjóri ekki hafa gert þær ráðstafanir, sem með þurfti og hann hafi verið skyldur til, svo sem að láta taka skýrslu af atburðinum. Þá bendir lögmaðurinn á að Hafnamálastofnun hafi annast framkvæmdirnar við bryggjuna og haft yfirumsjón með þeim eins og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1973 gerir ráð fyrir. Hafnamálastofnun hafi skilað af sér verkinu, en ekki gengið betur frá en svo, að moka varð eitt þúsund tonnum af möl og grjóti frá hafnarkantinum til þess að ná dýpinu 4 - 4,50 metrum. Frá starfsmönnum Hafnamálstofnunar hafi ekkert komið fram annað, er þeir fóru á brott með tæki sín, en verkinu væri að fullu lokið.

Niðurstaða.

Svo sem bent er á í greinargerðum lögmanna stefndu, er sönnun stefnanda í máli þessu áfátt, þar sem athugun fer ekki fram á skrúfu skipsins fyrr en 18 dögum eftir að tjónsatburður átti að hafa gerst að áliti stefnanda. Verður því að telja, að athugun, gerð svo löngu eftir atvikið, geti ekki talist sönnun fyrir því, að skrúfan hafi skemmst við Miklagarðsbryggju 17. janúar 1983 með þeim hætti, sem lýst er í skýrslu kafara í dómskjali nr.

35. Eðlilegra hefði verið, að skrúfan hefði verið skoðuð, strax og atvikið varð eða í beinu framhaldi, af því að í ljós kom, að dýpið við viðlegukantinn, þ.e. Miklagarðsbryggju, var svo lítið, að valdið gæti tjóni á skipinu, sbr. dskj. nr. 4. Þykir því verða að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu. Hins vegar þykir með hliðsjón af framferði stefndu verða að fella málskostnað niður.

Páll Björnsson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, hafnarstjórn Hafnar í Hornafirði og Hafnamálstofnun ríkisins, skulu vera sýknar af kröfum stefnanda, Eskeyjar hf., í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. maí 1989.

Nr. 331/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sverri Guðlaugssyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar og upptöku á afla og veiðarfærum.

Hinn 14. júlí 1988 hélt fulltrúi bæjarfógeta sakadóm Seyðisfjarðarkaupstaðar ásamt einum meðdómanda. Var ákærða þá birt ákæra og honum skipaður verjandi. Vörn var flutt munnlega 25. júlí 1988 og málið dómtekið að því loknu. Í síðargreindu þinghaldi skipuðu dóm sömu dómarar og áður. Þegar dómur var kveðinn upp hinn 26. júlí 1988 skipuðu hins vegar dóm tveir meðdómendur ásamt dómsformanni. Málsmeðferð þessi er andstæð ákvæðum 13. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ákærði hefur ekki viðurkennt brot það, sem hann er ákærður fyrir. Eigi kemur fram í gögnum málsins að ákærði hafi tjáð sig um sakarefni eftir að ákæra var gefin út. Er þessi málsmeðferð í andstöðu við ákvæði 121. og 122. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976.

Samkvæmt þessu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð máls frá og með þinghaldi 14. júlí 1988 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 14. júlí 1988 eru ómerk. Málinu er vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 26. júlí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. júlí sl., er höfðað með ákæruskjali, dags. 5. júlí 1988, gegn Sverri Guðlaugssyni skipstjóra, Lónabraut 36, Vopnafirði, fæddum 18. júlí 1934 í Reykjavík, fyrir fiskveiðibrot, með því að hafa laust eftir hádegi 4. júlí 1988 sem skipstjóri á togskipinu Eyvindi vopna, NS 70, skipaskrárnúmer 1629, sem er 178 brúttórúmlestir og 29,49 lengdarmetrar, verið á botnvörpuveiðum á skipinu í fiskveiðilandhelgi Íslands á skyndilokunarsvæði nr. 59 á Breiðdalsgrunni, þar sem bannaðar voru veiðar frá 4. júlí 1988 kl. 1.00 til sama tíma 11. júlí 1988.

Brot ákærða telst varða við auglýsingu Hafrannsóknastofnunar um skyndilokun veiða á fyrrgreindu svæði frá 4. júlí 1988 og 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. tölul., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1984, um breyting á þeim lögum, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þær dómkröfur eru gerðar af hálfu ákæruvaldsins að ákærði verði dæmdur til refsingar, til þess að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Guðlaugsson, greiði kr. 140.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald tvo mánuði og tíu daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Andvirði afla og veiðarfæra ásamt dragstrengjum mb. Eyvindar vopna, NS 70, skulu upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hrl., kr. 33.000,00.

Þriðjudaginn 23. maí 1989.

Nr. 318/1987. **Hafliði Sævarsson**
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn
félagsmálaráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Ríkisábyrgð á launum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þessar:

„Aðalkrafa: Að felld verði úr gildi ákvörðun félagsmálaráðherra, dagsett 9.6. 1986, um að neita að greiða áfrýjanda vangoldin laun vegna gjaldþrots Eintaks sf. Jafnframt er þess krafist að stefndu greiði fjárkröfu áfrýjanda, kr. 460.788,00, ásamt dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá 23.9. 1986 til 14.4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Til vara: Að stefndu verði dæmdir til þess að greiða sér kr. 305.173,00, ásamt 17% ársvöxtum frá 1.9. 1984 til 1.1. 1985, en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á., en með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 23.9. s.á., ásamt dómvöxtum frá þeim degi til 14.4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar svo sem fyrr greinir."

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Árni Margeirsson keypti hluta sameiganda síns í Eintaki sf. 4. ágúst 1983 og rak fyrirtækið undir óbreyttu firmaheiti frá þeim tíma. Fyrir skiptarétti kvað hann starfseminni hafa verið að fullu lokið um áramótin 1984-1985.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir viðurkenningu Árna á vinnulaunakröfu áfrýjanda hinn 22. nóvember 1984 og tilraunum áfrýjanda til að fá fullnustu kröfu sinnar, uns bú Árna og Eintaks var tekið til gjaldþrotaskipta 12. nóvember 1985 að kröfu áfrýjanda. Á kröfuskrá þrotabúsins var krafa áfrýjanda, höfuðstóll 302.800,00 krónur, vextir 158.754,00 krónur og kostnaður 41.778,00 krónur, samtals 503.332,00 krónur, talin forgangskrafa.

II.

Er áfrýjandi hóf aðgerðir sínar til innheimtu launakröfu sinnar, voru í gildi lög nr. 31/1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, en er bú Árna Margeirssonar og Eintaks var tekið til gjaldþrotaskipta, höfðu lög nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum, öðlast gildi, og komu þau í stað laga nr. 31/1974. Samkvæmt ákvæði 16. gr. laga nr. 23/1985 ber að beita ákvæðum eldri laganna um það hverjar greiðslur njóti ríkisábyrgðar varðandi þær kröfur, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir gildistöku yngri laganna, nema reglur þeirra séu þeim, sem kröfu gerir, til hagsbóta. Samkvæmt þessu ber að meta hvort reglur yngri eða eldri laga séu launakrefjanda hagstæðari að þessu leyti. Þegar ákvæði laganna eru borin saman og kröfur áfrýjanda virtar í heild, er ljóst, að ákvæði yngri laganna eru áfrýjanda hagstæðari. Ber því í máli þessu að beita ákvæðum laga nr. 23/1985 um ábyrgð ríkisins á kröfu áfrýjanda.

Ósannað er, að komist hafi á samningur milli Árna Margeirssonar og áfrýjanda um eignaraðild hans að Eintaki, er hann hætti störfum í ágústmánuði 1984.

Þrátt fyrir þau afskipti áfrýjanda af fjármálum fyrirtækisins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir varhugavert að telja fram komið, að hann, sem fæddur er 3. ágúst 1965, hafi haft þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins, að honum hafi ekki mátt dyljast að gjaldþrot var yfirvofandi.

Samkvæmt því ber að fella úr gildi ákvörðun félagsmálaráðherra frá 9. júní 1986 um kröfu áfrýjanda.

III.

Launakrafa áfrýjanda er sundurliðuð þannig:

maí 1983	kr.	7.000,00
júní 1983	kr.	8.000,00
september 1983	kr.	27.250,00
október 1983	kr.	32.500,00
nóvember 1983	kr.	29.875,00
desember 1983	kr.	20.375,00
janúar 1984	kr.	21.000,00
febrúar 1984	kr.	23.125,00
mars 1984	kr.	26.000,00
apríl 1984	kr.	25.125,00
maí 1984	kr.	26.625,00
júní 1984	kr.	14.500,00
júlí 1984	kr.	31.750,00
ágúst 1984	kr.	9.675,00
Samtals	kr.	302.800,00

Samkvæmt a-lið 4. gr. laga nr. 23/1985, sbr. 1. og 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, bera stefndu ábyrgð á launagreiðslum áfrýjanda fyrir tímabilið 15. febrúar til 15. ágúst 1984, samtals 145.237,50 krónur. Þá nær ábyrgðin, samkvæmt g-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 23/1985, einnig til sparisjóðsvaxta af þessum launum tímabilið 1. september 1984 til 23. september 1986.

Áfrýjandi höfðaði mál til heimtu kröfu sinnar 28. mars 1985. Þá hafði Eintak hætt störfum. Samkvæmt f-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 23/1985 verður ábyrgð á kröfu áfrýjanda vegna kostnaðar við innheimtuaðgerðir ekki lögð á stefndu.

Skýra verður ákvæði 2. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1985 þannig, að launþega sé heimilt að höfða mál á hendur ríkissjóði til innheimtu fjárhæðar kröfu, sem ábyrgð ríkisins nær til samkvæmt lögunum.

Við munnlegan flutning málsins í héraði féllu stefndu frá mótmælum gegn vaxtakröfu áfrýjanda.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndu verða dæmdir til að greiða áfrýjanda 145.237,50 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða

áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 140.000,00 krónur.

Dómsorð:

Framangreind ákvörðun félagsmálaráðherra 9. júní 1986 er felld úr gildi.

Stefndu, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Hafliða Sævarssyni, 145.237,50 krónur með 17% ársvöxtum frá 1. september 1984 til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 23. september s.á., með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags og 140.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1987.

1.0.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 2. febrúar 1987, hefur Hafliði Sævarsson nemi, nafnnr. 3502-2198, Fagragarði 10, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. september 1986, á hendur félagsmálaráðherra, Alexander Stefánssyni, f.h. félagsmálaráðuneytisins og Þorsteini Pálssyni fjármálaráðherra f.h. fjármálaráðuneytisins vegna ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru eins og í stefnu segir að felld verði úr gildi ákvörðun félagsmálaráðherra frá 9. júní 1986 þess efnis að neita að greiða stefnanda vangoldin laun vegna gjaldþrots Eintaks sf. Jafnframt er þess krafist að ríkissjóður greiði stefnanda fjárkröfu hans, þ.e. kr. 460.788,00 ásamt dómvöxtum af stefnukröfunni frá þingfestingardegi 23. september 1986 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er þess krafist aðallega að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og í því tilviki verði málskostnaður látinn falla niður.

Við munnlegan flutning málsins skýrði stefnandi kröfu sína svo, að í henni fælist krafa um viðurkenningu á því, að launakrafa sín á hendur Eintaki sf., sú er um ræðir í máli þessu, nyti ríkisábyrgðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 23/1985. Jafnframt væri krafist aðfararhæfs dóms á hendur ríkissjóði á grundvelli kröfunnar. Af hálfu stefndu hefur því ekki verið andmælt, að stefnandi geti hagað kröfugerð sinni með þeim hætti, er hér var lýst.

2.0.

Forsaga máls þessa er sú að stefnandi réðst til starfa hjá fyrirtækinu Eintaki sf. í Keflavík í maí 1983 og var þar við störf þar til í ágúst 1984. Var það tilætlun hans að gerast meðeigandi Árna Margeirssonar, sem átti fyrirtækið. Skriflegur gerningur var þó aldrei gerður um eignaraðild stefnanda.

Fyrirtæki þetta varð fyrir miklum skakkaföllum í rekstri, einkanlega um mitt ár 1984, og í ágúst það ár hvarf stefnandi frá fyrirtækinu. Hinn 12. nóvember 1985 var bú Eintaks sf. og Árna Margeirssonar tekið til gjaldþrotaskipta, en skiptum þess er enn ekki lokið.

Stefnandi heldur því fram að hann hafi átt vangoldin laun hjá fyrirtækinu, er hann lét þar af störfum. Krefst hann í máli þessu viðurkenningar á því að launakrafa sín njóti ríkisábyrgðar og aðfararhæfs dóms skv. efni kröfunnar. Af hálfu stefndu er því á hinn bóginn haldið fram að stefnandi sé ekki launþegi í skilningi 2. mgr. 3. gr. laga nr. 23/1985. Hann hafi gerst meðeigandi í fyrirtækinu og standi það ásamt öðrum atriðum í vegi kröfugerð hans í máli þessu.

3.0.

Stefnandi skýrir svo frá að hann hafi ráðist til starfa hjá Eintaki sf. 1. maí 1983 og starfað þar sem venjulegur launþegi til 15. ágúst 1984 að frátöldum júlí- og ágústmánuðum 1983. Vinna sín hafi falist í að sinna ýmsum daglegum störfum, sem inna hafi þurft af hendi í fyrirtækinu, sem var fjölritunarstofa. Síðari hluta árs 1984 hafi rekstur fyrirtækisins farið að ganga illa, og 10. júní 1985 hafi það fengið greiðslustöðvun, sem lokið hafi 10. september 1985.

Hinn 22. nóvember 1984 hafi Árni Margeirsson f.h. Eintaks sf. undirritað yfirlýsingu þess efnis, að fyrirtækið skuldaði stefnanda kr. 302.800,00 auk vaxta, og væri sú skuld til komin vegna vinnu stefnanda hjá fyrirtækinu frá maí 1983 til ágúst 1984. Með dómi bæjarþings Keflavíkur 5. júní 1985 hafi Árni Margeirsson persónulega og f.h. Eintaks sf. verið dæmdur til þess að greiða stefnanda fjárhæð þessa ásamt vöxtum. Í málinu hafi orðið útivist af hálfu Árna Margeirssonar.

Með gjaldþrotaskiptabeiðni, dags. 24. september 1985, til sýslumanns Suður-Múlasýslu hafi stefnandi krafist þess, að bú Árna Margeirssonar persónulega og f.h. Eintaks sf. yrði tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota, og með úrskurði skiptaréttarins 12. nóvember 1985 hafi sú krafa verið tekin til greina. Með bréfi sýslumanns Suður-Múlasýslu 14. apríl 1986 til félagsmálaráðuneytisins hafi verið viðurkenndur forgangsréttur kröfu stefnanda í þrotabúinu. Með bréfi félagsmálaráðuneytisins til stefnanda 9. júní 1986 hafi ráðuneytið talið að krafa stefnanda félli utan ríkisábyrgðar, þar sem fram hafi komið að stefnanda hafi vel verið kunn slæm fjárhagsstaða Eintaks sf., sbr. c-lið 5. gr. laga nr. 23/1985. Greiðsluskyldu ríkissjóðs hafi því verið synjað.

Af hálfu stefnanda er því eindregið mótmælt, að honum hafi verið kunn slæm fjárhagsstaða Eintaks sf. á þeim tíma er hér skiptir máli. Stefnandi hafi ekki séð að neinu leyti um fjárreiður fyrirtækisins, þaðan af síður unnið við bókhald þess, og því er sérstaklega mótmælt af stefnanda að hann hafi haft í höndum ávísanahefti fyrirtækisins. Starfssvið stefnanda sem almenns launþega í fyrirtækinu hafi verið við tilfallandi verkefni hverju sinni, en ekki stjórn fyrirtækisins eða eftirlit með fjármálum þess. Synjun ráðuneytisins á ríkisábyrgð með þessum rökum sé því byggð á röngum forsendum. Þá bendir stefnandi á að hann hafi látið af stöfrum hjá fyrirtækinu í ágúst 1984, en gjaldþrot þess hafi ekki orðið fyrr en í nóvember 1985. Þegar af þessari ástæðu sé ljóst að stefnandi hafi ekki getað gert sér grein fyrir slæmri fjárhagsstöðu Eintaks sf.

Að því er varðar þau rök stefndu að stefnandi hafi gerst meðeigandi Árna Margeirssonar í fyrirtækinu, þá er þeirri fullyrðingu sérstaklega mótmælt. Rétt sé að stefnandi hafi ráðist til starfa hjá Eintaki sf. með það í huga að gerast meðeigandi, en af því hafi aldrei orðið, m.a. vegna þess að stefnandi hafi aldrei fengið að sjá reikninga fyrirtækisins og bókhald, þótt eftir því væri gengið. Hafi þetta leitt til þess að til samstarfs hafi aldrei stofnast milli stefnanda og Árna Margeirssonar um reksturinn. Engin sönnun liggi fyrir um það í málinu að slíkt samstarf hafi stofnast. Staðhæfingu sinni til stuðnings um þetta atriði bendir stefnandi á eftirtalin atriði: Í fyrsta lagi sé enginn skriflegur samningur þessu til sönnunar. Í öðru lagi hafi Árni Margeirsson lýst yfir með skriflegri yfirlýsingu, dags. 22. nóvember 1984, sbr. dskj. nr. 4, að krafa stefnanda sé launakrafa. Í þriðja lagi hafi bæjarþing Keflavíkur dæmt Árna Margeirsson til þess að greiða stefnanda þessa kröfu sem vinnulaunakröfu. Í fjóða lagi hafi skiptaréttur Suður-Múlasýslu viðurkennt kröfu stefnanda sem forgangskröfu.

Að því er fjárhæð kröfunnar varðar, byggir stefnandi á því, að ríkisábyrgð á launum taki til alls þess kostnaðar, sem launþegi verði fyrir vegna nauðsynlegra ráðstafana til þess að innheimta kröfu sína. Þar undir falli

þeir liðir, sem grein sé gerð fyrir í stefnu og krafist sé greiðslu á, þ.e. dæmdur málskostnaður, fjárnámsbeiðni, mót, dagpeningar og ferðakostnaður vegna fjárnáms, gjaldþrotaskiptabeiðni, kröfulýsing og skiptakostnaður. Launakrafa stefnanda sé kr. 302.800,00, en annar sá kostnaður, sem hér um ræðir, sé kr. 157.988,00. Útreikningur launakröfunnar byggi á yfirlýsingu Árna Margeirssonar frá 22. nóvember 1984. Í þeirri yfirlýsingu sé nákvæmlega til tekið, hver voru mánaðarlaun stefnanda þann tíma, er hann var við störf hjá Eintaki sf.

Af hálfu stefnanda er því loks haldið fram, að sú málsástæða stefndu, að stefnandi hafi gerst meðeigandi í Eintaki sf. og eigi af þeirri ástæðu ekki rétt til greiðslu kröfu sinnar úr ríkissjóði, komist ekki að þessu máli. Synjun félagsmálaráðuneytisins á greiðsluskyldu hafi ekki verið byggð á því atriði, heldur einvörðungu því, að stefnanda hafi mátt vera ljós slæm fjárhagsstaða fyrirtækisins. Af því leiði, að það atriði eitt geti komið til prófunar í þessu máli.

4.0.

Stefndu styðja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að stefnandi hefði gerst meðeigandi Árna Margeirssonar í Eintaki sf. og sé því ekki launþegi í skilningi laga nr. 23/1985. Í öðru lagi er á því byggt, ef ekki teldist sannað að stefnandi hafi gerst meðeigandi í fyrirtækinu, að stefnandi hafi haft með höndum fjármálastjórn þess og þannig mátt vera kunn slæm fjárhagsstaða þess. Hvort atriðið um sig nægi til sýknu.

Fyrri staðhæfingu sína, þ.e. að stefnandi hafi gerst meðeigandi Árna Margeirssonar í Eintaki sf., styðja stefndu þeim rökum að óumdeilt sé í málinu að stefnandi hafi komið til starfa með því hugarfari og í því skyni að gerast meðeigandi Árna. Þetta hefur Árni Margeirsson borið fyrir skiptarétti Suður-Múlasýslu. Þá hafi bæði stefnandi og Árni Margeirsson staðfest þetta fyrir dómi í þessu máli. Þar að auki hafi Árni R. Árnason, sem annaðist bókhald Eintaks sf. á þessum tíma, borið fyrir dómi að í ágúst 1983 hafi þeir stefnandi og Árni Margeirsson komið á sinn fund og skýrt sér svo frá, að þeir hefðu gerst sameigendur að Eintaki sf., og beðið sig um að ganga frá nauðsynlegum skjölum í því sambandi. Af þeirri skjalagerð hafi þó ekki orðið af einhverjum ástæðum. Þennan framburð Árna R. Árnasonar hafi Árni Margeirsson staðfest hér fyrir dómi.

Ýmislegt, sem fram sé komið í máli þessu, bendi eindregið til þess, að stefnandi hafi gerst meðeigandi Árna Margeirssonar, enda þótt skriflegur samningur hafi ekki verið gerður um það efni þeirra í milli. Í fyrsta lagi megi benda á framburð Árna Margeirssonar og Árna R. Árnasonar fyrir dómi og framburð Árna Margeirssonar fyrir skiptarétti. Þá sé upplýst í málinu, að eftir að stefnandi kom að Eintaki sf., hafi hann stofnað í eigin

nafni tvo ávísanareikninga, annan í Útvegsbankanum í Keflavík, en hinn í Sparisjóði Keflavíkur. Og enda þótt reikningarnir hafi báðir verið á nafni stefnanda, hafi þeir eigi að síður verið notaðir í þágu Eintaks sf. og inn á reikningana hafi farið allar tekjur fyrirtækisins. Út af reikningunum hafi stefnandi greitt skuldir þær, sem á fyrirtækinu hvíldu. Stefnandi hafi lánað fyrirtækinu af eigin fé sínu, hann hafi gengið í ábyrgð um greiðslu skuldbindinga, sem á fyrirtækinu hvíldu, og hann hafi engin laun tekið þann tíma sem hann starfaði þar, að frá töldum óverulegum greiðslum, þ.e. kr. 35.400,00 árið 1984 og kr. 5.000,00 árið 1983. Með þeim hætti, sem hér var lýst, hagi almennur launamaður sér ekki.

Ef ekki verði fallist á það sjónarmið stefndu að stefnandi hafi gerst meðeigandi í fyrirtækinu, sé fullkomlega ljóst af því, sem að framan sé rakið, að stefnandi hafi haft með höndum fjármálastjórn fyrirtækisins og annast daglegan rekstur þess. Rekstur Eintaks sf. hafi jafnan gengið erfiðlega og þá einkanlega á árinu 1984. Þar sem stefnandi hafi haft undir höndum tékkhefti fyrirtækisins og stjórnað inn- og útgreiðslum af tékkareikningum þess, hafi honum ekki mátt dyljast að gjaldþrot fyrirtækisins væri yfirvofandi á þeim tíma sem hann vann fyrir launum sínum. Þó að gjaldþrotið hafi ekki borið að höndum formlega fyrr en í nóvember 1985, sé fram komið í málinu og óumdeilt að reksturinn hafi að mestu lagst niður um áramótin 1984/1985 vegna undanfarinna skakkafalla.

Ef greiðsluskylda stefndu teldist vera óyggjandi andmæla stefndu fjárhæð kröfu stefnanda. Ljóst sé, eins og hér standi á, að stefnandi geti, ef greiðsluskylda verður talin réttmæt, eingöngu átt rétt til launa síðustu sex mánaði starfstímabils síns, þ.e. frá 15. mars til 15. ágúst 1984, en ekki fyrir lengra tímabil, sbr. a-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 23/1985. Þá er og mótmælt þeirri fjárhæð sem stefnandi krefst fyrir hvern mánuð. Ekki sé fram komið í málinu, að samið hafi verið um þær fjárhæðir, sem stefnandi leggur til grundvallar. Þá er því og mótmælt, að kostnaður sá, er stefnandi telur sig hafa haft af innheimtu kröfu sinnar og greindur er í töluliðum 3-9 í stefnu, njóti ríkisábyrgðar.

5.0.

Forsendur og niðurstaða.

Krafa stefnanda, sú er um ræðir í máli þessu, hefur af skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu verið viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Árna Margeirssonar og Eintaks sf.

Samkvæmt framburði Árna fyrir skiptarétti Suður-Múlasýslu, en endurrit framburðarins hefur verið lagt fram í þessu máli, og samkvæmt framburði stefnanda og vitna hér fyrir dómi er fram komið og óumdeilt að stefnandi réðst til starfa hjá Eintaki sf. á árinu 1983 í því skyni að gerast

meðeigandi Árna Margeirssonar í fyrirtækinu. Ágreiningur er hins vegar um það með málsaðilum hvort af slíku samstarfi hafi orðið.

Vitnið Árni R. Árnason, sem annaðist bókhald Eintaks sf. á þeim tíma, er hér skiptir máli, bar fyrir dómi að í ágúst 1983 hefðu þeir komið á sinn fund Árni Margeirsson og stefnandi og skýrt sér svo frá að þeir hefðu gerst meðeigendur að Eintaki sf. og beðið sig að ganga frá nauðsynlegum skjölum í því sambandi. Af þeirri skjalagerð hafi þó ekki orðið. Þennan framburð Árna R. Árnasonar hefur Árni Margeirsson staðfest og jafnframt borið, að stefnandi hafi gerst meðeigandi sinn í fyrirtækinu.

Upplýst er í málinu að stefnandi stofnaði á starfstíma sínum hjá Eintaki sf. á eigin nafni tvo tékkareikninga, annan í Sparisjóði Keflavíkur, en hinn í Verslunarbankanum í Keflavík. Enda þótt reikningarnir væru á nafni stefnanda, voru þeir notaðir í þágu Eintaks sf., og munu ástæður þess m.a. vera þær að lánastofnanir höfðu lokað fyrir tékkaviðskipti við fyrirtækið. Inn á reikningana runnu tekjur Eintaks sf. og út af þeim greiddi stefnandi hluta skuldbindinga þeirra er á fyrirtækinu hvíldu.

Stefnandi lagði af eigin fé sínu til rekstrar fyrirtækisins, og hann gerðist ábyrgðarmaður skuldbindinga er á því hvíldu. Samkvæmt framburði hans fyrir dómi og fram lögðum skattskýrslum fékk hann ekki greidd önnur laun hjá Eintaki sf. árið 1983 en kr. 5.000,00 og kr. 35.400,00 árið 1984 þrátt fyrir það að hafa „unnið dag og nótt", eins og hann bar fyrir dómi.

Með hliðsjón af framburði vitna og fram komnum gögnum í málinu þykir sönnuð sú staðhæfing stefndu að stefnandi hafi orðið eignaraðili að Eintaki sf. með Árna Margeirssyni eigi síðar en í ágúst 1983 og hafi svo staðið í það minnsta þar til stefnandi hvarf frá fyrirtækinu í ágúst 1984.

Hvað sem líður yfirlýsingu Árna Margeirssonar frá 24. nóvember 1984 um kröfu stefnanda, verður samkvæmt því, sem að framan er rakið um afskipti stefnanda af rekstri Eintaks sf., eigi talið, að stefnandi hafi verið launþegi þess fyrirtækis í skilningi 2. mgr. 3. gr. laga nr. 23/1985, er hér eiga við. Þegar af þeirri ástæðu fellur krafa hans utan ríkisábyrgðar samkvæmt 1. gr. laganna og ber samkvæmt því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Þá ber og að dæma stefnanda til þess að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Þorgeir Örlygsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda, Hafliða Sævarssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 40.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. maí 1989.

Nr. 404/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sólrúnu Elídóttur
(Brandur Brynjólfsson hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var með stefnu 2. desember 1988 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiþyngingar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans. Í ákæru hefur láðst að geta ártals, en dæma má ákærðu áfall eigi að síður samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Gegn neitun ákærðu verður að telja það ósannað, að hún hafi ætlað að svipta Karl lífi, og varhugavert þykir að ályktа, að ákærða hafi hlotið að sjá það fyrir, að bani gæti hlotist af atlögu hennar. Hefur ákærða því gerst brotleg við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Ákærða sætti gæsluvarðhaldi frá 2. maí 1988 til 1. júní s.á. og síðan óslitið frá 30. ágúst 1988, og ber að draga þá vist frá refsingu hennar samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærða verður dæmd til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð, en gæsluvarðhaldsvist ákærðu, Sólrúnar Elídóttur, frá 2. maí 1988 til 1. júní s.á. og síðan óslitið frá 30. ágúst 1988 á að koma refsivist til frádráttar. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óhaggað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brands Brynjólfssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. nóvember 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 15. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 601/1988: Ákæruvaldið gegn Sólrúnu Elídóttur, sem tekið var til dóms 25. október sl.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 19. ágúst 1988, gegn ákærðu, Sólrúnu Elídóttur, til lögheimilis að Sólheimum 41, Reykjavík, fæddri í Reykjavík 4. maí 1956, „fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir stórfellda líkamsárás, með því að hafa að kvöldi föstudagsins 29. apríl eða aðfaranótt næsta dags stungið Karl Valgarðsson, Hagamel 14, Reykjavík, hnífstungu í kvið í kjallaraíbúð Karls að Hagamel 14, og gekk hnífurinn alldjúpt í kvið rétt ofan við hægri nára og í görn.

Var Karl fluttur á Borgarspítalann um kl. 9 að morgni sunnudagsins 1. maí með lungnabólgu og alvarlega sýkingu í kviðarholi. Þar var hann settur í öndunarvél og stóð mjög tæpt um líf hans um tíma. Hann hresstist þó smám saman og var útskrifaður af skurðlækningadeild 20. sama mánaðar.

Telst þetta aðallega varða við 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Um kl. 8.31 að morgni sunnudagsins 1. maí sl. var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt að maður hefði verið stunginn með hnífi í kjallaraíbúð að Hagamel 14 hér í borg. Lögreglumenn og sjúkralið komu samtímis á vettvang.

Í frumskýrslu Bjarna Ólafs Magnússonar lögreglumanns segir m.a. að tilkynnandi, Páll Elíson, hafi vísað þeim á hinn slasaða, Karl Valgarðsson, sem lá rænulítill á hægri hlið ofan á svefnpoka í einu horni svefnherbergisins. Hann hafi verið með stungusár á kvið og skrámur á andliti og kvið. Hafi hann enga skýringu getað gefið á áverkanum.

Í skýrslunni er haft eftir Páli Elísyni að hann hafi komið í íbúðina þá skömmu áður. Hann hafi séð Karl liggjandi á gólfi herbergisins, ýtt við honum og Karl þá kveinkað sér. Hann hafi því velt honum á hliðina, séð stungusárið og kallað þegar eftir aðstoð lögreglu. Auk Páls voru í íbúðinni

ákærða, Sólrún Elídóttir, systir Páls, Valdimar Svavarsson, eiginmaður ákærðu, Helgi Kárason, og sex aðrir. Voru allir meira eða minna ölvaðir að undanskildum Páli og stúlku sem með honum var.

Ákærða var mjög ölvuð og æst, og var hún handjárnuð og handtekin ásamt öðrum þeim, sem þarna voru, og færð á lögreglustöðina í Reykjavík. Ofangreindir sexmenningar, sem voru gestkomandi í íbúðinni, voru vistaðir um stundarsakir, en látnir lausir eftir viðtöl hjá RLR, þegar í ljós kom, að Karl hafði verið stunginn löngu áður en þeir komu í íbúðina nóttina áður.

Karl Valgarðsson var fluttur í skyndi á Borgarspítalann og gekkst þegar í stað undir skurðaðgerð. Í vottorði Jóhannesar M. Gunnarssonar, sérfræðings í skurðlækningum á Borgarspítalanum, dagsettu 10. júní sl., segir m.a.: „Ofangreindur maður var fluttur á slysadeild Borgarspítalans í neyðarbíl um kl. 9 f.h. 1.5. 1988. Hann var þá sýnilega drukkinn, en í mjög lélegu líkamlegu ástandi, með mjög öran hjartslátt, 140/mín., kaldur og með lélega blóðrás í húð. Hann var við meðvitund en gat ekki greint nákvæmlega frá málavöxtum. Rétt ofan við hæ. nára var stungugat í kviðveggnum u.þ.b. 2 cm á lengd. Storknað blóð var í stungugatinu. Vi. megin á kvið í naflahæð er 12-15 cm löng rispa í húð og einnig grunnar húðrispur á vi. kinn. Engin önnur ytri áverkamerki. Kviður er gífurlega þaninn og mjög spenntur og sýnilega um mikla lífhimnubólgu að ræða.

Sjúklingur var þegar í stað tekinn til aðgerðar. Lungnamynd við komu sýndi samfall neðan til í hæ. lunga. Við aðgerðina kom fram að allmikið loft var í kviðarholi, lítils háttar blóð, en allmikið garnainnihald frítt í kviðarholi og stungugat á smágirni á einum stað. Garnir voru gífurlega þandar, sömuleiðis magi, og virtist vera um garna- og magalömun að ræða, svo að af því má ráða, að stungugatið á görninni hefur verið orðið a.m.k. 1/2 sólarhrings gamalt. Sjúklingur fékk mjög mikla lungnabólgu eftir aðgerðina, sömuleiðis ígerð í skurðsár og stóð mjög tæpt um líf mannsins um tíma. Hann hresstist þó smám saman og útskrifaðist af skurðlækningadeild 20.5.'88 til alcoholmeðferðar á Vogi. Var þá enn með opið skurðsár á kvið, sem krefst alllangrar umhirðu þar til það er gróið.

Samantekt:

Tæplega fimmtugur maður sem hefur verið veittur áverki með eggvopni, er undir áhrifum áfengis við komu. Er með stungusár á kvið. Eggvopn hefur gengið alldjúpt í kvið og sett gat á görn a.m.k. hálfum sólarhring fyrir innlögn á sjúkrahúsið. Alvarleg sýking í kviðarholi sem afleiðing af þessu svo og lungnabólga. Sjúklingur útskrifast við dágóða heilsu 3 vikum eftir aðgerð, en þá enn með opið sár á kvið."

Í skýrslu Harðar Jóhannessonar, lögreglufulltrúa hjá RLR, sem kom á vettvang skömmu eftir komu lögreglu og sjúkraliðs ásamt Bjarna J. Boga-

syni rannsóknarlögreglumanni, sem ljósmyndaði og gerði uppdrátt af vettvangi, segir m.a.:

— — —

Í beinu framhaldi af handtöku viðurkenndi ákærða verknaðinn. Síðar sama dag var hún færð til yfirheyrslu til rannsóknarlögreglu svo og samdægurs fyrir dóm. Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur var henni gert að sæta gæsluvarðhaldi að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til 1. júní 1988 kl. 16.00.

Ákærða hefur borið að þau Karl hafi verið við drykkju undanfarna mánuði fyrir atburðinn. Dvaldist hún hjá Karli í íbúð hans á Hagamel 14 frá því um miðjan mars sl. Valdimar Svavarsson og eiginmaður hennar, Helgi Kárason, voru með þeim þennan tíma við drykkju. Síðdegis föstudaginn fyrir þennan atburð keyptu þau Karl 5 flöskur af brennivíni í „Ríkinu" og fóru við svo búið heim á Hagamel 14, en þar voru fyrir þeir Valdimar og Helgi. Hófu þau öll drykkju og drukku úr 4 flöskum áður en þau fóru að sofa. Um klukkan 7 um morguninn sofnuðu þau Karl, en Valdimar og Helgi sofnuðu á undan þeim. Um klukkan 10 þennan sama morgun vöknuðu þau Karl í stofunni. Helgi var þá sofandi á fleti þar í horninu, en Valdimar svaf í herberginu. Þau Karl fóru að ræða saman og fljótlega byrjuðu þau að rífast. Karl kallaði hana sem oftar nafni fyrrverandi eiginkonu sinnar og bað hún hann að hætta því, þar sem það fór óskaplega í taugarnar á henni. Karl fór þá að tala um það að hann þyrfti að lagfæra eitt og annað í íbúðinni, en hún sagði honum, að nær væri, að hann gerði eitthvað í þeim málum, en tala sýknt og heilagt um það. Hún hafi reiðst vegna ofangreindra tveggja atriða, en mundi ekki nánar, um hvað rifrildið snerist. Hún hafi beðið Karl að hætta þessu rifrildi, en hann hafi haldið áfram. Vasahnífur með rauðu skafti lá á stofuborði, og sagði hún Karli, að ef hann hætti ekki, mundi hún stinga hann með honum, en hnífinn hafi hún tekið í hægri höndina. Karl hafi náð að taka hnífinn af henni. Er þetta var hafi þau staðið framan við sófaborðið í stofunni, hún hafi staðið nálægt enda borðsins, nær dyrunum, en Karl fjær. Um leið og hann tók af henni hnífinn hafi hann hent henni út í vegginn við dyrnar á stofunni og um leið hafi hún rispast á kviðnum. Hún hafi orðið hrædd og mjög æst og gripið hnífinn, sem lá á gólfinu, en vissi ekki hvort Karl henti honum eða missti á gólfið. Karl hafi staðið fyrir framan hana og í beinu framhaldi af því, að hún greip hnífinn af gólfinu, hafi hún risið upp, en ekki náð þó að standa upprétt, og stungið hann með hnífnum í kviðinn. Helgi lá, meðan á þessu stóð, í einu horni stofunnar, glugga megin. Vissi ákærða ekki, hvort hann var vakandi eða sofandi. Valdimar hafi greinilega vaknað við hávaðann, því að hann kom fram í eldhús, en þangað gekk hún með hníf-

inn í hendi, eftir að hún hafði stungið Karl. Hann bað hana að rétta sér hnífinn, hvað hún gerði. Um önnur orðaskipti milli þeirra hafi ekki verið að ræða. Fór hún fram í stofu og athugaði áverkana á Karli, og virtist henni þetta vera smáskeina. Valdimar stóð við hliðina á henni í stofunni þegar hún kannaði áverkana strax eftir stunguna, og skýrði hún honum frá því að hún hefði stungið Karl í kviðinn. Hún spurði Karl hvort hann vildi fá læknisaðstoð, en hann neitaði því. Þau Karl sættust fljótlega og settust inn í stofu og héldu drykkjunni áfram. Vildi hún fá lækni til að líta á Karl. Karl sagði, að allt væri í lagi með sig, og neitaði að fá lækni eða fara til læknis. Bað hún Valdimar að fara út og hringja á heilsugæslulækni, þar sem síminn var lokaður, hvað hann gerði. Kom hann aftur skömmu síðar og sagði að Karl yrði sjálfur að koma á heilsugæslustöðina, en sem fyrr vildi Karl ekki fara. Klippti hún þá sundur teygjubindi, sem hún hafði notað einu sinni áður, og lagði við sárið með þykku límbandi. Fljótlega lagðist Karl fyrir í svefnherberginu, en hvað klukkan var þá vissi ákærða ekki, taldi, að það hefði verið um 1-2 klst. eftir atburðinn. Karl hafi a.m.k. lokið úr áfengisglasinu, sem hann fékk sér eftir að þau vöknuðu. Kvað hún þann framburð Valdimars Svavarssonar, að Karl hefði lagst fyrir strax eftir stunguna, ekki réttan og ítrekaði ofangreindan framburð og kvað Karl fyrst hafa lagst fyrir, eftir að Valdimar kom til baka, er hann hafði reynt að ná símasambandi við lækni. Í framhaldi af þessu héldu þau Valdimar og Helgi áfram drykkjunni og drukku allan daginn og fram eftir kvöldi, en upp úr miðnætti fór hún á dansleik með vinkonu sinni og var þar fram eftir nóttu. Valdimar og Helgi voru hins vegar eftir í íbúðinni, og bað hún þá að líta eftir Karli, sem enn lá fyrir. Um kl. 3.30, skömmu eftir að hún kom heim af dansleiknum, kom fleira fólk í íbúðina, m.a. systkini hennar, Páll og Elín. Eftir að hún kom heim bað Karl hana að gefa sér vatn að drekka, hvað hún gerði, og leit hún öðru hverju inn til hans. Henni fannst það ekki einkennilegt, að hann lá enn fyrir, þar sem það var alvanalegt, er þau voru við drykkju, að hann legðist fyrir og svæfi við og við, og sem fyrr segir hafi drykkjan verið langvarandi. Karl hafi ekki kvartað og borið sig vel. Síðar um nóttina gaf hún honum tvær mogadontöflur, þar sem hann gat ekki sofnað. Hún sá ekki annað en allt væri í lagi með hann, enda kvartaði hann ekki um verki. Þegar hún fór inn til hans undir morgun bað hann hana um vatn að drekka. Var hann þá orðinn mjög máttfarinn, gat varla haldið á glasinu vegna máttleysis. Ákærða kvaðst þá fyrst hafa gert sér grein fyrir hversu alvarlegt ástand Karls var. Þá kallaði hún strax á Pál, bróður sinn, og leitaði hjá honum ráða og bað hann að kalla á sjúkrabíl. Páll fór fyrst inn í svefnherbergið að huga að Karli, en síðan rakleiðis út og hringdi á sjúkrabíl.

Er ákærða var að því spurð hvers vegna hún hefði ekki þegar eftir

atburðinn fengið að hringja eða beðið um aðstoð hjá nágrönnum eða gert aðrar ráðstafanir, bar hún því við að mikil óregla hefði verið í íbúðinni að undanförnu og hún ekki kunnað við vegna fyrri kvartana nágrannanna að leita þar ásjár. Þá hefði Karl hvorki viljað fá læknishjálp né yfirgefa íbúðina.

Ákærða kvað það ekki hafa verið ætlun sína að gera tilraun til að stytta Karli aldur þrátt fyrir hótun sína. Hún hafi stungið hann í mikilli reiði og verið hrædd.

Vitnið Valdimar Svavarsson bar að hann hefði dvalist í íbúð Karls um fjórar vikur fyrir þennan atburð. Síðustu tvær vikurnar hefði hann meira og minna verið við áfengisdrykkju. Á föstudeginum og aðfaranótt laugardagsins var hann þar við drykkju ásamt Sólrúnu, Helga Kárasyni og Karli. Sofnaði hann á dýnu næst dyrunum í stofunni um nóttina, en vaknaði við mikinn hávaða og öskur er þau Sólrún og Karl voru að rífast, en hvað þeim fór á milli, vissi hann ekki. Öskrin hafi aðallega verið í Sólrúnu. Það næsta sem hann sá, var, að Karl hélt um magann á sér og blóðblettur var á skyrtu hans, en Sólrún hélt á rauðum vasahníf í hendinni. Af þessu réð hann, að Sólrún hefði stungið Karl, enda var ekki öðrum til að dreifa þar sem Helgi var sofandi. Sólrún var mjög æst og bæði hún og Karl í talsverðu uppnámi. Spurði hann þau hvað gengi á, en Karl vildi ekkert úr þessu gera, svo sem að kalla á læknishjálp, og fór inn í svefnherbergið og lagði sig.

Valdimar tók strax hnífinn af Sólrúnu og setti hann upp í hillu í eldhúsinu, en hníf þennan kvaðst Valdimar eiga. Er honum var bent á ljósmyndir af hníf þeim, sem ákærða kvaðst hafa stungið Karl með, staðfesti Karl, að þetta væri hnífurinn. Þau Sólrún ræddu ekkert frekar um þennan atburð og sofnaði Valdimar fljótlega eftir þetta. Gerði hann sér ekki grein fyrir hvenær atburður þessi átti sér stað, það hefði annaðhvort verið að kvöldi föstudagsins eða aðfaranótt laugardagsins. Milli klukkan 7.00 og 8.00 að morgni laugardagsins vaknaði hann ásamt Sólrúnu. Bað hún hann skömmu síðar að fara út og sækja læknishjálp. Fór hann í ýmsar „sjoppur" í nágrenninu, en alls staðar var lokað, og fór hann því aftur á Hagamelinn við svo búið. Þegar þangað kom, lá Karl enn fyrir í herberginu. Sagði Valdimar Sólrúnu, að sér hefði ekki tekist að hringja, og var þetta ekki rætt frekar eftir það. Hann var svo allan daginn við drykkju ásamt Sólrúnu og Helga í íbúðinni og fram á kvöld, lagði sig við og við, en sofnaði aldrei lengi í einu. Telur hann sig geta fullyrt, að Karl hafi aldrei farið út úr herberginu allan tímann. Hann hafi ekki orðið var við, að Karl hafi neytt matar eða drykkjar, frá því er hann lagðist fyrir uns lögreglan kom á vettvang. Hann hafi eldað súpu til að gefa Karli, en hann ekki viljað hana. Þá hafi hann boðið honum „sjúss",, en Karl hafi ekki heldur þegið það, sem var óvenjulegt. Hann hafi þrátt fyrir þetta ekki gert sér grein fyrir,

hversu ástand Karls var alvarlegt, þar sem hann hélt að hann væri „þunnur" og slappur, en samt hafi sér ekki litist á blikuna. Um kvöldið fór Sólrún á skemmtistað, en kom um nóttina aftur ásamt fleira fólki sem var við skál. Vaknaði hann þá, enda enginn svefnfriður. Síðar um nóttina hugaði hann að ástandi Karls, en þá kveðst Valdimar hafa verið allsgáður. Var Karl þá orðinn kaldur og hvítur í andliti, og gerði hann sér þá grein fyrir að ástandið var orðið alvarlegt. Páll Rúnar, bróðir Sólrúnar, kannaði einnig ástand Karls. Afréðu þeir að kalla á sjúkralið og lögreglu þegar í stað og fóru þeirra erinda í næsta hús. Um svipað leyti og þeir fóru út til að hringja eftir sjúkraliði og lögreglu hafi Sólrún einnig rætt um að kalla þyrfti á hjálp.

Valdimar kveðst ekki hafa orðið þess var, að Karl væri því mótfallinn, að Sólrún dveldist í íbúðinni, en hins vegar hafi hann verið því mótfallinn að einstaka maður kæmi þangað. Hann hafi látið það afskiptalaust að lausungarlýður vendi þangað komur sínar, enda hefði hann ekki getað neitað áfengi sem honum bauðst frá þessum lýð.

Vitnið Páll Elíson bar á sama veg og Valdimar og Karl um aðdraganda þess að þeir Valdimar fóru út og hringdu á lögreglu og sjúkralið. Minntist hann þess ekki að ákærða hefði beðið sig að kalla eftir aðstoð.

Vitnið Helgi Kárason kveðst hafa verið umræddu helgi sem oftar á heimili Karls Valgarðssonar ásamt konu sinni, Sólrúnu, og Valdimar Svavarssyni. Þau áttu áfengi og höfðu drukkið talsvert. Sjálfur hafi hann drukkið lítið á föstudeginum, en tók þá inn bæði diazepam- og mogadontöflur. Einhvern tíma aðfaranótt laugardagsins vaknaði hann og fór fram í eldhús að hita kaffi, en þá voru þau Sólrún og Karl sofandi í herbergi við hlið stofunnar. Þau Sólrún og Karl, sem bæði voru enn ölvuð, vöknuðu og komu inn í stofu. Fóru þau að rífast, m.a. um það, að Sólrún vildi fara á dansleik um kvöldið, en um hvað þau rifust frekar mundi hann ekki. Er hér var komið sögu lá Helgi á fleti í stofunni undir glugganum, fjærst dyrunum. Þessu næst veitti hann því athygli að Karl réðst á Sólrúnu og henti henni utan í vegginn og við það datt hún á gólfið. Stóð Helgi upp og settist í stól í stofunni. Karl sneri við honum baki, boginn yfir Sólrúnu. Hann sá hníf liggja á gólfinu, sem fyrr um morguninn hafði verið á stofuborðinu. Þegar Karl sneri sér við, var blóð á maga hans, en Helgi sá ekki, hvernig það atvikaðist. Karl tók um hálsinn á Sólrúnu og sveigði hann aftur, en Helgi gat ekki um það borið hvort það var fyrir eða eftir að Karl fékk stunguna, þar sem hann sá ekki hvenær hann varð fyrir stungunni.

Við yfirheyrslu hjá RLR bar Helgi, að ákærða hefði haldið á hníf, á meðan þau Karl voru að rífast. Karl hefði hrint henni út í vegg, og við það hefði hún dottið í gólfið, en staðið upp og hlaupið að Karli, rifið í hann og um leið stakkst hnífurinn í kviðinn á honum. Er Helga ver bent

á þennan framburð sinn fyrir dóminum kvað hann þennan framburð hjá rannsóknarlögreglu rangan, hann myndi þetta betur nú þegar hann hefði hugsað málið í samhengi. Kvaðst Helgi ekki hafa orðið þess var, svo sem hann bar hjá rannsóknarlögreglu, að ákærða hefði verið með hnífinn, áður en Karl henti henni út í vegginn, enda hefði hann þá legið í fletinu við gluggann og því ekki séð nákvæmlega hvað gerðist. Hann hefði ekki heldur orðið var við, að ákærða hefði ógnað Karli með hnífnum.

Eftir þennan atburð luku Sólrún og Karl við að drekka áfengið úr glösunum sem þau voru með. Karl fór inn að sofa og þverneitaði að fara til læknis eða fá læknisaðstoð. Þau þrjú voru áfram í stofunni, Sólrún og Valdimar héldu áfram drykkju, en Helgi drakk kaffi og neytti einhverra lyfja. Karl neitaði með öllu að fara til læknis eða fá læknisaðstoð. Þau hin hafi þá rætt um að rétt væri að kalla á lækni. Í því skyni fór Valdimar út, en kom aftur heim þar sem það tókst ekki. Helgi kvaðst ekki hafa orðið var við að Karl kæmi fram eftir þetta, og vissi hann ekki hvort hann neytti matar eða drykkjar. Sólrún hafi hins vegar farið við og við inn til hans og m.a. sett heftiplástur með þykku límbandi yfir sárið. Helgi kvað alvanalegt að Karl lægi fyrir langtímum saman og Sólrún væri þá vön að færa honum mat og drykk. Vegna þessa og þar sem Karl hafi ekki viljað læknisaðstoð, hafi þau enga grein gert sér fyrir, hversu alvarlegt ástand mannsins var. Helgi kvaðst hafa sofnað um kl. 7 á laugardagskvöldið og ekki vaknað fyrr en lögreglumenn komu á staðinn morguninn eftir. Helgi kvaðst ekki hafa orðið var við, að Karl væri því mótfallinn, að þau Sólrún dveldust hjá sér, en Sólrún hefði reynt eftir megni að koma út því fólki, sem var með drykkjulæti eða að öðru leyti óæskilegt.

Vitnið Karl Valgarðsson var fyrst yfirheyrt hjá rannsóknarlögreglu 16. maí sl. Kvaðst Karl þá enn illa haldinn af verkjum. Þá var hann yfirheyrður á ný nokkrum dögum síðar og við meðferð málsins. Kvaðst hann hafa verið meira eða minna ölvaður frá því fyrir sl. jól og verið illa farinn af áfengisdrykkju. Á heimili hans kom fólk og fór og þar var mikil áfengis- og lyfjaneysla. Hann var með Sólrúnu, Valdimar og Helga við áfengisdrykkju á heimili sínu umræddda helgi. Mundi hann ekki aðdraganda þess, að hann hlaut hnífstunguna, og minntist þess ekki, að þau Sólrún hefðu rifist, en það hljóti að hafa verið raunin, þar sem hann sá enga aðra ástæðu fyrir hnífstungunni. Var hann lengi búinn að biðja þau hin að fara úr íbúðinni, þar sem oft var kvartað undan hávaða vegna þeirra. Einnig hugðist hann leigja íbúðina, þar sem hann ætlaði að fara til sjós. Af þessum ástæðum reyndi hann að losna við þau úr íbúðinni. Sólrún bjó í íbúðinni síðan í febrúar og dró þar að alls konar lýð. Hann kvaðst lítið sem ekkert hafa getað við það ráðið vegna langvarandi áfengisdrykkju. Hann vildi losna við þau með góðu og kallaði því ekki á lögreglu til að koma þeim út. Hann

kvað það rétt að hann hefði þegið af þeim áfengi, en hann hefði einnig veitt þeim það þegar hann átti fé.

Karl kvaðst ekkert muna eftir sér fyrr en skömmu áður en lögreglan kom á staðinn um morguninn. Þá komu Páll og Valdimar inn í herbergið sem hann lá í, skoðuðu hann og vildu kalla á sjúkrabíl. Í fyrstu bað hann þá að bíða, en síðan versnaði honum og samþykkti það. Um morguninn fór hann fram á salernið og veitti því þá athygli, að nærbuxur, utanyfirbuxur og skyrta hans voru blóðugar. Hann sá þá sárið, en gerði sér ekki grein fyrir að um stungusár var að ræða, en hélt að það væri rispa. Samt sem áður gerði hann sér ekki grein fyrir að þetta væri blóð úr sér, og þar sem hann var timbraður, áttaði hann sig ekki á, hvað var á seyði. Þar af leiðandi bað hann ekki um aðstoð. Þegar hann varð var við blóðið um morguninn spurði hann fólkið, m.a. Sólrúnu og Valdimar, hvað hefði gerst, en enginn vildi segja honum neitt. Valdimar hefði spurt sig að því, hvort hann hefði gert sér grein fyrir, hvað hafði gerst, og margsinnis komið inn til sín um morguninn og viljað kalla á sjúkrabíl, en sem fyrr vildi hann það ekki. Loks urðu þeir þrír, þ.e. hann, Valdimar og Páll, ásáttir um að kalla á sjúkralið. Karl kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hversu alvarlegur áverkinn var, fyrr en hann fann, að hann gat ekki risið upp í rúminu vegna máttleysis og þyngsla í maga. Hann kvaðst þess fullviss að Sólrún hefði aldrei boðist til að kalla eftir sjúkraliði eða lækni. Þá kvaðst hann ekki hafa orðið var við umbúðir um sárið. Við yfirheyrslu við meðferð málsins 20. október sl. kvaðst Karl gangast undir aðgerð eftir nokkra daga, þar sem ekki var unnt í fyrri uppskurðinum að ganga endanlega frá því að sauma saman magavöðva fyrr en sárið eftir þann uppskurð var gróið.

Karl kvaðst ekki mundu leggja fram skaðabótakröfu á hendur ákærðu í málinu, enda teldi hann það vonlaust, þar sem hann vissi, að ákærða væri eignalaus.

Ákærða var samprófuð fyrir dóminum við framangreind vitni og náðist ekki frekara samræmi í framburð þeirra en rakið hefur verið.

Hörður Jóhannesson og Bjarni J. Bogason rannsóknarlögreglumenn hafa komið fyrir dóminn og staðfest skýrslur þær, myndir og uppdrætti, sem þeir unnu við rannsóknina. Bjarni Ólafur Magnússon lögregluþjónn, sem gerði frumskýrslu lögreglunnar í Reykjavík í málinu, dvaldist við nám í Bandaríkjunum við meðferð málsins og gat því ekki staðfest skýrsluna.

Ákærða gekkst að beiðni dómsins undir geðheilbrigðisrannsókn á meðan á meðferð málsins stóð, en engin slík rannsókn lá fyrir við þingfestingu þess, svo sem rétt hefði verið. Var geðrannsóknin framkvæmd af Hannesi Péturssyni geðlækni. Er skýrsla hans um rannsóknina dagsett 7. október sl. Í henni er rakin persónusaga ákærðu, geðsaga hennar, líkamlegt heilsu-

far, aðdragandi atburðarins, sem mál þetta snýst um, líkamleg skoðun, rannsóknir og geðskoðun. Í lok skýrslunnar segir:

„Ályktun:

Að mínu áliti er Sólrún Elídóttir ekki haldin formlegri geðveiki (psychosis), en býr hins vegar við fremur lága greind. Lífsferill hennar bendir auk þess til fremur vanþroskaðs persónuleika og skapgerðarbresta. Uppeldisskilyrði hennar hafa eflaust verið erfið og félagslegar aðstæður Sólrúnar hafa verið bágar langtímum saman. Ljóst er að Sólrún hefur um margra ára bil átt við að stríða áfengissýki og lyfjamisnotkun. Hún hefur margsinnis á undanförnum árum verið til meðferðar á meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga, en með takmörkuðum árangri. Sólrún hefur margoft orðið fyrir líkamlegum áverkum og auk þess lent í tíðum afbrotum sem flest, ef ekki öll, tengjast áfengissýki og óreglusömu líferni hennar. Atvinnusókn Sólrúnar hefur verið mjög stopul og hún hefur reyndar verið á hrakhólum með fastan samastað í langan tíma.

Líklegustu orsakir fyrir verknaði þeim, er Sólrún er nú grunuð um, eru alvarleg áfengissýki og afleiðingar langvarandi áfengisneyslu samfara skapgerðargöllum. Sólrún kvaðst eiga erfitt með að muna atburðarás nákvæmlega, en kveðst hafa orðið mjög hrædd í þeim átökum, sem virðast hafa verið undanfari framangreinds verknaðar. Nánasta orsök umræddsatviks virðist því hafa verið skyndilegur missir sjálfsstjórnar undir miklum áfengisáhrifum.

Sólrúnu er nauðsynlegt að halda sig framvegis algerlega frá neyslu áfengis og misnotkun lyfja. Enn fremur er þýðingarmikið að hún reyni að sporna gegn framangreindum erfiðleikum með því að efla stöðugleika í lífi sínu, t.d. með bættri félagslegri aðstöðu, bættri atvinnusókn og því um líku. Sólrún hefur gefið til kynna að hún ætli að reyna að taka sig á, sækja meðferð og reyna að bæta líferni sitt, en hugmyndir hennar eru misjafnlega raunhæfar og horfur því mjög óvissar.

Dómgreind Sólrúnar hefur að líkindum verið sljóvguð vegna mikillar ölvunar, þegar framangreindur atburður átti sér stað, en þó verður að ályktaað raunveruleikamat og dómgreind Sólrúnar Elídóttur sé með þeim hætti að hún teljist sakhæf.“

Sigurgísli Skúlason sálfræðingur lagði fyrir ákærðu sálfræðipróf, þ. á m. greindarpróf Wechslers fyrir fullorðna og persónuleikaprófið MMPI. Greindarvísitala alls prófsins mældist 87, sem telst vera fyrir neðan meðallag (greindarvísitalan 90-109). Samkvæmt niðurstöðu fyrra prófsins samsvara niðurstöður munnlega hlutans greind fyrir neðan meðallag, en greindarvísitalan mældist 82. Niðurstöður verklega hlutans samsvara hins vegar slöku meðallagi, en þar mældist greindarvísitalan 94. Benti árangur ákærðu á prófinu til þess að hún væri treggefin eða tornæm.

Niðurstöður.

Með játningu ákærðu, sem studd er framburði vitnanna Valdimars Svavarssonar og Helga Kárasonar, svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, er sannað að hún stakk Karl Valgarðsson að morgni laugardagsins 30. apríl sl. með rúmlega 8 cm löngu hnífsblaði í kviðinn rétt ofan við hægra nára og í görn með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlega sýkingu í kviðarhol og lungnabólgu og stóð mjög tæpt um líf hans um tíma, er hann var fluttur á skurðdeild Borgarspítalans til aðgerðar.

Ákærða hefur borið, að hún hafi lagt til Karls með hnífnum, eftir að hún hótaði honum að stinga hann með hnífnum, ef hann hætti ekki að rífast við sig. Hún hafi tekið hnífinn í höndina, en Karl náð honum af sér og hrint sér út í vegg. Hún hafi orðið æst og hrædd og gripið hnífinn, sem þá lá á gólfinu, og um leið og hún reis upp hafi hún stungið Karl með hnífnum í kviðinn. Ljóst er að ákærða vann verknaðinn ekki í sjálfsvörn, enda er ljóst af gögnum málsins að Karl hafði ekki gefið henni tilefni til að grípa til eggvopns, þrátt fyrir það að þau hafi rifist og hún rispast við það að hann reyndi að afvopna hana.

Gegn neitun ákærðu þykir hvorki sannað, að henni hafi staðið hugur til að svipta Karl lífi, né að henni hafi hlotið að vera ljóst, að bani gæti hlotist af verknaði hennar, enda ber að líta til þess, hvar hnífslagið lenti, svo og til þess að maðurinn var ekki sannanlega í lífshættu fyrr en um sólarhring eftir atburðinn. Hins vegar hlaut ákærðu að vera ljóst að sú háttsemi hennar að leggja til manns með hnífi, svo að tilviljun réð, hvar hann lenti, var stórhættuleg. Þá gerði ákærða litlar sem engar tilraunir til að koma manninum undir læknishendur, þrátt fyrir það að henni hlaut að vera ljóst, hversu alvarlegar afleiðingar verknaður hennar kynni að hafa. Skiptir hér engu hvort Karl bað um slíka aðstoð eða ekki. Verða áverkarnir, sem ákærða olli, heimfærðir undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en hin hættulega árás hennar undir 2. mgr. sömu greinar.

Framangreind ákvæði 2. mgr. 218. gr. alm. hegningarlaga tæma sök gagnvart 1. mgr. 220. gr. sömu laga. Ákærða er hins vegar ekki ákærð fyrir þá háttsemi, sem sú grein tekur til, og verður henni þegar af þeirri ástæðu ekki refsað fyrir það brot.

Ákærða er að mati dómsins sakhæf, sbr. og geðheilbrigðisrannsókn þá, sem hún gekkst undir við meðferð málsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún hlotið þessa refsidóma:

1974 3/5 6 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir þjófnað.

1977 11/7 Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Svipt ökuleyfi ævilangt.

1978 7/11 2 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir skjalafals og fjársvik.

1982 3/6 Sekt fyrir ölvun við akstur o.fl. umferðarlagabrot. Svipt ökuleyfi ævilangt.

1985 25/3 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur o.fl. umfl-brot. Svipt rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Hegningarauki.

1985 19/6 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 221. gr. alm. hgl.

1985 28/6 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik. Hegningarauki.

1985 12/7 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, fjársvik og tilraun til fjársvika.

1985 15/11 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað. Hegningarauki.

1986 14/1 Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm frá 28.6.1985: 8 mánaða fangelsi.

1986 14/1 Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm frá 12.7.1985: 2 mánaða fangelsi.

1986 22/5 Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm frá 19.6.1985: 3 mánaða fangelsi.

1986 29/7 Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Svipt rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

1986 31/7 Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur o.fl. umfl-brot.

1986 7/10 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Hegningarauki.

1987 21/12 9 mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Reynslulausn í 235 daga frá 9. desember 1986 dæmd með.

Hinn 4. mars sl. fékk ákærða reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum 90 daga refsingar, en samkvæmt upplýsingum dómsmálaráðuneytisins afplánaði hún þær eftirstöðvar frá 1. júní - til 30. ágúst sl.

Með hliðsjón af framangreindu og sakarferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár og 6 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhald hennar frá 2. maí sl. kl. 14.00 til 1. júní sl. kl. 16.00 svo og frá 30. ágúst sl. kl. 10.53 til dagsins í dag, samtals 77 dagar.

Engin skaðabótakrafa hefur verið lögð fram í málinu.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, kr. 60.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000,00.

Dómsorð:

Ákærða, Sólrún Elídóttir, sæti fangelsi þrjú ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hennar, samtals 77 dagar.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, kr. 60.000,00, og málsvarnarlaun verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., kr. 75.000,00.

Föstudaginn 26. maí 1989.

Nr. 82/1984. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Fjölni Má Baldurssyni
(Svala Thorlacius hrl.).

Endurupptaka dæmds opinbers máls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Í bréfi, dagsettu 23. apríl 1985, óskaði ákærði eftir endurupptöku máls þessa. Hinn 12. desember 1986 samþykkti Hæstiréttur erindi ríkissaksóknara um að málið yrði endurupptekið samkvæmt XXIII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ákæruvaldið krefst þess, að ákærði verði sýknaður af sakarefni ákæru frá 19. október 1982 og að niður falli refsing ákærða, sem ákvörðuð var í dómi Hæstaréttar 5. desember 1984, en jafnframt, að dómur sakadóms Ísafjarðar frá 8. mars 1982, sem dæmdur var með í þeirri refsingu, standi óhaggaður. Jafnframt krefst ákæruvald þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls þess sakarkostnaðar, sem honum var gert að greiða við fyrri meðferð máls þessa, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo og til greiðslu alls kostnaðar af endurupptöku málsins og meðferð þess nú fyrir Hæstarétti, þar með talin málsóknarlaun til ríkissjóðs.

Málið var áður flutt hér fyrir dómi 29. nóvember 1984 og kvað Hæstiréttur upp dóm í því 5. desember 1984. Var ákærði dæmdur sekur um að hafa aðfaranótt 7. mars 1982 tekið bifreiðina Í 4562 í heimildarleysi og ekið henni ölvaður. Í dóminum var tekinn upp skilorðsdómur frá 8. mars 1982, tveggja mánaða fangelsi, og bæði málin dæmd í einu lagi samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Var ákærða gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði vegna brotanna. Ákærði hefur ekki afplánað refsingu þessa.

Þegar hæstaréttardómurinn var birtur ákærða, hélt hann því fram, að hann hefði verið dæmdur saklaus fyrir afbrotin í mars

1982, þar eð hann hefði tekið á sig sök annars manns. Af því tilefni fór fram lögreglurannsókn í janúar 1985 til þess að kanna sannleiksgildi fullyrðingar ákærða.

Við rannsóknina skýrði ákærði svo frá, að í umrætt sinn hefði hann ásamt þrem öðrum mönnum komið að Flosa Arnórssyni, þar sem hann hafi verið að ræsa bifreið. Hafi Flosi boðið þeim í ökuferð og þeir þegið það. Lögregla hafi nokkru síðar veitt bifreiðinni eftirför. Flosi hafi stöðvað bifreiðina og skipt um sæti við ákærða, sem settist undir stýri. Áður en lögreglumenn komu að bifreiðinni hafi hann og Flosi sammælst um að skýra svo frá, að ákærði hafi ekið. Þessa frásögn ákærða staðfestu Flosi svo og Kristinn Halldórsson og Hjörtur Geir Kjartansson, sem voru farþegar í bifreiðinni. Menn þessir staðfestu skýrslur sínar fyrir sakadómi Ísafjarðar í apríl 1985. Ekkert hefur komið fram, sem veikir þessar skýrslur. Fimmti maðurinn, sem í bifreiðinni var, kvaðst ekki geta sagt með vissu hver ók bifreiðinni í umrætt sinn.

Skýrslur voru hvorki teknar af Flosa Arnórssyni né öðrum, sem tóku þátt í ökuferðinni, fyrr en í janúar 1985.

Sannað þykir með framburði ákærða og áðurgreindra þriggja manna, að hann hafi ekki ekið bifreiðinni Í 4562 aðfaranótt 7. mars 1982. Ber því að sýkna ákærða af kröfum samkvæmt ákæru frá 19. október 1982 og fella ákvörðun hæstaréttardóms 5. desember 1984 um refsingu og ökuleyfissviptingu úr gildi.

Niðurstaða þessi haggar ekki dómi, sem sakadómur Ísafjarðar kvað upp 8. mars 1982.

Ákærða ber samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974 að greiða allan sakarkostnað, sem hann var dæmdur til að greiða við fyrri meðferð málsins í héraði og fyrir Hæstarétti. Með vísan til síðastnefnds ákvæðis ber ákærða einnig að greiða allan kostnað af endurupptöku málsins og meðferð þess nú fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Fjölnir Már Baldursson, er sýkn af kröfum samkvæmt ákæru frá 19. október 1982. Ákvörðun dóms Hæstaréttar frá 5. desember 1984 um refsingu og ökuleyfissviptingu er úr gildi felld. Ákvæði þess dóms um sakarkostnað skulu óhögguð.

Ákærði, Fjölnir Már Baldursson, greiði kostnað af endurupptöku málsins og meðferð nú fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svölu Thorlaciusar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

ATH.: Málið nr. 82/1984 var áður dæmt í Hæstarétti 5. desember 1984. Málið var síðan endurupptekið og dæmt aftur. Þar sem héraðsdómur í málinu var birtur í dómasafni Hæstaréttar 1984 er ekki þörf á að birta hann aftur og nægir eftirfarandi tilvísun til birtingar með hinum nýja Hæstaréttardómi:

Dómur sakadóms Ísafjarðar 16. febrúar 1989 var prentaður í dómasafni Hæstaréttar 1984 á bls. 1360.

Föstudaginn 26. maí 1989.

Nr. 109/1989. **Pétur Gunnlaugsson**
f.h. einkafirma síns, Leigumála,
gegn
Sigurmar K. Albertssyni hrl.
Vinnustofunni Klöpp
Landsbanka Íslands
Árna Vilhjálmssyni hdl.
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Guðmundi Jónssyni hdl.
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
Gísla Baldri Garðarssyni hrl.
Híbýlum sf.
Bókabúð Lárusar Blöndal
Árvakri hf.
Almennum tryggingum hf.
Halldóri Hjartarsyni
Flugleiðum hf. og
Samvinnutryggingum g.t.

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1989. Kröfur hans eru þær að uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur, sem fram fór í norðurhluta 2. hæðar hússins nr. 18 við Skólavörðustíg í Reykjavík 22. febrúar 1989, verði dæmd ógild og uppboðið úr gildi fellt í heild sinni. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í Hæstarétti.

Við þingfestingu málsins í Hæstarétti 3. maí 1989 var sótt dómþing af hálfu stefndu Sigurmars K. Albertssonar hrl., Vinnustofunnar Klappar, Landsbanka Íslands, Árna Vilhjálmssonar hdl., Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., Flugleiða hf. og Samvinnutrygginga g.t. og krafist frávísunar málsins frá Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Gjaldheimtunnar í Reykjavík var skilað greinargerð til stuðnings frávísunarkröfunni og gerð krafa um málskostnað úr hendi áfrýjanda. Sigurmar K. Albertsson hrl. skilaði einnig greinargerð um frávísunarkröfuna.

Stefndu benda á að eignarhluti áfrýjanda hafi verið seldur á þriðja og síðasta nauðungaruppboði 5. mars 1987. Því uppboði hafi verið áfrýjað með stefnu 2. apríl 1987 til þingfestingar 4. maí s.á., en þann dag hafi málið, sem var nr. 118/1987, fallið niður vegna útivistar áfrýjanda. Áfrýjandi hafi fengið gefna út nýja stefnu 29. maí 1987, en því máli, sem var nr. 180/1987, hafi lokið með frávísunardómi Hæstaréttar 13. október 1988. Þar sem hæstbjóðandi á uppboðinu 5. mars 1987 hafi ekki staðið við boð sitt hafi hinn 22. febrúar 1989 farið fram vanefndauppboð samkvæmt 35. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð. Hið áfrýjaða uppboð sé í raun sama mál og áður var áfrýjað og brjóti áfrýjun nú því í bága við 36. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi mótmælir fram kominni frávísunarkröfu og heldur því fram að hið áfrýjaða uppboð sé nýtt og sjálfstætt uppboðsmál. Hafi efni þess ekki komið til kasta Hæstaréttar áður og séu málsástæður hans aðrar en í hæstaréttarmálunum nr. 118/1987 og 180/1987. Vanefndauppboðið hafi verið sérstök dómsathöfn, sem lúti sömu málskotsreglum og aðrar dómsathafnir. Frávísunarkrafan eigi því ekki við rök að styðjast.

Uppboð samkvæmt 35. gr. laga nr. 57/1949 er úrræði sem uppboðsbeiðandi eða þeir aðilar, sem 1. mgr. 21. gr. sömu laga greinir, geta krafist vegna vanefnda kaupanda í stað þess að krefja hann beint um greiðslu í samræmi við tilboð sitt. Uppboð þetta fer fram á kostnað og áhættu kaupanda, sem vanefnt hefur boð sitt, og samkvæmt þeim uppboðsskilmálum er áður voru ráðnir. Kaupanda er eftir sem áður skylt að greiða það sem fæst minna fyrir eign á vanefndauppboði en það er áður var hæst boðið. Slíkt uppboð fer því fram af ástæðum sem ekki varða uppboðsþola og ekki á kostnað hans.

Áfrýjandi hefur tvívegis skotið til Hæstaréttar nauðungaruppboði á ofangreindri fasteign, er fram fór 5. mars 1987, en ekki fylgt þeim áfrýjunum eftir.

Með vísan til 36. gr. laga nr. 75/1973 ber að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er að áfrýjandi greiði stefndu Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Gjaldheimtunni í Reykjavík 5.000,00 krónur hvoru fyrir sig í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson f.h. Leigumála, greiði stefndu Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Gjaldheimtunni í Reykjavík 5.000,00 krónur hvoru fyrir sig í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. maí 1989.

Nr. 169/1989. **Ólafur Árni Halldórsson**
gegn
Árna Margeirssyni,
þrotabúi Árna Margeirssonar og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst héraðsdómara 19. apríl 1989. Lögmaður sóknaraðila hafði fengið vitneskju um frávísunardóminn 6. sama mánaðar. Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur að því er hann varðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu annarra varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Samkvæmt 110. gr., 3. mgr., og 134. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, skal skiptaráðandi kveða upp úrskurð um kröfur á hið stefnda þrotabú Árna Margeirssonar.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða frávísunardóms ber að staðfesta hann.

Rétt er að fella kærumálskostnað niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. mars 1989.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 27. febrúar sl. vegna frávísunarkröfu, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ólafi Árna Halldórssyni, nnr. 6761-1802, Heiðarbraut 7 D, Keflavík, gegn Árna Margeirssyni, nnr. 0528-7952, Árskógum 17 A, Egilsstöðum, skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu f.h. þrotabús Árna Margeirssonar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með stefnu, þingfestri 15. desember 1987.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru aðallega þær að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt kr. 1.245.000,00 með [nánar tilteknum vöxtum].... Enn fremur er þess krafist, að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur ábyrgur fyrir greiðslu tveggja krafna Sparisjóðsins í Keflavík skv. skiptastefnu, út gefinni 15.1.1986, vegna víxils, kr. 50.000,00, pr. 15.8. 1984, og skv. áskorunarstefnu, út gefinni 16.4. 1985 vegna víxils, kr. 50.000,00, pr. 28.9. 1984, og loks vegna kröfu Útvegsbanka Íslands skv. áskorunarstefnu, út gefinni 20.5. 1985, vegna víxils, kr. 50.000,00, pr. 7.10. 1984.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu eftir gjaldskrá LMFÍ að viðbættum söluskatti af þóknunarlið málskostnaðar.

Til vara er krafist annarrar lægri fjárhæðar og að málskostnaður verði felldur niður.

Dómkröfur stefnda Árna Margeirssonar eru þær aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, en til vara, að einungis verði viðurkenndur hluti af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda fjármálaráðherra eru þessar:

Aðalkrafa: að málinu verði vísað frá dómi, að því er hann varðar.

Fyrsta varakrafa: að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Önnur varakrafa: að hann verði að svo stöddu sýknaður af kröfum stefnanda.

Í öllum ofangreindum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Þriðja varakrafa: að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og að málskostnaður falli niður í því tilviki.

Af hálfu stefnda þrotabús Árna Margeirssonar hefur ekki verið sótt þing í máli þessu.

Málið er til úrlausnar nú um frávísunarkröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

— — —

IV.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til óskiptrar greiðslu á kr. 1.245.000,00 auk vaxta og málskostnaðar á hendur öllum stefndu, en að auki er þess krafist að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur ábyrgur vegna víxilkrafna, að fjárhæð kr. 150.000,00.

Á hendur stefnda Árna Margeirssyni er málshöfðunin á því reist, að hann hafi misnotað firmanafnið Eintak sf. til tjóns fyrir stefnanda, eftir að stefnandi hafði formlega gengið úr félaginu samkvæmt afsali og tilkynningu til firmaskrár, dags. 4. ágúst 1983.

Á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er málsóknin byggð á reglum skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð vegna ætlaðra mistaka firmaskrárritarans í Keflavík.

Á hendur stefnda skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu er málsóknin byggð á því, að bú stefnda sé í gjaldþrotaskiptum.

Ljóst þykir vera, að kröfur stefnanda, annars vegar á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og meðstefndu hins vegar, séu ekki af sömu rót runnar, auk þess sem málatilbúnaður stefnanda á hendur stefnda fjármálaráðherra er vanreifaður að því er varðar hina sérstöku „ábyrgðarkröfu" á hendur honum. Samkvæmt þessu ber með vísan til 47. og 88. gr. laga nr. 85/1936 að taka til greina kröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um frávísun málsins að því er hann varðar.

Samkvæmt 1. mgr. 33. gr., sbr. 90. gr., skiptalaga, nr. 3/1978, skal bera upp við skiptaráðanda allar kröfur á hendur þrotabúi. Sakaraðild stefnda skiptaráðandans í Suður-Múlasýslu f.h. þrotabús Árna Margeirssonar samrýmist ekki greindum lagafyrirmælum, og ber því með vísan til 68. gr. laga nr. 85/1936 að vísa sjálfkrafa frá dómi kröfum stefnanda á hendur honum.

Framangreind niðurstaða, að því er þrotabúið varðar, þykir eigi skipta máli um persónulega aðild stefnda Árna Margeirssonar að máli þessu, sbr. ákvæði 119. gr. laga nr. 6/1978, og þar sem persónuleg sakaraðild hans hefur ekki sætt sérstökum andmælum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans og réttarhlés.

Dómsorð:

Kröfum stefnanda, Ólafs Árna Halldórssonar, á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er vísað frá dómi.

Kröfum stefnanda á hendur stefnda skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu f.h. þrotabús Árna Margeirssonar er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 29. maí 1989.

Nr. 195/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Sæmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 26. maí 1989, sem barst Hæstarétti sama dag. Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að gæsluvarðhald verði fellt niður. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn 25. maí sl. kom Ingi Tryggvason, deildarlögfræðingur við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, fyrir sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum og lagði fram kröfu um að varnaraðili, Jón Sæmundsson, sætti gæsluvarðhaldi allt til hádegis hinn 5. júní n.k. Jafnframt lagði hann fram gögn, sem lágu eftir það frammi í dóminum. Auk kröfugerðarinnar voru þetta skjöl um grunsemdir lögreglu um þátttöku varnaraðila í misferli með kókaín, lögregluskýrslur um framburð hans í yfirheyrslum 12., 24. og 25. maí sl., lögregluskýrslur um framburð annars manns, M, 24. og 25. maí og lögregluskýrsla um framburð B 24. maí. Þá er meðal skjalanna endurrit um yfirheyrslu 25. maí yfir M í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum. Í þinghaldi því, sem fyrst var getið og fram fór 25. maí, var Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi varnaraðila og gaf hann ýmsar skýringar á þinginu. Loks gaf varnaraðili sjálfur skýrslu, svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði.

Verjandi varnaraðila hefur sent greinargerð til Hæstaréttar. Segir þar m.a.: „Í úrskurði sakadómarans er vitnað til framburðar og gæsluvarðhaldsúrskurða, sem ekki hafa verið lagðir fram í máli skjólstæðings míns. Hvorki skjólstæðingi mínum né réttargæslu-

manni hans hafa verið kynnt þessi gögn og er því með öllu óviðeigandi af hálfu sakadómsins að byggja á þessum gögnum."

Í máli þessu hafa ekki verið lögð fram gögn, sem varða rannsókn á ætluðum brotum G, en að Ó er vikið í skjölum, sem fram hafa verið lögð og fyrr eru talin. Ekki er fram komið með hvaða hætti G, Ó og varnaraðila greinir á um staðreyndir. Af gögnum málsins, sem fram voru lögð 25. maí og bæði varnaraðili og réttargæslumaður hans áttu aðgang að, kemur hins vegar fram, að framburður varnaraðila og M stangast á um magn það af kókaíni, sem M fékk frá varnaraðila. Samkvæmt þessum gögnum ber B, að hún hafi ekki átt viðskipti við varnaraðila eins og hann heldur fram. Um greiðslur M til varnaraðila fyrir kókaín er og misræmi.

Eftir skýrslum varnaraðila og M má ætla, að varnaraðili hafi gerst sekur um refsiverða hegðun. Stendur 65. gr., 3. mgr., stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, ekki í vegi fyrir því, að hann sæti gæsluvarðhaldi. Ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar með tilvísun til 67. gr., 1. mgr. 1. tl., laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 25. maí 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 25. maí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Lögreglumenn í fíkniefnadeild lögreglustjórans í Reykjavík hafa frá byrjun þessa mánaðar rannsakað ætlað stórfellt kókaínmisferli.

— — —

Grunur lögreglu beindist auk annars að [...], Jóni Sæmundssyni, kt. 110366-5159, sem handtekinn var og yfirheyrður hjá lögreglu 12. þ.m.

Kannaðist Jón þessi þá við að hafa á 3-4 vikum tímabilið í jan.-febr. sl. frá Ó móttekið samtals 70 g af kókaíni og þar af í þrem afhendingum afhent M samtals 60 g og Y samtals 10 g.

Jón Sæmundsson kvaðst engar greiðslur hafa handleikið í þessu sambandi, en söluverð hvers g ákveðið kr. 8.000,00 og svo um samið Jóns og Ó í milli, að hinn fyrrnefndi fengi í þóknun fyrir þessa milligöngu 10% af greiddu söluandvirði.

— — —

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986.

Rannsókn virðist sækjast seint þótt staðið hafi, sem að ofan greinir, frá byrjun þessa mánaðar, enda efnistegund, magni handlagðra efna og játningum samkvæmt að öllum líkindum á ferð umfangsmesta og alvarlegasta fíkniefnamisferli, sem komið hefur til rannsóknar hérlendis.

Mikið ber í milli í framburði aðila um veigamikil atriði og því líklegt, að rannsókn sé í þeim skilningi enn á frumstigi. Ætla verður, að sú háttsemi, sem Jón Sæmundsson hefur þegar kannast við, kunni að baka honum fangelsisrefsingu, ef sönnuð telst.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, ekki girða fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og gera Jóni Sæmundssyni að sæta gæsluvarðhaldi allt að hádegi mánudags 5. júní 1989.

Úrskurðarorð:

Jón Sæmundsson, kt. 110366-5159, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 17.05 að telja 25.5.1989 og allt að hádegi mánudags 5.6.1989.

Mánudaginn 29. maí 1989.

Nr. 14/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Herði Ólafssyni
(sjálfur).

Ríkissaksóknari. Vanhæfi. Skipun verjanda. Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Máli þessu var af hálfu ríkissaksóknara áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 6. janúar 1989 og einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar „samkvæmt ákæru", þyngingar refsingar og lengingar ökuleyfissviptingar.

Þegar mál þetta kom til munnlegs flutnings fyrir Hæstarétti, var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu í öllum ákæruliðum. Þá var krafist, að ákærði yrði sviptur rétti til að stjórna ökutæki ævilangt frá 18. nóvember 1986 og til greiðslu sakarkostnaðar, en refsing ákærða þyngd, og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Í greinargerð 25. maí 1989 gerði ákærði þessar dómkröfur: „Aðallega er krafist sýknu, en til vara ómerkingar. Málskostnaðar er krafist samkvæmt mati dómsins."

I.

Með bréfi 19. maí 1989 til Hæstaréttar tilkynnti ákærði, að hann myndi mótmæla því að vararíkissaksóknari annaðist flutning málsins af hálfu ákæruvaldsins fyrir Hæstarétti. Með bréfi Hæstaréttar 22. maí 1989 var ákærða, sem er hæstaréttarlögmaður og heldur sjálfur uppi vörnum fyrir sig fyrir Hæstarétti, tilkynnt að í upphafi málflutnings yrði fjallað um ofangreind mótmæli. Hefur sá málflutningur farið fram. Ákærði hélt fast við fyrri mótmæli sín. Vararíkissaksóknari, sem flutti málið af hálfu ákæruvalds, andmælti þessari málsástæðu ákærða.

Ákærði lagði fram ljósrit af bréfi ríkissaksóknara 6. janúar 1989 til dómsmálaráðuneytisins. Í bréfinu vísar ríkissaksóknari til bréfs ákærða 23. desember 1988, „þar sem hann kærir til ráðuneytisins hald, sem lagt var á bifreið hans" sama dag. Í bréfi ríkissaksóknara segir einnig: „Vegna þess, sem nú er borið fram í fyrrgreindu bréfi lögmannsins, tel ég rétt að skorast undan frekari saksóknarstörfum í máli þessu. Beini ég því til dómsmálaráðuneytisins, að vararíkissaksóknari eða annar löghæfur maður verði skipaður til meðferðar málsins, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála." Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 11. janúar 1989 var vararíkissaksóknari „skipaður til þess, sem sérstakur ríkissaksóknari, að fara með saksóknarvald" í ofangreindu máli „með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 74/1974". Ofangreint mál er til meðferðar í sakadómi Reykjavíkur og fer vararíkissaksóknari með saksókn í því samkvæmt skipunarbréfi þessu.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt þessu verið leystur undan saksóknarvaldi í ofangreindu máli. Samkvæmt málflutningi af hálfu ákæruvalds tengist það mál hæstaréttarmáli þessu á þann hátt að krafa, sem þar er gerð um að bifreið ákærða verði gerð upptæk, byggist að hluta á ætluðum brotum hans, sem ákært hefur verið út af í báðum ákærum í máli þessu. Telja verður að við þessar aðstæður geti ríkissaksóknari ekki lengur farið með mál þetta. Hæstaréttarmál þetta flytur vararíkissaksóknari í umboði ríkissaksóknara og ber samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 74/1974 að „hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara í störfum sínum". Af því leiðir, að vararíkissaksóknari er ekki bær að flytja mál þetta í umboði ríkissaksóknara.

II.

Með bréfi til Hæstaréttar 15. maí 1989 krafðist ákærði ómerkingar beggja héraðsdómanna í hæstaréttarmálunum nr. 14/1989 og 67/1989. Í áðurgreindri greinargerð sinni ítrekar ákærði þessa kröfu sína með þeim rökum, að í báðum málunum hafi hann verið sviptur rétti til að verja sig sjálfur. Þar sé um að ræða brot á 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974 svo og 6. gr. 3 c Evrópusamningsins frá 20. mars 1952, sem Ísland sé aðili að, sbr. auglýsingu nr. 11/1954.

Í þinghaldi 20. maí 1987 í sakadómi Reykjavíkur lýsti ákærði yfir,

að hann myndi sjálfur flytja fram vörn í máli sínu samkvæmt ákærunni frá 4. mars 1987. Jafnframt ítrekaði hann kröfu sína um að aflað yrði í málinu sjúkraskýrslu frá göngudeild fyrir áfengissjúklinga og geðdeild Landspítalans, er hann vörðuðu, svo og örorkuvottorðs þar sem hann hygðist byggja varnir í málinu á geðrænu ástandi sínu á þeim tíma, sem ætluð brot ættu að vera framin. Í þinghaldi 27. janúar 1988 var lagt fram ljósrit örorkumats tryggingayfirlæknis, undirritað af Karli Strand geðlækni 12. maí 1986, ásamt ljósritum tveggja læknisvottorða frá 18. október 1984 og 14. apríl 1986, svo og ákæra, dagsett 12. nóvember 1987. Enn var þingað í málinu nokkrum sinnum. Í þinghaldi 14. október 1988 kom Karl Strand fyrir dóm sem vitni samkvæmt beiðni ákærða. Ákærði krafðist úrskurðar um skyldu vitnisins til að svara tiltekinni spurningu um skilning vitnisins á læknisfræðilegum hugtökum, sem í læknisvottorði voru tilgreind á latínu. Með bréfi 24. október 1988 tilkynnti héraðsdómarinn ákærða, „að ástæða þykir til með vísan til 81. gr. laga nr. 74/1974 að skipa yður verjanda ... Er yður veittur kostur á að benda á einhvern, er rétt hefur að lögum til að taka að sér verjandastarfann". Ákærði mótmælti samdægurs þessari ætlan dómarans og bar fram þá fyrirspurn, hvað liði „úrskurði yðar um skyldu Karls Strand læknis til að svara spurningum mínum í þinghaldi 14. október sl. um skilning hans á latnesku setningunni (sic) „psychosis maniodepressiva — typus circularis, 296,5" í vottorði Gísla Á Þorsteinssonar læknis 14. apríl 1986, en á því vottorði byggði Karl örorkumat sitt".

Jafnframt tók ákærði fram, að í „því dómsmáli, sem hér liggur fyrir, þarf að upplýsa, hvort sú varnarástæða mín sé rétt ... að ég hafi verið geðveikur og því ósakhæfur á þeim tíma, sem máli skiptir.... E.t.v. gæti Læknaráð orðið hér að liði?" Hinn 25. október 1988 var ákærða skipaður verjandi, sem í þinghaldi 2. nóvember 1988 féll frá kröfu um úrskurð um skyldu vitnisins Karls Strand til að svara áðurgreindri spurningu, svo og fleiri kröfum, sem ákærði hafði sett fram. Ákærði, sem var staddur á dómþinginu, taldi sér þá ekki þörf á að vera viðstaddur og vék úr dóminum. Verjandi lýsti þá yfir, að hann teldi rannsókn lokið, og óskaði eftir fresti til að skila skriflegri vörn.

Telja verður að þau gögn, sem fyrir liggja í málinu um geðhagi

ákærða, séu ófullnægjandi og að héraðsdómara hefði verið rétt að hlutast til um frekari rannsókn um þá.

Ákæruði er hæstaréttarlögmaður. Héraðsdómari hefur án nægjanlegs rökstuðnings synjað ákærða að flytja fram vörn sína sjálfur. Nú verður ekki um það dæmt, hvort högum ákærða hafi verið svo komið, að rétt eða skylt hafi verið að skipa honum verjanda.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 3. mgr. 81. gr., sbr. 183. gr. laga nr. 74/1974, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm svo og málsmeðferð frá og með þeim degi, er héraðsdómari skipaði ákærða verjanda, hinn 25. október 1988, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

III.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af áfrýjun málsins á ríkissjóð svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði. Málskostnaðarkrafa ákærða er hins vegar ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Hinn reglulegi ríkissaksóknari fer ekki með mál þetta.

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi svo og meðferð málsins frá og með 25. október 1988, og er málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Blöndals og Haralds Henryssonar.

Í dómi Hæstaréttar 3. febrúar 1989 í málinu nr. 17/1989 kemur fram, að hinn 23. desember 1988 var að kröfu ríkissaksóknara lagt hald á bifreið ákærða. Þá framkvæmd kærði ákærði samdægurs til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem lögleysu. Ráðuneytið sendi ríkissaksóknara þetta erindi ákærða til athugunar og umsagnar 4. janúar 1989. Í svari sínu til ráðuneytisins 6. janúar 1989 skoraðist ríkissaksóknari undan frekari saksóknarastörfum í máli því,

sem þar um ræðir, og beindi því til ráðuneytisins, að vararíkissaksóknari eða annar löghæfur maður yrði skipaður til meðferðar málsins, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Hinn 11. janúar 1989 var Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari síðan skipaður til þess, sem sérstakur ríkissaksóknari, að fara með saksóknarvald í því máli ákærða.

Það, að hinn reglulegi ríkissaksóknari skoraðist undan meðferð framangreinds máls á grundvelli „kæru" ákærða 23. desember 1988, veldur ekki sjálfkrafa vanhæfi hans í málum gegn ákærða, sem áður hafði verið ákært í. Ekkert er komið fram um vanhæfi hins reglulega ríkissaksóknara í máli því, sem hér er til meðferðar. Vararíkissaksóknari er því bær að flytja það í umboði hans.

Ákvörðun héraðsdómara um, að verjanda skuli skipa, sætir ekki kæru, sbr. 5. tölulið 170. gr. laga nr. 74/1974. Það veldur ekki ómerkingu hins áfrýjaða dóms, að dómari málsins í héraði rökstuddi ekki ákvörðun sína um skipun verjanda fyrir ákærða.

Héraðsdómari tók afstöðu til sakhæfis ákærða á grundvelli fyrirliggjandi gagna um geðheilsu hans. Ekki er fram komið, að ákærði hafi fyrir Hæstarétti uppi vörn, er snýr að sakhæfi hans. Komi slík vörn fram hér fyrir dómi, má frekari gagnaöflun í því efni fara fram samkvæmt heimild 184. gr. laga nr. 74/1974, án þess að ómerkja þurfi héraðsdóm og vísa málinu heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessu teljum við, að hafna eigi kröfu ákærða um, að vararíkissaksóknari fari ekki með þetta mál, og halda beri áfram munnlegum flutningi málsins, þar sem frá var horfið.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1988.

Ár 1988, föstudaginn 11. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 599/1988: Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni, sem tekið var til dóms hinn 8. þ.m.

Málið er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með tveimur ákæruskjölum, dagsettum 4. mars og 12. nóvember 1987, á hendur Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, Njálsgötu 87, Reykjavík, fæddum 12. september 1921 á Ísafirði.

Í fyrrnefnda ákæruskjalinu er mælt fyrir um höfðun opinbers máls á hendur ákærða „fyrir að aka bifreið sinni, R 94, sex sinnum undir áhrifum áfengis, svo sem rakið er:

1.

Fimmtudagskvöldið 13. febrúar 1986 frá Sauðárkróki áleiðis til Reykjavíkur, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á þjóðveginum við bæinn Hraunsnef í Norðurárdal, og neyta jafnframt áfengis við aksturinn.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

2.

Aðfaranótt miðvikudagsins 19. mars 1986 frá Njálsgötu 87 og um götur í Laugarneshverfi, þar sem lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Gullteigi við Hofteig.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

3.

Föstudaginn 3. október 1986 frá Reykjavík áleiðis til Selfoss og aka bifreiðinni með 130 kílómetra hraða austur Suðurlandsveg við Sandskeið á Hellisheiði, en lögreglumenn stöðvuðu akstur hans í Svínahrauni nokkru austar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, og a-lið 1. gr. auglýsingar nr. 252/1973, sbr. 50. gr. umferðarlaga, allt sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

4.

Miðvikudagskvöldið 8. október 1986 frá Reykjavík áleiðis í Víðines á Kjalarnesi, aka bifreiðinni með 121 kílómetra hraða norður Vesturlandsveg við Grafarholt og sinna þar ekki stöðvunarmerkjum lögreglumanna, heldur aka bifreiðinni inn á veginn að Keldnaholti, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum við hús Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins í Keldnaholti.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og b-lið 1. gr. auglýsingar nr. 252/1973, sbr. 50. gr. umferðarlaga, allt sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

5.

Um miðnætti aðfaranótt þriðjudags 18. nóvember 1986 frá Njálsgötu 87 að Vífilsgötu 19 í Reykjavík og aftur að Njálsgötu 87, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum skömmu eftir akstur.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

6.

Mánudaginn 19. janúar 1987, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, frá Njálsgötu 87 að Eskihlíð 26 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Í síðari ákærunni er mælt fyrir um höfðun opinbers máls á hendur ákærða „fyrir að aka bifreiðinni R 94 um götur í Reykjavík í eftirgreind sjö skipti á árinu 1987, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, svo sem hér er rakið:

1) Miðvikudaginn 22. apríl, um götur í miðborginni.

2) Föstudaginn 24. apríl, austur Tryggvagötu.

3) Þriðjudaginn 28. apríl, að lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

4) Laugardaginn 2. maí, vestur Sundlaugaveg.

5) Miðvikudaginn 6. maí, um Njálsgötu og Snorrabraut.

6) Laugardaginn 13. júní, þá undir áhrifum áfengis, norður Snorrabraut, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

7) Mánudaginn 10. ágúst, þá undir áhrifum áfengis, suður Kalkofnsveg og Lækjargötu og inn á Amtmannsstíg, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., liði 6 og 7, auk þess við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, sæti fangelsi fjóra mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í fjögur ár frá 18. nóvember 1988 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., 35.000,00 krónur.

Mánudaginn 29. maí 1989.

Nr. 67/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Herði Ólafssyni
(sjálfur).

Ríkissaksóknari. Vanhæfi. Skipun verjanda. Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 27. febrúar 1989 og einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

Þegar mál þetta kom til munnlegs flutnings fyrir Hæstarétti, var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu í öllum ákæruliðum, sviptingu réttar til að stjórna ökutæki ævilangt frá 18. nóvember 1986 og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing ákærða þyngd og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Í greinargerð 25. maí 1989 gerði ákærði þessar dómkröfur: „Aðallega er krafist sýknu, en til vara ómerkingar. Málskostnaðar er krafist samkvæmt mati dómsins."

I.

Með bréfi 19. maí 1989 til Hæstaréttar tilkynnti ákærði, að hann myndi mótmæla því að vararíkissaksóknari annaðist flutning málsins af hálfu ákæruvaldsins fyrir Hæstarétti. Með bréfi Hæstaréttar 22. maí 1989 var ákærða, sem er hæstaréttarlögmaður og heldur sjálfur uppi vörnum fyrir sig fyrir Hæstarétti, tilkynnt að í upphafi málflutnings yrði fjallað um ofangreind mótmæli. Hefur sá málflutningur farið fram. Ákærði hélt fast við fyrri mótmæli sín. Vararíkissaksóknari, sem flutti málið af hálfu ákæruvalds, andmælti þessari málsástæðu ákærða.

Ákærði lagði fram ljósrit af bréfi ríkissaksóknara 6. janúar 1989 til dómsmálaráðuneytisins. Í bréfinu vísar ríkissaksóknari til bréfs ákærða 23. desember 1988, „þar sem hann kærir til ráðuneytisins hald, sem lagt var á bifreið hans" sama dag. Í bréfi ríkissaksóknara segir einnig: „Vegna þess, sem nú er borið fram í fyrrgreindu bréfi lögmannsins, tel ég rétt að skorast undan frekari saksóknarstörfum í máli þessu. Beini ég því til dómsmálaráðuneytisins, að vararíkissaksóknari eða annar löghæfur maður verði skipaður til meðferðar málsins, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála". Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 11. janúar 1989 var vararíkissaksóknari „skipaður til þess, sem sérstakur ríkissaksóknari, að fara með saksóknarvald" í ofangreindu máli „með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 74/1974". Ofangreint mál er til meðferðar í sakadómi Reykjavíkur og fer vararíkissaksóknari með saksókn í því samkvæmt skipunarbréfi þessu.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt þessu verið leystur undan saksóknarvaldi í ofangreindu máli. Samkvæmt málflutningi af hálfu ákæruvalds tengist það mál hæstaréttarmáli þessu á þann hátt að krafa, sem þar er gerð um, að bifreið ákærða verði gerð upptæk, byggist að hluta á ætluðum brotum hans, sem ákært hefur verið út af í máli þessu. Telja verður, að við þessar aðstæður geti ríkissaksóknari ekki lengur farið með mál þetta. Hæstaréttarmál þetta flytur vararíkissaksóknari í umboði ríkissaksóknara og ber samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 74/1974 að „hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara í störfum sínum". Af því leiðir, að vararíkissaksóknari er ekki bær að flytja mál þetta í umboði ríkissaksóknara.

II.

Með bréfi til Hæstaréttar 15. maí 1989 krafðist ákærði ómerkingar beggja héraðsdómanna í hæstaréttarmálunum nr. 14/1989 og 67/1989. Í áðurgreindri greinargerð sinni ítrekar ákærði þessa kröfu sína með þeim rökum, að í báðum málunum hafi hann verið sviptur rétti til að verja sig sjálfur. Þar sé um að ræða brot á 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974 svo og 6. gr. 3 c Evrópusamningsins frá 20. mars 1952, sem Ísland sé aðili að, sbr. auglýsingu nr. 11/1954.

Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 28. október 1988. Var ákæran í málinu þá birt honum. Jafnframt var fært til bókar:

„Ákæröi kveðst ætla að halda uppi vörnum í málinu. Málinu er frestað.“ Með bréfi 15. nóvember 1988 tilkynnti héraðsdómari ákærða, „að ástæða þykir til, að yður verði skipaður verjandi í ofangreindu máli, með vísan til 81. gr. laga um meðferð opinberra mála. Er yður veittur kostur á að benda á einhvern, sem rétt hefur að lögum til að taka að sér vörn í málinu“. Hinn 12. desember 1988 var ákærða svo skipaður verjandi og honum tilkynnt um það samdægurs. Ákærði mætti á dómþingi 29. desember 1988 og lýsti yfir, að hann vildi notfæra sér rétt sinn til að neita að tjá sig um sakarefnið. Í þinghaldi þessu var einnig mættur skipaður verjandi ákærða. Með bréfi til sakadóms, dagsettu næsta dag, kvartaði ákærði yfir því, að fyrir þinghaldið daginn áður hefði hann tilkynnt dómaranum, að hann myndi leggja fram gögn og óska eftir bókun, en dómari hins vegar neitað hvoru tveggja, þegar til þinghalds kom. Í bréfi þessu koma og fram andmæli ákærða gegn skipun verjanda. Héraðsdómari hefur mótmælt þessum fullyrðingum ákærða með bréfi sínu 20. janúar 1989 til ákærða.

Ákærði er hæstaréttarlögmaður. Héraðsdómari hefur án nægjanlegs rökstuðnings synjað ákærða að flytja fram vörn sína sjálfur. Nú verður ekki um það dæmt, hvort högum ákærða hafi verið svo komið, að rétt eða skylt hafi verið að skipa honum verjanda.

Mál þetta tengist hæstaréttarmáli nr. 14/1989 með þeim hætti, að þau ber, svo sem hér stendur á, að sameina til dóms í einu lagi.

Með hliðsjón af þessu og með vísan til dóms Hæstaréttar, sem kveðinn var upp fyrr í dag í málinu nr. 14/1989, og með hliðsjón af 3. mgr. 81. gr., sbr. 183. gr. laga nr. 74/1974, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm svo og málsmeðferð frá og með þeim degi er héraðsdómari skipaði ákærða verjanda, hinn 12. desember 1988, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

III.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af áfrýjun málsins á ríkissjóð svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði. Málskostnaðarkrafa ákærða er hins vegar ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Hinn reglulegi ríkissaksóknari fer ekki með mál þetta.

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi svo og meðferð málsins frá og með 12. desember 1988, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Benedikts Blöndals og Haralds Henryssonar.

Í dómi Hæstaréttar 3. febrúar 1989 í málinu nr. 17/1989 kemur fram, áð hinn 23. desember 1988 var að kröfu ríkissaksóknara lagt hald á bifreið ákærða. Þá framkvæmd kærði ákærði samdægurs til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem lögleysu. Ráðuneytið sendi ríkissaksóknara þetta erindi ákærða til athugunar og umsagnar 4. janúar 1989. Í svari sínu til ráðuneytisins 6. janúar 1989 skoraðist ríkissaksóknari undan frekari saksóknarastörfum í máli því, sem þar um ræðir, og beindi því til ráðuneytisins, að vararíkissaksóknari eða annar löghæfur maður yrði skipaður til meðferðar málsins, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Hinn 11. janúar 1989 var Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari síðan skipaður til þess, sem sérstakur ríkissaksóknari, að fara með saksóknarvald í því máli ákærða.

Það, að hinn reglulegi ríkissaksóknari skoraðist undan meðferð framangreinds máls á grundvelli „kæru" ákærða 23. desember 1988, veldur ekki sjálfkrafa vanhæfi hans í málum gegn ákærða, sem áður hafði verið ákært í. Ekkert er komið fram um vanhæfi hins reglulega ríkissaksóknara í máli því, sem hér er til meðferðar. Vararíkissaksóknari er því bær að flytja það í umboði hans.

Við þingfestingu máls þessa í héraði kvaðst ákærði ætla að halda uppi vörnum í málinu. Hann svaraði ekki bréfi dómarans, er honum var tilkynnt, að ástæða þætti til að skipa honum verjanda, og honum gerður kostur á að tilnefna verjanda. Eftir að verjandi hafði verið skipaður, kom ákærði fyrir dóm 29. desember 1988 og lýsti yfir, að hann vildi notfæra sér rétt sinn, og neitaði algerlega að

tjá sig um sakarefnið. Í bréfi til sakadóms Reykjavíkur daginn eftir kvaðst hann m.a. hafa viljað fá bókun um mótmæli sín gegn skipun verjandans. Um þetta segir í bréfi dómarans til ákærða 20. janúar 1989: „Það skal skýrt tekið fram, að þér mótmæltuð aldrei skipun verjanda yðar, ..., í réttinum og óskuðuð því síður eftir bókun um þetta atriði." Jafnframt benti dómari á, að ákærði hefði með nafnritun sinni í þingbók staðfest bókun um það, sem fram fór í þessu réttarhaldi.

Ákvörðun héraðsdómara um, að verjanda skuli skipa, sætir ekki kæru, sbr. 5. tölulið 170. gr. laga nr. 74/1974. Það veldur ekki ómerkingu hins áfrýjaða dóms, að dómari málsins í héraði rökstuddi ekki ákvörðun sína um skipun verjanda fyrir ákærða.

Samkvæmt þessu teljum við, að hafna eigi kröfu ákærða um, að vararíkissaksóknari fari ekki með þetta mál, og halda beri áfram munnlegum flutningi málsins, þar sem frá var horfið.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1989.

Ár 1989, mánudaginn 13. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 53/1989: Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni, sem tekið var til dóms hinn 3. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. október 1988, á hendur Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, Njálsgötu 87, Reykjavík, fæddum 12. september 1921 á Ísafirði, „fyrir að aka bifreiðum, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) Aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember 1987 bifreiðinni R 94 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við Eskihlíð 26.

2) Mánudaginn 30. nóvember 1987 bifreiðinni Ö 8410 úr Garðastræti í Reykjavík um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Njarðargötu.

3) Föstudaginn 18. desember 1987 bifreiðinni R 33252 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Barónsstíg.

4) Að kvöldi miðvikudagsins 30. desember 1987 sömu bifreið frá Laugarásvegi 53, Reykjavík, áleiðis heim til sín, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Barónsstíg við Laugaveg.

5) Að kvöldi föstudagsins 5. febrúar 1988 sömu bifreið frá heimili sínu niður á Tryggvagötu og fyrir að reyna að aka henni þaðan nokkru síðar, þá undir áhrifum áfengis, en áður en ákærða tókst að aka af stað, handtók lögreglan hann.

6) Aðfaranótt þriðjudagsins 8. mars 1988 undir áhrifum áfengis sömu bifreið frá heimili sínu út á Álftanes, en þar lauk akstri hans á Álftanesvegi við Selskarð, er bifreiðin varð bensínlaus.

7) Sunnudaginn 27. mars 1988 undir áhrifum áfengis sömu bifreið frá heimili sínu út á Seltjarnarnes og aftur að heimili sínu, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða strax að loknum akstri.

8) Sunnudaginn 10. júlí 1988 sömu bifreið frá heimili sínu áleiðis að Tjarnargötu, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Laugavegar og Snorrabrautar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., en liðir 5, 6 og 7 auk þess við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 40 1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, sæti fangelsi tvo mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja og frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., kr. 30.000,00.

Þriðjudaginn 30. maí 1989.

Nr. 9/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gunnari Gunnarssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Brenna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða 6. desember 1988. Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en refsing þyngd.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal vottorð Ingólfs S. Sveinssonar læknis um núverandi andlega hagi ákærða.

I.

Í málinu liggur fyrir álitsgerð tveggja sérfróðra manna, sem tilnefndir voru að ósk Rannsóknarlögreglu ríkisins 6. júní 1988 með vísan til 23. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál. Samkvæmt því, er segir í álitsgerðinni, eru þeir tilnefndir af brunamálastjóra, en ekki af stjórn Brunamálastofnunar ríkisins samkvæmt tillögu hans. Er þetta í andstöðu við greint lagaákvæði. Í málinu kemur ekki fram hvenær umræddir menn voru tilnefndir. Vettvangsathugun fór ekki fram fyrr en 23. júní 1988, en þá voru liðnir 18 dagar frá brunanum. Til þess að athugun sérfróðra manna við úrlausn brennumála komi að tilætluðum notum, þarf rannsókn á vettvangi að fara fram svo fljótt sem við verður komið og til muna fyrr en hér varð raunin. Ofangreindir gallar á rannsókn málsins eru aðfinnsluverðir.

II.

Með hliðsjón af 2. tl. a 242. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um frávísun ákæru samkvæmt 231. gr. sömu laga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu hans á broti ákærða til refsiákvæða svo og um refsiákvörðun og frádrátt á refsingunni vegna gæsluvarðhaldsvistar ákærða.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar. Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Gunnarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 22. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 614/1988: Ákæruvaldið gegn Gunnari Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 7. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 6. júlí sl., á hendur ákærða, „Gunnari Gunnarssyni, Skeiðarvogi 97, Reykjavík, fæddum þar í borg 18. nóvember 1956, fyrir húsbrot og brennu með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. júní 1988 brotist inn í stigagang sambýlishússins Torfufell 31 í Reykjavík með því að brjóta rúðu við útidyr á jarðhæð og að brjótast síðan inn í íbúð fyrrverandi eiginkonu sinnar, Guðrúnar Óskarsdóttur, á 4. hæð til hægri í húsinu, sem var mannlaus, og eftir stutta viðdvöl þar borið þar eld í innanstokksmuni og innréttingar í fjórum herbergjum, í leðursófa í stofu, í eldhúsi, í svefnherbergi og í barnaherbergi, svo að af hlaust eldsvoði og verulegt eignatjón á íbúðinni og öllu innbúi og hafði í för með sér hættu fyrir íbúana og á enn frekara eignatjóni á húseigninni, en stigahúsið var sameiginlegt fyrir 10 íbúðir og í þeim íbúðum var um nóttina 21 íbúi.

Telst brot ákærða varða við 231. gr. og 164. gr., til vara við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Kl. 5.30 aðfaranótt sunnudagsins 5. júní sl. var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um eld í íbúð að Torfufelli 31 hér í borg. Samkvæmt skýrslu Steins Ólasonar lögreglumanns fóru lögreglumenn þegar á vettvang. Skömmu síðar kom sjúkrabifreið og slökkvilið fljótlega þar á eftir. Þegar lögreglumennirnir komu á vettvang var mikill reykur upp af húsinu, og kom hann út um glugga á 4. hæð. Var glerið í glugganum sprungið og glerbrot að brotna úr rúðunni og falla til jarðar. Nokkrir íbúa í húsinu voru komnir út á bílastæði, en aðrir voru enn í íbúðum sínum. Voru íbúar í íbúð á 4. hæð fyrir miðju komnir út á svalir. Samkvæmt skýrslu þessari var mikill reykur í stigagangi hússins, „nánast eins og svartur veggur þegar dyrnar voru opnaðar á ganginum niðri". Fóru lögreglumennirnir strax í að halda fólki frá vettvangi, svo að það færi ekki inn í reykinn eða truflaði störf slökkviliðsins.

Á vettvangi gaf sig fram við lögregluna Birna Halldórsdóttir, íbúi í íbúð á 2. hæð hússins. Kvaðst hún hafa tilkynnt um eldinn og hefði sonur sinn, Geir Ómarsson Waage, gert sér viðvart. Hefði hann verið að horfa á myndband og farið úr stofunni og fram í eldhús. Þá hefði hann fundið brunalykt og litið út um glugga í eldhúsinu og þá séð reyk koma frá efstu hæðinni.

Fljótlega komu upp grunsemdir um að ákærði kynni að hafa verið þarna á ferð, þar sem lögreglan hafði þurft að hafa afskipti af honum um kl. 4.00 um nóttina í umræddri íbúð að Torfufelli 31, en þá hafði verið tilkynnt um rúðubrot í anddyri þar. Er lögreglumenn komu þá á vettvang og fóru upp á 4. hæð, tóku þeir eftir, að dyrakarmur á íbúðinni til hægri var brotinn, og var sjáanlegt, að hurðinni hafði verið sparkað upp. Gaf ákærði sig fram við lögregluna innan dyra. Kvaðst hann vera nýkominn heim og búa þarna. Viðurkenndi ákærði að hafa brotið rúðu í anddyri hússins, en kvað skemmdirnar á dyrakarminum vera gamlar. Yfirgaf lögreglan íbúðina við svo búið.

Auk þessara afskipta lögreglu af ákærða er þess að geta að Guðrún Óskarsdóttir, eigandi umræddrar íbúðar á 4. hæð til hægri og fyrrverandi eiginkona ákærða, kom til lögreglunnar kl. 23.15 kvöldið áður illa til reika, skólaus og án yfirhafnar. Kvað hún ákærða hafa slegið sig í andlitið fyrr um kvöldið og einnig hefði hann náð af sér skóm og tösku. Óskaði Guðrún aðstoðar lögreglu við að ná af ákærða veski, sem hefði verið í töskunni. Jafnframt kærði hún hann fyrir þjófnað. Fór lögreglan með Guðrúnu heim til hennar og þaðan að Skeiðarvogi 97, þar sem gerð var árangurslaus tilraun til að fá ákærða til að afhenda veskið. Eftir þetta fór Guðrún heim til móður sinnar.

Þar eð sést hafði til ferða ákærða í bifreiðinni R 59610 við Torfufell 31 skömmu áður en eldsins varð vart, var lýst eftir henni. Fannst hún

skömmu síðar við Suðurhóla 24. Þar kom til dyra móðir ákærða, Randý Arngrímsdóttir, og kvað hún ákærða hafa komið þangað um kl. 4.00. Var ákærði í íbúðinni og var hann handtekinn þar um kl. 6.10. Kannaðist ákærði ekkert við að hafa komið að Torfufelli fyrr um nóttina eða að hafa hitt Guðrúnu, fyrrverandi eiginkonu sína, kvöldið áður.

Vegna bruna þessa fór fram vettvangsrannsókn af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins og önnuðust hana rannsóknarlögreglumennirnir Björgvin Björgvinsson og Kristján Friðþjófsson. Í skýrslu þeirra um rannsókn þessa segir svo:

— — —

Ákærða voru tekin blóð- og þvagsýni til rannsóknar á innihaldi alkóhóls og lyfja kl. 7.35 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar blóðsýnis reyndist alkóhólmagn í því 2,05 ‰, og í þvagi mældist magn alkóhóls 2,92 ‰. Þá var í blóðinu vottur af díazepami og 140 ng/mg af nordíazepami, sem er umbrotsefni díazepams. Í þvaginu var hvorki amfetamín, kannabínóíðar, benzóýlekgónín eða kókaín né morfín í mælanlegu magni. Staðfestu niðurstöður lyfjarannsóknar að ákærði hefði neytt lítils magns díazepams skömmu áður en sýnin voru tekin, en ekki annarra fyrrgreindra vímugjafa.

Ákærði var yfirheyrður um sakarefnið eftir hádegi sama dag og neitaði hann þá sakargiftum harðlega.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna og endanlegum framburði ákærða.

Guðrún Óskarsdóttir, nú til heimilis að Engjaseli 86, Reykjavík, kveður ákærða hafa komið til sín um hádegisbil laugardaginn 4. júní sl. Var ákærði þá allsgáður og var hann að hjálpa móður sinni við flutning. Ákærði kom síðan aftur heim til vitnisins seinna um daginn og var þá einnig allt í lagi með hann. Bað vitnið hann um að aka sér á matsölustað, þar sem vitnið var ekki með neitt að borða heima hjá sér, og gerði hann það. Vitnið drakk rauðvín með matnum, en ákærði mjög lítið og borðaði ekkert. Eftir þetta óku þau áleiðis heim til vitnisins. Á leiðinni tók vitnið eftir því, að ákærði var í vondu skapi, og ákvað því að hleypa honum ekki inn til sín. Ákærði elti hins vegar vitnið að útidyrum, og sagði vitnið honum þá að það vildi ekki fá hann inn. Tók ákærði þá í vitnið og ýtti því að dyrunum og kom til stimpinga milli þeirra. Ákærði tók fast í annan handlegg vitnisins og um háls þess og skipaði því að opna. Streittist vitnið á móti og náði að rífa sig laust, en við það náði ákærði að slíta af því kventösku sem það var með í ól um öxlina. Hljóp vitnið á brott og missti af sér annan skóinn. Einnig sparkaði það af sér hinum skónum til að geta hlaupið hraðar. Hljóp ákærði á eftir vitninu og náði í það tvisvar, en vitnið

náði að rífa sig laust í bæði skiptin og að lokum fela sig. Ók ákærði þá á brott og leitaði vitnið þá til lögreglunnar. Ók lögreglan vitninu heim til þess, þar sem það skipti um föt og fór í skó. Er vitnið var þar, hringdi ákærði og ræddi vitnið við hann. Þaðan ók lögreglan vitninu í Skeiðarvog 97 í þeim tilgangi að fá ákærða til að afhenda vitninu greint veski, sem í voru 15.000 krónur og þrjár bankabækur. Náði vitnið þar tali af ákærða og sá að hann var orðinn verulega undir áhrifum einhverra vímugjafa. Er hann áttaði sig á, að vitnið var í fylgd lögreglu, varð hann alveg brjálaður, og sneri vitnið þá frá, gaf skýrslu hjá lögreglunni og fór heim til móður sinnar, þar sem það óttaðist hefndarráðstafanir ákærða.

Við meðferð málsins 7. þ.m. kvað vitnið að viðgerð hefði farið fram á íbúð þess og hún kostað um eina milljón króna sem Húsatryggingar Reykjavíkur hefðu greitt. Allt innbú hefði hins vegar verið ótryggt og væri það enn óbætt.

— — —

Svo sem fyrr greinir, neitaði ákærði í upphafi algerlega öllum sakargiftum. Síðla dags hinn 5. júní krafðist Rannsóknarlögregla ríkisins gæsluvarðhalds yfir ákærða. Í yfirheyrslu fyrir sakadómi í tilefni af þeirri kröfu skýrði ákærði svo frá að hann hefði verið á dansleik í veitingahúsinu Hollywood kvöldið áður og farið þaðan um kl. 2.00 um nóttina. Kvaðst ákærði hafa tekið leigubifreið að Torfufelli 31 í þeim tilgangi að heimsækja Guðrúnu, fyrrum eiginkonu sína. Kvaðst hann hafa komist inn í stigaganginn með því að brjóta rúðu og teygja sig í læsingu. Því næst hefði hann gengið upp á 4. hæð og sparkað upp hurðinni á íbúð Guðrúnar. Ákærði kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hve lengi hann hefði verið inni í íbúðinni, en þar hefði enginn verið fyrir.

Ákærði játaði að hafa borið eld að gluggatjöldum í stofu og rúmteppi í svefnherbergi, en ekki víðar í íbúðinni, „svo að hann áttaði sig á". Kvaðst ákærði hafa notað kveikjara til verksins, en neitaði að hafa hellt eldfimum efnum á eldinn. Ákærði kvaðst á hinn bóginn hafa reynt að kæfa eldinn með því að „dusta á hann", enda tilgangurinn ekki verið annar en valda lítils háttar skemmdum á eignum Guðrúnar. Ákærði kvaðst álíta, að hann hefði yfirgefið íbúðina fljótlega eftir að hann hafði kveikt í, en þá talið sig vera búinn að „slá á eldinn". Hefði hann þó hvorki notað vatn né önnur áhöld eða tæki til að ráða niðurlögum hans, heldur einungis hendur. Eftir að ákærði yfirgaf íbúðina, kvaðst hann hafa farið fótgangandi að Suðurhólum 24, þar sem hann hefði svo verið handtekinn í íbúð móður sinnar.

Ákærði kvaðst ekki geta útskýrt hvað sér gekk til með verknaðinum, en kvað undirrótina vera þá að hann ætti við geðræn vandamál að stríða.

Hefði hann verið 15 daga á geðdeild og aðra 10 á göngudeild í ágúst-september árið 1987. Þá kvað ákærði að saman við þetta fléttuðust fjárhagsleg áföll, sem hann hefði orðið fyrir.

Í beinu framhaldi af framburði ákærða var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til 6. júlí sl. Var hann allan þann tíma, samtals 32 daga, í varðhaldinu.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 13. júní sl. skýrði ákærði nánar frá málavöxtum, en áður hafði hann greint frá því að þau Guðrún, fyrrverandi eiginkona ákærða, hefðu farið saman á veitingastað umræddan dag. Ákærði kvað þau hafa komið að Torfufelli 31 milli kl. 21.00 og 22.00 að kvöldi 4. júní sl. Þar fyrir utan hefði verið kallað til Guðrúnar úr leigubifreið. Tveir menn hefðu verið í bifreiðinni, bifreiðarstjórinn og farþegi í framsæti. Hefði Guðrún fyrst gengið í áttina að leigubifreiðinni, en síðan að anddyrinu og ákærði fylgt henni eftir. Er hún hefði verið að opna, hefði hún virst skipta um skoðun og ekki viljað hleypa ákærða inn og ýtt honum frá sér. Þar næst hefði hún hlaupið út á planið og sparkað af sér skónum. Kvaðst ákærði halda að hann hefði haldið á töskunni fyrir Guðrúnu og taskan orðið eftir, er Guðrún hljóp frá. Ákærði kvaðst nú hafa ekið upp í Suðurhóla og skilað bifreiðinni, en farið þaðan niður í Skeiðarvog, þar sem faðir ákærða býr. Hefði hann tekið með sér dótið sem Guðrún hefði skilið eftir. Þar á meðal hefði verið rauðvínsflaska sem verið hefði í töskunni. Kvaðst ákærði hafa drukkið úr flöskunni. Ákærði mundi eftir að hafa talað við Guðrúnu í síma. Mundi hann ekki hvort hann hefði sjálfur hringt í hana, en taldi frekar að Guðrún hefði hringt í sig og verið að spyrja um töskuna. Hefði ákærði sagt henni að koma og sækja hana og hún komið og bankað. Ákærði hefði boðið henni inn, en það hefði hún ekki viljað. Kvaðst ákærði hafa tekið eftir að Guðrún var á bifreið sem merkt var litlu lögreglumerki, en þau ekki rætt það sérstaklega. Hún hefði staðið við mjög stutt og dót hennar orðið eftir hjá sér. Eftir að ákærði hafði drukkið rauðvínið, kvaðst hann hafa farið í Hollywood og dvalist þar fram eftir nóttu. Þar hefði hann drukkið töluvert og myndi hann óglöggt eftir því sem þar gerðist. Þaðan hefði hann farið í leigubifreið upp í Torfufell. Þar hefði hann hringt dyrabjöllunni hjá Guðrúnu, en enginn svarað. Þá hefði hann farið að bakdyrunum, en ekki komist þar inn. Hefði hann þá farið aftur að aðalinngangi og hringt aftur dyrabjöllunni, og gæti verið, að hann hefði hringt fleiri bjöllum. Hefði hann ekkert svar fengið og þá tekið stein og brotið rúðu við dyrnar og teygt sig þar inn og opnað læsinguna að innanverðu. Síðan kvaðst ákærði hafa farið upp stigaganginn að íbúð Guðrúnar og hringt þar bjöllu, en ekkert svar fengið. Þá hefði hann sparkað hurðinni upp og farið inn í íbúðina.

Ákærði kvaðst muna, að lögreglan hefði komið þarna og spurt, hvort

eitthvað væri að, og ákærði þá svarað, að allt væri í lagi. Ákærði kvaðst ekki muna, að hann hefði sagt, að hann væri húsráðandi þarna. Eftir að lögreglan var farin, kvaðst ákærði hafa sest niður og farið að hugsa um það, sem gerst hafði í samskiptum hans og Guðrúnar á liðnum árum. Hefði komið upp í hugann, að eitt sinn, er ákærði hefði komið af sjónum eftir nokkurra daga fjarveru, hefði komið í ljós, að brunagat hefði verið komið á „pullu" í leðursófanum. Hefði ákærði þá farið að hugleiða að svíða „pulluna" meira og kveikt á kveikjara og haldið honum að „pullunni". Eftir það kvaðst ákærði hafa farið í svefnherbergið og gert eitthvað slíkt við rúmföt þar. Ákærði mundi ekki eftir að hafa kveikt í inni í barnaherbergi og ekki heldur í bréfadóti í eldhúsi.

Ákærði kvað erfitt að lýsa því hvað vakað hefði fyrir sér með verknaðinum. Kvaðst ákærði hafa viljað eyða því sem á undan var gengið milli sín og Guðrúnar, en taldi sig ekki hafa verið sérstaklega að hefna sín með þessu á henni. Kvað ákærði það ekki hafa komið upp í huga sér að hann kynni að valda hættu fyrir annað fólk í húsinu og það alls ekki verið tilgangurinn með verknaðinum.

Við meðferð málsins játaði ákærði skýlaust að hafa brotist inn í framangreint hús umrætt sinn, svo sem í ákæru greinir, og að hafa í framhaldi af því brotist inn í íbúð fyrrverandi eiginkonu sinnar og eftir stutta viðdvöl borið þar eld í innanstokksmuni á þeim 4 stöðum, sem upp eru taldir í ákæru.

Ákærði kvaðst ekkert hafa hugsað út í hvaða afleiðingar þetta gæti haft í för með sér. Þá kvaðst hann ekki heldur gera sér grein fyrir, hvað kom sér til að gera þetta, en kvað verknaðinn þó hafa tengst samskiptum þeirra Guðrúnar. Ákærði kvaðst þó aldrei hafa borið neinn hefndarhug til hennar.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, voru Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur og Guðmundur Haraldsson, deildarstjóri í Brunamálastofnun ríkisins, tilnefndir af Brunamálastofnun ríkisins til að láta uppi álit um það hvort umrædd íkveikja hefði haft í för með sér almannahættu.

Í skýrslu þeirra, dagsettri 1. júlí sl., segir m.a. um athugun á dyrunum að íbúðinni á 4. hæð Torfufells 31, að þær hefðu haldið eldi í mesta lagi 20 mínútur til viðbótar, en karmfrágangurinn að hámarki um 15 mínútur. Hefðu dyrnar á þessum tíma hleypt verulegu magni reykjar í gegnum sig. Þá verði að ætla, þar sem dyrunum hefði ekki verið fulllokað, hefði reykheldni þeirra verið mun minni en að framan greinir.

Um hugsanlega þróun brunans segir í skýrslunni, að gera verði skil milli óhefts bruna annars vegar og bruna með tilliti til afskipta slökkviliðs hins vegar. Segir síðan, að óheftur hefði eldurinn breiðst út um íbúðina svo að

hún hefði orðið alelda á nokkrum mínútum, með mestu afli í stofu og svefnherbergjum. Hefði forstofuhurðin brunnið í gegn á um 20 mínútum (miðað við lokaðar dyr) og eldur og reykur borist fram á stigaganginn. Þak hússins hefði byrjað að brenna á nokkrum mínútum og gluggi á stigahúsinu brotnað og þá hefði megnið af hitanum og reyknum borist þá leiðina út. Telja megi fullvíst að hurðirnar inn í íbúðirnar á 4. hæð hefðu haldið eldinum úti, enda þótt reykur hefði borist inn í þær og valdið skemmdum. Sé hins vegar tekið tillit til slökkviaðgerða, þá sé húsið á svæði Slökkviliðs Reykjavíkur, og megi ætla meðalbiðtíma eftir því innan við 10 mínútur, og miðað við tækjabúnað og þjálfun slökkviliðsins eigi það að ráða niðurlögum elda á borð við þann, sem var að magnast í íbúðinni, á fáeinum mínútum.

Samkvæmt skýrslu þessari og öðrum gögnum málsins var alls 21 íbúi í 10 íbúðum hússins, er bruninn varð. Voru 17 íbúanna sofandi og þar af fjórir á 4. hæð. Er slökkvilið kom á vettvang, höfðu ellefu komist út um stigagang, níu biðu á svölum, og einn íbúi á 1. hæð hússins svaf.

Í niðurstöðu álitsgerðarinnar segir svo:

„Eins og fram kemur hér að ofan, teljum við, að enginn íbúi hússins hafi verið í yfirvofandi lífshættu í brunanum. Slökkviliðsmenn í hraðakstri að brennandi húsi, þar sem fólk er inni, eru ætíð í nokkurri lífshættu. Hefði eldurinn náð að brenna lengur en raun varð á, var skammt að bíða þess að hann næði inn á þak hússins, sem þá hefði skemmst verulega ásamt sameiginlegu stigahúsi. Reykskemmdir í íbúðum á fjórðu hæð hefðu orðið verulegar."

Matsmennirnir komu báðir fyrir dóm og staðfestu þessa álitsgerð sína og gáfu skýrslu.

Vitnið Guðmundur Gunnarsson kvað að miðað við óhefta þróun eldsins hefðu verið líkur á að fólk á 4. hæð hefði orðið fyrir reykeitrun, en erfitt væri að segja til um, í hve mikilli lífshættu það hefði getað verið, hefði það ekki vaknað fljótlega, og færi það eftir því í hvaða ástandi fólkið hefði verið. Ef fólkið hefði t.d. verið ölvað, hefðu verið meiri líkur á, að það hefði verið í lífshættu. Kvað vitnið niðurstöðu álitsgerðarinnar grundvallaða á því hvernig aðstæður séu almennt hér í Reykjavík við aðgerðir slökkviliðs og getu.

Miðað við óhefta þróun eldsins, kvað vitnið, að allar innréttingar og innbú í íbúðum á 4. hæð hefðu eyðilagst. Þá hefðu verulegar líkur verið til þess að þakið hefði stórskemmst.

Vitnið Guðmundur Haraldsson kvað niðurstöður álitsgerðarinnar miðaðar við raunverulegar aðstæður á brunastað, eins og atvik urðu. Kvað vitnið, að ef eldur hefði náð að breiðast óheftur út og fólk verið sofandi í íbúðinni á 4. hæð og án þess að verða vart við eldinn svo fljótt sem raun varð á,

hefði það getað verið í lífshættu og þeim mun meiri sem lengri tími hefði liðið frá eldsupptökum. Þá kvað vitnið, að miðað við óhefta þróun eldsins hefðu íbúðir á 4. hæð stórskemmst og þakið eyðilagst.

Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar, dagsettu 5. júní sl., voru austsuðaustan 4 vindstig klukkan 3.00 umrædda nótt. Klukkan 6.00 um morguninn var sami vindstyrkur. Mest veðurhæð milli athugana var 5 vindstig. Þá var úrkoma í grennd og hiti á bilinu frá 8,5 stigum á C° klukkan 3.00 um nóttina niður í 7,6 stig á C° klukkan 6.00 um morguninn.

Ákærði var látinn gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni í þágu rannsóknar málsins og annaðist hana Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans. Í niðurstöðu skýrslu geðlæknisins, sem dagsett er 27. sl., segir svo:

„Ályktun:

Að mínu áliti er Gunnar Gunnarsson ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) á þessari stundu né greindarskorti. Ekki er heldur sennilegt að um formlegan geðsjúkdóm hafi verið að ræða á þeirri stundu er framangreindur verknaður átti sér stað, þó að líklegt megi teljast, að geðslag Gunnars hafi þá og undanfarna mánuði einkennst meira af þunglyndi og kvíða en hann hefur átt vanda til áður fyrr. Hins vegar greinast merki um persónuleikatruflanir, skapgerðarbresti og einnig vísbendingar um hugsanlega misnotkun áfengis og neyslu ólöglegra fíkniefna, þó að ekki sé ljóst, í hvaða mæli neysla hefur verið á síðast töldu efnunum.

Á sl. ári, nánar til tekið 29.8.-14.9. og 25.9.-5.10 1987, vistaðist Gunnar á geðdeildum vegna formlegs geðsjúkdóms (manio-depressive psychosis). Svo virðist sem sjúkdómurinn hafi haft nokkuð langan aðdraganda og í fyrri sjúkrahússlegunni varð ljóst að Gunnar var haldinn manísku ástandi. Einkennandi fyrir þann sjúkdóm er ofvirkni, sjúklingurinn er oft hátt uppi, mjög ör, talar stanslaust, stundum skortur á sjúkdómsinnsæi og dómgreindarleysi. Enn fremur er einkennandi fyrir manio-depressive psychosis sjúkdómsferill þar sem skiptast á maníur og þunglyndi, gjarnan hvort á fætur öðru. Í seinni sjúkrahússlegunni bar meira á þunglyndiseinkennum, þó ekki svo áberandi, að ástæða væri talin til sérstakrar meðferðar. Vanlíðan sú, er Gunnar lýsir undanfarna mánuði, þ.e. áhyggjur, þunglyndi og kvíði, getur verið í samræmi við framangreindan sjúkdómsferil.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Gunnar er nú grunaður um, þá vega sennilega þyngst framangreindir skapgerðargallar samfara áfengisáhrifum, en auk þess beiskja í garð fyrrum eiginkonu og andleg vanlíðan undanfarna mánuði. Þrátt fyrir þetta verður þó að telja að raunveruleikamat og dómgreind Gunnars Gunnarssonar á þeirri stundu, er framangreindur atburður varð, hafi verið með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

Þá lagði Heiðdís Sigurðardóttir sálfræðingur nokkur sálfræðipróf fyrir ákærða.

Samkvæmt greindarprófi Wechslers mældist greindarvísitala ákærða 102 stig og telst ákærði samkvæmt því í meðallagi greindur. Niðurstaða „standard"-útgáfu Raven-prófsins samsvaraði vel niðurstöðum greindarprófs Wechslers.

Útkoma úr EPQ-persónuleikaprófinu gaf allsterka vísbendingu um taugaveiklun og benti til tilfinningalegs óstöðugleika, skapgerðarbresta og tilhneigingar til kvíða og/eða þunglyndis. Segir í skýrslu sálfræðingsins að slíkir einstaklingar geti oft verið órólegir, auðæstir og jafnvel árásargjarnir. Bregðist þeir oft harkalega við hvers kyns áreiti og einnig eigi þeir erfitt með að ná sér aftur eftir tilfinningalega áreynslu. Geti hin sterku viðbrögð oft truflað eðlilega aðlögun og leitt til óskynsamlegra viðbragða og stífni.

Samkvæmt niðurstöðum MMPI-persónuleikaprófsins er algengt að einstaklingar samkvæmt persónuleikagreiningu ákærða séu tortryggnir, sjái umheiminn sem andsnúinn sér og refsandi. Oft sé um „tilvísunarhugmyndir" að ræða, tilfinningalegan óstöðugleika, öryggisleysi, spennu og kvíða. Slæm aðlögun í hjónabandi sé algeng. Lendi viðkomandi oft í andstöðu við yfirboðara sína og upp á kant við þjóðfélagið.

Niðurstöður.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur málgögn, að hann hafi greinda nótt brotist inn í stigagang sambýlishússins að Torfufelli 31 hér í borg með því að brjóta rúðu við útidyr á jarðhæð og í framhaldi af því brotist þar inn í mannlausa íbúð fyrrverandi eiginkonu sinnar, Guðrúnar Óskarsdóttur, á 4. hæð til hægri í húsinu.

Samkvæmt gögnum málsins hefur þess eigi verið krafist af neinum þeim, sem misgert var við með framangreindu atferli, að ákærði sætti opinberri ákæru vegna þess. Var því eigi grundvöllur útgáfu ákæru á hendur ákærða vegna ofangreindrar háttsemi, sbr. 2. tl. a 2. mgr. 242. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ber því að vísa þessum þætti ákærunnar frá dómi ex officio.

Á hinn bóginn er sannað með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það sem fram er komið í málinu, að hann hafi í framhaldi af innbrotinu í íbúðina, eftir stutta viðdvöl þar, borið eld í innanstokksmuni í fjórum herbergjum hennar, í leðursófa í stofu, í eldhúsi, í svefnherbergi og í barnaherbergi, svo að af hlaust eldsvoði og verulegt eignatjón varð á íbúðinni og innbúi öllu.

Eigi er fyllilega ljóst hvað ákærða gekk til með innbrotinu í íbúðina. Er þangað var komið kveðst ákærði hafa farið að hugsa um samband þeirra Guðrúnar og viljað eyða því sem á undan var gengið milli þeirra. Verður að miða við það að ásetningur ákærða um að kveikja eld í íbúðinni hafi

eigi myndast fyrr en á þeirri stundu. Ákærði kveikti síðan í á fjórum stöðum með þeim afleiðingum að eldur læstist í íbúðina. Var brot ákærða fullframið er eldurinn hafði náð að festast í viðum hennar svo að slökkviaðgerða var þörf.

Ákærði kveikti í íbúð í fjölbýlishúsi að næturlagi þegar búast má við að fólk sé sofandi. Að mati dómsins gat ákærða eigi dulist að með háttsemi sinni stofnaði hann bæði lífi fólks í húsinu í bersýnilegan lífsháska og að hætta var á yfirgripsmikilli eyðingu eigna annarra manna. Svo heppilega vildi hins vegar til að íbúi í húsinu, sem var vakandi, varð var við eldinn og gerði viðvart um hann svo tímanlega að fólk gat forðað sér út úr húsinu um stigagang eða farið út á svalir og slökkvilið kom á vettvang svo fljótt sem raun varð á og kom í veg fyrir frekara eignatjón en þegar var orðið.

Þykir framangreint atferli ákærða varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 164. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er sakhæfur að mati dómsins. Samkvæmt sakavottorði sínu hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[Fjórir refsidómar og þrjár sektir samkvæmt dómsátt, allt vegna brota gegn umferðarlögum.]

— — —

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr., 164. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár og sex mánuði. Refsilækkunarástæður 74. og 75. gr. hinna almennu hegningarlaga þykja hér eigi koma til greina. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 5. júní til 6. júlí sl., samtals 32 dagar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa hefur verið höfð uppi í máli þessu.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000,00 krónur, og saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og þykja einnig hæfileg 60.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Gunnarsson, sæti fangelsi tvö ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu 32 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur, og saksóknarlaun, 60.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð.

Þriðjudaginn 30. maí 1989.

Nr. 150/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni
Ragnari Kjartanssyni
Páli Braga Kristjónssyni
Árna Árnasyni
Sigurþóri Charles Guðmundssyni
Þórði Hafsteini Hilmarssyni
Helga Magnússyni
Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni
Lárusi Jónssyni
Ólafi Helgasyni
Axel Kristjánssyni
Inga Randveri Jóhannssyni
Valdimar Indriðasyni
Arnbirni Kristinssyni
Garðari Sigurðssyni
Kristmanni Karlssyni og
Jóhanni Sigurði Einvarðssyni.

Kærumál. Opinbert mál. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Kærður er úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. apríl sl. þar sem hafnað er frávísunarkröfum í máli þessu. Höfðu 11 af þeim 17 mönnum, sem ákærðir eru í málinu, krafist frávísunar. Með heimild í 124. gr., 3. mgr., laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, og að fengnu leyfi saksóknara kærðu þeir úrskurðinn sama dag og hann var kveðinn upp. Skipaðir verjendur þeirra hafa sent Hæstarétti athugasemdir, sbr. 174. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974. Sérstakur ríkissaksóknari, sem fer með málið, hefur gert hið sama.

Af hálfu kærendanna Helga Magnússonar, Halldórs Á. Guðbjarnasonar, Lárusar Jónssonar, Ólafs Helgasonar, Axels Kristjánssonar og Inga R. Jóhannssonar er þess krafist aðallega að máli

þessu í heild verði vísað frá sakadómi, en til vara að því er varðar þessa kærendur.

Af hálfu kærendanna Valdimars Indriðasonar, Arnbjörns Kristinssonar, Garðars Sigurðssonar og Kristmanns Karlssonar er þess krafist, að málinu verði vísað frá sakadómi að því er þá varðar.

Af hálfu kærandans Jóhanns S. Einvarðssonar er þess krafist aðallega, að málinu gegn sér verði vísað frá sakadómi, en til vara, að hrundið verði ákvörðun sakadóms Reykjavíkur um sameiningu máls gegn sér og málsins gegn öðrum ákærðu.

Kærendur krefjast þess, að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Þeir Björgólfur Guðmundsson, Ragnar Kjartansson, Páll Bragi Kristjónsson, Árni Árnason, Sigurþór C. Guðmundsson og Þórður H. Hilmarsson gerðu eigi frávísunarkröfur í sakadómi og hafa ekki kært úrskurðinn frá 24. apríl, sem hér er um fjallað. Ber eigi að síður að telja þá varnaraðila hér fyrir dómi. Þeir hafa ekki sent athugasemdir vegna kærumálsins.

Sérstakur ríkissaksóknari hefur krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar að niðurstöðu til.

Ákærur í máli þessu uppfylla skilyrði þau, sem sett eru í 115. gr., 2. mgr. 3. tl., laga nr. 74/1974.

Heimilt var eftir 28. gr. laga nr. 74/1974 að sækja í einu lagi sök gegn þeim 16 mönnum, þ.e. öllum ákærðu að Jóhanni S. Einvarðssyni undanskildum, sem ákærðir voru 11. nóvember 1988. Samkvæmt sama lagaákvæði mátti sameina mál gegn Jóhanni S. Einvarðssyni, sem höfðað var 23. nóvember 1988, málinu gegn öðrum ákærðu.

Gætt hefur verið ákvæðis 21. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974.

Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Kröfur um sakarkostnað úr ríkissjóði í þessum þætti málsins verða ekki teknar til greina, en ákvörðun um málsvarnarlaun bíður væntanlegs héraðsdóms.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. apríl 1989.

Ár 1989, mánudaginn 24. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Sverri Einarssyni sem dóms-

formanni og Arngrími Ísberg og Ingibjörgu Benediktsdóttur sem meðdómendum, kveðinn upp úrskurður um frávísunarkröfur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni, Árna Árnasyni, Sigþóri Charles Guðmundssyni, Þórði Hafsteini Hilmarssyni, Helga Magnússyni, Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni, Axel Kristjánssyni, Inga Randveri Jóhannssyni, Valdimar Indriðasyni, Arnbirni Kristinssyni, Garðari Sigurðssyni, Kristmanni Karlssyni og Jóhanni Sigurði Einvarðssyni, en kröfurnar voru teknar til úrlausnar 19. þ.m.

Með ákæru sérstaks ríkissaksóknara, dagsettri 11. nóvember sl., er höfðað opinbert mál fyrir dóminum á hendur sjö fyrrverandi starfsmönnum og löggiltum endurskoðanda Hafskipa hf. vegna starfa þeirra hjá fyrirtækinu, sem lýst var gjaldþrota 6. desember 1985, þeim Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni, Árna Árnasyni, Sigurþóri Charles Guðmundssyni, Þórði Hafsteini Hilmarssyni og Helga Magnússyni, þrem fyrrverandi bankastjórum, aðstoðarbankastjóra og endurskoðanda Útvegsbanka Íslands, þeim Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni, Axel Kristjánssyni og Inga Randveri Jóhannssyni, og fjórum fyrrverandi bankaráðsmönnum í Útvegsbanka Íslands, þeim Valdimar Indriðasyni, Arnbirni Kristinssyni, Garðari Sigurðssyni og Kristmanni Karlssyni.

Þá höfðar sérstakur ríkissaksóknari einnig mál fyrir dóminum með ákæru, dagsettri 23. nóvember sl., á hendur Jóhanni Sigurði Einvarðssyni, fyrrverandi bankaráðsmanni í Útvegsbankanum, en vegna setu hans á Alþingi og þar sem leyfi þingdeildar hans fyrir málshöfðun á hendur honum lá ekki fyrir, þegar fyrri ákæran var gefin út, var hann ákærður síðar, þegar fyrir lá samþykki efri deildar Alþingis fyrir málshöfðun á hendur honum, en honum er gefið hið sama að sök og öðrum fyrrverandi bankaráðsmönnum.

Dómurinn hefur að kröfu sækjanda málsins sameinað báðar ákærurnar í því skyni að dæma þær sem eitt mál.

— — —

Málið var þingfest sl. mánudag, 17. apríl, en með bréfum dómsins, dagsettum 20. mars sl., voru ákærðu skipaðir verjendur í málinu. Jafnframt var þess óskað af hálfu dómsins, að borin yrðu undir dóminn þegar við þingfestingu málsins í formi rökstuddrar skriflegrar kröfugerðar þau réttarfarsatriði, sem verjendur teldu geta varnað því, að dómur yrði réttilega lagður á málið að efni til.

Í þinghaldinu voru lagðar fram sex kröfugerðir af hálfu verjenda fyrir ellefu af ákærðu um frávísun málsins o.fl. Verður nú gerð grein fyrir þessum kröfum.

Verjandi ákærða Helga, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., gerir þá kröfu, að málinu verði vísað frá dóminum, aðallega í heild, en til vara, að því er varðar ákæru á hendur ákærða Helga. Þá krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna í þessum þætti málsins.

— — —

Verjendur ákærða Halldórs Ágústs, Helgi V. Jónsson hrl., ákærða Lárusar, Andri Árnason hdl., ákærða Ólafs, Hákon Árnason hrl., og ákærða Axels, Þorsteinn Júlíusson hrl., hafa sett fram sameiginlega kröfugerð.

Verjendur telja, að dómur verði ekki efnislega rétt lagður á málið, og gera þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi í heild eða að því er varðar skjólstæðinga sína. Þá gera verjendur kröfu um málsvarnarlaun sér til handa úr ríkissjóði, að því er varði þennan þátt málsins.

— — —

Verjandi ákærða Arnbjörns, Örn Höskuldsson hrl., gerir þá dómkröfu, að málinu verði vísað frá dómi, og krefst verjandinn málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

— — —

Verjandi ákærðu Valdimars, Garðars og Kristmanns, Sveinn Snorrason hrl., gerir kröfu til þess að þætti skjólstæðinga sinna í málinu verði vísað frá dómi og kostnaður vegna þessa þáttar málsins verði greiddur af almannafé.

— — —

Verjandi ákærða Jóhanns Sigurðar, Hjörtur Torfason hrl., gerir kröfu til þess, að hafnað verði kröfu ákæruvaldsins um sameiningu máls ákærða við mál annarra ákærðu, að máli ákæruvaldsins gegn skjólstæðingi sínum verði vísað frá sakadómi og að kostnaður af meðferð þessara krafna og málsins að öðru leyti verði greiddur úr ríkissjóði.

— — —

Verjandi ákærða Inga Randvers, Brynjólfur Kjartansson hrl., krefst þess, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður úr ríkissjóði að mati dómsins.

— — —

Þegar kröfur verjenda lágu fyrir við þingfestingu málsins, mótmælti sækjandi þeim öllum þegar.

— — —

Af hálfu verjenda kom ósk um það að fá tækifæri til að flytja málið vegna frávísunarkrafnanna. Var það gert í þinghaldi 19. þ.m. og flutti þá fulltrúi sérstaks ríkissaksóknara málið af hálfu ákæruvaldsins.

Niðurstöður.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að kröfur allra verjendanna lúta aðallega að tveim forsendum fyrir kröfum um frávísun málsins. Hin fyrri er sú, að skilyrði skorti samkvæmt 28. gr. laga nr. 74/1974 til þess að ákæra í sömu ákæru fyrrverandi starfsmenn Hafskipa hf. annars vegar og hins vegar fyrrverandi bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, bankaráðsmenn og endurskoðanda Útvegsbankans, svo og sameiningu ákærnanna í eitt mál. Síðari ástæðan er sú, að verknaðarlýsing í ákæruskjali vegna bankamannanna, ákærða Helga og endurskoðanda bankans fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem um ákærur gildi samkvæmt 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, þar sem sakargiftum sé ekki nógu glögglega lýst.

Auk framangreindra forsendna er af hálfu ákærðu Helga, Halldórs Ágústs, Lárusar, Ólafs og Axels að því vikið, að sök sé fyrnd, að því er þá varði. Þá telur verjandi ákærða Helga ákæruna ekki hafa verið undirbúna á þann hátt, sem segir í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974.

Loks var gerð varakrafa af hálfu verjenda ákærðu Halldórs Ágústs, Lárusar, Ólafs og Axels, að til kvaddir yrðu í dóminum sérfróðir menn um bankamál og reikningsskil, ef ekki yrði fallist á aðrar kröfur þeirra, eða að fengnir yrðu sérstakir kunnáttumenn til að gefa álit á þeim atriðum, sem ástæða þætti til að skýra nánar. Frá þessari kröfu var fallið við flutning málsins.

Ákærurnar tvær, sem dómurinn hefur sameinað, fjalla báðar um háttsemi, sem sprottin er af starfsemi Hafskipa hf., og þá einnig m.a. vegna viðskipta fyrirtækisins við Útvegsbanka Íslands, en fyrirtækið var einn allra mesti viðskiptaaðili bankans, og hefði starfsemi Hafskipa vart gengið, ef ekki hefði komið til sú fyrirgreiðsla, sem bankinn veitti fyrirtækinu.

Enda þótt mikill hluti ákærunnar frá 11. nóvember sé eingöngu vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi fyrrverandi starfsmanna Hafskipa hf. og endurskoðanda þess og tengist á engan hátt fyrrverandi bankastjórum, aðstoðarbankastjóra, bankaráðsmönnum og endurskoðanda Útvegsbankans, verður ekki fram hjá því litið, að háttsemi sú, sem „Hafskipsmönnum" er gefin að sök í I.-III. kafla ákærunnar, er m.a. vegna viðskipta Hafskipa hf. við bankann, en um þau viðskipti fjalla einnig VIII.-X. kafli ákærunnar, sem fjalla um ætlaða refsiverða háttsemi áðurgreindra starfsmanna Útvegsbankans og endurskoðanda bankans vegna þeirra viðskipta.

Það er mat dómsins að framangreind viðskiptatengsl nægi til þess, að heimilt hafi verið að höfða í einu lagi mál á hendur öllum ákærðu í sömu ákæru og einnig til þess að sameina ákæruna frá 23. nóvember ákærunni frá

11. nóvember í því skyni að dæma þær báðar sem eitt mál, enda þótt ætluð brot ákærðu séu ekki hin sömu, þar sem allir ákærðu úr hópi bankamannanna hafa á einhvern hátt verið eða eiga að hafa verið við þessi viðskipti riðnir, þótt hver með sínum hætti sé. Einnig er til þess að líta, að ákæruatriði I.-III. kafla ákæru dags. 11. nóvember annars vegar og VIII.-X. kafla sömu ákæru og ákæru dags. 23. sama mánaðar hins vegar eru að nokkru leyti reist á meðferð sömu skjala, sem byggt er á í ákæru, að útbúin hafi verið af fyrrum starfsmönnum Hafskipa hf., en notuð af framangreindum bankamönnum. Þykja þessi tengsl vera á þann veg að fullnægt sé skilyrðum í upphafi áðurgreindrar 28. gr. að fleiri en einn séu á refsiverðan hátt „riðnir við brot, eitt eða fleiri", og þurfi brotalýsing ekki að vera hin sama, svo að þessu skilyrði sé fullnægt. Er því hafnað kröfum verjenda ákærðu um að vísa málinu frá dóminum, þar sem skort hafi heimild til málasamsteypu, svo sem gert hefur verið.

Að því er tekur til þess að ákærurnar uppfylli ekki skilyrði 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, er það mat dómsins, að sakargiftirnar mættu vera gleggri, sérstaklega í VIII.-X. kafla ákærunnar frá 11. nóvember og ákærunni frá 23. nóvember, en samt séu þær nægilega glöggar til þess að verjendur eigi að geta komið að vörnum vegna þeirra og efnisdóm megi á þær leggja. Þykja því eigi efni standa til þess að vísa ákærunum frá, þar sem áðurgreind skilyrði skorti. Er því hafnað kröfum um frávísun af framangreindri ástæðu.

Að mati dómsins er fyrning sakar ekki frávísunarástæða og því hafnað kröfum um frávísun vegna fyrningar, en um slíkt verður fjallað við efnismeðferð málsins.

Verjandi ákærða Helga telur að vísa eigi ákærunni frá eða þætti skjólstæðings síns, þar sem eigi hafi verið gætt vegna ákærða Helga ákvæðis 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974 í sambandi við umsögn fjármálaráðuneytisins fyrir málshöfðun, en ráðuneytið hafi hvorki gert tillögu um málshöfðun né látið í té rökstudda umsögn. Fallast má á það með verjanda ákærða að umsögn ráðuneytisins hefði mátt vera á annan og fullkomnari veg, en hennar var þó leitað og hún fengin, þótt deila megi um hvort hún uppfylli skilyrði lagagreinarinnar. Það er þó mat dómsins að með því að leitað var umsagnar ráðuneytisins og hún látin í té fyrir málshöfðun, sé fullnægt skilyrði áðurgreinds lagaákvæðis. Er því hafnað kröfu verjanda um frávísun af þessari ástæðu.

Þar sem dómurinn hafnar fram komnum kröfum og gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri málsins, verður ekki dæmdur málskostnaður í þessum þætti þess.

Úrskurðarorð:

Kröfum um, að máli þessu verði vísað frá dóminum, er synjað.

Ekki verður dæmt um málskostnað í þessum þætti málsins.

Miðvikudaginn 31. maí 1989.

Nr. 198/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Bjartmari Hrafni Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. maí 1989, sem barst Hæstarétti 30. maí. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili er grunaður um að hafa valdið eldsvoða í fiskvinnsluhúsi og kaffiskúr á Stöðvarfirði að morgni 28. maí 1989. Hann hefur neitað sakargiftum, en ekki getað gert grein fyrir ferðum sínum í nokkrar klukkustundir áður en eldsins varð vart, en hann tilkynnti sjálfur um brunann áður en aðrir urðu hans varir. Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar með vísan til 67. gr., 1. mgr. 1. tl., laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Suður-Múlasýslu 20. maí 1989.

Ár 1989, mánudaginn 20. maí, er á dómþingi sakadóms Suður-Múlasýslu, sem haldið er í dómsal embættisins að Strandgötu 52, Eskifirði, af Sigurði Eiríkssyni sýslumanni við neðanskráða votta, kveðinn upp úrskurður í tilefni af rannsókn á bruna í fyrirtækinu Færabaki, Stöðvarfirði, sem tilkynntur var til lögreglu að morgni sunnudags 28. maí 1989 kl. 8.50.

Málsatvik.

Á ofangreindum tíma var lögreglu á Fáskrúðsfirði tilkynnt að eldur væri laus í fyrirtækinu Færabaki á Stöðvarfirði. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang til að rannsaka málið. Í tengslum við rannsókn málsins féll grunur á kærða, Bjartmar Sigurðsson, kennitala 260947-7969, til heimilis að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, og var hann vistaður í fangageymslu lögreglunnar á Eskifirði sama dag kl. 15.25.

— — —

Niðurstaða.

Með vísan til ofanritaðs er ljóst, að mikið misræmi er í framburði kærða og þess vitnaframburðar, sem hér að framan er rakinn. Enginn varð var við eldinn í kaffistofunni, en kærði segir að eld og reyk hafi lagt frá henni, en við athugun hefur komið í ljós að svo var ekki. Kærði hringdi í Ingimar kl. 7.00 um morguninn, þó nokkuð löngu áður en nokkur eldur kom upp. Kærði hefur fyrir dómi borið fyrir sig minnisleysi um tímabilið frá kl. 4.20 og fram til 7.00 eða 8.00 um morguninn. Dómari fór á vettvang í gærkvöldi og kannaði aðstæður. Í þeirri athugun kom fram að heimili kærða er örstutt frá brunastað. Frá brunastað er einnig örstutt í nærliggjandi íbúðarhús og olíugeymar eru þarna stutt frá. Þá gerði dómari athugun á því, að eldar hafa komið alloft upp á tiltölulega litlu svæði nærri heimili kærða á undanförnum 3 - 4 árum. Í öllum þessum tilvikum hefur kærði tilkynnt um bruna, verið fyrstur á vettvang og í flestum tilvikum er kærði ölvaður við þessar aðstæður. Þessi mál hafa sætt rannsókn og verður þeirra rannsóknargagna aflað inn í þetta mál.

Að öllu ofanrituðu athuguðu og virtu þykir nauðsyn til bera að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, en telja verður hættu á að kærði muni spilla sakargögnum, hafa áhrif á vitni, og jafnvel sé hætta á að hann muni halda áfram ætlaðri brotastarfsemi sinni ef hann heldur óskertu frelsi sínu. Úrskurður um gæsluvarðhald er því studdur við 1. tl., 4. tl. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu.

Gæsluvarðhaldstíminn er hæfilega ákveðinn til mánudagsins 12. júní 1989 kl. 14.00. Þá er rétt að úrskurða að lögregla hafi heimild til húsleitar á heimili kærða að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, og nær úrskurðurinn einnig til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjartmar Sigurðsson, kennitala 26.09.47-7969, til heimilis að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 12. júní 1989 kl. 14.00.

Lögreglunni er heimil húsleit á heimili kærða að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, og nær úrskurðurinn til læstra hirslna.

Fimmtudaginn 1. júní 1989.

Nr. 335/1987. **Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
og
Hafliða Guðjónssyni
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Áfrýjun. Löghald. Fjárnám. Réttarfar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa með stefnu 25. nóvember 1987 áfrýjað dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 15. október 1987. Þá hafa áfrýjendur með stefnu 17. maí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s.m. áfrýjað fjárnámsgerð, er fram fór að kröfu Hafliða Guðjónssonar í fasteign þeirra nr. 79 A við Álfhólsveg í Kópavogi. Hafa málin verið sameinuð.

Áfrýjendur gera þær dómkröfur aðallega, að vísað verði frá héraðsdómi þeim hluta málsins, er varðar kröfu stefnda Hafliða Guðjónssonar um staðfestingu löghalds þess er fram fór 16. desember 1987. Til vara krefjast áfrýjendur þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til þrautavara krefjast áfrýjendur þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, synjað verði um staðfestingu löghalds, málskostnaðarákvæði dómsins felld niður, en krafa þeirra um málskostnað í héraði tekin til greina. Í öllum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu in solidum.

Þá krefjast áfrýjendur þess að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og stefndi Hafliði dæmdur til að greiða þeim málskostnað.

Stefndu Björg Árnadóttir og Rolant Dahl Christiansen krefjast staðfestingar á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Stefndi Hafliði Guðjónsson gerir þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur. Þá krefst hann þess, að áfrýjendur og Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður verði dæmd til að greiða réttarfarssekt. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

I.

Kröfu sína um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, byggir stefndi Hafliði á því, að mál þetta varði málskostnað, sem stefndu Björg og Rolant hafi verið dæmd til að greiða. Samkvæmt 13. gr., 3. mgr., laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, verði ákvörðun héraðsdómara um málskostnað ekki skotið sérstaklega til Hæstaréttar. Áfrýjendur mótmæla frávísunarkröfunni. — Áfrýjendur hafa skotið héraðsdómi í heild til Hæstaréttar, en ekki sérstaklega ákvæði hans um málskostnað í þessu máli. Ber að skýra áðurnefnt lagaákvæði á þann veg, að áfrýjunin sé heimil, og verður frávísunarkrafa stefnda Hafliða ekki tekin til greina.

II.

Aðalkrafa áfrýjenda er sú, að löghaldsmáli stefnda Hafliða gegn stefndu Björgu og Rolant verði vísað frá héraðsdómi. Með úrskurði bæjarþingsins 15. október 1987 var synjað slíkri kröfu um frávísun. Hefur þeim úrskurði ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar eftir 17. gr. laga nr. 75/1973. Þar sem ekki eru efni til frávísunar ex officio, verður aðalkrafa áfrýjenda ekki tekin til greina.

III.

Varakröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun málsins reisa áfrýjendur á því að héraðsdómari hafi ekki tekið afstöðu til löghaldskostnaðar og einnig hafi hann farið út fyrir kröfur stefnda Hafliða, er hann dæmdi stefndu Björgu og Rolant til að greiða málskostnað in solidum.

Framangreind atriði varða ekki áfrýjendur og verður krafa þeirra um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun málsins því ekki tekin til greina.

IV.

Til þrautavara krefjast áfrýjendur þess, að synjað verði um staðfestingu löghalds.

Rök áfrýjenda fyrir synjunarkröfunni eru í fyrsta lagi þau, að hinn 16. desember 1986 hafi stefndu Björg og Rolant ekki átt neinar kröfur á áfrýjendur. Dómur Hæstaréttar frá 31. maí 1985 hafi kveðið á um skyldu Bjargar og Rolants til að gefa út afsal gegn greiðslu kaupverðs, en hinn 16. desember 1986 hafi áfrýjendur ekki verið búin að gera kröfu til, að dómnum yrði fullnægt, og því ekki stofnað til skuldar við Björgu og Rolant. Hafi ekki mátt gera löghald í hugsanlegum kröfum þeirra á áfrýjendur.

Óumdeilt er að áfrýjendur létu birta stefndu Björgu og Rolant hæstaréttardóminn frá 31. maí 1985 um áramótin 1985-1986. Stefndu Björg og Rolant áttu því 16. desember 1986 skilyrta kröfu, sem heimilt var að kyrrsetja. Verður því ekki á þessa röksemd áfrýjenda fallist.

Í öðru lagi styðja áfrýjendur synjunarkröfu sína með því að á dómþingi 20. maí 1987 hafi lögmenn allra stefndu gefið bindandi málflutningsyfirlýsingu um, að sátt þeirra „myndi ná til þess að stefndu greiddu stefnanda kr. 2.717.975,00 með ... vöxtum ... og málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í". Eftir þetta hafi ekki verið um ágreining að ræða í raun milli stefndu og löghaldið sjálfkrafa niður fallið. — Eins og síðar kom fram, var ágreiningur með aðilum, og sátt tókst ekki um málskostnað. Þegar af þeirri ástæðu verður synjunarkrafa áfrýjenda ekki réttilega rökstudd á þann hátt, sem nú var lýst.

Enn styðja áfrýjendur kröfu sína um, að synjað verði um staðfestingu löghaldsins 16. desember 1986, með þeim rökum, að í fógetagerðinni sé ekki getið um kröfurnar, sem tryggja átti. Þeirra var getið í gerðarbeiðni og í fógetabók um þinghald 15. desember 1986 og getur þetta atriði ekki orðið til þess, að krafa áfrýjenda verði tekin til greina. — Þá telja áfrýjendur, að staðfestingarmálið hafi verið höfðað of seint, en svo var ekki, sbr. 20. gr. laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann. Gerðinni lauk 16. desember 1986 og staðfestingarmálið var höfðað 23. s.m. — Þá telja áfrýjendur að löghaldskrafan hafi verið óraunhæf og allt of há. — Af hálfu gerðarþola var fjárhæðinni mótmælt og tók fógeti afstöðu til þessa

atriðis. Getur þetta atriði eigi leitt til þess nú, að synjað verði um staðfestingu löghaldsins.

Samkvæmt þessu verður ekki á það fallist að synja beri um staðfestingu á löghaldinu, sem á var lagt 16. desember 1986 að kröfu stefnda Hafliða í eignum stefndu Bjargar og Rolants.

V.

Ekki eru efni til að breyta ákvörðunum bæjarþingsins um málskostnað.

VI.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð byggist á hinum áfrýjaða dómi. Fór gerðin fram áður en dómnum var áfrýjað. Á henni eru engir gallar, sem leitt geta til þess, að tekin verði til greina krafa áfrýjenda um að hún verði felld úr gildi. Ber að sýkna stefnda Hafliða af þessari kröfu.

VII.

Ekki eru efni til að taka til greina fram komna kröfu um réttarfarssektir.

VIII.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen 45.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og stefnda Hafliða Guðjónssyni 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi Hafliði Guðjónsson á að vera sýkn af kröfu áfrýjenda um fjárnám 20. nóvember 1987.

Áfrýjendur, Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson, greiði stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen 45.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur greiði stefnda Hafliða Guðjónssyni 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta hæstaréttardómara um, að ekki beri að vísa máli þessu frá Hæstarétti og að ekki séu neinir þeir ágallar á hinum áfrýjaða dómi, er hafi í för með sér, að hann beri að ómerkja og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Ég tel, með vísan til þess hvernig stefndu ráðstöfuðu sakarefni málsins, að ekki séu fyrir hendi skilyrði 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 18/1949, til að löghald það, sem lagt var á 16. desember 1986, nái til málskostnaðar þess, sem stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen var gert að greiða Hafliða Guðjónssyni. Því beri að fella úr gildi ákvæði hins áfrýjaða dóms um staðfestingu löghaldsins og ákvæði hans um að áfrýjendur greiði stefndu málskostnað.

Þá tel ég að einnig beri að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi. Eftir þessum úrslitum tel ég að dæma beri stefndu til að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. október sl., höfðaði stefnandi, Hafliði Guðjónsson, nnr. 3497-8808, Rekagranda 3, Reykjavík, áður til heimilis að Nóatúni 25, Reykjavík, gegn Björgu Árnadóttur, nnr. 1257-5513, Uppsölum, Fremri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, og Rolant Dahl Christiansen, nnr. 7363-3338, Fljótaseli 26, Reykjavík, með þingfestingu málsins 8. janúar 1987.

Anna Sigríður Guðmundsdóttir, nnr. 0333-3698, og Sveinn Ívarsson, nnr. 8748-7245, bæði til heimilis að Álfhólsvegi 79 A, Kópavogi, höfðuðu meðalgöngusök með framlagningu stefnu í dóm 8. janúar 1987. Þau kröfðust þess m.a. að stefnanda og stefndu yrði gert að hlíta meðalgöngu þeirra.

Stefnandi gerði þær dómkröfur í meðalgöngusökinni að henni yrði vísað frá dómi og meðalgöngustefnendum yrði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að mati dómsins.

Stefndu gerðu þær dómkröfur í meðalgöngusökinni að henni yrði vísað frá dómi og að meðalgöngustefnendum yrði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Með dómi, upp kveðnum 12. mars 1987, var meðalgöngusökinni vísað frá dómi á þeirri forsendu að meðalgöngustefnendur hefðu ekki í málatilbúnaði sínum fullnægt öllum ákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936 og ekki

heldur ákvæðum 105. gr. sömu laga. Í dómi þessum var engin afstaða tekin til þess hvort meðalganga skyldi heimiluð eða ekki.

Meðalgöngustefnendur kærðu frávísunardóminn og með dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 14. apríl sl., var dómurinn felldur úr gildi. Jafnframt var meðalgangan heimiluð, án þess þó að héraðsdómari hefði tekið afstöðu til þess álitaefnis eins og fyrr segir.

Í dómi Hæstaréttar er tekið fram að málskostnaður verði eigi dæmdur á þessu stigi málsins.

Dómkröfur aðila um efni þessa máls eru sem hér segir:

Dómkröfur stefnanda voru þær upphaflega „að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða kr. 3.445.000,00 með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 11. mars 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til greiðsludags, að staðfest verði löghald í fjárkröfum stefndu á hendur Sveini Ívarssyni og Önnu Sigríði Guðmundsdóttur, báðum til heimilis að Álfhólsvegi 79 A, Kópavogi, samkv. dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 187/1983: Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson gegn Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen og Hafliða Guðjónssyni og gagnsakir, en löghaldsgerðin, sem fram fór til tryggingar dómkröfum máls þessa, hófst 15. þessa mánaðar og lauk hinn 16. sama mánaðar, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða kr. 40.790,00 með 2,25% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 16. desember 1986 til greiðsludags vegna út lagðs kostnaðar við löghaldsgerðina, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, sbr. málskostnaðareikning er lagður verður fram við þingfestingu máls þessa".

Áður en til aðalflutnings þessa máls kom, gerðu stefnandi og stefndu sátt um fjárkröfur, aðrar en málskostnaðarkröfu, eins og síðar verður greint frá.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi fyrst þær dómkröfur að löghaldið yrði staðfest fyrir öllum fjárkröfum, en breytti síðan þeirri kröfu og krafðist einungis staðfestingar löghaldsins fyrir málskostnaðarkröfu sinni á hendur stefndu, en stefnandi gerði þá kröfu að stefndu yrði gert að greiða sér kr. 40.790,00 vegna út lagðs kostnaðar við löghaldsgerðina með 2,25% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 16. desember 1986 til 1. mars 1987, með 2,50% dráttarvöxtum frá þeim degi til 27. s.m. og með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Enn fremur gerði stefnandi þá dómkröfu, að meðalgöngustefnendur yrðu dæmd til að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu voru upphaflega þær „að þeim verði aðeins dæmt að greiða aðalstefnanda, Hafliða Guðjónssyni, kr. 1.100.000,00 með vöxt-

um og vaxtavöxtum sem hér segir: 34% ársvöxtum af kr. 200.000,00 frá 10.7. 1982 til 10.8. s.á. og af kr. 380.000,00 frá þeim degi til 1.11. s.á., 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.12. s.á. og af kr. 1.100.000,00 frá þeim degi til 20.9. 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 10.10. s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20.11. s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20.12. s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20.1. 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11.8. s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á. og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól í fyrsta sinn 31.12. 1982 og síðan á 12 mánaða fresti. Málskostnaður verði samkvæmt mati hins virðulega réttar og löghald verði staðfest til tryggingar fjárhæðum þessum".

Við munnlegan flutning málsins gerðu stefndu þær dómkröfur að þau yrðu aðeins dæmd til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað. Löghald stefnanda yrði einungis staðfest fyrir þeim málskostnaði sem stefnanda yrði dæmdur úr hendi þeirra.

Þá gerðu stefndu þær dómkröfur að meðalgöngustefnendum yrði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Meðalgöngustefnendur gerðu þær dómkröfur í stefnu sinni „að aðilum máls þessa verði gert að hlíta meðalgöngu þeirra Sigríðar Önnu Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar, að synjað verði um staðfestingu á löghaldi, er lagt var hinn 16. desember 1986 á „fjárkröfur gerðarþolanna" (stefndu í máli þessu, Bjargar Árnadóttur og Rolants Dahls Christiansens), „á hendur Sveini Ívarssyni og Önnu Sigríði Guðmundsdóttur", samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 31. maí 1985 og að aðilum verði gert að greiða meðalgönguaðilum hæfilegan málskostnað að mati dómara eða samkvæmt síðar fram lögðum reikningi".

Við munnlegan flutning málsins gerðu meðalgöngustefnendur þær dómkröfur aðallega að kröfu stefnanda um staðfestingu löghaldsins yrði vísað frá dómi, en til vara að staðfestingu yrði synjað. Þá gerðu meðalgöngustefnendur þá dómkröfu, að stefnandi og stefndu yrðu dæmd in solidum til þess að greiða sér málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Hinn 5. mars sl. fór fram munnlegur flutningur um kröfu stefnanda og stefndu um að meðalgöngusök meðalgöngustefnenda yrði vísað frá dómi. Undir munnlegum flutningi lögmanns stefnanda gerði lögmaður meðalgöngustefnenda þá kröfu að fá að leggja fram bréf lögmanns stefnanda til borgarfógeta, dags. 19. desember 1986. Þessari kröfu synjaði dómarinn og kærði lögmaður meðalgöngustefnenda þá synjun til Hæstaréttar.

Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 14. apríl sl., var synjun dómarans felld úr gildi. Í dóminum var tekið fram að kærumálskostnaður yrði ekki dæmdur.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Hinn 30. júní 1982 gerðu stefnandi annars vegar og meðalgöngustefnendur hins vegar tilboð í íbúð stefndu að Nóatúni 25 hér í borg. Stefndu tóku tilboði meðalgöngustefnenda, sem borist hafði fyrr, snerist síðan hugur, tóku tilboði stefnanda og riftu samningnum við meðalgöngustefnendur.

Meðalgöngustefnendur héldu samningnum upp á stefndu og höfðuðu dómsmál í því skyni. Lyktir málaferlanna urðu þær að með dómi Hæstaréttar 31. maí 1985 í máli meðalgöngustefnenda gegn stefndu og stefnanda voru stefndu dæmd til þess að gefa út afsal til meðalgöngustefnenda fyrir íbúðinni sér til handa 18. desember 1986.
um.

Meðalgöngustefnendur fengu með atbeina borgarfógeta gefið út afsal fyrir íbúðinni sér til handa 18. desember 1986.

Stefnandi hafði 16. desember 1986 fengið lagt löghald á fjárkröfur stefndu á hendur meðalgöngustefnendum. Þar var um að ræða kaupverð íbúðarinnar að Nóatúni 25, sem meðalgöngustefndu skyldu samkvæmt dómi Hæstaréttar 31. maí 1985 greiða stefndu gegn útgáfu afsals.

Kaupverð íbúðarinnar nam kr. 1.250.000,00 auk vaxta og þá fjárhæð átti að greiða með nánar til teknum hætti, eins og fram kemur í löghaldsgerð fógeta.

Samkvæmt löghaldsbeiðni stefnanda, sem dagsett er 15. desember 1986, krafðist hann löghalds fyrir kr. 3.445.000,00 með 2,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 11. mars 1986 til 31. mars 1986, með 2,25% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 1.apríl 1986 til greiðsludags, auk alls kostnaðar við löghaldsgerðina, eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og aðrar réttargerðir, sem til þyrfti til þess að tryggja rétt stefnanda, auk málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður yrði fram við aðalflutning staðfestingarmálsins, ef til hans kæmi.

Eins og fyrr segir, lagði borgarfógeti hinn 16. desember 1986 á löghald, og segir um það svo í fógetaréttargerðinni:

„Fógeti lagði nú á ábyrgð gerðarbeiðanda löghald á fjárkröfur gerðarþolanna, sem skrifaðar voru upp í réttarhaldi í máli þessu í gær undir töluliðum 1, 2 og 3, en greiðendur þeirra krafna eru Sveinn Ívarsson og Anna S. Guðmundsdóttir."

Bókun frá þinghaldi í löghaldsmálinu, sem hér skiptir máli, er svohljóðandi:

„Hann [þ.e. lögmaður stefnanda, Sigurður G. Guðjónsson hdl.] krefst löghalds í fjárkröfum gerðarþolanna á hendur Sveini Ívarssyni og Önnu Sigríði Guðmundsdóttur, báðum til heimilis að Álfhólsvegi 79 A, skv. dómi Hæstaréttar, rskj. 2, kr. 1.250.000,00 samtals, svo sem hér segir:

1. 150.000,00 kr. með bók nr. CA 7449 við Landsbanka Íslands, aðalbanka, auk áfallinna og áfallandi vaxta.

2. 750.000,00 kr. með 47% ársvöxtum af 200.000,00 kr. frá 20/9 '82 til 1/11 s.á., en dómvöxtum frá 1/11 '82 til 15/11 '82, með dómvöxtum frá 15/11 '82 af kr. 300.000,00 til 15/1 '83, af kr. 400.000,00 frá 15/1 '83 til 15/3 '83, af kr. 480.000,00 frá 15/3 '83 til 15/4 '83, af kr. 580.000,00 frá 15/4 '83 til 15/6 '83, af kr. 660.000,00 frá 15/6 '83 til 15/8 '83 og af kr. 750.000,00 frá 15/8 '83 til greiðsludags.

3. 350.000,00 kr. með 2 veðskuldabréfum, útg. af Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur, tryggðum með 1. veðrétti í fimm herbergja íbúð á 2. hæð í Nóatúni 25, Rvík, er beri 20% ársv. frá 15/7 '82 og greiðast skyldu með fjórum jöfnum árlegum afborgunum, í 1. sinn: 15/10 '83, 2. sinn: 15/10 '84, 3. sinn: 15/10 '85 og 4. sinn: 15/10 '86."

Í löghaldsmálinu var sótt þing af hálfu gerðarþola, stefndu í máli þessu, og því haldið fram að löghaldskrafan væri of há, en löghaldinu sjálfu ekki mótmælt.

Í þinghaldi í máli þessu 18. maí sl. óskuðu stefnandi og stefndu eftir því að gera sátt um fjárkröfur, en því var mótmælt af hálfu meðalgöngustefnenda að þessum aðilum yrði heimilað að gera dómsátt. Í þinghaldi í málinu 20. maí sl. lýstu stefnandi og stefndi því, hvert yrði efni sáttarinnar, og með úrskurði, upp kveðnum 27. maí sl., heimilaði dómarinn, að sáttin yrði gerð. Meðalgöngustefnendur kærðu úrskurðinn til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 30. júní sl. var hinn kærði úrskurður staðfestur. Í dóminum var tekið fram að málskostnaður yrði ekki dæmdur.

Í þinghaldi í málinu 18. september sl. gerðu stefnandi og stefndu svohljóðandi sátt:

„Stefndu, Björg Árnadóttir og Rolant Dahl Christiansen, greiði stefnanda, Hafliða Guðjónssyni, in solidum kr. 2.717.975,00 með 10,3% ársvöxtum af kr. 2.615.972,00 frá 21. maí 1987 til greiðsludags. Greiðslan fari fram 21. september 1987."

Eins og fyrr greinir var af hálfu meðalgöngustefnenda gerð sú dómkrafa við munnlegan flutning málsins að kröfu stefnanda um staðfestingu löghaldsins yrði vísað frá dómi. Með úrskurði dómarans, sem kveðinn var upp í dag var þeirri kröfu synjað.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að hann eigi rétt á málskostnaði úr hendi stefndu og beri að reikna hann samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og leggja til grundvallar við útreikninga þá fjárhæð, sem getur um í framangreindri sátt.

Löghaldskostnað eigi stefnandi að fá til dæmdan úr hendi stefndu miðað við þá fjárhæð, sem löghald hafi verið gert fyrir, kr. 40.790,00, með vöxtum eins og krafist sé.

Allar forsendur séu fyrir hendi til þess að staðfesta löghaldið fyrir þessum fjárhæðum.

Meðalgöngustefnendur beri að dæma til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að stefnanda eigi að meta hæfilegan málskostnað úr hendi stefndu. Stefndu hafi strax samþykkt að greiða stefnanda þær fjárkröfur, sem sátt hafi verið gerð um. Löghaldskostnað, sem ekki falli undir 8. tl. 175. gr. laga nr. 85/1936 eigi ekki að miða við þá fjárhæð, sem löghald var gert fyrir, sem hafi verið allt of há og því haft í för með sér óþarfan kostnað, heldur þá fjárhæð, sem sátt var gerð um.

Meðalgöngusök hafi verið höfðuð að óþörfu, úrslit þessa máls hafi ekki skipt meðalgöngustefnendur í raun neinu máli. Meðalgöngusökin hafi haft aukinn kostnað í för með sér fyrir stefndu við rekstur málsins og beri meðalgöngustefnendum að greiða stefndu málskostnað.

Af hálfu meðalgöngustefnenda er því haldið fram að ekki eigi að staðfesta löghaldið. Engin fjárkrafa hafi verið fyrir hendi, þegar löghaldið var gert, því að fjárkrafa stefndu á hendur meðalgöngustefnendum hafi ekki orðið til fyrr en meðalgöngustefnendur hafi krafist afsals úr hendi stefndu fyrir íbúðinni að Nóatúni 25, sem hafi verið eftir þann tíma, að löghaldið var lagt á. Löghaldið sé því „nullitet".

Hæstiréttur hafi í dómum sínum tekið afstöðu til málskostnaðar varðandi þá úrskurði, sem gengið hafi í máli þessu, og verði því ekki tekið tillit til þeirra við ákvörðun málskostnaðar í máli þessu.

Dæma beri stefnanda og stefndu til þess að greiða meðalgöngustefnendum fullan málskostnað.

Niðurstaða dómsins.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 260.000,00, þ.m.t. löghaldskostnaður og söluskattur.

Löghald það, sem lagt var á fjárkröfur stefndu á hendur meðalgöngustefnendum 16. desember 1986, þykir hafa nægja lagastoð í 6. gr. laga nr. 18/1949 og vera lagt á með formlega réttum hætti, og ber því að staðfesta það fyrir framangreindum málskostnaði, kr. 260.000,00.

Málskostnaður, sem meðalgöngustefnendur greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Málskostnaður, sem meðalgöngustefnendur greiði stefndu, Björgu og Rolant Dahl, þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.500,00 til hvors um sig. Söluskattur er með talinn.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson yfirborgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Björg Árnadóttir og Rolant Dahl Christiansen, greiði in solidum stefnanda, Hafliða Guðjónssyni, kr. 260.000,00 í málskostnað.

Löghald, sem lagt var á fjárkröfur stefndu á hendur meðalgöngustefnendum, Önnu Sigríði Guðmundsdóttur og Sveini Ívarssyni, 16. desember 1986, er staðfest fyrir framangreindri fjárhæð.

Meðalgöngustefnendur, Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson, greiði stefnanda, Hafliða Guðjónssyni, kr. 25.000,00 í málskostnað, stefndu Björgu Árnadóttur kr. 12.500,00 og stefnda Rolant Dahl Christiansen kr. 12.500,00.

Fjárkröfur samkvæmt dómi þessum skulu greiddar innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. júní 1989.

Nr. 358/1988. **Hörður Rist Ólafsson**
gegn
Ferðaskrifstofunni Útsýn hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hörður Rist Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Ferðaskrifstofunni Útsýn, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 12.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. júní 1989.

Nr. 24/1989. **Árni Erlingsson og**
Auður Einarsdóttir
gegn
Friðgeiri Jónssyni,
Sigurði Jónssyni og
Hjalta Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Árni Erlingsson og Auður Einarsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. júní 1989.

Nr. 153/1989. **Hörður Ólafsson**
gegn
Kára Einarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hörður Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. júní 1989.

Nr. 163/1989. **Garðar Ólafsson,**
Gylfi Gunnarsson,
Sveinn Jónsson og
Jón Steindórsson
gegn
Rafboða hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Garðar Ólafsson, Gylfi Gunnarsson, Sveinn Jónsson og Jón Steindórsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. júní 1989.

Nr. 164/1989. **Ólafur L. Baldursson**
gegn
sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur L. Baldursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 3.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. júní 1989.

Nr. 189/1989. **Gylfi Snædahl Guðmundsson**
gegn
Birni Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gylfi Snædahl Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. júní 1989.

Nr. 199/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Garðari Garðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 26. maí 1989, sem barst Hæstarétti 30. maí. Í greinargerð, sem hingað barst í dag, krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður styttri tími. Hann krefst kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili rökstyður kröfu sína svo, að engar rannsóknarnauðsynjar séu fyrir hendi, sem réttlætt geti gæsluvarðhald yfir sér í þessu máli, og mótmælir því, að 67. gr., 1. mgr., 5. töluliður, laga nr. 74/1974 eigi hér við.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, þó þannig að gæsluvarðhaldið standi allt til 4. júlí næstkomandi kl. 17.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Varnaraðili, Garðar Garðarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til 4. júlí 1989 kl. 17.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1989.

Ár 1989, föstudaginn 26. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Garðari Garðarssyni, kt. 10.01.65-4499, Stangarholti 26, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi frá lokum fyrri gæsluvarðhaldsvistar kl. 17.00 í dag allt til miðvikudagsins 23. ágúst nk. kl. 17.00.

Hinn 18. maí sl. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 17.00 í dag vegna grunar um, að hann ætti aðild að þremur innbrotsþjófnuðum. Er hér um að ræða tvo innbrotsþjófnaði í Kaupfélag Kjalarnesþings í Mosfellsbæ, sem framdir voru 8. og 11. maí sl., og innbrotsþjófnað í söluskála Kaupfélags Rangæinga á Hvolsvelli hinn 16. maí sl.

Í innbrotunum í Kaupfélag Kjalarnesþings var stolið smt. u.þ.b. kr. 210.000,00 í reiðufé, en í innbrotin á Hvolsvelli var stolið u.þ.b. kr. 800.000,00 í peningum, ávísunum og greiðslukortanótum.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og hér fyrir dómi staðfastlega neitað að eiga nokkra aðild að framangreindum innbrotsþjófnuðum.

Hinn 20. mars sl. var framið innbrot í bensínsölu Olíufélagsins hf. í Hveragerði. Úr peningaskáp, sem þar var, var stolið tæplega 300.000,00 kr. Við rannsókn þess máls hefur kærði viðurkennt að hafa ásamt félaga sínum verið þar að verki.

Þá viðurkenndi kærði við yfirheyrslu hjá RLR 17. apríl sl. að hafa í fyrrasumar brotist inn í hús í bænum Vinje í Noregi og stolið þar rúmlega 2.000,00 nkr. Þessa játningu hefur kærði nú dregið til baka hér fyrir dóminum og borið því við, að hann hafi óttast að hann yrði settur í gæsluvarðhald ef hann gengist ekki við brotinu, en hann hafi á þeim tíma verið í áfengismeðferð á sjúkrastöðinni Vogi.

Þessu til viðbótar hefur RLR grun um að kærði eigi aðild að innbrotsþjófnuðum, sem framdir voru í verslun á Akranesi og í Borgarnesi fyrir 2-3 mánuðum, svo og að hafa nokkrum sinnum á undanförnum mánuðum tekið bifreiðar í heimildarleysi, en kærði hefur staðfastlega neitað því að eiga nokkra aðild að þeim málum. Hann hefur þó viðurkennt við yfirheyrslur hjá RLR að hafa tekið bifreið af gerðinni Range Rover í heimildarleysi.

Svo sem rannsóknargögn fyrstu þriggja málanna, sem reifuð eru hér að framan, bera með sér, er rannsókn þeirra ekki að fullu lokið. Skv. sakavottorði hefur kærði 10 sinnum verið sakfelldur fyrir brot gegn almennum hegningarlögum. Síðast hlaut hann dóm hinn 14. mars sl. fyrir brot gegn 45. og 48. gr. umferðarlaga, en í þeim dómi var honum gert að sæta 18 mánaða fangelsi, en eftirstöðvar refsingar, 540 dagar, sem hann hafði fengið reynslulausn af hinn 21. nóvember 1986, voru felldar inn í dóminn. Hefur kærði áfrýjað dómi þessum til Hæstaréttar.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um, að kærði skuli sæta framlengdu gæsluvarðhaldi, til greina, svo að unnt verði að ljúka rannsókn

málanna, senda þau til fyrirsagnar ríkissaksóknara og í framhaldi af því dómsmeðferðar. Skal kærði skv. þessu sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. ágúst nk. kl. 17.00, en brot þau, sem kærði er hér sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Úrskurðarorð:

Kærði, Garðar Garðarsson, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. ágúst nk. kl. 17.00.

Föstudaginn 2. júní 1989.

Nr. 375/1988. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Axel Þórarni Þorsteinssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Tékkasvik. Fjársvik. Skjalafals. Hegningarauki. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. ágúst 1988 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvalds hálfu til sakfellingar samkvæmt ákærum og refsiþyngingar. Meðákærðu óskuðu ekki áfrýjunar héraðsdóms.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds að fallið væri frá ákæru samkvæmt II. kafla ákæruskjals 21. mars 1988, en héraðsdómari sýknaði ákærða af þessum kafla ákærunnar.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur frá og með 20. janúar 1988 og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppkvaðningar að nýju. Til vara krefst hann þess að dæmd refsing héraðsdóms verði lækkuð og jafnframt skilorðsbundin. Þá er þess krafist að kröfum um vexti af skaðabótum verði vísað frá dómi og bótakrafa Útvegsbanka Íslands hf. samkvæmt ákæru 31. maí 1988 verði tekin til greina með 260.000,00 krónum. Að lokum krefst hann þess, að dæmd verði málsvarnarlaun.

I.

Verjandi ákærða byggir ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína aðallega á bréfi, sem héraðsdómari ritaði Hæstarétti 1. mars 1988 í tilefni dóms yfir ákærða í hæstaréttarmálinu nr. 208/1987, sem kveðinn var upp 18. febrúar 1988. Er í bréfinu skýrt frá því að fyrir liggi hjá sakadómi Reykjavíkur og Rannsóknarlögreglu ríkisins óafgreidd mál vegna ætlaðra brota ákærða. Telur verjandi að með

bréfi þessu hafi dómarinn bakað sér vanhæfi samkvæmt 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Einnig bendir verjandi á, að mál þetta hafi verið þingfest 20. janúar 1988, án þess að ákæra hafi áður verið birt ákærða, og brjóti það í bága við 121. gr., sbr. 115. gr., laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Í fyrrgreindu bréfi héraðsdómarans komu, sem fyrr segir, fram upplýsingar um óafgreidd mál ákærða og jafnframt það álit héraðsdómarans að þær væru ekki í samræmi við ummæli í dómi Hæstaréttar um feril ákærða. Verður ekki á það fallist að með þessu hafi hann tekið slíka afstöðu til þessara mála, að hann teljist hafa verið vanhæfur til að fara með þau.

Að því er varðar fyrirtekt málsins 20. janúar 1988, er ljóst að dómarinn hefur þá talið nauðsynlegt að gera bókun um árangurslausar tilraunir til að boða ákærða fyrir dóm og birta honum ákæru, sem gefin var út 9. nóvember 1987. Jafnframt var bókað að ákærði væri erlendis með óvissan dvalarstað og að dómarinn myndi gera frekari ráðstafanir til að hafa upp á ákærða og fá ákæruna birta fyrir honum. Í þinghaldinu voru lögð fram þau skjöl, er þá lágu fyrir í málinu. Annað gerðist ekki í þinghaldi þessu. Málið var síðan næst tekið fyrir 20. apríl 1988 og þá lögð fram ný ákæra ásamt tilheyrandi gögnum og kom ákærði fyrir dóminn ásamt verjanda sínum og voru honum þá birtar fyrirliggjandi ákærur. Verður ekki talið að þetta hafi verið óeðlileg málsmeðferð, enda voru hagsmunir ákærða hér engan veginn fyrir borð bornir.

Með hliðsjón af framansögðu er ómerkingar- og heimvísunarkröfu ákærða hafnað.

II.

1. Ákæra 9. nóvember 1987.

Ártal í útgáfudagsetningu tékka samkvæmt ákærulið 3 hefur misritast í ákæru og á að vera 1986, en ekki 1987. Þá hefur nafn banka misritast í ákærulið 7 og á að vera Seljaútibú Búnaðarbankans, en ekki Landsbankans. Þrátt fyrir þessa ágalla ákærunnar má dæma málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms um þessa ákæru er staðfest niðurstaða hans um hana. Einnig er staðfest ákvæði hans um greiðslu skaðabóta vegna tékka þeirra, sem um ræðir í ákæru-

liðum 9 og 10, en vextir verða þó aðeins dæmdir frá birtingu ákæru eins og í dómsorði greinir.

2. Ákæra 21. mars 1988.

Svo sem fyrr greinir, er af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfum á hendur ákærða samkvæmt II. kafla þessarar ákæru. Stendur þá eftir III. kafli hennar. Í ákærunni hefur misritast dagsetning tékka undir lið 1 þessa kafla og á að vera 9.8. 1986, en ekki 8.9. 1986. Þetta þykir ekki standa í vegi þess að dæmt verði um þetta atriði, sbr. áðurgreint ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Staðfest er niðurstaða héraðsdóms um þennan ákærulið og heimfærsla hans til refsiákvæðis. Einnig er staðfest ákvæði hans um skaðabætur vegna tékka þeirra, sem hér um ræðir, en vextir verða þó aðeins dæmdir frá birtingu ákæru, eins og í dómsorði greinir.

3. Ákæra 31. maí 1988.

Eins og rakið er í héraðsdómi, breytti ákærði fjárhæð tékka, sem hann hafði fengið frá Slippfélaginu hf., úr 2.546,00 krónum í 262.546,00 krónur og einnig breytti hann dagsetningu tékkans. Tékkann hagnýtti ákærði sér síðan með þeim hætti, sem lýst er í héraðsdómi. Þótt nokkuð skorti á í lýsingu ákæru á atferli ákærða, þykir engu að síður á grundvelli hennar unnt að dæma ákærða fyrir skjalafals samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og er niðurstaða héraðsdóms um þessa ákæru því staðfest með skírskotun til forsendna hans.

Skaðabótakrafa Útvegsbanka Íslands vegna máls þessa var svo bókuð eftir fulltrúa bankans hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 11. nóvember 1987, að gerð var krafa um, að ákærði yrði „dæmdur til þess að endurgreiða Útvegsbanka Íslands þá fjárhæð, sem hann sveik út, ásamt vöxtum frá 5.11. 1987 til greiðsludags". Verjandi ákærða hefur krafist þess að krafa bankans verði tekin til greina með 260.000,00 krónum. Af hálfu ákæruvalds hefur það verið samþykkt. Þykir rétt að dæma ákærða til að greiða bankanum þá fjárhæð. Vaxtakrafa bankans er hins vegar svo óljós að rétt er að vísa henni frá dómi.

4. Ákæra 1. júní 1988.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er staðfest niðurstaða hans varðandi þessa ákæru. Er og staðfest ákvæði dóms-

ins um greiðslu skaðabóta, sem krafist hefur verið vegna þess atferlis ákærða, sem þar er um fjallað.

III.

Ákærði var með dómi Hæstaréttar 18. febrúar 1988 dæmdur í 7 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn valdstjórninni, líkamsárás og þjófnað, en mál þetta var dæmt í héraði 24. apríl 1987. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka það mál til meðferðar og dæma refsingu fyrir bæði málin í einu lagi. Með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Axel Þórarinn Þorsteinsson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur sem hér segir:

Verslun Guðmundar Þorsteinssonar sf., Bankastræti 12, Reykjavík, 11.000,00 krónur, Skóverslun M. H. Lyngdals, Akureyri, 5.000,00 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 20. apríl 1988 til greiðsludags, Sunnubúð Siggu og Sibbu, Mávahlíð 26, Reykjavík, 5.000,00 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 20% frá 20. apríl, til 1. júní s.á., 22% frá þeim degi til 11. s.m., 24% frá þeim degi til 21. s.m., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 25% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 7% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 11. janúar 1989, 5% frá þeim degi til 21. s.m., 9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 10% frá þeim degi til

1. mars s.á., 11% frá þeim degi til 21. mars s.á., 13% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 15% frá þeim degi til 21. maí s.á., 16% frá þeim degi til 1. júní s.á. og 17% frá þeim degi til greiðsludags, Landsbanka Íslands 1.000,00 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 20. apríl 1988 til greiðsludags, Útvegsbanka Íslands 260.000,00 krónur, Skála Vídeó, Tryggvagötu 14, Reykjavík, 29.100,00 krónur, Vídeómeistaranum, Seljabraut 54, Reykjavík, 4.800,00 krónur, Söluturninum Snælandi, Furugrund 2, Kópavogi, 4.500,00 krónur, Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna, Skipholti 50 C, Reykjavík, 5.625,00 krónur, Sælgætis- og vídeóhöllinni, Garðatorgi 1, Garðabæ, 16.500,00 krónur og Vídeóhöllinni, Hamraborg 11, Kópavogi, 25.200,00 krónur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júlí 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 13. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr.402-404/1988: Ákæruvaldið gegn Axel Þórarni Þorsteinssyni, X og Y, sem tekið var til dóms 22. júní sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með fjórum ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur ákærðu, Axel Þórarni Þorsteinssyni, nú að Grünesgatan 2, Osló í Noregi, fæddum 24. júlí 1963 í Reykjavík, X og Y.

Með ákæruskjali, dagsettu 9. nóvember sl., er höfðað mál á hendur ákærða Axel Þórarni einum „fyrir tékkasvik með því að hafa í ágúst 1986 notað í viðskiptum eftirgreinda 10 tékka, samtals að fjárhæð kr. 74.000, sem hann gaf alla nema þann síðastgreinda út til handhafa á reikning sinn nr. 224183 hjá Alþýðubankanum, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, án þess að eiga innstæðu fyrir tékkunum:

1. Tékki nr. 272251, að fjárhæð kr. 20.000, gefinn út til Axels Þorsteinssonar með útgáfudagsetningunni 20. ágúst. Seldur í Alþýðubankanum í Reykjavík.

2. Tékki nr. 272252, að fjárhæð kr. 10.000, gefinn út til handhafa með

útgáfudagsetningunni 20. ágúst 1986. Með framsalsstimpli verslunarinnar Hólasports, Lóuhólum 2-6, Reykjavík.

3. Tékki nr. 272262, að fjárhæð kr. 4.000, gefinn út til handhafa með útgáfudagsetningunni 23. ágúst 1987. Með illlæsilegri framsalsáritun og framsalsstimpli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

4. Tékki nr. 272259, að fjárhæð kr. 1.000, með útgáfudagsetningunni 21. ágúst 1986. Framseldur af ákærða. Seldur í útibúi Verslunarbankans í Breiðholti.

5. Tékki nr. 272255, að fjárhæð kr. 6.000, með útgáfudagsetningunni 21. ágúst 1986 og framsalsstimplum verslunarinnar Herraríkis, Glæsibæ, og Langholtsútibús Landsbankans.

6. Tékki nr. 272256, að fjárhæð kr. 9.000, dagsettur 21. ágúst 1986, með framsalsstimpli Viðars Haukssonar, Hamraborg 1, Kópavogi, og Sparisjóðs Kópavogs.

7. Tékki nr. 272260, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 23. ágúst 1986, með framsalsstimplum verslunarinnar að Norðurbraut 30, Hafnarfirði, og Seljaútibús Landsbankans í Reykjavík.

8. Tékki nr. 272263, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 25. ágúst 1986, með ólæsilegum framsalsstimpli.

9. Tékki nr. 272264, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 26. ágúst 1986. Ákærði seldi tékkann í skóverslun M. H. Lyngdals, Akureyri.

10. Tékki nr. 2298377 úr tékkhefti frá Iðnaðarbanka Íslands, Lækjargötu 12, Reykjavík, að fjárhæð kr. 11.000, gefinn út til handhafa á reikning nr. 9953, dagsettur 19. ágúst 1986. Ákærði seldi tékkann í skartgripaverslun Guðmundar Þorsteinssonar, Bankastræti 12, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Þá er höfðað mál á hendur ákærðu öllum með ákæruskjali, dagsettu 21. mars sl., „fyrir eftirgreind brot á hegningarlögum, framin í ágúst 1986:

I. Ákærða Y er gefið að sök að hafa í byrjun mánaðarins stolið úr bifreið í Vestmannaeyjum seðlaveski Sigríðar Einarsdóttur, Áshamri 75, Vestmannaeyjum, en í veskinu var meðal annars tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum og greiðslukort Sigríðar frá Eurocard nr. 5414 8300 1320 3103.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

II. Ákærðu er öllum gefið að sök skjalafals með því að hafa framvísað á eftirgreindum stöðum í Reykjavík, nema annar staður sé tekinn fram, ofangreindu greiðslukorti Sigríðar Einarsdóttur og látið skuldfæra andvirði vara og veitinga, sem ákærðu deildu með sér, á viðkomandi reikning Sigríð-

ar, en ákærða X falsaði jafnframt nafnritunina Sigríður Einarsdóttir á sölunótur til staðfestingar viðskiptunum.

1. Í veitingahúsinu Broadway andvirði veitinga, kr. 1.803, samkvæmt sölunótu nr. 7260868, dagsettri 8.8.1986.

2. Á sama stað andvirði veitinga, kr. 1.410, samkvæmt sölunótu nr. 7089231, dagsettri 8.7.1986.

3. Í versluninni Sækjörum, Kársnesbraut 93, Kópavogi, andvirði vara, kr. 2.460, samkvæmt sölunótu nr. 7327902, dagsettri 8.8.1986.

4. Hjá bifreiðarstjóra nr. 60 hjá Bæjarleiðum andvirði leiguaksturs, kr. 1.245, samkvæmt sölunótu nr. 6603081, dagsettri 9.8.1986.

5. Í Duus-húsi, Aðalstræti 4, andvirði veitinga, kr. 1.890, samkvæmt sölunótu nr. 5932466, dagsettri 9.8.1986.

6. Á sama stað andvirði veitinga, kr. 2.195, samkvæmt sölunótu nr. 5932412, dagsettri 9.8.1986.

7. Á sama stað andvirði veitinga, kr. 5.156, samkvæmt sölunótu nr. 5932877, dagsettri 9.8.1986.

8. Í gistihúsinu í Brautarholti 22 andvirði gistingar, kr. 1.600, samkvæmt sölunótu nr. 6485341.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

III. Ákærða Axel eru einum gefin að sök tékkasvik með því að nota í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda 2 tékka, sem hann gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti án þess að eiga innstæðu í bankanum fyrir andvirði tékkanna:

1. Tékki nr. 1477955, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 8.9.1986. Seldur í Sunnubúð Siggu og Sibbu, Mávahlíð 26.

2. Tékki nr. 1477953, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 8.8.1986. Seldur í söluturni í Hlíðahverfi í Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Enn er höfðað mál á hendur ákærða Axel Þórarni einum með ákæruskjali dagsettu 31. maí sl., „fyrir skjalafals með því að hafa, 5. nóvember 1987 selt í Útvegsbanka Íslands, Lóuhólum 2-6, Reykjavík, tékka, sem ákærði hafði fengið út gefinn sér til handa fyrir vinnulaunum, kr. 2.546,00, af Jóni Ölveri Péturssyni vegna Slippfélagsins í Reykjavík hf. og ákærði hafði falsað með því að breyta fjárhæð hans í kr. 262.546,00.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Loks er höfðað mál á hendur ákærða Axel Þórarni einum með ákæru-

skjali, dagsettu 1. júní sl., „fyrir fjársvik með því að hafa í mars 1987 í sviksamlegum tilgangi tekið á leigu 61 myndbandsspólu í eftirgreindum myndbandaleigum og í framhaldi af því selt tíu þeirra myndbanda, sem hann tók á leigu, í Skála Vídeói, Tryggvagötu 14, Reykjavík, 19. mars og níu þeirra á sama stað 20. mars fyrir samtals kr. 29.100,00, sem hann eyddi í eigin þarfir:

1. Sunnudaginn 15. mars og mánudaginn 16. mars í Vídeómeistaranum, Seljabraut 54, Reykjavík, tekið á leigu 8 myndbandsspólur samkvæmt tveimur leigusamningum, númer 37470 og 37544.

2. Sunnudaginn 15. mars í söluturninum Snælandi, Furugrund 3, Kópavogi, tekið á leigu tvær myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi númer 10209.

3. Þriðjudaginn 17. mars í Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna, Skipholti 50 C, Reykjavík, tekið á leigu sex myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi númer 35834.

4. Miðvikudaginn 18. mars í Sælgætis- og vídeóhöllinni, Garðatorgi 1, Garðabæ, tekið á leigu sextán myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi númer 23275.

5. Sama dag í Vídeóhöllinni, Hamraborg 11, Kópavogi, tekið á leigu 8 myndbandsspólur samkvæmt tveimur leigusamningum, númer 10352 og 10353, og fimmtudaginn 19. mars þrjár myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi númer 10391.

6. Fimmtudaginn 19. mars í myndbandaleigunni Vídeó Rita, Nýbýlavegi 26, Kópavogi, tekið á leigu sex myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi númer 11565.

7. Sama dag í myndbandaleigunni Stá-vídeó, Álfhólsvegi 32, Kópavogi, tekið á leigu fimm myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi nr. 9052.

8. Sama dag í myndbandaleigunni Hlíð, Barmahlíð 8, Reykjavík, tekið á leigu sjö myndbandsspólur.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta“.

Málavextir eru þessir:

Ákæra dagsett 9. nóvember 1987.

Þriðjudaginn 19. ágúst 1986 kom ákærði Axel Þórarinn Þorsteinsson í Alþýðubankann hf. að Suðurlandsbraut 30 í Reykjavík og sótti um að fá að opna tékkareikning í bankanum. Var það samþykkt og næsta dag fékk ákærði afhent tékkhefti með 25 eyðublöðum á reikning nr. 224183 eftir að hafa opnað reikninginn með 8.000,00 króna innleggi, sem var lágmarksinnborgun til þess að stofna reikninginn. Sama dag gaf ákærði út tékkann

í 1. lið ákærunnar, og 27. ágúst 1986 höfðu bankanum borist tékkar á reikninginn, að fjárhæð samtals 71.000,00 krónur. Þann dag kærði bankinn málið til Rannsóknarlögreglu ríkisins og ákærða til refsingar fyrir að stofna reikninginn í þeim tilgangi að svíkja út fé.

Í málinu liggja frammi ljósrit þeirra tékka sem um ræðir í liðum 1-8 í ákærunni, að fjárhæð samtals 58.000,00 krónur, og auk þess frumrit tékkans í 9. lið ákærunnar, að fjárhæð 5.000,00 krónur. Þá liggur frammi ljósrit af tékka, að fjárhæð 3.000,00 krónur, úr sama tékkhefti, sem ekki er ákært fyrir útgáfu á. Er gerð tékkanna níu rétt lýst í ákærunni.

Ákærði hefur viðurkennt að hann hafi stofnað reikninginn í því skyni að stofna til fjársvika. Kveðst hann hafa gefið út í eigin nafni alla tékkana í liðum 1-9 í ákærunni, þótt hann hafi vitað, að ekki var innstæða fyrir þeim á reikningnum. Var ákærði undir áhrifum áfengis og lyfja þegar hann gaf út tékkana. Man ákærði yfirleitt ekki um notkun þeirra, en vefengir ekki, að henni sé rétt lýst í ákærunni að því marki, sem henni er lýst þar. Ákærði kveðst hafa notað það fé, sem hann fékk fyrir tékkana, til áfengiskaupa og í ýmsar persónulegar þarfir. Ákærði man, að hann keypti skó fyrir andvirði tékkans í 9. lið ákærunnar, og fékk um 2.000,00 krónur til baka í peningum.

Með hliðsjón af afdráttarlausri játningu ákærða, að hann hafi gefið út alla framangreinda tékka í því skyni að svíkja út fé, hefur ekki þótt ástæða til þess að yfirheyra þá aðila sem hafa framselt tékkana, enda þótt ákærði muni ekki eftir, hvernig hver tékki um sig var notaður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa hinn 19. ágúst 1986 gefið út í eigin nafni til handhafa tékka þann, að fjárhæð 11.000,00 krónur, sem um ræðir í 10. lið ákærunnar, en honum er þar um alla gerð og notkun rétt lýst. Ákærði keypti gullhring fyrir andvirði tékkans, en hringnum var stolið frá honum að kvöldi umrædds dags á meðan ákærði svaf ölvunarsvefni á Arnarhóli í Reykjavík, en ákærði var ölvaður þegar hann gaf út tékkann. Ákærði komst yfir tékkaeyðublaðið hjá bróður sínum, sem hafði beðið ákærða að geyma það. Reikningsnúmerið valdi ákærði af handahófi.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í þessari ákæru og þar er rétt fært til refsiákvæðis.

Ákæra dagsett 21. mars 1988.

I.

Ákærði Y viðurkenndi í yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 1. september 1987 að hann hefði á þjóðhátíðinni í Vestmannaeyjum árið áður stolið seðlaveski, sem hefði verið í ólæstri bifreið í bænum, en ekki mundi ákærði vegna ölvunar hvar í bænum það hefði verið. Samkvæmt

frásögn ákærða voru í veskinu tékkhefti, greiðslukort og einhverjir pappírar. Upplýst er að eigandi veskisins hafi verið Sigríður Einarsdóttir, Áshamri 75 í Vestmannaeyjum. Tékkheftið var með eyðublöðum á Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum og greiðslukorti frá Eurocard.

Við meðferð málsins hefur ákærði sagt að það sé rétt að hann hafi í byrjun ágúst 1986 slegið eign sinni á veski, sem í voru m.a. tékkhefti og greiðslukort. Kveðst ákærði hafa tekið veskið, sem hafi legið fyrir utan bifreið í Vestmannaeyjum, en ekki tekið það úr bifreið. Vefengir ákærði ekki, að nafn bankans og eiganda greiðslukortsins sé rétt tilgreint í ákæruunni.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, að hann hafi slegið eign sinni á umrætt veski sem hafi m.a. haft að geyma áðurgreinda hluti. Rétt þykir að miða við dómsframburð ákærða um tökustað veskisins, og þykir brot hans því varða við 246. gr., en ekki 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Eftir að ákærði Y hafði komist yfir greiðslukortið hélt hann til Reykjavíkur fljótlega og var þar við áfengisdrykkju. Á því tímabili afhenti hann ákærðu X greiðslukortið, en hún var við áfengisdrykkju ásamt honum og ákærða Axel Þórarni.

Ákærða X skýrði Rannsóknarlögreglu ríkisins svo frá 23. september 1986 að hún viðurkenndi að hafa í nokkur skipti nú um daginn verslað fyrir greiðslukort sem hún vissi að var stolið. Sagði ákærða að hinn 8. ágúst hefðu komið til hennar meðákærðu, sem þá hefðu verið að koma frá Vestmannaeyjum. Síðan mundi ákærða til þess að hún var allt í einu komin á veitingastaðinn Broadway ásamt meðákærðu og að þar notaði hún greiðslukort, sem þeir höfðu látið hana fá. Þetta sama kort kvaðst ákærða síðan hafa notað í verslun í Kópavogi, Gistiheimilinu í Brautarholti, í Duushúsi og í leigubifreið frá Bæjarleiðum. Þá kvað ákærða meðákærðu hafa verið með sér í öll þau skipti, sem hún hefði notað kortið, og notið góðs af þeim veitingum og öðru því sem ákærða fékk út á kortið.

Ákærða sagði rannsóknarlögreglunni að í upphafi, þegar meðákærðu hefðu komið til sín og þá eftir að þeir hófu drykkju, hefðu þau farið saman heim til föður þeirra. Ákærða mundi ekki eftir því að meðákærðu hefðu nokkurn tíma gefið sér skýringu á því hvar þeir komust yfir greiðslukortið. Ákærða kvaðst hafa dvalist eina nótt í Gistiheimilinu í Brautarholti 22 og þar hefði hún rankað við sér, líklega 9. ágúst, og þá komið sér í burtu. Kvaðst ákærða muna eftir að ákærði Y hefði tekið af sér greiðslukortið, á meðan þau hefðu verið stödd í Gistiheimilinu, og vissi hún ekki hvað hefði orðið af því.

Ákærðu voru sýnd hjá rannsóknarlögreglu ljósrit af úttektarseðlunum átta, sem um er fjallað í ákæru málsins, og er skráð í skýrslu hennar um þetta á þessa leið:

„Seðlar nr. 7260868 og 7089231, báðir dagsettir 8.8.86, út gefnir af Broadway, Álfabakka 5, Rvík. Mætta er um það spurð, hvort hún kannist við þessa seðla.

„Ég kannast við þessa seðla, en á þá báða falsaði ég undirskrift korthafa. Fyrir báðar þessar úttektir voru keyptar veitingar handa mér og þeim bræðrum, Didda og Axel."

Seðill nr. 7327902, út gefinn af versl. Sækjörum, Kársnesbraut 93, Kóp., dagsettur 8.8.86.

„Ég kannast við þennan seðil. Þarna keypti ég í umræddri verslun matvöru ýmiss konar og falsaði nafn korthafa á úttektarseðilinn. Með mér voru báðir þeir bræður, Diddi og Axel. Við fórum síðan með matvöruna til einhverrar konu, sem er sambýliskona föður þeirra bræðra, en hvar hún býr man ég ekki sökum ölvunar."

Seðill nr. 6603081, út gefinn af Bæjarleiðum nr. 60, dagsettur 9.8.86.

„Ég kannast við þennan seðil. Þarna vorum við í leigubifreið öll þrjú, það er ég, Diddi og Axel, en í þetta skipti var líka með okkur systir þeirra bræðra, Heiða. Við vorum að leita að barnapössun fyrir Heiðu í þetta skipti og ókum vítt og breitt um borgina. Falsaði ég undirskrift korthafa á seðilinn."

Seðlar nr. 5932877, 5932412 og 5932466, út gefnir af Duus-húsi, Aðalstr. 4, Rvík, dagsettir 9.8.86.

„Ég kannast við alla þessa seðla. Þarna vorum við stödd í Duus-húsi, ég, Diddi og Axel. Fyrir úttekt þessa fengum við veitingar ýmiss konar, og falsaði ég nafn korthafa á alla seðlana."

Seðill nr. 6485341, út gefinn af Gistiheimilinu, Brautarholti 22, Rvík, dagsettur 9.8.86.

„Ég kannast við þennan seðil. Þarna tókum við á leigu herbergi, ég og Diddi, en mig minnir, að ég hafi verið látin greiða fyrir fram fyrir gistinguna. Ég falsaði nafn korthafa á þennan seðil eins og hina. Á alla þessa seðla, sem mér hafa verið sýndir, falsaði ég nafn Sigríðar Einarsdóttur."

Við meðferð málsins segir ákærða, að sig rámi í að hafa í ölæði í ágúst 1986 falsað nafnritunina Sigríður Einarsdóttir á einhverjar sölunótur frá Eurocard Kreditkortum vegna viðskipta. Ákærða man ekki hversu margar þessar nótur voru. Ákærðu rámar í að hafa falsað áðurgreint nafn á nóturnar í liðum 1 og 2 í Broadway. Ákærða man ekki eftir að meðákærðu væru með sér og fengju veitingar í Broadway í þetta skipti. Ákærða telur að hún hafi hjá rannsóknarlögreglu ætlað að taka á sig allar falsanirnar sem um ræðir í þessum kafla ákærunnar, og þannig sé til kominn

framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu. Ákærða telur að meðákærðu hljóti að hafa verið með sér og þannig sé til kominn framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu um það.

Ákærða man ekki eftir að hafa verslað í Sækjörum og falsað þar áðurgreint nafn á sölunótuna samkvæmt 3. lið þessa kafla ákærunnar. Ákærða telur þó að þetta sé rétt og því hafi hún sagt rannsóknarlögreglunni frá því á sínum tíma að svo væri.

Ákærða man ekki í dag eftir að hafa falsað áðurgreint nafn á sölunótuna samkvæmt 4. lið, en telur að framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu um þar greinda ökuferð sé réttur og hafi hún falsað nafnið á þessa nótu.

Ákærða man ekki eftir að hafa verið í Duus-húsi né að hafa gist í Brautarholti 22 á þessum tíma. Ákærða man ekki eftir að hafa ritað margnefnt nafn á sölunóturnar samkvæmt liðum 5-8 og muni framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu um fölsun sína á nafnritun á umræddа seðla vera til kominn vegna þess, að hún hafi ætlað að taka á sig sök á fölsun nafnsins á seðlana.

Ákærði Axel Þórarinn var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu 13. desember 1986 og skýrði þá svo frá:

„Ég kannast við þetta kæruefni og man eftir því að hafa farið ásamt Didda bróður til ..., sem býr uppi í Breiðholti, en það er X, og býr hún í Írabakka 8. Við fórum að drekka og fórum síðan saman út á nokkra staði og man ég eftir að hafa farið í Broadway. Duus-hús og Gistiheimilið í Brautarholti. Einnig vorum við að þvælast um í leigubíl. X var með greiðslukort sem hún notaði til að greiða fyrir allar þær veitingar, sem við keyptum, fyrir leigubílinn og gistingu í Brautarholti.

Ég veit ekki, hvar hún fékk þetta kort, en hún fékk það ekki hjá mér. Þegar ég fer að hugsa málið, þá hefur hún sennilega fengið það hjá Didda bróður. Ég hugsaði ekkert út í þetta þá, enda vissi ég ekki af því, að þarna var í gangi stolið greiðslukort, fyrr en eftir að búið var að nota það. Mér datt helst í hug, að X ætti þetta kort, og sá aldrei, þegar hún skrifaði undir úttektarseðlana."

Við meðferð málsins segir ákærði Axel Þórarinn að hann viti að ákærða X hafi haft greiðslukort meðferðis, þegar hún og ákærðu báðir voru saman við áfengisdrykkju í fyrri hluta ágúst 1986. Ákærði kveðst ekki hafa vitað, þegar hann sá greiðslukortið fyrst í höndum ákærðu X, hvernig hún var að því komin. Ákærði segir að þau hafi öll þrjú, ákærðu, verið saman við áfengisdrykkju í Broadway, eftir að ákærði hafði séð greiðslukortið. Ákærði sá ekki ákærðu X greiða veitingar með kortinu né sá hann hana í annan tíma við umræddа áfengisdrykkju nota greiðslukort. Á meðan þau voru við umræddа áfengisdrykkju, man ákærði til þess, að þau fóru þrjú saman í leigubifreið í verslun í Kópavogi þar sem ákærða X verslaði. Ekki

sá ákærði hvernig ákærða X greiddi vörurnar og leigugjaldið fyrir bifreiðina. Sat ákærða X frammi í bifreiðinni og fór ein inn í verslunina. Ákærði kannast ekki við, að þau þrjú hafi verið saman að neyta veitinga í Duushúsi á þessum tíma, né man ákærði til þess, að þau hafi verið saman í Brautarholti 22.

Ákærði kveðst ekki hafa vitað, fyrr en nokkrum mánuðum síðar, að ákærða X hefði verið að nota stolið greiðslukort.

Ákærði kannast ekki við að hafa séð sölunóturnar. Kveðst hann saklaus af því að hafa tekið þátt í skjalafalsi við notkun greiðslukortsins. Ákærði getur ekki gert sér grein fyrir því hvers vegna hann viðurkenndi hjá rannsóknarlögreglu að hafa verið með meðákærðu á þeim stöðum sem tilgreindir eru í ákærunni, þegar ákærða X notaði greiðslukortið.

Ákærði Y sagði rannsóknarlögreglu, að eftir að þeir ákærðu hefðu komið frá Vestmannaeyjum eftir þjóðhátíðina, hefðu þeir haldið til í Hörgshlíð 2 í íbúð sem faðir þeirra hafði til umráða. Þar voru þeir við áfengisdrykkju og fleira fólk gestkomandi þar í íbúðinni á sama tíma og um nokkurn tíma. Á meðal þessa fólks var ákærða X. Sagðist ákærði hafa fengið henni greiðslukortið úr veskinu, sem hann sló eign sinni á í Vestmannaeyjum, og hefðu þau síðan, hann, ákærði Axel Þórarinn og ákærða X, notað kortið í sameiningu, þó þannig að ákærða X hefði notað kortið til greiðslu, en ekki kvaðst ákærði muna hvar þau notuðu kortið né hvað þau keyptu fyrir það, nema verið geti, að þau hefðu notað kortið í Broadway.

Við meðferð málsins kveðst ákærði Y kannast við að hafa látið ákærðu X í hendur áðurgreint greiðslukort. Var ákærði þá ölvaður. Ákærði segir að ákærða X hafi verið með sér við drykkju fyrst eftir að hann fékk henni kortið í hendur, en það var í Hörgshlíð 2.

Ákærði kannast ekki við að hafa séð ljósrit af sölunótunum átta.

Ákærði man eftir að hafa verið með ákærðu X við drykkju í umrætt sinn, eftir að hún hafði fengið greiðslukortið, og að þau voru í Broadway og í Brautarholti 22. Ákærði man ekki eftir að hafa verið með ákærðu X í Duus-húsi né Sækjörum á þessu drykkjutímabili. Þá man hann ekki eftir að hafa verið með henni í leigubíl.

Ákærði minnist þess ekki að hafa séð ákærðu X nota greiðslukortið og rita undir sölunótur. Ákærði man ekki eftir því að ákærði Axel Þórarinn, bróðir sinn, væri með sér og ákærðu X við margnefnda drykkju, og ákærði segist hafa greitt sjálfur fyrir áfengiskaup sín í Broadway.

Ákærði kveðst hafa verið í lyfjameðferð eftir langvarandi drykkju, þegar hann gaf skýrsluna hjá rannsóknarlögreglu, og sé því sumt rangt í henni, en framburður sinn í dóminum réttur.

Ákærði mótmælir ekki framburði meðákærðu hjá rannsóknarlögreglu,

en man ekki eftir að hafa verið með þeim við að nota greiðslukortið.

Ákærðu hafa öll breytt framburði sínum hjá rannsóknarlögreglu við meðferð málsins, svo sem rakið hefur verið.

Hvorugt ákærðu X og Y man eftir því við meðferð málsins, að ákærði Axel Þórarinn væri með þeim, og sjálfur hefur hann frá upphafi neitað að hafa vitað, að greiðslukortið væri stolið, þegar það var notað. Þá kannast hann ekki við að hafa séð ákærðu X nota kortið. Með hliðsjón af þessu öllu er ósannað að ákærði Axel Þórarinn hafi staðið í félagi við hin ákærðu að því að nota greiðslukortið. Verður hann því sýknaður af þeirri háttsemi.

Ákærði Y man eftir að hafa verið með ákærðu X við drykkju, eftir að hún fékk greiðslukortið í hendur, og að þau voru í Broadway og í Brautarholti 22. Hann man hins vegar ekki eftir að hafa verið með henni á hinum stöðunum á þessum tíma. Ákærði hefur við meðferð málsins horfið frá þeim framburði hjá rannsóknarlögreglu að þau hafi öll þrjú notað kortið í sameiningu, og minnist hann þess nú ekki að hafa séð ákærðu X nota kortið né undirrita sölunótur. Þá man hann ekki eftir að ákærði Axel Þórarinn væri með þeim. Með hliðsjón af framangreindu þykir ekki komin fram sönnun fyrir því að ákærði Y hafi í sameiningu við hin ákærðu notað greiðslukortið svo sem í ákæru er rakið. Ber því að sýkna ákærða af því.

Ákærða X viðurkenndi í upphafi allar átta falsanirnar í félagi við ákærðu. Nú rámar hana í að hafa falsað einhverjar sölunótur frá Eurocard Kreditkortum vegna viðskipta og nú man hún ekki eftir veru sinni á þeim stöðum, þar sem seðlarnir voru notaðir, né að meðákærðu væru með sér. Hún telur þó, að framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu um notkun seðlanna í liðum 1-4 sé réttur, en hún hafi ætlað að taka á sig sök af fölsun hinna seðlanna, og þannig sé framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu til kominn.

Með játningu ákærðu X hjá rannsóknarlögreglu um fölsun nafnritunarinnar Sigríður Einarsdóttir á seðlana í liðum 1-4 og því að hún telur við meðferð málsins að sá framburður sé réttur, er sannað að hún hafi falsað nafnritunina á þessa fjóra seðla. Hins vegar þykir með hliðsjón af framburði meðákærðu og breyttum framburði ákærðu ekki komið fram alveg nægjanlega mikið til þess að sakfella ákærðu fyrir fölsun nafnritunar á seðlana samkvæmt liðum 5-8, enda sýnir samanburður á rithandarsýnishorni ákærðu og nafnrituninni á þessa seðla ekki óyggjandi að þeir beri sömu rithönd og hinir seðlarnir. Brot ákærðu varðar við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Ákæra dagsett 31. maí 1988.

Ákærði Axel Þórarinn hefur viðurkennt að hafa hinn 5. nóvember sl., þegar hann var drukkinn og í rugli, notað í Útvegsbanka Íslands að Lóuhól-

um 2-5 í Reykjavík tékka þann sem um ræðir í þessari ákæru, en ákærði hafði fengið tékkann gefinn út sér til handa frá Slippfélaginu hf. fyrir vinnulaunum, að fjárhæð 2.546,00 krónur. Var tékkinn gefinn út vorið eða sumarið 1987 og hafði ákærði gleymt honum niðri í skúffu hjá sér í langan tíma. Þegar hann fann tékkann þar, datt honum í hug að breyta upphæðinni. Notaði ákærði rakvélarblað til þess að afmá stjörnur sem prentaðar voru framan við tölurnar, sem einnig voru prentaðar, sem og öll útfylling tékkans nema undirskrift Jóns Ölvers Péturssonar vegna Slippfélagsins hf. Ákærði bætti síðan tölunni 26 fyrir framan fjárhæðina á tveim stöðum á tékkanum með svörtu tússi, svo að fjárhæð hans varð 262.546,00 krónur. Dagsetningu tékkans breytti ákærði með sama hætti, og varð hún 30.10.87. Ákærði átti sparisjóðsbók í framangreindum banka og inn á hana lagði hann andvirði tékkans, en næsta dag fékk hann móður sína til þess að taka út úr bókinni 268.000,00 krónur, en einhver innstæða var á bókinni, þegar ákærði lagði inn á hana andvirði falsaða tékkans. Peningunum, sem ákærði fékk fyrir tékkann, varði hann til þess að kaupa farseðil fyrir sig með flugvél til Noregs og í eigin eyðslu þar fyrstu vikurnar eftir komuna þangað. Tékkinn er ógreiddur.

Framangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu. Er brotið rétt fært til refsiákvæðis í ákærunni.

III.

Ákærði Axel Þórarinn hefur viðurkennt að hafa framið tékkasvik með því að gefa út og nota þá tvo tékka, að fjárhæð samtals 6.000,00 krónur, sem um ræðir í þessum kafla ákærunnar, en umrædda tékka hafi hann notað til vörukaupa og í bæði skiptin fengið einhvern lítinn mismun til baka í peningum. Er gerð tékkanna rétt lýst í ákærunni, svo og segir ákærði sölustöðum þeirra rétt lýst, en reikningsnúmer á tékkana valdi ákærði af handahófi, enda átti hann engan reikning í bankanum. Tékkarnir eru ógreiddir. Brotið varðar við 248. gr. hegningarlaga.

Ákæra dagsett 1. júní 1988.

Ákærði Axel Þórarinn hefur játað að hafa í mars 1987 tekið á leigu í sviksamlegum tilgangi 61 myndbandsspólu á myndbandaleigum þeim, sem upp eru taldar í þessari ákæru, og á þeim dagsetningum, sem þar eru tilgreindar. Þá hefur ákærði staðfest, að tala myndbandsspólnanna, sem tilgreind er við hvern lið ákærunnar, sé rétt, en af þessum spólum seldi ákærði 10 myndbönd í Skálavíðeói 19. mars og 9 á sama stað degi síðar, fyrir samtals 29.100,00 krónur. Ákærði var drukkinn og í rugli þegar hann gerði þetta.

Af myndbandsspólunum 61 komst 51 til skila, en 10 vantaði. Er ekki upplýst hvað af þeim varð. Ekki komst til skila ein spóla á hverja af þremur fyrst greindu myndbandaleigunum, þrjár vantaði til Sælgætis- og vídeóhallarinnar og fjórar til Vídeóhallarinnar. Allar spólurnar komust til skila á síðastgreindu þrjár myndbandaleigurnar.

Framangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, og rétt færð til refsiákvæðis í ákærunni.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þau sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Ákærði Axel Þórarinn:

1985 10/4 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt, fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1985 31/8 Austur-Skaftafellssýslu: Sátt, 700 kr. sekt, fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1985 27/12 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, og 10.000 kr. sekt, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 6 mánuði frá 27.12.1986.

1985 27/12 Reykjavík: Sátt, 16.000 kr. sekt, fyrir brot á 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 12 mánuði frá 27.12.1985.

1986 13/12 Reykjavík: Dómur: 30.000 kr. sekt, fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 13.12.1986.

1987 24/4 Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi, fyrir brot á 1. mgr. 106. gr., 1. mgr. 218. gr. og 244. gr. hegningarlaga. Dómur 27.12.1985 dæmdur með.

1987 23/7 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi, fyrir brot á 155. gr. hegningarlaga. Hegningarauki.

1988 18/2 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli frá 24.4.1987: 7 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár.

— — —

Refsingar.

Ákærða Axel Þórarni verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, en öll eru brot ákærða framin fyrir uppsögu dóms Hæstaréttar frá 18. febrúar sl. og öll nema brot ákærða samkvæmt ákærunni frá 31. maí sl. framin fyrir uppsögu dómanna frá 24. apríl og 23. júlí 1987. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

— — —

Skaðabætur.

Ákæra dagsett 9. nóvember 1987.

Ekki er höfð uppi skaðabótakrafa vegna tékkanna í liðum 1-8 í þessari ákæru, en slíkar kröfur liggja frammi vegna hinna tékkanna tveggja. Eru þær þessar:

Verslun Guðmundar Þorsteinssonar sf., Bankastræti 12 í Reykjavík, 11.000,00 krónur.

Skóverslun M. H. Lyngdals á Akureyri, 5.000,00 krónur ásamt dráttarvöxtum frá innlausnardegi tékkans í banka til greiðsludags, en hann var 27. ágúst 1986.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfurnar, sem verða teknar til greina og ákærði dæmdur til þess að greiða þær.

Ákæra dagsett 21. mars 1988.

I.

Engin bótakrafa liggur fyrir vegna þessa kafla ákærunnar.

II.

Eurocard á Íslandi hefur gert kröfu til þess í bréfi, dagsettu 2. september sl., að sá aðili, sem yrði uppvís að stuldi kreditkortsins, greiddi fyrirtækinu til baka 17.759,85 krónur ásamt fullum dráttarvöxtum, nú 2.25%, pr. mánuð eða brot úr mánuði frá 17. ágúst 1987 að telja til greiðsludags samkvæmt viðskiptaskilmálum fyrirtækisins.

Samkvæmt ofangreindu er kröfu þessari beint að ákærða Y, sem er sakfelldur fyrir þjófnaðinn á kortinu, en ekki ákærðu X, sem er sakfelld fyrir fölsun nafnritunar á helming úttektarseðlanna.

Engin gögn fylgja kröfugerðinni til sönnunar því að Eurocard hafi greitt viðkomandi úttektir umræddum fyrirtækjum. Þegar af þessari ástæðu ber að vísa frá dóminum bótakröfu Eurocard í máli þessu.

III.

Sunnubúð Siggu og Sibbu, Mávahlíð 26 í Reykjavík, gerir kröfu til þess að ákærði Axel Þórarinn verði dæmdur til að endurgreiða höfuðstól tékkans í 1. lið þessa kafla þessarar ákæru, 5.000,00 krónur, ásamt dómvöxtum frá sýningardegi tékkans til greiðsludags, en tékkinn var greiddur í banka 11. ágúst 1986.

Þá gerir Landsbanki Íslands bótakröfu, að fjárhæð 1.000,00 krónur, vegna tékkans í 2. lið þessa kafla ákærunnar með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 11. ágúst 1986 til greiðsludags, en þann dag var tékkinn greiddur í banka.

Ákærði Axel Þórarinn hefur samþykkt greindar kröfur, sem eru réttmætar, og verður hann því dæmdur til þess að greiða þær eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákæra dagsett 31. maí 1988.

Sú krafa er gerð á hendur ákærða Axel Þórarni að hann verði dæmdur til þess að endurgreiða Útvegsbanka Íslands 262.546,00 krónur ásamt vöxtum frá 5. nóvember 1987 til greiðsludags. Hefur ákærði samþykkt þessa kröfu, sem er réttmæt, og verður hann því dæmdur til þess að greiða hana eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákæra dagsett 1. júní 1988.

Eftirgreindar myndbandaleigur gera kröfur á hendur ákærða Axel Þórarni vegna háttseminnar samkvæmt þessari ákæru:

Skála Vídeó, Tryggvagötu 14 í Reykjavík, 29.100,00 krónur vegna myndbandanna, sem ákærði keypti þar.

Vídeómeistarinn, Seljabraut 54 í Reykjavík, 4.800,00 krónur vegna spólunnar sem ekki var skilað.

Söluturninn Snæland, Furugrund 2 í Kópavogi, 4.500,00 krónur vegna spólunnar sem ekki komst til skila.

Myndbandaleiga kvikmyndahúsanna, Skipholti 50 C í Reykjavík, 5.625,00 krónur vegna einnar spólu sem ekki komst til skila.

Sælgætis- og vídeóhöllin, Garðatorgi 1 í Garðabæ, 16.500,00 krónur vegna þriggja myndbanda sem ekki komust til skila.

Vídeóhöllin, Hamraborg 11 í Kópavogi, 20.000,00 krónur í bætur vegna þeirra fjögurra spólna sem komust ekki til skila, og 5.200,00 krónur í leigugjald, samtals 25.200,00 krónur.

Ákærði hefur samþykkt allar þessar kröfur, sem teljast réttmætar, og verður hann því dæmdur til þess að greiða þær.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu samkvæmt 142. gr. laga nr. 74/1974 til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði Axel Þórarinn greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 45.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Ákærða X skal greiða skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Ákærði Y skal greiða skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað skal ákærði Axel Þórarinn greiða að 3/5 hlutum, en ákærðu X og Y að 1/5 hluta hvort.

Dómsorð:

Ákærði Axel Þórarinn Þorsteinsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærða X sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Y sæti fangelsi í 7 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærða Y og 45 daga af refsingu ákærðu X, og niður skulu þessar refsingar falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Axel Þórarinn greiði í bætur:

Verslun Guðmundar Þorsteinssonar sf., Bankastræti 12 í Reykjavík, 11.000,00 krónur.

Skóverslun M. H. Lyngdals á Akureyri 5.000,00 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 27. ágúst 1986 til greiðsludags.

Sunnubúð Siggu og Sibbu, Mávahlíð 26 í Reykjavík, 5.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 11. ágúst 1986 til greiðsludags.

Landsbanka Íslands 1.000,00 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 11. ágúst 1986 til greiðsludags.

Útvegsbanka Íslands 262.546,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 5. nóvember 1987 til greiðsludags.

Skála Vídeó, Tryggvagötu 14 í Reykjavík, 29.100,00 krónur.

Vídeómeistaranum, Seljabraut 54 í Reykjavík, 4.800,00 krónur.

Söluturninum Snælandi, Furugrund 2 í Kópavogi, 4.500,00 krónur.

Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna, Skipholti 50 C í Reykjavík, 5.625,00 krónur.

Sælgætis- og vídeóhöllinni, Garðatorgi 1 í Garðabæ, 16.500,00 krónur.

Vídeóhöllinni, Hamraborg 11 í Kópavogi, 25.200,00 krónur.

Ákærði Axel Þórarinn greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 45.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Ákærða X greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærði Axel Þórarinn að 3/5 hlutum, en ákærðu X og Y að 1/5 hluta hvort.

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 191/1989. **Bjarni Jónasson**

gegn

Birni Úlfljótssyni
Þorvarði Gunnarssyni
Arnþóri Helgasyni
Sævari Berg Guðbergssyni
Eggerti Jóhannessyni
Vilhjálmi Árnasyni
Ágústi Helgasyni
Jóni Kjartanssyni
Einari Val Bjarnasyni
Arnmundi Þorbjörnssyni
Önnu Karin Júlíussen og
Brynjari Eiríkssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur með heimild í 21. gr., 1. mgr. 1. tl. b, í lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, skotið til réttarins frávísunardómi bæjarþings Vestmannaeyja frá 21. apríl 1989. Sóknaraðili fékk vitneskju um frávísunardóminn 25. apríl og kærði 3. maí. Kæran barst Hæstarétti 24. maí. Kröfur sóknaraðila eru, að frávísunardómnum verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Björn Úlfljótsson hefur sent Hæstarétti greinargerð, sem barst 25. maí. Krefst hann aðallega frávísunar kærumáls þessa frá Hæstarétti, að því er sig varðar, auk kærumálskostnaðar. Til vara krefst hann staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Arnþór Helgason hefur sent Hæstarétti greinargerð, sem barst 29. maí. Gerir hann sams konar kröfur og varnaraðilinn Björn Úlfljótsson.

Frá öðrum varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Í greinargerð til Hæstaréttar hefur sóknaraðili lýst breytingum á efniskröfum sínum í málinu. Þessar breytingar varða ekki kærumálið, sem hér er til meðferðar. Þá kemur fram í greinargerðinni áskorun til þriggja varnaraðila um að leggja fram skjöl. Það atriði varðar kærumálið ekki heldur.

Til stuðnings frávísunarkröfum þeim, sem fyrr er lýst, hafa varnaraðilarnir Björn og Arnþór vísað til 30. og 23. gr. laga nr. 75/1973. Kæra sóknaraðila er fullnægjandi og verður þessi krafa ekki tekin til greina.

Sóknaraðili hefur sérstaklega mótmælt málskostnaðarákvæði hins kærða dóms.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þar á meðal um málskostnað, en um hann fer eftir 180. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 21. apríl 1989.

I.

Dómkröfur stefnanda við þingfestingu málsins.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 29. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi um formhlið málsins vegna fram kominna frávísunarkrafna stefndu, hefur Bjarni Jónasson höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6., 7., 8., 9. og 10. desember 1988, á hendur Birni Úlfljótssyni kt. 230258-2019, Brekastíg 19, Vestmannaeyjum, Þorvarði Gunnarssyni, kt. 140554-2279, Sæbólsbraut 9, Kópavogi, Arnþóri Helgasyni, kt. 050452-2209, Tjarnarbóli 14, Seltjarnarnesi, Sævari Berg Guðbergssyni, kt. 090748-4599, Borgarheiði 10, Hveragerði, Eggerti Jóhannessyni, kt. 310839-4349, Kirkjuvegi 17, Selfossi, Vilhjálmi Árnasyni, kt. 190221-2969, Vestmannabraut 65 A, Vestmannaeyjum, Ágústi Helgasyni, kt. 220123-3329, Hólagötu 8, Vestmannaeyjum, Jóni Kjartanssyni, kt. 100730-3759, Ásavegi 12, Vestmannaeyjum, Einari Val Bjarnasyni, kt. 250332-3789, Túngötu 5, Vestmannaeyjum, Arnmundi Þorbjörnssyni, kt. 180422-2779, Brimhólabraut 6, Vestmannaeyjum, Önnu Karin Júlíussen,

kt. 010546-2579, Stórholti 17, Reykjavík, og Brynjari Eiríkssyni, kt. 130854-5919, Foldahrauni 38 E, Vestmannaeyjum.

Stefnandi þingfesti málið 15. desember 1988, og var þá sótt þing af hálfu allra stefndu. Af hálfu stefnanda var lokið við að leggja fram öll birtingarvottorð hinn 12. janúar sl. Allir stefndu taka til varna í málinu og luku við að skila greinargerðum hinn 2. mars sl.

Í stefnu (eftir lítils háttar breytingar stefnanda með bókun í þinghaldi 12. janúar sl. varðandi stefnda Eggert) gerir stefnandi svofelldar dómkröfur:

[Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til refsingar og málskostnaðargreiðslu, tiltekin ummæli verði ómerkt o.fl.]

— — —

II.

Dómkröfur aðila í þessum þætti málsins:

Stefndu í málinu eru sóknaraðilar í þessum þætti málsins, en stefnandi varnaraðili.

A. Dómkröfur sóknaraðila:

1. Dómkröfur stefnda Björns Úlfljótssonar eru þær að málinu verði vísað frá dómi og að stefnda Birni verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda og þess jafnframt krafist, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu, sbr. 3. gr. l. 25/1987.

2. Dómkröfur stefnda Þorvarðar Gunnarssonar eru þær sömu og stefnda Björns Úlfljótssonar.

3. Dómkröfur stefnda Arnþórs Helgasonar eru þær sömu og stefndu Björns og Þorvarðar.

4. Dómkröfur Sævars Bergs Guðbergssonar eru þær að máli þessu verði vísað frá dómi og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk álags skv. lokamálsgrein 177. gr. laga 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988, 22. gr., og að dráttarvextir reiknist á fyrrgreindan málskostnað, sbr. 3. kafla l. nr. 25/1987.

5. Dómkröfur stefnda Eggerts Jóhannessonar eru þær sömu og stefnda Sævars Bergs.

6. Dómkröfur stefnda Vilhjálms Árnasonar eru þær sömu og stefndu Sævars Bergs og Eggerts Jóhannessonar.

7. Dómkröfur stefnda Ágústs Helgasonar eru einnig þær sömu og um getur hjá stefndu í 4., 5. og 6. lið hér að framan.

8. Dómkröfur stefnda Jóns Kjartanssonar eru einnig þær sömu og um getur hjá stefndu í 4., 5., 6. og 7. lið hér að framan.

9. Dómkröfur stefnda Einars Vals Bjarnasonar eru einnig þær sömu og um getur hjá stefndu í 4., 5., 6., 7. og 8. lið hér að framan.

10. Dómkröfur stefnda Arnmundar Þorbjörnssonar eru einnig þær sömu og um getur hjá stefndu í 4., 5., 6., 7., 8. og 9. lið hér að framan.

11. Dómkröfur stefnda Brynjars Eiríkssonar eru sömuleiðis þær sömu og um getur hjá stefndu í 4., 5., 6., 7., 8., 9. og 10. lið hér að framan.

12. Dómkröfur stefndu Önnu Karínar Júlíussen eru þær, að máli þessu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins, og gerir enn fremur kröfu um dráttarvexti á til dæmdan málskostnað, sbr. 3. kafla laga nr. 25/1987.

Allir stefndu gera þannig frávísunarkröfu í málinu.

Við munnlegan flutning málsins kvað stefnandi dómkröfur sínar vera eftirfarandi:

„Ég ítreka og held fast við allar gerðar dómkröfur að undanskildu varðandi Eggert Jóhannesson, er var fellt niður skv. sérstakri bókun, geri kröfur um greiðslu hæfilegs málskostnaðar úr hendi andstæðinga að mati dómsins auk löglegra vaxta. Hann kveðst mótmæla fram komnum frávísunarkröfum og sýknukröfum og krefst þess, að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar."

— — —

IV.

Niðurstaða.

Eins og að framan greinir höfðar stefnandi mál þetta á hendur 12 einstaklingum, sem annaðhvort voru stjórnarmenn hjá vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum, á meðan hann var þar framkvæmdastjóri, störfuðu þar eða tengdust málefnum vinnustaðarins með öðrum hætti, meðan á starfstíma stefnanda stóð. Verndaður vinnustaður í Vestmannaeyjum starfar á grundvelli laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Stefnandi höfðar mál þetta sem einkarefsimál og gerir í fyrsta lagi þær kröfur að stefndu sæti refsingu, annaðhvort einvörðungu vegna ætlaðra brota á XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs (stefndu Arnþór, Eggert, Vilhjálmur, Ágúst, Jón og Arnmundur) eða vegna ætlaðra brota á þeim kafla og sérrefsilögum (stefndu Björn, Sævar Berg, Einar Valur, Anna Karín og Brynjar). Stefnandi krefst þess að stefndi Þorvarður sæti einungis refsingu vegna ætlaðra brota á sérrefsilögum. Í öðru lagi krefst stefnandi þess að tiltekin ummæli, sem hann telur að stefndu Björn, Arnþór, Eggert, Sævar Berg, Jón, Vilhjálmur, Ágúst og Arnmundur hafi viðhaft, verði dæmd dauð og ómerk. Í þriðja lagi krefst stefnandi að stefndu verði sameiginlega (in solidum) dæmd til að greiða sér kr. 500.000,00 eða aðra hæfilega fjárhæð að mati dómsins eins og stefnandi orðar það: „til að standa straum af kostnaði

við birtingu dómsins, atriðisorða í opinberum fjölmiðlum". Í fjórða lagi gerir stefnandi þá kröfu að stefndu Jón, Þorvarður, Arnþór og Eggert leggi fram skýrslur og gögn, sem hann telur að þeir hafi undir höndum, og loks gerir hann málskostnaðarkröfu. Þá hefur stefnandi uppi tiltekinn áskilnað eins og að framan greinir.

Ljóst má vera, að ef til efnismeðferðar kæmi, hefðu þeir 12 einstaklingar, sem stefnandi gerir hér kröfur á hendur í einu og sama málinu, uppi mismunandi mótbárur og málsástæður. Það væri næsta ógerlegt fyrir dómara að fjalla um hverja einstaka málsástæðu og mótrök við henni, þegar svo háttar til eins og hér greinir. Þegar farið er yfir dómkröfur stefnanda, eins og þær eru settar fram í stefnu, sést að ekkert samhengi er á milli margra þeirra krafna, sem stefnandi steypir hér saman í eitt og sama mál. Tiltekin réttarfarsleg sjónarmið eiga við um sumar af kröfunum, en aðrar ekki. Stefnandi, sem ekki hefur opinbert ákæruvald, steypir hér inn í einkarefsimál sitt ýmsum kröfum, bæði samkvæmt almennnum hegningarlögum og sérrefsilögum, sem ríkissaksóknari hefir hér einn forræði yfir, en ríkissaksóknari hefur ekki í þessu sambandi séð ástæðu til höfðunar opinbers máls. Sú málasamsteypa, er stefnandi viðhefur í máli þessu, fellur ekki að hagkvæmnissjónarmiðum samlagsaðildar um tímasparnað og hagræði við málsmeðferð.

Þegar framangreint er virt teljast kröfur stefnanda á hendur framangreindum 12 einstaklingum ekki vera af sömu rót runnar. Stefnanda er því óheimilt að sækja þær í einu og sama máli, sbr. 47. gr. laga 85/1936. Þegar af þeirri ástæðu ber að taka frávísunarkröfur stefndu til greina, og er málinu vísað frá dómi. Koma því ekki sérstaklega til álita aðrir ágallar á málatilbúnaði stefnanda, en eins og stefndu hafa bent á er málið í ýmsum greinum vanreifað af hálfu stefnanda. Eftir atvikum þykir þó rétt að taka fram að við munnlegan flutning málsins kom fram sú málflutningsyfirlýsing af hálfu stefnanda vegna fyrirspurnar dómarans, að ummæli, sem hann telur einkum vera höfð eftir stefndu Jóni Kjartanssyni, Vilhjálmi Árnasyni og Ágústi Helgasyni á bls. 5-6 í dskj. 1 (stefnu), ættu sér ekki stoð í fram lögðum málsskjölum.

Sérstakir málskostnaðarreikningar hafa ekki verið lagðir fram, en allir stefndu hafa gert kröfur um málskostnað úr hendi stefnanda, sbr. II. kafla hér að framan. Með vísan til 177. gr. laga 85/1936, sbr. einnig 1. mgr. 180. gr. sömu l., þykir verða að taka málskostnaðarkröfur stefndu til greina, en álag skv. 3. mgr. 177. gr. laga 85/1936, sbr. 22. gr. laga 54/1988, verður ekki dæmt. Eftir atvikum þykir enn fremur ekki rétt að beita heimildarákvæði 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga 54/1988, um að málskostnaður beri vexti. Málskostnaður dæmist að öðru leyti eins og í dómsorði greinir.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Að kröfu stefndu er máli þessu vísað frá dómi.

Stefnandi Bjarni Jónasson, kt. 041037-4909, greiði stefndu málskostnað sem hér segir:

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Birni Úlfljótssyni kt. 230258-2019, kr. 7.500,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Þorvarði Gunnarssyni, kt. 140554-2279, kr. 7.500,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi, Bjarni Jónasson greiði stefnda Arnþóri Helgasyni, kt. 050452-2209, kr. 15.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Sævari Berg Guðbergssyni, kt. 090748-4599, kr. 7.500,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Eggerti Jóhannessyni, kt. 310839-4349, kr. 7.500,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Vilhjálmi Árnasyni, kt. 190221-2969, kr. 3.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Ágústi Helgasyni, kt. 220123-3329, kr. 3.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Jóni Kjartanssyni, kt. 100730-3759, kr. 3.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Einari Val Bjarnasyni, kt. 250332-3789, kr. 3.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Arnmundi Þorbjörnssyni, kt. 180422-2779, kr. 3.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefndu Önnu Karín Júlíussen, kt. 010546-2579, kr. 15.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Brynjari Eiríkssyni, kt. 130854-5919, kr. 3.000,00 í málskostnað þ.m.t. söluskattur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 188/1989. **Einar S. Jónsson**
gegn
Snorra Welding og
Friðgeiri Björnssyni,
yfirborgardómara í Reykjavík.

Kærumál. Þingfesting. Stefna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Þriðjudaginn 2. maí 1989 kl. 10 árdegis kom lögmaður sóknaraðila á skrifstofu borgardómaraembættisins að Túngötu 14 í Reykjavík til þess að þingfesta mál þetta, sem sóknaraðili hafði höfðað með áskorunarstefnu, sem birt var í Lögbirtingablaði nr. 34, sem út kom þriðjudaginn 21. mars 1989, til þingfestingar þriðjudaginn 2. maí 1989 kl. 10 árdegis. Talsmaður embættisins tilkynnti lögmanninum þá, að málið yrði ekki þingfest vegna yfirstandandi verkfalls dómarafulltrúa. Lögmaðurinn óskaði þess að undanþága yrði veitt til þingfestingar þessa máls, þar sem fulltrúi yfirborgardómara hefði með útgáfu stefnunnar ákveðið þingfestingardag málsins. Talsmaðurinn tók þá fram, að alls engin mál væru tekin fyrir, meðan verkfallið stæði yfir, og í því efni væri ekki um undanþágur að ræða.

Með kæru, dagsettri 10. maí 1989, skaut sóknaraðili málinu til Hæstaréttar og gerir hann þar þær dómkröfur, „að réttarsynjun þessi verði dæmd ólögmæt og að hún varði skaðabótum til stefnanda samkvæmt almennum reglum". Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Um heimild til kæru máls þessa skírskotar sóknaraðili til b-liðar 1. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, og 2. mgr. sömu greinar.

Lögmaður sóknaraðila heldur því fram, að málatilbúnaður sóknaraðila sé „ónýtur orðinn og staða hans gagnvart gagnaðila orðin önnur og verri. Hann hefur og orðið fyrir umtalsverðum kostnaði, sem honum er annars glatað fé. Ég tel að yfirborgardómara hafi verið skylt að rétta í málinu, enda var hann viðstaddur og skrifstofa embættisins opin að venju. Þá tel ég að ekki sé heimilt

að hindra borgara íslenska lýðveldisins í því að leita til dómstóla, hvorki með verkfallsaðgerðum né með öðrum hætti".

Yfirborgardómari hefur samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, sent réttinum athugasemdir sínar.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta með opinberri stefnu, sem birt var í Lögbirtingablaðinu. Sá ágalli er á stefnunni, svo sem hún er birt í blaðinu, að þess er ekki getið hvar dómþing skyldi háð til þingfestingar málsins. Þessi galli á málatilbúnaði sóknaraðila var slíkur, að dómara bar að vísa málinu frá dómi ex officio, ef það hefði verið þingfest, sbr. g-lið 1. töluliðar 88. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988, enda er ekkert fram komið í málinu um það, að sótt hafi verið dómþing af hálfu hins stefnda, er málið átti að þingfesta. Með hliðsjón af hinum gallaða málatilbúnaði sóknaraðila gat synjun um þingfestingu málsins ekki leitt til réttarspjalla fyrir sóknaraðila. Þegar af þeirri ástæðu verða kröfur sóknaraðila ekki teknar til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kröfum sóknaraðila, Einars S. Jónssonar, í máli þessu er hafnað.

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 187/1989. **Búnaðarbanki Íslands**

gegn

Hákoni Hákonarsyni og

Hinriki G. Hilmarssyni.

Kærumál. Þingfesting Kröfugerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Hinn 27. apríl 1989 óskaði lögmaður sóknaraðila, að mál þetta yrði þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur. Neitað var um þingfestingu málsins. Í bréfi lögmannsins sama dag til yfirborgardómara segir m.a.: „Þar sem ég tel ekki að frambærileg rök séu fyrir því að fella mál niður, þegar svona stendur á, óska ég eftir að þér kveðið upp úrskurð..."

Hinn 2. maí 1989 kvað Friðgeir Björnsson, yfirborgardómari í Reykjavík, upp úrskurð í máli þessu á bæjarþingi Reykjavíkur. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, er svohljóðandi:

„Búnaðarbanka Íslands er synjað um að þingfesta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem hann hefur höfðað gegn Hákoni Hákonarsyni o.fl., miðað við þingfestingardaginn 27. apríl 1989."

Sóknaraðili skaut úrskurði þessum til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 11. maí 1989. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi „og dagur til þingfestingar verði ákveðinn á ný". Í greinargerð, sem réttinum barst 29. maí, er kröfum breytt og þess nú krafist að dæmt verði, hvort „rétt hafi verið staðið að þessu máli hjá yfirborgardómara".

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með bréfi, dagsettu 23. maí 1989, til Hæstaréttar hefur yfirborgardómari samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, m.a. gert eftirfarandi athugasemdir:

„Boðað verkfall Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu hófst 6. apríl sl. Að þeirri verkfallsboðun stóðu 5 af 6 dómarafulltrúum á borgardómaraembættinu í Reykjavík, en aðalfulltrúi hefur ekki verkfallsrétt.

Samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, hefur löggjafinn heimilað dómarafulltrúum m.a. að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilum um kjarasamninga, þó með ákveðnum takmörkunum.

Vonir stóðu til, að af verkfallinu yrði ekki, en þegar sýnt var, að það væri óumflýjanlegt, tók yfirborgardómari ákvörðun um, hvernig bregðast skyldi við þeirri röskun á störfum á embættinu, sem sýnilegt var að verkfallið myndi hafa í för með sér. Hinn 3. apríl gaf hann út tilkynningu, sem hengd var samdægurs upp á auglýsingatöflu á embættinu og einnig send Lögmannafélagi Íslands til kynningar. Tilkynningin er svohljóðandi:

„Tilkynning frá borgardómaraembættinu í Reykjavík vegna boðaðs verkfalls, dómarafulltrúa frá og með 6. apríl 1989.

Komi til verkfalls, verða eftirtaldar breytingar á störfum á embættinu þann tíma, er verkfallið stendur:

1. Hjónaskilnaðarmál verða ekki tekin fyrir.
2. Hjónavígslur verða ekki framkvæmdar.
3. Stefnt er að því að halda bæjarþing fimmtudaginn 6. apríl, þriðjudaginn 11. apríl, fimmtudaginn 13. apríl og þriðjudaginn 18. apríl n.k., *en standi verkfallið lengur, verða regluleg bæjarþing ekki haldin eftir 18. apríl þar til verkfallið er afstaðið.*
4. Gera verður ráð fyrir að veruleg röskun verði hjá embættinu á daglegum afgreiðslum, sem dómarafulltrúar hafa annast.
5. Gera verður ráð fyrir því að uppkvaðning dóma í skriflega fluttum málum og áritun áskorunarmála raskist mjög mikið frá því sem verið hefur."

Dómarafulltrúar, sem við borgardómaraembættið starfa, eru löggiltir til starfa síns sem fulltrúar yfirborgardómara og úthlutar hann þeim verkefnum. Áratugum saman hefur tíðkast að dómarafulltrúar fari með regluleg bæjarþing, kveði upp dóma í útivistarmálum og áriti áskorunarstefnur um aðfararhæfi. Síðustu tvö árin hafa dómarafulltrúarnir nær eingöngu annast meðferð hjónaskilnaðarmála og framkvæmt hjónavígslur.

Verkfall dómarafulltrúa hafði það óhjákvæmilega í för með sér að draga varð starfsemi embættisins saman, þar sem ekki var fyrir hendi vinnukraftur til að halda henni óbreyttri. Niðurstaðan varð sú að láta þessa röskun ekki bitna á meðferð munnlega fluttra mála,

sem borgardómarar fara með flest, heldur á þeim störfum, sem dómarafulltrúar vinna daglega. Þegar verkfallið hófst, biðu u.þ.b. 500 útivistarmál dóms eða áritunar, og gera mátti ráð fyrir, að 200-250 mál yrðu tekin til dóms eða áritunar á hverju bæjarþingi sem haldið yrði. Sú er nú líka raunin, að um 1400 útivistarmál bíða dóms eða áritunar.

Tilgangslítið sýndist að láta málin safnast upp ódæmd með þessum hætti, en reynt var með því að halda fjögur bæjarþing í verkfallinu að draga úr þeim óþægindum, sem þeir, sem mál hugðust höfða fyrir bæjarþinginu, gátu átt von á að verða fyrir, en láta síðan eitt yfir alla ganga, enda þótt sumir lögmenn kynnu, áður en tilkynningin frá 3. apríl sl. var gefin út, að hafa stefnt til þeirra bæjarþinga, sem niður féllu vegna verkfallsins. Engin von var til þess, að yfirborgardómari og aðalfulltrúi gætu annað vinnu 5 dómarafulltrúa auk eigin starfa, svo að eitthvað varð undan að láta.

Hér var því um að ræða stjórnun á vinnu innan embættisins, sem yfirborgardómi hefur með höndum og ber ábyrgð á, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972.

Hafa nú verið raktar helstu ástæður fyrir því að ekki var haldið bæjarþing fimmtudaginn 27. apríl sl. og Baldvini Jónssyni hrl. þar af leiðandi synjað um þingfestingu þess máls, sem hann hugðist þingfesta f.h. Búnaðarbanka Íslands.

Þá vil ég leyfa mér að láta eftirfarandi skoðun í ljós:

Ef aðilar dómsmáls eiga lögvarða kröfu til þess að regluleg bæjarþing séu haldin undir þeim kringumstæðum, sem að framan hefur verið gerð grein fyrir, hljóta t.d. þeir, sem vilja skilja að borði og sæng eða að lögum, og þeir, sem vilja láta framkvæma borgarlega hjónavígslu, að eiga sömu lögvörðu kröfuna til þess, að skilnaðarmál sé tekið fyrir og hjónavígsla fari fram. Sama sýnist í aðalatriðum gilda um þá aðila dómsmála, sem eiga ódæmd mál, sbr. 191. gr. laga nr. 85/1936. Með öðrum orðum, ef kröfur af þessu tagi yrðu taldar eiga við lög að styðjast, þá væri samkvæmt því lögð sú skylda á yfirborgardómara að halda starfsemi embættisins óbreyttri, enda þótt hluti starfsmanna leggi niður störf með heimild í lögum nr. 94/1986, sem að framan er getið."

Í athugasemdum yfirborgardómara er þess einnig getið, að varnaraðilar hafi ekki mætt til fyrirhugaðrar þingfestingar.

Í áðurnefndri greinargerð lögmanns sóknaraðila segir m.a.: „...Þar sem yfirborgardómari hefir nú ákveðið, að bæjarþing skuli hafið á ný, og fyrsti þingfestingardagur var haldinn 18. þ.m., breytist auðvitað krafa mín, að „dagur til þingfestingar verði ákveðinn á ný". Hins vegar óska ég, að virðulegur Hæstiréttur felli úrskurð um það, hvort rétt hafi verið staðið að þessu máli hjá yfirborgardómara. Það er augljóst mál, að bæjarþingsmál það, er ég krafðist, að þingfest yrði 27. apríl sl., þ.e. Búnaðarbanki Íslands gegn Hákoni Hákonarsyni, o.fl., verður ekki þingfest aftur nema með nýrri stefnubirtingu, og þess vegna er ég ósamála yfirborgardómara um meðferð málsins, þ.e. að rita stefndum í umræddu máli. Þegar synjað var um þingfestingu á málinu, var málatilbúnaður ónýtur og augljóslega þurfti stefnubirting að fara fram á ný. Það var því algjörlega óþarfi að leita til þessara manna. Þá fullyrðir yfirborgardómari, að stefndu hafi ekki mætt, er þingfesta átti málið. Það tel ég fullsagt, því að þegar ég mætti þennan dag kl. 10.00, var mér sagt af starfsstúlku að ekkert þing yrði háð, og svo held ég að öðrum hafi líka verið sagt, sem kynnu að hafa mætt. Ég krafðist þá þegar úrskurðar í málinu og fylgdi því eftir með bréfi sama dag.

Ástæðu fyrir niðurfellingu þinghalds telur yfirborgardómari vera verkfall dómarafulltrúa, þar sem það hafði óhjákvæmilega í för með sér, að draga varð starfsemi embættisins saman. Ég er fyllilega sammála yfirborgardómara í því, að verkfall þetta hafði verulega röskun í för með sér. Hins vegar var ekki um verkfallsbrot að ræða, þótt borgardómari eða aðalfulltrúi héldu uppi þinghaldi, sem þeir og gerðu, með þinghaldi 11. apríl, 13. apríl og 18. apríl svo og 18. maí, þ.e. áður en verkfalli var aflýst, því að þinghald byrjaði kl. 10.00, en verkfalli var ekki aflýst fyrr en síðar á þeim degi.

Það sem ég get ekki sætt mig við, er hvernig staðið var að auglýsingu um niðurfellingu þinghalds. Yfirborgardómari segir að hann hafi gefið út tilkynningu, sem hengd var samdægurs á auglýsingatöflu á embættinu og einnig send Lögmannafélagi Íslands. Þetta tel ég algjörlega ófullnægjandi. Yfirleitt sækja lögmenn ekki hin reglulegu bæjarþing, en láta mæta fyrir sig og hafa því ekki tækifæri til að sjá auglýsingu þessa. Og þótt Lögmannafélaginu hafi verið send tilkynningin, tel ég það einnig ófullnægjandi. Ég tel, að slík tilkynning hafi átt að koma í Lögbirtingablaðinu eða einhverju víð-

lesnu dagblaði. Þá tel ég vafasamt að yfirborgardómari sé bær um að gefa slíka yfirlýsingu nema þá í samráði við dómsmálaráðuneytið, sbr. 9. gr. laga nr. 28 frá 1981, sem er breyting á 38. grein einkamálalaga frá 1936.

Þá tel ég frest þann, er yfirborgardómari ákveður til þingfestingar, þ.e. til 18. apríl, of skamman, því að vitað er, að ef stefna þarf mönnum utan Reykjavíkur, þarf frestur að vera 3 - 4 vikur. Stefnur þær, er ég sendi út til þingfestingar 27. apríl, voru dags. og sendar út 31. mars sl. og því farnar af stað, áður en auglýsing um niðurfellingu þinghalds var birt..."

Tekið er fram í greinargerðinni, að kæruheimild sé 21. gr., 1. mgr. 1. tl. b í lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands.

Stefna í máli þessu hafði verið birt og málið því höfðað skv. 103. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 30. gr. laga nr. 28/1981. Var sóknaraðila heimilt að kæra úrskurð yfirborgardómara eftir því lagaákvæði, sem getið var.

Kröfugerð sóknaraðila er andstæð 67. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 402/1988. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sigurvini Brynjólfssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1988 að ósk ákærða, að því er hann einan varðar, en meðákærðu í héraði vildu hlíta héraðsdómi. Dóminum er áfrýjað til staðfestingar af hálfu ákæruvalds.

Broti ákærða er rétt lýst í héraðsdómi. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða.

Rekstur máls þessa hefur verið með miklum töfum. Brot ákærða var framið 27. september 1985, ákæra var gefin út 23. janúar 1986, en héraðsdómur ekki kveðinn upp fyrr en 27. október 1988. Engin skýring er gefin á þessum drætti í héraðsdómi, en annar dómari fór með málið, áður en dómari sá, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, fékk það til meðferðar.

Refsing ákærða þykir hæfilega metin í héraðsdómi, þriggja mánaða fangelsi. Þar sem mjög langt er, síðan brot ákærða var framið, og hann hefur ekki framið önnur brot síðan samkvæmt nýju sakavottorði, sem lagt var fyrir Hæstarétt, þykir mega fresta fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurvin Brynjólfsson, sæti fangelsi 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum

tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 27. október 1988.

I. Dómkröfur ofl.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. júní sl., en endurupptekið og dómtekið að nýju í dag, er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæruskjölum ríkissaksóknara sem hér segir:

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. desember 1985, á hendur A...

— — —

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. janúar 1986, er málið og höfðað gegn ákærða B, ákærða C og ákærða Sigurvini Brynjólfssyni sjómanni, Miðstræti 3, Vestmannaeyjum, „fyrir skjalafals með því að hafa föstudaginn 27. september 1985 í sameiningu staðið að sölu tékka nr. 789328, sem ákærði C hafði í heimildarleysi tekið úr tékkhefti Ævars Sigþórs Ingólfssonar, merktu Sparisjóði Vestmannaeyja, en ákærði Sigurvin útfyllt, að fjárhæð kr. 15.000,00, dagsett 27.9. 1985, á reikning nr. 1813, stílað á handhafa og falsað á nafnritun Ævars Sigþórs sem útgefanda. Ákærði C framvísaði tékkanum í Sparisjóði Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum, en tókst ekki að selja hann. Fóru þá ákærðu Sigurvin og C með tékkann í verslunina Eyjakjör við Hólagötu og seldu hann þar, en á meðan beið ákærði B á heimili sínu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

— — —

II.

Málsatvik.

Í máli þessu liggur fyrir skýlaus játning ákærða á ákæruatriðum og með hliðsjón af því þykir mega lýsa málsatvikum með neðangreindum hætti.

— — —

Ákæra út gefin 23. janúar 1986. 7. liður ákæru. Ákæra á hendur ákærðu C, B og Sigurvini. Skjalafals.

Föstudaginn 7. september 1985 kom á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum eigandi verslunarinnar Eyjakjörs hér í bæ. Hann kvaðst óska eftir, að tekin yrði til rannsóknar tilvist ávísunar, sem ákærði C hefði framvísað í versluninni þá fyrr um daginn. Kærandi kvaðst gruna C um að hafa falsað ávísunina. Rannsókn málsins hófst þegar í stað og voru allir ákærðu handteknir og vistaðir í fangageymslu lögreglu, en þeir voru allir undir áhrifum áfengis.

Eins og í ákæru greinir er umrædd ávísun að fjárhæð krónur 15.000,00 með nafnritun Ævars Sigþórs Ingólfssonar sem útgefanda. Um handhafaávísun er að ræða, en vísað er á reikning nr. 1813 í Sparisjóði Vestmannaeyja. Ávísunin er ábekt með nafni ákærða C. Við rannsókn málsins kom fljótlega í ljós, að tilgreindur útgefandi, Ævar Sigþór Ingólfsson, hafði ekki gefið út ávísunina. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir Ævari Sigþóri Ingólfssyni, að hann hafi verið gestkomandi á heimili ákærða B... sama dag og áður greinir. Kvaðst hann hafa ákærðu C og B grunaða um að hafa tekið, að sér fornspurðum og án sinnar vitundar, ávísunareyðublað úr hefti, er hefði verið í jakka sínum, sem hann hefði lagt frá sér við komu inn í húsið. Þá kemur það einnig þar fram að nefndur Ævar taldi, að ákærði C hefði falsað ávísunina. Strax daginn eftir að málið var kært, eða 28. september 1985, komu allir ákærðu fyrir sakadóm Vestmannaeyja. Ákærði Sigurvin kom einnig fyrir dóm 5. júní 1987 og 3. júní 1988. Ákærði B kom enn fremur fyrir dóm 15. júní 1987 og 3. júní 1988. Þá kom ákærði C einnig fyrir dóm 9. október 1986 og 2. júní 1988. Verður nú rakinn framburður þeirra. Ákærði C kvað þá alla ákærðu hafa umræddan dag verið við áfengisneyslu heima hjá ákærða B og þar hafi einnig verið áðurgreindur Ævar Sigþór. Viðurkenndi ákærði C að hafa tekið ávísunareyðublað úr hefti nefnds Ævars, og verður ekki annað ráðið af framburði ákærða C en það hafi hann gert án vitundar Ævars. Síðan er eftirfarandi bókað eftir ákærða:... „Þegar Ævar var farinn úr íbúðinni, kveðst kærði hafa sýnt þeim Sigurvini og B eyðublaðið. Í framhaldi af því kveður kærði Sigurvin hafa útfyllt eyðublaðið og hefði hann boðist til þess. Kveður kærði Sigurvin hafa haft ávísunina að fjárhæð kr. 15.000,00. Að fyrirlagi kærða og B hefði Sigurvin sett reikningsnúmerið 1713 á ávísunina, enda hefðu þeir séð það númer hjá Ævari, þegar hann var að fylla út ávísun, skömmu áður en hann fór. Loks hefði Sigurvin ritað nafn Ævars í reit útgefanda og farið eftir einhverju bréfi í íbúðinni með nafni hans til þess að fá fullt nafn fram. Kærði kveður þá alla í sameiningu hafa ákveðið tékkafjárhæðina. Að þessu loknu kveðst kærði hafa farið niður í Sparisjóð Vestmannaeyja til að fá ávísuninni skipt. Það hefði hins vegar ekki tekist, þar sem reikningsnúmerið hefði ekki verið rétt og auk þess hefði verið fundið að nafnrituninni. Hefði

hann þá farið aftur með ávísunina að Vestmannabraut 61 og þá hefði Sigurvin breytt reikningsnúmerinu úr 1713 í 1813, auk þess sem hann hefði krukkað í nafnritunina. Tekur kærði fram, að áður hafi hannn verið búinn að rita nafn sitt á bakhlið ávísunarinnar, en það hefði hann gert í afgreiðslu Sparisjóðsins.". Í framburði ákærða C kemur enn fremur fram, að eftir þetta hafi hann og ákærði Sigurvin farið með ávísunina í verslunina Eyjakjör við Hólagötu. Kvað ákærði C þá meðákærða Sigurvin hafa keypt þar matvæli fyrir rúmlega 3.000,00 kr., auk þess, sem ákærði C greiddi með umræddri ávísun viðskiptaskuld, að fjárhæð kr. 2.000,00. Ákærði C kvað þá Sigurvin eftir þetta hafa farið í verslunina Pinnann og keypt þar 10 pakka af vindlingum og 9 lítra af Coca Cola. Ákærði C kvað þá ákærðu Sigurvin hafa nú farið aftur að Vestmannabraut 61. Ákærði C kvaðst síðar umræddan dag hafa verið handtekinn af lögreglu, en þá kvaðst ákærði hafa verið á leið í útsölu ÁTVR til að kaupa áfengi fyrir það reiðufé, sem enn var eftir, frá því að ávísuninni var skipt í versluninni Eyjakjöri.

Ákærði C hefur haldið við þennan framburð sinn við síðari dómsfyrirtökur í málinu.

Er ákærði B kom fyrir dóm 28. sept. 1985, staðfesti hann, að ofangreindir menn hefðu verið á heimili hans umræddan dag. Áfengi hefði verið haft um hönd og menn gerst drukknir. Hann kvað fyrrgreindan Ævar hafa veifað í kringum sig ávísanahefti frá Sparisjóði Vestmannaeyja. Ákærði B kvað nefndan Ævar hafa haft í hyggju að skrifa ávísun til kaupa á áfengi, en sökum ölvunar hefði nefndum Ævari ekki tekist þetta ætlunarverk sitt og yfirgefið húsið og ekki komið þangað aftur. Hann kvað ákærða C nú hafa beðið sig að koma inn á salerni og þar hefði ákærði C sýnt sér óútfyllt eyðublað úr hefti Ævars og hefði ákærði Sigurvin einnig séð eyðublaðið. Hann sagði, að þeir hefðu farið með eyðublaðið fram í eldhús, og ákærði Sigurvin fyllt það út. Ákærði B kvað meðákærða Sigurvin hafa haft ávísunina að fjárhæð kr. 15.000,00 og stílað hana á handhafa. Þegar komið hefði verið að þeim þætti, að skrifa hafi þurft nafn útgefanda, kvaðst ákærði B hafa fundið læknisvottorð eða annað persónubundið skjal, sem bar nafn Ævars, og þannig hafi meðákærða Sigurvini tekist að rita á ávísunina sem útgefanda fullt nafn Ævars. Ákærði B kvaðst ekki muna, hvaða reikningsnúmer meðákærði Sigurvin hefði ritað, en meðákærði Sigurvin hefði þó nefnt það, svo að hann sjálfur heyrði. Hann kvað meðákærða C hafa nú farið með ávísunina í Sparisjóð Vestmannaeyja til að fá henni skipt, en komið með hana til baka og sagt, að ekki hefði verið tekið við henni þar, þar sem reikningsnúmerið hefði verið ranglega tilgreint og nafnritunin ekki talin fullnægjandi. Hann kvað þá meðákærðu Sigurvin og C hafa nú farið í matvöruverslun við Hólagötu og komið aðallega með matvörur til baka. Ákærði B kvað þá hafa haft í hyggju að nota afganginn af peningunum til áfengiskaupa.

Er ákærði B kom aftur fyrir dóm tæpum tveimur árum seinna, var framburður hans á sama veg og hann hafði áður gefið, en hann kvaðst þó ekki muna nákvæmlega, hver falsaði ávísunina, en kvað þá alla þrjá ákærðu hafa staðið sameiginlega að fölsuninni. Í þessu þinghaldi var ákærða B kynntur framburður sá, er hann hafði gefið í sakadóminum 28. september 1985, og kvað hann þann framburð réttan. Ákærði B staðfesti jafnframt, að fram lögð ávísun í málinu væri sú ávísun, sem um gæti í málinu.

Í þinghaldi 3. júní 1988 er aftur á móti eftirfarandi bókað:

„Verjandi ákærða, Jón Hjaltason hrl., hefur farið yfir gögn málsins og sérstaklega þinghöld frá 28. september 1985 og 15. júní 1987. Óskar verjandi ákærða nú eftir, að hann sé spurður, hvort hann hafi ritað eitthvað með eigin hendi á ávísunina. Spurningin er þannig borin undir ákærða og segir hann það ekki vera, hann hafi ekki gert það.

Ákærði fer nú aftur yfir ákæruna með heimild dómarans og kveðst nú vilja taka fram, að hann skilji ekki hvers vegna refsikröfum sé beint að sér í málinu, þar sem hann telji að hann hafi ekki falsað umræddan tékka".

Ákærði Sigurvin neitaði við fyrstu yfirheyrslu fyrir dómi 28. september 1985 að hafa átt nokkurn þátt í að fylla út ávísun þá sem meðákærði C hafi notað í versluninni við Hólagötu. Sama dag var aftur tekin skýrsla af ákærða Sigurvini, og eftir að hann hafði hlýtt á framburð meðákærðu, kvaðst hann játa að hafa fyllt út umrædda ávísun úr ávísanahefti fyrrnefnds Ævars, sem frammi lægi í málinu, og eftir að ákærða Sigurvini hafði verið sýnd ávísunin, kannaðist hann við að hafa ritað hana. Framburði ákærða Sigurvins bar að öðru leyti saman við framburð meðákærðu C og B, að því er tekur til málavaxta að öðru leyti.

Er ákærði Sigurvin kom fyrir dóm tæpum tveimur árum síðar, þ.e. 5. júní 1987, kvaðst hann ekki muna nákvæmlega eftir atburðum, en umræddan dag hefði hann verið mjög ölvaður og tók jafnframt fram, að hann hefði átt við áfengisvandamál að stríða og væri nýkominn úr meðferð. Ákærði Sigurvin kvaðst hins vegar ekki rengja framburð meðákærðu.

Í samræmi við framburð ákærðu þykir sannað, að ákærði C hafi föstudaginn 27. september 1985 tekið í heimildarleysi tékkaeyðublað úr tékkhefti Ævars Sigþórs Ingólfssonar, merktu Sparisjóði Vestmannaeyja, en tékkaeyðublaðið bar tékkanúmerið 0789328. Með samhljóða framburði ákærðu C og B og með hliðsjón af rithandarsýnishorni ákærða Sigurvins, er frammi liggur í málinu, dskj. III B 6, sbr. dskj. III B 3, svo og með eigin játningu ákærða Sigurvins að öðru leyti þykir enn fremur sannað, að ákærði Sigurvin hafi útfyllt tékkaeyðublaðið með fjárhæðinni kr. 15.000,00, dagsetningunni 27.9. 1985 og vísað á reikning nr. 1813 og loks falsað nafnritun Ævars Sigþórs sem útgefanda.

— — —

III.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði Sigurvin Brynjólfsson er einnig sakhæfur, fæddur 24. júlí 1951 í Reykjavík, og hefur á tímabilinu frá 1973 til 1985 sex sinnum verið sektaður fyrir ölvun og með dómsátt í Reykjavík frá 23. júní 1978 féllst ákærði á að greiða kr. 90.000,00 í sekt f. brot gegn 25. gr. umfl. og sæta ökuleyfissviptingu í 12 mánuði fyrir brot gegn 25. gr. umfl. Á áðurgreindu tímabili hefur ákærði tvisvar verið sakfelldur fyrir hegningarlagabrot. Í fyrra skiptið var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur frá 19. des. 1975 sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. hgl., en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Í síðara skipti með dómi sakadóms Vestmannaeyja frá 17. maí 1985 hlaut ákærði 30 daga varðhald skilorðsbundið í 2 ár og var auk þess látinn greiða 15.000,00 króna sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hgl., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. umfl., og sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 24. maí 1985. Með brotinu frá 27. september 1985 hefur ákærði rofið skilorð dómsins frá 17. maí 1985, og ber því, sbr. 60. gr. laga nr. 19/1940, að taka bæði málin til meðferðar og dæma þau í einu lagi. Er refsins ákærða er til tekin, ber þannig að hafa hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 79. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af því og því, sem að framan greinir, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Ekki þykja vera skilyrði til að skilorðsbinda dóminn.

— — —

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem tók við málinu í maímánuði 1988, dæmir mál þetta.

Dómsorð:

Ákærði A sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði Sigurvin Brynjólfsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði C sæti fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta, og hún skal niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Ákærði B skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

— — —

Ákærði A greiði 3/7 hluta sakarkostnaðar máls þessa, en ákærðu Sigurvin Brynjólfsson og C in solidum 1/7 hluta. Annar sakarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða B, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 30.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 323/1987. **Ólafur Vilbertsson**

gegn

Búnaðarbanka Íslands
sýslumanninum í Kjósarsýslu
Alþýðubankanum hf.
Brunabótafélagi Íslands
Sigþrúði E. Jóhannesdóttur
Bergmanni Gunnarssyni
sveitarsjóði Ásahrepps og
Slippfélaginu í Reykjavík hf.

Hafning máls. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Af hálfu áfrýjanda, Ólafs Vilbertssonar, var sótt dómþing 2. desember 1988 og óskað eftir, að mál þetta yrði fellt niður. Af hálfu stefndu Búnaðarbanka Íslands, Alþýðubankans hf. og Brunabótafélags Íslands var sótt dómþing og samþykkt, að málið yrði fellt niður, en krafist ómaksbóta. Aðrir stefndu létu ekki sækja dómþing.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Vilbertsson, greiði stefndu Búnaðarbanka Íslands, Alþýðubankanum hf. og Brunabótafélagi Íslands, sem fimm sinnum hafa látið sækja dómþing í málinu, 5.000,00 krónur hverju um sig í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

3/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Franklin Kristni Steiner
(Sigurður Georgsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1988 og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar, en staðfestingar að því er varðar upptöku fíkniefna.

Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi sakadómarans í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. maí 1989 var ákærði dæmdur í 9 mánaða fangelsi fyrir fíkniefnabrot og til að sæta upptöku á 295,8 g af hassi og 99,9 g af amfetamíni, eftir að fíkniefni fundust í fórum hans 11. desember 1987. Hann unir þeim dómi.

I.

Um sakarefni þessa máls var ákærði yfirheyrður fyrir dómi 27. nóvember 1986. Hann kvaðst laugardagskvöldið næsta á undan hafa hitt mann nokkurn á skemmtistað, sem boðið hafi sér til kaups 75 g af amfetamíni á 3.000,00 krónur grammið gegn greiðslu eftir nánara samkomulagi síðar. Hann kvaðst engin deili vita á manni þessum. Síðan kvaðst hann að tilvísun þessa ókunna manns hafa sótt efnið að kvöldi dags í ruslakröfu á bensínstöð án þess að hitta þar nokkurn eða greiða fyrir efnið. Efnið kvaðst hann svo hafa blandað til helminga með mjólkursykri. Hann kvaðst við móttöku þess og blöndun hafa ráðgert að selja það með hagnaði, en ekki verið búinn að skipuleggja það nánar í einstökum atriðum. Við lögregluyfirheyrslu fyrr um daginn tók ákærði svo til orða, að maðurinn hefði fengið sér efnið til dreifingar. Er ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu máls þessa í héraði 15. apríl 1987, kvaðst hann hafa

ætlað efnið til eigin nota, en ekki til endursölu, og tók fram, að á þeim tíma, sem hald var lagt á fíkniefnið á heimili hans 26. maí 1986, hefði hann nýlega verið kominn með efnið í hendur og á þeirri stundu enga ákvörðun tekið um dreifingu þess. Í málinu er ekkert fram komið um fíkniefnaneyslu ákærða sjálfs.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að breyttur framburður ákærða sé ekki trúverðugur og efnið hafi verið ætlað til sölu í ágóðaskyni, svo sem í ákæru greinir. Er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru greinir og þar er réttilega færð til refsiákvæða.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og með hliðsjón af 70. gr., 5. og 8. tl., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, ber að staðfesta refsiákvörðun hans að öðru leyti en því, að sektarrefsing ákveðst 40.000,00 krónur, og komi 15 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins svo sem greinir í dómsorði.

II.

Hinn áfrýjaði dómur var birtur ákærða 17. september 1987. Hinn 30. september óskaði hann áfrýjunar. Dómsgerðir voru sendar ríkissaksóknara með bréfi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 22. desember 1988. Þar segir m.a.: „Dómþoli hefur dvalist lengi erlendis, en kom hingað til lands flugleiðis í morgun og var þá ætlun að birta honum þegar áfrýjunarstefnu. Kom þá í ljós að láðst hafði að senda yður nefndar dómsgerðir, en talið var að áritun um áfrýjun væri um garð gengin. Er beðist velvirðingar á þessum misskilningi.“ Þessi mistök eru ámælisverð.

Dómsorð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, sæti fangelsi í 20 mánuði, og komi gæsluvarðhald hans í fjóra daga til frádráttar dæmdri refsingu.

Ákærði greiði 40.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 15 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin

saksóknarlaun, í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. júlí 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 15. júlí, er á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið er að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr., kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 507/1987: Ákæruvaldið gegn Franklín Kristni Steiner.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 2. apríl 1987, á hendur Franklín Kristni Steiner, fæddum 14. febrúar 1947, nú til heimilis að Lækjarási 2, Reykjavík, fyrir eftirfarandi meint brot gegn fíkniefnalöggjöfinni: „með því að hafa 26. nóvember 1986 haft samtals 163.5 g af amfetamíni í vörslum sínum á heimili sínu, er lögregla gerði þar húsleit. en efnið hugðist ákærði selja í ágóðaskyni".

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu amfetamíni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Ákærði hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum, sbr. sakavottorð, dagsett 1.4. 1987:

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði tvisvar undirgengist sektargreiðslu og sætt þremur refsidómum hér á landi og tveimur erlendis (í Danmörku og Svíþjóð) fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf. Einnig hefur hann fjórum sinnum sæst á sektir og sætt fjórum refsidómum (þar af einum í Danmörku) fyrir annars konar brot.]

Ákærða var birt ákæruskjalið 15. apríl sl. og flutti skipaður verjandi munnlega vörn í málinu 9. júlí sl. og var málið tekið til dómsálagningar þann dag.

Verjandi ákærða gerði þær dómkröfur að ákærði hlyti vægustu refsingu, er lög frekast heimila, og að gæsluvarðhald ákærða kæmi til frádráttar dæmdri frelsisskerðingu ef dæmd verður. Þá var gerð krafa um að dæmd yrðu úr ríkissjóði málsvarnarlaun að mati réttarins.

Málsatvik.

Við húsleit á heimili ákærða 26. nóvember 1986 fundust 163,5 grömm af amfetamíni.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu 26., 27. og 30. s.m. lýsti ákærði kaupum sínum á 75 grömmum af amfetamíni af ónafngreindum aðila er ákærði kvaðst hafa hitt á nafngreindu veitingahúsi hér í borg. Þá lýsti ákærði blöndun efnisins, svo að úr varð um 150 grömm af amfetamíni að sögn ákærða.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 27. nóvember 1986 og bar þá á sama veg og rakið hefur verið. Ákærði kvaðst hafa blandað amfetamínið mjólkursykri, svo að úr hafi orðið nálægt 150 grömm af amfetamíni. Ákærði kvaðst hafa ráðgert að selja efnið með hagnaði.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 15. apríl sl. og viðurkenndi þá að hafa haft 163,5 grömm af amfetamíni í vörslum sínum á heimili sínu 26. nóvember 1986. Við nefnda yfirheyrslu kvaðst ákærði hafa ætlað efnið til eigin nota, og breytti ákærði fyrri framburði sínum á þann veg, að ákærði kvaðst, er lagt var hald á efnin, nýlega hafa verið kominn með efnin í hendur og á þeirri stundu ekki hafa tekið ákvörðun um dreifingu efnanna.

Niðurstöður.

Efni það, er lagt var hald á á heimili ákærða 26. nóvember 1986, var sent til greiningar á rannsóknastofu í lyfjafræði. Í niðurstöðu greiningarinnar, sem dagsett er 8. janúar 1987, segir: „Með tiltækum rannsóknaraðferðum mátti staðfesta, að amfetamínsúlfat væri í sýninu og koffein. Magn amfetamínsúlfats var 52%, er jafngildir 38% af amfetamínbasa, og magn koffeins 44%. Sýnið var þannig amfetamín samkvæmt framansögðu."

Dóminum þykir ekki mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, að ekki hafi verið ákveðið að selja efnin. Ákærði bar staðfastlega á annan veg um ofangreint atriði við frumrannsókn málsins, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Þykir einsýnt að svo mikið magn amfetamíns hafi ekki verið ætlað til eigin nota, og styrkir það upphaflegan framburð ákærða. Þá þykir sakaferill ákærða styrkja þá niðurstöðu, að efnið hafi verið ætlað til endursölu svo sem ákært er út af.

Með vísan til alls framanritaðs þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá er ákært er út af. Ákærði hafði þannig í vörslum sínum 26. nóvember 1986 á heimili sínu 163,5 grömm af amfetamíni, er lögregla gerði þar húsleit. Efnið hugðist ákærði selja í ágóðaskyni.

Ákærði hefur því unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Með hliðsjón af brotaferli ákærða, en ákærði hefur m.a. tvívegis verið dæmdur fyrir stórfelld fíkniefnabrot í Kaupmannahöfn og hér á landi, sbr. sakavottorð ákærða, er rakið var, verður refsing hans ákveðin fangelsi 20 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, komi fjórir dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði hugðist afla sér fjárvinnings með brotinu, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, og er ákærða því gert með vísan til 50. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1985, að greiða kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi í 5 daga í sektar stað, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk skulu 163,5 grömm af amfetamíni, er lagt var hald á, en efnin eru nú í vörslum dómsins, merkt efnaskrá nr. 1719, og vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 vegna upptökunnar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 15.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947, sæti fangelsi tuttugu mánuði, og komi fjórir dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði greiði kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi fimm daga í sektar stað, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk skulu 163,5 grömm af amfetamíni, merkt efnaskrá nr. 1719, í vörslum dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 15.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 116/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóhannesi Karlssyni
(Örn Clausen hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. mars 1989. Jafnframt var dóminum, að því er varðar ákærða, áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu, en staðfestingar að því er varðar upptöku. Meðákærði í héraði óskaði ekki áfrýjunar.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi allt frá 17. febrúar sl.

Staðfesta ber héraðsdóm, þó þannig að til frádráttar fangelsisrefsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 17. febrúar 1989.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, þó þannig að til frádráttar fangelsisrefsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, Jóhannesar Karlssonar, frá 17. febrúar 1989.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 27. febrúar 1989.

Ár 1989, mánudaginn 27. febrúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 707-708: Ákæruvaldið gegn Jóhannesi Karlssyni og X.

Mál þetta, sem munnlega var varið og dómtekið fyrr í dag, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 24. febrúar 1989, á hendur Jóhannesi Karlssyni, Mímisvegi 2A, Reykjavík, kt. 250261-2769, og X, til heimilis í New York,... „fyrir að hafa í ágóðaskyni staðið saman að innflutningi á um 56 g af kókaíni hingað til lands frá New York 8. febr. 1989. Ákærði X lagði fé til kaupa á efninu í New York og ákærði Jóhannes flutti það hingað til lands og seldi af því í Reykjavík: Magnúsi Brynjólfi Magnússyni, kt. 260545-2569, samtals 5-6 g á kr. 6.500 hvert gramm, Ólafi Aðalsteini Hannessyni, kt. 280559-4669, 1 g á kr. 10.000 og ónefndum manni um 5 g fyrir kr. 32.500, en hluta efnisins drýgði ákærði Jóhannes með sykri. Ákærði X hafði 49,2 g efnisins í vörslum sínum 16. febrúar að þáverandi dvalarstað sínum að Lokastíg 24 A í Reykjavík, er lögreglan gerði þar húsleit. Við handtöku ákærða Jóhannesar sama dag og við húsleit daginn eftir að þáverandi dvalarstað hans að Bergstaðastræti 27 í borginni var lagt hald á samtals 5,8 g efnisins."

Ofangreind ætluð háttsemi er í ákæruskjalinu talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, nr. 16/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 314/1981.

Kröfur ákæruvalds eru að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, á 55 g af kókaíni, sem lagt var hald á, og 28.800,00 krónum, sem þykir hafa verið aflað með framangreindri fíkniefnasölu og lagt var hald á í vörslum ákærða X, og enn fremur á tveimur ávísunum, annarri að fjárhæð 27.000,00 kr., dagsettri 13. febr. 1989, út gefinni af Magnúsi Brynjólfi Magnússyni, og hinni að fjárhæð 10.000,00 krónur, dagsettri 15. febrúar 1989, út gefinni af Ólafi Aðalsteini Hannessyni, en ávísanirnar voru báðar greiðslur í framangreindum fíkniefnaviðskiptum.

Ákærði, Jóhannes Karlsson, er, sem að ofan greinir, sakhæfur, og hefur sakavottorði samkvæmt sætt eftirfarandi kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1983 27/7 í Reykjavík. Sátt: 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 mán. frá 15. 6.1983.
1983 28/7 í Reykjavík. Sátt: 500 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr. umfl.
1983 28/12 í Reykjavík. Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hgl.
1986 15/1 í Reykjavík. Dómur: 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 6.11. 1985.
1986 19/11 í Reykjavík. Sátt: 16.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umfl.
1987 8/1 í Reykjavík. Sátt: 7.000 kr. sekt fyrir brot gegn 257. gr. hgl.

— — —

Málsatvik.

Að kveldi 15. þessa mánaðar kom hér fyrir dóm Sturla Þórðarson, deildarlögfræðingur við embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Nefndur lögfræðingur staðfesti að lögreglan hefði undanfarna sólarhringa gefið nánar gætur Magnúsi Brynjólfi Magnússyni, f. 20.5. 1945, vegna rökstuddra grunsemda um að hann hefði undir höndum eða aðgang að verulegu magni af kókaíni, sem smyglað hefði verið hingað til lands frá Bandaríkjunum stuttu fyrr.

Deildarlögfræðingurinn ofangreindur kvað og upplýst að 10. þ.m. hefði komið hingað til lands flugleiðis frá Bandaríkjunum Jóhannes Karlsson, hér á eftir jafnan nefndur ákærði, og sömu leið tveim dögum síðar X, hér á eftir jafnan nefndur meðákærði. Þættu allar athuganir lögreglu eindregið benda til, að síðastnefndir aðilar, annar eða báðir, hefðu með sér smyglað verulegu magni af kókaíni hingað til lands. Ákærði dveldist að Bergstaðastræti 27 hér í borg, en ráðgerði að halda aftur til Bandaríkjanna, nánar til tekið New York, innan fárra daga, og hefði þá lokið ætlaðri kókaínsölu hérlendis.

Kvað nefndur lögfræðingur lögreglu vita dvalarstaði allra þriggja ofangreindra aðila og fylgjast náið með innbyrðist samskiptum þeirra, sem með vissu væru talin varða ofangreind ætluð kókaínviðskipti, en einnig, að staða rannsóknar væri þá í svip á þann veg, að á hverri stundu kynni að draga til handtöku allra ofangreindra aðila.

Taldi nefndur lögfræðingur því brýnt rannsóknar vegna, að með dómsúrskurði yrði heimiluð leit að fíkniefnum og sönnunargögnum hugsanlega tengdum þeim í vistarverum ákærða að Bergstaðastræti 27 hér í borg.

Hann staðfesti og að hafa í öðru þinghaldi rétt áður lagt fram sams konar kröfu um leitarheimild að Öldugranda 13 hér í borg hjá fyrrgreindum Magnúsi Brynjólfi og í herbergi 7 á gistiheimilinu Svaninum að Lokastíg 24 A hér í borg á dvalarstað meðákærða.

Ofangreindar húsleitir allar voru heimilaðar með tveimur dómsúrskurðum, upp kveðnum skömmu fyrir miðnætti fyrrgreind kvöld.

Degi síðar, eða 16. þ.m., um kl. 18.50 handtók lögregla ákærða og meðákærða í bifreiðinni R44807 í Vonarstræti við Suðurgötu hér í borg.

Nefndir aðilar veittu mótspyrnu við handtökuna og meðákærði kastaði frá sér tveim lyklum, er reyndust að ofangreindu herbergi í gistiheimili.

Meðákærði reyndist við athugun á lögreglustöð við Hverfisgötu vera með tvö peningaveski og í þeim eftirfarandi:

1)	íslenskar krónur	A: 20.000	(4x5.000)
		B: 7.000	(7x1.000)
		C: 2.000	(4x500)

2) bandarískir doll.	A:	1.500	(15x100)
	B:	140	(7x20)
	C:	3	(3x1)
3) ensk pund	A:	120	(6x20)
	B:	70	(7x10)
	C:	5	(1x5)
4) þýsk mörk	A:	200	(2x100)
	B:	50	(1x50)

Þetta fé fannst í innanklæðaveski, er meðákærði bar við beltisstað, en að auki í seðlaveski íslenskar kr. 1.800,00.

Var þá gerð húsleit að Lokastíg 24 A hér í borg, nánar þar í herbergi nr. 7, samkvæmt ofangreindum dómsúrskurði.

Í ferðatösku á gólfi herbergis og nánar þar í leðurskóm í pappakassa fundust fjögur stór bréfaumslög með hvítu dufti, sem vegið var af lögreglu og auðkennt efnaskrá nr. 2268.

Samtals reyndist duft þetta 49,2 g að þyngd og skipting svo eftir umslögum:

A: 20,2 g, B: 19,5 g, C: 4,8 g, D: 4,7 g.

Allar fjórar efniseiningarnar gáfu við litarprófun hjá lögreglu jákvæða svörun sem kókaín.

Við komu ákærða á lögreglustöð eftir áðurnefnda handtöku fannst í buxnavasa hans bréfaumslag með hvítu dufti, 0,2 g að þyngd, og var auðkennt efnaskrá nr. 2269. Við litarprófun hjá lögreglu gaf þetta duft jákvæða svörun sem kókaín.

Var þá samkvæmt fyrrgreindum dómsúrskurði gerð húsleit að Bergstaðastræti 27 hér í borg á dvalarstað ákærða. Fannst þar eftirfarandi:

A: Plastpoki með hvítu dufti, falinn uppi á bita fyrir ofan stiga.

B: Umslag með hvítu dufti í jakkavasa í eldhúsi.

C: Umslag með hvítu dufti í jakkavasa í fatahengi við inngang í nefnda íbúð.

Innihald plastpokans var vegið af lögreglu og reyndist 5,0 g, en auðkennt sem efnaskrá 2270. Duft úr jakkavösum fyrrgreindum reyndist við sams konar vigtun 0,4 g úr öðrum, en 0,2 g úr hinum, og auðkennt sem efnaskrá nr. 2271.

Sýni þriggja fyrrgreindra efniseininga reyndust öll við litarprófun lögreglu svara jákvætt sem kókaín.

Lítilræði af dufti, töldu í lið A, á efnaskrá nr. 2268, var af lögreglu sent í nánari efnagreiningu til Rannsóknarstofu í lyfjafræði, Háskóla Íslands.

— — —

Lokaniðurstaða fyrrgreindrar stofnunar barst með bréfi, dags. 27.2. 1989, er segir:

„Ávana- og fíknilyf og efni. Matsgerð nr. 1007. Beiðni lögreglustjórans í Reykjavík, sem dagsett er 17.2.1989, sbr. hjálagt ljósrit (ref. 89025). Sýni E-2268-A: Sýnið var hvítt duft og vó 0,14 g. Með tiltækum rannsóknaraðferðum mátti staðfesta að kókaín væri í sýninu í formi klóríðs svo og sakkarósi. Magn kókaínklóríðs var 40%, en það svarar til 36% af kókaínbasa. Sýnið var þannig kókaín samkvæmt framansögðu.

F.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði.

Þorkell Jóhannesson (sign.).“

Meðákærði bar í fyrstu lögregluyfirheyrslu 16. þ.m. af sér fíkniefnabrot eða vitneskju um slíkt hérlendis.

Hann kvaðst hafa komið hingað til lands flugleiðis frá New York sunnudaginn 12. þ.m. að heimsækja vin sinn ákærða, sem hér væri í stuttri heimsókn, en þeir félagar byggju í sömu íbúð í New York.

Degi síðar var af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík lögð fram hér fyrir dómi krafa um gæsluvarðhald á hendur meðákærða.

Í því sambandi var meðákærði nefndan dag yfirheyrður fyrir dómi og kvaðst þá vilja lýsa réttilega tengslum sínum við þau kókaínefni, er í hans vörslum fundust við handtöku deginum áður.

Meðákærði kvaðst undanfarna tvo mánuði hafa búið í sama húsi og ákærði í New York. Hafi sá síðarnefndi þar ytra 2-3 vikum fyrr lýst þeim ráðagerðum að kaupa kókaín og smygla hingað til lands og í því sambandi falast af meðákærða eftir 3.000 US$ láni, en boðið á móti fulla endurgreiðslu fjárhæðarinnar og helming væntanlegs söluhagnaðar af efnum að auki og gert ráð fyrir að fá fyrir nefnt lán tvær únsur, um 56 g, af kókaíni.

Meðákærði kvaðst hafa gengið að þessu boði og komið hingað til lands á þeim tíma, er að ofan greinir, í því skyni að gæta fyrrnefndra peningahagsmuna sinna.

Meðákærði kvað ákærða hins vegar hafa komið hingað nokkrum dögum fyrr og haft þá með sér fyrrnefnt kókaín.

Meðákærði kvaðst við ofanskráða handtöku hafa verið búinn að taka við frá ákærða 35-40 þús ísl. kr. sem fyrstu endurgreiðslu, en ekki vita, að hve miklu leyti það fé væri fyrir kókaínsölu.

Meðákærði kvaðst ekki hafa séð fyrrnefnt kókaín hérlendis utan lítilræði, um 1 g, í fórum ákærða, fyrr en fáum klst. fyrir handtöku, að ákærði fékk meðákærða til geymslu það kókaín, er lögregla lagði hald á stuttu síðar að Lokastíg 24.

Meðákærði kvaðst og hafa verið búinn að ákveða að halda aftur til New York 18. þ.m., hvernig sem fyrrgreind fjármál þá stæðu eða endurgreiðslur frá ákærða.

Meðákærði var 17. þ.m. úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að hádegi 28. þ.m.

Hann skýrði nánar frá ofangreindu í lögregluyfirheyrslu 20. þ.m.

Meðákærði lýsti þá á sama veg og fyrr er rakið aðdraganda að kókaínkaupum ákærða í New York, svo og efnismagni, en kvað sitt fjárframlag hafa verið 3.200 US$.

Meðákærði kvað ákærða hafa ráðgert að leyna efnunum í endaþarmi, en taldi sig ekki vita hvort sú varð reyndin. Meðákærði kvaðst ekki hafa ætlað að skipta sér frekar af þessu og því orðið eftir í New York við brottför ákærða. Hins vegar hefði hann tveimur dögum síðar hringt hingað til lands í hinn síðarnefnda og boðað komu sína, þar eð hann treysti ekki ákærða í fyrrgreindum fjármálum.

Kvaðst meðákærði við áðurnefnda hingaðkomu hafa leigt sér herbergi í gistiheimili við Lokastíg og dvalist þar hverja nótt utan eina að Bergstaðastræti 27 á heimili systur ákærða, þar sem hinn síðarnefndi hafði jafnframt aðsetur.

Meðákærði kvað ákærða lengi hafa leitað fyrir sér um sölu kókaínsins, en ekki vita hvað tafði söluna.

Meðákærði lýsti þá á sama hátt og fyrr greinir móttöku efna til geymslu frá ákærða, hins vegar skýrt stuttu síðar fyrir kærða að meðákærði hefði aldrei ætlað að koma nærri kókaíninu og yrði ákærði því að finna þessum efnum annan geymslustað.

Taldi meðákærði það hafa tekist og hann ásamt ákærða við margnefnda handtöku á leið að nálgast kókaínið á fyrrnefndu gistiheimili og flytja á annan geymslustað.

Meðákærði lagði áherslu á í þessari lögregluyfirheyrslu, að erindi sitt hingað til lands hefði verið það að endurheimta ofangreint fjárframlag, enda óttast að tapa ella þessu fé.

Meðákærði kvað hugsanlegan hagnaðarhlut sinn ekki hafa skipt máli á þessu stigi og ráðgert að síðar yrði útkljáð hans og ákærða í milli.

Þá endurtók meðákærði að fastákveðin hefði verið för sín til New York 18. þ.m.

Í lögregluyfirheyrslu 22. þ.m. kvaðst meðákærði við hingaðkomu hafa verið með 1.643 US$ og 1.000,00 kr. ísl.

Strax á eftir og án orða hafi ákærði afhent meðákærða 250 þýsk mörk, 195 bresk pund og 29.800 ísl. kr.

Kvaðst meðákærði hafa litið svo á að ákærði væri þarna að inna af hendi fyrstu greiðslu upp í áðurnefnt 3.200 US$ framlag meðákærða.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá lögreglu um hádegi 17. þ.m. Hann kvaðst búsettur í New York og hafa dvalist þar nær samfellt eitt og hálft

ár, vera trésmiður að mennt og starfa við iðn sína þar ytra, þó ekki hafa þar atvinnuleyfi, en ferðamannaáritun til tíu ára.

Ákærði kvaðst hafa komið hingað til lands þriðjudaginn 7. þ.m. fyrst og fremst í þeim tilgangi að smygla hingað kókaíni og selja í ágóðaskyni. Kvaðst ákærði í því sambandi stuttu áður hafa fengið lánaða hjá meðákærða 3.200 US$ og fyrir 2.800 US$ þar af keypt í New York af sér ókunnum aðila samtals um 50 g af kókaíni.

Hann kvað meðákærða hafa vitað um þessi kaup og reyndar gefið sér í skyn, að ákærði mundi kaupa 70 g af slíkum efnum. Ákærði kvaðst og hafa sýnt meðákærða efnin í New York skömmu fyrir för ákærða þaðan flugleiðis hingað til lands og á þeirri leið leynt efnum í nærbuxum.

Ákærði kvaðst eftir hingaðkomu hafa dvalist að Bergstaðastræti 27 á heimili systur ákærða og sambýlismanns hennar og falið efnin þar, nánar til tekið í skáp fyrir óhrein föt og þar í skóm.

Ákærði kvaðst um sölu efna hafa snúið sér að tveimur mönnum, en ekki vita nöfn á. Annar hafi 12. þ.m. keypt 1 g af hreinu efni og greitt með 10.000,00 kr. ávísun, sem ákærði kvaðst eiga í farangri sínum. Hinn hafi um svipað leyti keypt 5 g og greitt með samtals 32.500,00 íslenskum krónum.

Ákærði kvaðst og hafa komist í samband við Magnús Brynjólf Magnússon, Öldugranda 13, og hinn síðarnefndi lýst áhuga að kaupa talsvert magn af kókaíninu. Taldi ákærði sig hafa selt nefndum Magnúsi 5-6 g af kókaíninu, en áður blandað þar við flórsykri til drýginda og Magnús fyrrnefndur greitt við móttöku kr. 18.000,00, en skuldi afgang. Ákærði kvaðst hafa afhent þetta áðurnefnda efnismagn í þrennu lagi, þar af tvívegis að Bergstaðastræti 27, en einu sinni á heimili nefnds Magnúsar.

Ákærði kvað systur sína áðurnefnda hafa ætlað að aðstoða við að útvega nýjan geymslustað fyrir kókaínið og samið þar um við vinkonu um geymslu efnanna í nokkrar klst.

Kvaðst ákærði 16. þ.m. snemma dags hafa flutt efnin af áðurnefndum felustað að Bergstaðastræti 27 til meðákærða í fyrrnefnt gistiheimili, en ætlun ákærða að flytja efnin enn skömmu síðar til áðurnefndrar vinkonu systur ákærða.

Ákærði taldi sig ekki í þessari yfirheyrslu vita hve mikið fé hann hefði greitt meðákærða eftir komu hingað til lands.

Sama dag, eða 17. þ.m., var hér fyrir dómi af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík gerð krafa um gæsluvarðhald ákærða í þágu rannsóknarhagsmuna. Ákærði var í því sambandi yfirheyrður fyrir dómi og staðfesti þá ofangreint í öllum atriðum.

Var ákærði í framhaldi þar af úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að hádegi 28. þ.m. Lýsti hann þá á sama veg og að ofan er rakið og í lögregluyfir-

heyrslu 22. þ.m. komu sinni hingað til lands, efnismagni og peningaframlagi meðákærða ytra, en kvaðst þó hafa varið þar af til eigin nota 400 US$, en afgangi til kókaínkaupanna.

Ákærði kvaðst hafa sett efnin í þrjá smokka og þannig leynt í endaþarmi á leið hingað til lands.

Þá lýsti ákærði sem áður felustað efnanna að Bergstaðastræti 27, sömuleiðis að meðákærði hefði síðar afráðið að koma einnig hingað til lands og gert svo 12. þ.m. í því skyni að tryggja endurgreiðslu fjárframlags síns og dvalist á gistiheimilinu Svaninum við Lokastíg.

Ákærði lýsti í hvívetna á sama veg og áður sölu á 1 g af kókaíni gegn 10.000,00 kr. ávísun og 5 g af sama efni gegn 32.500,00 kr. staðgreiðslu og taldi báðar sölurnar hafa orðið helgina 12.-13. þ.m. í bifreið við veitingastað að Laugavegi 22 hér í borg, einnig sem fyrr sölu á 5-6 g af kókaíni til Magnúsar Brynjólfs Magnússonar gegn 18.000,00 kr. greiðslu, en bætti nú við að Magnús þessi hefði jafnframt gefið út 27.000,00 kr. ávísun fyrir eftirstöðvum kaupverðs. Kvaðst ákærði við handtöku hafa verið búinn að afhenda meðákærða samtals um 40.000,00 kr. af þessu fé upp í ofangreinda skuld, en ætlun ákærða að endurgreiða þetta að fullu þegar allt kókaínið hefði verið selt. Þá lýsti ákærði á sama veg og áður flutningi kókaíns frá Bergstaðastræti 27 í gistiheimili við Lokastíg og ráðagerðum að færa efnin þaðan skömmu síðar til áðurnefndrar vinkonu systur ákærða. Kvað ákærði nafn þessarar vinkonu vera Guðnýju og hana búa að Snorrabraut 42, Reykjavík.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 23. þ.m. taldi ákærði endurgreiðslur til meðákærða sem fyrr hafa numið um 40.000,00 kr., en þar af jafnvirði um 500 US$ í erlendum gjaldmiðli. Að ábendingu ákærða fann lögregla að Bergstaðastræti 27 fyrrgreinda 10.000,00 kr. ávísun, sem reyndist á reikning nr. 35210 í Verslunarbanka Íslands, dags. 15.2. 1989 og út gefin af Ólafi A. Hannessyni. Hinn síðastnefndi, f. 28.5.1959, var handtekinn 21. þ.m. og yfirheyrður af lögreglu. Kannaðist hann við að hafa 7-10 dögum fyrr verið í veitingahúsi við Laugaveg 22 hér í borg og til sín komið maður og boðið til sölu kókaín. Kvað nefndur Ólafur þetta hafa leitt til að hann keypti af fyrrnefndum manni og í bifreið þarna fyrir utan 1 g af þessu kókaíni og greiddi fyrir með fyrrnefndri ávísun, sem þó hafi verið gefin út einhverja daga fram í tímann.

Hinn 17. þ.m. og að undangengnum dómsúrskurði gerði lögregla fíkniefnaleit að Öldugranda 13 hér í borg hjá fyrrgreindum Magnúsi Brynjólfi Magnússyni. Fannst þar reykpípa og grammavog, hvort tveggja með ætluðum kannabisleifum, en að auki pappasogrör og tvö lítil rakblöð, allt með hvítum efnisleifum. Yfirheyrður af lögreglu í framhaldi þar af kannaðist Magnús þessi við að þekkja ákærða, einnig að hafa næstu daga á undan

og í þremur afhendingum þegið af ákærða að gjöf 4-5 g af kókaíni, þar af tvívegis að Bergstaðastræti 27 og í eitt skipti að Öldugranda 13.

Nefndur Magnús Brynjólfur var á ný yfirheyrður um ofangreint 22. þ.m. Kvaðst hann þá 10. þ.m. hafa keypt af ákærða um 4 g af kókaíni og sjálfur notað. Fyrir þetta hefði hann greitt kr. 10.000,00, en að auki gefið út ávísun til tryggingar greiðslu eftirstöðva, að upphæð 27.000,00 kr., á reikning nr. 8501 í Sparisjóði vélstjóra.

Ákærði og Magnús Brynjólfur voru samprófaðir hjá lögreglu 22. þ.m. Hélt þar hvor fast við fyrri framburð sinn svo að ekki náðist samræmi um efnismagn né upphæð peningagreiðslu.

Hinn 16. þ.m. var yfirheyrð af lögreglu Anna María Karlsdóttir, f. 2.5.1962, systir ákærða. Kvað hún ákærða hafa komið flugleiðis frá New York hingað til lands 8. þ.m. án þess að boða áður komu sína og dvalist frá þeim tíma á heimili nefndrar Önnu að Bergstaðastræti 27 hér í borg. Einnig hafi komið hingað til lands 12. þ.m. meðákærði og kunningi ákærða, en hinn fyrrnefndi dvalist á hóteli.

Í annarri lögregluyfirheyrslu síðar sama dag kvaðst fyrrnefnd Anna María áður hafa undan dregið í framburði. Kvaðst hún fljótlega eftir komu ákærða hafa áttað sig á að hann notaði fíkniefni, þótt ekki væri rætt né hún séð slíkt í fórum ákærða.

Nefnd Anna María kvað hins vegar ákærða hafa tjáð sér fyrr, hinn 16. þ.m., að hann ásamt meðákærða hefði geymt fíkniefni í gistihúsi þar sem hinn síðarnefndi dvaldist, en að meðákærði þyrði ekki að geyma efnin þar. Kvaðst Anna María hafa hafnað beiðni ákærða um að taka við slíkum efnum til geymslu, en haft samband við vinkonu sína, Guðnýju Halldórsdóttur, Snorrabraut 42, og fyrir henni skýrt ofangreint. Kvað hún nefnda Guðnýju hafa samþykkt að geyma slíkan pakka í nokkrar klst. þar til ákærði eða meðákærði vitjaði hans.

Sama dag, 16. þ.m., var yfirheyrð af lögreglu sem vitni áðurnefnd Guðný Halldórsdóttir, f. 29.1.1960. Hún kannaðist við það erindi Önnu Maríu Karlsdóttur að hafa fyrr um kvöldið beðið sig að geyma fyrir ákærða pakka, sem hinn síðarnefndi vildi ekki hafa heima við. Hafi Anna María talið líklegt, að pakkans yrði vitjað síðar sama kvöld, annaðhvort af ákærða eða meðákærða, er nefnd Anna María hafi nafngreint.

Guðný Halldórsdóttir kvað sér eftir á hafa þótt þessi beiðni undarleg, en síðar grunsamleg og án árangurs reynt að ná sambandi við Önnu Maríu. Næst hafi lögreglu borið að og óskað skýringa á að miði með nafni og heimilisfangi Guðnýjar Halldórsdóttur hafi skömmu áður fundist í fórum útlendings og meðákærða.

Hinn 17. þ.m. var yfirheyrður af lögreglu Gunnar Smári Egilsson, f. 11.1.1961, sambýlismaður áðurnefndrar Önnu Maríu. Hann kannaðist við

að ákærði hefði komið hingað til lands frá New York 8. þ.m. og eftir það dvalist á heimili áðurgreindra að Bergstaðastræti 27.

Kvað Gunnar Smári sig hafa grunað, að ákærði notaði fíkniefni, eftir útliti hans að dæma, enda stuttu fyrr fundið umbúðir með hvítu dufti í jakkavasa í fatahengi á heimili sínu, en ekki kannast við og talið ákærða eiga. Ekki kvaðst Gunnar Smári hafa rætt þetta við ákærða né Önnu Maríu, heldur látið efnin aftur á sama stað og lögregla þar fundið við húsleit 17. þ.m., stuttu fyrir ofangreinda yfirheyrslu.

— — —

Niðurstöður.

Með vísan til alls framanritaðs þykja í máli þessu liggja fyrir skýlausar játningar beggja ákærðu um alla þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæruskjali.

Teljast þær játningar hafa nægilegan stuðning í fundi og töku fjármuna og kókaínefna og niðurstöðu efnagreiningar auk fyrrgreinds framburðar Ólafs A. Hannessonar og Magnúsar Brynjólfs Magnússonar. Varlegra þykir þó að leggja til grundvallar, að hinn síðarnefndi hafi einvörðungu keypt 4 g af kókaíni af ákærða Jóhannesi. Samkvæmt því og öðru framanskráðu verður talið nægilega sannað, að ákærðu hafi í ágóðaskyni staðið saman að innflutningi á um 56 g af kókaíni hingað til lands frá New York 8. febrúar 1989. Ákærði X lagði fé til kaupa á efninu í New York og ákærði Jóhannes flutti það hingað til lands og seldi af því í Reykjavík: Magnúsi Brynjólfi Magnússyni, kt. 260545-2569, samtals 4 g á kr. 6.500,00 hvert gramm, Ólafi Aðalsteini Hannessyni, kt. 280559-4669, 1 g á kr. 10.000,00 og ónefndum manni um 5 g fyrir kr. 32.500,00, en hluta efnisins drýgði ákærði Jóhannes með sykri. Ákærði X hafði 49,2 g efnisins í vörslum sínum 16. febrúar sl. að þáverandi dvalarstað sínum að Lokastíg 24 A í Reykjavík, er lögreglan gerði þar húsleit. Við handtöku ákærða Jóhannesar sama dag og við húsleit daginn eftir að þáverandi dvalarstað hans að Bergstaðastræti 27 hér í borginni var lagt hald á samtals 5,8 g efnisins.

Nefnd háttsemi beggja ákærðu þykir í ákæruskjali réttilega heimfærð til refsiákvæða og því varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, nr. 16/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 314/1981.

Ákærðu hafa samkvæmt því báðir unnið til refsingar.

Við refsimat verður ákærði Jóhannes talinn frumkvöðull að alvarlegu broti, er varðar eina skaðvænlegustu tegund fíkniefna, þótt reynst hafi að þessu sinni blönduð að hluta með sykri. Að því og öðru fyrrgreindu athug-

uðu og virtu þykir refsing ákærða Jóhannesar hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár, en að auki 65.000,00 kr. í fésekt til ríkissjóðs, þar eð ákærði lét af hendi fíkniefni gegn fégjaldi og hafði hagnað af, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976 og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. og 7. gr. laga nr. 42/1985. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi með vísan til 2. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, í hennar stað fangelsi í 30 daga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga verður gæsluvarðhaldsvist ákærða Jóhannesar í samtals 12 daga dregin með fullri dagatölu frá áðurnefndri fangelsisrefsingu.

Refsing ákærða X þykir með vísan til alls þess sem áður er rakið, hæfilega ákveðin fangelsi í 14 mánuði, en þar frá skal draga með fullri dagatölu 12 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt því og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu in solidum til að greiða allan kostnað sakarinnar utan ákærði Jóhannes einn kr. 45.000,00 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Þórðar Þórðarsonar hdl., og ákærði X einn kr. 45.000,00 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Ólafs Garðarssonar hdl., að viðbættu tíðkanlegu 12% sölugjaldi við hvora síðasttalinna upphæða.

Þá ber, sem í ákæruskjali er krafist og með vísan til 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 að gera upptæk til eyðingar þau 55 g af kókaíni, sem lögregla fann og lagði hald á samkvæmt ofanskráðu 16. þ.m. Er þar nánar um að ræða:

1) 49,2 g að Lokastíg 24 A 16.2.1989.

2) 0,2 g í fötum ákærða Jóhannesar 16.2.1989.

Sbr. efnaskrá nr. 2268 varðandi lið 1, en efnaskrá nr. 2269 varðandi lið 2.

3) 5,0 g að Bergstaðastræti 27 16.2.1989. Sbr. efnaskrá nr. 2270.

4) 0,4 g og 0,2 g að Bergstaðastræti 27 16.2.1989. Sbr. efnaskrá nr. 2271.

Einnig með vísan til fyrrgreindra lagaákvæða og reglugerðar skal upptækt til ríkissjóðs:

1) Kr. 28.000,00 úr vörslum ákærða X.

2) Ávísun nr. 3048062, að fjárhæð 27.000,00 kr., dags. 13.2.1989 á reikning nr. 8501 í Sparisjóði vélstjóra, úr vörslum ákærða Jóhannesar.

3) Ávísun nr. 1314379, að fjárhæð 10.000,00 kr., dags. 15.2.1989 á reikning nr. 35210 í Mosfellsútibúi Verslunarbanka Íslands.

Dómsorð:

Ákærði Jóhannes Karlsson, f. 25.2.1961, sæti fangelsi í tvö ár að frá dregnu 12 daga gæsluvarðhaldi, en greiði að auki kr. 65.000,00 í fésekt til ríkissjóðs. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna

frá birtingu dóms þessa að telja, sæti ákærði í hennar stað fangelsi 30 daga.

Ákærði X sæti fangelsi 14 mánuði að frá dregnu 12 daga gæsluvarðhaldi.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, utan ákærði Jóhannes einn kr. 45.000,00 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Þórðar Þórðarsonar hdl. og ákærði X einn kr. 45.000,00 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Ólafs Garðarssonar hdl., að viðbættu tíðkanlegu 12% sölugjaldi á hvora upphæð.

Upptæk til eyðingar skulu 55 g af kókaíni.

Einnig skal upptækt til ríkissjóðs:

1) Kr. 28.000,00 úr vörslum ákærða X.

2) Ávísun nr. 3048062, að upphæð kr. 27.000,00, dags. 13.2.1989, á reikning nr. 8501 í Sparisjóði vélstjóra, úr vörslum ákærða Jóhannesar.

3) Ávísun nr. 1314379, að fjárhæð 10.000,00 kr., dags. 15.2. 1989 á reikning nr. 35210 í Mosfellsútibúi Verslunarbanka Íslands, úr vörslum ákærða Jóhannesar.

Þriðjudaginn 13. júní 1989.

Nr. 92/1988. **Guðni Þórðarson**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
Sigurði H. Guðjónssyni hrl.
f.h. Viajes Ecuador S.A.
og gagnsök
(sjálfur).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. mars 1988. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1988. Hann krefst þess, að kröfum aðaláfrýjanda verði hrundið og hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa áfrýjanda um, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, er byggð á því að vegna áritunarinnar á skjal það, sem gagnáfrýjandi reisir kröfu sína á, sé það ekki víxill. Verði að skoða skjalið og bréfið, sem þar er vísað til, sem eina heild og líta á þau sem samning. Þar sem gagnáfrýjandi hafi ekki efnt sinn hluta samningsins hafi ekki stofnast fjárkrafa á hendur aðaláfrýjanda. Beri því að vísa málinu frá héraðsdómi á grundvelli 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Gagnáfrýjandi mótmælir frávísunarkröfunni og heldur því fram að krafa sín sé víxilkrafa, og hafi engar þær varnir komið fram, sem komið verði að í slíku máli.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi hafði aðaláfrýjandi uppi frávísunarkröfu í héraði, sem studd var sömu rökum og nú er gert. Var frávísunarkröfunni hafnað með úrskurði héraðsdómara og

hefur þeim úrskurði ekki verið áfrýjað samkvæmt 17. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt. Verður frávísunarkröfu aðaláfrýjanda því ekki sinnt.

Aðaláfrýjandi hefur ekki haft uppi neinar þær varnir sem koma má að í víxilmáli gegn andmælum gagnáfrýjanda, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti sem telst hæfilega ákveðinn 225.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Guðni Þórðarson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði H. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni f.h. Viajes Ecuador S.A., 225.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 11. júní sl., af Viajes Ecuador Sucursal de Benidorm, Spáni, gegn Guðna Þórðarsyni, nnr. 3142-3767, Garðastræti 39, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu víxilskuldar, að fjárhæð kr. PTS 3.300.000,00, með 11,5% ársvöxtum frá 25.1. 1987 til 14.4. s.á., en frá þ.d. til greiðsludags er krafist dráttarvaxta skv. upplýsingum Seðlabanka Íslands. Þá er krafist kr. 7.710,00 í stimpilgjald og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Endanlegar dómkröfur stefnda, eins og þær voru settar fram við munnlegan flutning málsins, eru þær, aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en ef ekki verði á það fallist, er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og gert að greiða honum málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Við fyrirtöku málsins 27. janúar sl. óskaði stefndi, sem þá mætti sjálfur, eftir frekari fresti til að ráðfæra sig við lögmann sinn og til að afla frekari gagna. Mótmælti þá lögmaður stefnanda að stefndi fengi frekari frest. Var krafan tekin til úrskurðar sama dag, og var stefnda synjað um frekari frest og málinu frestað til munnlegs málflutnings sem fram átti að fara mánudaginn 5. febr. sl. Með samkomulagi aðila og dómara var málflutningi síðan frestað til 8. febr. sl.

Með úrskurði, upp kveðnum 15. febrúar 1988, var frávísunarkröfu stefnda, sem fram kom við munnlegan flutning málsins, hrundið og koma því aðeins sýknukrafa og málskostnaðarkrafa til álita hér.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi telur skuld þessa vera samkvæmt víxli, að fjárhæð PTS 3.300.000,00, út gefnum hinn 11.2. 1986 í Reykjavík af Viajes Ecuador S.A. Sucursal de Benidorm og ábektum af sama. Víxillinn sé samþykktur til greiðslu af Guðna Þórðarsyni, Garðastræti 39, Reykjavík, með greiðslustað að Garðastræti 39, Reykjavík, en gjalddaga 25.1. 1987.

Stefnandi kveður víxilskuld þessa ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir ítrekuð tilmæli og sé því málshöfðun þessi óhjákvæmileg.

Kröfu sinni til stuðnings vísar stefnandi til ákvæða víxillaga, nr. 93/1933, einkum 7. kafla, um fullnustu vegna greiðslufalls. Um vaxtakröfu sína vísar stefnandi til 2. tl. 48. gr. l. 93/1933, sbr. 1. mgr. l. 54/1965, 5. gr. l. 58/1960 skv. bráðabirgðaákvæði IV í l. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Enn fremur er vísað til 11. gr. l. 25/1987, sbr. og 2. gr. l. 33/1987.

Um greiðslustað vísar stefnandi til 3. mgr. 2. gr. l. 93/1933, sem segir, að sá staður, sem tilgreindur sé við nafn greiðanda, skuli vera greiðslustaður víxilsins, sé greiðslustaður ekki tilgreindur.

Við upphaf munnlegs málflutnings óskaði lögmaður stefnda eftir því að leggja fram bréf á dskj. nr. 7, sem hann sagði vera afrit af skjali því, sem vísað væri til á víxileyðublaðinu, sbr. áritunina: „Bill of Exchange deposited as a guarantee to attaced (sic) letter". Lögmaður stefnanda samþykkti framlagningu skjalsins, en mótmælti því að þetta væri það skjal sem stefndi segði það vera. Að auki mótmælti hann skjalinu sem þýðingarlausu fyrir málið. Við munnlegan flutning málsins mótmælti stefnandi því enn fremur, að varnir þær, sem stefndi hélt uppi varðandi lögskipti að baki skjalinu, kæmust að í málinu, þar sem um víxilmál væri að ræða. Þá var mótmælt aðallega sem of seint fram kominni þeirri málsástæðu stefnanda að ekki væri um að ræða lögformlegan víxil í skilningi 1. gr. víxillaga, en til vara, að áritun á víxil, sem stefndi byggði á, breytti engu um gildi skjalsins sem víxils.

Þá var málskostnaðarkröfu stefnda mótmælt sem of seint fram kominni.

Sýknukröfu sína styður stefndi í fyrsta lagi þeim rökum, að skjal það, sem sé grundvöllur málsóknarinnar, sé í raun ekki víxill. Áritunin „Bill of Exchange deposited as a guarantee to attaced (sic) letter" valdi því, að skjalið hafi ekki víxilgildi, heldur sé það aðeins hluti samnings og verði að skoðast í samhengi við bréf á dómskjali nr. 7 sem lagt var fram í málinu við upphaf munnlegs málflutnings með samþykki stefnanda. Þetta geri það að verkum, að stefnandi geti haft uppi varnir, sem lúti að lögskiptunum

að baki skjölunum. Þar sem stefnandi hafi sjálfur ekki efnt sinn hluta samningsins geti hann ekki krafið stefnda um efndir síns hluta. Ber því að sýkna stefnda af kröfunum.

Þá styður stefndi sýknukröfu sína með vísan til 17. gr. víxillaga. Enda þótt sú grein eigi ekki við hér beinlínis skv. efni sínu, þá gildi um þetta sömu sjónarmið, þ.e. að útgefandi sé hér að innheimta víxilinn vitandi um að það muni valda stefnda stórkostlegu tjóni vegna þess að stefnandi hafi sjálfur algerlega brugðist skyldum sínum skv. samkomulagi við stefnda.

Í greinargerð er í þessu sambandi vísað til 19. gr. l. 93/1933, víxillaga. Í þriðja lagi er sýknukrafa studd beinlínis með vísan til lögskiptanna að baki víxlinum. Kemur fram í greinargerð stefnda að víxill þessi hafi verið settur til tryggingar vegna væntanlegra viðskipta stefnda við stefnanda, en stefndi rekur ferðaskrifstofu. Tók stefnandi að sér útvegun íbúða handa sólarlandafarþegum á vegum stefnda. Kveður stefndi að stefnandi hafi ekki getað staðið við sinn hluta samkomulagsins af einhverjum ókunnum ástæðum. Þá bendi stefndi á í greinargerð að bæði samþykkjandi og Viajes Ecuador hafi vitað að tryggingarvíxil fyrir þess konar viðskiptum hafi verið óheimilt að samþykkja til greiðslu nema með fyrir fram gefnu leyfi ísl. gjaldeyrisyfirvalda, sem ekki hafi verið sótt um, enda hafi aldrei átt að innheimta víxil þennan þar sem hvorki hafi orðið af né verði af þeim viðskiptum sem hann var settur til tryggingar fyrir, enda hafi Seðlabanki Íslands upplýst að hinum íslenska banka hafi borið að endursenda víxilinn tafarlaust.

Niðurstaða.

Stefndi reisir sýknukröfu sína aðallega á því að ekki sé um víxil að ræða sem fullnægi formskilyrðum 1. gr. víxillaga, nr. 93/1933, og að skoða verði skjalið, sem ritað sé á víxileyðublað, í heild ásamt bréfi á dskj. nr. 7. Þar af leiðandi sé rétt að draga inn í málið lögskipti sem liggi að baki þessum samningi, en það eigi að leiða til sýknu þar sem stefnandi hafi ekki staðið við þann hluta samnings. Taldi stefndi að málsástæða þessi væri ekki of seint fram komin þar sem hana mætti lesa út úr greinargerð stefnda á dskj. nr. 6. Þar sem stefndi hefði sjálfur samið greinargerðina og hann sé ólöglærður hafi þetta ekki komið skýrar fram. Stefnandi mótmælti þessari málsástæðu stefnda þar sem hún væri of seint fram komin. Þegar greinargerð stefnda er virt, verður ekki annað séð en stefndi gangi út frá því, að um formlega gildan víxil sé að ræða, enda þótt hann telji sig ekki eiga að greiða hann vegna þeirra lögskipta sem liggi að baki honum. Er því ekki unnt að taka þessa málsástæðu stefnanda til greina sem of seint fram komna. Verður því litið svo á, að um víxil sé að ræða, sem fullnægi

formskilyrðum 1. gr. víxillaga, nr. 93/1933, enda hefur ekki annað komið fram í máli þessu er breytt geti þeirri niðurstöu.

Þá verður ekki heldur fallist á það með stefnda, að 17. og/eða 19. gr. víxillaga leiði til þess að sýkna beri stefnda af víxilkröfunni, þar sem greinar þessar breyta ekki neinu um þær varnir sem heimilt er að hafa uppi í víxilmálum skv. 208. gr. l. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Þegar af þessari ástæðu kemur málsástæða þessi ekki til álita.

Er þá komið að því að taka afstöðu til þeirra lögskipta sem búa að baki víxlinum. Með vísan til 208. gr. l. 85/1936 ber að líta svo á að varnir þær komist ekki að í málinu, enda hefur lögmaður stefnanda mótmælt því.

Eftir þeim úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda alla víxilfjárhæðina, þ.e. PTS 3.330.000,00, ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir, og kr. 7.710,00 í stimpilgjald. Þá greiði stefndi stefnanda í málskostnað kr. 190.000,00.

Dóminn kvað upp Davíð Þ. Björgvinsson, ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Guðni Þórðarson, greiði stefnanda, Viajes Ecuador, PTS 3.330.000,00 ásamt 11,5% ársvöxtum frá 25.1. 1987 til 14.4. s.á., en með hæstu lögleyfðum vöxtum af PTS eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags, kr. 7.710,00 í stimpilgjald og kr. 190.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. júní 1989.

Nr. 245/1987. **Skipasmiðjan Hörður hf.**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf.
(Jón G. Briem hdl.).

Gerðardómur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1987. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að staðfest verði, að sér sé ekki skylt að greiða stefnda dagsektir vegna tafa, sem urðu á framkvæmd breytinga á ms. Þórkötlu II, GK 197, er gerðar voru í samræmi við samning aðila 11. júlí 1983. Til vara krefst hann þess, að meðferð málsins fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur frá og með munnlegum flutningi þess 30. júní 1987 verði ómerkt og málinu vísað að nýju heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur, þ.e., að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

I.

Kröfugerð áfrýjanda hér fyrir dómi er áfátt, þar sem eðli máls samkvæmt ber að taka kröfu um ómerkingu og frávísun til meðferðar á undan kröfu um efni máls.

II.

Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu. Þegar af þeirri ástæðu kemur krafa hans um frávísun frá héraðsdómi ekki til afgreiðslu.

III.

Í kröfugerð áfrýjanda felst, sbr. dóm Hæstaréttar 20. maí 1987, að honum verði dæmt óskylt að hlíta gerðardómi frá 12. febrúar 1985. Í hinum áfrýjaða dómi er tekin afstaða til þessa í ljósi rökstuðnings áfrýjanda. Verður ekki fallist á, að meðferð eða niðurstaða héraðsdómarans leiði til ómerkingar og heimvísunar málsins.

IV.

Fallist er á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um þau álitaefni, sem varða skipan gerðardóms í máli aðilanna.

Verksamningur aðila frá 11. júlí 1983 ásamt yfirlýsingu þeirra 30. desember s.á. var hinn efnislegi grundvöllur, sem gerðardóminum bar að reisa úrlausn sína á. Greind yfirlýsing haggaði ekki því ákvæði 9. gr. verksamningsins, að gerðardómur skyldi skera úr ágreiningi, sem rísa kynni vegna samningsins.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um gildi ofangreinds gerðardóms og réttaráhrif hans. Verður því hafnað þeirri kröfu áfrýjanda, að honum verði dæmt óskylt að hlíta gerðardómnum.

Staðfest er málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Áfrýjandi skal greiða stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hafnað er kröfu áfrýjanda, Skipasmiðjunnar Harðar hf., að honum verði dæmt óskylt að hlíta gerðardómi frá 12. febrúar 1985 í máli hans og stefnda, Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf.

Staðfest er málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Áfrýjandi greiði stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Við erum samþykk því, sem segir í I., II. og III. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda. Þá föllumst við einnig á niðurstöðu hins

áfrýjaða dóms um þau álitaefni, sem varða skipan gerðardóms í máli aðila.

Í héraðsdómi er lýst verksamningi aðila frá 11. júlí 1983. Í 9. gr. samningsins var ákvæði þess efnis, að ágreiningur milli aðila vegna samningsins skyldi leystur fyrir gerðardómi, og í 7. gr. var kveðið á um dagsektir, sem áfrýjandi skyldi greiða, ef seinkun yrði á afhendingu skipsins af hans völdum. Skipið skyldi afhent fullfrágengið 16. desember 1983. Fjórtán dögum síðar, 30. desember 1983, undirrituðu aðilar yfirlýsingu, þar sem segir m.a.: „Einnig eru aðilar sammála um, að áðurnefndur verksamningur gildi við endanlegt uppgjör og ákvæði hans um verklok og févíti verði tekin til athugunar, áður en breytingu skipsins lýkur, enda falli niður tilkynningarskylda verksala um tafir á verkinu og orsakir þeirra. Báðum aðilum er ljóst, að tafir eru óhjákvæmilegar."

Við teljum, að framangreind yfirlýsing aðila valdi því, að samningur þeirra frá 11. júlí 1983 sé svo óljós um verklok og févíti, að hann sé alls ófullnægjandi grundvöllur fyrir gerðardómsmeðferð máls þessa. Samkvæmt þessu teljum við, að áfrýjanda sé óskylt að hlíta gerðardómi þeim, sem upp var kveðinn 12. febrúar 1985.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 20. júlí 1987.

I.

Mál þetta (aðalsök) var þingfest 10. apríl 1985, og var þingið sótt af hálfu stefnda án undanfarandi stefnubirtingar. Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 15. janúar 1987 og frávísunardómur upp kveðinn 3. febrúar s.á. Dómurinn var kærður til Hæstaréttar, sem felldi hann úr gildi með dómi, upp kveðnum 20. maí 1987. Málið var dómtekið að nýju að loknum munnlegum flutningi þess 30. júní sl.

Stefnandi er Skipasmiðjan Hörður hf., nnr. 4459-3408, Fitjabraut 3, Njarðvík. Hann krefst þess, að staðfest verði, að sér sé ekki skylt að greiða stefnda dagsektir vegna tafa, sem urðu á framkvæmd breytinga á ms. Þórkötlu II, GK-197, sem gerðar voru í samræmi við samning aðila, dags. 11. júlí 1983. Hann krefst einnig málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi er Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf., nnr. 4295-7844, Grindavík, sem krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Breytt og aukin kröfugerð stefnda, sem fram var sett við síðari málflutning, er of seint fram komin og kemst ekki að gegn mótmælum stefnanda.

Hinn 3. nóvember 1985 höfðaði stefndi gagnsök til greiðslu kr. 270.055,00 auk vaxta og málskostnaðar vegna flutnings gerðardómsmáls aðila máls þessa. Gagnstefndi krafðist sýknu. Hinn 20. nóvember 1985 höfðaði stefnandi framhaldssök til greiðslu eftirstöðva kostnaðar við framkvæmd breytinga á ms. Þórkötlu II, GK-197, 2.360.936,00 kr., auk vaxta og málskostnaðar. Stefndi gerði kröfu um sýknu. Hinn 17. apríl 1986 var ákveðið með samkomulagi aðila, að gagnsök og framhaldssök yrðu fluttar hvor í máli sér, er endanlegar lyktir hefðu orðið í aðalsök.

Hinn 8. maí 1985 höfðaði stefndi mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Útvegsbanka Íslands til greiðslu 3.531.377,00 kr., auk vaxta og málskostnaðar vegna ábyrgðaryfirlýsingar um greiðslu dagsekta, sem um ræðir í máli þessu, samkvæmt ákvörðun gerðardóms. Úrskurður í því máli var kærður, og varð niðurstaða Hæstaréttar hinn 17. apríl 1986 þessi: „Samkvæmt þessu hefur með sérstöku dómsmáli verið gerð krafa um, að Skipasmiðjunni Herði hf., sem varnaraðili er í ábyrgð fyrir, sé óskylt að hlíta gerðardóminum, sem um ræðir hér að framan. Varða úrslitin verulega mál það, sem hér um er fjallað. Þykir því eftir 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 mega staðfesta þá ákvörðun héraðsdómara að fresta meðferð þessa máls. Dómsorð: Ákvörðun héraðsdómara um að fresta meðferð málsins nr. 2173/1985 á bæjarþingi Reykjavíkur á að vera óröskuð."

Skýrslur fyrir dóminum gáfu Ólafur Hörður Sigtryggsson, Álftárósi, Mýrasýslu, forstjóri og stjórnarformaður stefnanda, Guðmundur Guðmundsson, Baðsvöllum 2, Grindavík, framkvæmdastjóri stefnda, og vitnið Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, Árbæjarbletti 4, Reykjavík.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

II.

Með samningi, dags. 11. júlí 1983, tók stefnandi að sér að breyta ms. Þórkötlu II, GK-197, eign stefnda. Fyrir verkið átti stefndi að greiða 14.781.420,00 kr. Samningsverð var miðað við verðlag á vinnu og efni 8. júlí 1983. Það var háð breytingum á gengi Bandaríkjadals og jafngilti þá U.S. $ 535.752,80. Heildarniðurstöðutala af viðskiptunum varð 17.131.967,00 kr. Meðal samningsákvæða um fjármögnun verksins var, að stefndi skyldi greiða eigið framlag, þ.e. 10% af heildarsamningi, samkvæmt nánara samkomulagi, en þó eigi síðar en 16. október 1983. Stefnandi kveður stefnda hafa lokið greiðslu eiginfjárframlags síns 16. desember 1983, en samkvæmt yfirliti hans um greiðslustöðu verksins hafði stefndi greitt 1.146.967,00 kr. inn á verkið 16. október 1983 og 1.339.941,00 kr. 21. desember s.á.

Verksamningur kvað á um að stefnandi skyldi afhenda skipið fullfrágengið að breytingum loknum 16. desember 1983. Tafir urðu á verkinu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að það hafi enn ekki verið hafið 16. september 1983. Samkvæmt mati Fiskveiðasjóðs hafði verið unnið fyrir 9.800.000,00 kr. 5. desember 1983. Stefnandi sendi stefnda skeyti 22. maí 1984, þar sem tilkynnt var, að skipið væri tilbúið til afhendingar. Hinn 26. júní 1984 gerðu málsaðilar með sér samkomulag um uppgjör vegna verksins að undanskildum hugsanlegum dagsektum. Stefndi skuldbatt sig m.a. til að greiða viðbótarkostnað (hafnargjöld o.fl.) vegna skipsins til 26. júní 1984. Haffærisskírteini vegna ms. Þórkötlu var gefið út 29. júní 1984, og fékk stefndi þá vörslu skipsins.

Í 7. gr. verksamnings aðila er ákvæði þess efnis, að stefnandi greiði stefnda jafnvirði 500 Bandaríkjadala fyrir hvern almanaksdag vegna seinkunar á afhendingu skipsins af hans völdum. Í sameiginlegri yfirlýsingu málsaðila, dags. 30. desember 1983, segir svo: „Einnig eru aðilar sammála um, að áðurnefndur verksamningur gildi við endanlegt uppgjör og ákvæði hans um verklok og fávíti verði tekin til athugunar, áður en breytingu skipsins lýkur, enda falli tilkynningarskylda verksala um tafir á verkinu og orsakir þeirra niður. Báðum aðilum er ljóst, að tafir eru óhjákvæmilegar." Hinn 2. mars 1984 gerði stefndi stefnanda tilboð um að falla frá dagsektum frá 16. desember 1983 til 20. janúar 1984, ef skipið yrði afhent fyrir 16. mars s.á. Stefnandi svaraði tilboðinu með símskeyti 7. mars 1984 og mótmælti kröfum um dagsektir með vísan til fyrrgreindrar yfirlýsingar.

Í 9. gr. verksamningsins er svohljóðandi ákvæði um lausn ágreinings:

„Verði meiningarmunur milli aðila vegna samningsins, skal hann leystur fyrir gerðardómi, sem aðilar kalla saman á eftirfarandi hátt:

Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum. Skal hvor aðili skipa einn mann í dóminn innan 8 daga, frá því er beiðni kemur fram um skipan gerðardómsins frá hinum aðilanum. Gerðardómsmennirnir skulu tilnefna oddamann, sem hefur sérþekkingu í smíði stálskipa, og skal hann vera formaður dómsins. Komi þeir sér ekki saman um oddamann, skal hann tilnefndur af sýslumanni Gullbringusýslu.

Úrskurður gerðardómsins er endanlegur, og skuldbinda aðilar sig til að hlíta honum. Ef annar aðilinn lætur hjá líða að skipa mann í dóminn innan tilskilins frests (8 daga) af sinni hálfu, skal hinn aðilinn tilnefna báða mennina, fulltrúa beggja aðila.

Óskir um skipan gerðardóms skulu gerðar á sannanlegan hátt. Í niðurstöðum gerðardóms skal kveðið á um kostnað við störf dómsins og hver greiða skuli."

Að beiðni lögmanns stefnda skipaði sýslumaðurinn í Gullbringusýslu 12. september 1984 oddamann í gerðardóm vegna ágreinings aðila um dagsektir. Áður höfðu verið tilnefndir í dóminn af hálfu stefnda Jónas Haraldsson lögfræðingur (skrifstofustjóri LÍÚ) og af hálfu stefnanda Kristinn Sig-

tryggsson, löggiltur endurskoðandi (bróðir Ólafs Harðar Sigtryggssonar). Samkomulag hafði orðið með aðilum um að víkja frá gerðardómsákvæði verksamnings um sérþekkingu oddamanns, enda yrði Valtýr Sigurðsson héraðsdómari eða Þorgeir Örlygsson borgardómari tilnefndur. Varð Valtýr fyrir valinu.

Í öðru þinghaldi gerðardómsins 21. október 1983 lagði Kristinn Sigtryggsson fram bókun um, að það væri utan verksviðs dómsins að fjalla um dagsektir, þar sem dagsektarákvæði verksamnings hefði verið fellt niður með samkomulagi málsaðila 30. desember 1983. Í næsta þinghaldi gerði lögmaður stefnda kröfu um, að Kristinn Sigtryggsson viki sæti í dóminum. Kröfunni var mótmælt af hálfu stefnanda. Niðurstaða meiri hluta gerðardómsins, þeirra Valtýs Sigurðssonar og Jónasar Haraldssonar, varð sú í úrskurði, upp kveðnum 20. nóvember 1984, að það væri ekki utan verksviðs gerðardómsins að fjalla um hæfnisatriði einstakra dómenda og að Kristni Sigtryggssyni bæri að víkja sæti. Eftir þessa niðurstöðu var lýst yfir þeirri afstöðu stefnanda, að hann teldi störf gerðardómsins óréttmæt og án allrar ábyrgðar fyrir sig, enda myndi hann ekki eiga frekari aðild að rekstri málsins. Áður höfðu málsaðilar lagt fram greinargerðir. Þorgeir Örlygsson tók sæti í dóminum 14. desember 1984. Hann var tilnefndur af stefnda. Stefnandi tók ekki frekari þátt í störfum dómsins, þótt hann væri boðaður til þinghalda.

Gerðardómur var upp kveðinn 12. febrúar 1985. Gerðarorð: „Varnaraðili, Skipasmiðjan Hörður hf., Njarðvík, greiði sóknaraðila, Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf., Grindavík, 2.941.960,00 kr. ásamt 19% ársvöxtum frá 20.6.1984 til greiðsludags. Varnaraðili greiði kostnað af störfum gerðardómsins, 228.000,00 kr.“

III.

Rök stefnanda fyrir því, að honum beri ekki að greiða dagsektir í samræmi við gerðardóminn, eru tvíþætt. Lýtur annar þátturinn að því, að stefnanda hafi ekki verið og sé ekki skylt að greiða dagsektir, en til vara ekki eins háar og kveðið var á um. Hinn þátturinn lýtur að því, að gerðardómurinn hafi farið gróflega út fyrir verksvið sitt, þegar hann vék einum dómendanna úr dóminum, og hafi hann verið óstarfhæfur eftir það, þar sem ekki hafi verið valin sú leið að skipa að nýju oddamann, sérfróðan um smíði stálskipa, — einnig að það hafi verið utan verksviðs dómsins að fjalla um dagsektir, þar sem ákvæðum, sem tengdust þeim, hafi verið breytt með samkomulagi aðila 30. desember 1983.

Af hálfu stefnanda er sérstaklega bent á, að tilnefning oddamanns í gerðardóminn í september 1984 hafi verið byggð á munnlegu samkomulagi, sem hafi af hálfu stefnanda verið reist á þeirri forsendu m.a., að Kristinn

Sigtryggsson yrði einn gerðardómsmanna. Er af stefnanda talið, að heimildir gerðardóms til starfa þurfi að vera ótvíræðar og hið sama um verksvið, svo að bindandi sé fyrir aðila. Vafa, t.d. um verksvið gerðardóms, beri að skýra þeim í óhag, sem reisa vilji kröfur á niðurstöðu dómsins. Einnig telur stefnandi, að forsendur dóms um dagsektir þurfi að vera mjög ljósar og ótvíræðar og ekki megi vera vafi um upphafstíma þeirra. Telur stefnandi vera ótvírætt, að stefndi, sem brugðist hafi í því að greiða eiginfjárframlag sitt á réttum tíma, þ.e. 15. desember 1983 í stað 16. október s.á., geti ekki túlkað svo samkomulagið frá 30. desember 1983, sem gert hafi verið fjórtán dögum eftir upphaflega um saminn afhendingardag skipsins, að hann eigi rétt á dagsektum frá 16. desember 1983. Hafi stefndi viljað halda fast við rétt sinn samkvæmt verksamningnum til dagsekta frá 16. desember 1983, hefði honum borið að láta þess getið sérstaklega í stað þess að samþykkja, að ákvæði um verklok og févíti yrðu tekin til athugunar, eins og greinir í samkomulaginu frá 30. desember 1983.

Sýknukrafa stefnda er annars vegar reist á því, að héraðsdómur geti ekki fjallað um efnisatriðið, hvort greiða eigi dagsektir eða ekki, þar sem aðilar hafi með verksamningi, dags. 11. júlí 1983, samið um, að gerðardómur fjallaði um slíkt. Hins vegar er krafan á því byggð, að niðurstaða gerðardóms sé rétt að formi og efni. Gerðardómurinn hafi í einu og öllu farið eftir meginreglum einkamálalaganna, sem eigi við um gerðardómsmál.

IV.

Óhjákvæmilegt þykir samhengis vegna, að hér séu tilgreind annars vegar rök héraðsdómara í dómi, upp kveðnum 3. febrúar 1987, fyrir því, að vísa bæri málinu frá dómi (A), og hins vegar rök Hæstaréttar í dómi, upp kveðnum 20. maí s.á., fyrir því, að ógilda bæri héraðsdóminn (B).

A. „Það er regla íslensks réttar, studd ríkri dómvenju, að dómstólum beri að virða niðurstöður gerðardóma, sem heimild eiga í lögum eða gildum samningum, þegar fylgt hefur verið í meginatriðum almennum reglum um hæfi dómenda, meðferð mála og rökstuðning dóma eða/og þeim sérstöku reglum, sem hverju sinni kunna að vera lög- eða samningsbundnar.

Stefnandi átti þann kost einan, er hann vildi ekki una niðurstöðu gerðardóms og kaus að eiga frumkvæði að prófun hans fyrir dómstóli, að krefjast ógildingar úrlausnarinnar.

Dómkrafa stefnanda verður ekki skýrð andstætt skýrri og ótvíræðri orðanna hljóðan, þótt önnur meginmálsástæða hans miði að ógildingu gerðardómsins.

Dómurinn gæti ekki tekið dómkröfu stefnanda til greina, jafnvel þótt hann féllist á greinda málsástæðu, þegar af þeirri ástæðu, að með því væri fengin efnisniðurstaða, sem girti fyrir, að ágreiningsefni málsaðila yrði lagt

í gerð að nýju, en ógildi gerðardómsákvæðis verksamnings aðila hefur ekki verið haldið fram. Það er enn fremur til marks um óhæfilega kröfugerð, að yrði fallist á sýknukröfu stefnda, leiddi það til ótækrar niðurstöðu málsins, þar sem í því fælist það eitt, að stefnanda bæri að greiða einhverjar dagsektir, en ekki þær hinar sömu og gerðardómur kvað á um."

B. „Dómkröfur sóknaraðila fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur í málinu nr. 412/1985 eru þær, að staðfest verði, að honum sé ekki skylt að greiða varnaraðila dagsektir vegna tafa, sem urðu á framkvæmd breytinga á ms. Þórkötlu II, GK-197, sem gerðar voru í samræmi við samning aðila 11. júlí 1983. Verður að skilja kröfugerð sóknaraðila svo, að honum verði dæmt óskylt að hlíta gerðardómi þeim, sem upp var kveðinn 12. febrúar 1985 og kveðið var á um í fyrrgreindum samningi aðila. Ekki er unnt að leggja dóm á kröfu þessa án þess að taka afstöðu til gildis gerðardómsins. Kröfu sína reisir sóknaraðili á þeim rökum, að gerðardómurinn hafi eigi verið rétt skipaður, eftir að einum gerðardómenda hafði verið vikið úr dóminum, og í annan stað, að ákvæðum um dagsektir í samkomulagi aðila 11. júlí 1983 hafi verið breytt með síðara samkomulagi þeirra 30. desember 1983.

Telja verður, að sóknaraðili eigi rétt á að leggja gildi gerðardómsins fyrir dómstóla með þessum hætti, og ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu."

V.

Um forsendur dóms þessa vísar dómarinn til upphafsmálsgreinar tilvitnaðra orða í IV. kafla. („Það er regla íslensks réttar, ..., sem hverju sinni kunna að vera lög- eða samningsbundnar"), en lagt verður til grundvallar, að eigi beri að skilja dóm Hæstaréttar þannig, að rangt sé það, sem þar stendur.

Ekki er fallist á, að það hafi verið utan verksviðs gerðardómsins að fjalla um dagsektir. Með samkomulagi aðila 30. desember 1983 var dagsektarákvæði verksamnings ekki fellt niður eða því breytt, heldur aðeins lýst yfir, að það skyldi tekið til athugunar. Hvorugur aðila gerði reka að því, að slík athugun eða endurskoðun færi fram.

Samkomulag aðila um val formanns gerðardóms var ekki skilyrðum bundið af hálfu stefnanda umfram það, hvaða lögfræðingur skipaði sætið, og mátti ekki vera ljóst, að forsenda hans væri, að Kristinn Sigtryggsson yrði einn dómenda.

Gerðardómendur þykja eiga að fullnægja almennum persónulegum dómaraskilyrðum samkvæmt 1., 3. og 4. tl. 32. gr. laga nr. 85/1936 og sérstökum dómaraskilyrðum samkvæmt 36. gr. sömu laga.

Kristinn Sigtryggsson var vanhæfur til setu í gerðardóminum, sbr. 3. og

7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Gerðardóminum, eða meiri hluta hans var rétt, sbr. 37. gr. sömu laga, að úrskurða um það, en að úrskurðinum upp kveðnum var aðstaða stefnanda slík sem hann hefði enn eigi tilnefnt gerðardómanda. Í samræmi við gerðardómssamninginn var stefnda rétt að tilnefna löghæfan mann sem fulltrúa stefnanda, er hann kaus að hafast ekki frekar að um skipan gerðardómsins og störf.

Hvorki verður talið, að brotið hafi verið gegn jafnræði aðila við skipan gerðardómsins né meðferð gerðarmálsins. Þá þykir gerðardómurinn ekki hafa um starfshætti og úrlausnir farið út fyrir valdamörk sín eða umboð. Niðurstaða er rökstudd og forsendur eru ljósar.

Niðurstaða dóms þessa er sú, að gerðin, sem um er fjallað í málinu, sé ekki háð réttarfarslegum eða efnislegum annmörkum, sem varðað geti ógildingu hennar, og að þessi dómstóll sé ekki bær til að meta efnisatriði í niðurstöðu gerðardómsins.

Stefndi er samkvæmt framangreindu sýknaður af kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 80.000,00 kr.

Aðfararfrestur samkvæmt 6. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981 og 4. mgr. 194. gr. sömu laga, ákveðst 15 dagar.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Skipasmiðjunnar Harðar hf.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, 80.000,00 kr.

Aðfararfrestur er 15 dagar.

Fimmtudaginn 14. júní 1989.

Nr. 226/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Bjartmari Hrafni Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. júní 1989, sem hingað barst 13. júní. Verður að skýra kæruna svo, að í henni felist krafa um, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Suður-Múlasýslu 12. júní 1989.

Ár 1989, mánudaginn 12. júní, er á dómþingi sakadóms Suður-Múlasýslu, sem haldið er í dómsal embættisins að Strandgötu 52, Eskifirði, af Sigurði Eiríkssyni sýslumanni við neðanskráða votta, kveðinn upp úrskurður í tilefni rannsóknar á bruna í fyrirtækinu Færabaki á Stöðvarfirði að morgni 28. maí 1989 og rannsóknar á bruna í salthúsi Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar 22. október 1988.

Málsatvik.

Að morgni 28. maí 1989 kom upp eldur í kaffiskúr og fiskvinnsluhúsi ofangreinds fyrirtækis á Stöðvarfirði.

Grunur féll á kærða, Bjarmar Hrafn Sigurðsson, kennitala 260947-7969, til heimilis að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði.

Með úrskurði sakadóms Suður-Múlasýslu, upp kveðnum 29. maí 1989, var kærði úrskurðaður í gæsluvarðhald til kl. 14.00 í dag. Úrskurður þessi var staðfestur í Hæstarétti 31. maí 1989.

Kærði hefur í skýrslu lögreglu 6. júní 1989 viðurkennt að vera valdur að eldsvoðanum að morgni 28. maí 1989, og þann framburð hefur kærði staðfest fyrir dómi nú í morgun.

Um brunann í salthúsi Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar 22. október 1988 er í ljós leitt, að kvöldið fyrir brunann sat kærði við drykkju á heimili sínu að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, ásamt þeim Sveinbirni Sverrissyni, Sigrúnu Sverrisdóttur og Oddnýju Sverrisdóttur. Samkvæmt framburði kærða var ákveðið þarna um kvöldið, að þau fjögur færðu sig að heimili Sveinbjörns Sverrissonar. Leiðin frá heimili kærða og að heimili Sveinbjörns liggur fram hjá umræddu salthúsi. Í ljós er komið í málinu, að þau þrjú, sem að ofan eru nefnd, fóru á undan kærða og að heimili Sveinbjörns. Kærði varð eftir, en getur ekki gert grein fyrir ástæðunni. Hann hefur síðan sagt, að hann hafi séð, þegar hann stuttu seinna hafi gengið áleiðis að heimili Sveinbjörns og verið að fara fram hjá umræddu salthúsi, að eldur logaði innan við hurð á geymslu neðan við húsið, en ekki hafi verið eldur annars staðar í húsinu. Þarna segist kærði hafa verið einn. Kærði segir, að svarta þoka hafi verið og að hann hafi heyrt í þeim hinum þremur þarna stutt frá. Kærði segist þarna hafa snúið við og haldið að heimili sínu og tilkynnt slökkviliði.

Í upplýsingaskýrslu lögreglu á dskj. nr. 16 kemur fram, að rannsóknarlögregla hefur rætt óformlega í síma við Oddnýju Þórunni Sverrisdóttur. Hún hefur kannast við málið og sagt, að ákveðið hafi verið að fara frá heimili kærða og að heimili sínu, sem er utarlega í bænum. Oddný sagði, að kærði hefði komið á eftir þeim, en á móts við Samvinnubankann hefði hann snúið við og þau ekki séð hann eftir það, fyrr en eftir að eldurinn kom upp.

Af framanrituðu er ljóst, að kærði er grunaður um að hafa valdið eldsvoðanum í salthúsi Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar 22. október 1988. Hann hefur sem fyrr neitað sakargiftum, en ekki gert nægjanlega grein fyrir ferðum sínum nærri brunastað þetta kvöld, og virðist vera misræmi í framburði kærða og ofangreindrar Oddnýjar í þessu sambandi. Kærði tilkynnti sjálfur um eld í salthúsinu, áður en nokkur annar varð hans var.

Í málinu er eftir að afla skýrslna af þeim, sem fyrr eru greindir, og er unnið að því. Þá er ljóst, að afla þarf allra fáanlegra sönnunargagna. Rannsókn fyrra málsins er ekki lokið. Að öllu framanrituðu athuguðu og rituðu þykir nauðsyn til bera að framlengja gæsluvarðhald kærða til 26. júní 1989 kl. 14.00, en telja verður, að hætta sé á, að hann reyni að hafa áhrif á vitni í málinu, og er úrskurðurinn því studdur við 67. gr., 1. mgr. 1. tl., laga nr. 74/1974. Verið er að rannsaka ætluð brot kærða gegn 164. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og samkvæmt þeim refsingum, sem

liggja við brotum á því lagaákvæði, er ákvæði 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu.

Ekki er á þessu stigi rétt að kveða á um rannsókn á geðheilbrigði kærða með tilliti til sakhæfis hans, enda unnt að gera það á síðari stigum málsins.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald kærða, Bjartmars Hrafns Sigurðssonar, kennitala 260947-7969, til heimilis að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, framlengist til mánudagsins 26. júní 1989 kl. 14.00.

Fimmtudaginn 15. júní 1989.

Nr. 217/1989. **Lúðvík Gizurarson**

gegn

Útvegsbanka Íslands h/f.

Kærumál. Uppboð. Kæruheimild. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. maí 1989, sem hingað barst 8. júní. Greinargerð sóknaraðila er dagsett 14. júní og barst þann dag. Þar krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og uppboðsmálinu vísað frá uppboðsrétti Reykjavíkur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Hann krefst kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður er um það, hvort uppboð skuli yfirleitt fram fara eða ekki. Samkvæmt 21. gr., 1. mgr., 4. tölulið a, laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, sætir úrskurður í þessu efni ekki kæru. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til greiðslu kærumálskostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, greiði varnaraðila, Útvegsbanka Íslands hf., 8.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 18. maí 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 9. þ.m. Sóknaraðili er Útvegsbanki Íslands hf., kt. 440587-2169, Austurstræti 19, Reykjavík.

Varnaraðili er Lúðvík Gizurarson, nnr. 6184-3922, Grenimel 20, Reykjavík.

Krafa sóknaraðila er sú, að fram fari hið fyrsta fyrirhuguð nauðungarsala á fasteigninni nr. 20 við Grenimel, Reykjavík, neðri hæð og einu herbergi í kjallara. Auk þess verði varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Krafa varnaraðila er sú, að synjað verði um framhald uppboðsmálsins og því vísað frá. Við munnlegan málflutning kom fram sú varakrafa, að uppboðshaldari ákvæði nauðungarsölu á eigninni með hæfilega löngum fresti.

Þá krefst varnaraðili málskostnaðar í máli þessu.

II.

Hinn 18. febrúar 1986 gaf varnaraðili út skuldabréf, sem tryggt var með 7. veðrétti í eigninni Grenimel 20, neðri hæð auk eins herbergis í kjallara, eignar varnaraðila og Valgerðar Einarsdóttur. Samkvæmt veðskuldabréfi þessu skyldi varnaraðili endurgreiða lánið með 12 afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 10. maí 1986.

Með uppboðsbeiðni, dags. 3. desember 1986, óskaði sóknaraðili uppboðs á eigninni á grundvelli skuldabréfs þessa, sem þá var í vanskilum. Uppboðsbeiðnin var sameinuð eldra uppboði við fyrirtekt í uppboðsrétti 14. janúar 1987. Frá þeim tíma hefur uppboðsmál þetta verið tekið fyrir alls 11 sinnum, en sölu jafnan frestað að beiðni varnaraðila, eftir því sem fram kemur í greinargerð sóknaraðila. Við fyrirtekt málsins í uppboðsrétti 16. mars sl. synjaði sóknaraðili varnaraðila um frekari fresti og krafðist sölu á eigninni. Með bréfi, dagsettu sama dag, mótmælti varnaraðili fyrirhugaðri sölu eignarinnar og taldi, að réttur sóknaraðila til nauðungaruppboðs á eigninni væri niður fallinn vegna tómlætis.

Ágreiningsefni þetta var tekið fyrir í uppboðsrétti 21. mars sl., og var þá ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt uppboðsréttarmál.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að allir þeir frestir, er veittir hafi verið fyrir uppboðsrétti við uppboðsmeðferð, hafi verið fyrir brýna beiðni varnaraðila. Það hafi því ekki verið um að ræða, að sóknaraðili hafi sýnt „viljaleysi" við innheimtu uppboðskröfu sinnar, eins og varnaraðili haldi fram. Tilefni mótmæla varnaraðila sé synjun um frekari frest. Það fái því ekki staðist, að sóknaraðili hafi glatað rétti sínum með þeim hætti. Að öðru leyti sé þeim málsástæðum varnaraðila, er lúta að því, að réttur sóknaraðila sé vafasamur, vísað á bug og bent á, að ekki verði séð, hvernig frestur á málinu hafi valdið slíkum vafa.

Í greinargerð varnaraðila er frá því greint, að hann hafi verið að vinna „að lausn málsins". Þar sem málið hafi mátt bíða þrjú ár, hafi það alveg eins getað beðið nokkra mánuði í viðbót, svo að honum gæfist kostur á að leysa það án uppboðs og án þeirra spjalla á lánstrausti, sem auglýsing

í dagblöðum veldur. Síðan segir orðrétt í greinargerðinni: „Fyrst Útvegsbankinn vildi ekki veita mér neinn frest, sem talandi væri um, á uppboðsþingi 16. mars 1989, er ekki önnur leið fær til að veita mér hann en frávísun.“ Þá er á það bent, að ákveða megi sölu, úr því sem komið sé, t.d. eftir sex mánuði eða seint á þessu ári. Telst þetta rökstuðningur fyrir varakröfu varnaraðila.

Auk þessara atriða telur varnaraðili, að aðrar málsástæður eigi að varna framgangi uppboðsins, svo sem að ekki komi fram í greinargerð sóknaraðila, að hann hafi greitt inn á skuldina 50.000,00 kr. 18. nóvember 1987. Þá sé málið vanreifað af hálfu sóknaraðila, og eigi að vísa því frá af þeim sökum.

III.

Uppboðsheimild sóknaraðila er skuldabréf, þar sem íbúðin að Grenimel 20, neðri hæð og eitt herbergi í kjallara, er veðsett Útvegsbanka Íslands hf. til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldar varnaraðila, upphaflega 400.000,00 kr. Upplýst er í málinu, að varnaraðili greiddi 50.000,00 kr. inn á skuldina 18. nóvember 1987, en hefur ekki síðan þá boðið frekari greiðslu.

Krafa varnaraðila um „frávísun“ uppboðsmálsins beinist að rekstri þess fyrir uppboðsrétti, þar sem hann telur, að ítrekaðir frestir á uppboðssölu eigi að valda því, að byrja verði málið að nýju.

Í 4. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, segir, að ákvæði laga nr. 85/1936, m.a. um fresti, taki og til uppboðs, eftir því sem við geti átt. Mál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti 14. janúar 1987, og var það samtals tekið fyrir fjórum sinnum það ár og fimm sinnum árið 1988 og aðeins stuttur frestur veittur hverju sinni. Á þessu tímabili var málið tekið óslitið fyrir í uppboðsrétti, fyrirtektir skráðar í þingbók og þing sótt af hálfu uppboðsbeiðanda, þ.e. sóknaraðila í máli þessu. Að öllu jöfnu var mætt af hálfu uppboðsþola fyrir uppboðsrétti, en þó kom fyrir, að þingsókn féll niður af hans hálfu. Ákvörðun um sölu eignarinnar var þó ætíð frestað að beiðni uppboðsþola og með samþykki uppboðsbeiðanda. Þá kemur það glögglega fram í greinargerð varnaraðila, að tilefni mótmæla við ákvörðun á sölu sé synjun um enn frekari frest.

Það er álit réttarins, að margendurteknir frestir málsins hafi hér verið heimilir, enda þeir notaðir af varnaraðila til að freista þess að semja um skuldir sínar og selja eignina frjálsri sölu, eins og fram kemur í greinargerð hans. Á sú málsmeðferð ekki að varða sóknaraðila réttarspjöllum. Þá þykja aðrar þær málsástæður, er varnaraðili hefur haft uppi í máli þessu, ekki standa því í vegi, að sala eignarinnar fari fram, svo sem hugleiðingar hans um, hvaða vaxtafót skuli nota við útreikning vaxta af skuldinni, en það

bíður úthlutunar uppboðsandvirðis, ef af sölu verður. Þá er ekki fallist á þá fullyrðingu varnaraðila, að fjárhæð kröfu sóknaraðila sé óglögg, en varnaraðili hefur ekki boðið greiðslu skuldarinnar. Ber því að hafna kröfum varnaraðila í málinu.

Eftir þeirri niðurstöðu ber varnaraðila að greiða sóknaraðila málskostnað, sem hæfilegur þykir 20.000,00 krónur.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu varnaraðila, Lúðvíks Gizurarsonar, að synjað verði um framhald nauðungarsölu á eigninni Grenimel 20, neðri hæð auk herbergis í kjallara, er hafnað.

Varnaraðili greiði sóknaraðila, Útvegsbanka Íslands hf.; 20.000,00 kr. í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. júní 1989.

Nr. 28/1987. **Hreppsnefnd Rangárvallahrepps**
f.h. hreppsins
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
hreppsnefnd Álftavershrepps
f.h. hreppsins
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
og gagnsök.

Landamerkjamál. Afréttur. Gjafsókn. Gjafvörn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1987. Gerir hann þær kröfur, að dómi undirréttar verði hrundið og breytt þannig, að eftirfarandi kröfur hans þar verði allar teknar til greina: „að mörkin á milli afréttarlanda Rangárvallahrepps að austan og Álftavershrepps að vestan verði ákveðin: úr Mýrdalsjökli frá upptökum kvíslar þeirrar, sem rennur fast austan við Mælifell (Stórilækur) (punktur N, — hnit Y 364.600, X 546.700), Stórilækur í Brennivínskvísl (punktur O, — hnit Y 368.400, X 546.400), hún síðan í Hólmsá við Svartafellstanga (punktur P, — hnit Y 369.210, X 540.720) og Hólmsá og Hólmsárlón að upptökum Hólmsár í Hólmsárbotnum (Strútslaug) (punktur E, — hnit Y 374.700, X 546.300)".

Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, auk 12% söluskatts af málflutningsþóknun, en áfrýjandi, sem hafði gjafvörn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 10. nóvember 1987.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1987. Gerir hann þær kröfur, að mörk afréttarlanda aðilanna norðan Mýrdalsjökuls verði ákveðin sem hér segir:

„1. Aðallega eftir línu, sem hugsast dregin úr Mýrdalsjökli eftir

beinni línu úr upptökum Fúlalækjar sunnan jökuls þvert yfir jökulinn og í Strútslaug.

2. Til vara eftir línu, sem hugsast dregin úr Mýrdalsjökli eftir beinni línu úr upptökum Fúlalækjar sunnan jökuls þvert yfir jökulinn og í miðjan (Meyjar-)Strút og þaðan í Strútslaug.

3. Til þrautavara er krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar landamerkin".

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti að viðbættum 12% söluskatti af málflutningsþóknun, hvernig sem málið fer, eins og það væri eigi gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 28. janúar 1988.

I.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er bréf sýslumannsins í Skaftafellssýslu til vegamálastjóra 17. október 1938, þar sem hann lýsir landamerkjum milli afrétta Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Sýslumaður Rangárvallasýslu sendi oddvita Rangárvallahrepps framangreinda markalýsingu með bréfi 24. janúar 1939, og svaraði oddvitinn, Erlendur Þórðarson, því með bréfi 27. febrúar sama ár.

II.

Í hinum áfrýjaða dómi er rækilega lýst þeim heimildum og rökum, sem aðilar byggðu kröfur sínar á og lágu til grundvallar úrlausn dómsins. Gögn málsins þykja ekki gefa óyggjandi upplýsingar um ákveðin mörk milli afrétta aðila. Hin nýju skjöl, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, hafa ekki skorið hér frekar úr. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir því mega staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað.

Allan gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað aðila fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

Málflutningslaun skipaðra talsmanna aðila eru dæmd án söluskatts, sbr. dóm Hæstaréttar 8. febrúar 1989 í málinu nr. 238/1987.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað er staðfest.

Allan gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað aðila fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000,00 krónur, og laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000,00 krónur.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um mörk landsvæða, sem málsaðilar telja afréttarlönd.

Ég tel rekstur máls þessa ekki verða byggðan á ákvæðum laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl., enda sé hér í raun uppi ágreiningur um það, hvar draga eigi mörk á sviði stjórnsýslu milli hreppsfélaga þeirra, sem að málinu standa, og því, eins og hér hagar til, sýslumörk, sbr. lög nr. 42/1969, um afréttarmál, fjallskil og fleira, sbr. nú lög nr. 6/1986, um sama efni.

Ég tel þann ágreining ekki bera undir dómstóla, sbr. ákvæði I. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, sbr. nú lög nr. 8/1986, um sama efni, og því beri að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Þessi niðurstaða hefur ekki hlotið stuðning meiri hluta dómara. Verður því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, tekin afstaða til efnis málsins, og fellst ég þá á niðurstöðu dómsatkvæðis meiri hlutans.

Dómur aukadómþings Vestur-Skaftafellssýslu 19. desember 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. nóvember 1986, hefur hreppsnefnd Álftavershrepps, Vestur-Skaftafellssýslu, höfðað fyrir dóminum 11. september 1984 á hendur hreppsnefnd Rangárvallahrepps.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, ,,að mörkin milli afréttarlands stefnanda að austan og stefnda að vestan norðan Mýrdalsjökuls verði ákveðin sem hér segir:

1. aðallega eftir línu, sem hugsast dregin úr Mýrdalsjökli eftir beinni línu úr upptökum Fúlalækjar sunnan jökuls þvert yfir jökulinn og í Strútslaug,

2. til vara eftir línu, sem hugsast dregin úr Mýrdalsjökli eftir beinni línu úr upptökum Fúlalækjar sunnan jökuls þvert yfir jökulinn og í miðjan (Meyjar-)Strút og þaðan í Strútslaug.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál".

Af hálfu varnaraðila eru endanlegar dómkröfur þessar:

,,að dómkröfum stefnanda verði hrundið og mörkin milli afréttarlanda Rangárvallahrepps að austan og Álftavershrepps að vestan verði ákveðin:

,,úr Mýrdalsjökli frá upptökum kvíslar þeirrar, sem rennur fast austan við Mælifell (Stórilækur), Stórilækur í Brennivínskvísl, hún síðan í Hólmsá við Svartafellstanga, Hólmsá og Hólmsárlón að upptökum Hólmsár í Hólmsárbotnum og þaðan í há-Torfajökul".

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda, hreppsnefndar Álftavershrepps, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál."

Aðilar hafa látið marka framangreindar kröfulínur á uppdrátt, dskj. nr. 30 í máli þessu, sem fylgir dómi þessum og er hluti af honum.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 1985, tilkynnti dómurinn ríkislögmanni um málsókn þessa og jafnframt um næsta þinghald. Bréfi þessu svaraði ríkislögmaður 19. sama mánaðar þannig: ,,Leitað hefur verið eftir ákveðnum upplýsingum ráðuneyta þeirra, er í hlut eiga. Bréfi yðar verður svarað efnislega, þegar þau svör liggja fyrir." Ekki bárust frekari svör, og ekki varð af þingsókn af ríkisins hálfu.

II.

Í landamerkjalögum, nr. 5 frá 17. mars 1882, voru lögfest ýtarleg ákvæði um skyldu eigenda eða umráðamanna jarða til þess að skrásetja landamerki og skyldu sýslumanna til þess að sjá um að framfylgja lögunum. Kveðið var sérstaklega svo á, að hin sama regla gilti einnig um afrétti og aðrar óbyggðar lendur, eftir því sem við yrði komið.

Hinn 22. október 1886 komu hreppsnefndir Holta-, Landmanna- og Rangárvallahreppa sér saman um landamerkjalýsingu fyrir Landmannaafrétt og undirrituðu hana. Landmannaafréttur er norðar en þrætusvæðið í máli þessu.

Þessa lýsingu sendu Rangæingarnir nú hreppsnefnd Skaftártunguhrepps til samþykktar og undirskriftar. Álftavershreppur kom ekki við sögu á

þessu stigi, því að afréttur hans er sunnar. Hreppsnefnd Skaftártunguhrepps ritaði 21. janúar 1887 sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu svofellt bréf:

„Hreppsnefndin í Landmannahreppi hefur sent hreppsnefnd Skaptártunguhrepps lýsingu á landamerkjum milli Landmanna- og Skaptártungu afrjettar til samþykktar og undirskriptar, en nefndin hefur ekki séð sér fært, að svo stöddu, að samþykkja téð landamerki, þareð henni ekki er kunnugt um, að nein ákveðin takmarkalína sé ennþá gjörð milli Skaptafells- og Rangárvalla-sýsla á því svæði, sem hjer ræðir um; en slíkt verður nefndin að álíta, að sé nauðsynlegt að gjört sé áundan landamerkjasetningu hlutaðeigandi afrjetta, því ef hið gagnstæða ætti sjer stað, getur hæglega svo farið, að landamerki afrjettanna komi í bága við takmarkalínu sýslanna. Leyfir nefndin sjer því, að leggja mál þetta fyrir hina heiðruðu sýslunefnd Vestur-Skaptafellssýslu til nauðsynlegra aðgjörða."

Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu fjallaði um málið á fundi sínum 30. apríl 1888. Gerði hún gagntillögu um merki að Landmannaafrétti og kom jafnframt með tillögu að merkjum á þrætusvæðinu í máli þessu. Hljóðar umrædd landamerkjalýsing Skaftfellinga, hin upphaflega tillaga þeirra að mörkum á þrætusvæðinu, svo:

„Úr Fúlalæk á Sólheimasandi yfir Eyjafjallajökul [sýnilega misritun fyrir Mýrdalsjökul] beina stefnu í miðjan Meyjarstrút, þaðan beint í Námakvíslarmynni, þar sem hún fellur í Tungnaá, og þaðan fyrir vestan Tungnaárfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn."

Tillögu þessa sendi sýslumaður starfsbróður sínum í Rangárvallasýslu 21. nóvember 1888.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu samþykkti á fundi sínum 4. október 1889 svofellda gagntillögu:

„Úr Fúlalæk beina stefnu í Hólmsárbotna, úr Hólmsárbotnum beina stefnu í austurendann á Þórisvatni. En vilji sýslunefndin í Vestur-Skaftafellssýslu ekki aðhyllast þau mörk, stingur fundurinn upp á, að málefnið sé lagt í gjörð af báðum sýslunefndunum kosinna manna á kostnað beggja sýslufélaganna."

Féllu nú samkomulagstilraunir niður. Hvorugri tillögunni var þinglýst.

Það er ágreiningslaust í máli þessu, að lína úr miðjum Meyjarstrút í Námskvíslarmynni liggur um Hólmsárbotna, öðru nafni Strútslaug. Samkvæmt því voru báðir aðilar og eru sammála um, að um það kennileiti lægju mörkin, enn fremur í upptök Fúlalækjar. Samkvæmt þessum lýsingum á merkjum vildi því hvorugur aðili, á þessum tíma, eiga landsréttindi á spildu norðan Mýrdalsjökuls, er markast af línu, er hugsast dregin milli kennileitanna Fúlilækur — Hólmsárbotnar (þ.e. Strútslaug) — miður Meyjarstrútur — Fúlilækur.

Nú eru viðhorf breytt. Sóknaraðili, Álftavershreppur, vill nú miða við gagntillögu Rangæinga frá 4. október 1889, en varnaraðili, Rangárvallahreppur, seilast nokkru austar en jafnvel tillaga Skaftfellinga gerði ráð fyrir og nokkru austar en vatnaskil eru á svæðinu, þ.e. vill draga mörkin um vatn úr Mýrdalsjökli, er hann nefnir Stóralæk, er rennur meðfram Mælifelli að austan, í Brennivínskvísl, er ráði merkjum í Hólmsá, og síðan upp með Hólmsá í Hólmsárbotna eða Strútslaug. Byggir varnaraðili á því, að Rangvellingar hafi smalað að þessum vötnum og þetta séu þau afréttarmörk, sem báðir málsaðilar hafi miðað við. Er aðilar settu fram tillögur sínar 1888 og 1889, hafi hvorugur þeirra haft sérstaklega í huga eða gaumgæft, hver væru og ættu að vera afréttarmörk á þrætusvæðinu í máli þessu, ágreiningurinn hafi snúist um mörkin norðar, einkum svæðið sunnan Tungnaár frá Námskvísl eða Jökulgilskvísl og nokkuð austur fyrir Kirkjufellsós eða Stórukvísl.

Í greinargerð sóknaraðila, Álftavershrepps, segir m.a.:

„Ekki er um auðugan garð að gresja varðandi heimildir um merki þessi. Á árunum 1887-1889 fóru fram tilraunir milli hreppa í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum til að ákveða í heild afréttar- (og þá jafnframt sýslu-)mörk norðan Mýrdalsjökuls. Á haustfundi sínum 4. október 1889 ákvað sýslunefnd Rangárvallasýslu að stinga upp á við sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, að merkin á þessu svæði yrðu „úr Fúlalæk beina stefnu í Hólmsárbotna". Ekki varð samkomulag um þetta, sjálfsagt fyrst og fremst vegna ágreinings um merkjalínuna norðan Hólmsárbotna. Aðalkrafa stefnanda er efnislega samhljóða þessari tillögu Rangvellinga, en Hólmsárbotnar og Strútslaug eru tvö nöfn á sama merkjapunktinum.

Varakrafan er hins vegar samhljóða tillögu til sátta, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hafði gert í bréfi til sýslunefndar Rangárvallasýslu 21. nóvember 1888. Þá línu gat sýslunefnd Rangárvallasýslu ekki samþykkt, að líkindum vegna ágreinings um línuna norðar.

Skv. framansögðu var málinu á þessum tíma svo undarlega háttað, að Rangvellingar höfnuðu tillögu um línuna dregna í Meyjar-(Strút) og þaðan í Strútslaug (varakrafan), en gerðu gagntillögu um línuna beint í Strútslaug (aðalkrafan), sem Vestur-Skaftfellingar virðast hafa hafnað. Er augljóst, að hinn raunverulegi ágreiningur sýslunefndanna varðaði alls ekki markalínuna á þessu svæði...

Kröfur stefnanda í málinu eru byggðar á þeim gögnum, sem tiltæk eru um, hvar menn hafa talið þessi merki vera. Telur stefnandi eðlilegast, þar sem beinum heimildarskjölum sé ekki til að dreifa, að miða merkin við tillögu sýslunefndar Rangárvallasýslu frá 1889, enda áttu fulltrúar Rangárvallahrepps í nefndinni aðild að þeirri tillögu án fyrirvara. Verður því að ætla, að þeir hafi þá talið mörkin svona réttilega dregin. Til vara miðar

stefnandi svo við tillögu Vestur-Skaftfellinga frá 1888 og telur alla vega ljóst, að á þeim tíma hafi enginn talið línuna liggja austar en þar greinir."

III.

Í bókinni Rangárvallasýslu, Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenzka bókmenntafélags, Rvík 1968, er að finna lýsingu Magnúsar Stephensens á Rangárvallasýslu eftir spurningum frá Bókmenntafélagsdeildinni í Kaupmannahöfn, er hann samdi árið 1856. Magnús Stephensen var sýslumaður í Skaftafellsþingi 1823-44, en í Rangárþingi 1844-57.

Mörkum Rangárvallasýslu lýsir Magnús sýslumaður svo:

„Takmörk Rangárvallasýslu á alla vegu eru þessi: Hafið að sunnan frá Jökulsár- til Þjórsármynnis: ræður svo Þjórsá að vestan allt upp í óbyggðir: að norðan: úr henni bein stefna í Eyvindarhreysi, úr Eyvindarhreysi í Þórisvatn, úr því í Fiskivötn, *úr þeim bein stefna í Hól(m)sárbotna í Skaftártungu, ræður svo Hól(m)sá að Brytalækjum, beina stefnu yfir jökul til upptöku Jökulsár á Sólheimasandi,* svo farvegur ár þessarar, hinn gamli, allt í sjó. Þar sem Jökulsá rann til forna, er nú bergvatnskvísl lítil og nokkru vestar en þar sem áin rennur nú."

Samkvæmt þessari lýsingu er allt þrætusvæðið og meira til innan marka Rangárvallasýslu. Það athugist, að einnig á þrætusvæðinu sunnan Tungnaár (frá Námskvísl og austur fyrir Kirkjufellsós) telur Magnús sýslumaður mörkin liggja austar en Rangæingar fóru fram á í upphaflegri tillögu sinni 22.10. 1886.

Í bókinni Göngum og réttum, er Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar og út kom á Akureyri 1948, er að finna lýsingu á Álftaversafrétti eftir Jón Gíslason, f. 1896, oddvita og alþingismann, í Norðurhjáleigu í Álftaveri. Hann lýsir mörkum afréttarins svo, 109. bls.:

„Afréttur Álftavershrepps takmarkast á þrjár hliðar af vötnum og jökli. Jökulvatnið Leirá fellur úr Mýrdalsjökli og í Hólmsá, skilur hún afréttinn frá heimalöndum hreppsins. Sunnan hennar, í heimalöndunum, stendur eitt einstakt fell, allhátt, og heitir það Rjúpnafell. Hólmsá skilur afréttinn frá Skaftártunguheiðum á austurhlið, allt til upptaka sinna, en á vesturhlið er Mýrdalsjökull. Við norðausturhorn Mýrdalsjökuls koma Álftaversafréttur og Rangárvallaafréttur saman, og eru þar ekki nein vötn eða torfærur, sem skilja á milli, en gróðurlítið er þar, mest sandar, Mælifellssandur. Eru talsverð brögð að því, að fé renni saman á þessum slóðum milli Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu."

Á 111. bls. segir Jón frá því, að Álftveringar hafi allt til 1910 ævinlega farið í göngur sunnudaginn í 22. viku sumars „og þá sérstaklega vegna þess, að á mánudaginn hittust Rangvellingar og Álftveringar venjulega í nyrztu leitum á Álftaversafrétti, það er í Brytalækjum".

Í sömu bók er að finna frásögn Vigfúsar Sæmundssonar, f. 1884, d. 1965, er bjó á Borgarfelli í Skaftártungu, af ferðum í Strútinn (Meyjarstrút). Hann segir m.a. á 96. bls.: „Strúturinn er hátt, strýtumyndað fjall suðvestan í Torfajökli vestan Hólmsárbotna. Tilheyrir hann Rangárvallaafrétti. Þar hittust Rangvellingar og Tungumenn oftast áður fyrr í göngum...“ Og síðar á sömu blaðsíðu: „Venjulega var farið sama daginn austur í Álftavötn, ef veður og dagur entust, og þá með það fé, er tekið var í Strútsrétt, en alloft kom það fyrir, að ekki entist dagur til þess, einkum ef veður spilltist, og var þá gist í tjöldum Rangvellinga, því að þeir lágu í tjöldum þá einu nótt, sem þeir voru undir Strút. Fengu Tungumenn allan beina hjá Rangvellingum veittan af hinni mestu rausn.“

Og enn á 97. bls., þar sem Vigfús skráir frásögn Sigurðar Árnasonar í Hvammi í Skaftártungu af því, er hann hreppti illviðri í göngum 1918: „Þá fór hann við annan mann snemma morguns úr Jökuldölum. Var þá allmikið frost. Þeir félagar voru ríðandi og söfnuðu með sér Ófærudalsbotninn. Fundu þeir þar tuttugu lömb, flest af Rangárvöllum. Ráku þeir lömbin með sér undir Strútinn, en þar voru þá Rangvellingar fyrir og höfðu eigi réttað fé, heldur voru að gera rétt í Strútsgili neðst við rætur fjallsins, en áður og síðar hefir réttin verið við Strútslaug. Þeir Sigurður urðu að bíða á meðan, og var komið kvöld, þegar réttargerð var lokið og rekið hafði verið inn. Urðu þeir því að gista hjá Rangvellingum.“

Kjartan Björnsson í Vík segir í fram lögðu vottorði, að hann hafi verið í Skaftártungu 1933-1943, gangnaforingi á tímabili. Þá hafi tveir menn farið í rétt hjá Rangvellingum út að Strútslaug að sækja austanfé, sem oft hafi reynst drjúgur hópur. Fé Rangvellinga, er í rétt kom, hafi verið miklu færra.

Fram hefur verið lögð í málinu skrifleg aðilaskýrsla Böðvars Jónssonar, hreppsnefndarmanns í Norðurhjáleigu. Þar kemur fram, að Álftveringar hafi að nokkru eða öllu smalað Strútssvæðið frá 1961-1981. Árið 1961 hafi málsaðilar í sameiningu sett upp rétt við Hrútagil (um 3 km vestan við Strútinn), og eftir það hafi sú tilhögun verið höfð í nokkur ár, að Álftveringar hafi smalað Strútssvæðið með Rangvellingum vestur í Hrútagil og fé verið réttað þar. Síðan hafi Rangvellingar viljað breyta þessu, og í nokkur haust hafi Álftveringar smalað Svartafell, Hólmsárbotna og Strútinn, en Rangvellingar úr Hrútagili í Krókagil (norðan og vestan við Strútinn), og þar hafi aðilar mæst. Haustið 1969 eða 1970 hafi verið breytt til um smölun á Strútssvæðinu og Álftveringar smalað austur allt svæðið frá Hrútagili. Fyrstu árin hafi því fé Rangvellinga, er með þessu móti rakst austur, verið lógað, en síðan hafi réttin við Hrútagil, sem var úr timbri, verið flutt í Brytalæki og Rangvellingar sótt fé sitt á bíl þangað.

Frá 1981 hafi Rangvellingar smalað þrætusvæðið allt og réttað í Brytalækjum.

Í fram lagðri yfirlýsingu Páls Eggertssonar, Mýrum, sem hefur verið umsjónarmaður fjallskila og fjallkóngur á Álftaversafrétti frá 1982 og fór fyrst í smölun 1970, segir m.a., að frá 1970-1980 hafi Álftverингar smalað allt svæðið vestan úr Hrútagili og suður að Brennivínskvísl.

Gissur Jóhannsson, oddviti Álftavershrepps, hefur lýst þessar skýrslur réttar. Hann kveðst frá því fyrsta, að hann man eftir, alltaf hafa heyrt talað um, að Svartafell og hálfur Strúturinn tilheyrðu Álftaveri, — „sumir sögðu, að það væri Strúturinn allur".

Fram hafa verið lögð í málinu vottorð sjö Rangæinga, sem allir eru sammála um, að þeir hafi, er þeir smöluðu Rangárvallaafrétt, ekki heyrt önnur mörk nefnd gagnvart afrétti Skaftfellinga en þessi: Kvísl austan Mælifells, sem fellur í Brennivínskvísl, síðan Brennivínskvísl í Hólmsá, síðan Hólmsá í Hólmsárlón og úr því í Hólmsárbotna. Vottorðsgjafar eru þeir Skúli Jónsson á Selalæk, er smalaði 1954-1964, Ásgeir Auðunsson frá Svínhaga, er smalaði 1940-1950, Óskar Auðunsson frá Svínhaga, er smalaði 1933-1952, Ólafur Gíslason í Hjarðarbrekku, er smalaði 1935-1947, Sigurþór Sæmundsson frá Þorleifsstöðum, er smalaði 1929-1940, Jón Egilsson á Selalæk, er smalaði 1926-1940, og Benedikt Guðjónsson í Nefsholti, er smalaði 1916-1922. Jón á Selalæk og Ásgeir í Svínhaga taka fram, að smalað hafi verið að umræddum mörkum, og Jón bætir við, að Mælifell hafi alltaf verið smalað af Rangvellingum.

Álit réttarins.

Það er fram komið, að fé málsaðila hefur gengið saman á þrætusvæðinu í máli þessu. Fé austanmanna virðist hafa verið fleira, a.m.k. síðustu áratugi. Fé af svæðinu var lengst af réttað við Strútslaug, og Rangvellingar tjölduðu þar áður fyrr og lágu eina nótt. Þó var rétt um tíma í Strútsgili, austan við Strútinn. Eftir 1961 var sett upp rétt við Hrútagil, sem er um þrjá km vestan við Strútinn, nálægt vatnaskilum á Mælifellssandi. Hún var fáum árum síðar flutt í Brytalæki.

Það athugist, að í vottorðum Rangæinganna sjö, að frá töldum vottorðum Jóns á Selalæk og Ásgeirs í Svínhaga, segir ekkert um það, hvernig þrætusvæðið hafi verið smalað síðustu 70 árin, heldur einvörðungu, að vottorðsgjafar hafi fyrr á árum aldrei heyrt nefnd önnur mörk milli afréttanna en kvísl austan Mælifells í Brennivínskvísl og síðan Brennivínskvísl í Hólmsá. Því er óhnekkt, að um árabil eftir 1970 hafi Álftverингar óátalið smalað austur allt svæðið austan Hrútagils, þ.e. nánast allt þrætuvæðið í máli þessu.

Báðir aðilar virðast hafa haft tilhneigingu til að telja sér allt þrætusvæðið. Magnús Stephensen, sýslumaður Rangæinga, telur 1856 mörkin að Brytalækjum, en Jón Gíslason, oddviti í Norðurhjáleigu, virðist telja

mörkin á Mælifellssandi. Þó segir hann Brytalæki nyrstu leitir Álftveringa.

Vigfús á Borgarfelli, sem var Tungumaður, en ekki Álftveringur, og hefur því væntanlega smalað Skaftártunguafrétt, telur Strútinn á Rangárvallaafrétti og segir, að þar hafi Rangvellingar og Tungumenn hist í göngum oftast áður fyrr.

Landamerkjalýsingarnar frá 1888 og 1899 sýna, að þá voru aðilar sammála um, að merkin lægju ekki austar en um Strút.

Þegar þessar rituðu heimildir eru hafðar í huga og jafnframt litið til þeirra afréttarnota, sem upplýst er, að málsaðilar, hvorir um sig, hafa haft af þrætulandinu, svo og til fjallskila á því, og loks til þess, hvaða mörk megi teljast hagkvæm, náttúrleg og glögg, verður það niðurstaða dómsins, að mörkin eigi að vera á línu, er hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæsta punkt á Mælifelli, þaðan í hæsta punkt á Meyjarstrút, þaðan í Strútslaug (Hólmsárbotna). Línan úr Hólmsárbotnum í há-Torfajökul liggur að Skaftártunguafrétti, og verður því ekki um hana fjallað í máli þessu.

Hnit hæsta punkts á Mælifelli er Y 366535, X 546275. Hnit hæsta punkts á Meyjarstrút er Y 370990, X 546055. Línan úr upptökum Fúlalækjar í Mælifell hefur stefnuna 50° austur af norðri, en línan þaðan í Meyjarstrút 2,8° austur af norðri, en línan þaðan í Strútslaug stefnuna 5,1° vestur af norðri.

Til skýringar skal tekið fram, að hnitakerfi fyrir Ísland er þannig upp byggt, að punktur með hnit Y-O og X-O er fyrir suðaustan Ísland. Hnit Hábarms, Y 381606,2, merkir, að hæsti punktur fjallsins sé 381 kílómetra 606 metrum og 20 sentimetrum norðan við núllpunkt eða hornpunkt hnitakerfisins, en X 546993,5, merkir, að sami punktur fjallsins sé 546 kílómetrum 993 metrum og 50 sentimetrum vestan við hann. Á Hábarmi og Snjóöldu eru svokallaðir þríhyrningapunktar Orkustofnunar (og Landmælinga Íslands), þ.e. sýnileg, varanleg ummerki steypt eða klöppuð niður, og hnit þeirra mæld með nákvæmni upp á 1/10 úr metra.

Pálmi R. Pálmason verkfræðingur hefur að tilhlutan dómsins mælt út eftir uppdrætti Orkustofnunar í mælikvarðanum 1:20.000 hnit annarra þeirra punkta, er greindir eru hér að framan, en af kortum í þessum mælikvarða má lesa með 1/2 mm nákvæmni, sem samsvarar 10 metra skekkjumörkum á landinu.

Með bréfi, dags. 10. júlí 1985, veitti dómsmálaráðuneytið sóknaraðila, Álftavershreppi, gjafsókn í máli þessu og skipaði Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.til þess að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa.

Með bréfi, dags. 8. október 1985, veitti dómsmálaráðuneytið varnaraðila, Rangárvallahreppi, gjafvörn í máli þessu og skipaði Árna Grétar Finnsson hrl. til þess að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.



Landmanna- og Haltalkreppar og eigendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi (stefndu)

Dómkrafa: G - H - I - Tungnaá - J - K - L - M

Að beiðni Árna Gríslars Finnssonar hrl:

"Dómkrafan er samhljóða dómssátt gerðri fyrir auka-dómþingi Rangárvallasýslu 7 ágúst 1951."

Skaftártunguhreppur (stefnandi)

Dómkrafa: G - F - E

Teiknað að beiðni Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.

"Lína G-E: Sáttatillaga Rangvellinga 4/10 1889."

"Lína G-J-K-L-M: Lýsing Rangvellinga 23/10 1886"



Mýrdalsjökull
Alftavershreppur (stafnandi)
Aðalkrafa : B-E
Varakrafa : C-D-E
Upptök Fúlalæjar
A
B
C
D
O
P
N
Haimsá
(oumdeild hreppamörk)
Sólheimsjökull
Jökulsá á
Sólheimasandi
(Fúlilækur)
mælikvarði 1:250.000
0
5
10
15 km
Rvk 20. febr. 1985
Skúli Jóhannsson, verkfr.
breytt 21. ág '86

Lögmaður gjafsóknarhafa hefur lagt fram málskostnaðarreikning, þar sem hann krefst málflutningsþóknunar, að fjárhæð 250.000,00 króna, og 15.134,00 króna til endurgreiðslu þegar út lagðs kostnaðar samkvæmt nánari sundurliðun.

Lögmaður gjafvarnarhafa krefst auk hæfilegrar málflutningsþóknunar út lagðs kostnaðar, að fjárhæð 8.848,00 krónur.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., 180,000,00 kr., og málflutningslaun skipaðs talsmanns gjafvarnaraðila, Árna Grétars Finnssonar hrl., 180.000,00 krónur.

Með sérstakri umboðsskrá skv. 2. mgr. 30. gr. l. 85/1936, dagsettri 22. ágúst 1984, skipaði dómsmálaráðuneytið Má Pétursson, héraðsdómara í Hafnarfirði, til þess að fara með mál þetta og dæma, en með honum skipa dóminn þeir Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Dómsorð:

Mörkin milli afréttarlanda sóknaraðila, Álftavershrepps, og varnaraðila, Rangárvallahrepps, á svæðinu norðan Mýrdalsjökuls skulu vera á línu með stefnu 50° austur af norðri, er hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæst Mælifell (hnit Y 366535 X 546275), þaðan eftir línu með stefnu 2,8° austur af norðri í hæstan Meyjarstrút (hnit Y 370990 X 546055), og þaðan eftir línu með stefnu 5,1° vestur af norðri í Strútslaug (Hólmsárbotna).

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður Álftavershrepps greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., 180.000,00 kr., og út lagður kostnaður til dómsuppsögu, 15.134,00 krónur.

Gjafvarnarkostnaður Rangárvallahrepps greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Árna Grétars Finnssonar hrl., 180.000,00 kr., og út lagður kostnaður til dómsuppsögu, 8.848,00 krónur.

Fimmtudaginn 15. júní 1989.

Nr. 29/1987. **Hreppsnefnd Holtahrepps**
f.h. hreppsins,
hreppsnefnd Landmannahrepps
f.h. hreppsins
og eigendur og ábúendur
Næfurholts og Hóla
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
hreppsnefnd Skaftártunguhrepps
f.h. hreppsins
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
og gagnsök.

Landamerkjamál. Afréttur. Gjafsókn. Gjafvörn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1987. Þeir krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þeir þess, „að hrundið verði öllum kröfum gagnáfrýjanda og mörkin á milli afréttarlanda nefndra hreppa, þ.e. Landmannaafréttar að austan og afréttar Skaftártunguhrepps að vestan, verði staðfest svo sem þau voru ákveðin í dómsátt, gerðri fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu 7. ágúst 1951, nánar til tekið eftir kennileitum og örnefnum með hnitum frá norðri til suðurs sem hér segir: úr Svartakambi, þar sem hann er hæstur (punktur H - hnit Y 412.330, X 526.125), þaðan þvert á Tungnaá (punktur I - hnit Y 409.800, X 523.930), síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós (punktur J - hnit Y 389.300, X 544.300) og eftir honum í Kirkjufellsvatn (punktur K - hnit Y 386.470, X 544.910), þaðan eftir Hábarmi (punktur L - hnit Y 381.606.2, X 546.993.5) í há-Torfajökul (punktur M - hnit Y 376.050, X 543.475)“. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir

Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en aðaláfrýjendur, sem höfðu gjafvörn í héraði, hafa fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 1. október 1987, auk 12% söluskatts af málflutningsþóknun fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1987. Hann gerir þær dómkröfur, „að mörkin milli afréttarlanda gagnáfrýjanda að austan og aðaláfrýjenda að vestan verði aðallega ákveðin eftir beinni línu, sem hugsast dregin úr Strútslaug eða Hólmsárbotnum (E) í Námskvíslarmynni (F), þannig að upphafspunktur kröfugerðarinnar sé þar, sem lína þessi sker kröfulínu aðaláfrýjenda í Hábarmi (L), og síðan úr Námskvíslarmynni (F) eftir beinni línu í Þveröldu við austurenda Þórisvatns (G)". Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar landamerkin. Í báðum tilvikum er þess krafist, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, hefur fengið gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 11. febrúar 1988 að viðbættum 12% söluskatti af málflutningsþóknun. Í ofangreindum dómkröfum gagnáfrýjanda felst sú afstaða til aðalkröfu aðaláfrýjenda um frávísun málsins frá héraðsdómi, að henni verði synjað.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, sem gerð verður nokkur grein fyrir:

1. Sáttargerð um Landmannaafrétt 16. september 1783 milli Landmanna-, Holta- og Rangárvallahreppa.

2. Ljósrit af bréfi Jóns Jónssonar, Selsundi, 3. september 1832 til hreppstjórans í Landsveit.

3. Bréf hreppsnefndar Skaftártunguhrepps til hreppsnefndar Landmannahrepps 21. janúar 1887, þar sem hreppsnefnd Skaftártunguhrepps lýsir því, að hún sjái sér ekki fært að ákveða landamerki milli Landmannaafréttar og Skaftártunguafréttar, þar sem henni sé ekki kunnugt um, hvort nokkur takmörk milli Rangárvalla- og Skaftafellssýslna séu að fornu ákveðin á því svæði, sem hér um ræðir.

4. Samkomulag hreppsnefnda Holtamannahrepps og Landmannahrepps um afréttarmál 18. apríl 1887.

5. Ljósrit af bréfi Eyjólfs Guðmundssonar, oddvita Landmannahrepps, til sýslumanns Rangárvallasýslu 15. desember 1887.

6. Vottorð Jóns Guðmundssonar, Hreiðri, Landsveit, 2. maí 1889 og vottorð Kristófers Jónssonar, Vindási, Jóns Árnasonar, Skarði, og Árna K. Jónssonar, Látalátum, 3. maí 1889.

7. Bréf hreppsnefndar Skaftártunguhrepps til hreppsnefndar Landmannahrepps 10. mars 1890 um afréttarmörk Skaftártunguhrepps.

8. Bréf Eyjólfs Guðmundssonar til hreppsnefndar Skaftártunguhrepps 29. apríl 1890.

9. Ljósrit af uppgjöri Eyjólfs Guðmundssonar, oddvita í Hvammi, Landsveit, á kalineyrðu fé og óskilafé af Landmannaafrétti 1892 - 1912.

10. Bréf sýslumanns Skaftafellssýslu til vegamálastjóra 17. október 1938 um landamerki milli afrétta Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, sem þar eru talin: „Afréttartakmörkin (sýslutakmörkin) á svæðinu milli Mýrdalsjökuls og Tungnaár: úr Jökultá norðan í Mýrdalsjökli við upptök Brennivínskvíslar, vestan Mælifells um Skiftingaröldu og Krókagil við Meyjarstrút í Torfajökul austanverðan, norður Barm í Kýlingavatn eða Litla-Kýling austast".

11. Bréf sýslumanns Rangárvallasýslu til oddvita Landmannahrepps 24. janúar 1939.

12. Afrit af bréfi oddvita Ásahrepps til sýslumanns Rangárvallasýslu 28. febrúar 1939, þar sem mörkin úr Torfajökli og yfir í Tungnaá eru talin vera: „úr Torfajökli austanverðum yfir í Kirkjufellsvatn, úr því rennur ós, er nefndur er Kirkjufellsós, og ræður hann mörkum í Tungnaá".

13. Bréf hreppsnefndar Landmannahrepps til sýslumannsins í Rangárvallasýslu 3. mars 1939 ásamt afriti af dómi frá 1476.

14. Skýrsla Guðna Jónssonar, Skarði, 25. mars 1939, en Guðni var fjallkóngur á Landmannaafrétti frá 1909 til 1935.

15. Bréf Vigfúsar Gunnarssonar oddvita, Flögu, og Valdimars Jónssonar hreppstjóra, Hemru, til sýslumanns Skaftafellssýslu 12. júlí 1939.

16. Kort með ákvörðun hnita viðmiðunarpunkta, sem reiknuð

voru út eftir uppsögu héraðsdóms af Pálma R. Pálmasyni verkfræðingi. Var því lýst yfir við málflutning fyrir Hæstarétti, að enginn ágreiningur væri milli aðila um ofangreinda punkta.

II.

Aðaláfrýjendur styðja frávísunarkröfu sína þeim rökum, að mörk Landmannaafréttar hafi þegar verið ákveðin með dómsáttinni, sem gerð var 7. ágúst 1951. Gagnáfrýjandi hafi hvorki höfðað mál til vefengingar dómsáttinni né áfrýjað henni innan lögmælts áfrýjunarfrests og hafi þannig með aðgerðarleysi glatað rétti sínum til að andmæla þeim mörkum, sem með sáttinni voru ákveðin. Þá telja aðaláfrýjendur, að Hæstiréttur hafi þegar dæmt um mörk Landmannaafréttar með dómum sínum 1955, 108. bls., 1977, 32. bls., og 1981, 1584. bls., sem byggst hafi á þeim mörkum, sem ákveðin voru í dómsáttinni frá 1951.

Gagnáfrýjandi var ekki aðili að nefndri dómsátt, og oddviti Skaftártunguhrepps hafði ekki umboð til þess að gefa bindandi yfirlýsingu um réttindi þau, sem mál þetta snýst um. Þá hefur Hæstiréttur ekki dæmt um sakarefnið í málum þeim, sem fyrr eru greind, en gagnáfrýjandi átti eingöngu aðild að síðastgreinda málinu. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, hvað þetta varðar, með vísan til forsendna hans og hafna frávísunarkröfu aðaláfrýjenda.

III.

Í héraðsdómi er greint nánar frá dómsáttinni, sem gerð var 7. ágúst 1951, um afmörkun Landmannaafréttar. Að sáttinni stóðu Landmanna-, Ása-, Djúpár- og Rangárvallahreppar svo og landbúnaðarráðherra f.h. ríkisins. Í héraðsdómi er einnig gerð grein fyrir málum þeim út af Landmannaafrétti, sem dæmd voru í Hæstarétti 1955 og 1981. Í málinu, sem dæmt var 1955, var deilt um rétt til veiði í vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti. Aðilar þess máls voru landbúnaðarráðherra f.h. ríkisins, hreppsnefnd Holtahrepps f.h. hreppsins, hreppsnefnd Rangárvallahrepps f.h. eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla og hreppsnefnd Landmannahrepps f.h. hreppsins. Lýstu þeir allir yfir því, að þeir myndu hlíta sáttinni frá 7. ágúst 1951. Á grundvelli þess dæmdi Hæstiréttur 25. febrúar 1955, að íbúar Landmannahrepps, Holtahrepps og

ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi ættu sameiginlegan upprekstrarrétt á Landmannaafrétt og veiðirétt í vötnum á afréttinum. Í eignardómsmáli út af Landmannaafrétti, sem dæmt var í Hæstarétti 1981, voru kröfur aðila ýmist beinlínis reistar á þeirri afmörkun afréttarins, sem gerð var með dómsáttinni 7. ágúst 1951, eða tekin mið af henni, að því er Skaftártunguhrepp varðaði. Kröfur aðaláfrýjenda í dómsmáli því, sem hér er til meðferðar, eru reistar á þeirri afmörkun afréttarins, sem gerð var með fyrrgreindri dómsátt. Mörk svæðisins eru dregin á uppdrátt, sem er meðal gagna málsins, og er þeim lýst í héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta sem landamerkjamál samkvæmt 8. gr. laga um landamerki, nr. 41/1919, til þess að fá dóm um mörkin milli afréttarlanda aðila á hinu umdeilda svæði. Í greinargerð gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti segir, að ekki sé „verið að krefjast dómsviðurkenningar á neinum tilgreindum einkaréttarlegum eignarréttindum á hinu umdeilda landsvæði. Aðeins er gengið út frá, að um einhver slík réttindi sé að ræða".

Í máli þessu deila aðilar eingöngu um einkaréttarleg mörk. Þeir miða við það, að landsvæðið sé afréttur. Stjórnsýsluleg valdmörk eru þannig ekki til skoðunar í þessu máli.

IV.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, virðist ágreiningur aðila áður fyrr aðallega hafa verið um mörkin sunnan Tungnaár. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að báðir aðilar hafa smalað að Kirkjufellsósi og aðaláfrýjendur hafa smalað hina svonefndu Kýlinga og Jökulgil. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um mörkin sunnan Tungnaár.

Gagnáfrýjandi hefur ekki leitt í ljós, að hann hafi átt uprrekstrarrétt á hinum umdeilda svæði ofan Tungnaár. Verða því kröfur hans um tiltekin merki á þessu svæði með hliðsjón af rétti til afréttarnota ekki teknar til greina.

Miðað við þessa niðurstöðu um, að gagnáfrýjandi eigi ekki afréttarland ofan Tungnaár, þykir, eins og kröfugerð er háttað, skorið úr deilu aðila máls þessa um mörk afrétta ofan Tugnaár og ekki efni til að ákveða frekari mörk landsvæða í máli, sem eingöngu

er á milli þessara aðila. Kröfu aðaláfrýjenda varðandi mörk við Tungnaá er því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað.

Allan gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað aðila fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

Málflutningslaun skipaðra talsmanna aðila eru dæmd án söluskatts, sbr. dóm Hæstaréttar 8. febrúar 1989 í málinu nr. 238/1987.

Dómsorð:

Aðalkröfu aðaláfrýjenda, hreppsnefndar Holtahrepps f.h. hreppsins, hreppsnefndar Landmannahrepps f.h. hreppsins og eigenda og ábúenda Næfurholts og Hóla, um frávísun og ómerkingu héraðsdóms er hafnað.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um mörk afréttarlanda aðila sunnan Tungnaár á eftirfarandi hátt:

Mörkin milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hins vegar skulu vera úr Hábarmi og í Kirkjufellsós, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá. Lína þessi er mörkuð á korti í héraðsdómi.

Framangreind kennileiti hafa eftirtalin hnit:

Kirkjufellsós (punktur J) Y 389.300, x 544.300.

Kirkjufellsós, þar sem hann rennur úr Kirkjufellsvatni (punktur K), Y 386.470, X 544.910.

Hábarmur (punktur L) Y 381.606.2, X 546.993.5.

Kröfum gagnáfrýjanda, hreppsnefndar Skaftártunguhrepps f.h. hreppsins, um mörk milli afréttarlanda á svæðinu ofan Tungnaár er hafnað.

Varakröfu aðaláfrýjenda um, að mörk milli afréttarlanda skuli dregin við Tungnaá, er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað á að vera óraskað.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður aðila fyrir Hæstarétti skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 550.000,00 krónur, og málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 550.000,00 krónur.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um mörk landsvæða, sem málsaðilar telja afréttarlönd.

Ég tel rekstur máls þessa ekki verða byggðan á ákvæðum laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl. Þrátt fyrir aðild eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla tel ég, að hér sé í raun uppi ágreiningur um það, hvar draga eigi mörk á sviði stjórnsýslu milli hreppsfélaga þeirra, sem að málinu standa, og því, eins og hér hagar til, sýslumörk, sbr. lög nr. 42/1969, um afréttarmál, fjallskil og fleira, sbr. nú lög nr. 6/1986, um sama efni.

Ég tel þann ágreining ekki bera undir dómstóla, sbr. ákvæði I. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, sbr. nú lög nr. 8/1986, um sama efni, og því beri að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Þessi niðurstaða hefur ekki hlotið stuðning meiri hluta dómara. Verður því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, tekin afstaða til efnis málsins, og fellst ég þá á niðurstöðu dómsatkvæðis meiri hlutans.

Dómur aukadómþings Vestur-Skaftafellssýslu 19. desember 1986.

Ár 1986, föstudaginn 19. desember, er aukadómþing Vestur-Skaftafellssýslu háð í þingsal bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði af Má Péturssyni, umboðsdómara í neðangreindu máli, ásamt meðdómendunum Jónasi Jónssyni búnaðarmálastjóra og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Fyrir er tekið aukadómþingsmálið nr. 1/1983: Hreppsnefnd Skaftártunguhrepps gegn hreppsnefndum Landmanna- og Holtahreppa og eigendum og ábúendum jarðanna Næfurholts og Hóla, og í því kveðinn upp dómur þessi.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember 1986, hefur hreppsnefnd Skaftártunguhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 31. október 1983, á hendur hreppsnefnd Landmannahrepps með stefnu, birtri 22. október 1983, á hendur hreppsnefnd Holtahrepps og með þingfestingu sakar 11. september 1984 á hendur eigendum og ábúendum Næfurholts, þeim Ófeigi Ófeigssyni og Geir Ófeigssyni, og eiganda Hóla, Haraldi Runólfssyni, og ábúanda þar, Kristjáni Gíslasyni.

II.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, ,,að mörkin milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps að austan og afréttarlanda Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi að vestan verði ákveðin eftir beinni línu úr Strútslaug (Hólmsárbotnum) í Námskvíslarmynni eða Jökulgilskvíslarmynni og síðan þaðan eftir beinni línu í Þveröldu við austurenda Þórisvatns. Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, úr hendi Landmanna- og Holtahreppa og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla in soldium".

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, ,,að hrundið verði öllum kröfum stefnanda og að mörkin á milli afréttarlanda nefndra hreppa, þ.e. Landmannaafréttar, að austan og afréttar stefnanda, Skaftártunguhrepps, að vestan, verði staðfest svo sem þau voru ákveðin í dómsátt, gerðri fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu 7. ágúst 1951, nánar til tekið eftir kennileitum og örnefnum frá norðri til suðurs: ,,úr Svartakambi, þar sem hann er hæstur (H), þaðan þvert á Tungnaá (I), síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós (J) og eftir honum í Kirkjufellsvatn (K), þaðan eftir Hábarmi (L) í há-Torfajökul (M)".

Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, úr hendi sóknaraðila.

Umboðsmenn aðila hafa látið marka framangreindar kröfulínur svo og markalínu samkvæmt lýsingu Rangæinga á afréttarmörkum frá 22. október 1886, sem síðar verður frá sagt, inn á uppdrátt, sem lagður er fram í málinu sem dskj. nr. 51 og fylgir dómi þessum og er hluti af honum. Aðilar eru öldungis sammála um, að kennileiti séu rétt staðfærð og línur milli þeirra rétt dregnar, þ.e. uppdrátturinn er ágreiningslaus. (Sjá næstu síðu.)

Upphaflega gerðu varnaraðilar þá aðalkröfu, að málinu yrði vísað frá dómi og þeim til dæmdur málskostnaður. Reistu þeir frávísunarkröfuna einkum á þessum röksemdum:

1. Fyrir liggi gild dómsátt frá 7. ágúst 1951 um sakarefnið í máli þessu.

2. Hæstiréttur hafi þegar skorið úr um þetta sakarefni, sjá Hrd. 1955, 108. bls., Hrd. 1977, 32. bls., Hrd. 1981, 1584, bls.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 19. október 1984. Skaftártunguhreppur krafðist þess, að henni yrði hrundið og honum til dæmdur málskostnaður. Með úrskurði réttarins 22. október 1984 var frávísunarkröfunni hrundið og kveðið svo á, að ákvörðun málskostnaðar biði endanlegs dóms í málinu.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 1985, tilkynnti dómurinn ríkislögmanni um málsókn þessa og jafnframt um næsta þinghald. Bréfi þessu svaraði ríkislögmaður 19. sama mánaðar þannig: „Leitað hefur verið eftir ákveðnum upplýsingum ráðuneyta þeirra, er í hlut eiga. Bréfi yðar verður svarað efnislega, þegar þau svör liggja fyrir." Ekki bárust frekari svör, og ekki varð af þingsókn af ríkisins hálfu.

Forsvarsmenn eigenda Holtamannaafréttar, oddvitar Ásahrepps og Djúpárhrepps, sóttu dómþing í málinu 3. september 1985. Boðuðu þeir meðalgöngu í málinu. Fengu þeir í framhaldi af því ljósrit dómskjala. Var þeim veittur tiltekinn frestur til gagnaöflunar og greinargerðar. Ekki varð af meðalgöngu eigenda Holtamannaafréttar. Oddviti Ásahrepps var viðstaddur á dómþingi, er málið var flutt 15. ágúst 1986.

III.

Í landamerkjalögum, nr. 5 frá 17. mars 1882, voru lögfest ýtarleg ákvæði um skyldu eigenda eða umráðamanna jarða til þess að skrásetja landamerki og skyldu sýslumanna til þess að sjá um að framfylgja lögunum. Kveðið var sérstaklega svo á, að hin sama regla gilti einnig um afrétti og aðrar óbyggðar lendur, eftir því sem við yrði komið.

Hinn 22. október 1886 komu hreppsnefndir Holta-, Landmanna- og Rangárvallahreppa sér saman um landamerkjalýsingu fyrir Landmannaafrétt og undirrituðu hana. Þessari landamerkjalýsingu var síðan þinglýst í Rangárvallasýslu 17. maí 1890. Henni var ekki þinglýst í Skaftafellssýslu. Á þrætusvæðinu í máli þessu er austurmörkum Landmannaafréttar svo lýst:

„...síðan ræður Torfajökull inn að upptökum á Stórukvísl, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá, þaðan beint í Þveröldu, sem er fyrir norðan austurbotninn í Þórisvatni ...."

Þessi markalína, þ.e. línur milli þeirra kennileita, sem þarna eru greind, liggur um punktana M - L - K - J - G á meðfylgjandi uppdrætti á dskj. 51, sem er, eins og áður segir, samþykktur af aðilum.

Áður en landamerkjalýsingu þessari var þinglýst einhliða af Rangæingum, höfðu farið fram nokkur bréfaskipti á milli sýslnanna. Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hafði 30. apríl 1888 lagt til, að mörkin yrðu (að því


ndmanna- og Hvítárhreppar og eigendur
-Þjanna Nautgrholts og Hóla í Rangárvallahreppi (stefndu)
Dómkrafa G - H - I - Tungnaá - J - K - L - M
Að beiðni Árna Gretars Finnssonar hrl
"Dómkrafan er samhljóða dómsátt gerðri fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu 7 ágúst 1951."
Skaftártunguhreppur (stefnandi)
Dómkrafa: G - F - E
Ferknað að beiðni Jóns Ísakssonar Gunnlaugssonar hrl
"Lína G-E: Sáttalínaga Rangvellinga 4/10 1889."
"Lína G J K L M: Lýsing Rangvellinga 21/10 1886."
h.m. umdeilda svæði
Rangárvallahreppur (stefndi)
Dómkrafa: N O P E
(Ár ráða þessari kröfu.)
Alftaverjahreppur (stefnandi)
Aðalkrafa: B - E
Varakrafa: C - D - E
Mýrdalsjökull
Upplýk Hvammur
Jökulsá á Sólheimasandi
(Hálfdekur)
mælikvarði 1:250.000
0 5 10 15
Rétt 20 ágúst 1985
Skúli Jóhannsson, vé
brept 21. ág '86

er virðist) í samræmi við það, sem nú eru dómkröfur sóknaraðila í máli þessu, nánar til tekið:

„Úr Fúlalæk á Sólheimasandi yfir Eyjafjallajökul (sýnilega misritun fyrir Mýrdalsjökul) beina stefnu í miðjan Meyjarstrút, þaðan beint í Námakvíslarmynni, þar sem hún fellur í Tungnaá, og þaðan fyrir vestan Tungnaárfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn."

Nú var orðið ljóst, að merkin voru umdeild. Sýslunefnd Rangárvallasýslu setti fram 4. október 1889 nýja tillögu, Skaftfellingum óhagstæðari en merkjalínuna í lýsingu Rangæinga frá 1886, þ.e. línuna E - G á meðfylgjandi uppdrætti eða eins og segir í lýsingunni frá 4.10. 1889: „Úr Fúlalæk beina stefndu í Hólmsárbotna, úr Hólmsárbotnum beina stefnu í austurendann á Þórisvatni." Jafnframt lagði sýslunefnd til, ef sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu vildi ekki aðhyllast þessi mörk, að málið yrði „lagt í gjörð af báðum sýslunefndunum kosinna manna á kostnað beggja sýslufélaganna".

Svo virðist sem Vestur-Skaftfellingar hafi hafnað hvoru tveggja, samkomulagstillögunni og gerðardómshugmyndinni. Var ekkert frekar að gert í málinu við svo búið.

Líður nú meira en hálf öld. Þá taka búendur í Landmannahreppi annars vegar og Holtahreppi hins vegar að deila sín í milli um veiðirétt á Landmannaafrétti. Skaftfellingar taka ekki þátt í þeirri deilu. Var fyrsta málinu, sem búendur í Landmannahreppi höfðuðu 10. mars 1947 og hreppsnefnd Holtahrepps tók til varna í, vísað frá héraðsdómi með dómi Hæstaréttar 15. maí 1950, og segir m.a. svo í forsendum Hæstaréttar:

„Í máli þessu krefjast aðaláfrýjendur þess, að þeim einum verði dæmdur réttur til veiði í Fiskivötnum eða Veiðivötnum á Landmannaafrétti. Í málinu er ágreiningur um það, hver séu mörk Landmannaafréttar, og hefur það ekki verið nægilega leitt í ljós. Þá er einnig deilt um, til hvaða vatna kröfur aðaláfrýjanda taki og hver séu takmörk vatnasvæðis þess, sem málið fjallar um. Þar sem svo er ástatt, sem að framan segir, bar héraðsdómara samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919 að nefna samdómendur og fara með málið svo sem þar greinir.

Einn aðaláfrýjenda hefur markað á uppdrátt vatnasvæði það, sem hann telur vötn þau vera á, er krafa aðaláfrýjenda tekur til, en það er gert með þeim hætti, að ekki væri unnt að leggja það til grundvallar dómi í málinu. Skortir því gögn um örnefni eða kennileiti, sem takmörk vatnasvæðisins eiga að miðast við. Sökum þessa eru kröfur aðaláfrýjanda ekki nægilega ákveðnar til dómsúrlausnar, Þess er og getanda, að í málinu hefur ekki verið gerð nægileg tilraun til að leiða í ljós, hverjar venjur hafa gilt hér á landi um veiði í vötnum á afréttum." Hæstiréttur ómerkti því efnisdóm héraðsdóms um sýknu og vísaði málinu frá dómi 15. maí 1950.

Var nú stofnað til tveggja mála á árinu 1951, annars um takmörk Landmannaafréttar, er þingfest var 2. ágúst 1951 og lauk með dómsátt 7. sama mánaðar, og hins, er höfðað var með opinberri stefnu, út gefinni 2. júlí 1951, og opinberri framhaldsstefnu, út gefinni 8. ágúst 1951, en þar krafðist hreppsnefnd Landmannahrepps f.h. hreppsins „einkaréttar til veiði í Fiskivötnum (Veiðivötnum) svo og öllum öðrum vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti".

Svo sem áður er greint, eru dómkröfur stefnda í máli þessu í samræmi við sáttargerðina 7. ágúst 1951. Skaftártunguhreppur lét ekki mæta í því máli. Hins vegar lagði dómarinn fram í þinghaldi 2. ágúst 1951 svohljóðandi skeyti frá oddvita Skaftártunguhrepps, dagsett sama dag: „Hreppsnefndin í Skaftártunguhreppi leggur til, að landamörk Skaftártunguafrétta verði þannig: að norðan Tungnaá að mynni Jökuldalskvíslar, að vestan úr mynni Jökuldalskvíslar um Kirkjufellsós í Torfajökul".

Því er ekki haldið fram, að oddvitinn hafi borið efni skeytisins formlega upp í hreppsnefndinni, og óvíst, hvort hann hafði samráð við meðnefndarmenn sína. Fyrir liggur, að staðfestingar sýslunefndar var ekki leitað.

Skaftártunguhreppur lét ekki mæta í síðarnefnda málinu, um veiðiréttinn, sem lauk með dómi Hæstaréttar 25. febrúar 1955. Í forsendum þess dóms segir m.a.:

„Samkvæmt því, sem að framan segir, verður að telja, að íbúar Holtahrepps og ábúendur Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi eigi sameiginlega með íbúum Landmannahrepps upprekstrarrétt á Landmannaafrétt.

Kemur þá næst til athugunar, hvernig rétti til veiði á Landmannaafrétti muni vera háttað.

Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlazt eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því.

Þar sem framangreindir afréttaraðiljar hafa samkvæmt framansögðu ekki beinan eignarrétt á Landmannaafrétti, koma hér til álita ákvæði 5. gr. laga nr. 112/1941 um rétt til veiði í vötnum á afréttum. Í 1. tölulið þeirrar greinar segir, að noti héruð afrétt með löglegri heimild, sé héraðsmönnum þar öllum veiði jafnheimil. Þar sem íbúar Landmannahrepps, Holtahrepps og býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi nota Landmannaafrétt með löglegri heimild, hafa þeir samkvæmt greindu

ákvæði sameiginlega veiðirétt í vötnum á afrétti þessu. Orðið afrétt í 2. tölulið 5. gr. verður að skýra svo þröngt, að það taki ekki til afrétta, sem notaðir eru með löglegri heimild, svo sem í 1. tölulið segir. Ekki verður séð, að skilyrði hafi verið fyrir hendi til þess, að stefndi hafi helgað sér einkarétt á veiðinni fyrir hefð.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, verður krafa stefnda um einkarétt til veiðinnar ekki tekin til greina."

Líður nú fram til ársins 1975, en þá höfðar íslenska ríkið eignardómsmál „til viðurkenningar á beinum eignarrétti ríkissjóðs að svokölluðum Landmannaafrétti hér í sýslu, en formleg eignarheimild að afréttarsvæðunum liggur ekki fyrir". Tók málshefjandi fram, að þrátt fyrir málsókn þessa um viðurkenningu á beinum eignarrétti, sem stundum sé kallaður grunneignarréttur, muni ríkisvaldið viðurkenna rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög og venjur séu fyrir, enda sé við það miðað, að þeir muni sjálfir gera grein fyrir þeim réttartilköllum undir rekstri eignardómsmálsins. Landfræðilega var eignardómskrafan afmörkuð með sama hætti og Landmannaafréttur í sáttinni frá 1951.

Við þingfestingu málsins var sótt þing af hálfu þessara aðila: Landmannahrepps, Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, Rangárvallahrepps, Ása- og Djúpárhreppa og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum. Þá var og sótt þing af hálfu Landsvirkjunar til réttargæslu. Í næsta þinghaldi í málinu var sótt þing af hálfu Skaftártunguhrepps. Í því þinghaldi var því lýst yfir af hálfu Ásahrepps og Djúpárhrepps, að ekki væri talin ástæða til að sækja frekar þing í málinu. Í þinghaldi þessu kom fram krafa um frávísun málsins af hálfu Landmannahrepps, Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og af hálfu Rangárvallahrepps. Af hálfu Skaftártunguhrepps var því lýst yfir, að hvorki væri gerð frávísunarkrafa né fram komin frávísunarkrafa studd, en hreppnum áskilinn réttur til að koma fram með kröfur og greinargerð við efnismeðferð málsins.

Héraðsdómur féllst á frávísunarkröfuna, en Hæstiréttur hratt henni með dómi 25. janúar 1977, og gekk málið til áframhaldandi efnismeðferðar í héraði. Hélt nú Skaftártunguhreppur uppi efnisvörnum og átti samleið með öðrum varnaraðilum um rökstuðning sýknukröfu að öðru leyti en því, að eftirfarandi var tekið fram um afmörkun þrætulandsins samkvæmt því, er segir í málavaxtalýsingu í héraðsdómi, upp kveðnum 27. október 1978:

„Af hálfu Skaftártunguhrepps kemur fram, að krafa hreppsins sé byggð á lýsingu hreppsnefndarinnar á afréttarmörkum hreppsins frá 12. desember 1889. Afréttarmörkin séu í öllum verulegum atriðum hin sömu og sýslu-

mörk Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu á landsvæði því, sem stefna í máli þessu afmarkar. Svo sem fram komi af skjölum málsins, séu mörkin milli Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu engan veginn ágreiningslaus. Af hálfu Landmannahrepps, Holtahrepps og Ása- og Djúpárhreppa muni því haldið fram, að svokallaður Landmannaafréttur nái alveg austur að Tungnaá og að Skaftártunguhreppur eigi ekkert land fyrir vestan ána. Skaftártunguhreppur hafi hins vegar engan hlut átt að sáttargerðinni frá 7. ágúst 1951 um mörk Landmannaafréttar, og því sé hún ekki bindandi fyrir hreppinn. Hins vegar eigi ágreiningur um þetta ekki að standa í vegi fyrir því, að lagður verði dómur á kröfu stefnanda, enda standi hreppar þeir, sem risið hafa til andmæla gegn þeirri kröfu, sameinaðir í afstöðu sinni til hennar."

Um þetta segir svo í hinum eiginlegu forsendum héraðsdóms:

„Af hálfu aðila málsins, annarra en Skaftártunguhrepps, hafa ekki verið vefengd þau mörk Landmannaafréttar, sem ákveðin voru með sáttargerðinni 7. ágúst 1951. Verður að líta svo á, að landsvæði þetta sé afréttur, en ekki almenningur, svo sem fram hefur komið í málflutningi af hálfu stefnanda.

Í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 25. febrúar 1955, þar sem fjallað var um rétt til veiði í ám og vötnum á Landmannaafrétti, er kveðið á um, að íbúar Holtahrepps og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi eigi sameiginlega upprekstrarrétt á Landmannaafrétt með íbúum Landmannahrepps. Skaftártunguhreppur var ekki aðili að sáttargerðinni um mörk landsvæðis þess, sem fjallað er um í máli þessu, og reisir nú kröfu sína í máli þessu á því, að afréttarland hreppsins nái inn á þetta landsvæði. Þykir ágreiningur varnaraðila innbyrðis ekki girða fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið."

Héraðsdómi þessum, þar sem viðurkenndur var eignarréttur ríkisins að Landmannaafrétti, var áfrýjað, og segir m.a. svo í dómi Hæstaréttar frá 28. desember 1981, þar sem dómkröfum ríkisins var hrundið:

„Af hálfu hreppsfélaga þeirra, sem eru aðilar máls, er því lýst, að ágreiningur sé milli þeirra innbyrðis um eignartilkall til Landmannaafréttar. Í eignardómsmáli þessu þarf þó eigi að kanna þessa hlið málsins, heldur það eitt, hvort aðiljar þeir, sem andæft hafa eignartilkalli ríkisins, hafi nægilega lagahagsmuni af því að fá dæmt um kröfurnar. Þykir þessi ágreiningur milli hreppsfélaganna og eftir atvikum annarra varnaraðilja í héraði ekki eiga að taka fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið.

Í héraðsdómi er greint frá dómsátt hinn 7. ágúst 1951 út af afmörkun Landmannaafréttar. Stóðu Landmanna-, Ása-, Djúpár- og Rangárvallahreppur svo og landbúnaðarráðherra f.h. ríkisins að sáttinni. Eru kröfur aðilja dómsmáls þess ýmist beinlínis reistar á greindri afmörkun landsvæð-

isins eða taka a.m.k. mið af henni að því er varðar Skaftártunguhrepp. Mörk svæðisins eru dregin á uppdrátt, sem er meðal gagna málsins, og er þeim lýst í héraðsdómi.

Fjármálaráðherra f.h. ríkisins hefur í dómsmáli þessu viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir". Þessi viðurkenning er ekki hnitmiðuð. Þegar þess hins vegar er gætt, að mál þetta er höfðað með eignardómsstefnu til viðurkenningar á beinum eignarrétti málshöfðandans að landsvæðinu, stendur þessi óvissa um tilvist óbeinna eignarréttinda ekki því í vegi, að dómur verði lagður á kröfu fjármálaráðherra f.h. ríkisins í máli þessu."

Og enn segir í hæstréttardómi þessum:

„Skaftártunguhreppur telur sig eiga nokkurn hluta afréttarsvæðisins, svo sem greint hefur verið frá af hans hendi í málflutningi hér fyrir dómi. Öðrum þræði er af hálfu þessa aðilja tekið undir málflutning af hendi hinna hreppsfélaganna. Eigi hefur þessi aðili sýnt fram á, hvað sem öðru líður, að hann eigi nein þau réttindi til afréttarins, sem séu rýmri en réttindi þeirra hreppsfélaga, sem aðiljar voru að fyrrgreindu hæstaréttarmáli frá 1955."

IV.

Í máli þessu hafa verið færð fram og reifuð ýmis gögn um það, hver hafi verið talin mörk afréttarlandanna frá fornu fari, og nýtingu þeirra. Auk framangreindra landamerkjalýsinga frá 1886 - 1889 eru þessi hin helstu:

A. Dómur frá 1476. Í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 segir m.a.:

„Í skjölum, sem rituð eru á öndverðri 19. öld og teljast vera endurrit af dómi, er gengið hafi að Skarði á Landi 25. júní 1476, er afrétturinn Þjórsártungur „frá Túná (Tungnaá) og til Sprengisands og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraða á milli", dæmdur „þeirra eign og afrétt, sem haft og haldið hafa í Holtum og á Landi". Er þetta samkvæmt „dóminum" einungis á því reist, að svarið hafi verið af tveimur mönnum, „að þessi afréttur, Þjórsártungur, hafi verið hafður og haldinn til lambareksturs og eldra fjár af þessum tveimur hreppum, Landi og Holtum, svo lengi sem þeir mundu til. Og eigi vissu þeir annað sannara en það væri þeirra eign." Þar sem gögn þessi styðjast hvorki við frumbréf né staðfest endurrit dóms, þykja þau ekki verða lögð til grundvallar í máli þessu um rétt til afréttarins."

Undir rekstri málsins, er lauk 28. desember 1981, fór fram textafræðileg athugun tveggja sérfróðra, dómkvaddra manna, er komust að þeirri niðurstöðu, að óhugsandi sé, að umrædd uppskrift sé falsbréf, er falsað hafi verið frá grunni á síðari öldum, sjá Hrd. 1981, 1596. bls. og 1613. bls.

B. Handrit Árna Magnússonar að Jarðabók frá því laust eftir 1700,

prentað í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1940, 78. bls., dskj. 56. Í lýsingu höfundar af Skaftafellssýslu segir m.a.: „Fiskivötn, 100 að tölu (langtum fleiri), meira en (freka) þingmannaleið úr Skaftártungu, í norður eða lítið til útnorðurs." Báðir aðilar virðast veiða í Fiskivötnum, því að í lýsingunni segir, að þeir af Landi sæki „og" til Fiskivatna.

C. Jarðaskjal um Landmannaafrétt frá 1717, dskj. 59. Því er ómótmælt haldið fram af sóknaraðila, að örnefni þau, er fram koma í þessari lýsingu á Landmannaafrétti, séu öll utan þrætulandsins í máli þessu. Skjal þetta styður því fremur dómkröfur sóknaraðila en varnaraðila.

D. Sýslulýsing Rangárvallasýslu eftir Þorstein Magnússon, er þar var sýslumaður 1743 - 1785, dskj. 54.

„Ellers skal der paa de öde Fielde imellem Rangervalde- og Skaftefiels-sysseler 8 a 10 Müle Nordost fra Hekla endnu være 5 söer nær Hverand(r)e, kaldende Fiskevande, som skal væri mangfoldig fiskerige af örter. De fra Skaftefieldssyssel have til forne haft der Hytter eller Boder samt en Fiske-Baad, og der skal endnu sees de Fiske Gaarde af sten, som de have törret deres flekkede Örter paa; men nu er den Fangst forlagt. Dog vil nogle af Rangervalle syssel nu giöre forsög paa ny, at faa den paa Fode."

E. Ferðabók Eggerts og Bjarna um ferðir þeirra um Ísland 1752-1757, Rvík 1975, úr lýsingu Múla- og Skaftafellssýslna, kaflanum um silungsvötn, 2. bindi, 111. bls., dskj. 58:

„Fátt slíkra vatna er í vesturhluta fjórðungsins. Norður af Mýrdalsjökli eru *Fiskivötn* kunnust. Þau eru með afbrigðum fiskisæl, og hafa menn sótt þangað veiði úr vesturhluta Skaftafellssýslu og af Rangárvöllum. Hafa menn legið þar við í veiðimannakofum, og sjást minjar þeirra. Þangað eru 10 mílur úr Skaftártungu, en menn segja, að þeir geti ekki lengur sótt þangað, því að þar sé enginn hestahagi. En sú afsökun er einskis virði, því að þeir gætu farið þangað nokkrir saman og látið reka hestana til byggða, meðan þeir dveljast við vötnin."

Bókinni fylgir uppdráttur Íslands. Á honum eru sýslumörk dregin. Sýslumörk milli Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu eru sýnd vestan við Fiskivötn og þrætusvæðið í máli þessu samkvæmt því talið í Skaftafellssýslu.

F. Í Ferðabók Sveins Pálssonar, sem byggð er á dagbókum hans og ritgerðum frá árunum 1791 - 1797, útg. Rvík 1945 af Jóni Eyþórssyni, segir á 259. bls.:

„Við vorum nú í Skaftártungu, þeirri sveit, sem næst liggur Fjallabaki. Hún er lengst frá norðri til suðurs og nær að norðan upp til öræfa inni í landinu allt að Túná, að vestan upp að Fjallabaki og Torfajökuls-fjöllum."

Á 657. bls. segir: „Mikill skaði er það, að veiðin í Fiskivötnum hefur alveg verið afrækt síðan á harðindaárunum 1783 - '85, og hinir fáu, sem

áður voru vanir veiðinni, þekktu aðferðina, miðin o.s.frv., eru komnir á grafarbakkann."

Lögmaður varnaraðila bendir á, að í þessari frásögn komi í fyrsta lagi fram lýsing á mörkum Skaftártungu, sem til norðurs sé talin takmarkast af Tungnaá og til vesturs af Torfajökli.

Í öðru lagi sé þarna greint frá veiði Skaftártungumanna í Fiskivötnum fyrir jarðeldana 1783.

Í þriðja lagi sé skýrt frá því, að veiðar þeirra hafi alveg lagst niður eftir harðindaárin 1783 - '85.

Dr. Þorvaldur Thoroddsen tekur upp þessa frásögn í Ferðabók sinni (Kaupmannahöfn 1914, II. bindi, 280. bls.). Þar segir: „Frá Skaftártungu var veiðin helzt stunduð, því þaðan er styzt til Fiskivatna, að eins ein dagleið frá bygð." Síðan er lýst veginum, sem Skaftártungumenn fóru til veiðanna. Það er einnig gert í III. bindi Ferðabókarinnar. Sjá eink. 197. bls. Dr. Þorvaldur mun í þessu styðjast við frásögn Sveins Pálssonar.

Orðalag Sveins Pálssonar á 658. bls., þar sem hann lýsir Landmannaafrétti og segir: „Landmannaafréttur liggur, sem fyrr segir, fram með Þjórsá norðaustur að Tungná og austur með henni að háum fjallgarði, er Kýlingar kallast.", styður það, að hann hafi talið þrætusvæðið sunnan Tungnaár í máli þessu til Landmannaafréttar.

G. Í sóknarlýsingu Stóruvalla á Landi, sem voru kirkjustaður, en eru nú eyðijörð, dagsettri 14. janúar 1841, ritaðri af sr. Jóni Torfasyni, dskj. 9, segir m.a.:

„Afréttarlönd tilheyra sveitinni, kallast Landmannaafréttur, í félagsskap við Holtasveit; takmörk hans eru að sunnan og útsunnan Hekla, fjallaklasar, öldur og dyngjur þær, sem liggja norður af henni. — Að landsunnan og austan Hrafntinnuhraun og Torfajökull, samt. Jökull- eða Námakvísl kölluð, sem að rennur norður í Tungná, ræður hún so og rennur allt vestur í Þjórsá, rúmum hálfum áfanga fyrir ofan byggð. — Í miðjum afréttinum liggur hátt og eggjamikið fjall, sem Löðmundur kallast...

Annan afrétt á sveitin í félagsskap við Holtasveit, nefndur Holtamannaafréttur, út við Þjórsá, en fyrir innan Tungná, plássið er kallað Búðarháls (fyrrum Þjórsártungur), og rennur allmikil kvísl, nefnd Kaldakvísl, austan undir honum, ætla menn hún komi úr Vatnsjöklinum svo kölluðum, þeir sem leita þennan afrétt á haustum, fara allt til Biskupsþúfu og Sprengisands norður. — Fyrir austan Köldukvísl en fyrir innan Tungná, allt austur í fjallgarð þann mikla, sem er fyrir austan öll Fiskivötn og norður undir næst nefndan jökul, eru mikil öræfi og víðlendur, þó eru þar pláss, sem að fornu og allt til þessa hafa verið notuð til rótagröftar svo sem Þóristungur. Utast og syðst í krók þeim, sem myndast af kvíslinni og Tungná — þá Kvíslarnar svokallaðar — austar, í landnorður frá kvíslunum, en fyrir vestan nefndan

fjallgarð liggja Fiskivötn, að mestu strandlengis frá Tungná suður, allt norður undir Stórasjó so kallaðan, sem liggur inn við nefndan jökul, og mun fáum kunnug stærð hans og líka, hvernig hagar til þar í kring. — Þau eiginlegu Fiskivötn hafa affalla hvurt úr öðru, sem kallast Vatnakvísl, hún rennur í Tungná, á miðjum þessum öræfum í útnorður frá nærst nefndum vötnum, liggur Þórisvatn og fyrir austan það Þóristindur, sem að sögn er kenndur við Þóri þann, er Ármannssaga nefnir. —

Í Fiskivötnum er silungsveiði, sem meir var stunduð til forna en nú á tímum, þykir það ekki tilvinnandi um hásláttartíma að láta fólk liggja þar, því oft er þar lítið um aflabrögð. — Það gagn og gæði, sem í þessum auðnum og öræfum var að hafa fyrrum, so sem fjallagrös, rót, silungs- og álftaveiði, var af 12 mönnum dæmt árið 1476 að Ytrivöllum hérí hreppi Land- og Holtasveitum, og því er lýsingin so langerð, að í því tilliti sýnist sem það sé viðkomandi þessu prestakalli. — Af nefndum afréttum er sauðfé rekið til rétta í svokallað Réttanes, austur við Rangá, nálægt miðsveitis, þangað er tilsótt úr Holta- og Landsveit 22 vikur að sumri."

H. Í sýslulýsingu Rangárvallasýslu frá 1856, Rvík. 1968, 3. bls., dskj. 10, sem rituð er af Magnúsi Stephensen, sem var sýslumaður í Skaftafellsþingi 1823 - 1844, en í Rangárþingi 1844 - 1857, segir:

„Takmörk Rangárvallasýslu á alla vegu eru þessi: Hafið að sunnan frá Jökulsár- til Þjórsár-mynnis, ræður svo Þjórsá að vestan allt upp í óbyggðir: að norðan: úr henni bein stefna í Eyvindarhreysi, úr Eyvindarhreysi í Þórisvatn, úr því í Fiskivötn, úr þeim bein stefna í Hól(m)sárbotna í Skaptártungu, etc."

Samkvæmt þessari lýsingu sker línan Fiskivatnasvæðið, en syðra deilusvæðið tilheyrir Rangæingum.

I. Með lögfestu, dags. 27. desember 1856, lögfestu þrír nafngreindir menn í umboði allra búenda í Holtamannahreppi og Landmannahreppi undir þessar sveitir afrétt þann, er „fyrrum nefndist Þjósártungur, en nú á dögum er nefndur Holtamannaafréttur og Þóristungur, með þessum takmörkum: frá Túná að sunnan og til Sprengisands að norðan og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð svo langt sem vötn renna til og frá, héraða á millum".

Í lögfestunni segir, að hún sé „samkvæmt dómi, er dæmdur var af 6 mönnum á Ytrivöllum á Landi um Þjórsártungur árið 1476".

J. Þá er að geta bréfs oddvita Landmannahrepps, er hann ritaði sýslumanni sínum 15. desember 1887. Þar er hann að ræða um landamerkjalýsinguna frá 22. október 1886, sem síðar var þinglýst 17. maí 1890.

„Hinn 22. Okt. f.á. skrifaði eg hreppsnefndinni í Skaptártunguhreppi í Vestur-Skaptafellssýslu og sendi henni umleið landamerkjalýsingu fyrir Landmannaafrétt; óskaði eg, að téð hreppsnefnd staðfesti landamerkjalýs-

ingu þessa með undirskript sinni, svo hún yrði þinglesin, sem lög standa til. Með bréfi d.s. 1. Jan. þ.á. hefur hreppsnefndin í Skaptártunguhreppi svarað mér á þá leið, að hún sjái sér að svo stöddu ekki fært að ákveða landamörkin milli Landmanna- og Skaptártungu-afrétta, vegna þess að henni sé ókunnugt um takmörkin milli Rangárvalla- og Skaptafellssýslna, verði hún því að leggja þetta mál undir sýslunefnd sína. Síðan þetta bréf kom hefi eg engin skeyti fengið frá téðri hreppsnefnd. Eg vil því leyfa mér að biðja yður, herra sýslumaður, að hlutast til um með milligöngu yðar, að hreppsnefndin í Skaptártunguhreppi dragi ekki mál þetta lengur á þennan hátt, að því er virðist, að óþörfu. Það skal tekið fram, að mörkin í nefndri landamerkjalýsingu eru ákveðin eptir vitnisburðum elstu manna, fróðra og sannorðra, og eptir því, sem hagað hefur verið fjallgöngum og fjársafni um mjög langan tíma óátalið af öllum. Virðist því mjög ástæðulaust fyrir hreppsnefnd Skaptártunguhrepps að færast undan því að staðfesta optnefnda landamerkjalýsingu."

K. Ástæðulaust þykir að rekja lýsingar á afréttarmörkum frá þessari öld að öðru leyti en því, að Pálmi Hannesson segir í bók sinni, Frá óbyggðum, á 206. bls., þar sem hann segir frá ferð, er hann fór um 1930: „Kirkjufellsós kemur úr vatninu (þ.e. Kirkjufellsvatn) og fellur norður í Tungná. Um hann eru sýslumót og afrétta."

V.

Um nýtingu þrætulandsins er það komið fram við yfirheyrslur, að hvorugur málsaðila hefur rekið fé upp yfir Tungnaá, en það svæði nefnist Öræfin. Varnaraðilar hafa smalað Öræfin, en fátt fé virðist hafa gengið þar, 30 kindur eða færri. Sigurjón bóndi á Galtalæk hafði það þó eftir nafngreindum öldruðum eða látnum bændum, að áður hefðu oft komið 50 - 70 kindur af svæðinu. Óumdeilt er, að fé það, sem kemur af þessu svæði, er nær allt frá Rangæingum, en þó kemur fyrir, að kind og kind úr Skaftártungu flækist norður yfir Tungnaá.

Lagðir hafa verið fram í málinu fjallseðlar Landmanna fyrir árin frá 1903 til 1938, og kemur þar fram, að svæðið ofan Tungnaár, Öræfin, hefur verið smalað, að því er virðist, af fjórum mönnum, tveimur af Landi og tveimur úr Holtum.

Nú síðari ár munu 12 menn fara í Öræfin og smala á bílum með hunda.

Um nýtingu þrætusvæðisins sunnan Tungnaár bar oddviti stefnanda, Valur Oddsteinsson í Úthlíð, að Skaftártungumenn hefðu alltaf smalað að Kirkjufellsósi (þ.e. ekki smalað þrætusvæðið) nema fyrstu árin, eftir að afrétturinn var opnaður, en upprekstur á Landmannaafrétt var bannaður árið 1941 - 1962 í því skyni að hefta útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. Þá hafi þeir smalað að kvísl þeirri, sem ýmist er nefnd Jökulgilskvísl eða Námskvísl.

Fyrrverandi oddviti stefnanda, Guðjón Guðjónsson í Hlíð, f. 1910, bar, að þegar hann man fyrst eftir, hafi verið smalað að Tungnaá og að Illagili, skammt austan við Kirkjufellsósinn, og fullyrti, að Skaftártungumenn hefðu aldrei smalað Kýlinga fyrir fjárskipti. Á fjárleysisárunum hafi þeir farið að skyggnast um eftir fé og e.t.v. stundum smalað þar. Spurður um tilefni skeytisins frá 2. ágúst 1951 svaraði hann m.a.: „Það var mín skoðun, þegar ég sendi skeytið, og er ennþá, að mörkin ættu að vera sem næst því, sem við hefðum smalað." „Það er og hefur verið mín skoðun, að það væri ein mesta meinsemd og það, sem stæði búskap í Skaftártungu fyrir þrifum, hvað við hefðum stóran afrétt."

Benedikt Guðjónsson í Nefsholti, Rangárvallasýslu, var fjallkóngur frá 1930 og þar til hætt var að reka á fjall nokkru eftir 1940. Hann fór fyrstu fjallferð sína 1910, þá 14 ára. Hann kvað alltaf hafa verið smalað að Kirkjufellsvatni og Kirkjufellsós.

Árið 1982 var í samvinnu aðila máls þessa og sauðfjárveikivarna sett upp varnargirðing meðfram Kirkjufellsósnum, þ.e. nokkurn veginn á þeirri línu, er Rangæingar lýstu sem markalínu 22. 10. 1886.

VI.

Álit réttarins.

1. Sóknaraðili í máli þessu, Skaftártunguhreppur, var ekki aðili að dómsáttinni, er gerð var 7. ágúst 1951. Til þess að um dómsátt hefði verið að ræða, hefðu aðilar eða umboðsmenn þeirra þurft að sækja dómþing og undirrita sáttina í þingbók eða a.m.k. viðurkenna efni hennar á dómþingi. Þessi regla er m.a. staðfest í 8. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919. Þetta gerði Skaftártunguhreppur ekki, og því er hann ekki bundinn af dómsáttinni.

2. Kemur þá til athugunar, hvort yfirlýsing oddvita Skaftártunguhrepps í símskeyti 2. ágúst 1951 feli í sér bindandi afsal á hugsanlegum rétti hreppsins til þrætulandsins. Þar koma stjórnsýslulegar umboðsreglur til álita. Því er ekki haldið fram, að ákvörðun um málið hafi verið tekin á formlegum hreppsnefndarfundi í samræmi við reglur um stjórnarathafnir fjölskipaðra stjórnvalda. Upplýst er að um málið var eigi fjallað af sýslunefnd, en samkvæmt 5. tl. 28. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 12/1927, útheimtist samþykki sýslunefndar, til þess að ályktun hreppsnefndar um að selja eða veðsetja fasteignir sveitarinnar yrði gild. Þannig hafði oddviti einn og sér ekki umboð að lögum til þess að gefa bindandi yfirlýsingu um afsal réttinda þeirra, er mál þetta snýst um.

3. Um þá málsvörn varnaraðila, að sakarefnið í máli þessu sé þegar dæmt með dómum Hæstaréttar frá 1955 og 1981, er þetta að segja:

Skaftártunguhreppur var ekki aðili að málinu frá 1955. Það var ekki

höfðað sem eignardómsmál, heldur einvörðungu með opinberri stefnu. Þess gerðist því ekki þörf að fjalla hér um það, hvort dómur í eignardómsmáli bindi alla. Dómur í venjulegu dómsmáli, sem höfðað er með opinberri stefnu, gerir það ekki. Þá er og á það að líta, að eins og umrætt mál var lagt fyrir, fór ekki fram nein gagnrýnin skoðun á mörkum þrætulandsins við dómsmeðferðina.

Í málinu frá 1981 gerðist Skaftártunguhreppur aðili og studdi varnaraðild sína tilkalli til réttinda á því landsvæði, sem dómkrafa hans í máli þessu tekur til.

Af orðum þeim, er vitnað er til í niðurlagi III. kafla hér að framan (Hrd. 1981, 1590. bls., er auðráðið, að ódæmt er um sakarefni í máli þessu: „Eigi hefur þessi aðili sýnt fram á, hvað sem öðru líður, að hann eigi nein þau réttindi til afréttarins, sem séu rýmri en réttindi þeirra hreppsfélaga, sem aðiljar voru að fyrrgreindu hæstaréttarmáli frá 1955."

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á, að þegar sé dæmt um sakarefnið í máli þessu með framangreindum dómum Hæstaréttar.

4. Þá kemur að þeirri röksemd varnaraðila, að hugsanleg réttindi sóknaraðila hafi fallið niður fyrir aðgerðaleysi eða hefð.

Að því er varðar aðgerðaleysi eða tómlætisverkanir, er það að segja, að aðgerðaleysi eitt sér leiðir ekki til brottfalls eignarréttinda.

Hvað hefðina varðar, er á það að líta, að ekki er fram komið, að varnaraðilar hafi á neinu tímaskeiði, er hefðartíma næmi, haft afréttarnot á þrætulandinu í útilokandi umráðum.

Eftir að hinar bréfuðu yfirlýsingar eða tillögur að landamerkjaskrám lágu fyrir, en samkvæmt þeim var ekki ágreiningur um, að meginhluti þrætusvæðisins væri innan afréttarmarka stefnanda, kemur einnig til skortur á huglægum skilyrðum; varnaraðilar vissu eða máttu vita um þann rétt, er stóð í vegi fyrir hefð. Þeir höfðu sjálfir viðurkennt og þinglýst skjali, sem var byggt á því, að afréttarmörkin lægju yfir Veiðivatnasvæðið. Er hér átt við hina upphaflegu tillögu þeirra sjálfra frá 1886, sem þinglýst var 1890. Sáttin frá 1951, sem stefnandi var ekki aðili að, og yfirlýsing oddvita, sem eigi var bindandi afsal, breytti þar engu um. Loks athugist, að eigi eru enn liðin þau 40 ár, sem telja verður hefðartíma að réttindum sem þessum, frá því að sáttin var gerð og henni þinglýst 17. nóvember 1951.

5. Samkvæmt öllu þessu framansögðu verður því á það fallist með sóknaraðila, að úrslit máls þessa velti á því, hver teljist hafa verið mörkin frá fornu fari.

Það liggur fyrir, að á árunum 1886 - 1889, þegar aðilar voru að reyna að koma sér saman um mörkin, var ágreiningur þeirra allt annar og minni en nú er. Þá greindi ekki á um, að í norðri væri Þveralda merkjapunktur milli afréttanna. Þaðan lægi línan vestur af suðri yfir Veiðivatnasvæðið.

Rangæingar töldu 1886, að línan ætti að liggja úr Þveröldu í Stórukvísl, sem er augljóslega sama örnefnið og Kirkjufellsós. Skaftfellingar voru þeim sammála um, að miða ætti við Þveröldu og draga línuna vestur af suðri yfir Veiðivatansvæðið, en vildu ekki miða við Kirkjufellsós, heldur við Námskvíslarmynni nokkru vestar með Tungnaá.

Þetta sýnir greinilega, að ágreiningur var um Kýlingana, og jafnframt, að ekki var ágreiningur milli aðila um, að austurhluti Veiðivatnasvæðisins tilheyrði Skaftfellingum. Málið stöðvaðist þannig á ágreiningi um, hvar setja ætti niður merkjapunkt við Tungnaá að sunnan, en enginn ágreiningur var um, að úr þeim punkti ætti að draga línuna til norðurs í Þveröldu.

Hin svokallaða sáttatillaga Rangæinga frá 4. október 1889 hefur lítið sönnunargildi. Á hana virðist mega líta sem ríflega gagnkröfu fremur en hlutlægar upplýsingar um skoðun tillögumanna á því, hver mörkin væru og hefðu verið. Hún staðfesti þó, að Rangæingar voru ekki í vafa um, að austurhluti Veiðivatnasvæðisins tilheyrði Skaftfellingum.

Úr því að samningar náðust ekki, eru umræddar sáttatillögur einvörðungu sönnunargögn. Skal nú hugað að öðrum sönnunargögnum, en þeim er áður lýst í IV. kafla hér að framan, 11. - 16. bls., í liðunum A - K:

a) Í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 var talið, að bréf það frá 19. öld, sem sagt er endurrit af dómi frá 25. júní 1476, yrði ekki lagt til grundvallar um rétt til afréttarins. Samkvæmt rannsókn, er fór fram undir rekstri málsins, er Hæstiréttur dæmdi 28. desember 1981, töldu dómkvaddir kunnáttumenn óhugsandi, að umrætt bréf hefði verið falsað frá grunni á síðari öldum. Af hrd. 1955:119 sést, hvaða svæði hér er um að ræða, þ.e. „allt landsvæðið frá Tungnaá til Sprengisands og frá Þjórsá austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraði." Þetta voru raunar kallaðar „Þjórsártungur" í dóminum. Skv. kortum (þ. á m. korti Björns Gunnlaugssonar í Kortasögu Íslands, Rvík 1978, myndblað 43) gæti þá allt Veiðivatnasvæðið verið innan þessara marka. Hins vegar er það tæpast sennilegt, að Þjórsártungur taki yfir svo víðáttumikið svæði. Í lögfestunni frá 27. desember 1856 kemur og fram skýring, sem er sennilegri, en þar eru Þjórsártungur taldar ná yfir Holtamannaafrétt og Þóristungur. Í söknarlýsingu Stóruvalla frá 1841 eru Þjórsártungur kallaðar Búðarháls, og er það sennilegt miðað við legu.

Í heild hlýtur að vera valt að draga nokkrar ályktanir af þessu plaggi um mörk, jafnvel þótt komist væri að þeirri niðurstöðu, að það væri ófalsað.

b) Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar stunduðu báðir aðilar veiði í Fiskivötnum, og veitir það líkur fyrir því, að Skaftártungumenn hafi talið sig eiga réttindi á þeim hluta þrætulandsins, sem er ofan Tungnaár.

c) Samkvæmt því, sem sagt er hér að framan, styðja jarðaskjöl frá 1717 fremur dómkröfur sóknaraðila en varnaraðila.

d) Um sýslulýsingu Þorsteins Magnússonar er hið sama að segja og um lýsingu Árna Magnússonar (undir lið b).

e) Enn er hið sama að segja um lýsingu Eggerts og Bjarna. Tilgreining sýslumarka á uppdrætti þeirra hefur takmarkað sönnunargildi, en styður þó, að Skaftafellssýsla hafi verið talin ná upp fyrir Tungnaá.

f) Markalýsing Sveins Pálssonar veikir kröfu sóknaraðila til þrætulandsins ofan Tungnaár, en hér er enn staðfesting á veiði hans þar. Þarna er hins vegar að finna stuðning fyrir kröfulínu varnaraðila sunnan Tungnaár, þar sem segir, að Landmannaafréttur nái „austur að háum fjallgarði, er Kýlingar nefnist".

g) Lýsingin á merkjum í sóknarlýsingu Stóruvalla frá 14. janúar 1841 er óhagstæð varnaraðilum. Hún er rituð af þeirra manni. Er varla fært annað en skilja þessa lýsingu svo, að mörkin sunnar Tungnaár séu nokkurn veginn eins og sóknaraðili vill hafa þau. Þá er Löðmundur sagður í miðjum afrétti, og styður það, að höfundur telji Landmannaafrétt ekki ná upp fyrir Tungnaá. Þó ber að hafa í huga, að samkvæmt þessu gagni virðast Landmenn hafa stundað veiði í Fiskivötnum, svo og þann fyrirv...a, er felst í vísun til dómsins frá 1476.

h) Samkvæmt merkjalýsingu í sýslulýsingu Magnúsar Stephensens, sýslumanns Rangæinga, um Rangárvallasýslu frá 1856 sker markalínan Veiðivatnasvæðið, en deilusvæðið sunnan Tungnaár tilheyrir Rangárvallasýslu.

i) Lögfestan frá 1856 styðst greinilega við dóminn frá 1476, og vísast til þess, er áður er sagt um þann dóm.

j) Áður er vitnað til merkjalýsingar Rangæinga frá 22. október 1886. Bréf oddvita Landmanna frá 15. desember 1887 styður það, að markalýsing þessi hafi verið gerð að vel athuguðu máli af þeirra hálfu og „eftir því, sem hagað hefur verið fjallgöngum og fjársafni um mjög langan tíma óátalið af öllum".

k) Fram er komið með framburði vitna í máli þessu, að sunnan Tungnaár hafa báðir aðilar smalað að Kirkjufellsósi síðustu öld, þ.e. að línunni í markalýsingunni frá 1886 og sáttinni frá 1951, en ofan Tungnaár hafa varnaraðilar smalað þrætusvæðið, a.m.k. frá því um síðustu aldamót.

6. Línan samkvæmt sáttinni frá 1951 úr Þveröldu um Svartakamb í Tungnaá á hvorki stoð í markalýsingu né öðrum gögnum, svo að séð verði. Sérstaka athygli vekja þau ummæli í dómi héraðsdóms 15. júlí 1953, Hrd. 1955, 125. bls., sem hér eru skáletruð.

„Árið 1886 eru landamerki Landmannaafréttar, eins og áður er frá greint, ákveðin með landamerkjaskrá. *Þau landamerki eru í aðalatriðum*

hin sömu og samkvæmt sættinni frá 7. ágúst 1951, að öðru en því, *að annar merkipunktur, sem austurlína afréttarins var miðuð við 1886, var glataður,* og var í sáttagerðinni ákveðin ný austurtakmarkalína."

Dómendur telja, að tilvitnuð orð standist ekki miðað við gögnin í máli þessu.

Það, sem á milli ber, er hvorki meira né minna en meginhlutinn af þrætulandinu ofan Tungnaár í máli þessu, á þriðja tug ferkílómetra.

7. Að því er varðar *mörkin sunnar Tungnaár,* er óhnekkt þeirri yfirlýsingu oddvita Landmannahrepps í bréfi frá 15.12. 1887, að í landamerkjalýsingunni 1886 sé mörkum lýst „eftir því sem hagað hefur verið fjallgöngum og fjársafni um mjög langan tíma". Samhljóða framburður elstu og kunnugustu manna, er komið hafa fyrir dóminn, bæði Rangæinga og Skaftfellinga, staðfesta, að síðan hefur þetta verið óbreytt, báðir aðilar hafa smalað að Kirkjufellsósi. Landamerkjalýsingin frá 1886 er hér mikilvægasta sönnunargagnið. Aðrar eldri heimildir hnekkja ekki markalínu um Kirkjufellsós.

Að þessu athuguðu þykir mega fallast á markalínu samkvæmt dómkröfum varnaraðila og merkjalýsingunni frá 1886, *að því er varðar mörkin sunnan Tungnaár,* þ.e., að þau skuli vera með Kirkjufellsósi um Kirkjufellsvatn og í Hábarm, línan J - K - L á meðfylgjandi uppdrætti, en sá uppdráttur er óumdeildur, þar með, að kennileitið „Stórakvísl, sem rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungná", sé Kirkjufellsós. Námskvísl eða Jökulgilskvísl rennur alllangt vestan Kirkjufells í Tungnaá.

Ekki er dæmt um kröfulínu varnaraðila milli Hábarms og há-Torfajökuls, þ.e. L - M, þar sem hún er utan þrætusvæðisins í máli þessu.

8. Þegar nú hefur verið skorið úr þeim ágreiningi um mörkin sunnan Tungnaár, sem virðist hafa staðið í vegi fyrir samkomulagi, þegar aðilar reyndu að setja niður mörkin á níunda tug síðustu aldar, er eftirleikurinn hægur um mörkin *ofan Tungnaár.* Leggja ber til grundvallar landamerkjalýsingu Rangæinga frá 1886. Hún er þeim sjálfum í óhag miðað við kröfugerð þeirra í máli þessu. Skýrsla málsaðila, sem er honum sjálfum í óhag, er að jafnaði mikilvægt sönnunargagn. Línuna ber því að draga úr Kirkjufellsósi í Þveröldu, þ.e. eftir línu milli punktanna J - G. Sú lína er í samræmi við þann grundvöll, er báðir aðilar byggðu á í tillögum sínum 1886 - 1889, að línan ætti að liggja yfir Veiðivatnasvæðið. Önnur gögn styðja og þessa niðurstöðu, einkum lýsing Magnúsar sýslumanns Stephensens, — einnig uppdráttur í Ferðabók Eggerts og Bjarna.

9. Samkvæmt þessu er fallist á kröfulínu varnaraðila sunnan Tungnaár, en úr Kirkjufellsósi eiga mörkin að liggja í Þveröldu. Mörk milli afrétta málsaðila dæmast því línan L - K - J - G á meðfylgjandi uppdrætti, þ.e. línan úr Hábarmi (punktinum L, hnit Y 381606,2, X 546993,5) í miðjan Kirkjufellsós, þar sem hann rennur úr Kirkjufellsvatni (punkturinn K, hnit

Y 386470, X 544910), og síðan eftir miðjum Kirkjufellsósi til Tungnaár (í punktinn J, hnit Y 389260, X 544188), þaðan bein lína í Þveröldu (punktinn G, hnit Y 420640, X 533440), en sú lína liggur um hápunkt Snjóöldu (hnit Y, 396247,9 X 541794,8).

Til skýringar skal tekið fram, að hnitakerfi fyrir Ísland er þannig upp byggt, að punktur með hnit Y O og X O er fyrir suðaustan Ísland. Hnit Hábarms, Y 381606,2, merkir, að hæsti punktur fjallsins sé 381 kílómetra 606 metrum og 20 sentimetrum norðan við núllpunkt eða hornpunkt hnitakerfisins, en X 546993,5 merkir, að sami punktur fjallsins sé 546 kílómetrum 993 metrum og 50 sentimetrum vestan við hann. Á Hábarmi og Snjóöldu eru svokallaðir þríhyrningapunktar Orkustofnunar (og Landmælinga Íslands), þ.e. sýnileg varanleg ummerki, steypt eða klöppuð niður, og hnit þeirra mæld með nákvæmni upp á 1/10 úr metra.

Pálmi R. Pálmason verkfræðingur hefur að tilhlutan dómsins mælt út eftir uppdrætti Orkustofnunar í mælikvarðanum 1:20.000 hnit annarra þeirra punkta, er greindir eru hér að framan, en af kortum í þessum mælikvarða má lesa með ½ mm nákvæmni, sem samsvarar 10 metra skekkjumörkum á landinu.

10. Við framangreinda úrlausn máls þessa er byggt á þeim grundvelli, að allt umrætt landsvæði sé afréttur, en ekki almenningur. Hæstiréttur hefur slegið því föstu með dómi sínum frá 25. febrúar 1955, að varnaraðilar í máli þessu eigi afréttarrétt á Landmannaafrétti, einnig ofan Tungnaár, í Öræfunum. Staðfesting á veiðirétti hans er í dóminum leidd af notkun afréttar með löglegri heimild. Ekki er fram komið, að neinn munur hafi verið á afnotum aðila máls þessa af svæðinu ofan Tungnaár annar en sá, að varnaraðilar hafa smalað það a.m.k. síðan um aldamót. Báðir aðilar stunduðu þar veiði frá alda öðli og höfðu þar e.t.v. fleiri takmörkuð afnot, svo sem vikið er að varðandi varnaraðila í umræddum hæstaréttardómi með orðunum: „Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, *annarrar* takmarkaðrar *notkunar*" (skáletrað hér, sjá Hrd. 1955, 114. bls.). Veiði má telja meðal þeirra afréttarnota, sem samanlögð hafa grundvallað safnhugtakið afréttarrétt.

Um beitarafnotin má leggja það til grundvallar, að fé frá báðum aðilum hefur áreiðanlega alla tíð flækst upp fyrir Tungnaá, og þótt slíkt ætti sér í minna mæli stað um fé úr Skaftártungu, verður ekki á því byggt, að neinn eðlismunur hafi verið á þessum beitarafnotum fyrr en eftir síðustu aldamót. Athugandi er, að veiðiferðunum hefur fylgt kunnugleiki á landsvæðinu og vitneskja um það búfé, er þar gekk. Ekki er að efa, að menn hafa reynt að sækja þær kindur að haustinu eða fyrri part vetrar, sem þeir vissu af.

Í máli þessu er raunar óþarft að huga að þessum afnotum, því að eins og fyrr er sagt,hefur verið skorið úr því með dómi Hæstaréttar, að allt þrætulandið, einnig ofan Tungnaár, sé afréttur, en ekki almenningur. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að ákvarða á öllu þrætulandinu markalínur milli afrétta.

Með bréfi, dags. 10. júlí 1985, veitti dómsmálaráðuneytið sóknaraðila gjafsóknarleyfi og varnaraðilum gjafvarnarleyfi 29. ágúst sama ár. Jafnframt skipaði ráðuneytið Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa, en Árna Grétar Finnsson hrl. fyrir gjafvarnarhafa.

Gjafsóknarhafi hefur lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 750.000,00., þar af 30.267,00 kr. vegna þegar útlagðs kostnaðar.

Gjafvarnarhafi hefur lagt fram kröfu vegna útlagðs kostnaðar, 17.695,00 krónur.

Málskostnaður fellur niður.

Allan gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., 390.000,00 kr., og útlagðan kostnað hans, 30.267,00 kr., og málflutningslaun skipaðs talsmanns varnaraðila, Árna Grétars Finnssonar hrl., 250.000,00 kr., og útlagðan kostnað hans, 17.695,00 krónur.

Með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. apríl 1983, kynnti lögmaður sóknaraðila dómsmálaráðuneytinu, að hann hygðist höfða mál þetta, og óskaði, með vísan til 2. mgr. 8. gr. l. 41/1919, sbr. l. nr. 29/1965 og l. nr. 52/1972, ákvörðunar ráðuneytisins um það, hvort málið skyldi rekið fyrir dómi í Rangárvallasýslu eða Vestur-Skaftafellssýslu, og krafðist þess, þar eð ljóst væri vegna ákvæða 1. tl. 36. gr. l. nr. 85/1936, að sýslumenn beggja sýslnanna væru vanhæfir til þess að fara með málið og dæma, að ráðuneytið neytti heimildar 30. gr. laga nr. 85/1936 til skipunar sérstaks umboðsdómara. Að fengnu samþykki sýslumanna beggja sýslnanna við þessari tillögu ákvað ráðuneytið, að með málið skyldi farið fyrir dómi í Vestur-Skaftafellssýslu, og skipaði, samkvæmt 2. mgr. 30. gr. l. nr. 85/1936 með sérstakri umboðsskrá, dags. 2. september 1983, og viðbótarumboðsskrá, dags. 22. ágúst 1984, Má Pétursson, héraðsdómara í Hafnarfirði, til þess að fara með mál þetta og dæma, en með honum skipa dóminn þeir Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Dómsorð:

Mörkin milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla

í Rangárvallahreppi hins vegar skulu vera úr Hábarmi og í Kirkjufellsós, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá, þaðan beint í Þveröldu, sem er fyrir norðan austurbotninn á Þórisvatni. Lína þessi er mörkuð milli punktanna L - K- J - G á meðfylgjandi uppdrætti.

Framangreind kennileiti hafa eftirtalin hnit:

Hábarmur (punkturinn L) Y 381606,2, X 546993,5.

Kirkjufellsós, þar sem hann rennur úr Kirkjufellsvatni (punkturinn K), Y 386470, X 544910.

Kirkjufellsós, þar sem hann rennur í Tungnaá (punkturinn J), Y 389260, X 544188.

Þveralda (punkturinn G) Y 420640, X 533440.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Skaftártunguhrepps, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., 390.000,00 kr., og þegar útlagður kostnaður hans, 30.267,00 kr.

Gjafvarnarkostnaður varnaraðila, Landmannahrepps, Holtahrepps og eigenda og ábúenda Næfurholts og Hóla, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Árna Grétars Finnssonar hrl., 250.000,00 kr., og þegar útlagður kostnaður hans, 17.695,00 krónur.

Sérálit Stefáns M. Stefánssonar prófessors.

Gögn málsins hafa leitt í ljós, að stefnandi málsins hefur hvorki fyrr né síðar haft afréttarnot af þrætusvæðinu ofan Tungnaár. Því er ekki unnt að taka til greina kröfur stefnanda um tiltekin merki á þessu svæði með hliðsjón af rétti til afréttarnota. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda, að því er tekur til svæðanna ofan Tungnaár. Ýmis gögn málsins benda hins vegar til, að stefnandi kunni að eiga önnur réttindi á þessu svæði frá fornu fari, einkum rétt til veiði. Hér eru þó ekki efni til að kanna réttarstöðu stefnanda nánar að þessu leyti, enda hefur hann hvorki gert kröfu um viðurkenningu á slíkum hugsanlegum réttindum né um mörk þeirra.

Með hliðsjón af kröfugerð stefndu og þar sem þeir hafa sannað afréttarnot á hinu umdeilda svæði ofan Tungnaár, tel ég unnt að taka til greina kröfur þeirra í máli þessu með þeim hætti og á sömu forsendum og segir í dómi þessum. Þetta er unnt með hliðsjón af 1., sbr. 8. gr., l. nr. 41/1919, þótt ekki hafi verið gagnstefnt í málinu. Einnig tel ég nægjanleg rök til



Landmanna- og Holtahreppar og eigendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi (stefndu)

Dómkrafa: G - H - I - Tungnaá - J - K - L - M

Að beiðni Árna Gríslars Finnssonar hrl.:

"Dómkrafan er samhljóða dómssátt gerðri fyrir auka-dómþingi Rangárvallasýslu 7 ágúst 1951."

Skaftártunguhreppur (stefnandi)

Dómkrafa: G - F - E

Teiknað að beiðni Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.

"Lína G-E: Sáttalína Rangvellinga 4/10 1889."

"Lína G-J-K-L-M: Lýsing Rangvellinga 23/10 1886."



B
C
D
O
P
N
Hoimsá
(oumdeild hreppamörk)
Mýrdalsjökull
Álftavershreppur (stafnandi)
Aðalkrafa : B-E
Varakrafa : C-D-E
Upptök Fúlalæjar
A
Sólheimajökull
Jökulsá á
Sólheimasandi
(Fúlilækur)
mælikvarði 1:250.000
0
5
10
15 km
Rvk 20. febr. 1985
Skúli Jóhannsson, verkfr.
breyt 21. ág '86

þess að ákvarða slík merki, enda þótt kröfur stefnanda um afréttarmörk verði ekki teknar til greina á þessu svæði.

Að öðru leyti og utan þess, sem sagt er í 10. tölulið, VI. kafla, er ég samþykkur niðurstöðu dóms þessa og forsendum hans í öllum greinum.

Föstudaginn 16. júní 1989.

Nr. 272/1988. **Skiptaráðandinn í Hafnarfirði**
f.h. dánarbús Jóns Guðmundssonar
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Ólafi Ísleifssyni
(Ólafur Axelsson hrl.).

Bifreiðar, kaup og sala. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 244.367,20 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. júní 1987 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. júní 1988. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Tvö vitni hafa borið um ástand bifreiðarinnar Y 286, þegar stefndi keypti hana af Jóni heitnum Guðmundssyni. Ber vitnunum saman um, að ástandið hafi verið lélegt. Er nægilega sannað, að verðmæti bifreiðarinnar hafi verið mun minna en kaupverð það, sem skráð var í samning aðila. Ber því að staðfesta héraðsdóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, dánarbú Jóns Guðmundssonar, greiði stefnda, Ólafi Ísleifssyni, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Stefndi skýrir svo frá, að hann hafi selt Stefáni Finnbogasyni, mági sínum, eignarhlut sinn í „videó"-leigu og þá fengið frá Stefáni átta skuldabréf, hvert að fjárhæð 50.000,00 krónur. Fjögur þeirra hafi verið tryggð með sjálfskuldarábyrgð tveggja manna. Hin fjögur hafi verið tryggð með fasteignaveði. Bréf þau, sem fjallað er um í máli þessu, voru tryggð með 5. veðrétti í fasteigninni Melavegi 16 á Hvammstanga, en þinglesinn eigandi hennar var Magnús Aðalsteinsson, mágur Stefáns Finnbogasonar. Stefndi, sem er bílamálari að atvinnu, kveðst hafa reynt að selja bréf þessi. Hann hafi verið peningalítill á þessum tíma. „Ég var að „starta" verkstæðinu hjá mér og þurfti að fá peninga fljótt. Ég var búinn að reyna að selja þessi bréf, en þar sem Stefán var á skrá, þá gekk það ekki." Samkvæmt vætti vitnisins Vilhelms Sverrissonar var hér um að ræða vanskilaskrá, sem Reiknistofa Hafnarfjarðar „gefur út, hún er nú kölluð „svarta bókin"..." Aðspurður, hvort hann gerði töluvert af því að kaupa bíla, gera við þá og selja aftur, svaraði stefndi: „Ég kaupi stundum bíla, vegna þess að starf mitt er þannig vaxið, ef það koma dauðir tímar, að þá verður maður að hafa eitthvað að grípa í." Stefndi kveðst hafa farið með ljósrit af skuldabréfunum á tvær bílasölur, en aðra þeirra hafi Vilhelm Sverrisson rekið ásamt föður sínum. Hafi væntanlegir seljendur bifreiða mátt velja um, hvort þeir tækju skuldabréf með sjálfsábyrgðarmönnum eða bréf með fasteignaveði sem greiðslu.

Ekki er annað fram komið í málinu en Jón heitinn Guðmundsson hafi í nefnt sinn verið að selja einkabifreið sína. Umsamið verð bifreiðarinnar var 100.000,00 krónur. Gegn andmælum áfrýjanda hefur stefndi ekki sannað, að verðmæti bifreiðarinnar, miðað við greiðsluskilmála, hafi verið annað og lægra. Þrátt fyrir staðhæfingar stefnda þykir verða að gera ráð fyrir því, að Jón Guðmundsson hafi tekið við veðskuldabréfunum á þeim forsendum, að þau fengjust greidd af skuldara þeirra eða af andvirði veðsins. Þar sem bréfin voru ekki greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir, verður að líta svo á, að stefndi hafi ekki staðið seljanda skil á söluandvirðinu. Jón Guðmundsson seldi veðskuldabréfin og tókst þá á hendur sjálfskuldarábyrgð á þeim. Verður stefndi því ekki talinn bera ábyrgð

á hærri fjárhæð en nemur söluandvirðinu. Ég tel því, að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda 100.000,00 krónur ásamt vöxtum eins og krafist hefur verið, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 9. maí sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 17. ágúst 1987.

Sóknaraðili er Guðjón Steingrímsson hrl. f.h. skiptaráðandans í Hafnarfirði vegna dánarbús Jóns Guðmundssonar, nnr. 5135-5881, Hjallabraut 3, Hafnarfirði.

Stefndi er Ólafur Ísleifsson, nnr. 6767-7234, nú til heimilis að Helgalandi 12, Mosfellsbæ.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að stefnda verði gert að greiða 244.367,20 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. júní 1987 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Þess er og krafist, að stefnanda sé heimilt að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. júní 1988, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómara.

I.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að Jón Guðmundsson, sem lést 12. júní 1987, hafi selt stefnda bifreiðina Y 286, sem hafi verið Renault TL 12, árgerð 1978, með afsali, dags. 4. mars 1985. Umsamið kaupverð hafi verið 100.000,00 kr., sem stefndi greiddi með tveimur skuldabréfum. Bréfin voru öldungis samhljóða, hvort að fjárhæð 50.000,00 kr., gefin út af Stefáni Finnbogasyni, 8340-2415, Kjarrhólma 32, Kópavogi, til stefnda sem kröfuhafa.

Höfuðstóll bréfanna ásamt vöxtum og verðbótum skyldi greiddur í einu lagi 15.1. 1986. Grunnvísitala bréfanna er 1006 stig og vextir við útgáfu þeirra 4% p.a., en gátu breyst eftir ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Bréfin voru tryggð með 5. veðrétti í fasteigninni Melavegi 16, Hvammstanga, samhliða sjö öðrum sams konar bréfum, svo að alls hvíldu 400.000,00 kr. á þessum veðrétti.

Stefndi ritaði framsöl sín á bréfin til Jóns Guðmundssonar, og eru þau dagsett 4. mars 1985.

Jón Guðmundsson hafi selt bréfin Sparisjóði Hafnarfjarðar, og séu framsöl hans til sparisjóðsins dagsett 19.6. 1985. Sé þar jafnframt tekið fram, að hann taki á sig fulla sjálfskuldarábyrgð á bréfunum.

Á gjalddaga bréfanna, 15.1. 1986, hafi borið að greiða 70.533,40 kr. af hvoru bréfi, höfuðstól, vexti og verðbætur, en ekkert var greitt.

Sparisjóðurinn bað þá um uppboð á hinni veðsettu fasteign, og hafi hún verið seld á nauðungaruppboði, án þess að nokkuð kæmi upp í skuldina.

Eigandi fasteignarinnar, sem reyndar beri ekki persónulega ábyrgð á skuldinni, sé gjaldþrota. Útgefandi bréfanna, Stefán Finnbogason, hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 11.12. 1986.

Málsástæður stefnanda séu því, að í ljós sé leitt, að gagngreiðsla stefnda fyrir bifreiðina hafi reynst ónýt. Stefnandi hafi því rift kaupunum með bréfi til stefnda, dags. 12. mars 1987, og krafist þess, að hann greiddi andvirði bréfanna ásamt öllum á föllnum dráttarvöxtum og kostnaði, en stefndi hafi neitað. Stefnandi vísar í 42. gr. kaupalaga, nr. 39/1922, og 30. gr. samningalaga, nr. 7/1936, og til 36. gr. sömu laga.

Stefnandi bendir á, að upplýst sé í málinu, að stefndi hafi haft undir höndum umrædd skuldabréf og þurft að koma þeim í peninga og ekki getað það öðruvísi en með því að leita til bílasala, sem gætu komið bréfunum út fyrir bifreið. Stefndi hafi verið búinn að reyna að selja bréfin áður, en ekki tekist, og honum hafi verið vel kunnugt um, að skuldarinn á bréfunum væri eignalaus vanskilamaður. Þetta sé vel þekkt og tíðkað, þegar um verðlaus bréf sé að ræða. Ósannað sé, að stefndi hafi látið Jón heitinn vita, að skuldarinn væri eignalaus, og upplýst sé í málinu, að veðið hafi aldrei verið í því ástandi, sem Jón hafi mátt búast við, og honum hafi ekki verið sagt um ástand hússins. Í kaupunum hafi forsenda Jóns heitins verið, að bréfin myndu greiðast, og ábyrgð stefnda verið ríkari, þar sem upplýst sé, að hann hafi verið að selja bréfin og komið með þau að fyrra bragði til bílasalans.

Vilhelm Sverrisson bílasali hafi komið fyrir dóminn sem vitni og lýst þessum viðskiptum, og vitnið hafi upplýst, að stefndi hafi komið með skuldabréfin á bílasölu Matthíasar og skilið eftir ljósrit á staðnum, til þess að viðkomandi gæti kynnt sér þau.

Stefnandi vísar í fordæmi Hæstaréttar um svipuð tilvik í þessum dómum: 1969, 663. bls., 1968, 52. bls., 1970, 647. bls., og 1964, 900. bls.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að með afhendingu skuldabréfanna hafi kaupverð bifreiðar Jóns heitins, Y 286, verið greitt að fullu og þessum viðskiptum aðilanna endanlega lokið.

Umsamið kaupverð hafi verið 100.000,00 kr., og sé líklegt, að það orðalag sé tekið upp úr hinu staðlaða og prentaða afsalsformi. Með hliðsjón af því, sem síðar greini, sé réttmæti þessa orðalags umdeilanlegt, en hið rétta sé, að umrædd bifreið hafi verið seld gegn afhendingu beggja veð-

skuldabréfanna, og var gagngert um samið, að með afhendingu þeirra væru full skil gerð á kaupverðinu.

Stefndi segi, að gangverð á bílum af þessari tegund og árgerð hafi á umræddum tíma verið 80.000,00 kr., og var söluverð bílsins á bílasölu Matthíasar tilgreint með þeirri fjárhæð. Y 286 hafi hins vegar verið mun lélegri bifreið en gekk og gerðist, m.v. árgerð og tegund, en hún hafði orðið fyrir tjóni og skemmst að framan. Hafði viðgerð farið fram, en sú var þó ekki fullnægjandi. Þurfti það endurbóta við ásamt ýmsum fleiri atriðum, t.d. voru hemlar lélegir eða óhæfir, hjólbarðar ónýtir, bensínlok vantaði og vatn var í bensíngeymi, lakk var ónýtt og allt útlit bifreiðarinnar afleitt. Stefndi setti þetta þó ekki fyrir sig, ef viðunandi kaupverð kynni að nást, þar sem hann hugðist nota bifreiðina við atvinnu sína, en hann rekur bílamálunarfyrirtæki og hefur sæmileg tök á að annast sjálfur viðgerðir.

Kvaðst Jón heitinn sjálfur meta bifreið þessa á 50.000,00 kr. Hafði stefndi í höndum skuldabréfin tvö og bauð að greiða kaupverðið með þeim, en skv. útreikningi nam skuld skv. hvoru þeirra 53.820,25 kr. á afsalsdegi. Vakti stefndi athygli á því, sem reyndar var staðfest með athugun bílasalans, að greiðandi bréfanna væri ótryggur, og afhenti hann Jóni heitnum til athugunar ljósrit af báðum bréfunum. Hafði Jón heitinn ljósrit þessi til athugunar í tvo daga. Að þeim dögum liðnum kvaðst hann annaðhvort vilja fá 50.000,00 kr. fyrir bifreiðina staðgreiddar eða bæði skuldabréfin, þar sem algerlega gæti brugðið til beggja vona um þau. Lyktaði þessu svo, að Jón heitinn féllst á að telja bifreiðina greidda með afhendingu beggja bréfanna og stefndi féllst á að afhenda þau Jóni, og voru þeir sammála um, að Jón myndi þá hagnast vel, ef þau greiddust, en í versta falli ekki tapa meiru en „50.000,00 kall". Var síðan gengið frá viðskiptunum með þessum hætti.

Málsvörn stefnda byggist því á, að með afhendingu skuldabréfanna hafi kaupverð Y 286 verið greitt að fullu og þessum viðskiptum aðila endanlega lokið. Var viðsemjanda stefnda gerð grein fyrir því, að stefndi ábyrgðist ekki greiðslu þeirra, en framselja varð hann bréfin, enda nafnbréf. Enda þótt bréf þessi væru veðtryggð og ekkert lægi fyrir á þessum tíma, sem benti til þess, að veðið hrykki ekki fyrir skuldinni, taldi stefndi sér haganlegt að losna við bréfin á þennan hátt, þar sem skuldari þeirra er mágur hans og hann vildi gjarnan komast hjá því að þurfa að innheimta bréfin vegna þeirra tengsla, ef það reyndist nauðsynlegt. Hér var því um að ræða áhættusamning af beggja hálfu, nafnverð bréfanna með verðbótum og vöxtum vel helmingi hærra en verðmæti hinnar seldu bifreiðar nam og greiðandi þeirra ótryggur.

Stefndi bendir á, að vitnið Vilhelm Sverrisson bílasali hafi lýst því hér fyrir dómi, að bíll Jóns heitins hafi verið „sjúskaður" og í lélegu ástandi

og illa hafi gengið að selja hann, enda hafi þessi tegund aldrei verið vinsæl. Hæfilegt verð fyrir hann hafi verið 40-50 þúsund kr., og hann hafi verið seldur fyrir tvö skuldabréf, hvort að upphæð 50.000,00 kr. Vitnið Guðmundur Erlendsson hafi lýst hér fyrir dómi ástandi bifreiðarinnar og lýst því, að þegar gírkassinn hafi farið fljótlega eftir kaupin, hafi ekki borgað sig að gera við hann, svo lélegt hafi ástandið verið.

Stefndi hafi sagt Jóni, að skuldarinn á bréfunum væri ekki góður og Jón hafi því viljað fá tvö bréf og sagt, að annaðhvort tapaði hann eða stefndi. Jón hafi því samið upp á það, að hann hafi ætlað að taka á sig, ef bréfin ekki greiddust, og þetta hafi verið áhætta á báða bóga, þar sem bifreiðin hafi verið léleg. Gírkassi bifreiðarinnar hafi strax orðið ónýtur, og hafi stefndi farið til Jóns og talað við hann um það, en Jón hafi sagt: „Svona er okkar samningur. Við tókum áhættu, ég á bréfunum og þú á bílnum."

Stefndi leggi því áherslu á það, að þarna hafi verið um áhættusamning að ræða og krafa stefnanda sé því út í hött. Jón hafi sjálfur selt bréfin í banka og tekið þar með áhættu, og stefndi eigi ekki að gjalda fyrir það. Stefnandi höfði málið sem skaðabótamál, en tjón Jóns hafi verið honum sjálfum að kenna, og hann hafi vitað, hver gagngreiðslan í samningnum var. Hér gildi caveat emptor-reglan, og ábyrgðin hvíli á Jóni, enda hafi ekki verið um nein svik að ræða, heldur áhættu beggja, og báðir hafi tapað.

III.

Telja verður upplýst í máli þessu, að ástand bifreiðarinnar Y 286, sem Jón heitinn Guðmundsson seldi stefnda fyrir tvö skuldabréf 4. mars 1985, hafi verið þannig, að eðlilegt verð fyrir hana hafi verið 40-50 þúsund kr. á þeim tíma. Jón Guðmundsson tók við skuldabréfunum, sem voru samtals að höfuðstól 100.000,00 kr., auk vaxta og verðbóta, sem greiðslu. Upplýst er, að hann hafi haft tíma og tækifæri til að kynna sér bréfin og skuldara þeirra og þar með veðið, sem átti að tryggja þau. Þegar þetta er virt, verður að fallast á með stefnda, að við kaup þessi hafi báðir samningsaðilar tekið áhættu og verið það ljóst. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að stefndi beri ábyrgð gagnvart stefnanda á skaða þeim, sem hann hefur orðið fyrir, og verður sýknukrafa hans því tekin til greina.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Ísleifsson, skal vera sýkn af kröfum sóknaraðila, skiptaráðandans í Hafnarfirði, vegna dánarbús Jóns Guðmundssonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. júní 1989.

Nr. 421/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Viðari Má Friðfinnssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærða áfrýjað með stefnu 10. nóvember 1988 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Viðar Már Friðfinnsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. september 1988.

Ár 1988, föstudaginn 16. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 490/1988: Ákæruvaldið gegn Viðari Má Friðfinnssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 1. júní sl., gegn ákærða, Viðari Má Friðfinnssyni, Framnesvegi 34, Reykjavík, fæddum 25. febrúar 1963 þar í borg, „fyrir skjalafals með því að hafa í mars 1986:

1) afhent Sævari Ólafssyni, Framnesvegi 3, Reykjavík, sem greiðslu fyrir

bifreiðina R 16229 þrjá falsaða víxla, hvern að fjárhæð 10.000,00 kr., með gjalddaga 4. apríl, 4. maí og 4. júní 1986, út gefna 4. mars 1986, sem ákærði hafði falsað á nafnritun Ólafs Friðfinnssonar sem útgefanda og framseljanda, en samþykkt í eigin nafni,

2) stuttu síðar framvísað í Bifreiðaeftirliti ríkisins sölutilkynningu, dagsettri 4. mars 1986, sem ákærði hafði falsað á nafnritun Sævars Ólafssonar sem seljanda bifreiðarinnar, þar sem ranglega var tilkynnt, að Sævar hefði selt Sævari Friðfinnssyni bifreiðina.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

1. Í mars-apríl 1986 afhenti ákærði Sævari Ólafssyni þrjá víxla, hvern að fjárhæð 10.000,00 kr., út gefna 4. mars 1986, með gjalddaga 4. apríl, 4. maí og 4. júní sama ár. Ákærði samþykkti alla víxlana í eigin nafni og ritaði jafnframt á þá sem greiðandi. Undir víxlana falsaði hann nafn bróður síns, Ólafs Friðfinnssonar, sem útgefanda og framseljanda á bakhlið þeirra.

Ákærði afhenti Sævari víxlana sem greiðslu við kaup á bifreiðinni R 16229. Ákærði kvaðst áður hafa átt þessa bifreið í félagi við annan mann, sem seldi Sævari bifreiðina án vitundar ákærða. Kvaðst ákærði því hafa samið svo við Sævar, að ákærði keypti bifreiðina af Sævari fyrir 30.000,00 kr., en er Sævar keypti hana þremur vikum áður, hafi hún verið metin á um 55.000,00 kr. Taldi ákærði, að með því að greiða kaupverðið með fölsuðum víxlum hefði hann einvörðungu verið að ná aftur réttmætri eign sinni.

Ákærði greiddi ekki víxlana á umsömdum gjalddögum. Þegar Ólafur var krafinn um greiðslu þeirra, neitaði hann að greiða þá, þar sem þeir væru falsaðir.

Framangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa hefur verið lögð fram í málinu, enda eru víxlarnir í ljósriti og mál verið höfðað vegna þeirra fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

2. Stuttu eftir að ákærði afhenti Sævari framangreinda víxla, falsaði hann nafnritun Sævars sem seljanda bifreiðarinnar R 16229 á sölutilkynningu, dagsetta 4. apríl 1986, útfyllti nafn Sævars sem seljanda bifreiðarinnar, en nafn bróður síns, Sævars Þ. Friðfinnssonar, sem kaupanda, þrátt fyrir það að ákærði hefði sjálfur keypt bifreiðina í millitíðinni, og framvís-

aði sölutilkynningunni í Bifreiðaeftirliti ríkisins. Þetta gerði hann til að komast hjá því að greiða umskráningargjald til Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, þykir framangreind háttsemi hans sönnuð, og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Sakaferill ákærða:

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1981 gengist þrívegis undir dómsátt fyrir umferðarlaga- og áfengislagabrot. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

1984 5/12 1 mánaðar fangelsi, skb. í 2 ár, fyrir þjófnað.

1985 18/1 Sekt fyrir ölvun við akstur o.fl. umfl.-brot. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði. Hegningarauki.

1987 5/6 60 daga varðhald, skb. í 2 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. alm. hgl.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður hin skilorðsbundna refsing ákærða samkvæmt dóminum frá 5. júní 1987 felld inn í refsingu þá, sem honum verður nú ákveðin. Ber við þá ákvörðun að líta til 78. gr. alm. hegningarlaga, þar sem um hegningarauka er að ræða, svo og 77. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Viðar Már Friðfinnsson, sæti fangelsi þrjá mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 19. júní 1989.

Nr. 235/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurjóni Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. júní 1989, sem barst Hæstarétti 16. júní. Verður að skýra kæruna svo, að í henni felist krafa um, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. júní 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 14. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Sigurjóni Péturssyni, atvinnulausum, til lögheimilis að Engjaseli 72, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 13 daga eða til þriðjudagsins 27. júní nk. kl. 17.00.

Aðfaranótt sl. mánudags um kl. 3.30 var gerð tilraun til að brjótast inn í Vöruhúsið Hólmkjör í Stykkishólmi. Síðar þessa sömu nótt var framinn innbrotsþjófnaður í verslunarhúsnæði Kaupfélags Hvammsfjarðar í Búðardal og stolið verðmætum, að fjárhæð u.þ.b. 600.000,00 kr., nánar tiltekið í reiðufé, tékkum, greiðslukortanótum og öðrum viðskiptanótum.

Við rannsókn þessara tveggja mála vaknaði fljótlega grunur um, að Jón Helgi Hjartarson, kt. 20.08.60-4629, ætti hér hlut að máli. Leiddi það til þess, að laust eftir kl. 14.00 í gærdag var hann handtekinn og færður til

skýrslugjafar. Við yfirheyrslur hjá RLR og hér í dóminum skýrði Jón Helgi frá ferðum sínum vestur í Stykkishólm og Búðardal aðfaranótt sl. mánudags. Hafi kærði, Sigurjón, verið með honum í ferð þessari, og hafi hann gert tilraun til innbrots í Vöruhúsið Hólmkjör, en orðið frá að hverfa. Þeir hafi síðan ekið, sem leið lá, inn í Búðardal, og þar hafi kærði, Sigurjón, brotist inn í verslunarhúsnæði kaupfélagsins þar. Hafi hann komið með poka, sem í voru peningar og ávísanir, í bifreið sína, þ.e. Jóns Helga.

Um kl. 22.30 í gærkvöld handtók RLR kærða. Var hann yfirheyrður um sakarefnið fyrr í dag, en neitaði staðfastlega að eiga hér nokkurn hlut að máli. Er framburður kærða fyrir dómi óbreyttur, og kveðst hann geta sýnt fram á það með vætti vitna, að hann hafi verið hér í Reykjavík alla aðfaranótt sl. mánudags.

Verið er að rannsaka ætluð brot kærða og Jóns Helga Hjartarsonar gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og er rannsókn þessara mála enn á frumstigi, sem m.a. má ráða af því, að enn hefur einungis óverulegur hluti þýfisins komið í leitirnar. Með vísan til þess, sem að framan greinir, og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina að fullu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurjón Pétursson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 13 daga eða til þriðjudagsins 27. júní nk. kl. 17.00.

Miðvikudaginn 21. júní 1989.

Nr. 152/1988. **Elsa Einarsdóttir**
(Jón G. Briem hdl.)
gegn
Páli Gíslasyni,
heilbrigðisráðherra f.h. Landspítalans
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Gagnaöflun. Læknaráð.

Úrskurður:

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Læknaráð lét í té umsögn í máli þessu 2. mars 1987 og 21. apríl 1987. Eftir að læknaráð hafði látið í té umsagnir sínar og málið hafði verið flutt í héraði, var það endurupptekið og aðilum veittur kostur á öflun sérfræðilegs álits lækna í formi skoðunar- og matsgerðar á eftirtöldum atriðum:

„1.1. Er stefnandi haldin kausalgiu?

1.2. Ef ekki, hvers eðlis eru þá þau nýju einkenni, sem hún hefur haft eftir aðgerð?

2.1. Má ætla, að gætt hafi verið nægilegrar varúðar við umönnun stefnanda eftir skurðaðgerðina?

2.2. Var rétt að grípa til aðgerða, fyrr en gert var, eða nota aðrar aðferðir en gert var?

3. Hefur stefnandi hlotið varanlegt mein af sýkingu í skurðsárum?“

Hinn 16. júlí 1987 voru dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat læknarnir Gunnar H. Gunnlaugsson, Haraldur Briem og Torfi Magnússon. Skiluðu þeir matsgerð 2. desember 1987. Þá hafa þeir komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina og skýrt.

Niðurstaða hinna dómkvöddu lækna er nokkuð á annan veg en álit læknaráðs. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942, um læknaráð, er það hlutverk læknaráðs að láta dómstólum í té umsagnir varðandi læknisfræðileg efni.

Rétt er því að endurupptaka málið samkvæmt lögjöfnun frá 120.

gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, en það var dómtekið í Hæstarétti 7. júní sl., og leggja fyrir aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942, að bera matsgjörð hinna dómkvöddu lækna undir læknaráð og leita álits þess á eftirfarandi:

1. Fellst læknaráð á lokaniðurstöðu matsgerðar?
2. Geri læknaráð það, er rétt, að spurt sé:
   a) Verður örorka Elsu Einarsdóttur rakin til þess, að sýkingin var „meðhöndluð seint", eins og matsmenn komast að orði í matsgerð?
   Sérstök athygli er vakin á gagnrýni, sem fram kemur í matsgerð, á meðferð sýkingarinnar.
   b) Telur læknaráð ástæðu til þess að endurskoða það mat sitt, að varanleg örorka Elsu sé 75%, og ef svo er, hver telst þá hæfilega metin örorka?
3. Fallist læknaráð ekki á lokaniðurstöðu matsgerðar, er óskað eftir rökstuddu áliti ráðsins á þeim niðurstöðum matsmanna, sem ráðið getur ekki fallist á. Er þá óskað eftir nýju mati á varanlegri örorku, telji ráðið þess þörf.

Á l y k t a r o r ð:

Lagt er fyrir aðila að afla álits læknaráðs á framangreindum atriðum.

Miðvikudaginn 21. júní 1989.

Nr. 280/1987. **Óttar Yngvason og**
Páll G. Jónsson
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Hauki Sveinbjörnssyni og
dánarbúi Sigurðar Benjamínssonar
og Þórönnu Guðmundsdóttur
(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Landamerkjamál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1987. Af hálfu áfrýjenda eru gerðar þær dómkröfur, að merkjalína milli jarðanna Stórahrauns og Litlahrauns í Kolbeinsstaðahreppi verði ákveðin þannig á deilusvæðinu:

„Frá Stakkholtssteini (B), um beina línu í miðja Þrísteina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E).“

Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í kröfugerð aðila er vitnað til bókstafa á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings frá 24. febrúar 1987 með viðbótarmerkingum svo sem í héraðsdómi greinir.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt samþykkt kauptilboð frá nóvember 1987, þar sem Páll G. Jónsson, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason, Birkigrund 23, Kópavogi, kaupa meðal annarra eigna jörðina Stórahraun af Richard R. Thors. Samkvæmt yfirlýsingu í þessu samþykkta kauptilboði taka kaupendur við aðild máls þessa, sbr. og 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 14. gr. laga nr. 28/1981.

Landamerkjaskrám er lýst í héraðsdómi. Dómarar hafa gengið á vettvang og kannað kennileiti.

Í kröfugerð stefndu felst meðal annars krafa um staðfestingu á ákvörðun héraðsdóms um merki, en í dómsorði segir: „...í Stakkholtsstein (B) og þaðan bein lína í Tvísteina (Þrísteina) (S) í eða við Tvísteinaál (Þrísteinaál), sem er állinn næstur Stórahraunsnesi að sunnanverðu, úr Tvísteinum (Þrísteinum) eftir álnum miðjum fram í miðjan Haffjarðarárál (aðalál) (— — — — —)." Í forsendum héraðsdóms er hins vegar berum orðum tekið fram, að landamerkjalína milli jarða málsaðila skuli dregin „eftir strikalínu á uppdrætti". Strikalínan (brotna línan) er á fyrrgreindum uppdrætti Skúla Jóhannssonar dregin allt til móta ósa Haffjarðarár og sjávar. Hins vegar segir í landamerkjaskrá Stórahrauns, að mörk jarðanna liggi „úr Þrísteinum eptir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál".

Í matsgerð Sigurjóns Rists og Gests Kristjánssonar 1977 um ósa Haffjarðarár segir: „Aðalállinn austan eyja, smávatn er milli eyja og lítil læna vestan eyja. Skammt neðan eyjanna sameinast kvíslarnar í einn farveg, og þannig fellur Haffjarðará í einum farvegi til sjávar..." Þá kemur þar fram, að kunnugir menn segi, að stærðarhlutfall kvísla hafi getað raskast.

Af landamerkjaskrá Stórahrauns má ráða, að jarðirnar Hausthús og Kolviðarnes eigi lönd vestan ósasvæðis Haffjarðarár. Landamerkjaskrár þeirra jarða liggja ekki fyrir í málinu.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið rakið, þykir úrlausn héraðsdóms varðandi markalínu um ósasvæði Haffjarðarár óljós og merkin ekki dregin til fulls.

Í annan stað krefjast stefndu staðfestingar á ákvörðun héraðsdóms á mörkum umhverfis svokallaðrar Fitjar. Við þessa ákvörðun héraðsdóms og kröfulínu stefndu er það að athuga, að nægileg gögn skortir um eignarrétt á Gömlueyri og svæði næst henni.

Jörðin Litlahraun, sem áður nefndist Setahraun, var eign „allra heilagra kirkju í Hítardal" og síðar Staðarhraunskirkju. Þegar landssjóður selur Litlahraun 1916, er merkja ekki getið og þá ekki, hvort Gamlaeyri og fjörur hennar eru með í kaupunum, en tekið er fram, að engin rekaréttindi „þar um slóðir" séu seld. Árið 1939 keyptu eigendur Litlahrauns rekaréttindi „fyrir landi jarðarinnar

Litlahrauns" af kirkjumálaráðuneytinu. Hér er ekki getið um kaup á Gömlueyri, fjörum eða öðru landi.

Gögn eru þannig óljós um eignarréttindi að Gömlueyri og fjörunum, og á skortir, að fyrirsvarsmönnum ríkisins hafi verið gefinn kostur á að gæta réttar þess í málinu eða tjá sig um eignarréttinn.

Vegna annmarka þeirra, sem að ofan eru taldir, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en málið er rekið sem landamerkjamál samkvæmt 8. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1965.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur,og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 9. júlí 1987.

Sóknaraðilar eru Haukur Sveinbjörnsson, 3836-3158, bóndi, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, eigandi 1/3 hluta Litlahrauns í Kolbeinsstaðahreppi, og dánarbú Sigurðar Benjamíns Jónssonar og Þórönnu Guðmundsdóttur, 9400-0688, Þinghólsbraut 42, Kópavogi, eigandi að 2/3 hlutum Litlahrauns.

Varnaraðili er Richard R. Thors, 7346-4994, læknir, búsettur í Chicago, Bandaríkjum Norður-Ameríku, eigandi Stórahrauns.

Mál þetta var þingfest í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 17. september 1985 að tilmælum lögmanns sóknaraðila og með heimild í 8. grein laga nr. 41/1919. Málið var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. september 1986, en endurupptekið til frekari gagnaöflunar með úrskurði 16. s.m. Síðan var málið endurflutt 2. október 1986 og dómtekið að því loknu.

Málið var endurupptekið enn að nýju 22. nóvember 1986 til frekari gagnaöflunar og málflutnings að nýju. Málflutningur fór fram að nýju 10. júní 1987.

Dómarar eru Jón S. Magnússon fulltrúi ásamt meðdómsmönnunum Vilhjálmi Árnasyni og Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmönnum.

I.

Dómkröfur málsaðila.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að landamerki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi verði ákveðin þannig:

„Úr Brunagarðshliði, sem er brunakantur, sem gerð hefur verið klauf í, þar sem Eldborgargata liggur í Digruvörðu á Foldum, þaðan í Stakkholtsstein (B), sem er steinn á Stakkholtsvík, þaðan sjónhending í Tvísteina (Þrísteina) (S), sem eru sker í eða við álinn, sem næstur er Stórahraunsnesi að sunnanverðu og kallast Tvísteinaáll (Þrísteinaáll), þaðan eftir álnum miðjum í miðjan Haffjarðarárál, aðalál árinnar (— — — — —).“

Þá gera þeir þær kröfur, að merki milli Litlahrauns og Stórahrauns á engjasvæði á Fitjum verði ákveðin þannig:

„Að austanverðu eftir línu, sem sátt hefur tekist um með málsaðilum (D-E), að sunnanverðu úr ósi austan Viðarhólma (E), vestur framan Melabakka og beinni línu frá Melabökkum vestur fyrir Toppa (T). Að vestan- og norðanverðu af línu vestan Toppa og norður fyrir þá (U) og þaðan með beinni línu ofanvert við Selhöfða í merkjalækinn, sem rennur frá Fitjum (V), og þaðan með beinni línu í mynni merkjalækjarins norður úr Fitjum (D).“

Bókstafir og skýringar í svigum vísa til uppdráttar Skúla Jóhannssonar verkfræðings, dómskj. 54.

Dómkröfur varnaraðila eru þessar:

„Að merkjalínan milli jarðanna verði ákveðin, eins og sóknaraðili hefur krafist, að Stakkholtssteini (B), þaðan séu merkin um beina línu í miðja Þrísteina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan bein lína í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E).“

Báðir aðilar kröfðust málskostnaðar úr hendi hins að mati dómsins.

— — —

Dómsorð:

Landamerki milli Litlahrauns og Stórahrauns skulu vera bein lína úr Brunagarðshliði í Digruvörðu á Foldum, þaðan í Stakkholtsstein (B) og þaðan bein lína í Tvísteina (Þrísteina) (S) í eða við Tvísteinaál (Þrísteinaál), sem er állinn næstur Stórahraunsnesi að sunnanverðu, úr Tvísteinum (Þrísteinum) eftir álnum miðjum fram í miðjan Haffjarðarárál (aðalál) (— — — — —).

Landamerki jarðanna á Fitjunum eru eftir sáttalínu, sem er bein lína milli mynnis merkjalækjarins norður úr Fitjunum (D) og lækjaróss austan við Viðarhólma (E) og síðan vestur með Melabökkum og frá syðsta punkti Melabakka (P) bein lína vestur fyrir Toppa fyrir sunnan

þriðja Topp (T), þaðan í punkt U norðan við annan Topp og þaðan bein lína norðan við efsta (fyrsta) Topp í austur og ofan við Selhöfða í punkt norðaustur af höfðanum við lækinn (álinn) norður úr Fitjunum (V), þaðan bein lína í punkt D.

Eru þá allar Fitjarnar vestan línu D-E eign Stórahrauns svo og Toppar, þ.e. svæðið innan línu D-E-P-T-U-V-D á uppdrætti.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 22. júní 1989.

Nr. 324/1987. **Sigurjón Viðar Alfreðsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands,
Landsbanka Íslands,
Tryggingastofnun ríkisins,
Lífeyrissjóði verslunarmanna
(Baldvin Jónsson hrl.),
Guðjóni Gísla Hannessyni
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.),
Verslunarbanka Íslands hf.
(Baldvin Jónsson hrl.),
bæjarfógetanum í Garðakaupstað,
Áklæði og gluggatjöldum sf.,
Jóni Magnússyni hrl.
(Baldvin Jónsson hrl.),
Gjaldheimtunni í Garðakaupstað,
Ástvaldi Jónssyni,
Ólafi Þór Jónssyni
og
Báru Sigurjónsdóttur.

Uppboð. Vanhæfi. Ómerking. Heimvísun. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1987. Gerir hann þær dómkröfur, að hinni áfrýjuðu uppboðsgerð, er fram fór á húseigninni Faxatúni 13 í Garðakaupstað 6. nóvember 1987, verði hrundið og hún ómerkt og úr gildi felld og synjað verði um framgang uppboðsins að öllu leyti. Þá verði stefndu in solidum gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands,

Tryggingastofnunar ríkisins, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Verslunarbanka Íslands hf., Áklæða og gluggatjalda sf. og Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns eru þær kröfur gerðar, að hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð verði staðfest og áfrýjanda gert að greiða þessum stefndu, hverjum fyrir sig, málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðjón Gísli Hannesson krefst þess og, að hinn áfrýjaði úrskurður og eftirfarandi nauðungaruppboð verði staðfest. Til vara krefst hann þess, að fram fari þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fyrrgreindri eign. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu hafa ekki verið hafðar uppi kröfur fyrir Hæstarétti.

I.

Með bréfi, dagsettu 22. febrúar 1985, til bæjarfógetans í Garðakaupstað var þess krafist af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins, að húseignin Faxatún 13 í Garðakaupstað, eign áfrýjanda, yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld samkvæmt skuldabréfi, að eftirstöðvum 188.062,50 krónur. Síðar bárust beiðnir frá fleiri aðilum um uppboð á eigninni.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti 21. júní 1985, en uppboðið hafði verið auglýst í 66., 69. og 79. tölublaði Lögbirtingablaðs 1985. Sóttu það nokkrir fulltrúar uppboðsbeiðenda, en enginn af hálfu áfrýjanda. Málinu var frestað til 6. september 1985. Það var síðan tekið fyrir þann dag, og kom þá einn fulltrúi uppboðsbeiðenda, en enginn f.h. áfrýjanda. Málið var næst tekið fyrir 5. desember 1985. Voru þar nokkrir fulltrúar uppboðsbeiðenda og áfrýjandi sjálfur. Voru gerðar sölutilraunir, og kom aðeins eitt boð í eignina, frá Búnaðarbanka Íslands í Garðakaupstað, 100.000,00 krónur. Áfrýjandi krafðist þess, að annað og síðasta uppboð yrði haldið á eigninni, og var það samþykkt, svo og, að það færi ekki fram fyrr en í apríl 1986.

Málið var næst tekið fyrir 28. apríl 1986. Var þá bókaður mættur af hálfu uppboðsbeiðenda Finnbogi H. Alexandersson, en enginn fyrir áfrýjanda. Í þinghaldi þessu var m.a. lögð fram uppboðsbeiðni Verslunarbanka Íslands hf., dagsett 29. nóvember 1985, undirrituð af Sigríði Jósefsdóttur, lögfræðingi bankans. Frestur var ákveðinn í málinu til 22. ágúst 1986. Var það síðan tekið fyrir þann dag,

og var þá bókaður mættur fyrir uppboðsbeiðendur Guðmundur Sophusson, en enginn af hálfu áfrýjanda. Var málinu enn frestað til 11. desember s.á. Þann dag fór á sömu leið, að málinu var frestað, nú til 24. mars 1987, en þinghaldið sótti fyrir uppboðsbeiðendur Rúnar Gíslason, en enginn af hálfu áfrýjanda. Hinn 24. mars 1987 var enn ákveðinn frestur til 16. júlí s.á., og af hálfu uppboðsbeiðenda var þá bókaður mættur Gunnar Aðalsteinsson, en fyrir áfrýjanda kom enginn.

Öllum þeim þinghöldum, sem hér hafa verið nefnd, stýrði Einar Ingimundarson, þáverandi sýslumaður og bæjarfógeti, en hann lét af störfum 1. júní 1987, og var Már Pétursson skipaður til þessara starfa frá sama tíma.

Hinn 16. júlí 1987 var mál þetta enn tekið fyrir í uppboðsrétti, og stýrði þinghaldinu Áslaug Guðjónsdóttir fulltrúi. Fyrir áfrýjanda sótti það Hjalti Steinþórsson hæstaréttarlögmaður og nokkrir af hálfu uppboðsbeiðenda, þar á meðal Sigríður Jósefsdóttir héraðsdómslögmaður f.h. Verslunarbanka Íslands hf., en hún er eiginkona Más Péturssonar, bæjarfógeta og sýslumanns. Ekkert gerðist í þinghaldi þessu annað en það, að lögð voru fram ný skjöl og ákveðinn frestur fram í september samkvæmt nánari ákvörðun uppboðshaldara. Var málið síðan tekið fyrir af Ingibjörgu Þorsteinsdóttur fulltrúa 11. september 1987. Var Hjalti Steinþórsson hæstaréttarlögmaður þar fyrir áfrýjanda og nokkrir fulltrúar gerðarbeiðenda, þar á meðal Pétur Kjerúlf héraðsdómslögmaður fyrir hönd Verslunarbanka Íslands hf. Var málinu frestað ótiltekið.

Hinn 13. október 1987 var málið tekið fyrir í skrifstofu uppboðshaldara af Þuríði Kr. Halldórsdóttur fulltrúa. Bókað var, að af hálfu áfrýjanda væri í réttinum Elvar Örn Unnsteinsson héraðsdómslögmaður, en upplýst er í málinu, að hann rekur málflutningsskrifstofu í félagi við Hjalta Steinþórsson hæstaréttarlögmann, sem var lögmaður áfrýjanda á þessum tíma. Auk þess voru þar komnir nokkrir fulltrúar uppboðsbeiðenda, þar á meðal Björn Jónsson héraðsdómslögmaður f.h. Verslunarbanka Íslands hf. Eftir að söluskilmálar höfðu verið kynntir og leitað boða í eignina, kom aðeins eitt boð fram, að fjárhæð 500.000,00 krónur, frá Garðari Garðarssyni hæstaréttarlögmanni f.h. Vilhjálms Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns. Umboðsmaður áfrýjanda krafðist þriðju

sölu, og var síðan bókað orðrétt: „Ákveðið er að halda þriðja og síðasta uppboð 6. nóv. 1988 kl. 11.00.“

Þrátt fyrir ofangreinda bókun liggur fyrir, að uppboðshaldari sendi áfrýjanda og aðilum uppboðsins tilkynningar, dagsettar 14. október 1987, að þriðja og síðasta uppboð á eigninni færi fram 6. nóvember 1987 kl. 11.00 á eigninni sjálfri og að auglýsing yrði birt í dagblaði 3. nóvember s.á., ef uppboðið hefði þá ekki verið afturkallað.

Uppboðsréttur var síðan settur að Faxatúni 13 í Garðakaupstað á ofangreindum tíma af Þuríði Kr. Halldórsdóttur fulltrúa. Var áfrýjandi þar mættur og með honum Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður. Fyrir Verslunarbanka Íslands hf. mætti Björn Jónsson héraðsdómslögmaður. Af hálfu áfrýjanda var því mótmælt á grundvelli ofangreindrar bókunar 13. október, að uppboð færi nú fram. Fulltrúar uppboðsbeiðenda kröfðust þess, að uppboðið færi fram. Uppboðshaldari kvað þá upp þann úrskurð, að uppboð skyldi fara fram, með vísan til 3. mgr. 7. gr. laga nr. 12/1987, um breytingu á lögum nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, en þar er kveðið svo á, að þriðja og síðasta uppboð skuli fara fram innan fjögurra vikna frá öðru uppboði. Jafnframt hafi bókun um uppboð 6. nóvember 1988 verið augljós ritvilla, sem uppboðshaldari leiðrétti með vísan til 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Að kveðnum upp þessum úrskurði var leitað boða í eignina, og kom hæsta boð frá Báru Sigurjónsdóttur, sem er dóttir áfrýjanda, og hljóðaði það upp á 4.250.000,00 krónur.

II.

Svo sem rakið var hér að framan, undirritaði Sigríður Jósefsdóttir héraðsdómslögmaður, eiginkona Más Péturssonar, núverandi bæjarfógeta í Garðakaupstað, beiðni f.h. Verslunarbanka Íslands hf. um uppboð á húseign áfrýjanda, Faxatúni 13, Garðakaupstað. Var beiðnin lögð fram í uppboðsrétti 28. apríl 1986, þegar Einar Ingimundarson var bæjarfógeti og stýrði uppboðsþingi. Aðild Verslunarbanka Íslands hf. að uppboðsmáli þessu byggðist á þessari beiðni, einnig eftir að Már Pétursson tók við embætti bæjarfógeta, en fulltrúi hans hélt annað og þriðja uppboð á eigninni 13. október

og 6. nóvember 1987. Samkvæmt greinargerð lögmanns þess, sem málið flutti fyrir Hæstarétti f.h. Verslunarbanka Íslands hf., hafði hann umboð til þess frá Sigríði Jósefsdóttur f.h. bankans. Verður að telja, að Sigríður Jósefsdóttir hafi verið forsvarsmaður aðila í málinu, þótt hún hafi ekki sjálf sótt fyrrgreind uppboðsþing, svo að samkvæmt 3. tl. 36. gr. og 1. og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, hafi bæjarfógeta borið að víkja sæti í málinu af sjálfsdáðum. Ber því þegar af þessari ástæðu að ómerkja hina áfrýjuðu uppboðsgerð og meðferð málsins frá 16. júlí 1987 að telja og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar.

Átelja verður þýðingarlausar málsástæður og óviðeigandi ummæli um nafngreinda lögmenn í málflutningi lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Fulltrúar við embætti uppboðshaldara sóttu fjórum sinnum þing af hálfu uppboðsbeiðenda við fyrirtekt máls þessa. Var þingsókn þessara dómarafulltrúa óviðeigandi og andstæð reglum nr. 32/1971, um málflytjendastörf manna í opinberu starfi, sbr. 23. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð, sem fram fór 6. nóvember 1987 á Faxatúni 13, Garðakaupstað, eign áfrýjanda, Sigurjóns Viðars Alfreðssonar, skal vera ómerk, svo og meðferð uppboðsmáls þessa frá 16. júlí 1987, og er málinu vísað heim til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 23. júní 1989.

Nr. 236/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Vilborgu Yrsu Sigurðardóttur.

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

I.

Með úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 3. júní 1989 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 föstudaginn 16. júní, en hún er grunuð um brot gegn lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, og reglugerð nr. 16/1986, um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna. Með bréfi 15. júní krafðist lögreglustjórinn í Reykjavík þess, að gæsluvarðhald varnaraðila yrði framlengt allt til kl. 15.00 laugardaginn 15. júlí 1989. Krafa þessi var lögð fram kl. 9 árdegis 16. júní í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldinn var af Bjarna Stefánssyni fulltrúa. Kl. 11 mætti í réttinum Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, sem verið hafði réttargæslumaður varnaraðila. Að ósk hans var hann nú skipaður verjandi varnaraðila. Fór hann þá fram á, að hann fengi frest þar til kl. 19 um kvöldið til að skila skriflegri greinargerð í málinu, enda myndi hann skila henni fyrr, ef unnt reyndist. Dómari féllst á að veita þennan frest. Varnaraðili var síðan færð fyrir dóminn til yfirheyrslu, er lauk kl. 12.58. Var hún þá færð í geymslu um sinn samkvæmt ákvörðun dómara. Síðan var bókað:

„Samkvæmt ákvörðun dómara verður Vilborg Yrsa í geymslu í Síðumúlafangelsi allt að kl. 11.48 17. júní 1989 með vísan í 66. gr. laga nr. 74/1974.

Verjandi óskar, að bókað verði, að hann mótmæli framangreindri ákvörðun dómara, og krefst þess, að Vilborg verði látin laus kl. 15 í dag, 16. júní, sbr. úrskurð réttarins frá 3. júní sl. Nefndur verjandi kveður 66. gr. laga nr. 74/1974 ekki veita heimild til að svipta sakaðan mann frelsi sínu, á meðan fjallað er um kröfu

um framlengingu gæsluvarðhaldsúrskurðar. Vilji ákæruvald, að slík krafa sé til lykta leidd, áður en gæsluvarðhaldsfangi er látinn laus, verður það að gera kröfu um framlengingu svo tímanlega, að um hana verði fjallað og úr henni skorið fyrir umræddan tíma.

Dómari lætur þess getið, að ofangreindur frestur sé áskilinn til að taka innan lögboðinna tímamarka ákvörðun um fram komna gæsluvarðhaldskröfu, og muni dómari í því sambandi nýta sameiginlega frest með verjanda, sem að ofan greinir.

Nefndur verjandi óskar eftir, að dómari taki afstöðu til kröfunnar um, að sakborningur verði látinn laus kl. 15.00 í dag, og tekur fram, að hann telji ekki þörf á formlegum úrskurði í því efni, heldur nægi, að ákvörðun dómara sé bókuð í þingbók.

Dómari áréttar það, sem hér að ofan er bókað, um frest vegna fram kominnar kröfu um framlengt gæsluvarðhald, og staðfestir þar með, að gæslufanginn muni ekki ganga laus kl. 15.00 í dag.

Nefndur verjandi óskar þá eftir með vísan til 172. gr., 10. tl., l. nr. 74/1974 að kæra þessa ákvörðun dómara til Hæstaréttar Íslands. Um ástæður kærunnar vísast til framangreindrar bókunar.

Dómari lætur þess getið, að hann telji þessa kæru hvorki fresta né breyta þeirri ákvörðun, sem að ofan er lýst, um geymslu gæslufangans.“

II.

Kærumál þetta barst Hæstarétti 19. júní 1989. Í greinargerð skipaðs verjanda varnaraðila, sem barst Hæstarétti 21. júní, er þess krafist, að ákvörðunin verði felld úr gildi og að ákveðið verði, að varnaraðili skuli látin laus þegar í stað.

Til rökstuðnings kröfum sínum vísar verjandi til bókunar þeirrar, sem að framan er rakin, og mótmælir sérstaklega þeirri túlkun 66. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, að hún feli í sér „heimild til að halda gæslufanga í allt að 24 klst. fram yfir úrskurðaðan gæsluvarðhaldstíma, ef fram kemur krafa af hálfu ákæruvalds um framlengingu gæsluvarðhalds, áður en tíminn rennur út“. Kjarni málsins sé sá, að kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds verði að gera „svo tímanlega, að úr henni sé unnt að skera, áður en gæsluvarðhaldstími rennur út“.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti. Í greinargerð ríkissaksóknara, sem barst Hæstarétti 21. júní, segir m.a.:

„Varnaraðili var án undandráttar leidd fyrir dómara, er lögð hafði verið fram krafa um framlengingu gæsluvarðhalds, og gæsluvarðhaldsúrskurður kveðinn upp innan þess frests, er getur í 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, og 66. gr. laga nr. 74/1974, sbr. Hrd. 1976, 524. bls., og 1986, 566. bls. Var dómara og rétt, eins og hér stóð á, að kveða á um geymslu varnaraðila, uns úrskurður félli. *Ákvörðun* dómara um þetta efni verður eigi kærð til Hæstaréttar á grundvelli hins almenna ákvæðis 172. gr., 10. tl., laga nr. 74/1974, sbr. Hrd. 1988, 5. bls. Aðili getur hins vegar kært til æðra dóms *úrskurð* um handtöku, varðhald og aðra gæslu á sökunaut, sbr. 1. og 3. tölul. 172. gr. laga nr. 74/1974. Hefur úrskurður dómsins, sem kveðinn var upp 16. þ.m., um gæsluvarðhald varnaraðila frá kl. 15.00 16. þ.m. til kl. 15.00 miðvikudagsins 12. júlí nk. verið kærður til Hæstaréttar Íslands, sbr. Hæstaréttarmál nr. 239/1989."

III.

Í 172. gr. laga nr. 74/1974 segir meðal annars: „Aðili getur kært til æðra dóms: ... 3. Úrskurð um varðhald og aðra gæslu á sökunaut og tryggingu. ... 10. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt er farið."

Varnaraðili var í gæsluvarðhaldi. Krafa um framlengingu þess var lögð fram í dómi, áður en því skyldi lokið. Skipaður verjandi varnaraðila óskaði frests til greinargerðar. Dómari veitti þann frest og tók sér um leið frest til að taka afstöðu til kröfunnar, enda gögn málsins umfangsmikil.

Ákvæði 172. gr., 10. töluliðar, laga nr. 74/1974 veitir eigi heimild til að kæra sérstaklega til Hæstaréttar ákvörðun héraðsdómara um gæslu á varnaraðila, eftir að krafa um gæsluvarðhaldsúrskurð hafði verið lögð fyrir hann, enda bar honum innan sólarhrings að leggja rökstuddan úrskurð á kröfuna, sbr. 66. gr. laga nr. 74/1974. Sá úrskurður hefur samkvæmt 3. tölulið 172. gr. sömu laga verið kærður til Hæstaréttar, og má í því kærumáli hafa uppi málsástæður, er lúta að ákvörðun um gæslu varnaraðila, sbr. dóm Hæstaréttar 18. mars 1986 í málinu nr. 96/1986. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Föstudaginn 23. júní 1989.

Nr. 239/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Vilborgu Yrsu Sigurðardóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Bjarni Stefánsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. júní 1989, sem barst Hæstarétti 19. júní. Hún krefst þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað um framlengingu gæsluvarðhalds hennar, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur til muna.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

I.

Með úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 3. júní 1989 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 föstudaginn 16. júní. Krafa um framlengingu á gæsluvarðhaldi varnaraðila var lögð fram á dómþingi í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum kl. 9 árdegis 16. júní. Skipaður verjandi varnaraðila óskaði eftir fresti þar til kl. 19 um kvöldið til að skila skriflegri greinargerð í málinu, enda myndi hann skila henni fyrr, ef unnt reyndist. Dómari féllst á að veita þennan frest. Varnaraðili var síðan færð fyrir dóminn til yfirheyrslu, er lauk kl. 12.58. Var hún þá færð í geymslu um sinn samkvæmt ákvörðun dómara og bókað, að samkvæmt ákvörðun dómara yrði hún „í geymslu í Síðumúlafangelsi allt að kl. 11.48 17. júní 1989, með vísan í 66. gr. laga nr. 74/1974". Ákvörðun dómarans var kærð til Hæstaréttar, en því kærumáli vísað frá Hæstarétti í dag með dómi í málinu nr. 236/1989.

Telja verður, að krafa um framlengingu gæsluvarðhalds hafi ver-

ið tímanlega fram lögð. Eins og hér stóð á, var dómara heimilt að verða við beiðni hins skipaða verjanda um frest til greinargerðar og taka sér sjálfur frest til að taka afstöðu til kröfunnar, enda gögn málsins umfangsmikil og úrskurður sá, sem hér er til meðferðar, lagður á málið innan þess frests, sem mælt er fyrir um í 66. gr. laga nr. 74/1974. Verður úrskurðurinn ekki ómerktur af þessum sökum.

II.

Varnaraðili er grunuð um brot gegn lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, og reglugerð nr. 16/1986, um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, en grunur beinist einnig að sambúðarmanni hennar og fleira fólki. Rannsókn máls þessa er ekki lokið. Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, gætir misræmis í framburði varnaraðila og annarra, er borið hafa um málið, vitneskju hennar um það og hlut hennar að því.

Rökstuddur grunur leikur á, að enn hafi ekki náðst til allra þeirra, sem hér eiga hlut að máli, einkum manns, sem talinn er hafa staðið að kaupum og innflutningi á 1 kg af kókaíni í félagi við sambúðarmann varnaraðila og nafngreindan mann, sem ýtarlega hefur borið um málið, en tjáir sig ekki með vissu vita deili á þessum félaga þeirra. Fyrir dómi sagðist varnaraðili hafa nefnt mann við lögregluna „sem líklegastan í því sambandi, en kveðst hafa neitað að skrifa undir það, því að hún geti ekki fært rök að því".

Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík er bent á, að fullvíst sé talið, að varnaraðili hafi tekið þátt í þessu fíkniefnamisferli. Enn sé óljóst um þátt hins þriðja manns og hugsanlega fleiri aðila að málinu. Einnig þurfi fjármál varnaraðila og sambúðarmanns hennar frekari rannsóknar svo og ætluð dreifing þeirra á kókaíni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að fallast á, að hætt sé við, að það geti torveldað frekari rannsókn málsins, ef varnaraðili verður nú látin laus.

Með vísan til þessa og 67. gr., 1. mgr. 1. tl., laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 16. júní 1989.

Ár 1989, föstudaginn 16. júní, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, og þá kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Hinn 3. júní sl. var Vilborg Yrsa Sigurðardóttir, kt. 240863-7319, úrskurðuð í gæsluvarðhald allt til kl. 15.00 föstudaginn 16. júní 1989 hér við embætti samkvæmt kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík.

— — —

Af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík hefur þess verið krafist, að gæsluvarðhald, sem Vilborgu Yrsu var gert að sæta frá 3. júní sl., verði framlengt allt til kl. 15.00 laugardaginn 15. júlí nk.

Í skriflegri greinargerð, er verjandi Vilborgar, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., lagði fram hér fyrir dómi, krafðist hann þess aðallega, að synjað yrði kröfu lögreglu, en til vara, að um beðinn gæsluvarðhaldstími yrði styttur til muna.

Nefndur verjandi mótmælti gerð og framlagningu fjögurra lögregluskýrslna, þ.e. dómskjals nr. II, þar sem rannsóknarlögreglumenn gefa skýrslu um óformleg samtöl við gæslufangann. Telur nefndur verjandi þessar skýrslur ekki uppfylla ákvæði 39. gr. og 40. gr. laga nr. 74/1974 og gerir kröfu um, að litið verði fram hjá nefndum skýrslum.

Í nefndri greinargerð telur verjandi ekki vera efni til að vísa í kröfugerð lögreglu til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, því að hann telur rannsókn málsins enga hættu stafa af, þótt Vilborg Yrsa gengi laus.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986.

Rannsókn lögreglu á fíkniefnamisferli þessu er mjög víðtæk, og má ætla, að þetta sé alvarlegasta fíkniefnamisferli, sem rannsakað hefur verið af lögreglu hérlendis.

Þegar virtur er í heild framburður Vilborgar Yrsu Sigurðardóttur og fram lagðar viðbótarskýrslur lögreglumannanna, sem ekki verður litið fram hjá, verður að ætla, að Vilborg Yrsa hafi víðtæka vitneskju um ýmis atriði þessa stórfellda sakamáls, er hér er til rannsóknar.

Þykir það samkvæmt öðru ofangreindu styrkja enn fyrri grunsemdir um, að Vilborg Yrsa sé með refsiverðum hætti bendluð við margnefnt kókaínmisferli.

Þykir því 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þessa, annars ofanritaðs, svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluyfirvalda og ákvarða, að Vilborg Yrsa Sigurðardóttir, kt. 240863-7319, skuli sæta framlengingu gæsluvarðhalds frá kl. 15.00 föstudaginn 16. júní 1989, en þó ekki lengur en allt að kl. 15.00 miðvikudaginn 12. júlí nk.

Úrskurðarorð:

Framlengt er gæsluvarðhald Vilborgar Yrsu Sigurðardóttur, kt. 240863-7319, frá kl. 15.00 föstudaginn 16. júní 1989 og allt að kl. 15.00 miðvikudaginn 12. júlí 1989.

Þriðjudaginn 27. júní 1989.

Nr. 104/1987. **Borgarstjórinn í Reykjavík**
f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur
(Magnús Óskarsson hrl.)
gegn
Hannesi Kr. Davíðssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Lögbann. Höfundarréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að niður verði fellt lögbann, sem lagt var í fógetarétti Reykjavíkur 16. október 1985 við því, að gerðar yrðu breytingar á lofti Kjarvalsstaða. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Mál þetta var áður flutt hér fyrir dómi 12. febrúar 1988. Með úrskurði Hæstaréttar 9. mars s.á. var aðilum veittur kostur á að afla skoðunar- og matsgerða dómkvaddra sérfræðinga um eftirgreind atriði:

„1. rökstuddrar greinargerðar um hugsanlega kosti hinna fyrirhuguðu lofta umfram þau loft, sem fyrir eru, og þá einkum um mismunandi möguleika á notkun dagsbirtu til lýsingar á sýningarsölunum,

2. hvort unnt sé að koma við fullnægjandi lýsingu án þess að raska núverandi loftvirkjum eða lýta þau og þá hverig,

3. kostnaðaráætlana í hverju tilviki ásamt áætlunum um hugsanlegan fjárhagslegan ávinning áfrýjanda af breytingunum.“

Áfrýjandi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna. Hinn 11. október 1988 voru Ólafur M. Kjartansson og Jóhann Indriðason rafmagnsverkfræðingar dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat, og er matsgerð þeirra dagsett 13. janúar 1989. Í matsbeiðni var matsmönnum einnig falið, umfram það sem að ofan getur, að meta aðlögun raflýsingar að breytilegri notkun salanna og að hve miklu leyti unnt sé að minnka bratta (innfallshorn) þeirrar lýsingar, sem fellur á veggi.

Niðurstöður matsgerðar eru eftirfarandi:

„Atriði nr. (1) ...:

Fyrirhuguð loft gera það mögulegt að nýta dagsbirtu til lýsingar salanna. Hægt er að myrkva þakgluggana, en umbúnaður hentar ekki til að stilla dagsbirtuna. Dagsbirtan er stundum of mikil, og verður þá að loka gluggunum.

Fyrirhuguð raflýsing er til mikilla bóta frá því, sem nú er. Almenn yfirlýsing yfir loftum gefur jafna birtu um salina. Hún er dimmanleg (sic) og hægt að samræma hana dagsbirtu. Sérlýsing frá kösturum á rafbrautum gefur möguleika á miklum fjölbreytileika í lýsingu, hvar sem er í sölunum, og auðveldar einnig uppsetningu á leiksýningum og skyldri starfsemi og ráðstefnuhaldi. Auðvelt á að vera að beina kösturum að myndflötum undir æskilegu horni.

Loftgrind er hluti lýsingarkerfis og gegnir vel sínu hlutverki sem slík. Hún er hlutlaus í útliti og mun að okkar mati ekki verka truflandi á gesti í sölunum.

Orkunotkun til lýsingar mun minnka stórlega og rekstrarkostnaður að öðru leyti lækka.

Atriði nr. (2) ...:

Við teljum unnt að bæta lýsingu sala, svo að viðunandi sé, án þess að raska núverandi loftvirkjum. Þetta verði gert með því að setja upp lýsingarkerfi, sem í megindráttum er hliðstætt því, sem fyrirhugað er, sbr. atriði nr. (1).

Pýramídalagaðir skermar undir gluggum verði fjarlægðir og búnaður settur upp til að stjórna dagsbirtunni og sía frá útfjólubláa rafsegulgeislun. Þá teljum við æskilegt að skerma af beina sólargeislun inn í salina.

Áður en ljósabúnaður yfir loftvirkjum er endanlega ákveðinn, þarf að mæla ísog eða dempun loftvirkja á ljósinu, sem kemur ofan frá.

Með rafbrautum, sem komið verði fyrir neðan við loftvirkin, næst fjölbreytileiki í sérlýsingu og möguleiki að beina kösturum að myndflötum undir æskilegu horni.

Við teljum nauðsynlegt að mála loftvirki einslit eða klæða þau striga í sama lit og veggi. Litavali verður að haga þannig, að andstæður verði sem minnstar og endurkastseiginleikar sambærilegir veggjum.

Atriði nr. (3) ...:

Áætlaður stofnkostnaður við breytingar er sem hér segir:

Atriði nr. (1) (sjá töflu 4 í kafla 7c) ....16,76 millj. kr.

Atriði nr. (2) (sjá töflu 2 í kafla 6b) .... 9,4 millj. kr.

Áætlaður rekstrarkostnaður eftir breytingar er í báðum tilvikum áætlaður 0,75 m.kr. (sjá töflu 3 í kafla 6c).

Rekstrarkostnaður núverandi lýsingarkerfis er 2,3 millj. kr. (sjá töflu 1 í kafla 5e).

Árlegur sparnaður í rekstrarkostnaði er því áætlaður 1,55 millj. kr.

Endurgreiðslutími, miðað við 8,5% ársvexti, er um 31 ár, ef loft eru endurnýjuð, en um 9 ár, ef núverandi loftvirki eru óbreytt.

Í þessu samhengi þykir höfundum þessarar matsgjörðar rétt að benda á, að ekki er rétt að líta eingöngu á fjárhagslegu hliðina, þegar tekin er ákvörðun um, hvort ljósabúnaði sýningarsalanna verður breytt. Samkvæmt því, sem fram kemur í köflum 5 og 6, er núverandi lýsingarkerfi ófullnægjandi um mikilvæg atriði og beinlínis varasamt, að það sé áfram í notkun án sérstakrar athugunar á magni útfjólublárrar og innrauðrar geislunar á myndverk, sem líkindi eru á, að sé of mikil samkvæmt niðurstöðum okkar."

Matsmennirnir staðfestu matsgerð sína fyrir dómi 24. maí sl.

II.

Telja verður, að hin umdeildu loft í sýningarsölum Kjarvalsstaða njóti verndar 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. höfundalaga er eiganda mannvirkis, sem nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist, allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar „að því leyti, sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum". Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til höfundalaga, segir m.a. um 13. gr.: „Um breytingar ber að hafa í huga, að verndin nær aðeins til hins listræna forms verksins, og eru ýmsar aðgerðir á mannvirkinu óháðar því, t.d. að jafnaði breytingar á herbergjaskipun innan húss. En þegar breytingin hefur áhrif á hið listræna form, verður að meta hverju sinni, hvort meira má sín, tillitið til hagsmuna höfundar og þá einkum réttar hans eftir 4. gr., eða tillit til hagsmuna eiganda, sem venjulega eru fjárhagslegs eðlis. Við matið kemur m.a. til greina, hvort eiganda er unnt að bæta úr þörf sinni með öðrum hætti og hver kostnaðarauki honum yrði að því."

Í þessu máli er ætlað að ráðast í gagngerar breytingar á loftvirkjum sýningarsala Kjarvalsstaða og ljósabúnaði. Breytingar þessar fela í sér flókin tæknileg atriði og kostnaðarútreikninga. Kjarvalsstaðir voru hannaðir til þess að vera alhliða menningarmiðstöð, en þó svo, að myndlist skyldi skipa þar sérstakan sess. Í tilviki sem þessu verður eigandi mannvirkis að gera sennilegt, að breytingar séu nauðsynlegar vegna afnota hússins eða af tæknilegum ástæðum, enda er hér um opinbera byggingu að ræða, sem almenningur á aðgang að. Öðru máli getur gegnt um hús (mannvirki) í einkaeign.

Eins og lýst er í niðurstöðu matsgerðar, telja matsmenn unnt að bæta lýsingu sýningarsalanna á Kjarvalsstöðum, svo að viðunandi sé, án þess að raska núverandi loftvirkjum. Áætlaður stofnkostnaður við hin fyrirhuguðu loft áfrýjanda er mun meiri en stofnkostnaður við breytingu á lýsingu án þess að raska núverandi lofti, og áætlaður rekstrarkostnaður eftir breytingar er í báðum tilvikum hinn sami. Matsmenn telja þó nauðsynlegt að mála loftvirkin einslit eða klæða þau striga í sama lit og veggi, þar sem mikill munur sé á ljóma svartmálaðra reita í lofti og hvítmálaðs bakgrunns þeirra, og geti það verkað truflandi á fólk og dregið athyglina frá myndverkum á veggjunum.

Í framburði matsmannsins Jóhanns Indriðasonar fyrir dómi kom fram, að erfitt er að skilgreina, hvað sé eðlileg ljómadreifing í sýn-

ingarsal, og ekki gat hann sagt til um það, hvort núverandi loft Kjarvalsstaða verkaði truflandi á þá, sem þar njóta myndlistar. Þannig er ekki sýnt fram á, hvort þetta varðar lýsingartæknileg atriði eða eingöngu sjónhrif.

Aðilar máls þessa deila ekki lengur um breytingar á lýsingarbúnaði í sýningarsölum Kjarvalsstaða. Lögbannsbeiðni stefnda verður að skilja á þann veg, að krafist sé lögbanns við þeim fyrirhuguðu breytingum á formi og útliti loftanna, sem fram koma á teikningum þeim, sem fyrir liggja í málinu, sbr. bréf áfrýjanda til stefnda 26. júlí 1985.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að áfrýjandi hafi ekki gert sennilegt, að nauðsynlegt sé vegna afnota Kjarvalsstaða eða af tæknilegum ástæðum að gera þær breytingar á formi og útliti lofta sýningarsalanna, sem áfrýjandi hyggst gera, og ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um lögbann við þeim.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefnda, Hannesi Kr. Davíðssyni, 200.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Arnljóts Björnssonar, setts hæstaréttardómara, og Sigurðar Reynis Péturssonar hæstaréttarlögmanns.

I.

Við erum samþykkir því, sem segir í atkvæði meiri hluta dómenda fram að II. kafla, en teljum, að dómur ætti að öðru leyti að hljóða svo:

II.

Í forsendum matsgerðar er vikið að ýmsum ágöllum á núverandi fyrirkomulagi lýsingar og loftvirkja að Kjarvalsstöðum. Þar segir

m.a.: „Mikill munur er á ljóma svartmálaðra reita í lofti og hvítmálaðs bakgrunns þeirra í báðum sölunum. Andstæða („contrast") milli þessara tveggja hluta loftsins er því mikil." Þá segir í forsendum: „Mestum truflunum veldur hin skarpa andstæða milli hinna svörtu reita í lofti og hvítmálaðs bakgrunns þeirra. ... Þessi andstæða vex, þegar slökkt er á raflýsingu. Vegna stærðar salanna er loftið ávallt í sjónsviðinu, þegar menn horfa frá sér, og dregur óhjákvæmilega að sér athyglina. Andstæðurnar eru sérstaklega skarpar milli ljóslínu, sem myndast á loftgrindinni vegna ljósstreymis frá ljósgjöfum, sem lýsa á útveggina, og svörtu reitanna." Áður er að því vikið í forsendum matsgerðar, að „augljós grundvallarregla, sem fylgt er við hönnun lýsingar í sýningarsölum, er, að lýsingin sé þannig úr garði gerð og fyrir komið, að athygli áhorfandans sé fyrst og fremst beint að sjálfum myndverkunum." Enn fremur segir í matsgerð: „Ljómadreifing á veggjum ... er einnig afar óheppileg, þegar raflýsingin er á. Vegna afskermandi áhrifa hins falska (sic) lofts er sá hluti veggja, sem er ofan við u.þ.b. 3,2 m frá gólfi, mun verr lýstur en sá hluti, sem er neðan við 3,2 m." Telja matsmenn þetta óheppilegt, einkum vegna þess að stór myndverk geti lent innan dökkrar randar, sem komi á veggina í 3,2 m hæð frá gólfi.

Loks er í matsgerð vikið að nokkrum öðrum annmörkum á lýsingarkerfi að Kjarvalsstöðum, sem bæta þurfi úr. Einnig er bent sérstaklega á, að „falska" loftið sé veigamikill þáttur í lýsingarkerfi sýningarsalanna. Það komi að mestu í veg fyrir, að bein sólargeislun nái niður í sýningarsalina, og dragi verulega úr þeirri birtu, sem annars myndi berast frá þakgluggum niður í þá.

III.

Telja má, að hin umdeildu loft í sýningarsölum Kjarvalsstaða njóti verndar eftir 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972.

Samkvæmt 3. gr. þeirra laga hefur höfundur einkarétt til að breyta verki sínu, og eftir 2. mgr. 4. gr. er óheimilt að breyta verki höfndar með þeim hætti, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni. Gilda þessar reglur óskorað um þau verk, sem eingöngu eru gerð til listnautnar.

Allt öðru máli gegnir um verk, sem jafnframt hafa nytjagildi. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. höfundalaga er eiganda mannvirkis, sem

nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist, heimilt að breyta því án samþykkis höfundar að því leyti, sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum. Öðrum listmunum á sviði nytjalistar er algerlega frjálst að breyta án samþykkis höfundar, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Í matsgerð er bent á tvær leiðir til úrbóta. Er önnur sú að gera þær breytingar á loftum og lýsingu sýningarsalanna, sem áfrýjandi hyggst gera, og ráða má af matsgerðinni, að sú aðgerð sé fullnægjandi. Þá telja matsmenn unnt án þess að raska núverandi mannvirkjum að bæta lýsingu „svo að viðunandi sé". Hins vegar sé þá „nauðsynlegt að mála loftvirkin eins lit eða klæða þau striga í sama lit og veggi". Orkar ekki tvímælis, að matsmenn telja, að umræddar endurbætur á lýsingu nái ekki tilgangi sínum, nema litum loftvirkja sé breytt.

Fyrir héraðsdómi og hér fyrir dómi hefur komið skýrt fram af hálfu stefnda, að hann hafnar með öllu slíkum breytingum á lit hins umdeilda verks. Kveður hann verkið vera „expressionískt" verk og að frá sinni hálfu skuli það standa þannig.

Er því ljóst, að stefndi samþykkir hvoruga þá leið, er matsmenn telja færa til þess að ná þeim markmiðum, sem áfrýjandi stefnir að.

Álíta verður nægilega leitt í ljós með matsgerð hinna dómkvöddu manna, að nauðsynlegt sé vegna afnota af sýningarsölum Kjarvalsstaða og af tæknilegum ástæðum að gera breytingu á lýsingu og loftum þeirra. Þetta styðst og við áskorun fjölmargra myndlistarmanna og umsögn listráðs Kjarvalsstaða.

Samkvæmt framangreindu verður að telja, að áfrýjanda sé heimilt án samþykkis stefnda að breyta loftum sýningarsalanna á þann hátt, sem áfrýjandi hyggst gera. Ber því að fella lögbannið frá 16. október 1985 úr gildi.

Að fenginni þessari niðurstöðu þarf ekki að taka afstöðu til þess, hvort líta beri svo á, að umdeild loft séu sjálfstæð listaverk, þ.e. ekki þáttur í húsinu Kjarvalsstöðum sem heild, en þegar svo stendur á, getur eigandi eftir almennum reglum höfundaréttar fjarlægt verkið án samþykkis höfundar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 16. október 1985 við því, að áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík, geri eða láti gera breytingu á lofti í húsinu Kjarvalsstöðum í Reykjavík, er úr gildi fellt.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. janúar sl., hefur Hannes Kr. Davíðsson arkítekt, Þórukoti, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, höfðað fyrir dóminum 19. desember 1985 á hendur Davíð Oddssyni borgarstjóra f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur til staðfestingar á lögbanni og til greiðslu málskostnaðar.

Stefnandi er arkítekt hússins Kjarvalsstaða, sem Reykjavíkurborg lét reisa á Klambratúni á árunum 1968 til 1973. Í húsinu eru tveir aðalsýningarsalir fyrir myndlist, svokallaður austursalur og vestursalur. Þakgluggar hleypa dagsbirtu inn í sýningarsalina, 48 í vestursal, en 36 í austursal. Undir þaki í sölum þessum er laust loft, sem hleypir ljósi niður í sýningarsalina og ber uppi raflampa. Undir gluggunum eru hjálmar, sem endurkasta dagsljósnu upp í þakið. Loftvirki þessi mynda mynstur, og hefur stefnandi hannað þau eins og aðra hluta hússins utan og innan.

Loftvirkin eru aðallega úr lóðréttum flekum, sem mynda eins konar kassa, opna að ofan og neðan. Kassar þessir eru í svörtum og hvítum lit og settir saman úr járngrind og plötum úr misjafnlega hörðu efni, sem hafa áhrif á hljómburð.

Hinn 30. september 1985 sendi stefnandi fógetadómi Reykjavíkur beiðni um, að lagt yrði lögbann við því, að borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs gerði eða léti gera breytingar á lofti og lýsingu í sýningarsölum Kjarvalsstaða. Hinn 14. október 1985 var í fógetadómi Reykjavíkur kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Umbeðið lögbann nær fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn tryggingu, að upphæð 100.000,00 kr. Málskostnaður fellur niður.

Hinn 16. október 1985 lagði fógeti lögbann við því, að gerðarþoli gerði eða léti gera breytingu á lofti og lýsingu í húsinu Kjarvalsstöðum á Klambratúni í Reykjavík.

Kröfur aðila.

Stefnandi krefst þess fyrir bæjarþinginu, að lögbannið verði staðfest. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í lögbannsmálinu í fógetadómi og bæjarþingsmáli þessu, að mati dómsins.

Af stefnda hálfu er þess krafist, að lögbannið verði fellt úr gildi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar vegna lögbannsmálsins og máls þessa að mati dómsins.

Á árinu 1982 komu fram í stjórn Kjarvalsstaða óskir um breytingar á loftum í sýningarsölum hússins. Hófust þá þegar viðræður við borgarverkfræðing um málið, og stjórn Kjarvalsstaða samþykkti 7. október 1982 að fela stefnanda að gera tillögu um breytingar á loftunum. Kom strax fram af hálfu stefnanda, að hann vildi helst engu breyta.

Gagnrýni, sem óskir um breytingar á loftunum byggðust á, kom fram í 5 liðum eins og hér segir:

1. að loftið væri of áberandi og formfast, svo að það drægi að sér athygli og truflaði skoðendur listaverka; af þessum sökum nytu listaverk á veggjum salanna sín ekki sem skyldi,
2. að loftið sem slíkt drægi um of úr dagsbirtu, sem kemur um þakglugga,
3. að ljósabúnaður væri of orkufrekur,
4. að erfitt væri að koma fyrir kösturum til að lýsa einstök verk og ljós félli að hluta til of bratt á veggi og málverk,
5. að ekki væri unnt að myrkva salina, þ.e. draga fyrir þakglugga, en það er oft æskilegt á ráðstefnum vegna sýninga á litskyggnum og þess háttar.

Loks hefur því verið hreyft, að þótt sólargeislar eigi ekki að geta fallið beint inn í sýningarsalina, myndist á sérstökum árstímum litlir sólblettir á veggjum. Af hálfu stefnda er þó ekki gert mikið úr þessu atriði. Í upphaflegum teikningum hússins var gert ráð fyrir myrkvunarbúnaði, en framkvæmdum virðist hafa verið frestað.

Eftir að margsinnis hafði verið reynt af hálfu stefnda að fá stefnanda til að hanna ný loft eftir óskum myndlistarmanna, var farið að huga að öðrum hönnuðum. Athuganir í því sambandi leiddu í ljós ný gagnrýnisatriði, svo sem að lömpum væri komið fyrir of hátt uppi í loftvirkjunum og að þeir væru ekki nógu sveigjanlegir, að lýsingin væri of gul og að lamparnir gæfu frá sér of mikinn hita og yllu þannig erfiðleikum við loftræstingu og að þeir væru mjög orkufrekir.

Á árinu 1984 var Steinþóri Sigurðssyni, listmálara og leiktjaldamálara, falið að hanna ný loft í samvinnu við Rafhönnun hf. og byggingardeild borgarverkfræðings. Steinþór gerði síðan tillögur og líkan að nýjum loftum. Af stefnda hálfu eru hinar nýju tillögur taldar stórkostleg endurbót, þar sem dagsbirta verði mun meiri en áður, sólargeislar á veggi hverfi, stefnuhorn raflýsingar á veggi verði betra en áður og, eins og best sé talið, notkun raflýsingar muni minnka og orkunotkun raflýsingar minnka um 75-80%. Af stefnda hálfu er þó viðurkennt, að skipta megi um ljósabúnað

án þess að breyta útliti lofts, en talið er, að slíkan búnað þyrfti að sérhanna og erfitt yrði að ráða bót á öllum göllum með óbreyttu lofti.

Samkvæmt 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, teljast listaverk á sviði byggingarlistar til þeirra verka, sem verndar njóta samkvæmt lögunum, en skv. 3. gr. hefur höfundur almennt einkarétt á að breyta verki sínu. Samkvæmt 4. gr. er almennt óheimilt að breyta verki höfundar með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni. Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 60. gr. taka ákvæði laganna um höfundarétt m.a. til bygginga, sem reistar hafa verið hér á landi, og listaverka, sem eru hluti af slíkum byggingum, og skv. 63. gr. taka ákvæði laganna til listaverka, sem orðið hafa til fyrir gildistöku laganna.

1. mgr. 13. gr. höfundalaganna er svohljóðandi: Nú nýtur mannvirki verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti, sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess, eða af tæknilegum ástæðum.

Málsástæður.

Stefnandi telur sig hafa leyst bæði tæknileg og fagurfræðileg vandamál við hönnun loftanna á þann veg, að fullnægi þeim kröfum, sem til slíks séu almennt gerðar.

Hann kveður loftin í sýningarsölum Kjarvalsstaða vera óaðskiljanlegan hluta hússins frá listrænu sjónarmiði. Hann telur fyrirhugaðar breytingar á loftum rjúfa það heildarform, sem húsinu hafi verið gefið, og hafa áhrif á hljómburð. Stefnandi telur hönnun hússins hugverk, sem njóti verndar höfundalaga, svo að óheimilt sé að breyta því á fyrirhugaðan hátt án síns samþykkis. Hann telur fyrirhugaðar breytingar hljóta óhjákvæmilega að skerða höfundarheiður sinn. Stefnandi telur stefnda enga nauðsyn á að breyta húsinu, hvorki vegna afnota þess né af tæknilegum ástæðum. Stefnandi telur stefnda hafa sönnunarbyrðina fyrir því, að fyrirhugaðar breytingar séu nauðsynlegar, en allar fyrirhugaðar breytingar á loftunum ólögmæta röskun á lögvernduðum rétti sínum sem höfundar hins verndaða verks og skilyrði 13. gr. höfundalaga ekki fullnægt. Hann telur vernd höfundalaganna ná jafnt til innra og ytra útlits hússins og fyrirhugaðar breytingar skerða höfundarsérkenni sín. Hann álítur, að sá, sem reisir rétt sinn á 13. gr. höfundalaga, verði að sanna á óyggjandi hátt, að skilyrði hennar eigi við, og telur, að líta beri á ákvæði hennar sem þrönga undantekningarreglu. Hann álítur, að engum gögnum sé til að dreifa, sem bendi til nauðsynja á breytingum, hvorki vegna afnota né af tæknilegum ástæðum.

Við munnlegan flutning málsins var sérstaklega bent á það af hálfu stefnanda, að húsið hefði frá upphafi verið ætlað til opinberra nota, sérstaklega hannað til sýninga á myndlist, auk tónlistar- og leiklistarflutnings, bók-

menntakynningar, annarrar menningarstarfsemi og ráðstefnuhalds, það hefði með nokkrum hætti átt að vera eins konar minnismerki og opinber bygging opin almenningi. Stefnandi telur hagsmuni sína sem höfundar vera mun meiri en hagsmuni stefnda af breytingum, auk þess sem breytingarnar séu í andstöðu við upphaflegan tilgang, eins og hann komi fram í reglum borgarstjórnar frá 16. maí 1971.

Um fyrsta gagnrýnisatriði, að loftið sé áberandi, hefur stefnandi bent á, að þar sé um að ræða huglæg sjónarmið, sem ekki verði lögð til grundvallar við hagsmunamat skv. 13. gr. höfundalaga. Hann kveður ógerlegt að hleypa dagsljósi inn í húsið óbeislaðu. Núverandi ljósabúnað telur stefnandi hafa ótvíræða kosti sem almenna lýsingu fram yfir þá lýsingu, sem fyrirhuguð er. Orkunotkun ljósabúnaðarins telur hann tæknilegt atriði, sem ekki komi formi loftsins við. Varðandi kostnað bendir hann á, að taka verði tillit til stofnkostnaðar, ef meta eigi sparnað af því að skipta um ljósabúnað.

Stefnandi álítur auðvelt að koma fyrir ljóskösturum, hvar sem er á loftvirkjunum. Þá telur hann hafa komið fram, að loftraki í sölunum sé ekki meiri en sérfræðingar álíti hæfilegan og að ekkert sé við hitastig að athuga. Hann telur ósannað, að kostnaður við núverandi lýsingu sé óhæfilega mikill. Við málflutninginn var lögð áhersla á það af hálfu stefnanda, að krafist væri staðfestingar á banni við breytingum á útliti og formi loftsins, en ekki á tækninni við lýsinguna. Stefnandi kveðst ekkert hafa á móti lausri lýsingu undir loftinu og ekki geta bannað að koma fyrir ljóskösturum. Hann hyggur auðvelt að koma fyrir hvers konar ljósabúnaði án þess að fjarlægja loftvirkin.

Stefndi telur ótvírætt, að hann hafi sem eigandi hússins leyfi til að breyta loftum í húsinu, og telur langa og ríka hefði fyrir því, að eigendur húsa breyti þeim eftir þörfum og aðstæðum, án þess að samþykki arkítekts komi til. Stefndi telur fráleitt að telja ljósabúnað og umgerð um hann sjálfstætt listaverk, sem njóti verndar höfundalaga. Þótt umbúnaður þessara nytjahluta geti vissulega haft listrænt yfirbragð og sérkenni, telur stefndi notagildið vera það, sem máli skipti. Hann telur frágang á lofti Kjarvalsstaða frá hendi stefnanda í mesta lagi geta notið verndar sem nytjalist skv. 2. mgr. 13. gr. höfundalaga eða ef til vill sem mynstur skv. 10. gr. Tekið er fram af hálfu stefnda, að ekki standi til að raska meginskipan eða heildarsvip verks stefnanda, enda verði ekki annað séð en höfundur hafi fullan sóma af verki sínu eftir sem áður. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að jafnvel þótt loft Kjarvalsstaða teldist listaverk og nyti verndar sem slíkt, heimili höfundalög einmitt þess konar breytingar, sem fyrirhugaðar eru. Stefndi álítur, að 13. gr. höfundalaga veiti eigendum mannvirkja rúma heimild til breytinga. Hann telur bæði tæknilegar ástæður og afnot

gera breytingarnar nauðsynlegar, svo að öllum skilyrðum 13. gr. sé fullnægt. Þótt ekki kæmi annað til en fjárhagslegir hagsmunir, telur stefndi skilyrðunum um nauðsyn breytinga vera fullnægt. Hann telur orkusóun á Kjarvalsstöðum engri átt ná og að stefnandi eigi engan lagarétt á því að stjórna útgjöldum stefnda á þessu sviði um allan aldur. Stefndi vitnar til framangreindra gagnrýnisatriða, sem fram hafa komið í stjórn Kjarvalsstaða, og til álits byggingardeildar skrifstofu borgarverkfræðings á fram komnum tillögum um breytingar. Einkum er bent á, að breytingar á lampabúnaði muni leiða til orkusparnaðar um 75-80%.

Við munnlegan málflutning kom fram af hálfu stefnda, að í reynd hefðu myndlistarsýningar verið ráðandi í rekstri Kjarvalsstaða og að upphaflegar reglur um húsið væru þess eðlis, að stefnandi gæti ekki byggt rétt á þeim, enda væri á valdi borgarstjórnar að breyta þeim eftir því, sem ástæða þætti til, og hefði svo verið gert; ekkert væri eðlilegra nú, um 20 árum eftir að húsið var hannað, en búnaður hússins væri endurskoðaður, m.a. með hliðsjón af tækniþróun. Af stefnda hálfu er ekki fallist á, að borgin þurfi að leggja fram ótvíræð gögn um, að fyrirhugaðar breytingar borgi sig, og bent er á, að ekki yrði ódýrt að bæta úr því, sem áfátt er, án þess að fjarlægja loftin. Þegar öll gagnrýnisatriði eru skoðuð í samhengi, telur stefndi, að ljóst sé, að öllum markmiðum verði ekki náð, án þess að loftin verði fjarlægð. Umboðsmaður stefnda ítrekar, að húsið og búnaður þess hafi umfram allt nytjatilgang og verði að leggja höfuðáherslu á það, þótt hann vilji ekki tala gegn því, að verið geti, að húsið sé jafnframt listaverk.

Álit dómsins.

Dómendur telja, að loft það, sem um er deilt í málinu, sé svo sérstætt, að stefnandi hljóti sem höfundur þess að njóta þeirrar verndar, sem höfundum verka á sviði byggingarlistar er veitt í höfundalögum. Þykir bera að fallast á það með stefnanda, að hann njóti þessarar verndar vegna loftsins sem hluta byggingarinnar í heild. Vernd þessi nær þó einvörðungu til hins listræna forms loftsins, en ekki til lýsingar í sölunum, sem stefnda telst heimilt að breyta að því marki, að breytingarnar skerði ekki form og útlit loftanna.

Í samræmi við athugasemdir, sem fylgdu frumvarpi til höfundalaga, þykir bera að leggja mat á það í úrlausn dómsins, hvort megi sín meira, annars vegar tillitið til hagsmuna stefnanda, sem samkvæmt 1. gr. höfundalaga á eignarrétt að verki sínu, og hins vegar tillitið til stefnda sem eiganda mannvirkisins. Við mat þetta verður að taka sérstakt tillit til höfundarheiðurs stefnanda, en varðandi hagsmuni stefnda ber einkum að hafa fjárhagsleg atriði í huga. Til þess ber að líta, hvort stefnda er unnt

að bæta úr þörf sinni með öðrum hætti en fyrirhuguðum breytingum, og þá, hvort verulegur kostnaðarauki yrði að því fyrir stefnda.

Aðilar hafa nokkuð deilt um, hversu harðir kostir eiganda mannvirkis séu settir í 1. mgr. 13. gr. höfundalaga. Heldur stefndi því fram, að orðalag ákvæðisins jafngildi því, að í greininni væri mælt fyrir um, að honum séu breytingar heimilar að því leyti, sem þörf sé á, vegna afnota eða af tæknilegum ástæðum, eða jafnvel, að einungis segði, að honum væru breytingar heimilar vegna afnota eða af tæknilegum ástæðum. Af hálfu stefnanda er því hins vegar haldið fram, að notkun orðsins „nauðsyn" takmarki rétt húseiganda til breytinga, svo sem þar stæði „brýn nauðsyn". Úr þessum ágreiningi þykir ekki þörf að leysa til fullnustu, þar sem niðurstaða málsins hlýtur að fara eftir hagsmunamati, hvor skýringarkosturinn sem valinn er. Dómendur fallast á það með stefnanda, að við hagsmunamat skv. 13. gr. skipti máli, að húsið er gagngert reist sem opinber bygging, sem sérstakar listrænar kröfur eru gerðar til, og að byggingin er sérstaklega ætluð til að vera opin almenningi til listnautnar.

Fjöldi gagna hefur verið lagður fram um nauðsyn breytinga, og umfangsmiklar vitnaleiðslur hafa farið fram. Þá hefur stefnandi gefið aðilaskýrslu fyrir dóminum.

Stefndi hefur leitast við að sýna fram á, að víðtæk óánægja sé meðal myndlistarmanna með loftin í sölunum og lýsingu þeirra. Fram hefur komið, að í framkvæmd hefur húsið einkum verið notað til myndlistarsýninga. Af stefnda hálfu hefur verið lögð fram áskorun um 100 myndlistarmanna til stefnanda, lögð fram í stjórn Kjarvalsstaða 16. desember 1985, að hann gangi þegar til samninga við borgaryfirvöld. Hinn undirritaði texti felur jafnframt í sér yfirlýsingu um, að nauðsynlegt sé að gera breytingar á lofti Kjarvalsstaða, til að lýsing verði viðunandi og sýningarsalir geti gegnt hlutverki sínu.

Yfirlýsing þessi, studd öðrum gögnum, þykir veita næga vísbendingu um, að meðal íslenskra myndlistarmanna, sem eru aðalnotendur húsnæðisins, sé víðtæk óánægja með lýsingu í sýningarsölunum, og þykir verða að fallast á það með stefnda, að hann hafi réttmæta þörf fyrir að geta komið til móts við eindregnar óskir þeirra manna, sem þannig hafa mest not af sýningarsölunum. Hins vegar verður ekki dregin sú ályktun af yfirlýsingu myndlistarmannanna og áskorun þeirra á stefnanda, að þeir standi að sama skapi að baki fyrirhuguðum breytingum á verki stefnanda, sem stefndi hefur falið öðrum hönnuði.

Því verður ekki á móti mælt, að loftvirkin eru mjög áberandi og draga að sér athygli. Það er þó álitaefni, hvort þetta verði talið kostur eða löstur, og auk þess verður ekki talið, að sýnt hafi verið nægilega fram á, að ekki sé unnt að verða við eðlilegum óskum um þetta atriði án þess að fjarlægja

loftvirkin, til dæmis með litabreytingum. Litabreytingar eru ekki meðal fyrirhugaðra breytinga, sem lögbannið beinist að, og verður ekki um það dæmt í þessu máli, hvort stefnda séu þær heimilar með eða án samráðs eða samþykkis stefnanda, en ljóst er, að ef einungis væri um litabreytingar að ræða, yrði hagsmunamat stefnda hagfelldara en þegar því er að skipta að taka niður loftvirkin og setja önnur í staðinn.

Á það þykir verða að fallast með stefnanda, að almennt sé nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að sólarljósið falli óhindrað á sýningarverk, og um þetta atriði virðist raunar ekki vera ágreiningur í málinu. Sá búnaður, sem stefnandi hefur hannað, felur í sér, að sólargeislar falla ekki óbrotnir á sýningarfleti nema í óverulegum undantekingartilvikum. Stefndi þykir ekki hafa sýnt fram á, að hindranir á vegi sólargeisla, sem felast í hugmynd stefnanda, dragi um of úr dagsbirtu eða að sú lausn, sem í hinum nýju hugmyndum felst, hafi svo ótvíræða kosti fram yfir úrlausn stefnanda, að fórna beri höfundarhagsmunum hans fyrir þá.

Stefndi þykir hafa sýnt fram á, að núverandi ljósabúnaður sé mjög orkufrekur og að verulega mætti draga úr orkunotkun með þeirri lýsingu, sem hin nýja hugmynd gerir ráð fyrir. Hins vegar þykir ekki hafa verið sýnt nægilega fram á, að stefnda sé einsýnn hagur að því fjárhagslega að ráðast í breytingarnar, þegar stofnkostnaður er tekinn inn í dæmið. Þá þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að ófært sé að breyta raflýsingu án þess að breyta verulega útliti loftsins. Telur dómurinn, að koma megi fyrir flúrljósum í eða ofan við loftvirkin og hentugum búnaði fyrir ljóskastara neðan á þeim eða undir þeim, án þess að útlitsspjöll yrðu að.

Upplýst hefur verið, að lampa, sem komið hefur verið fyrir ofarlega í loftvirkjunum, má færa eitthvað neðar, svo að ljósið falli ekki eins bratt á veggi og nú.

Eins og áður segir, var gert ráð fyrir búnaði til að myrkva salina í hugmynd stefnanda, og hann hefur boðist til að hanna slíkan búnað, svo að þess vegna þykir ekki vera þörf á að fjarlægja loftin.

Gögn málsins benda til, að búið sé að ráða bót á erfiðleikum við hitastillingu, rakastig og loftræstingu. Um orkusóun, sem felst í kælingu á hita, sem ljóstækin gefa frá sér, vísast til þess, sem áður var sagt um fjárhagsleg atriði og breytingar á ljósabúnaði.

Að öllu samanlögðu þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að breytingar þær, sem hann hefur fyrirhugað á loftum sýningarsalanna á Kjarvalsstöðum, séu honum nauðsynlegar vegna afnota hússins eða af tæknilegum ástæðum í þeim mæli, að vegna þeirra beri að fórna höfundarhagsmunum stefnanda á þann hátt, sem í hinum fyrirhuguðu aðgerðum felst.

Stefnandi hefur orðað kröfur sínar í málinu svo, að krafist er staðfestingar á banni við breytingum „á lofti og *lýsingu* ..., sem stefndi boðaði í bréfi

til stefnanda, dags. 26. júlí 1985". En fyrirhuguðum breytingum er ekki lýst í nefndu bréfi. Eins og greint hefur verið frá, er lögbannið lagt við því, að gerðarþoli geri eða láti gera breytingar á lofti og lýsingu á Kjarvalsstöðum. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki talið, að höfundarréttur stefnanda nái til lýsingarinnar sem slíkrar, og verður því samkvæmt ofangreindum ályktunum staðfesting á lögbanni einungis veitt, að því er varðar breytingar á lofti. Samkvæmt þessum málalokum verður talið, að stefnandi hafi unnið málið í öllu verulegu, og þykir þá skv. 177. gr. laga nr. 85/1936 bera að dæma honum málskostnað úr hendi stefnda, sem þykir hæfilega ákveðinn 175.000,00 krónur.

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram skýrsla, sem mun geyma tillögur að fyrirhuguðum breytingum. Allur texti skýrslunnar er á erlendu máli, en skýringarmyndir og uppdrættir fylgja. Engin þýðing fylgir skjali þessu, en í öðrum gögnum málsins koma fram ýmsar upplýsingar um efni tillagnanna.

Áður en aðalflutningur hófst, gerði borgarlögmaður formanni dómsins viðvart um, að hann óskaði að leggja fram fleiri skjöl. Þinghald til framlagningar var ákveðið 21. janúar sl. Umboðsmaður stefnanda gat þá ekki sótt þing vegna forfalla, en borgarlögmaður afhenti dómaranum skjölin, sem síðan voru kynnt gagnaðila og samdómendum og lögð fram við upphaf aðalflutnings. Þá komu fram af hálfu stefnanda skjöl, sem ekki var tími til að lesa, áður en munnleg meðferð hófst. Ber að átelja þennan hátt á gagnaöflun af hálfu stefnanda.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Allan V. Magnússon héraðsdómari og Kristinn Daníelsson ljósameistari kváðu upp dóm þennan. Skipun samdómendanna byggist á 2. mgr. 37. gr. A laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981. Tilskilið samþykki er fyrir hendi.

Dómsorð:

Staðfest er lögbann við, að stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs, geri eða láti gera breytingar á lofti á Kjarvalsstöðum. Stefndi greiði stefnanda, Hannesi Kr. Davíðssyni, 175.000,00 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 27. júní 1989.

Nr. 231/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Herði Ólafssyni.

Kærumál. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ákærði hefur með heimild í 1. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. júní 1989. Verður að skýra kæru hans svo, að í henni felist krafa um, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Dómsmálaráðherra skipaði 7. júní 1989 Braga Steinarsson vararíkissaksóknara til þess samkvæmt 22. gr. laga nr. 74/1974 að gegna störfum ríkissaksóknara í þeim málum ákærða, sem hér eru til meðferðar og nú hafa verið sameinuð. Í greinargerð til Hæstaréttar 19. þ.m. krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í kæru sinni segir ákærði meðal annars: „Geðrænt ástand mitt í dag skiptir engu máli. Sakhæfi mitt í dag viðurkenni ég. Sjálfur Hæstiréttur hefur metið mig hæfan í dag til að verja mig sjálfur. Vararíkissaksóknari getur ekki mælt fyrir um endurupptöku þessara mála. Hann er dæmdur óhæfur til þess.“

Samkvæmt framangreindu skipunarbréfi fer Bragi Steinarsson sem sérstakur ríkissaksóknari nú alveg og á sína ábyrgð með saksókn þessara mála af hálfu ákæruvalds. Ekkert er fram komið um vanhæfi hans í því efni.

Eins og rakið er í dómi Hæstaréttar 29. maí sl. í málinu nr. 14/1989 og í hinum kærða úrskurði, þykir rétt, að frekari rannsókn fari fram á þeirri varnarástæðu ákærða, að hann hafi ekki verið sakhæfur á þeim tíma, er ákærur málsins taka til. Héraðsdómara var þó ekki skylt samkvæmt fyrrgreindum hæstaréttardómi að ákveða strax í upphafi málsmeðferðar, að ákærði skyldi sæta geðrannsókn, eins og fram kemur í bréfi hans til ákærða 13. júní sl. Rannsókn í þessu efni gat farið fram með öðrum hætti, svo sem

með því að senda gögn málsins, er varða sakhæfi ákærða, til sérfræðings, er gæfi umsögn um sakhæfið á grundvelli þeirra og viðtala við ákærða, ef kostur væri, eða með því að kalla þá sérfræðinga fyrir dóm, sem áður hafa stundað ákærða.

Ákærði sinnti ekki kvaðningu um að koma fyrir dóm og kom því ekki fyrir dómara þann, sem nú fer með mál þetta, áður en hinn kærði úrskurður var kveðinn upp.

Telja verður, að eðlileg málsmeðferð hefði verið, að ákærði kæmi fyrir dóm, áður en dómari legði mat á, hvernig heppilegast væri að standa að rannsókn á geðhögum ákærða og hvort skipa skyldi honum verjanda.

Dómara var því rétt að hlutast til um, að ákærði kæmi fyrir dóminn, áður en hann kvað upp úrskurð sinn.

Með hliðsjón af framansögðu þykir verða að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. júní 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 14. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp þessi úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni.

Málavextir.

Mál þetta var höfðað á hendur ákærða með þremur ákæruskjölum, 4. mars og 12. nóvember 1987 og 6. október 1988, fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur, alls 21 brot á árunum 1986-1988. Gengu tveir dómar í málunum í héraði, 11. nóvember 1988 og 13. febrúar 1989. Með dómum Hæstaréttar 29. f.m. voru héraðsdómarnir ómerktir og málunum vísað heim til meðferðar að nýju. Var málunum þá úthlutað að nýju öðrum dómara.

Í máli þessu, sem nú verður rakið í einu lagi, liggja fyrir tvö læknisvottorð um geðhagi ákærða, dagsett 18. október 1984 og 14. apríl 1986. Í hinu fyrra, sem Sigmundur Sigfússon yfirlæknir hefur gefið, segir, að ákærði hafi verið haldinn „manio-depressivum" sjúkdómi í allmörg ár, hann virðist vera „þorrinn að andlegum kröftum" og að greind hans hafi við ýtarlega sálfræðilega athugun virst vera „skert og illa starfhæf af völdum geðræns ástands". Auk þessa taldi læknirinn nokkrar líkur benda til þess, að hjá ákærða væri byrjað að gæta „organískrar dementiu". Þá er ákærði talinn vera álkóhólisti.

Hjá ákærða sjálfum hefur komið fram, að honum „ hafi ekki verið sjálfrátt“ (sbr. dskj. nr. X, 9.4.1987), að hann sé ekki „með fullu viti“ og að hann skorti „ alla dómgreind“ (sbr. dskj. nr. XII, 15.6.1987), og loks, að hann „hafi verið geðveikur og því ósakhæfur á þeim tíma, sem máli skiptir“ (sbr. dskj. nr. XXXVI, 2.11.1988).

Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 14/1987 segir, að fyrirliggjandi gögn í málinu um geðhagi ákærða séu ófullnægjandi og að rétt hefði verið að hlutast til um frekari rannsókn um þá. Þá segir þar enn fremur og í dóminum í málinu nr. 67/1989, að ekki sé tekin afstaða til þess, hvort rétt eða skylt hafi verið að skipa ákærða verjanda.

Dómarinn ritaði ákærða bréf í gær og tilkynnti honum um þinghald þetta og að hann teldi skylt samkvæmt hæstaréttardómunum, að ákærði sætti geðrannsókn, til þess að meta mætti sakhæfi hans og hæfi til þess að fara með mál sitt sjálfur. Var honum tjáð, að úrskurðað yrði um málefnið án frekari fyrirvara, kæmi hann ekki til þings. Ákærði hefur ekki sótt þing, og engar athugasemdir hafa borist frá honum, en í gær barst dómaranum frá honum svohljóðandi símskeyti: „Vísa til boðunar yðar rétt í þessu um, að ég mæti í fyrramálið. Tími minn er ásettur þessa viku, en sú næsta svo til laus.“

Niðurstaða.

Að öllu þessu athuguðu þykir vera brýnt, áður en áfram er haldið með málið, að ákærði sæti geðrannsókn, til þess að meta megi annars vegar sakhæfi hans, en hins vegar hæfi hans til þess að fara sjálfur með mál þetta.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, sæti geðrannsókn, svo að meta megi sakhæfi hans og hæfi til þess að fara sjálfur með mál þetta.

Fimmtudaginn 29. júní 1989.

Nr. 238/1989. **Tómas Ísleifsson**

gegn

menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

og

Sverri Magnússyni til réttargæslu.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 19. maí 1989, sem barst Hæstarétti 19. júní 1989. Lögmaður sóknaraðila skýrir frá því í kæru sinni að sér hafi eigi verið kunnugt um frávísunardóminn fyrr en 19. maí 1989. Er þeirri frásögn ekki hnekkt, og er kæran því nógu tímanlega fram borin, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir bæjarþing Reykjavíkur að taka málið fyrir að nýju til venjulegrar málsmeðferðar.

Af hálfu varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, hefur lögmaður sóknaraðila, stefnanda í héraði, ekki ritað greinargerð sína, svo sem fyrir er mælt í 105. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 12. gr. laga nr. 54/1988. Er málatilbúnaður hans aðfinnsluverður. Þessir ágallar eru þó ekki til þess fallnir að vera frávísunarástæða í þessu máli. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1989.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrlausnar skv. 1. og 2. mgr. 108. gr. l. nr. 85/1936 5. maí sl., eftir að lögmenn aðila höfðu tjáð sig munnlega um formhlið þess, er höfðað af Tómasi Ísleifssyni, kt. 140543-3229, Ytri-Sólheimum III, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, með stefnu, birtri 20. október 1988, á hendur menntamálaráðherra og fjármálaráðherra, báðum f.h. ríkissjóðs Íslands, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík, og Sverri Magnússyni skólastjóra, Skógaskóla, Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu, kt. 040950-3489, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi bæjarþingsins, að ritun „trúnaðarbréfs" Sverris Magnússonar, skólastjóra Skógaskóla, til skólanefndar Skógaskóla, dags. 5. ágúst 1987, um stefnanda og notkun og umfjöllun skólanefndar Skógaskóla og menntamálaráðuneytis um bréfið hafi verið óréttmæt og ólögleg gagnvart stefnanda.

Þá er þess krafist, að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að ráðning nýs stærðfræðikennara að Skógaskóla eftir 6. ágúst 1987 í stöðu, sem stefnandi gegndi þá, brjóti gegn þeirri grundvallarreglu um uppsögn opinberra starfsmanna, að hún skuli birt með þriggja mánaða fyrirvara, en ráðning nýja kennarans hafi gilt frá 1. september 1987.

Í þriðja lagi krefst stefnandi skaðabóta, að fjárhæð kr. 1.500.000,00, ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1988 til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri sömu dráttarvexti og að ofan greinir fimmtán dögum eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Þess er krafist, að dráttarvextir leggist bæði við höfuðstól dómkröfu og málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. l. nr. 25/1987.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins, en til vara, að skaðabótakrafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður falli niður.

Af hálfu réttargæslustefnda er gerð krafa um sýknu af kröfu stefnanda um, að staðfest verði með dómi, að ritun bréfs réttargæslustefnda 5. ágúst 1987 hafi verið óréttmæt og ólögleg gagnvart stefnanda, og leggur réttargæslustefnandi þann skilning í kröfugerð stefnanda, að sér sé stefnt til að þola dóm, þótt sér sé einungis stefnt til réttargæslu, að því er segir í stefnu.

Þá krefst réttargæslustefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

— — —

III.

Niðurstaða.

Framangreinda málavaxtalýsingu og málsástæður stefnanda er að finna í stefnu. Þar er enn fremur upptalning á skjölum, sem stefnandi kveðst munu leggja fram í málinu. Þá eru og tilgreind þar auk stefnanda sjálfs þau vitni, sem stefnandi óskar eftir að leiða fyrir dóm til skýrslugjafar. Er stefnan fjórar síður að lengd. Í greinargerð er eingöngu að finna tilvísun til stefnu og áskilinn réttur til frekari gagnaöflunar og málsútlistunar síðar.

Samkvæmt 88. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 10. gr. l. nr. 54/1988, skal lýsing málsástæðna og annarra atvika vera stuttorð, gagnorð og skýr í stefnu. Í greinargerð skal málsástæðum og lagarökum lýst nánar en í stefnu, sbr. 105. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 12. gr. l. nr. 54/1988.

Eins og ljóst er af framangreindri lýsingu á stefnu, brýtur hún í bága við þessi ákvæði. Meginhluti málavaxta á heima í greinargerð. Þá er málsástæðum fléttað inn í málavaxtalýsingu, sem síðan eru gerð skil í sérstökum kafla um málsástæður, og er nokkuð um endurtekningar.

Þær breytingar, sem gerðar voru á framangreindum lagagreinum með l. nr. 54/1988, lúta þeim tilgangi einum, að málatilbúnaður verði sem gleggstur, stefnur verði stuttar og gagnorðar og einungis getið þeirra málsatvika, sem nauðsynleg eru til að skýra sakarefnið. Hins vegar verði greinargerðir ekki aðeins upptalning á fram lögðum skjölum eða einungis vísan til stefnu, eins og vildi brenna við fyrir gildistöku breytingarlaganna, heldur verði þær ýtarlegri, að því er varðar málsástæður og lagarök.

Meðal þeirra réttarfarsúrræða, sem dómara eru tiltæk til að knýja á um, að réttarbætur laga nr. 54/1988 komist í framkvæmd, virðist einungis frávísun vænleg til árangurs. Þykir því ekki verða hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Málinu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. júní 1989.

Nr. 244/1989. **Baldur Ingi Ísberg,**
Hilmar Guðjónsson og
Sigurður Örn Sigurðsson
gegn
Katrínu H. Árnadóttur.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðilar hafa samkvæmt heimild í f-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. júní 1989, sem barst Hæstarétti 21. sama mánðar.

Sóknaraðilar gera þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka fyrir dómi um beðnar skýrslur af sér og vitnunum Kristni Bjarnasyni, Njáli Kjartanssyni, Sigurði Björgúlfssyni og Guðjóni Andréssyni. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðila.

I.

Mál þetta höfðaði varnaraðili fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem víxilmál á hendur sóknaraðilum, og var málið þingfest 15. desember 1988. Sóknaraðilar kröfðust þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara, að þeir yrðu sýknaðir af öllum kröfum varnaraðila. Varnaraðili kom fyrir dóm 1. júní 1989 og gaf aðilaskýrslu í málinu. Sama dag fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna. Með úrskurði, upp kveðnum 5. júní 1989, hafnaði héraðsdómari frávísunarkröfunni.

Á dómþingi 14. júní 1989 var fært til bókar:

„Stefndu óska eftir því að leiða fram aðila og vitni.

Stefnandi neitar því, að leidd verði fram vitni og aðilar, þar sem málið sé rekið á grundvelli 17. kafla l. 85/1936 og komist því ekki að í málinu lögskiptin, sem að baki viðskiptunum liggja.

Stefndu telja hins vegar, að hafa megi uppi allar þær varnir, sem hafa megi uppi í almennu einkamáli. Aðspurður kvað lögmaður stefndu, að það væri ekki ætlunin að láta vitni og aðila bera um þau atriði, sem hafa má uppi í víxilmáli skv. 208. gr.l. nr. 85/1936."

Að svo búnu kvað Páll Hreinsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, upp úrskurð án forsendna um ágreiningsefni þetta, svohljóðandi:

„Úrskurðarorð:

Skýrslutaka aðila og vitna verður ekki leyfð í máli þessu."

II.

Hérðasdómari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti eftirgreindar rökstuddar ástæður sínar fyrir hinum kærða úrskurði:

„Mál það, sem liggur fyrir, er höfðað á grundvelli 17. kafla l. nr. 85/1936. Með úrskurði, upp kveðnum 5. júní 1989, var hafnað frávísunarkröfu stefndu, sem var byggð á því, að víxill málsins fullnægði ekki formskilyrðum 2. tl. 1. gr. l. nr. 93/1933.

Af málflutningi stefndu að dæma hyggjast þeir leiða fram vitni og aðila til þess að gera grein fyrir lögskiptum þeim, sem að baki víxilkröfunni liggja. Stefnandi hefur hins vegar mótmælt því, að umræddar skýrslutökur verði leyfðar, enda hleypi hann ekki að frekari vörnum en um getur í 208. gr. l. 85/1936.

Gegn andmælum stefnanda þykja stefndu ekki hafa sannað, að áritunin: „Til tryggingar á lokafrágangi á nýbyggingunni Nesvegi 53, Reykjavík", sem fram kemur á víxli þeim, sem liggur fyrir í málinu, né ákvæði í öðrum skjölum málsins beri að skilja svo, að aðilar hafi samið svo um, að í málinu mætti koma að öllum vörnum, sem hafa má uppi í einkamáli almennt.

Þar sem lögmaður stefndu hefur lýst yfir því, að ekki sé ætlunin að afla vitna- og aðilaskýrslna um nein þau atriði, sem byggja má á varnir skv. 208. gr. l. nr. 85/1936, verður að telja, að um beðnar skýrslutökur séu sýnilega þarflausar, þar sem skýrslurnar verða ekki lagðar til grundvallar í málinu, enda hefur stefnandi þráfaldlega synjað um, að koma megi að frekari vörnum en um getur í 208. gr. l. nr. 85/1936. Að framansögðu athuguðu þykir því, m.a. á grund-

velli 1. mgr. 115. gr. l. nr. 85/1936, verða að synja um um beðnar skýrslutökur.“

III.

Með vísan til rökstuðnings héraðsdómara hér að framan þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Fimmtudaginn 29. júní 1989.

Nr. 245/1989. **J.L. Völundur hf.**

gegn

Sigurði Viggóssyni.

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísunaráritun staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 13. júní 1989, sem barst Hæstarétti 22. sama mánaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að taka málið til efnisúrlausnar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta höfðaði sóknaraðili fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál með áskorunarstefnu, út gefinni 12. janúar 1989 og birtri 1. febrúar 1989. Í stefnunni segir m.a.: „Skuld þessi er viðskiptaskuld stefnda við stefnanda og er skv. reikningi, dags. 23.9. 1987, að fjárhæð 14.971,00 kr. Samið var um, að skuldin bæri dráttarvexti frá dags. reiknings."

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 7. febrúar 1989. Af hálfu varnaraðila var þá ekki sótt þing, og var málið að svo búnu tekið til áritunar að kröfu sóknaraðila. Málið var síðan endurupptekið 6. júní 1989 og tekið til áritunar að nýju, án þess að ný gögn væru fram lögð.

Hinn 9. júní 1989 var málinu vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur með svofelldri áritun Unnar Gunnarsdóttur, fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík:

„Stefnandi kveður hina umstefndu kröfu vera „viðskiptaskuld stefnda við stefnanda" skv. tilteknum reikningi. Því til sönnunar leggur hann fram tölvuútskrift, sem ekki ber með sér, frá hverjum stafar. Á þeirri tölvuútskrift stendur nafn stefnda og heimilisfang. Þar stendur einnig dagsetning, orðið „reikningur" og fjárhæð, sem er í samræmi við það, sem stendur í stefnu. Engin frekari grein er gerð fyrir lögskiptum aðila.

Mál þetta var upphaflega þingfest og tekið til áritunar 7. febrúar 1989. Hinn 6. júní sl. var málið síðan endurupptekið að ósk lögmanns stefnanda, þar sem dómari hafði skorað á hann að leggja fram hinn umstefnda reikning. Málið var sama dag tekið til áritunar að nýju, án þess að þessara gagna hefði verið aflað og þau lögð fram. Þykir því verða með vísan til 105. gr., sbr. 116. gr., laga nr. 85/1936, að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.“

Sóknaraðili hefur ekki lagt fram reikning yfir þá kröfu, sem hann telur varnaraðila skulda, þrátt fyrir áskorun dómara. Sóknaraðili hefur ekki heldur gert neina grein fyrir þeim viðskiptum, sem hann telur, að „viðskiptaskuld“ varnaraðila byggist á. Vegna þessa annmarka var það rétt niðurstaða hjá héraðsdómara að vísa máli þessu frá dómi, og ber að staðfesta hina kærðu dómsathöfn.

Krafa um kærumálskostnað verður ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. júní 1989.

Nr. 33/1989. **Skipasmiðjan Hörður hf.**

gegn

Útvegsbanka Íslands hf.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1989. Áfrýjað er dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur, upp kveðnum 15. desember 1988. Málið var þingfest í Hæstarétti 1. mars 1989 og því frestað til 2. júní s.á. Af hálfu áfrýjanda var þá óskað eftir fresti til október 1989 til að afla dómsgerða, gera ágrip og skila greinargerð. Af hálfu stefnda var synjað um frest.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að um einfalt víxilmál sé að ræða og að hinn langi frestur, sem áfrýjandi fékk við þingfestingu málsins, hafi ekki verið notaður.

Af hálfu áfrýjanda kemur fram, að láðst hafi að panta dómsgerðir, en frestur í málinu sé innan eðlilegra marka.

Áfrýjandi hefur fengið þriggja mánaða frest í málinu. Fram er komið, að nú hefur verið beðið um dómsgerðir. Þykir rétt að veita honum frest til 2. október 1989.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. október 1989.

Fimmtudaginn 29. júní 1989.

Nr. 53/1989. **Ólafur Hörður Sigtryggsson**
gegn
Útvegsbanka Íslands hf.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1989. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, upp kveðnum 8. desember 1988. Málið var þingfest í Hæstarétti 3. apríl 1989 og því frestað til 2. júní s.á. Af hálfu áfrýjanda var þá óskað eftir fresti til október 1989 til að afla dómsgerða, gera ágrip og skila greinargerð. Af hálfu stefnda var synjað um frest.

Af hálfu stefnda kemur fram, að áfrýjandi reki fjölda mála fyrir Hæstarétti gegn stefnda og eigi þau það sammerkt, að þeim sé einungis áfrýjað í því skyni að tefja framgang þeirra.

Af hálfu áfrýjanda kemur fram, að beðið hafi verið um dómsgerðir 17. mars 1989, en þær hafi ekki enn borist frá héraðsdómara. Áfrýjandi telur frest í málinu innan hæfilegra marka.

Áfrýjandi hefur fengið tveggja mánaða frest í málinu. Er rétt með hliðsjón af ákvæði 41. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, að veita honum frest til 2. október 1989.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. október 1989.

Föstudaginn 30. júní 1989.

Nr. 29/1988. **Árdís Þórðardóttir**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Póst- og símamálastofnun
(Guðmundur Markússon hrl.).

Símakostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1988. Hún gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða áfrýjanda 22.522,96 kr. með nánar tilgreindum vöxtum og að auki málskostnað í héraði og fyrir Hæstaretti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti ásamt 12% sérstökum söluskatti. Beri málskostnaðurinn vexti skv. 175. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal tilkynning frá stefndu um gjaldskrárbreytingar 27. júní 1985, skýrsla starfsmanna stefndu og ljósrit af svokallaðri talsímareglugerð, sem er hluti alþjóðafjarskiptasamnings þess, sem var í gildi 1985, að því er Ísland varðaði, og hafði verið fullgiltur með tíðkanlegum hætti, sbr. auglýsingu nr. 61/1960 í A-deild Stjórnartíðinda.

Í máli þessu er um það deilt, hvort greiða eigi eftir gjaldskrá í Bandaríkjunum eða á Íslandi fyrir símtöl, sem pöntuð voru í Bandaríkjunum, en sá, sem hringt var til á Íslandi, samþykkti að greiða. Hafa slík símtöl verið nefnd viðtökusímtöl („collect"-símtöl). Í málinu er einnig vefengt af hálfu áfrýjanda, að lögmæt gjaldskrá hafi verið til hér á landi á þeim tíma, sem máli skiptir, um símtöl til útlanda.

Áfrýjandi telur, að eiginmaður sinn hafi samið við símafélag í Illinois í Bandaríkjunum um símtöl þau, sem deilt er um, og að hún hafi eftir þeim samningi átt að greiða eftir taxta hins bandaríska félags. Áfrýjandi hefur ekki sannað, að samningur þessa efnis hafi stofnast. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á, að á

stefndu hvíli skuldbinding á þessum grundvelli. Það er hins vegar óumdeilt, að áfrýjandi samþykkti, að símtöl, sem maður hennar pantaði í Bandaríkjunum, yrðu færð til skuldar á símareikning þeirra hjóna í Reykjavík. Ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að við þau tækifæri hafi verið tekið fram, hvaða gjaldskrá skyldi nota. Ekki mátti áfrýjandi á það treysta, að texti í símaskrá leiddi til þess, að hún ætti að greiða fyrir hin umdeildu símtöl eftir gjaldskrá símafélags í Bandaríkjunum.

Í lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, segir í 9. gr., 1. mgr., að ráðherra setji að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar gjaldskrá fyrir þjónustu, sem stofnunin veitir. Í gjaldskrám og reglum fyrir símaþjónustu, nr. 253/1985 og 420/1985, er í 4. kafla fjallað um símtalagjald. Sjötti töluliður kaflans er þannig:

„*6. Símatalagjöld milli Íslands og annarra landa.*

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnun þau, eins og þau eru á hverjum tíma. ...“

Svo sem fyrr segir, hefur verið lögð fyrir Hæstarétt tilkynning frá Póst- og símamálastofnun frá 27. júní 1985 um breytingar á gjaldskrá fyrir talsíma til útlanda og fleiri atriði. Með fylgir skrá um gjaldflokka. Af hálfu áfrýjanda er því mótmælt, að þessi tilkynning, sem ekki verður séð, að birt hafi verið eftir reglum laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sé gjaldskrá í merkingu 9. gr. fjarskiptalaga. Hins vegar er því ekki mótmælt af hálfu áfrýjanda, að gjald það, sem hún var krafin um, hafi verið rétt reiknað eftir verðtöxtum í þessari tilkynningu.

Af því, sem nú hefur verið rakið, verður ráðið, að ekki hafa verið birt hér á landi ákvæði, sem beint og berum orðum segja til um réttarstöðu málsaðila. Hins vegar er nú fram komið, að í alþjóðareglum, sem til er vísað í 6. tl. 4. kafla í gjaldskrám og reglum nr. 253/1985 og 420/1985, segir, að gjald fyrir hin umdeildu símtöl skuli vera eins og við eigi í landi þess notanda, sem gjaldið greiðir. Þessi ákvæði verður, eins og á stendur, að leggja til grundvallar dómi í máli þessu.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta héraðsdóm, þó þannig, að málskostnaður falli niður í héraði. Þá er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði falli niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 2. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 22. janúar 1987, af Árdísi Þórðardóttur framkvæmdastjóra, nnr. 0415-1224, nú til heimilis að Álfheimum 62, Reykjavík, gegn Ólafi Tómassyni póst- og símamálastjóra f.h. Póst- og símamálastofnunar við Austurvöll, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefnda endurgreiði henni 22.525,96 kr. með vöxtum sem hér segir: 45% ársvöxtum af 6.153,78 kr. frá 12.12. 1985 til 13.1. 1986, en af 8.863,05 kr. frá þ.d. til 14.2. 1986, en af 22.525,96 kr. frá þ.d. til 1.3. 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, en 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3. 1987, en 30% ársvöxtum frá þ.d. til 14.4. 1987, en hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga frá þ.d. til greiðsludags. Stefnandi krefst og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þar með talins söluskatts.

Stefnda krefst þess, að hún verði algerlega sýknuð af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að eiginmaður sinn hafi dvalist í Bandaríkjum Norður-Ameríku í viðskiptaerindum þeirra hjóna haustið og í árslok 1985. Þau hafi þurft að ræðast við í síma á þessum tíma og eiginmaður sinn því kannað, hvað kostaði að fá viðtökusímtal („collect") frá Bandaríkjunum til Íslands. Hann hafi fengið þær upplýsingar hjá símafyrirtækinu Illinois Bell, að ódýrast væri að hringja til Íslands eftir kl 18.00 að staðartíma. Þá kostaði hver mínúta 0,73 Bandaríkjadali fyrstu 3 mínútur og 0,69 dali hver mínúta eftir það, og gilti þessi taxti til kl. 7.00 að morgni. Stefnandi hafi kynnt sér upplýsingar í símaskrá á 16. bls., en þær hafi verið, að ef beðið væri um viðtökusímtal, legðist á aukagjald, sem væri 7 gullfrankar í Vestur-Evrópu, samsvaraði tveggja mínútna símtali til Bandaríkjanna og einnar mínútu símtali til annarra landa. Þess hafi ekki verið getið í símaskránni, að það sé gjaldskrá þess lands, sem hringt er til, sem við eigi að miða. Niðurstaða þeirra hjóna hafi að sjálfsögðu verið sú, að hinn bandaríski taxti yrði notaður, þ.e. hringt væri frá Bandaríkjunum, og þeim

hafi þótt hentugra að greiða símareikningana hérlendis, þar sem aukagjaldið, sem af því stafaði, hafi einungis samsvarað gjaldi fyrir tveggja mínútna símtal.

Er fyrstu símareikningarnir hafi komið frá stefndu í byrjun desembermánaðar 1985, hafi komið í ljós, að stefnanda var gert að greiða u.þ.b. 2.30 Bandaríkjadali fyrir hverja mínútu. Þegar kvartað hafi verið við stefndu, hafi því verið lýst, að svona ætti þetta að vera, þ.e., að gjaldskrá móttökulandsins gilti, þegar um viðtökusímtöl væri að ræða. Þetta telji stefnandi, að sé í ósamræmi við upplýsingar, sem veittar séu í símaskrá og hið bandaríska símafyrirtæki hafi gefið, þar sem augljóst sé, að það sé fyrirtækið í því landi, sem hringt sé frá, sem selji símtalið, en fyrirtækið í móttökulandinu sjái um að innheimta gjaldið, og því leggist sérstakt aukagjald á fyrir það ómak.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig, að með reikningum nr. 566475 og 5678332 frá stefndu, sem greiddir hafi verið 12. desember 1985, hafi hún verið látin greiða 9.455,50 kr. í stað kr. 3.701,72 fyrir viðtökusímtöl frá Bandaríkjunum. Með reikningi nr. 5730604, sem greiddur hafi verið 13. janúar 1986, hafi hún verið látin greiða 4.011,40 kr. í stað kr. 1.302,13, og með reikningi nr. 6081583, sem greiddur hafi verið 14. febrúar 1986, hafi hún verið látin greiða 20.057,05 kr. í stað 6.394,14 króna. Hér sé reiknað með, að stefnandi hafi átt að greiða 0,73 dali fyrir hverja mínútu og miðað sé við sölugengi Bandaríkjadals á greiðsludegi reikninganna.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hún hafi samið um það gjald fyrir símtölin, sem sett var upp í Bandaríkjunum, og breyti engu, hvar símtölin séu greidd, heldur bætist aðeins við umsamið aukagjald, séu þau greidd í því landi, sem hringt sé til. Stefnandi hafi keypt símtöl þessi af Illinois Bell og eigi því að greiða samkvæmt þeirra gjaldskrá, en stefnda sé einungis að innheimta greiðsluna fyrir hið bandaríska félag. Upplýsingar þær, sem veittar séu í símaskrá stefndu, séu á þá leið, að á viðtökusímtöl leggist aukagjald, sem sé 7 gullfrankar í Vestur-Evrópu, samsvari tveggja mínútna símtali til Bandaríkja Norður-Ameríku og einnar mínútu símtali til annarra landa. Af þessum upplýsingum verði ekki önnur ályktun dregin en sú, að farið sé eftir hinni íslensku gjaldskrá, þegar beðið sé um viðtökusímtal frá Íslandi, og að ekki sé farið eftir íslenskri gjaldskrá, þegar hringt sé þannig til Íslands. Þess vegna eigi að fara eftir gjaldskrá landsins, sem hringt sé frá, og viðtökulandið innheimti síðan greiðsluna. Þetta sé í raun staðfest af stefndu í samþykktum Alþjóða-fjarskiptasambandsins, sem hún hafi lagt fram í málinu. Þar segi í grein 4.3: „Innheimtugjald fyrir viðtökusímtal er það gjald, sem gildir í viðtökulandinu." Þarna sé verið að fjalla um „innheimtugjald", en ekki, hvaða gjaldskrá skuli gilda fyrir símtalið, og grein 4.3.1. fjalli um alþjóðleg reikningsskil, en ekki gjald, sem notendur greiði.

Stefnandi vísar í 27. gr. laga nr. 56/1978 og bendir á, að auglýsingar stefndu í símaskrá séu villandi um þetta atriði. Jafnvel þótt stefnda hafi rétt fyrir sér um, hvernig sé innheimt fyrir slík símtöl, þá beri að leggja greiðsluskyldu á stefndu, þar sem hún eigi að bera hallann af því, er upplýsingaskortur og rangar upplýsingar hennar leiða til tjóns fyrir notendur, í þessu tilviki stefnanda. Stefnandi og eiginmaður sinn hefðu valið hagkvæmustu leiðina til þess að tala milli landanna, og um leið og þeim hefði orðið ljóst, hvernig stefnda tæki gjöld fyrir þau þrátt fyrir upplýsingar, hefðu þau breytt um og hringt frá Bandaríkjunum samkvæmt bandarískri gjaldskrá og greitt því ekki nema þriðjung af hinni íslensku.

II.

Stefnda styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi og eiginmaður hennar hafi einfaldlega misskilið fyrirkomulagið á gjaldtöku fyrir viðtökusímtöl. Hún útskýrir eðli viðtökusímtala þannig: Þau byggjast á handvirkri afgreiðslu af hálfu símstöðvar. Sá, sem hringir, óskar eftir því, að símtalið sé greitt af viðtakanda, en ekki þeim aðila, sem hringir, svo sem venja er. Sú símstöð, sem afgreiðir símtalið, óskar eftir því sérstaklega við móttakanda símtalsins, að hann samþykki að greiða símtalið, hvaðan svo sem hringt er. Þá fyrst, er móttakandi hefur samþykkt, að símtalið verði skrifað á hans reikning, fæst afgreitt samtal þess, sem hringir, við móttakandann. Það er samkvæmt þessu móttakandinn, sem greiðir símtalið. Móttakandinn samþykkir, að með símtalið verði farið svo sem hann hefði sjálfur hringt í þann, sem í raun hringdi. Þetta sé algild regla, sem komi fram í alþjóðareglum ITU, International Telecommunication Union, sem Ísland sé aðili að, gr. 4.3: „The collection charge for a collect call is the one applicable in the country of destination of the call", en stefnandi hafi vísað í íslenska þýðingu löggilts skjalaþýðanda hér að ofan. Eðli viðtökusímtala sé því einfaldlega þannig, að farið sé með þau eins og útfarandi símtal þess, sem samþykkir símtalið sem viðtökusímtal, eins og hann hafi sjálfur hringt, en ekki hinn. Þess vegna hljóti misskilningur að hafa orðið hjá eiginmanni stefnanda í samskiptum hans við fyrirtækið Illinois Bell, en um það sé í raun ekki vitað í máli þessu.

Hafi stefnandi eða eiginmaður hennar samið við hið bandaríska fyrirtæki um að fá viðtökusímtal til Íslands með þeim kjörum, sem stefnandi haldi fram, sé það stefndu í máli þessu algerlega óviðkomandi, enda sé hún ekki umboðsmaður hins bandaríska firma. Stefnda bendi og á, að sá rétthafi síma, sem samþykkir viðtökusímtal, skuldbindi sig og taki ábyrgð á greiðslu símtalsins samkvæmt gjaldskrá þeirrar símstöðvar, sem hann sé tengdur við, en ekki gjaldskrá þess lands, sem hringt sé frá, enda viti móttakandi að öllum jafnaði ekkert um gjaldskrá þess lands. En áhætta sé þessu

samfara. Ef viðtakandi símtalsins mótmælir síðar að hafa samþykkt viðtökusímtalið, geti viðkomandi stofnun ekki innheimt greiðslu fyrir það. Þess vegna sé sett á aukagjald til að mæta áhættunni. Þessu aukagjaldi sé lýst í símaskránni, eins og stefnandi bendi á, en hún hafi misskilið það og mistúlkað. Aukagjaldið sé ekki gjaldskrá fyrir viðtökusímtöl, heldur sérstakt gjald ofan á gjaldskrá.

Síðari málsástæða stefnanda lúti að röngum eða villandi upplýsingum í símaskrá. Á blaðsíðu þeirri, sem stefnandi vísi til, standi þessi setning með feitu letri: „Símtöl, sem greiðast af þeim, sem hringt er til (collect).“ Síðan segi:

„Þegar óskað er eftir, að símtalið sé greitt af þeim aðila, sem hringt er til (collect), verður það því aðeins afgreitt, að viðtakandi samþykki, að símtalið verði skráð á hans símanúmer.

Þessa þjónustu er aðeins unnt að veita við þau lönd, sem leyfa „collect“-afgreiðslu.

Á „collect“- símtöl leggst aukagjald, sem er 7 gullfrankar í V.- Evrópu, samsvarar tveggja mínútna símtali til Bandaríkja N.-Ameríku og einnar mínútu símtali til annarra landa.“

Ekki sé ljóst, hvernig unnt sé að misskilja þetta á þann hátt, sem stefnandi gerir. Hið umrædda aukagjald samsvari símtölum til annarra landa vegna þess, að miðað er við, að hringt sé frá Íslandi og greitt samkvæmt íslenskri gjaldskrá, eins og eðli viðtökusímtala er og lýst hefur verið. Reglur þessar hafi aldrei valdið misskilningi fyrr, og algerlega sé ósannað af hálfu stefnanda, að þær hafi leitt til tjóns fyrir notendur. Ekkert einsdæmi sé, að þjónusta hér á landi sé dýrari en sambærileg þjónusta erlendis. Hér sé þjónustu haldið uppi af tiltölulega fáum greiðendum, og leggist því meiri greiðslubyrði á þá, sem taki þátt í að greiða fyrir þjónustuna. Utan lands megi dreifa slíkri greiðslubyrði á margfalt fleiri. Ekkert sé því óeðlilegt fyrir notendur hér á landi að þurfa að greiða hærra verð fyrir símtöl til útlanda en greitt sé fyrir símtöl hingað til lands frá útlöndum. Ekki sé heldur neitt óeðlilegt við reglurnar um innheimtu fyrir viðtökusímtöl. Símgjöld úti um heim séu sífelldum breytingum háð, og íslenskur notandi, sem samþykkir viðtökusímtal í síma sínum hér á landi, geti ekki vitað um gjaldskrá þess lands, sem hringt sé frá hverju sinni. Augljóst sé og, að stefnda hafi ekki lagaheimild til þess að krefja rétthafa hér á landi um gjöld samkvæmt erlendum gjaldskrám, sbr. ákvæði 9. gr. fjarskiptalaga, nr. 73/1984. Ef fallist væri á sjónarmið stefnanda í máli þessu, yrði fyrst um áhættu fyrir íslenska símnotendur að ræða.

III.

Upplýst er í máli þessu af hálfu stefnanda, Árdísar, að hún hafi sérstaklega kannað, hvað kostaði að hringja frá Bandaríkjunum til Íslands sam-

kvæmt þarlendri gjaldskrá og hvað kostaði að hringja frá Íslandi til Bandaríkjanna samkvæmt hérlendri gjaldskrá. Sú könnun hafi leitt í ljós, að ódýrara væri að hringja frá Bandaríkjunum og greiða símtölin samkvæmt bandarískri gjaldskrá, og hafi sú leið því verið farin í samtölum hjónanna. Ákvörðun hafi einnig verið tekin um, að símtölin frá Bandaríkjunum yrðu viðtökusímtöl, „collect-símtöl", hér á landi.

Stefnda hefur skilmerkilega útskýrt eðli viðtökusímtala þannig, að með þau sé farið eins og símtal þess, sem samþykkir símtalið sem viðtökusímtal, eins og hann hafi sjálfur hringt, og að þetta sé alþjóðleg regla. Þessar upplýsingar hefði stefnandi getað fengið hjá stefndu, ef hún hefði leitað eftir. Það gerði hún ekki, heldur lét sér nægja að skilja sínum skilningi upplýsingar í símaskrá um slík símtöl.

Þegar þetta er virt, er ljóst, að stefnandi hefur misskilið, hvernig farið sé með viðtökusímtöl. Á engan hátt verður fallist á með stefnanda, að samið hafi verið um, að gjald fyrir símtölin færi eftir bandarískri gjaldskrá, svo að bindandi sé fyrir stefnda. Ekki verður heldur fallist á með stefnanda, að upplýsingar stefndu í símaskrá hafi verið svo villandi, að stefndu sé um að kenna, að stefnandi hafi þurft að greiða símtölin samkvæmt íslenskri gjaldskrá og beðið tjón af. Tilvitnaðar upplýsingar í símaskrá voru almenns eðlis og ástæðulaust að leggja annan skilning í þær en orðin segja til um. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda og dæma stefnanda til að greiða málskostnað, sem ákveðst 38.000,00 kr.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, Póst- og símamálastofnun, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Árdísar Þórðardóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu 38.000,00 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. júní 1989.

Nr. 287/1988. **Eignabankinn hf.**

gegn

Guðrúnu K. Ástvaldsdóttur.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. september 1988. Málið var tekið til dóms eftir munnlegan málflutning 15. júní 1989. Krafðist áfrýjandi þess, að hinum áfrýjaða dómi yrði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefndu. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefnda krafðist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var endurupptekið 29. júní. Af hálfu áfrýjanda var þess óskað, að málið yrði fellt niður. Stefnda krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir 180. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 35.000,00 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Eignabankinn hf., greiði stefndu, Guðrúnu K. Ástvaldsdóttur, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Föstudaginn 30. júní 1989.

Nr. 98/1988. **Árni Jóhannesson**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
þrotabúi Kaupfélags
Vestur-Barðstrendinga
(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Skuldamál. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1988. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt frá og með þinghaldi 12. júní 1987 og málinu heimvísað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þegar málið var munnlega flutt hér fyrir dómi, krafðist stefnda frávísunar málsins frá Hæstarétti, en til vara staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bú Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga var tekið til gjaldþrotaskipta 18. nóvember 1987, og er skiptum ólokið.

Fyrir héraðsdómi lýsti áfrýjandi yfir því, að krafa Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga væri rétt. Áfrýjandi hafði hins vegar uppi í héraði gagnkröfu, að fjárhæð 136.835,22 kr., og voru vextir þar með taldir. Héraðsdómur var kveðinn upp 18. janúar 1988. Var hin viðurkennda krafa kaupfélagsins tekin til greina ásamt vöxtum og málskostnaði. Héraðsdómari vísaði hins vegar gagnkröfu áfrýjanda frá héraðsdómi vegna vanreifunar. Með bréfi 7. febrúar 1988 lýsti áfrýjandi kröfu, að fjárhæð 175.858,39 kr., í þrotabú kaupfélagsins. Hér var um að ræða sömu kröfu áfrýjanda og hann hafði haft uppi til skuldajafnaðar í héraði, en að vísu nokkru hærri. Í kröfunni í þrotabúið voru vextir með taldir. Hinn 10. mars 1988 tók bústjóri þá afstöðu til kröfunnar, að hún skyldi samþykkt sem almenn krafa, samtals að fjárhæð 175.838,00. Var áfrýjanda tilkynnt þetta svo og, að skiptafundur í þrotabúinu yrði haldinn 17. mars 1988.

Var krafa áfrýjanda samþykkt þar þannig, að vöruúttekt hans, að fjárhæð 17.138,00 kr., kom til frádráttar. Er óumdeilt, að mismunurinn, að fjárhæð 158.700,00 kr., var samþykktur sem almenn krafa áfrýjanda í þrotabúið.

Í aðalkröfu áfrýjanda felst krafa um, að gagnkrafa hans í héraði verði endurupptekin til dómsálagningar, enda þótt krafan hafi verið lögð fyrir skiptarétt og samþykkt þar. Þegar áfrýjandi lýsti kröfu sinni í þrotabúið, gerði hann eigi, svo að séð verði, neinn fyrirvara um það, að hann hygðist áfrýja héraðsdómi til ómerkingar, heimvísunar og dómsálagningar að nýju. Skiptarétturinn var að svo komnu réttur úrskurðaraðili um hina lýstu kröfu í búið, sbr. 35. gr. skiptalaga, nr. 3/1878, og tók hann kröfuna til greina. Því er og lýst yfir af hálfu þrotabúsins, að krafan sé hæf til skuldajafnaðar samkvæmt 32. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, en áfrýjandi hefur ekki lýst skuldajöfnuði. Ber þegar af þessum ástæðum að hafna aðalkröfu áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun málsins.

Áfrýjandi samþykkti kröfu stefnda í héraði. Hann mótmælir hins vegar málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Á hann rétt á efnisúrlausn um það atriði. Kröfu stefnda um frávísun málsins frá Hæstarétti er því hafnað.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þar á meðal ákvæði hans um vexti, sem aðilar deila ekki um, og málskostnað.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 18. janúar 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. október 1987, hefur Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga, nafnnr. 5579-4545, Aðalstræti 62, Patreksfirði, höfðað fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu gegn Árna Jóhannessyni, nnr. 0522-8034, áður til heimilis að Saurbæ, Rauðasandshreppi, en nú til heimilis að Fífustöðum, Ketildalahreppi, Barðastrandarsýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 116.060,90 kr. auk 3,75% dráttarvaxta frá 1. febrúar 1986 til

1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2.25% frá þeim degi til 1. mars 1987 til 15. apríl (sic) 1987, en með hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sönnunargögn eru reikningsyfirlit, sem stefnandi lagði fram við þingfestingu málsins 15.5. 1987.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna kröfuréttar um greiðslur fjárskuldbindinga.

Stefndi, Árni Jóhannesson bóndi, var við þingfestingu málsins 15. maí 1987. Hann kvað aðalkröfu málsins vera rétta, en hann ætti gagnkröfu á hendur stefnanda, því að hann kvaðst eiga kröfu vegna vangoldinna sauðfjár- og nautgripaafurða frá stefnanda. Umboðsmaður stefnanda mótmælir gagnkröfunni. Málinu var frestað til greinargerðar af hálfu stefnda til föstudags 12. júní 1987.

12. júní leggur stefndi fram greinargerð sína með formlegri gagnkröfu. Einnig leggur hann fram fjóra afurðaseðla frá Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga og skýrslu framleiðsluráðs landbúnaðarins ásamt tveimur fylgiskjölum. Áskorunarmálinu er vikið til venjulegrar meðferðar stefnda og gagnkröfu. Málinu var frestað til greinargerðar af hálfu stefnanda vegna gagnkröfu til 4. september 1987. Dómari óskaði eftir því við stefnda, að hann skilaði nákvæmari greinargerð, og tók stefndi með sér „uppkast" það, sem hann hafði gert. Dómari gætti ætíð leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart stefnda.

Hinn 4. september skilaði stefndi loks greinargerð sinni. Málinu var nú frestað til 18. september með samkomulagi beggja aðila til greinargerðar af hálfu gagnstefnda. Hinn 18. september var málinu síðan frestað til 16. október.

Hinn 16. október leggur stefnandi fram greinargerð sína vegna gagnkröfu til skuldajafnaðar. Stefndi leggur fram sem nr. 9 v/yfirlits yfir lokaverð fyrir 1984 og nr. 10. ljósrit úr búnaðarblaðinu Frey.

Dómari leiðbeindi nú stefnda um það að afla staðfestra gagna eða upplýsinga um lokaverð á sauðfjárafurðum fyrir árið 1984 frá framleiðsluráði landbúnaðarins. Stefndi fellst ekki á sjónarmið dómara og kveðst vita, hver endir mála yrði, og yfirgefur réttarsalinn. Dómari leit svo á með hliðsjón af framkomu stefnda, að nú væri gagnaöflun lokið. Að kröfu umboðsmanns stefnanda var málið dómtekið.

Málið verður nú dæmt eftir skjölum þeim, sem lögð hafa verið fram í réttinum, og öðrum gögnum. Gagnkrafa stefnda til skuldajafnaðar er svohljóðandi, sbr. dómskjal nr. 5:

„Frystigjald af nautakjöti, 5 kr. af kg, að upphæð 15.503,40 kr. Sem er frá 1.11. 1984 228,50 kr. með alm. vöxtum. Dráttarvextir til 1. júlí 1987 21.821,33 kr. Samtals með vöxtum 35.553,23 kr.

Vangreitt grundvallarverð af sauðfjárafurðum, 7.391,72 kr. Alm. vextir frá 1.11. 1984 til 31.12. 1985 209,92 kr. Endurgreiðsla á 1. og 2. flokk af dilkakjöti, sem átti að greiða í maí og september 1984. Fyrri greiðslan hefur komið til skila, en septembergreiðslan ekki. Grunntalan af henni er 654,00 kr., alm. vextir af henni frá 1.11. 1984 til 31.12. 1985 18,58 kr. Dráttarvextir eru á vangreiddum sauðfjárafurðum 9.752,59 kr. Samtals 18.026,91 kr.

Endurgreiðsla á kjarnfóðurgjaldi, sem átti að fara sem viðbótarverð af nautakjöti 1984, sem er kr. 11,15 af kg, var aldrei greitt í viðskiptareikning bænda. Grunntalan er 35.553,93 kr. Almennir vextir 44.691,21 kr. Samtals 81.255,08 kr.

Samtals kröfur á hendur Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga með vöxtum eru 136.835,22 kr.“

Stefndi hefur ekki sannað gagnkröfur sínar nægilega vel. Hann hefur lagt fram fjóra afurðaseðla frá Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga og telur, að ýmist einingarverð á afurðunum sé vanreiknað. Eigi er unnt að taka afstöðu til þessarar fullyrðingar stefnda, nema aflað sé staðfestra upplýsinga, t.d. frá framleiðsluráði landbúnaðarins, hvert var endanlegt afurðaverð til bænda árið 1984. Stefnda var bent á að afla þessara gagna af dómara, en hann hafnaði því. Stefndi lagði fram ýmsar skýrslur frá framleiðsluráði landbúnaðarins, en þar var ekki tekið á framangreindu álitaefni, sbr. dskj. nr. 7.

Enn fremur lagði stefndi fram blaðagrein úr búnaðarblaðinu Frey, en þar eru upplýsingar líka ófullnægjandi. Enn fremur hefur stefndi lagt fram á dskj. nr. 9 yfirlit yfir það, sem hann sjálfur telur lokaverð ársins 1984. En þessar upplýsingar eru með öllu óstaðfestar. Gagnkröfu stefnda er því vísað frá dómi vegna vanreifunar.

Stefndi hefur ekki mótmælt aðalkröfu stefnanda, sbr. stefnu, enda hefur stefnandi lagt fram fullnægjandi gögn til stuðnings kröfum sínum.

— — —

Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans, en dóm þennan kvað upp Guðmundur Björnsson, fulltrúi sýslumanns.

Dómsorð:

Stefndi, Árni Jóhannesson, greiði stefnanda, Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga, 116.060,90 kr., auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði frá 1. febrúar 1986 til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 15. apríl 1987, en með hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess greiði stefndi stefnanda 21.915,00 kr. í málskostnað, þar með talinn söluskatt.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15. dögum frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 3. júlí 1989.

Nr. 259/2989. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurjóni Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur hinn 27. júní 1989 samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, kært til Hæstaréttar gæsluvarðhaldsúrskurð sakadóms Reykjavíkur sama dag „í því skyni, að tímalengd hans verði stytt verulega".

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í greinargerð sinni skýrir ríkissaksóknari meðal annars svo frá:

„Í forsendum hins kærða úrskurðar er fullyrt, að kærandinn sé eiturlyfjasjúklingur. Fullyrðing þessi er ekki studd neinum læknisfræðilegum gögnum. Hins vegar er bókað eftir kærandanum, að hann hafi ekkert unnið á þessu ári, aðeins verið í bílabraski og stundað sölu á kannabisefnum. Hann kvaðst hafa neytt eiturlyfja á þessum tíma, aðallega amfetamíns, kókains og kannabisefna, og fjármagnað neysluna með sölu kannabisefna."

Eigi er fram komið, að varnaraðili sé sjúklingur í skilningi 4. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að gæsluvarðhaldið standi allt til þriðjudagsins 8. ágúst næstkomandi kl. 17.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, Sigurjón Pétursson, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 8. ágúst 1989 kl. 17.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. júní 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 27. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald það, sem kærða, Sigurjóni Péturssyni, atvinnulausum, með lögheimili að Engjaseli 72 hér í borg, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 12. júní sl., sem rennur út í dag kl. 17.00, allt til þriðjudagsins 19. september nk. kl. 17.00 vegna grunar um brot kærða á 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Málavextir.

RLR hefur nú undanfarið rannsakað tilraun til innbrots í verslunina Hólmkjör í Stykkishólmi og innbrot í Kaupfélag Hvammsfjarðar, Búðardal, aðfaranótt 12. júní sl. Í því innbroti hurfu peningar, ávísanir, greiðslukortanótur og aðrir viðskiptapappírar, að andvirði 600.000,00 kr.

Kærði hefur viðurkennt að hafa brotist inn í Kaupfélag Hvammsfjarðar ásamt Jóni Helga og Daníel Péturssyni.

Þá hefur kærði viðurkennt að hafa notað greiðslukort Erlings E. Jónassonar í byrjun mars sl. og tekið út vörur fyrir tæpar 15.000,00 kr.

Kærði hefur enn fremur viðurkennt að hafa borið út leðurjakka úr Miðstræti 8 A 6. mars sl., en í jakkanum var visakort ásamt öku- og nafnskírteini, en þessu var skilað, án þess að kortið væri notað.

Þá hefur kærði viðurkennt að hafa í félagi við bróður sinn, Daníel Pétursson, brotist inn í húsakynni Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í marsmánuði og stolið þar ýmsum verðmætum, m.a. saumavél, bakarofni, tveimur símtækjum, ljósritunarvél, litasjónvarpstæki auk ýmissa smáhluta.

Þá hefur kærði viðurkennt að hafa framvísað tékka, að fjárhæð 84.000,00 kr., í Sparisjóði vélstjóra 25. apríl sl., en tékkinn var upphaflega að fjárhæð 4.000,00 kr., út gefinn af Félagsmálastofnun Kópavogs, en áður hafði Matthildur Eiðsdóttir breytt fjárhæð hans.

Að endingu hefur kærði viðurkennt að hafa falsað og framvísað tékka, að fjárhæð 6.000,00 kr., á Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibú, 6. apríl sl., en tékkann hafi hann fengið hjá Matthildi Eiðsdóttur.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr., 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði kærða, dagsettu í dag, hefur kærði níu sinnum orðið uppvís að brotum gegn almennum hegningarlögum og einu sinni verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi í borgarrétti Kaupmannahafnar. Þá hefur kærði þrisvar verið dæmdur fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalögum í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum.

Síðast var kærði dæmdur í sakadómi Reykjavíkur 22. desember sl. vegna brota gegn 244. gr. almennra hegningarlaga í tveggja ára fangelsi, en í þeim dómi var 540 daga reynslulausn dæmd með.

Kærði hefur áfrýjað dóminum til Hæstaréttar Íslands.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur ekki lokið rannsókn á máli nr. 2415/89, þ.e. innbroti í Kaupfélag Hvammsfjarðar í Búðardal og tilraun til innbrots í Hólmkjör í Stykkishólmi.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, er veruleg hætta á, að kærði haldi áfram afbrotum, meðan málum hans er enn ólokið, og spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi. Kærði er eiturlyfjasjúklingur, sem hefur ekki stundað atvinnu um langa hríð, en fjármagnað eigin fíkniefnaneyslu með sölu og dreifingu fíkniefna. Þá er kærði heimilislaus.

Þykir rétt, þegar framanritað er virt, að taka kröfu RLR um framlengingu gæsluvarðhalds til greina á grundvelli 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til þriðjudagsins 19. september nk. kl. 17.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurjón Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til þriðjudagsins 19. september nk. kl. 17.00.

Mánudaginn 3. júlí 1989.

Nr. 246/1989. **Olíuverslun Íslands hf.**
gegn
Landsbanka Íslands.

Kærumál. Kyrrsetning. Trygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. f.m. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðinn sama dag. Úrskurðurinn er án forsendna skv. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, en úrskurðarorð er svohljóðandi: „Tryggingar þær, sem gerðarþoli, Olíuverslun Íslands hf., hefur boðið fram og lágu til grundvallar virðingargerð, dags. 14. júní 1989, skulu metnar á 215.200.000,00 kr. sem trygging fyrir greiðslu á kröfum gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands."

Sóknaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að meta tryggingar þær, sem um er fjallað í úrskurðinum, að nýju til hækkunar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk 12% söluskatts til ríkissjóðs.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og áskilur sér rétt til að hafa uppi kröfu um málskostnað vegna máls þessa í væntanlegu staðfestingarmáli.

I.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti, sem kvað upp hinn kærða úrskurð, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Gerir hann þar grein fyrir rekstri málsins og segir svo:

„Með beiðni, dags. 29. maí sl., krafðist Landsbanki Íslands kyrrsetningar á eignum Olíuverslunar Íslands hf. til tryggingar gjaldföllnum skuldum hins síðarnefnda við bankann, að upphæð 437.726.328,50 kr., auk vaxta og kostnaðar, sem nánar greindi í gerðarbeiðni. Eftir að gerðarbeiðandi hafði lagt fram tryggingu, var málið tekið fyrir í fógetarétti 30. s.m. að báðum aðilum viðstöddum. Af hálfu gerðarþola var þá óskað eftir fresti, m.a. til að

leggja fram tryggingu fyrir kyrrsetningarkröfunni skv. 13. gr. l. nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann, og málinu frestað með samkomulagi til 1. júní sl. Við fyrirtöku málsins þann dag lagði gerðarþoli fram greinargerð, þar sem gerð var grein fyrir eignum sem tryggingu til að afstýra gerðinni. Trygging þessi var fólgin í eign gerðarþola á eigin hlutabréfum, hlutabréfaeign í öðrum hlutafélögum auk fjölda skuldabréfa og tryggingarbréfa í hans eigu. Margvíslegur ágreiningur reis um fram boðnar tryggingar, og krafðist gerðarbeiðandi þess, að þeim yrði hafnað og að gerðin næði fram að ganga.

Hinn 2. þ.m. var kveðinn upp úrskurður í fógetarétti þess efnis, að kröfu gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, að kyrrsettar yrðu eignir gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., var hafnað að svo stöddu.

Í forsendum úrskurðarins kemur fram, að fógeti viðurkenndi hluta fram boðinna trygginga að undangenginni virðingu þeirra.

Hinn 6. þ.m., er málið var tekið fyrir í fógetarétti, tilnefndi fógeti þá Stefán Má Stefánsson prófessor og Sigurð G. Guðjónsson hrl. virðingarmenn. Þá voru fógeta afhent gögn þau, er til virðingar kæmu, auk þess sem gerðarþoli afhenti enn frekari tryggingar í formi tryggingarbréfa. Af hálfu gerðarbeiðanda var þess krafist, að virðing færi fram hið fyrsta og sú virðing næði einnig til þeirra tryggingarbréfa, er síðast voru afhent í réttinum. Samtals námu þá fram boðnar tryggingar röskum 530.000.000,00 kr. að áætlun gerðarþola. Málinu var frestað óákveðið, þar til virðingarmenn hefðu lokið störfum.

Í fógetarétti 16. þ.m. var lögð fram um beðin virðingargerð. Þar eru fram boðnar tryggingar flokkaðar í 16 tilgreinda flokka og hver flokkur virtur fyrir sig. Í niðurlagi kemur fram, að tryggingar þessar eru samtals virtar á 215.200.000,00 kr. Að beiðni gerðarbeiðanda og með samþykki gerðarþola var málinu frestað til þriðjudags 20. júní.

Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti 20. þ.m. Þá krafðist gerðarbeiðandi þess, að gerðin næði fram að ganga fyrir 222.726.328,00 kr. auk vaxta og kostnaðar skv. gerðarbeiðni, og var þar um að ræða mismun upphaflegrar kröfu skv. gerðarbeiðni og þess hluta hennar, er hann taldi sig hafa fengið tryggingu fyrir.

Af hálfu gerðarþola komu fram mótmæli við þeim almennu sjónarmiðum, er fram komu í virðingargerð, að kyrrsetningarbeiðnin geti leitt til gjaldþrotaskipta á búi gerðarþola og riftunar á þeim tryggingum, er fram voru boðnar, og því mótmælt, að þau sjónarmið væru lögð til grundvallar virðingu. Var þar einkum átt við virðingu á 28% af hlutabréfum í gerðarþola, er virt voru á 5.000.000,00 kr. sem trygging, en gerðarþoli hafði talið nafnvirði 120.000.000,00 kr. Þá voru bókaðar athugasemdir gerðarþola við virðinguna að öðru leyti. Fógeti tók ágreining þennan til úrskurðar. Úrskurður þessi, sem kveðinn var upp í réttinum, var án forsendna og er svohljóðandi:

„Tryggingar þær, sem gerðarþoli, Olíuverslun Íslands hf., hefur boðið fram og lágu til grundvallar virðingargerð, dags. 14. júní 1989, skulu metnar á 215.200.000,00 kr. sem trygging fyrir greiðslu á kröfum gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands."

Við úrskurð á þessu ágreiningsefni kom m.a. til skoðunar verðmat á 28% hlutabréfa í gerðarþola. Þar féllst fógeti á þau sjónarmið, er fram koma í virðingargerð og hafa áhrif á virðinguna, í fyrsta lagi, að rekstrar- og efnahagsreikningur félagsins fyrir árið 1988 væri óendurskoðaður, í öðru lagi, að gangverð hlutabréfanna væri ekki skráð á hlutabréfamarkaði, og í þriðja lagi, að fram komin gerðarbeiðni kynni að leiða til gjaldþrots gerðarþola. Þá taldi fógeti, að almennt yrði að fara varlega í mat á tryggingum, sem boðnar væru fram í hlutabréfum í félagi, er gerðin beindist að, í þeim tilgangi að afstýra gerðinni. Það væri tvímælalaust gerðarþola að sýna fram á, hvert verðmæti þeirra væri. Óvissa í því efni yrði ekki talin gerðarbeiðanda í óhag.

Þar sem fógeti féllst að öðru leyti á sjónarmið virðingarmanna um aðrar tryggingar, kvað hann upp úrskurð þennan, enda hefur hann um það úrskurðarvald skv. 2. mgr. 12. gr., sbr. 1. mgr. 13. gr., laga nr. 18/1949. ..."

II.

Fógeti reisir úrskurð sinn á mati hinna til kvöddu virðingarmanna.

Fógeti á úrskurðarvald um fram boðnar tryggingar samkvæmt 12. gr. laga nr. 18/1949, sbr. 13. gr. sömu laga, og honum er rétt að tilnefna virðingarmenn sér til aðstoðar. Ákvörðun hans verður

ekki hnekkt, nema hann leggi ólögmæt sjónarmið til grundvallar henni. Sóknaraðila (gerðarþola) bar með hliðsjón af 5. gr. laga nr. 18/1949, sbr. 1. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, að láta virðingarmönnum í té þau gögn, sem að gagni gátu komið við mat þeirra. Varnaraðili (gerðarbeiðandi) hefur samþykkt tryggingu fyrir 215.200.000,00 krónur í samræmi við niðurstöðu virðingarmanna. Sóknaraðili hefur ekki hnekkt mati virðingarmanna á 1. - 14. flokki virðingargerðar. Hér fyrir dómi heldur sóknaraðili því ekki fram, að varnaraðili hafi, áður en hann krafðist kyrrsetningar, þegar haft nægar tryggingar í eigum sóknaraðila. Verður því að staðfesta úrskurð fógeta, að því er varðar tryggingar samkvæmt fjórtán fyrstu flokkum virðingargerðar.

Í upphafi 15. gr. laga nr. 18/1949 segir: „Gerðarþola er rétt og skylt að boði fógeta að benda á fjármuni til kyrrsetningar, enda skal fara að óskum hans um það, hvað kyrrsetja skuli, gerðarbeiðanda að meinalausu. ...“ Þykja sömu sjónarmið mega gilda um fram boðnar tryggingar. Í virðingargerð kemur fram varðandi 15. og 16. flokk fram boðinna trygginga, sem annars vegar eru hlutabréf í Olíuverslun Íslands hf. og hins vegar tryggingarbréf í ýmsum fasteignum félagsins, það sjónarmið, að innheimtuaðgerðir varnaraðila geti leitt til gjaldþrots sóknaraðila og eftirfarandi riftunar veðsetningar. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 18/1949 víkur kyrrsetning fyrir aðför og gjaldþroti. Það gerir veðsetning að öðru jöfnu ekki. Ekki er annað fram komið en trygging í eigum sóknaraðila sé varnaraðila að meinalausu. Af virðingargerð verður ekki séð, hversu miklu ofangreint sjónarmið hefur ráðið um niðurstöðu virðingarmanna. Þá byggja virðingarmenn m.a. á, að fógeti hafi ekki tekið afstöðu til tryggingarhæfni bréfa samkvæmt 16. flokki. Fógeti vitnar hins vegar til virðingargerðarinnar um rökstuðning fyrir úrskurði sínum. Verður ekki ráðið af ákvörðun fógeta, að hann hafi tekið sjálfstæða afstöðu til tryggingarhæfni bréfa samkvæmt 16. flokki virðingargerðar, en lagt álit virðingarmanna til grundvallar úrskurði sínum. Ber því að líta svo á, að úrskurður hans nái ekki til 16. flokks í virðingargerð, og fella ber ákvörðun hans um 15. flokk úr gildi.

Úrskurður fógeta breytist því eins og segir í dómsorði.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málskoti þessu.

Dómsorð:

Tryggingar þær, sem sóknaraðili, Olíuverslun Íslands hf., hefur boðið fram og lágu til grundvallar 1. - 14. flokks í virðingargerð, dags. 14. júní 1989, skulu metnar á 210.200.000,00 krónur sem trygging fyrir greiðslu á kröfum varnaraðila, Landsbanka Íslands.

Fella ber ákvörðun fógeta um mat á 15. flokki virðingargerðar úr gildi.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málskoti þessu.

Mánudaginn 3. júlí 1989.

Nr. 249/1989. **Olíuverslun Íslands hf.**

gegn

Landsbanka Íslands.

Kærumál. Kyrrsetning. Trygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. f.m. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðinn sama dag. Úrskurðurinn er án forsendna skv. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, en úrskurðarorð er svohljóðandi: „Kröfu gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., að tryggingum í 28% hlutafjár í Olíuverslun Íslands hf. verði skilað, er hafnað að svo stöddu."

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að skila hlutabréfum fyrir 28% hlutafjár í Olíuverslun Íslands hf. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og áskilur sér rétt til að hafa uppi kröfu um málskostnað vegna máls þessa í væntanlegu staðfestingarmáli.

I.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti, sem kvað upp hinn kærða úrskurð, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, Gerir hann þar grein fyrir rekstri málsins og segir svo:

„Með beiðni, dags. 29. maí sl., krafðist Landsbanki Íslands kyrrsetningar á eignum Olíuverslunar Íslands hf. til tryggingar gjaldföllnum skuldum hins síðarnefnda við bankann, að upphæð 437.726.328,50 kr., auk vaxta og kostnaðar, sem nánar greindi í gerðarbeiðni. Eftir að gerðarbeiðandi hafði lagt fram tryggingu, var málið tekið fyrir í fógetarétti 30. s.m. að báðum aðilum viðstöddum.. Af hálfu gerðarþola var þá óskað eftir fresti, m.a. til að leggja fram tryggingu fyrir kyrrsetningarkröfunni skv. 13. gr.

l. nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann, og málinu frestað með samkomulagi til 1. júní sl. Við fyrirtöku málsins þann dag lagði gerðarþoli fram greinargerð, þar sem gerð var grein fyrir eignum sem tryggingu til að afstýra gerðinni. Trygging þessi var fólgin í eign gerðarþola á eigin hlutabréfum, hlutabréfaeign í öðrum hlutafélögum auk fjölda skuldabréfa og tryggingarbréfa í hans eigu. Margvíslegur ágreiningur reis um fram boðnar tryggingar, og krafðist gerðarbeiðandi þess, að þeim yrði hafnað og að gerðin næði fram að ganga.

Hinn 2. þ.m. var kveðinn upp úrskurður í fógetarétti þess efnis, að kröfu gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, að kyrrsettar verði eignir gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., var hafnað að svo stöddu.

Í forsendum úrskurðarins kemur fram, að fógeti viðurkenndi hluta fram boðinna trygginga að undangenginni virðingu þeirra.

Hinn 6. þ.m., er málið var tekið fyrir í fógetarétti, tilnefndi fógeti þá Stefán Má Stefánsson prófessor og Sigurð G. Guðjónsson hrl. virðingarmenn. Þá voru fógeta afhent gögn þau, er til virðingar kæmu, auk þess sem gerðarþoli afhenti enn frekari tryggingar í formi tryggingarbréfa. Af hálfu gerðarbeiðanda var þess krafist, að virðing færi fram hið fyrsta og sú virðing næði einnig til þeirra tryggingarbréfa, er síðast voru afhent í réttinum. Samtals námu þá fram boðnar tryggingar röskum 530.000.000,00 kr. að áætlun gerðarþola. Málinu var festað óákveðið, þar til virðingarmenn hefðu lokið störfum.

Í fógetarétti 16. þ.m. var lögð fram um beðin virðingargerð. Þar eru fram boðnar tryggingar flokkaðar í 16 tilgreinda flokka og hver flokkur virtur fyrir sig. Í niðurlagi kemur fram, að tryggingar þessar eru samtals virtar á 215.200.000,00 kr. Að beiðni gerðarbeiðanda og með samþykki gerðarþola var málinu frestað til þriðjudags 20. júní.

Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti 20. þ.m. Þá krafðist gerðarbeiðandi þess, að gerðin næði fram að ganga fyrir 222.726.328,00 kr. auk vaxta og kostnaðar skv. gerðarbeiðni, og var þar um að ræða mismun upphaflegrar kröfu skv. gerðarbeiðni og þess hluta hennar, er hann taldi sig hafa fengið tryggingu fyrir.

Af hálfu gerðarþola komu fram mótmæli gegn þeim almennu

sjónarmiðum, er fram komu í virðingargerð, að kyrrsetningarbeiðnin geti leitt til gjaldþrotaskipta á búi gerðarþola og til riftunar á þeim tryggingum, er fram voru boðnar, og því mótmælt, að þau sjónarmið væru lögð til grundvallar virðingu. Var þar einkum átt við virðingu á 28% af hlutabréfum í gerðarþola, er virt voru á 5.000.000,00 kr. sem trygging, en gerðarþoli hafði talið nafnvirði 120.000.000,00 kr. Þá voru bókaðar athugasemdir gerðarþola við virðinguna að öðru leyti. Fógeti tók ágreining þennan til úrskurðar. Úrskurður þessi, sem kveðinn var upp í réttinum, var án forsendna og er svohljóðandi:

„Tryggingar þær, sem gerðarþoli, Olíuverslun Íslands hf., hefur boðið fram og lágu til grundvallar virðingargerð, dags. 14. júní 1989, skulu metnar á 215.200.000,00 kr. sem trygging fyrir greiðslu á kröfum gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands."

Við úrskurð á þessu ágreiningsefni kom m.a. til skoðunar verðmat á 28% hlutabréfa í gerðarþola. Þar féllst fógeti á þau sjónarmið, er fram koma í virðingargerð og hafa áhrif á virðinguna, í fyrsta lagi, að rekstrar- og efnahagsreikningur félagsins fyrir árið 1988 væri óendurskoðaður, í öðru lagi, að gangverð hlutabréfanna væri ekki skráð á hlutabréfamarkaði, og í þriðja lagi, að fram komin gerðarbeiðni kynni að leiða til gjaldþrots gerðarþola. Þá taldi fógeti, að almennt yrði að fara varlega í mat á tryggingum, sem boðnar væru fram í hlutabréfum í félagi, er gerðin beindist að, í þeim tilgangi að afstýra gerðinni. Það væri tvímælalaust gerðarþola að sýna fram á, hvert verðmæti þeirra væri. Óvissa í því efni yrði ekki talin gerðarbeiðanda í óhag.

Þar sem fógeti féllst að öðru leyti á sjónarmið virðingarmanna um aðrar tryggingar, kvað hann upp úrskurð þennan, enda hefur hann um það úrskurðarvald skv. 2. mgr. 12. gr., sbr. 1. mgr. 13. gr., laga nr. 18/1949.

Að gengnum úrskurði gerði gerðarþoli kröfu til, að skilað yrði tryggingu í 28% af hlutabréfum í Olíuverslun Íslands h.f, þar sem brostnar væru forsendur fyrir að bjóða þau sem tryggingu vegna hinnar lágu virðingar. Gerðarbeiðandi mótmælti þessari kröfu. Fógeti tók ágreininginn til úrskurðar og kvað upp svohljóðandi úrskurð án forsendna:

„Kröfu gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., að tryggingum í

28% hlutafjár í Olíuverslun Íslands hf. verði skilað, er hafnað að svo stöddu.“

Til grundvallar þessum úrskurði lá það mat fógeta, að hlutabréf þessi hefðu verið boðin gerðarbeiðanda sem trygging án fyrirvara til að afstýra kyrrsetningu. Í úrskurði fógetaréttar 2. júlí sl. hefði þessi trygging verið metin gild að fenginni virðingu. Þar sem virðing hafi farið fram og gerðarbeiðandi fallist á þá tryggingu, geti gerðarþoli ekki nú tekið trygginguna til baka, enda hafði hann þá ekki komið fram með nægar tryggingar fyrir kyrrsetningarkröfunni í heild og kyrrsetning ekki farið fram í eignum gerðarþola. ...“

II.

Með dómi Hæstaréttar fyrr í dag í málinu nr. 246/1989 milli sömu aðila var fellt úr gildi mat á tryggingu sóknaraðila í hlutabréfum Olíuverslunar Íslands hf. samkvæmt 15. flokki virðingargerðar. Hér er um að ræða hlutabréf þau, sem um getur í hinum kærða úrskurði. Matið á þessum flokki hefur þannig verið niður fellt. Við þessar aðstæður er það á valdi sóknaraðila, hvort hann býður tryggingu í þessum hlutabréfum fram til mats að nýju eða heldur fast við kröfu sína um afhendingu þeirra. Þegar af þessum ástæðum ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt er, að hvor aðila beri sinn kostnað af málskoti þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málskoti þessu.

Mánudaginn 3. júlí 1989.

Nr. 250/1989. **Olíuverslun Íslands hf.**

gegn

Landsbanka Íslands.

Kærumál. Kyrrsetning. Trygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. f.m. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðinn sama dag. Úrskurðurinn er án forsendna skv. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, en úrskurðarorð er svohljóðandi: „Kröfu gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., að leggja fram sem tryggingu fyrir kröfu gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, samtals 69 tryggingarbréf, út gefin af gerðarþola, með veði í eignum félagsins, svo og bankabók nr. 173198, sagða eign gerðarþola, er hafnað."

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir fógeta að taka til greina þá kröfu hans að leggja fram sem tryggingu fyrir kröfu varnaraðila samtals 69 tryggingarbréf, út gefin af sóknaraðila, með veði í eigum hans, svo og bankabók nr. 173198. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og áskilur sér rétt til að hafa uppi kröfu um málskostnað vegna máls þessa í væntanlegu staðfestingarmáli.

I.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti, sem kvað upp hinn kærða úrskurð, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Gerir hann þar grein fyrir rekstri málsins og segir svo:

„Með beiðni, dags. 29. maí sl., krafðist Landsbanki Íslands kyrrsetningar á eignum Olíuverslunar Íslands hf. til tryggingar gjaldföllnum skuldum hins síðarnefnda við bankann, að upphæð 437.726.328,50 kr., auk vaxta og kostnaðar, sem nánar greindi í gerðarbeiðni. Eftir að gerðarbeiðandi hafði lagt fram tryggingu, var málið tekið fyrir í fógetarétti 30. s.m. að báðum aðilum viðstöddum. Af hálfu gerðarþola var þá óskað eftir fresti, m.a. til að leggja

fram tryggingu fyrir kyrrsetningarkröfunni skv. 13. gr. l. nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann, og málinu frestað með samkomulagi til 1. júní sl. Við fyrirtöku málsins þann dag lagði gerðarþoli fram greinargerð, þar sem gerð var grein fyrir eignum sem tryggingu til að afstýra gerðinni. Trygging þessi var fólgin í eign gerðarþola á eigin hlutabréfum, hlutabréfaeign í öðrum hlutafélögum auk fjölda skuldabréfa og tryggingarbréfa í hans eigu. Margvíslegur ágreiningur reis um fram boðnar tryggingar, og krafðist gerðarbeiðandi þess, að þeim yrði hafnað og að gerðin næði fram að ganga.

Hinn 2. þ.m var kveðinn upp úrskurður í fógetarétti þess efnis, að kröfu gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, að kyrrsettar yrðu eignir gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., var hafnað að svo stöddu.

Í forsendum úrskurðarins kemur fram, að fógeti viðurkenndi hluta fram boðinna trygginga að undangenginni virðingu þeirra.

Hinn 6. þ.m., er málið var tekið fyrir í fógetarétti, tilnefndi fógeti þá Stefán Má Stefánsson prófessor og Sigurð G. Guðjónsson hrl. virðingarmenn. Þá voru fógeta afhent gögn þau, er til virðingar kæmu, auk þess sem gerðarþoli afhenti enn frekari tryggingar í formi tryggingarbréfa. Af hálfu gerðarbeiðanda var þess krafist, að virðing færi fram hið fyrsta og sú virðing næði einnig til þeirra tryggingarbréfa, er síðast voru afhent í réttinum. Samtals námu þá fram boðnar tryggingar röskum 530.000.000,00 kr. að áætlun gerðarþola. Málinu var frestað óákveðið, þar til virðingarmenn hefðu lokið störfum.

Í fógetarétti 16. þ.m. var lögð fram um beðin virðingargerð. Þar eru fram boðnar tryggingar flokkaðar í 16 tilgreinda flokka og hver flokkur virtur fyrir sig. Í niðurlagi kemur fram, að tryggingar þessar eru samtals virtar á 215.200.000,00. kr. Að beiðni gerðarbeiðanda og með samþykki gerðarþola var málinu frestað til þriðjudags 20. júní.

Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti 20. þ.m. Þá krafðist gerðarbeiðandi þess, að gerðin næði fram að ganga fyrir 222.726.328,00 kr. auk vaxta og kostnaðar skv. gerðarbeiðni, og var þar um að ræða mismun upphaflegrar kröfu skv. gerðarbeiðni og þess hluta hennar, er hann taldi sig hafa fengið tryggingu fyrir.

Af hálfu gerðarþola komu fram mótmæli gegn þeim almennu sjónarmiðum, er fram komu í virðingargerð, að kyrrsetningarbeiðnin geti leitt til gjaldþrotaskipta á búi gerðarþola og til riftunar á þeim tryggingum, er fram voru boðnar, og því mótmælt, að þau sjónarmið væru lögð til grundvallar virðingu. Var þar einkum átt við virðingu á 28% af hlutabréfum í gerðarþola, er virt voru á 5.000.000,00 kr. sem trygging, en gerðarþoli hafði talið nafnvirði 120.000.000,00 kr. Þá voru bókaðar athugasemdir gerðarþola við virðinguna að öðru leyti. Fógeti tók ágreining þennan til úrskurðar. Úrskurður þessi, sem kveðinn var upp í réttinum, var án forsendna og er svohljóðandi:

„Tryggingar þær, sem gerðarþoli, Olíuverslun Íslands hf., hefur boðið fram og lágu til grundvallar virðingargerð, dags. 14. júní 1989, skulu metnar á 215.200.000,00 kr. sem trygging fyrir greiðslu á kröfum gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands."

Við úrskurð á þessu ágreiningsefni kom m.a. til skoðunar verðmat á 28% hlutabréfa í gerðarþola. Þar féllst fógeti á þau sjónarmið, er fram koma í virðingargerð og hafa áhrif á virðinguna, í fyrsta lagi, að rekstrar- og efnahagsreikningur félagsins fyrir árið 1988 væri óendurskoðaður, í öðru lagi, að gangverð hlutabréfanna væri ekki skráð á hlutabréfamarkaði, og í þriðja lagi, að fram komin gerðarbeiðni kynni að leiða til gjaldþrots gerðarþola. Þá taldi fógeti, að almennt yrði að fara varlega í mat á tryggingum, sem boðnar væru fram í hlutabréfum í félagi, er gerðin beindist að, í þeim tilgangi að afstýra gerðinni. Það væri tvímælalaust gerðarþola að sýna fram á, hvert verðmæti þeirra væri. Óvissa í því efni yrði ekki talin gerðarbeiðanda í óhag.

Þar sem fógeti féllst að öðru leyti á sjónarmið virðingarmanna um aðrar tryggingar, kvað hann upp úrskurð þennan, enda hefur hann um það úrskurðarvald skv. 2. mgr. 12. gr., sbr. 1. mgr. 13. gr., laga nr. 18/1949.

Að gengnum úrskurði gerði gerðarþoli kröfu til, að skilað yrði tryggingu í 28% af hlutabréfum í Olíuverslun Íslands hf., þar sem brostnar væru forsendur fyrir að bjóða þau sem tryggingu vegna hinnar lágu virðingar. Gerðarbeiðandi mótmælti þessari kröfu. Fógeti tók ágreininginn til úrskurðar og kvað upp svohljóðandi úrskurð án forsendna:

„Kröfu gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., að tryggingum í 28% hlutafjár í Olíuverslun Íslands hf. verði skilað, er hafnað að svo stöddu.“

Til grundvallar þessum úrskurði lá það mat fógeta, að hlutabréf þessi hefðu verið boðin gerðarbeiðanda sem trygging án fyrirvara til að afstýra kyrrsetningu. Í úrskurði fógetaréttar 2. júlí sl. hefði þessi trygging verið metin gild að fenginni virðingu. Þar sem virðing hafi farið fram og gerðarbeiðandi fallist á þá tryggingu, geti gerðarþoli ekki nú tekið trygginguna til baka, enda hafði hann þá ekki komið fram með nægar tryggingar fyrir kyrrsetningarkröfunni í heild og kyrrsetning ekki farið fram í eignum gerðarþola.

Að þessum úrskurði gengnum kvaðst gerðarþoli kæra báða úrskurðina til Hæstaréttar Íslands. Fógeti ákvað engu að síður eftir kröfu gerðarbeiðanda að fram halda gerðinni með heimild í 4. mgr. (sic) 25. gr. l. nr. 18/1949.

Af hálfu gerðarþola var þá óskað að leggja fram frekari tryggingar til að afstýra kyrrsetningu. Afhenti hann í réttinum 15 tryggingarbréf, út gefin af Olíuverslun Íslands hf., með veði í fasteignum félagsins, samtals að nafnvirði 128.900.000,00 kr., auk 54 tryggingarbréfa, út gefinna af sama, með veði í skráningarskyldum ökutækjum, samtals að nafnvirði 110.500.000,00 kr. Þá krafðist gerðarþoli, að tryggingarbréf, er áður höfðu verið boðin fram sem trygging og virðingarmenn ekki virt (tryggingarbréf í 16. flokki virðingargerðar), yrðu talin tryggingarhæf. Enn fremur var gerð krafa um, að bankabók nr. 173198 með inneign 12.700.000,00 kr. í vörslum gerðarbeiðanda, en talin eign gerðarþola, yrði metin sem trygging í þessu sambandi. Af hálfu gerðarbeiðanda var mótmælt fram boðnum tryggingum, þar sem aðeins eitt tryggingarbréfanna væri þinglesið, ekki lægju fyrir upplýsingar um verðmæti eigna né kvaðir, auk þess sem tryggingarbréf í lausafé væru aðeins út gefin af einum aðila. Þá var því mótmælt, að bankabók nr. 173198 væri eign gerðarþola. Fógeti tók ágreining þennan til úrskurðar og kvað upp svohljóðandi úrskurð án forsendna:

„Kröfu gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., að leggja fram sem tryggingu fyrir kröfu gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, samtals 69 tryggingarbréf, út gefin af gerðarþola, með veði í eignum félagsins svo og bankabók nr. 173198, sagða eign gerðarþola, er hafnað.“

Af hálfu gerðarþola var úrskurður þessi einnig kærður til Hæstaréttar Íslands.

Með úrskurði þessum féllst fógeti á þau sjónarmið gerðarbeiðanda, að tryggingarbréfin fullnægðu ekki réttum formskilyrðum til að teljast tryggingarhæf. Þar fyrir utan taldi fógeti, að slík tryggingarbréf með veði í eignum skuldara væru ekki almennt hæf sem trygging til að afstýra kyrrsetningu. Hins vegar var litið svo á, að eignir þær, sem settar voru að veði skv. þessum tryggingarbréfum, kynnu að koma til skoðunar við framkvæmd kyrrsetningar, ef úr yrði. Hvað varðaði bankabók nr. 173198, taldi fógeti, að gerðarþola bæri að greiða kröfuna með inneign á nefndri bók, ef eignarréttur að henni væri óumdeildur.“

II.

Kyrrsetning fjármuna fer fram til að tryggja gerðarbeiðanda andlag aðfarar fyrir kröfu, sem er ekki enn aðfararhæf. Geti gerðarþoli bent á tryggingu fyrir kröfu gerðarbeiðanda, er kyrrsetning óþörf. Lög nr. 18/1949 banna ekki gerðarþola að leggja fram veð í eignum sínum til tryggingar, svo að kyrrsetningu verði afstýrt. Hvergi er þess getið, að veðbréfi þurfi að vera þinglýst, þegar það er boðið fram sem trygging.

Í 15. gr. laga nr. 18/1949 segir: „Gerðarþola er rétt og skylt að boði fógeta að benda á fjármuni til kyrrsetningar, enda skal fara að óskum hans um það, hvað kyrrsetja skuli, gerðarbeiðanda að meinalausu. ...“ Sömu sjónarmið hljóta að gilda um fram boðnar tryggingar.

Fallast ber á það með gerðarbeiðanda, að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar um verðmæti eigna né kvaða, til þess að bréfin geti talist tryggingarhæf. Þá skortir á um útgáfu fram lagðra tryggingarbréfa í lausafé. Meðan sóknaraðili bætir ekki úr því, sem á skortir um tryggingarhæfni bréfanna, ber fógeta að hafna fram boðnum tryggingum. Þá skortir enn nægar upplýsingar um bankabók nr. 173198, svo að hún verði talin tryggingarhæf. Gerðarþoli bauð að nýju fram tryggingarbréf samkvæmt 16. flokki virðingargerðar. Í dómi í máli nr. 246/1989 milli sömu aðila er komist að þeirri niðurstöðu, að fógeti hafi ekki enn lagt úrskurð á tryggingarhæfni þeirra bréfa. Ekki verður litið svo á, að hann geri það heldur með þessum

úrskurði. Með hliðsjón af 15. gr. laga nr. 18/1949 bar fógeta að inna sóknaraðila eftir skýringum á fram boðnum tryggingum, og var rétt að gefa honum skamman frest til skýringa og lagfæringa á fram lögðum skjölum, áður en hann kvað upp úrskurð sinn. Rétt er því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og líta svo á, að sóknaraðili eigi þess enn kost að lagfæra tryggingarbréfin, áður en fógeti tekur ákvörðun að nýju.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 6. júlí 1989.

Nr. 264/1989. **Olíuverslun Íslands hf.**
gegn
Landsbanka Íslands.

Kærumál. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. júní sl. skv. heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðinn sama dag. Úrskurðurinn er án forsendna, sbr. 2.mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, en úrskurðarorð er svohljóðandi: „Fallist er á með gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, að gerðarþola, Olíuverslun Íslands hf., sé skylt að segja til um lausafé til kyrrsetningar, áður en til kyrrsetningar kemur á fasteignum þeim, er hann hefur bent á.

Fallist er á með gerðarbeiðanda, að kyrrsetning skuli eigi fara fram að svo stöddu í þeim eignum gerðarþola, er hann hefur bent á utan umdæmis réttarins."

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðili greiði sér málskostnað auk 12% sölugjalds til ríkissjóðs.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og áskilur sér rétt til að hafa uppi kröfu um málskostnað í eftirfarandi staðfestingarmáli.

I.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti, sem kvað upp hinn kærða úrskurð, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar og vísað til 27. gr. laga nr. 75/1973. Sjá hér einnig 2. mgr. 190. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 23. gr. l. nr. 54/1988. Hljóða athugasemdirnar svo:

„Með beiðni, dags. 29. maí sl., krafðist Landsbanki Íslands kyrrsetningar á eignum Olíuverslunar Íslands hf. til tryggingar gjaldföllnum skuldum hins síðarnefnda við bankann, að upphæð

437.726.328,50 krónur. Gerðarþoli bauð fram tryggingar til að afstýra gerðinni, og hefur málið verið rekið reglulega fyrir fógetarétti frá þeim tíma, þar sem tekinn hefur verið fyrir ágreiningur aðila og úrskurðað um hann.

Hinn 21. júní sl. var kveðinn upp úrskurður í málinu, þar sem tekin var til greina krafa gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, um kyrrsetningu í eignum gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., til tryggingar skuld, að fjárhæð 222.726.328,00 kr., auk vaxta, er nánar voru tilgreindir, og kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál.

Í framhaldi af þeim úrskurði lagði gerðarþoli fram í réttinum lista yfir lausafé svo og fasteignir í sinni eigu til kyrrsetningar, samtals að verðmæti 836.235.000,00 kr., að mati gerðarþola. Fasteignir þessar voru að mestu utan umdæmis réttarins. Þess var óskað, að þar sem fram boðnar eignir væru langt umfram kröfu gerðarbeiðanda, færi virðing þeirra ekki fram vegna kostnaðar, er af því leiddi.

Af hálfu gerðarbeiðanda var þess krafist, að gerðarþoli benti á lausafé, áður en kyrrsettar yrðu fasteignir gerðarþola, og vísaði hann til 2. mgr. 24. gr. l. nr. 19/1887, um aðför, kröfum sínum til stuðnings. Þá var þess krafist, að bent yrði á eignir, sem væru aðgengilegri og innan lögsagnarumdæmis réttarins. Að öðrum kosti krafðist hann úrskurðar réttarins um fram boðna fjármuni til kyrrsetningar og krafðist virðingar á þeim.

Af hálfu gerðarþola var því mótmælt, að reglur 24. gr. aðfararlaga um rétt dómhafa til að ganga að lausfé umfram fasteignir gætu átt við um kyrrsetningu, þar sem ekki væri um fullnustugerð að ræða. Taldi hann rétt gerðarþola skýlausan skv. 15. gr. l. nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann, til að benda á þá fjármuni til kyrrsetningar, er tryggja myndu hugsanlegar kröfur gerðarbeiðanda að því marki, er gerðarþoli teldi sér hagstætt.

Í fógetarétti 27. þ.m. var kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

„Fallist er á með gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, að gerðarþola, Olíuverslun Íslands hf., sé skylt að segja til um lausafé til kyrrsetningar, áður en til kyrrsetningar kemur á fasteignum þeim, er gerðarþoli hefur bent á.

Fallist er á með gerðarbeiðanda, að kyrrsetning skuli eigi fara fram að svo stöddu í þeim eignum gerðarþola, er hann hefur bent á utan umdæmis réttarins."

Úrskurður þessi var í réttinum kærður til Hæstaréttar Íslands.

Við úrlausn þessa ágreiningsefnis koma til skoðunar ákvæði um rétt gerðarþola og skyldu skv. 15. gr. laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann, til að benda á eignir til kyrrsetningar.

Í 1. mgr. 15. gr. laganna segir, að gerðarþola sé rétt og skylt að boði fógeta að benda á fjármuni til kyrrsetningar, enda skuli fara að óskum hans um það, hvað kyrrsetja skuli, gerðarbeiðanda að meinalausu. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram, að réttur gerðarþola til að taka frá tiltekna muni og verðmæti að tilteknu marki skuli fara eftir aðfararlögum, enda skuli eigi kyrrsettir munir þeir, er bannað sé að taka fjárnámi.

Markmið kyrrsetningar er að tryggja, að sú eign skuldara, sem kyrrsett er, sé tiltæk, þegar lánardrottinn hefur öðlast aðfararhæfan dóm fyrir kröfu sinni og getur gert aðför samkvæmt honum. Það leiðir af eðli gerðarinnar, að gerðarbeiðandi, sem fengið hefur eignir gerðarþola kyrrsettar, geti tryggt rétt sinn með þeim hætti, að hann þurfi ekki síðar að gera aðför í öðrum eignum en kyrrsettar voru.

Ákvæði 15. gr. um rétt og skyldu gerðarþola til að benda á eignir til kyrrsetningar verða því ekki skilin á annan veg en þann, að gerðarbeiðandi þurfi ekki að ganga að öðrum eignum til kyrrsetningar en hann þyrfti við aðför skv. texta laganna „gerðarbeiðanda að meinalausu". Ekki verður séð, að það hafi verið ætlun löggjafans að veita gerðarþola ríkari rétt í þessu efni við kyrrsetningu en við aðför. Samkvæmt þessu verður að telja, að ákvæði um rétt og skyldur gerðarþola til að benda á eignir til kyrrsetningar séu hin sömu skv. 15. gr. kyrrsetningarlaga og fram koma í 24. gr. aðfararlaga.

Það er meginregla, að löghaldsgerðir skuli hafa skjótan framgang. Í máli þessu benti gerðarþoli á eignir víðs vegar um land til kyrrsetningar. Ef fallist er á rétt gerðarþola til þessarar ábendingar, þarf að taka gerðina upp í mörgum lögsagnarumdæmum, til að henni verði lokið. Þinglýsing kyrrsetningargerðar, virðing þeirra eigna og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi, myndi tefja mjög mála-

rekstur gerðarbeiðanda. Það er skilningur réttarins, að það sé gerðarbeiðanda ekki „að meinalausu“, að gerðarþoli bendi á eignir utan umdæmis réttarins, þegar hann getur bent á eignir innan þess. Ekki var talin þörf á að úrskurða um, að virðing skuli fara fram, sbr. 2. mgr. 12. gr. l. nr. 18/1949.“

II.

Með dómum Hæstaréttar í málunum nr. 246, 249 og 250/1989, sem kveðnir voru upp 3. þ.m., voru felldir úr gildi, ýmist að nokkru eða öllu leyti, þrír úrskurðir fógetaréttar Reykjavíkur, sem kveðnir voru upp 20. f.m., varðandi fram boðnar tryggingar af hálfu sóknaraðila vegna kyrrsetningarbeiðni varnaraðila. Samkvæmt dómum þessum kemur nú til athugunar, hvort sóknaraðili býður enn fram ofangreindar tryggingar, og ef svo fer, liggur fyrir fógeta að taka afstöðu til þeirra og hugsanlega að fá þær metnar.

Með hliðsjón af framansögðu þykir ekki tímabært að dæma um álitaefni það, sem hér er til meðferðar, og ber því að svo stöddu að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Hvor aðili skal bera kostnað sinn af máli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 6. júlí 1989.

Nr. 266/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðna Elíassyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur hinn 30. júní 1989 samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, kært til Hæstaréttar gæsluvarðhaldsúrskurð sakadóms Reykjavíkur sama dag. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. júní 1989.

Ár 1989, föstudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í dag var kveðinn upp dómur í máli ákæruvaldsins gegn Guðna Elíassyni, Nóatúni 30 hér í borg, fæddum 30. janúar 1961. Var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa með ofbeldi þröngvað X, fæddri ....., til holdlegs samræðis við sig að ..... hér í borg aðfaranótt 9. apríl sl. og brotið talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Er dómþola var birtur dómurinn í dag, lýsti hann yfir því, að hann óskaði áfrýjunar.

Dómþoli hefur sætt gæsluvarðhaldi óslitið síðan 9. apríl sl.

Af hálfu ríkissaksóknara er gerð krafa til þess, að dómþoli sæti gæsluvarðhaldi áfram til uppkvaðningar endanlegs dóms í málinu, en þó eigi lengur en til 1. mars 1990 kl. 17.00, og vísar hann til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 í því sambandi.

Dómþoli hefur mótmælt kröfunni, þ.m.t. tímalengd hennar.

Með hliðsjón af framangreindum dómi og vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu ríkissaksóknara til greina, en þó þannig, að dómþoli sæti gæsluvarðhaldi eigi lengur en til miðvikudags 3. janúar 1990 kl. 17.00.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald Guðna Elíassonar framlengist til uppkvaðningar hæstaréttardóms í máli þessu, en þó eigi lengur en til miðvikudags 3. janúar 1990 kl. 17.00.

Fimmtudaginn 6. júlí 1989.

Nr.229/1989. **G. Þorsteinsson & Johnson hf.**

gegn

Hafsteini Hafsteinssyni hrl. f.h.
Kovo Foreign Trade Corp.,
Ingileifi Einarssyni og
Magnúsi Einarssyni.

Kærumál. Þóknun virðingarmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Mánudaginn 22. maí 1989 var í fógetarétti Reykjavíkur af fulltrúa yfirborgarfógeta, Júlíusi Guðmundssyni, kveðinn upp úrskurður án forsendna í málinu nr. A-6233-5/1988: Hafsteinn Hafsteinsson hrl. f.h. Kovo Foreign Trade Corp. gegn G. Þorsteinssyni & Johnson hf., og er hann svohljóðandi:

Úrskurður:

Þóknun til Ingileifs Einarssonar og Magnúsar Einarssonar, löggiltra fasteignasala, vegna virðingargerðar á eignarhluta G. Þorsteinssonar og Johnsons hf. í Ármúla 1 telst hæfileg samtals 60.000,00 krónur.

Með heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, hefur sóknaraðili skotið úrskurði þessum til Hæstaréttar með kæru 25. maí 1989, sem barst Hæstarétti 14. júní 1989. Í greinargerð 16. júní 1989 gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að þóknun virðingarmannanna verði einungis ákveðin 5.000,00 krónur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Hafsteini Hafsteinssyni hæstaréttarlögmanni hefur verið tilkynnt um kærumál þetta. Frá honum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Varnaraðilar, Ingileifur Einarsson og Magnús Einarsson, hafa skilað greinargerð, sem dagsett er 6. júlí 1989. Verður að skilja hana á þann veg, að þeir krefjist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

I.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti eftirfarandi athugasemdir, sem líta má á sem forsendur og rökstuddar ástæður hans samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988 og 238. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 27. gr. laga nr. 54/1988:

„1.

Með fjárnámsbeiðni, dagsettri 14. nóvember 1988, fór Hafsteinn Hafsteinsson hrl. þess á leit f.h. Kovo Foreign Trade Corp., að gert yrði fjárnám í eignum G. Þorsteinssonar og Johnsons hf., Garðars Þorsteinssonar og Þorsteins Garðarssonar til tryggingar skuld samkvæmt aðfararhæfum dómi bæjarþings Reykjavíkur í bæjarþingsmálinu nr. 5694/1988, að fjárhæð 53.518,63 Bandaríkjadölum, með 14,4% ársvöxtum frá 14. júlí 1988 til 1. september 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk áfallins og áfallandi kostnaðar.

2.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 5. desember 1988.

Málinu var síðan frestað nokkrum sinnum, m.a. til að gefa gerðarþola kost á að leggja fram yfirlit yfir eignir. Slíkt yfirlit var aldrei lagt fram, og þegar málið var tekið fyrir 24. febrúar sl., benti Kári Einarsson f.h. G. Þorsteinssonar og Johnsons hf. á eignarhluta gerðarþola í Ármúla 1 til fjárnáms. Af hálfu gerðarbeiðanda var ábendingunni mótmælt á þeim forsendum, að eignin væri þegar yfirveðsett, og óskaði hann eftir, að fram færi virðing á því, hvort umræddur eignarhluti gerðarþola í Ármúla 1 væri fullnægjandi andlag gerðarinnar.

Ljóst var þegar í upphafi, að hér yrði um yfirgripsmikla og flókna virðingu að ræða, og ákvað því fógeti að höfðu samráði við aðila utan réttar að fá til þess tvo sérfróða menn. Voru þeir Ingileifur Einarsson og Magnús Einarsson, löggiltir fasteignasalar, kvaddir til að virða eignarhluta gerðarþola í Ármúla 1.

Í þinghaldi 28. mars sl. voru sömu aðilar sem fyrr. Fyrir það þinghald var aðilum gert ljóst, að umrædd virðing lægi fyrir og væri

gerð krafa af hálfu virðingarmanna að fá greiddar samtals 60.000,00 kr. fyrir virðinguna. Kári Einarsson lýsti yfir í því þinghaldi, að hann myndi leysa til sín virðingargerðina fyrir þá upphæð.

Þá er málið var tekið fyrir 4. apríl sl., var með Kára Einarssyni Haraldur Blöndal hrl., sem mótmælti þóknun til virðingarmanna sem of hárri og óskaði eftir úrskurði fógeta þar um.

Úrskurður var síðan kveðinn upp 22. maí sl. Við ákvörðun fógeta var tekið mið af því, að hér er um að ræða mikið húsnæði, 710,76 fm, sem skiptist í steinsteypt verslunar-, skrifstofu- og lagerhúsnæði. Fasteignamat eignarinnar er 53.504.373,00 kr. og brunabótamat 95.331.951,00 kr. Þá munu áhvílandi veðskuldir á eignarhlutanum vera um 67.000.000,00 kr. Með hliðsjón af þessu var þóknun til virðingarmanna talin hæfilega ákveðin samtals 60.000,00 kr.“

II.

Sóknaraðili heldur því fram, að þóknun sú, er virðingarmenn hafi áskilið sér, sé í engu samræmi við verðmæti þeirrar vinnu, er þeir lögðu fram. Þá tekur lögmaður sóknaraðila fram: „Samkvæmt eigin yfirlýsingu er virðingin framkvæmd 17. mars 1989 og virðingargerðin rituð sama dag. Áskilja virðingarmenn sér því 30.000 krónur hvor í daglaun. Af virðingargerð sést, að virðingin var einföld, enda um að ræða verslunarhúsnæði í Reykjavík, þar sem auðveldast er að gera sér grein fyrir verðmæti húseigna. Húsnæðið er venjulegt verslunarhúsnæði, og virðingarmenn líta ekki til annars en þess, sem venjulegur glöggur kaupandi myndi gera, ef hann gengi um eignina í þeim tilgangi að kaupa hana.“

III.

Virðingarmenn taka fram í greinargerð sinni, að mat á verslunarhúsnæði geti verið sérstaklega vandasamt, „þar sem taka þarf tillit til staðsetningar, viðskiptavildar, aðkomu og fleiri þátta, sem varði verðmatið og geti haft gífurleg áhrif á söluverð. Þá er rétt að benda á, að matshlutinn skiptist í iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem allt þarf að meta sérstaklega og er ekki á færi leikmanns að meta.“

IV.

Álitsgerð virðingarmanna er allrækileg. Í inngangi er tekið fram, að verðmatið sé framkvæmt af virðingarmönnum „hinn 17.3. 1989 og byggir á skoðun á eigninni". Að loknum inngangi skiptist álitsgerðin í sex kafla, sem bera yfirskriftina: A. Ástand, B. Skipulag, C. Staðsetning, D. Byggingaréttur, E. Helstu forsendur og F. Verð og kjör.

Þegar tekið er tillit til þessa, verðmætis eignarhlutans og þess, að virðingin var framkvæmd af sérfróðum mönnum, þykir eiga að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Fimmtudaginn 6. júlí 1989.

Nr. 268/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Páli Konráði Konráðssyni Þormar.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. júlí 1989, sem barst Hæstarétti 5. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. júlí 1989.

Ár 1989, mánudaginn 3. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Páli Konráði Konráðssyni Þormar, Grettisgötu 43, Reykjavík, kt. 020753-5879, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 14. júlí nk. kl. 17.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 1. júlí sl. kl. 12.08 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning þess efnis, að maður nokkur lægi meðvitundarlaus í íbúð að Skriðustekk 19, Reykjavík. Fóru lögreglumenn á vettvang ásamt sjúkraliði, og voru þegar hafnar lífgunartilraunir á manninum, Sighvati Andréssyni, kt. 270349-6689, en þær báru ekki árangur, og var maðurinn úrskurðaður látinn um kl. 13.00.

Hinn látni gat ekki greint frá því, hvað hefði komið fyrir sig, en skv. upplýsingum foreldra hans, sem búa að Skriðustekk 19, fór hinn látni út fimmtudagskvöldið 29. júní með kunningja sínum, Vilmundi Vilmundarsyni, og kom síðan ölvaður heim að morgni föstudagsins og kvartaði þá undan miklum verkjum í maga, eftir að hann hafði lent í ryskingum.

Í bráðabirgðaáliti réttarlæknis, sem krufði líkið, kemur fram, að hinn látni hafi þjáðst af bráðri lífhimnubólgu og undirliggjandi (sic) orsök hennar verið rifnun þvagblöðru.

Fljótlega vaknaði sá grunur, að kærði hefði veitt hinum látna þá áverka, sem síðar drógu hann til dauða, og hefur kærði við yfirheyrslur viðurkennt að hafa lent í átökum við hinn látna á heimili hins fyrrnefnda aðfaranótt föstudags 30. júní sl. Kærði hefur borið fyrir dómi, að hinn látni hafi fyrirvaralaust og án sýnilegrar ástæðu slegið kærða högg á hnakkann með þeim afleiðingum, að hann féll á gólfið í íbúð sinni, og því næst hafi hinn látni stokkið á kærða, sem hafi varið sig og slegið hinn látna eitt högg á kjálkann. Kærði hefur og borið, að hann hafi síðan staðið upp og sparkað einu sinni í afturenda hins látna, þar sem hann lá á gólfinu.

Kærði hefur hins vegar ekki viljað kannast við það að hafa gert neitt meira á hlut hins látna, þrátt fyrir það að honum hafi verið kynntur framburður vitna hjá lögreglu um hið gagnstæða. Hefur og komið fram ósamræmi í framburði kærða og vitna um fleiri atriði, þ. á m. aðdraganda að framangreindum átökum.

Brot það, sem kærði er undir rökstuddum grun um að hafa framið, getur varðað fangelsisrefsingu skv. 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að rannsókn þessa máls er á frumstigi, og þykir veruleg hætta á því, að kærði hafi áhrif á vitni og nái að spilla sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi. Þykir því rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 14. júlí nk. kl. 17.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 14. júlí nk. kl. 17.00.

Mánudaginn 10. júlí 1989.

Nr. 368/1988. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Pétri Ingólfssyni
(Jón Bjarnason hrl.).

Skilasvik. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. október 1988 að ósk ákærða, en jafnframt var málinu áfrýjað „af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingar". Við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi var þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur, þó þannig, að refsing yrði þyngd. Jafnframt var því lýst yfir, að fallist væri á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað væri, að ákærði hefði skotið undan fé.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, var ákærði kaupmaður og hafði rekið fataverslun um nokkurt skeið. Var verslunin í fyrstu í einkaeign hans, en var sögð rekin af sameignarfélagi hans og dóttur hans frá 1. janúar 1983 til 1. janúar 1984. Samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingablaði 1984, nr. 100, sem út kom 4. desember, var hlutafélagið Pétur Ingólfsson stofnað 2. janúar 1984. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri var ákærði. Tilgangur félagsins var m.a. sá að reka smásölu. Ekki eru gögn um, hvort og hvenær hlutafélagið tók við rekstri verslunarinnar, en tilkynnt var 31. október 1984, að áðurgreint sameignarfélag hefði hætt starfsemi um áramótin næstu á undan. Undirskrift ákærða á skjölum varðandi verslunina og hann sjálfan var með ýmsu móti árið 1984, en ekki er fram komið, að aðrir hafi á þeim tíma undirritað skjöl varðandi verslunarreksturinn. Ber ákærði refsiábyrgð á þeim fjármálaráðstöfunum, sem mál þetta snýst um.

Bókhald Péturs Ingólfssonar sf. fyrir 1983 var ófullkomið. Fyrir liggja reikningar, dagsettir í október 1984, og segir löggiltur endur-

skoðandi, er reikningana samdi, að það hafi hann gert eftir fram lögðum gögnum og upplýsingum ákærða, en ekki framkvæmt endurskoðun. Eftir reikningum þessum var rekstrartap 1983 250.838,00 krónur, en eignir umfram skuldir í árslok 109.162,00 krónur. Ekki liggur fyrir bókhald um verslunarreksturinn árið 1984, en ákærði skilaði söluskattsskýrslum fyrir fyrstu 9 mánuði ársins. Þær eru undirritaðar af honum „pr. pr. Pétur Ingólfsson sf.". Söluskatturinn var ekki greiddur.

Fram er komið, að rekstur verslunarinnar gekk illa 1984. Segir ákærði sjálfur, að lánardrottnar hafi gengið hart að sér. Hann hafði selt íbúð sína um vorið, en um haustið urðu þeir atburðir, sem mál þetta snýst um. Ákærði seldi 26. september eignarhluta sinn í Bústað sf. og ráðstafaði andvirðinu til að greiða skuldir. Hinn 17. nóvember var verslunin seld og andvirðið einnig notað til greiðslu skulda. Ákærði fór úr landi 7. desember. Hinn 7. mars 1985 var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Lýsti hann yfir því fyrir skiptarétti, að hann ætti ekki lengur neinar eignir. Lýstar kröfur í búið námu 5.044.750,93 krónum. Skiptaréttur hefur ekki tekið afstöðu nema til einnar kröfu, sem lýst var, og af hálfu ákærða er því haldið fram, að skuldir sínar hafi í raun ekki verið miklar. Ljóst er, að þær voru verulegar, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, en ekki er þörf á því, eins og mál þetta liggur fyrir, að taka með öðrum hætti afstöðu til þess, hve háar þær voru.

Kröfur þær, sem ákærði greiddi síðustu mánuði ársins 1984, voru flestar gjaldfallnar, en glöggar upplýsingar eru ekki um það atriði.

Eftir 26. september 1984 hlaut ákærði að sjá fram á, að hann gæti ekki staðið í skilum við alla lánardrottna sína. Kröfur þær, sem hann greiddi eftir þetta, voru, eins og á stóð, tiltölulega háar, og skiptir þá eigi máli, hvort þær voru gjaldfallnar eða ekki. Greiðslurnar leiddu til skerðingar á rétti sumra kröfuhafa, og hlaut ákærða að vera ljóst, að svo myndi verða. Hefur ákærði brotið gegn 250. gr., 1. mgr. 4. tl., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Refsiákvörðun héraðsdóms ber að staðfesta, þó þannig, að rétt er að skilorðsbinda refsinguna, svo sem í dómsorði segir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Ingólfsson, sæti fangelsi sex mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. júní 1988.

Ár 1988, föstudaginn 24. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 362/1988: Ákæruvaldið gegn Pétri Ingólfssyni, sem dómtekið var 10. júní sl. Málið hafði upphaflega verið dómtekið 18. mars sl., en var síðan endurupptekið og dómtekið að nýju, svo sem áður sagði.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 15. maí 1986, á hendur Pétri Ingólfssyni, nú til heimilis að Hraunbæ 96 í Reykjavík, fæddum 6. október 1936 í Reykjavík, „fyrir skilasvik með því að hafa síðustu mánuði fyrir gjaldþrot sitt 7. mars 1985, einkum síðustu mánuði ársins 1984, selt meginhluta eigna sinna, þ.e. eignarhluta sinn í sameignarfélaginu Bústað, Borgartúni 29, Reykjavík, og verslunina Viktoríu, Laugavegi 12, Reykjavík, og síðan ráðstafað söluandvirði eignanna á þann veg, að lánardrottnum ákærða var stórlega mismunað, einkum með greiðslu þeirra fjárskuldbindinga sinna, þar sem nánir ættingjar og vinir stóðu í ábyrgð fyrir, svo sem hér á eftir verður nánar rakið, og enn fremur með undanskoti á hluta þessara fjármuna, allt með þeim afleiðingum, að skiptameðferð á búinu leiddi í ljós, að búið var með öllu eignalaust, en lýstar kröfur í það námu samtals 5.044.750,93 kr.:

I.	26. september 1984 seldur eignarhluti í Bústað sf., söluverð til ráðstöfunar	kr.	3.750.000,00
II.	17. október (svo) 1984 seld verslunin Viktoría, söluverð til ráðstöfunar	kr.	3.937.500,00
	Samtals söluverð eigna	kr.	7.687.500,00

III. Lánardrottnum mismunað með greiðslu eða viðtöku kaupanda á eftirgreindum fjárskuldbindingum ákærða:

1.	Skuld ákærða við Bústað sf. gerð upp við sölu	kr.	256.950,00
2.	Bústaður sf. tekur við kaupin á sig skuld ákærða við Lífeyrissjóð verslunarmanna	kr.	617.232,55
3.	26. september 1984 gerð upp skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson og Þorsteinn Þorvaldsson, ...	kr.	325.630,17
4.	27. september 1984 gerð upp skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson og Björgúlfur Pétursson, ...	kr.	406.912,54
5.	27. september 1984 gerð upp skuld við Verslunarbanka Íslands samkvæmt þremur víxlum, ábyrgðarmaður Ingólfur Guðmundsson, ...	kr.	747.000,00
6.	2. október 1984 gerð upp víxilskuld við Iðnaðarbanka Íslands, ábyrgðarmaður Ingólfur Guðmundsson, ...	kr.	308.302,00
7.	9. október 1984 gerð upp víxilskuld við Landsbanka Íslands, ábyrgðarmaður Ingólfur Guðmundsson, ...	kr.	150.000,00
8.	20. nóvember 1984 greitt upp skuldabréf hjá Iðnaðarbanka Íslands, Hafnarfirði, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson og Ingólfur Guðmundsson, ...	kr.	66.520,90
9.	27. nóvember 1984 greidd dómskuld vegna innstæðulauss tékka, framseljendur tékkans Björgúlfur Pétursson, Lárus Lúðvíksson og Pálmi Haraldsson, ...	kr.	65.105,00
10.	Í nóvember 1984 greiddur innstæðulaus tékki í vörslum Arnolds Carls Henckells heildsala, ábyrgðarmenn Björgúlfur Pétursson og Lárus Lúðvíksson, ...	kr.	100.000,00
11.	4. desember 1984 greiddir tveir víxlar, samþykktir af Björgúlfi Péturssyni, syni ákærða, en út gefnir af Guðjóni Styrkárssyni hrl.	kr.	105.604,00
12.	6. desember 1984 greiddir Guðjóni Styrkárssyni hrl. tveir víxlar, samþykktir af Björgúlfi Péturssyni, ...	kr.	175.000,00
	og enn fremur greitt honum hinn 13., 16. og 20. nóvember inn á innstæðulausa tékka	kr.	75.000,00

13.	Í desember 1984 gerðar upp við Gunnar Axel Pálsson hrl. skuldir samkvæmt innstæðulausum tékkum	kr.	374.818,00
14.	Í desember 1984 gerð upp yfirdráttarskuld á hlr. 421 við Iðnaðarbanka Íslands, Hafnarfirði, ábyrgðarmaður Björgúlfur Pétursson, ...	kr.	606.250,00
	Samtals	kr.	4.380.325,16

IV. Óskýrður mismunur, 1.379.991,16 kr., þ.e. undanskotið fé, útleiðist með eftirgreindum hætti:

A.	Söluandvirði fyrrgreindra eigna	kr. 7.687.500,00		
B.	*Frá dregst:*			
1.	Greiddar almennar kröfur, sbr. III. kafla, ...	kr. 4.380.325,16		
2.	Greiddar löghalds- og veðkröfur	kr. 1.093.750,00		
3.	Afföll af verðbréfum	kr. 655.912,00		
4.	Greidd sölulaun	kr. 100.000,00		
5.	Greiddir ýmsir reikningar	kr. 78.004,00	kr.	6.307.991,16
	Undanskotið fé		kr.	1.379.508,84

Framanlýst ráðstöfun ákærða á söluandvirði tilgreindra eigna á þeim tíma, sem honum hlaut að vera ljóst, að fjárhagur hans stóð höllum fæti, telst varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Af hálfu ákærða er krafist sýknu og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda ákærða. Verjandi ákærða hélt því fram, að hann hefði ekki á nokkurn hátt brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga með sölu eigna sinna og greiðslu skulda. Ákærði hefði selt eignir til að greiða skuldir, en ekki fengið nægjanlega hátt verð fyrir verslunina Viktoríu miðað við það, hvað hann hefði átt að geta fengið. Þá hefði aðgangsharka kröfuhafa ráðið mikið til ferðinni, ekki síst bankanna, en ákærði hefði lagt áherslu á að greiða þeim í von um fyrirgreiðslu síðar, er svo hefði brugðist. Einnig hefði á þessum tíma verið mikil verðbólga og lánskjaravísitala hækkað ört. Þá hefði ákærði engu fé skotið undan. Það fé, sem talið er undan skotið í ákærunni, hefði gengið til að greiða mönnum, er höfðu lánað ákærða fé með háum vöxtum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann tvisvar verið sektaður fyrir umferðarlagabrot, á árunum 1961 og 1964.

Málavextir verða nú raktir samkvæmt framburði ákærða og vitna svo og eftir öðrum gögnum málsins.

I.

Um nokkurra ára skeið rak ákærði tískuverslunina Viktoríu að Laugavegi 12 hér í borg. Fyrst var þetta einkafirma ákærða, síðar sameignarfélag hans og dóttur hans, Þóru, og 2. janúar 1984 var stofnað hlutafélagið Pétur Ingólfsson. Taldi ákærði, að hlutafélagið hefði rekið verslunina, allt þar til hún var seld í nóvember 1984, svo sem síðar verður rakið.

Meðal gagna málsins er ársreikningur vegna Péturs Ingólfssonar sf. fyrir árið 1983, saminn af endurskoðunarskrifstofu Ragnars Á. Magnússonar. Þar kemur fram, að samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 1983 voru eignir félagsins samtals 895.961,00 kr., en skuldir 786.799,00 krónur. Tap á rekstrinum 1983 var 250.838,00 krónur.

Ekki liggur fyrir bókhald ársins 1984, en samkvæmt framburði ákærða gekk rekstur verslunarinnar hratt niður á við þetta ár. Samkeppni jókst, og hann kvaðst hafa tekið rangar ákvarðanir um innkaup. Einnig hefði sala farið dvínandi undanfarin ár, og á þeim tíma keypti ákærði íbúð á verðtryggðum lánum, sem hlóðu verulega utan á sig. Fram er komið í málinu, að á þessu ári greiddi hann engan söluskatt, en skilaði þó alltaf inn skýrslum. Í málinu eru til skýrslur fyrir mánuðina janúar til september, og eru þær allar undirritaðar af ákærða pr. pr. Pétur Ingólfsson sf.

Í mars 1984 seldi ákærði íbúð sína að Eiðistorgi 5. Söluverð var 2.750.000,00 krónur. Fékk ákærði í sínar hendur 1.850.000,00 kr. í peningum og víxlum og 212.614,00 kr.í skuldabréfi, en 687.186,00 kr. tók kaupandi að sér í formi áhvílandi lána. Ekki er ákært fyrir ráðstöfun þessa, og verður því ekki um hana frekar fjallað hér.

II.

Ákærði átti 12,5% í firmanu Bústað sf. Aðrir eigendur voru faðir hans og bræður. Bústaður sf. átti og rak fasteignina Borgartún 29. Hinn 26. september 1984 seldi ákærði sameigendum sínum hlut sinn í félaginu fyrir 3.750.000,00 kr. Ákærði kvað tilgang sinn með sölunni hafa verið að losa fé til að greiða skuldir. Kaupverðið var fundið með því að leggja saman brunabótamatsverð og fasteignamatsverð og deila í með tveimur. Samkvæmt félagssamningi átti ákærði ekki rétt á að fá sinn hlut greiddan út fyrr en að tveimur árum liðnum frá næstu áramótum, eftir að hann gekk úr félaginu. Hann mun hins vegar hafa sótt það fast að fá greiddan sinn hlut, og varð það úr.

Kaupverðið var greitt sem hér segir: Bústaður hélt eftir 256.950,00 kr., er ákærði skuldaði félaginu. Var þar um að ræða lán til ákærða frá því í ágúst 1984 og hlut hans í opinberum gjöldum félagsins og fleira. Hinn 5. apríl 1984 hafði ákærði flutt lán til Lífeyrissjóðs verslunarmanna af íbúðinni að Eiðistorgi 5 yfir á Borgartún 29, og sama dag flutti hann einnig lán til sama sjóðs af íbúð sonar síns að Leirutanga 49 í Mosfellssveit yfir á Borgartún 29. Við kaupin tók Bústaður sf. að sér þessar skuldir, samtals 617.232,55 kr. Kr. 325.630,17 notaði ákærði til að greiða upp skuldabréf við Verslunarbankann. Ábyrgðarmenn voru Hjörtur Ingólfsson, bróðir ákærða, og Þorsteinn Þorvaldsson, kunningi hans. Ákærði bar fyrir dómi, að Verslunarbankinn hefði verið aðalviðskiptabanki sinn, og til að liðka fyrir væntanlegri fyrirgreiðslu bankans við sig hugði hann það vera kröfu bankans, að þessi skuld yrði gerð upp. Þá var einnig gert upp skuldabréf við sama banka með 406.912,54 kr., og lágu sömu ástæður til þess og fyrr var rakið samkvæmt framburði ákærða. Ábyrgðarmenn á þessu bréfi voru Hjörtur, bróðir hans, og Björgúlfur, sonur hans. Þá voru greiddir þrír víxlar hjá Verslunarbankanum, samtals að fjárhæð 747.000,00 kr., og lágu sömu ástæður til greiðslu til þeirra og skuldabréfanna og að framan er rakið. Ábyrgðarmaður þessara víxla var bróðir ákærða, Hjörtur, en ekki faðir hans, eins og segir í ákærunni. Greiddur var 300.000,00 króna víxill við Iðanaðarbankann í Hafnarfirði með 308.302,00 kr. Ábyrgðarmaður á víxlinum var faðir ákærða, Ingólfur Guðmundsson. Ákærði kvað bankann hafa krafist þess, að víxlinum yrði breytt í skuldabréfalán, og hafi það verið gert og Borgartún 29 sett að veði fyrir láninu. Bústaður sf. hafi svo annast greiðslu bréfsins. Loks varð að samkomulagi á milli ákærða og Bústaðar sf., að félagið greiddi 150.000,00 króna víxilskuld við Landsbankann, sem faðir hans var ábyrgðarmaður að, og 66.520,90 kr., sem var skuld við Iðnaðarbankann í Hafnarfirði samkvæmt skuldabréfi, er faðir ákærða og Hjörtur, bróðir hans, voru ábyrgðarmenn á.

Auk þess, sem að framan er rakið, fékk ákæri í hendur fjögur skuldabréf, hvert að fjárhæð 220.000,00 kr., og þar með hafði Bústaður sf. gert upp við ákærða. Bréf þessi seldi ákærði á verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins, og fengust út úr þeirri sölu samtals 608.159,00 krónur.

III.

Svo sem fyrr sagði, rak ákærði tískuvöruverslunina Viktoríu hér í borg. Hana seldi hann 17. nóvember 1984, en ekki 17. október, eins og segir í ákæru, og undirritar hann kaupsamninginn f.h. Péturs Ingólfssonar hf. Kaupandi var Jónína S. Lárusdóttir. Kaupverðið var 3.937.500,00 kr., og var það að fullu greitt við undirritun samningsins. Voru 200.000,00 kr.

greiddar í reiðufé, 2.987.500,00 kr. með 8 víxlum á gjalddögum 1/12 og 22/12 1984 og 1/1, 10/1, 10/2, 1/4, 1/9 og 1/12 1985. Loks voru 750.000,00 kr. greiddar með 10 skuldabréfum, hverju að fjárhæð 75.000,00 kr.

Af kaupverðinu notaði ákærði 1.093.750,00 kr. til að greiða löghalds- og veðkröfur, sem hvíldu á versluninni, eins og hann var skuldbundinn til samkvæmt kaupsamningnum. Kr. 100.000,00 runnu til greiðslu sölulauna. Víxil, að fjárhæð 587.500,00 kr., seldi ákærði Herluf Clausen fyrir 320.000,00 kr. Andvirðið kvaðst ákærði hafa notað til að greiða skuldir og þar á meðal dómskuld við Verslunarbankann, að fjárhæð 65.105,00 kr., vegna tékka. Framseljendur hans voru Björgúlfur Pétursson, sonur ákærða, Lárus G. Lúðvíksson og Pálmi Haraldsson. Kvað ákærði bankann hafa verið aðalviðskiptabanka sinn og hann því viljað hreinsa þar til. Víxill, að fjárhæð 606.250,00 kr., var afhentur Iðnaðarbankanm í Hafnarfirði til greiðslu á óheimiluðum yfirdrætti verslunarinnar þar. Í ákæru er því haldið fram, að Björgúlfur, sonur ákærða, hafi borið ábyrgð á þessum yfirdrætti, en hér fyrir dómi hefur komið fram, að svo var ekki. Átta af skuldabréfunum seldi ákærði á verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins og fékk fyrir þau samtals 508.611,00 kr. Tvö skuldabréfanna afhenti hann syni sínum, er seldi þau fyrir 124.818,00 kr. á sama stað, og rann andvirðið til Gunnars A. Pálssonar, sem hafði undir höndum tékka, út gefna af ákærða. Einnig fékk Gunnar í hendur víxil, að fjárhæð 250.000,00 kr., er ákærði fékk við söluna á versluninni. Verður viðskiptunum við Gunnar og aðra lýst nánar hér á eftir. Andviði skuldabréfanna, sem ákærði seldi sjálfur, kvað hann hafa runnið til Gunnars og Arnolds Henckels, en þeir hefðu lánað sér fé. Verður um það nánar fjallað síðar. Arnold mun einnig hafa fengið 100.000,00 króna víxil, er ákærði fékk við söluna, en hann hafði undir höndum tékka frá ákærða. Þá mun ákærði hafa greitt Guðjóni Styrkárssyni samtals 355.604,00 kr., og kvaðst hann hafa gert það vegna aðgangshörku Guðjóns. Ekki vildi Guðjón kannast við það fyrir dómi að hafa þurft að beita hörku við innheimtuna. Af þessari upphæð voru 280.604,00 kr. vegna víxla, sem Björgúlfur, sonur ákærða, var í ábyrgð fyrir. Það, sem vantar, kveðst ákærði hafa notað almennt til að greiða skuldir án þess að geta gert nákvæmar grein fyrir því.

Hér fyrir dómi hefur ákærði borið, að í upphafi hafi verið gert ráð fyrir því, að verslunin myndi seljast fyrir mun hærra verð en raun varð á, allt að 5,5 til 6 milljónum. Hefur verjandi hans lagt fram yfirlýsingu frá Andra Árnasyni hdl., er annaðist söluna, og samkvæmt henni var miðað við, að verðið væri allt að 5 milljónum króna, þegar ákærði fór þess á leit við hann, að hann annaðist söluna. Ákærði kvað vanmat á vörulager hafa valdið því, að ekki fékkst hærra verð fyrir verslunina.

IV.

Þegar ákærði hafði selt eignarhlut sinn í Bústað sf. og verslunina Viktoríu, var hann orðinn eignalaus, en skuldaði enn töluvert fé. Þar á meðal skuldaði hann Lárusi G. Lúðvíkssyni. Lárus hafði ásamt starfsmanni sínum, Pálma Haraldssyni, staðið í viðræðum við ákærða um greiðslu skuldanna, en ekki höfðu þær viðræður borið árangur, er ákærði fór af landi brott til Danmerkur 7. desember 1984. Hinn 29. nóvember hafði eiginkona hans, Auður Viktoría Þórisdóttir, sent búslóð til Holstebro í Danmörku. Hinn 3. desember krafðist ákærði skilnaðar að borði og sæng við konuna, og var leyfi til þess gefið út 5. desember.

Með beiðni, dagsettri 3. janúar 1985, krafðist Grétar Haraldsson hrl. þess fyrir hönd Lárusar G. Lúðvíkssonar, að bú ákærða yrði tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli b-liðar 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaganna. Var orðið við þeirri kröfu og úrskurður kveðinn upp 7. mars 1985.

Hinn 28. maí var ákærði yfirheyrður fyrir skiptarétti og kvaðst þá vera eignalaus. Hann lýsti yfir, að hann hefði selt allar eignir sínar, eins og að framan hefur verið rakið, og greitt skuldir með andvirðinu. Með bréfi, dagsettu 16. janúar 1986, sendi skiptaráðandi ríkissaksóknara skýrslu um bú ákærða og gögn varðandi það. Segir svo m.a. í bréfinu: „Ljóst er, að þrotamaður var kominn í veruleg fjárhagsvandræði á árinu 1984, er hann hóf sölu á framantöldum eignum sínum. Hann hefur í yfirheyrslum fyrir skiptarétti lýst yfir, að allt andvirði umræddra eigna hafi gengið til greiðslu skulda og að ekkert hafi verið eftir, „ er bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta".

Í framhaldi af þessu ritaði ríkissaksóknari Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf og krafðist opinberrar rannsóknar á ætluðum skilasvikum ákærða með undanskoti fjármuna og mismunun lánardrottna.

Rannsóknarlögregla ríkisins fékk út gefna handtökuskipun á hendur ákærða, og var hann síðan handtekinn í Danmörku 2. apríl 1986 og fluttur til Íslands næsta dag. Sama dag hafði hann verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. apríl af dómaranum í Holstebro, og 5. apríl var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald af sakadómi Reykjavíkur til 23. apríl.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu kom fram hjá ákærða, auk þess sem að framan hefur verið rakið, að hann hefði selt hlut sinn í Bústað sf. og verslunina Viktoríu til að greiða skuldir, en ekki gert sér grein fyrir, hversu miklar þær voru, talið sig eiga fyrir skuldum og ekki gert sér ljóst, að svo væri ekki, fyrr en hann var búinn að selja eignirnar. Aðspurður, hví hann hefði ekki gefið bú sitt upp til gjaldþrotaskipta, svaraði hann: „Vegna eðlis ýmissa skulda gat ég það ekki. Það voru utanaðkomandi ábyrgðarmenn á ýmsum skuldum, sem ég greiddi. Ég hefði kannski ekki átt að greiða þær frekar en aðrar skuldir. Það var aðgangsharka kröfuhafa,

sem réð ferðinni.“ Í framhaldi af þessu er hann spurður, hvort honum sýnist ekki ljóst, að einkum hafi verið greiddar kröfur, sem ættmenn hans voru í ábyrgð fyrir, og það verið ástæða þess, að þær voru greiddar. Hann svaraði: „Þetta voru skuldir, sem voru komnar í vanskil og hefðu lent á ábyrgðarmönnunum ella. Það er ljóst, að þetta hefði lent á ábyrgðarmönnunum. Ég vil hins vegar taka fram, eins og ég hef sagt áður, að ég réð ekki ferðinni, heldur var það harka innheimtumanna. Ég vil líka taka það skýrt fram, að þetta var ekki planlagt þannig af minni hálfu að greiða fyrst og fremst skuldir, sem fjölskylda mín var í ábyrgð fyrir.“ Aðspurður hvort hann teldi sig hafa mismunað kröfuhöfum, svaraði ákærði: „Ég svara því neitandi. Ég hef margsagt, að ég réð ekki ferðinni. Ég lá undir hótunum um, að það myndi reyna á, ef ég ekki greiddi, og ég fékk ekki framlengingu á þessum skuldum. Mikið af þessu var skuldir, sem búið var að framlengja áður.“ Hann kvaðst engar ráðstafanir hafa gert varðandi aðrar skuldir, áður en hann fór til Danmerkur, hvorki samið um þær né sett tryggingar fyrir þeim. Aðspurður um ástæður fyrir utanförinni svaraði ákærði: „Ég get ekki sagt annað en fjárhagur minn var hruninn. Ég hafði ekki frið, hvorki að nóttu né degi, fyrir kröfuhöfum, og ég gat ekki staðið í þessu lengur.“ Síðar segir hann um þetta sama: „Tilgangurinn var að fá frið í bili. Ég fór til Danmerkur, af því að ég þekki til þar í landi. Ég vildi fá frið fyrir kröfuhöfum.“ Ákærði tók fram, að hann hefði alls ekki ætlað að fela sig í Danmörku, og benti á, að hann hefði komið heim, um leið og skiptaráðandi óskaði eftir.

V.

Ákærði kom fyrst fyrir dóm, er málið var þingfest 4. júní 1986. Hann var lauslega yfirheyrður, en síðan leystur úr farbanni, sem hann var í og átti að standa til 1. júlí. Næst kom ákærði fyrir dóm 1. júní 1987. Hann viðurkenndi, eins og þegar er fram komið, að hafa selt eignir sínar, þ.e. hlut sinn í Bústað sf. og verslunina Viktoríu, fyrir það verð, sem tilgreint er í ákæru, og í þeim tilgangi að greiða skuldir. Hafi hann verið eignalaus, þegar hann var búinn að selja þær.

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa greitt skuldir þær, sem III. kafli ákæru fjallar um, og hafa skýringar hans á þeim greiðslum þegar verið raktar í II. og III. kafla hér að framan. Varðandi IV. kafla ákærunnar hefur hann kannast við að hafa greitt löghalds- og veðkröfur, svo sem fyrr var rakið, og einnig sölulaun, enn fremur, að afföll af verðbréfum hafi numið þeirri upphæð, er í ákæru greinir. Aðspurður, hvers vegna hann hefði ekki notað verðbréfin til að greiða með skuldir í stað þess að selja þau með afföllum, svaraði hann því til, að margir þeirra, sem hann var í viðskiptum við, hefðu neitað að taka við þeim sem greiðslu og aðeins

viljað reiðufé. Aðspurður, hvort hann hefði reynt að bjóða þau sem greiðslu einhverjum þeirra, er kröfur hafa gert í þrotabú hans, kvaðst hann ekki hafa gert það. Andvirði bréfanna hefði verið notað í greiðslur, er hann hefði þegar gert fullnægjandi grein fyrir. Þá gerði hann engar athugasemdir við 5. lið IV. kafla ákæru, þar sem tilgreindir eru ýmsir reikningar, er ákærði greiddi af andvirði eigna sinna.

Í ákæru er ákærði talinn hafa skotið undan fé, samtals 1.379.508,84 kr. Ákærði hefur neitað, að þessu fé hafi verið skotið undan, heldur hafi hann notað það til að greiða fjórum mönnum peningalán, er hann hafi tekið hjá þeim. Þessir menn eru Arnold Henckell, en honum kvaðst ákærði hafa greitt 348.000,00 kr., og sé þar innifalin 100.000,00 króna greiðsla, sbr. 10. lið III. kafla ákæru. Gunnari A. Pálssyni greiddi ákærði 585.600,00 kr., og er þar einnig innifalin greiðsla á 374.818,00 kr., sbr. 13. lið III. kafla ákæru. Herluf Clausen yngra greiddi ákærði 370.000,00 kr. og Viðari Guðjohnsen 460.000,00 kr. Allt hafi þettar verið lán til sín gegn tékkum, og auk þeirra greiðslna, sem að framan voru raktar, hafi hann greitt á annað hundrað þúsund krónur í vexti. Ákærði lagði fram yfirlit um þessi viðskipti, og komu númer tékkanna og upphæð hvers þeirra fram á þeim. Flestir þessara tékka voru í vörslum skiptaráðanda, en hann hefur afhent dóminum þá, og hafa þeir verið lagðir fram í málinu.

Ákærði kveðst hafa komist í samband við þá Arnold og Viðar fyrir milligöngu Pálma Haraldssonar. Pálmi og Lárus Lúðvíksson hafi komið sér í samband við Gunnar A. Pálsson, en sjálfur hafi hann þekkt Herluf Clausen.

Fyrir dómi bar Herluf Clausen, að hann hefði lánað ákærða fé í tengslum við viðskipti þeirra, og ekki rengdi hann þá upphæð, er ákærði gaf upp um þau.

Arnold Henckell bar hjá rannsóknarlögreglu að hafa lánað ákærða fé, en fyrir dómi kvað hann Pálma Haraldsson hafa óskað eftir því við sig, að hann útvegaði ákærða peningalán. Hann hafi ekki viljað verða við því, en verið reiðubúinn að taka þátt í viðskiptum með ákærða. Hafi hann gert það á þann hátt, að hann aðstoðaði ákærða við að leysa út vörur gegn ágóðahlut. Hjá rannsóknarlögreglu kom fram, að hann hefði afhent ákærða 200.000,00 kr. í júlí 1984 gegn ávísunum, að fjárhæð kr. 280.000,00, er dagsettar voru fram í tímann. Nánar gat hann ekki gert grein fyrir viðskiptum sínum við ákærða.

Viðar Guðjohnsen kvaðst aldrei hafa lánað ákærða fé, heldur hefði hann fengið tékka, út gefna af honum, frá Lárusi G. Lúðvíkssyni og Pálma Haraldssyni, og hefði hann með því verið að hjálpa þeim Pálma og Lárusi. Ekki gat Viðar borið um umfang þessara viðskipta og hvorki rengt né staðfest þá upphæð, er ákærði nefndi í því sambandi.

Gunnar A. Pálsson kvaðst aldrei hafa lánað ákærða fé, heldur hefði hann leigt Lárusi G. Lúðvíkssyni húsnæði og tekið við tékkum frá honum, sem voru út gefnir af ákærða, til greiðslu á húsaleigunni. Þetta fær stuðning af framburði Pálma Haraldssonar, en Lárus G. Lúðvíksson ber að hafa komið ákærða í samband við Gunnar, sem síðan hafi lánað honum fé.

Allir þeir tékkar, sem lagðir hafa verið fram í málinu og ákærði segir tengjast framangreindum lánaviðskiptum, eru gefnir út af honum til handhafa. Á aðeins einum þeirra er að finna nafn einhvers þeirra fjögurra, sem að framan eru nefndir sem lánardrottnar ákærða, þ.e. nafn Arnolds Henckells. Á þessum tékka eru einnig nöfn Björgúlfs, sonar ákærða, og Lárusar G. Lúðvíkssonar. Þessi nöfn eru einnig á tveimur öðrum tékkum, er ákærði segist hafa greitt Arnold. Á tékkunum, sem tengjast viðskiptunum við Gunnar A. Pálsson, eru nöfn barna ákærða, Björgúlfs og Þóru, nafn Lárusar G. Lúðvíkssonar og nafn Pálma Haraldssonar á tveimur. Á tékkunum, sem tengjast viðskiptunum við Herluf Clausen, er eingöngu nafn ákærða. Og á tékkunum, sem tengjast viðskiptunum við Viðar Guðjohnsen, eru nöfn Björgúlfs Péturssonar og Lárusar G. Lúðvíkssonar.

Ákærði var spurður að því, hvers vegna hann hefði ekki gert rannsóknarlögreglunni grein fyrir þessum viðskiptum. Hann svaraði því til, að hann hefði ekki getað það, vegna þess að hann hefði ekki haft aðgang að gögnum um þau og því hefði orðið um ágiskanir að ræða hjá sér.

Ákærði bar á sama hátt og fyrir lögreglu, sem að framan var rakið, um för sína til Danmerkur og tilganginn með henni. Við síðustu dómsyfirheyrslu óskaði ákærði eftir, að bókað yrði, að þegar hann hefði farið til Danmerkur sér til heilsubótar, hefði það verið ætlun sín að koma heim aftur eftir áramót 1984 - 1985, en vonir sínar um bankalán brugðist og hann því hætt við heimkomuna. Hann neitaði að hafa mismunað kröfuhöfum, heldur hefði aðgangsharka þeirra ráðið ferðinni. Hann kvað sér fyrst hafa orðið ljóst í desember 1984, að hann átti ekki fyrir skuldum.

Svo sem áður hefur verið rakið, voru Björgúlfur, sonur ákærða, og bróðir hans, Hjörtur, í ábyrgð fyrir ýmsum skuldum hans, sem greiddar voru. Fyrir dómi voru þeir spurðir að því, hvort þeir hefðu beitt ákærða þrýstingi, til að þessar skuldir yrðu greiddar, og kannaðist hvorugur þeirra við að hafa gert það.

VI.

Svo sem áður er fram komið, var bú ákærða tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 7. mars 1985. Gefin var út innköllun til skuldheimtumanna, og námu lýstar kröfur samtals 5.044.750,93 krónum. Kröfur þessar verða nú reifaðar lið fyrir lið og um leið getið um afstöðu ákærða til þeirra. Skiptaráðandi hefur aðeins lýst

afstöðu sinni til einnar kröfu. Ákærði lýsti sig eignalausan fyrir skiptarétti, og mun þess ekki að vænta, að rétturinn muni að óbreyttri stöðu mála taka afstöðu til annarra lýstra krafna.

1. Krafa Lárusar G. Lúðvíkssonar er að fjárhæð 645.362,00 krónur. Hún er samkvæmt tólf víxlum, sem samþykktir eru til greiðslu af ákærða, og áskorunarstefnu á hendur honum og Lárusi G. Lúðvíkssyni. Ákærði hefur mótmælt þessari kröfu og telur sig skulda Lárusi 173.160,00 krónur. Hann hefur skýrt frá því, að hann hafi í greiðaskyni við Lárus samþykkt fyrir hann víxla, sem viðskipti voru ekki á bak við, og kvað hann líklegt, að einverjir af þeim víxlum, sem krafan í þrotabúið er reist á, séu þannig til komnir. Lárus G. Lúðvíksson hefur fyrir dómi mótmælt því, að ákærði hafi samþykkt víxla umfram það, sem viðskipti voru á bak við. Voru þeir samprófaðir um þetta atriði, en ekki fékkst önnur niðurstaða.

2. Krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík er að fjárhæð 139.709,00 kr. vegna opinberra gjalda 1983 og 1984. Ákærði hefur borið, að hér sé um áætlun að ræða.

3. Krafa Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að fjárhæð 10.280,00 kr. vegna meðlags með syni ákærða frá 1. mars 1984 til 31. mars 1985. Ákærði hefur kannast við þessa kröfu, en borið, að hún sé að fullu greidd.

4. Krafa frá Árvakri hf. er að fjárhæð 21.283,00 kr. samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu. Ákærði hefur kannast við þessa kröfu, en kveðst ekki hafa séð hana fyrr en við yfirheyrslu í sakadómi.

5. Krafa Nestu hf. er að fjárhæð 22.096,00 kr. samkvæmt víxli, samþykktum af ákærða. Hann hefur kannast við rithönd sína á víxlinum, en kveðst aldrei hafa átt viðskipti við fyrirtækið.

6. Krafa Péturs R. Guðmundssonar er að fjárhæð 250.000,00 kr. samkvæmt fjórum tékkum, út gefnum af ákærða, og einum víxli, samþykktum af honum. Ákærði hefur kannast við rithönd sína á þessum skjölum, en kveðst aldrei hafa fengið skýringu á því, hvers eðlis viðskiptin voru, sem stóðu á bak við kröfuna.

7. Krafa Lífeyrissjóðs verslunarmanna er að fjárhæð 23.082,80 krónur. Ákærði hefur kannast við þessa skuld. Skiptaráðandi hefur samþykkt þessa kröfu.

8. Krafa Plastos hf. er að fjárhæð 30.032,90 kr. samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu. Ákærði hefur kannast við þessa skuld, en gat ekki gert grein fyrir viðskiptunum á bak við hana.

9. Krafa Finnsk-íslenska verslunarfélagsins hf. er að fjárhæð 433.130,00 kr. samkvæmt einum víxli, samþykktum af ákærða, og fimm tékkum, út gefnum af honum. Ákærði hefur kannast við rithönd sína á þessum skjölum, en ekki getað borið um viðskiptin með þau. Vegna þessarar kröfu óskaði verjandi ákærða eftir því, að forsvarsmaður félagsins kæmi

fyrir dóm og gerði grein fyrir þessum viðskiptum. Jón Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins, bar fyrir dómi, að tékkarnir væru greiðsla frá ákærða fyrir vörur, er hann hefði keypt af félaginu. Jón kvað ákærða hafa verið í miklum vanskilum við sig, og hefðu tékkar verið framlengdir hvað eftir annað. Einnig hefði verið algengt, að tékkar væru stílaðir fram í tímann. Í gögnum málsins er að finna reikning frá félaginu, að fjárhæð 103.627,00 kr., vegna fatakaupa verslunarinnar Viktoríu. Þennan reikning greiðir ákærði með tveimur tékkum, sem síðan reynast innstæðulausir og eru meðal þeirra, sem krafa félagsins í þrotabú ákærða grundvallast á. Jón Ólafsson kvaðst ekki hafa undir höndum frekari gögn um viðskipti ákærða við félagið.

10. Krafa Rafmagnsveitu Reykjavíkur er að fjárhæð 12.257,00 kr. vegna rafmagnsnotkunar ákærða að Eiðistorgi 5 frá 2. mars 1984 til 18. júlí s.á. og að Birkimel 10 frá 10. júlí 1984 til 5. janúar 1985. Varðandi þessar kröfur þá hefur ákærði bent á, að hann hafi farið af landi brott í desember 1984 og flust frá Eiðistorgi 5 5. júní 1984.

11. Krafa Verslunarbankans er að fjárhæð 465.295,63 kr. samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur og tveimur árituðum áskorunarstefnum. Ákærði hefur borið, að hér muni hafa verið um að ræða persónulegan yfirdrátt sinn.

12. Krafa Hilmars Ingimundarsonar hrl. er að fjárhæð 250.441,40 kr. samkvæmt tékka, að fjárhæð 200.000,00 kr., sem ákærði hefur kannast við að hafa gefið út. Hann hefur ekki getað skýrt frá, hvaða viðskipti liggi á bak við tékkann, en hefur kannast við rithönd sína á honum.

13. Krafa Guðmundar Ósvaldssonar er að fjárhæð 109.096,00 kr. samkvæmt tveimur tékkum, út gefnum af ákærða. Hann hefur borið, að þetta sé að hluta til húsaleiga og að hluta til þvinguð þóknun vegna breytingar á húsaleigusamningi.

14. Krafa tollstjórans í Reykjavík er að fjárhæð 2.041.934,00 kr. vegna vangoldins söluskatts. Ákærði hefur borið, að þessi skuld sé áætlaður söluskattur. Hann skuldi í raun um 500.000,00 krónur. Kröfu þessari til stuðnings hefur verið lögð fram tölvuútskrift frá tollstjóraembættinu, þar sem fram kemur sundurliðun á söluskattsálagningu á fyrirtæki ákærða 1984. Áður er fram komið, að hann greiddi engan söluskatt árið 1984, en skilaði inn skýrslum. Þegar söluskattsskýrslur ákærða eru bornar saman við álagningarskrá tollstjóra, kemur í ljós, að tollstjóri byggir á framtölum ákærða nema fyrir febrúar, þar sem ákærði telur sig eiga að greiða 33.146,00 kr., en tollstjóri 25.620,00 kr., og fyrir september, þar sem ákærði telur fram 157.315,00 kr., en tollstjóri leggur á hann 29.934,00 krónur. Ekki eru meðal gagna málsins skýrslur fyrir október og nóvember, en tollstjóri leggur á ákærða fyrir þá mánuði svo og fyrir desember, en þá hafði hann selt verslunina.

15. Krafa Guðjóns Styrkárssonar hrl. samtals er 613.834,00 kr. samkvæmt sjö víxlum, samþykktum af ákærða, og einum tékka, út gefnum af honum. Ákærði hefur borið, að fyrir liggi dómur um, að þetta sé ekki krafa. Guðjón Styrkársson hefur borið, að hann eigi ekki lengur kröfu í þrotabú ákærða.

Niðurstaða.

Samkvæmt ákæruskjalinu er ákærða annars vegar gefið að sök að hafa stórlega mismunað lánardrottnum sínum, einkum með greiðslu þeirra fjárskuldbindinga, sem ættingjar og vinir stóðu í ábyrgð fyrir, og hins vegar er hann sakaður um undanskot fjármuna. Verður fyrst fjallað um fyrra atriðið.

Eins og rakið var, selur ákærði allar eigur sínar um haustið og í byrjun vetrar 1984. Var hann þá eignalaus, en skuldaði samt umtalsvert fé, svo sem rakið hefur verið, og breytir hér engu um, þótt skuldir ákærða kunni að vera eitthvað lægri en tilgreint er í kröfulýsingalistanum. Þeim fjármunum, sem hann fékk í hendur með sölu eignanna, varði hann til greiðslu sumra skulda sinna, en hirti í engu um hinar. Það er sannað með framburði ákærða, vitna og öðrum gögnum málsins, að ættingjar ákærða voru í ábyrgð fyrir þeim skuldum, er hann greiddi, en hann einn ber ábyrgð á þeim skuldum, sem eftir standa og lýst hefur verið í þrotabú hans, sem er með öllu eignalaust. Af framburði ákærða má ráða, að fjárhagsvandræði hans áttu sér nokkurn aðdraganda. Hann tapar á rekstrinum 1983, og hann greiðir engan söluskatt allt árið 1984. Hann selur íbúð sína að Eiðistorgi 5 í mars sama ár. Og samkvæmt framburði hans sjálfs gengur rekstur hans hratt niður á við árið 1984. Honum hlaut því að vera ljóst, að hverju gat stefnt, enda er ákærði engan veginn reynslulaus í viðskiptum, hafði rekið verslunina Viktoríu frá árinu 1976. Honum var fyrir fram vel ljóst, hvað hann myndi fá fyrir eignarhluta sinn í Bústað sf. Þá hefði honum sem reyndum verslunarmanni vart átt að dyljast raunverulegt verðmæti verslunarinnar Viktoríu og honum því mátt vera fullljóst, hvað fyrir hana myndi fást. Þegar síðan litið er til þess, hvaða skuldir ákærði greiðir, eins og áður hefur verið rakið, og hvernig hann hegðar sér, eftir að hann hafði fengið í hendur fjármuni, t.d. með því að selja skuldabréf með verulegum afföllum í stað þess að reyna að nota þau til greiðslu skulda með fullu verði, þá verður að telja, að ákærði hafi af ásetningi mismunað lánardrottnum sínum, eins og honum er gefið að sök í ákæruskjali.

Varðar þetta við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

Síðara atriðið, sem ákærði er sakaður um, er undanskot fjármuna, sem í ákærunni eru taldir nema 1.379.991,16 krónum. Ákærði hefur neitað að hafa skotið undan fjármunum. Hann hefur borið, að þetta fé hafi verið greitt mönnum, er höfðu lánað honum peninga, eins og rakið var hér að

framan. Lagði ákærði þessu til stuðnings fram yfirlit yfir tékka, númer þeirra og upphæðir, er höfðu verið afhentir mönnunum lánunum til tryggingar. Tékkar þessir voru flestir í vörslum skiptaráðanda, en hafa verið lagðir fram í málinu. Eins og fyrr var fram komið, hafa þessi menn komið fyrir dóm, en ekki allir kannast við að hafa lánað ákærða fé. Hins vegar hafa allir kannast við að hafa fengið tékka frá ákærða, og þeir, sem ekki könnuðust við að hafa lánað honum, kváðust hafa fengið tékkana frá Lárusi G. Lúðvíkssyni, eins og rakið var. Auk tékkafjárhæðanna kvaðst ákærði hafa greitt á annað hundrað þúsund krónur í vexti af þeim. Að þessu athuguðu verður að telja ósannað, að ákærði hafi skotið undan fé, heldur hafi þessir peningar runnið til að greiða tékkaskuldir, eins og ákærði heldur fram. Hann verður því sýknaður af ákæru um undanskot fjármuna.

Refsing ákærða er hæfileg sex mánaða fangelsi, en með hliðsjón af sakaferli hans og svo því, að gjaldþrot hans hefur valdið umtalsverðri röskun á stöðu hans og högum, þykir mega skilorðsbinda helming refsingarinnar, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Vegna rannsóknar þessa máls var ákærði handtekinn í Danmörku 2. apríl 1986 og 3. apríl klukkan 9.37 úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. sama mánaðar í því skyni, að hann yrði framseldur til Íslands. Þangað var hann fluttur sama dag. Hinn 4. apríl krafðist Rannsóknarlögregla ríkisins þess, að hann yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til 23. apríl, og varð sakadómur Reykjavíkur við því 5. apríl. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 11. apríl. Ákærði sat í gæsluvarðhaldi til 22. apríl klukkan 16.50. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga er rétt, að til frádráttar hinum óskilorðsbundna hluta refsingar ákærða komi öll gæsluvarðhaldsvist hans frá 3. til 22. apríl 1986, samtals 20 dagar.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hrl., 75.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Ingólfsson, sæti fangelsi þrjá mánuði, en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans 20 daga. Enn fremur sæti ákærði fangelsi þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu þess hluta refsingarinnar, og falli hún niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hrl., 75.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júlí 1989.

Nr. 253/1989. **Ásgeir Sigurðsson**
gegn
Níels P. Sigurðssyni
og
Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík.

Kærumál. Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 6. júní 1989 með kæru 22. júní, sem hingað barst 26. júní, en vitneskju um úrskurðinn fékk sóknaraðili 9. júní.

Sóknaraðili krefst þess í greinargerð, dagsettri 10. júlí, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir skiptaráðanda að taka dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar til skiptameðferðar eða að endurupptaka skipti á dánarbúi hans.

Varnaraðili Níels P. Sigurðsson krefst staðfestingar úrskurðarins í greinargerð, sem dagsett er 7. júlí.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 6. júní 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 10. maí 1989.

Sóknaraðili, Ásgeir Sigurðsson, Ægissíðu 96, Reykjavík, gerir þær dómkröfur „aðallega, að tekið verði til skiptameðferðar db. Sigurðar B. Sigurðssonar, nnr. 7899-0600, en til vara, að skipti á dánarbúinu verði endurupptekin, og í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila".

Varnaraðili, Níels P. Sigurðsson, Sólheimum 15, Reykjavík, krefst þess,

að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 18. febrúar 1969, var bú Sigurðar B. Sigurðssonar, nafnnr. 7899-0600, tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni hans sjálfs. Sigurður lést 17. október 1970, og var gjaldþrotaskiptum á búi hans þá ekki enn lokið. Höfðu þá verið lögð drög að því, að skiptunum yrði lokið með nauðasamningi. Skiptaráðandinn í Reykjavík lauk skiptameðferð á dánarbúi Sigurðar sem eignalausu dánarbúi, enda höfðu eignir hans verið dregnar undir skipti þrotabús hans. Gerði skiptaráðandi sérstaklega grein fyrir þessari afgreiðslu dánarbúsins á skiptafundi í þrotabúinu 13. nóvember 1970, en á þeim fundi var frumvarp að nauðasamningi borið undir atkvæði kröfuhafa. Frumvarpið hafði þá verið til meðferðar fyrir skiptarétti Reykjavíkur um nokkurn tíma. Skiptafund þennan sótti Guðlaugur Þorláksson, og var bókað í skiptabókina, að hann væri umboðsmaður erfingja Sigurðar, en hann mun hafa haft með höndum undirbúning að gerð nauðasamningsins. Jafnframt var bókað í skiptabókina, að erfingjar hins látna „gangi inn í nauðasamningana sem aðilar í stað hins látna". Nauðasamningsfrumvarpið var samþykkt á þessum skiptafundi, og lauk þar skiptameðferð þrotabúsins.

Lögerfingjar Sigurðar B. Sigurðssonar voru eftirlifandi maki, Karítas Sigurðsson, og tveir synir þeirra hjóna, Ásgeir Sigurðsson og Níels P. Sigurðsson. Sigurður hafði ekki, svo að kunnugt sé, ráðstafað neinum eignum með erfðaskrá.

Karítas Sigurðsson lést 18. janúar 1978. Hinn 5. maí sama ár kom Níels P. Sigurðsson fyrir skiptarétt Reykjavíkur og gaf upplýsingar um eignastöðu búsins. Kvað hann búið algerlega eignalaust. Var þá bókað eftir honum í skiptabók, að „foreldrar hans" hafi eftir framangreinda nauðasamninga átt hlutabréf í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., að nafnverði 43.000,00 kr. Síðar hafi orðið að ráði, að honum, þ.e. Níelsi, var afsalað hlutabréfum þessum af tilteknum ástæðum.

Hinn 14. apríl 1982 var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur fram komin beiðni um opinber skipti á dánarbúi Karitasar Sigurðsson. Voru þá skrifuð upp sem eignir búsins hlutabréf í ýmsum félögum. Umboðsmaður Ásgeirs Sigurðssonar í því þinghaldi lýsti þá þeirri skoðun umbjóðanda síns, að framangreind hlutabréf í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., að nafnverði 43.000,00 kr., væru eign dánarbúsins, en því var mótmælt af hálfu umboðsmanns Níels P. Sigurðssonar. Var í þessu þinghaldi lögð fram yfirlýsing, dags. 5. maí 1977, en meginmál hennar er svohljóðandi:

„Ég undirrituð, frú Karitas Sigurðsson, Hávallagötu 22 í Reykjavík, staðfesti hér með, að sonur minn, Níels P. Sigurðsson sendiherra, Þýskalandi, er umráðamaður og eigandi allrar hlutafjáreignar minnar í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., að nafnverði 43.000,00 kr. — fjörutíu og þrjú þúsund krónur —.

Er yfirlýsing þessi staðfesting munnlegs samkomulags okkar frá 1972 þessa efnis, enda þótt það hafi ekki tekið formlega gildi fyrr en 1.1.1977.“

Yfirlýsing þessi er undirrituð af Karítas Sigurðsson og Níels P. Sigurðssyni, en fyrir neðan er ritað: „Samþykki framangreint: Ásgeir Sigurðsson (sign.).“

Undir skipti á dánarbúi Karítasar Sigurðsson voru dregnar eignir, sem ýmist voru skráðar á hennar nafn eða nafn hins látna eiginmanns hennar, Sigurðar B. Sigurðssonar. Erfingjar hennar voru tveir áðurnefndir synir þeirra hjóna. Komu þeir báðir fyrir réttinn til skýrslugjafar varðandi áðurgreinda hlutafjáreign í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar. Hinn 21. október 1982 var skiptafundur haldinn í dánarbúi Karítasar Sigurðsson, og lagði skiptaráðandi þá fram frumvarp að úthlutunargerð úr búinu. Samþykktu báðir erfingjar búsins frumvarpið þegar á þeim fundi, og var þá bókað í skiptabók, að frumvarpið yrði óbreytt lagt til grundvallar skiptagerð dánarbúsins.

Hinn 19. mars 1986 var skiptameðferð dánarbús Karitasar Sigurðsson enn tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur. Var þá m.a. bókað, að fáum dögum eftir skiptafundinn 21. október 1982 hefði lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar haft samband við skiptaráðanda þann, sem farið hafði með skiptin, og lýst því, að Ásgeir Sigurðsson hefði samþykkt frumvarp að úthlutunargerð vegna misskilnings og að hann sætti sig ekki við úthlutunina. Jafnframt hefði núverandi lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar alloft síðan óskað eftir, að skiptin yrðu tekin fyrir að nýju. Síðan lýsti skiptaráðandi þeirri skoðun sinni, að hann hefði enga heimild til að endurmeta þær dómsathafnir, sem þegar hefðu farið fram vegna skiptanna, heldur hefði aðilum verið nauðugur sá kostur að áfrýja skiptagerð búsins, ef þeir vildu ekki una henni. Með því að áfrýjunarfrestur hafi liðið, án þess að skiptagerðinni hafi verið áfrýjað, fari útlagning eigna búsins fram á grundvelli skiptagerðarinnar.

Lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar krafðist þess í þessu þinghaldi, að skiptin yrðu endurupptekin, þar sem Ásgeir hefði litið svo á, að úthlutunin hefði einungis átt að ná til hlutabréfa, sem engin deila hefði staðið um, en honum hefði skilist, að hann ætti eftir sem áður möguleika á að draga þau hlutabréf, sem deilt var um eignarrétt að, undir dánarbú móður sinnar. Vísaði skiptaráðandi til þess, sem áður hafði verið bókað í þinghaldinu um skiptameðferð á búinu, og synjaði um endurupptöku skiptanna ex officio.

Kvaðst lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar taka sér umhugsunarfrest um það, hvort þessi synjun yrði kærð til Hæstaréttar, en engin slík kæra barst frá honum í framhaldi af því.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 26. júní 1986, krafðist lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar þess, að dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar yrði tekið til opinberra skipta. Vísaði lögmaðurinn þar til áðurgreindrar synjunar í þinghaldinu 19. mars 1986. Síðan segir í bréfi þessu: „Ég tel samt, að ekki hafi mátt ljúka skiptum á dánarbúi Karitasar Sigurðsson án þess að ljúka skiptum á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar og að skiptum á dánarbúi Karitasar Sigurðsson hafi alls ekki verið fyllilega lokið. Til dæmis var alveg eftir að fjalla um aðaleignir þessara dánarbúa, hlutabréf í Ásgeiri Sigurðssyni hf. Óhjákvæmilegt er að taka bú Sigurðar B. Sigurðssonar til skipta, enda þótt það þýði, að taka verði upp að einhverju leyti skipti á db. Karitasar Sigurðsson."

Þessu bréfi svaraði skiptaráðandi með bréfi 9. júlí 1986. Er þar m.a. rakið, að við skipti á dánarbúi Karítasar Sigurðsson hafi komið fram, að hlutabréf þau í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., sem Ásgeir Sigurðsson telji enn eign dánarbús föður síns, hafi verið framseld af móður hans með skriflegu samþykki Ásgeirs sjálfs. Ekki hafi verið bent á neinar eignir, sem tilheyri dánarbúum Sigurðar B. Sigurðssonar eða Karítasar Sigurðsson og ekki hafi þegar verið úthlutað. Meðan svo sé, muni ekki koma til frekari skiptameðferðar á þeim búum. Ekki var krafist úrskurðar um þessa synjun, og ekki var henni heldur skotið til Hæstaréttar.

Lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar skrifaði skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, dagsett 9. mars 1987, þar sem spurst var fyrir um skipti á þrotabúi Sigurðar B. Sigurðssonar. Svar við þessu erindi fékk lögmaðurinn með bréfi, dagsettu 21. október 1987.

Lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar ritaði skiptaráðanda bréf 7. mars 1988, þar sem hann krefst þess enn, að dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar verði tekið til skipta eða að skipti á því verði endurupptekin. Er þessi beiðni rökstudd með því, að Ásgeir Sigurðsson hafi ekki vitað fyrr en með bréfi skiptaráðanda, dagsettu 21. október 1987, hvaða afgreiðslu dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar hafi fengið á sínum tíma. Hafi sú afgreiðsla ekki verið lögleg. Um þetta segir m.a. í bréfinu: „...skipta hefði þurft eignum dánarbúsins, sem m.a. voru hlutabréf í Ásgeiri Sigurðssyni hf., en þau voru að handveði hjá Landsbanka Íslands fyrir skuldum Sigurðar B. Sigurðssonar. Með nauðasamningunum hefðu hlutabréfin átt að afhendast aftur eiganda." Þetta erindi var áréttað með bréfi lögmannsins, dagsettu 17. ágúst 1988, jafnframt því sem þess er þar getið, að hann hafi nú fengið upplýsingar um, að á tiltekinni málflutningsskrifstofu hér í borg séu ýmis gögn varðandi málefni Sigurðar B. Sigurðssonar.

Hinu síðastgreinda erindi svaraði skiptaráðandi með bréfi, dagsettu 3. október 1988, og synjaði um endurupptöku skiptanna. Af hálfu Ásgeirs Sigurðssonar var sú synjun kærð til Hæstaréttar, sem vísaði málinu frá með dómi, upp kveðnum 23. nóvember 1988. Í forsendum þess dóms segir m.a.:

„...Sóknaraðili hefur ekki krafist formlegs úrskurðar um kröfur sínar. Öðrum, sem hugsanlega eiga hagsmuna að gæta um endurupptöku á skiptum bús Sigurðar B. Sigurðssonar, hefur ekki verið veittur kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Ekki liggur fyrir, að skiptaráðandi myndi synja kröfu um úrskurð. Meðan ekki hefur verið synjað um slíkan úrskurð eða hann liggur ekki fyrir, ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti."

Með bréfi, dags. 30. desember 1988, fór lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að tekin yrði til sérstakrar „meðferðar í úrskurðarmáli" krafa hans um, að dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar verði tekið til skipta eða að skipti verði endurupptekin. Var boðað til þinghalds í skiptarétti Reykjavíkur vegna þessarar beiðni, og sótti lögmaður þing af hálfu Níels P. Sigurðssonar, en ekki er vitað til, að aðrir kunni að eiga hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Í því þinghaldi var rekstur máls þessa ákveðinn, og var það þingfest 21. febrúar 1989.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 14. mars 1977, krafðist Gjaldheimtan í Reykjavík þess, að bú Ásgeirs Sigurðssonar, sóknaraðila máls þessa, yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Þessi krafa var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 22. apríl 1977, og með úrskurði réttarins, upp kveðnum 24. júní sama ár, var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Hinn 20. júní 1980 var uppskrift á þrotabúi hans tekin fyrir í skiptaréttinum. Kom hann þá fyrir réttinn og kvaðst ekki eiga neinar eignir og ekki hafa átt, er bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptameðferð búsins lauk 24. júní 1980 með vísan til 33. gr. gjaldþrotaskiptalaga, nr. 25/1929, þar sem engar eignir fundust í búinu.

III.

Kröfur sóknaraðila eru á því reistar, að aldrei hafi farið fram lögleg skipti á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, og eigi hann löglegt tilkall til þess, að skipti fari fram eða verði endurupptekin. Telur hann, að af hálfu skiptaráðanda hafi verið sniðgengin ákvæði I. og II. kafla skiptalaga, nr. 3/1878, þegar bú Sigurðar B. Sigurðssonar var til meðferðar haustið 1970. Bendir sóknaraðili á í því sambandi, að skiptaráðandi hafi ekki boðað erfingja á sinn fund og látið hjá líða að rannsaka raunverðmæti dánarbúsins. Þá hafi skiptaráðandi framselt Guðlaugi Þorlákssyni eignir búsins, án þess að sá hefði til þess skriflegt umboð, eftir því sem best sé vitað. Skiptalok hafi ekki verið með neinum þeim hætti, er skiptalög bjóða, og vísar sóknaraðili í því sambandi til 3. kapítula skiptalaga, nr. 3/1878.

Sóknaraðili hafi aldrei fengið að vita, hvernig skiptum á dánarbúi föður síns hafi verið háttað, fyrr en það var upplýst með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 21. október 1987. Eftir móttöku þess hafi sóknaraðili sett fram kröfu um skipti eða endurupptöku skipta á dánarbúinu, sem hafi verið synjað. Þrátt fyrir það að skiptum á dánarbúi Karítasar E. Sigurðsson kunni að vera lokið, girði það ekki fyrir, að skipti á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar verði tekin upp, enda hafi Karítas aldrei fengið leyfi til setu í óskiptu búi, og við skipti á dánarbúi hennar hafi ekki verið fjallað um dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar eða hver hafi orðið afdrif þess.

Sóknaraðili kveður nauðasamninga við kröfuhafa Sigurðar B. Sigurðssonar hafa falið í sér, að þeim hafi verið greidd u.þ.b. 47% af fjárhæð krafna. Meðal eigna búsins hafi verið talin hlutabréfin í Ásgeiri Sigurðssyni hf. á nafnverði, en raunverðmæti þeirra hafi verið margfalt nafnverð, enda engin jöfnun farið fram um árabil og fyrirtækið stöndugt.

Sóknaraðili kveður varakröfu sína á því reista, að verði skipti talin hafa farið fram á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, beri að endurupptaka þau, ef nýjar eignir koma fram eða ef ekki hefur öllum eignum verið skipt. Byggir sóknaraðili á því, að slík endurupptaka sé heimil samkvæmt lögjöfnun frá 131. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, sbr. og 45. gr. skiptalaga, nr. 3/1878.

Sóknaraðili telur, að hann hafi ekki fyrirgert rétti sínum til að gera kröfu um skipti á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, með því að hann kærði ekki til Hæstaréttar synjun um endurupptöku skipta á dánarbúi Karítasar Sigurðsson. Þegar hann hafi staðið frammi fyrir því álitaefni, hvort hann ætti að kæra þá synjun, hafi ekki legið fyrir upplýsingar, sem nú liggja fyrir, um dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar, þ.e., hvernig farið hafði verið með búið og eignir þess. Sé það ósanngjarnt, að einn erfingi geti þannig öðlast miklar eignir á kostnað annars með ólögmætri skiptameðferð af hálfu skiptaráðanda og með því að gefa rangar upplýsingar um eignir.

Sóknaraðili telur skýringar varnaraðila á því, hvernig hann hafi fengið umrædd hlutabréf í Ásgeiri Sigurðssyni hf. til eignar, vera mótsagnakenndar, og megi af þeim ráða, að yfirlýsingin frá 5. maí 1977 hafi verið málamyndagerningur eða gerð á „fölskum forsendum". Þarna hafi verið ráðstafað eign frá dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, og ráðstöfunin hafi verið óheimil, nema því aðeins að samhliða hefði verið gengið frá skiptum á dánarbúi hans og erfðafjárskattur verið greiddur. Ekkjan hafi ekki setið í óskiptu búi og hafi því ekki haft ráðstöfunarrétt yfir hlutabréfunum.

Í greinargerð sóknaraðila segir m.a., að þegar yfirlýsingin frá 5. maí 1977 var gerð, hafi „ekki verið búið að kveða upp gjaldþrotaúrskurð á kæranda, en hins vegar var búið að biðja um gjaldþrotaskipti, og krafa hafði verið lögð fram í skiptarétti, og var varnaraðila um þetta kunnugt svo og öðrum

nákomnum kæranda". Enn fremur segir þar, að yfirlýsingin hafi verið samin af varnaraðila og lögmanni hans. Varnaraðili sé löglærður og hafi þrýst á, að þessi yfirlýsing yrði undirrituð.

IV.

Varnaraðili telur engin efni standa til þess, að kröfur sóknaraðila um skiptameðferð á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar verði teknar til greina. Þegar Sigurður féll frá 17. október 1970, hafi gjaldþrotaskiptameðferð á búi hans ekki verið lokið. Hins vegar hafi verið leitað nauðasamninga, meðan skiptameðferð búsins stóð yfir, og þegar Sigurður lést, hafi verið tilbúið frumvarp til nauðasamninga. Hafi ekkja Sigurðar og synir þeirra hjóna, aðilar máls þessa, leitað eftir að fá að ganga inn í nauðasamningana í stað Sigurðar heitins. Hafi sú ósk þeirra verið samþykkt, um leið og nauðasamningsfrumvarpið var samþykkt. Þar sem allar eigur Sigurðar heitins höfðu verið dregnar undir skipti á þrotabúi hans, hafi dánarbú hans að sjálfsögðu verið eignalaust, og hafi skiptalok þess verið í samræmi við þá eignastöðu búsins, svo sem lög geri ráð fyrir. Vísar varnaraðili í því sambandi til ákvæða II. kafla laga nr. 19/1924, um nauðasamninga, einkum 27. og 28. gr., og III. kafla skiptalaga, nr. 3/1878, einkum 49. gr., sbr. 42. gr.

Varnaraðili telur alla fresti sóknaraðila til athugasemda eða áfrýjana vegna loka skiptameðferðar á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar vera löngu liðna.

Varnaraðili telur, að ekki geti komið til frekari skiptameðferðar á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, nema því aðeins að fram komi eignir, sem ekki hafi verið vitað um eða tekin afstaða til við upphaflega meðferð búsins fyrir skiptarétti. Þessari forsendu sé ekki til að dreifa.

Í greinargerð varnaraðila er upplýst, að þau hlutabréf, sem hann fékk framseld með yfirlýsingunni 5. maí 1977, hafi hann síðar framselt.

V.

Við aðalmeðferð máls þessa gaf sóknaraðili munnlega skýrslu í máli þessu.

Svo sem rakið var í II. kafla hér að framan, stóðu yfir gjaldþrotaskipti á búi Sigurðar B. Sigurðssonar, er hann lést 17. október 1970. Sá skiptaráðenda, er fór með skipti á þrotabúinu, afgreiddi dánarbú hans sem eignalaust og gerði kröfuhöfum þrotabúsins grein fyrir þeirri afgreiðslu á skiptafundi 13. nóvember 1970. Verður ekki annað séð en sú afgreiðsla dánarbúsins hafi verið í fullu samræmi við ákvæði 10. gr. skiptalaga, nr. 3/1878, enda var skiptaráðandi í þrotabúi Sigurðar Sigurðssonar sá aðili, sem átti að hafa gleggsta vitneskju um eignastöðu hans. Sætti þessi afgreiðsla á

dánarbúinu engum andmælum af hálfu neins þeirra, sem hagsmuna áttu að gæta, fyrr en sóknaraðili hófst handa um kröfugerð um endurupptöku skiptameðferðarinnar. Er því ekki fallist á þá málsástæðu sóknaraðila, að dánarbú varnaraðila hafi enga lögmæta skiptameðferð fengið.

Skiptum á dánarbúi Karítasar Sigurðsson lauk með úthlutunargerð í opinberum skiptum. Undir þau skipti féllu ýmsar eignir, sem skráðar voru á nafn Sigurðar B. Sigurðssonar og ekki var um deilt, að ekkjan hafði eignast. Við upphaf skiptameðferðar á dánarbúi Karítasar Sigurðsson 14. apríl 1982 var yfirlýsingin frá 5. maí 1977 lögð fram að viðstöddum lögmanni sóknaraðila máls þessa. Lýsti lögmaður sóknaraðila þá yfir því, að hann héldi fast við þá kröfu, að hlutabréfin, sem yfirlýsingin tekur til, „verði talin eign dánarbúsins". Uppskrift á dánarbúi Karítasar Sigurðsson var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur, og kom Ásgeir Sigurðsson, sóknaraðili máls þessa, fyrir réttinn til skýrslugjafar um tilurð yfirlýsingarinnar. Var þá bókað eftir honum, að á þeim tíma, er hann undirritaði yfirlýsinguna, hefði hann átt við mikla óreglu að stríða og óreiða verið á fjármálum sínum. Hafi hann verið búinn að missa megnið af eignum sínum vegna „óráðsíu og vitleysu". Hafi bróðir sinn, varnaraðili máls þessa, þá stungið upp á því, að hann tæki að sér að annast hlutafjáreignina í Ásgeiri Sigurðssyni hf. til að koma í veg fyrir, að hún færi „í súginn" eins og aðrar eignir Ásgeirs. Jafnframt hafi þeir gert með sér samkomulag um, að Ásgeir fengi hlutabréf „sín" í hendur, ef honum tækist að rífa sig upp úr óreglunni. Það hafi þó ekki gerst, er eftir því var kallað. Við skiptameðferð dánarbús Karítasar Sigurðsson gerði sóknaraðili máls þessa engan reka að því að fá umrædd hlutabréf eða andvirði þeirra dregin undir skipti á búinu, en slíkt gat samkvæmt 35. gr. skiptalaga aðeins gerst með málsókn fyrir almennum dómstóli, þar sem Karítas Sigurðsson hafði ráðstafað bréfunum í lifanda lífi á þann hátt, að bindandi var fyrir hana sjálfa.

Í aðilaskýrslu sinni í máli þessu ítrekaði sóknaraðili efnislega framangreinda frásögn um tilganginn með gerð yfirlýsingarinnar. Verður sú frásögn hans ekki skilin á annan veg en þann, að yfirlýsingin hafi af hans hálfu verið hugsuð sem málamyndagerningur, gerður til þess að koma í veg fyrir, að réttur sóknaraðila til hlutdeildar í umræddum hlutabréfum yrði dreginn undir yfirvofandi gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila sjálfs. Kemur það heim og saman við skýrslu sóknaraðila við uppskrift á þrotabúi sínu, er hann lýsti bú sitt algerlega eignalaust. Krafa sóknaraðila um skiptameðferð á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar til þess að fjalla um skiptingu á verðmætum, sem skotið hafi verið undan skiptum á þrotabúi sóknaraðila, á ekki heima fyrir dómstólum, og verður henni samkvæmt meginreglu 66. gr. laga nr. 85/1936 ekki sinnt.

Ekki er í skiptalögum að finna bein fyrirmæli um það, við hvaða

aðstæður taka beri upp skipti á dánarbúum. Þó er í 2. mgr. 45. gr. laganna ráðgert, að skipti verði tekin fyrir að nýju, ef hinn látni hefur átt óvissa kröfu eða arf inni í óskiptu dánarbúi. Nokkur dómafordæmi er þó við að styðjast, þar sem mælt hefur verið fyrir um endurupptöku skiptameðferðar, sem fram hefur farið. Hefur endurupptaka verið heimiluð við þær aðstæður, að fram hafa komið eignir, sem fyrri skiptameðferð hefur ekki náð til, eða tilteknir erfingjar hafa ekki tekið þátt í skiptameðferð, sem fram hefur farið.

Af hálfu sóknaraðila hefur ekki verið bent á neinar þær eignir, sem nú geti komið til skipta eftir föður hans, Sigurð B. Sigurðsson, og hann hefur ekki fært að því haldbær rök, að nú beri að taka dánarbú hans til skiptameðferðar af öðrum ástæðum. Verður kröfum hans í málinu því hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist nokkuð vegna mikils annríkis dómarans að undanförnu.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Ásgeirs Sigurðssonar, er hafnað.

Miðvikudaginn 12. júlí 1989.

Nr. 272/1989. **Þýsk-íslenska hf.**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Kærumál. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Páll Þorsteinsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í a-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. júlí 1989, sem barst Hæstarétti 7. sama mánaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt og dæmt, að héraðsdómarinn skuli víkja sæti í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., sbr. 1. gr. laga nr. 6/1985, heyra átta borgarfógetar undir borgarfógetaembættið í Reykjavík, og er einn þeirra yfirborgarfógeti, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins. Páll Þorsteinsson, héraðsdómari í máli þessu, var skipaður borgarfógeti frá 1. júlí 1981. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972 starfar hann sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar. Með erindisbréfi hefur yfirborgarfógeti falið honum „stjórn, eftirlit og verkstjórn þeirra lögtaksgerða, sem Gjaldheimtan krefst, að fari fram".

Varnaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, er rekinn samkvæmt samningi ríkisins og Reykjavíkurborgar með stoð í lögum nr. 68/1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda. Samkvæmt 2. gr. laganna skulu aðilar gera samning um hlutdeild hvors aðila í kostnaði við innheimtuna.

Héraðsdómarinn fær greidd laun úr ríkissjóði eins og aðrir

dómarar. Fram er komið, að samkvæmt samningum ríkisins og Reykjavíkurborgar um Gjaldheimtuna endurgreiðir Reykjavíkurborg ríkissjóði helming launa héraðsdómarans, og kostnaður við rekstur skrifstofu hans er greiddur af innheimtufé Gjaldheimtunnar, en á grundvelli samnings frá 1962 greiða ríkissjóður og Reykjavíkurborg rekstrarkostnað Gjaldheimtunnar að jöfnu.

Af því, sem nú hefur verið rakið, sést, að aðstaða sú, sem héraðsdómaranum er búin, er með sérstökum hætti. Þrátt fyrir það verður ekki á það fallist, að staða hans gagnvart Gjaldheimtunni komi í veg fyrir, að hann geti gegnt starfa sínum sem sjálfstæður og óháður dómari í málum hennar. Verður honum því ekki talið skylt að víkja sæti í málinu af þessum ástæðum. Með því að ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að hann eigi að víkja sæti samkvæmt 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. júní 1989.

Umboðsmaður varnaraðila hefur krafist þess, að fógeti víki sæti í máli þessu, á þeim grundvelli, að hann sé „eins konar einkadómari gerðarbeiðanda", sem fjalli nánast ekki um önnur mál en Gjaldheimtunnar í Reykjavík, og sé rekstrarkostnaður skrifstofu hans m.a. greiddur af innheimtufé Gjaldheimtunnar. Hann telur, að þessi staða fógeta geti ekki samrýmst meginreglum laga um sjálfstæði dómstóla, sbr. 2. gr. stjórnarskrár. Hann vísar og til 6. gr. augl. nr. 11/1954, um fullgildingu Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Í öllu falli telur hann, að fógeti eigi að víkja sæti skv. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir: „... eða annars, er hætta á því, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu".

Umboðsmaður sóknaraðila hafði nokkur orð um þessa kröfu varnaraðila. Hann taldi, að áratugalöng hefð væri fyrir því, að sérstakur fógeti færi af hagkvæmnisástæðum með lögtaksbeiðnir Gjaldheimtunnar í Reykjavík, m.a. vegna fjölda þeirra. Hann benti á, að Hæstiréttur hefði aldrei í dómum sínum gert athugasemd um þessa stöðu fógeta gagnvart Gjaldheimtunni þrátt fyrir mörg tækifæri, enda væri þar erfitt um vik, þar sem alkunna væri, að bæjarfógetar, sýslumenn og innheimtumenn ríkis-

sjóðstekna færu oft í sömu persónu, en því væri a.m.k. ekki til að dreifa í Reykjavík. Hann taldi það og engu máli skipta í þessu sambandi, á hvern hátt hið opinbera aflaði fjár til að kosta rekstur dómstóla, og að krafa um, að fógeti viki sæti af framangreindum ástæðum, þjónaði engum tilgangi nema til að tefja málið í heild. Hann lýsti yfir því, að hann sæi ekki neina ástæðu til að ætla, að þessi fógeti gæti ekki skorið úr þeim ágreiningi aðila, hvort lögtak ætti að ná fram að ganga eða ekki, á hlutlægan hátt. Að öðru leyti taldi hann, að fógeti mundi sjálfur meta, hvort hann teldi sig geta litið hlutdrægnislaust á þetta sérstaka mál eða ekki. Umboðsmaður varnaraðila taldi, að ekkert fordæmi væri fyrir því, að Hæstiréttur hefði þurft að taka afstöðu til kröfu um, að fógeti í þessari stöðu gagnvart Gjaldheimtunni í Reykjavík viki sæti, og teldi hann sér þó skylt að gera fyllstu kröfur um réttaröryggi fyrir umbjóðanda sinn. Hann sagði, að sú skipan, sem vísað væri til varðandi fógeta, er með þetta mál færi, væri fjarri lagi, ef telja ætti hann óháðan dómara; staða sýslumanna væri allt önnur og almennari en staða fógeta með mál fyrir einn gerðarbeiðanda.

Ekki hefur komið fram, að varnaraðili ætli, að fógeti beri óvildarhug til sín. Sjálfur veit fógeti ekki til þess, að hann sé á nokkurn hátt tengdur eða hafi haft afskipti af varnaraðila, er geri hann vanhæfan til að kveða upp úrskurð um lögtaksbeiðni þá, er um er deilt. Krafa varnaraðila, að fógeti víki sæti, byggist á stöðu fógeta gagnvart Gjaldheimtunni í Reykjavík, og verður því að fara um hana nokkrum orðum.

Árið 1975 var hann ráðinn deildarstjóri innheimtudeildar Gjaldheimtunnar í Reykjavík, og gegndi hann því starfi til 1. júlí 1981, er hann var skipaður borgarfógeti. Síðan hefur hann starfað sem fógeti, að mestu við þær lögtaksgerðir, sem Gjaldheimtan í Reykjavík hefur krafist, að fram færu hér í umdæminu, og leyst úr þeim réttarágreiningi, er þær vörðuðu. Sú skipan, að sérstakur fógeti og fógetafulltrúar sjái nær eingöngu um verkefni frá þessum einstaka gerðarbeiðanda, hefur tíðkast, síðan Gjaldheimtan í Reykjavík var stofnuð árið 1962, og raunar voru fyrir þann tíma sérstakir fulltrúar fógeta, sem eingöngu unnu að verkefnum að þessu leyti fyrir tollstjóra og Reykjavíkurborg. Fógeti telur, að sér sé ekki unnt að fallast á kröfu um að víkja sæti vegna aðstöðu og afstöðu sinnar almennt gagnvart Gjaldheimtunni í Reykjavík án þess að kasta rýrð á allar lögtaksgerðir og lögtaksúrskurði hingað til, sem hann og forverar sínir í þessari stöðu hafa gert, og væri hann sannfærður um, að ætti hann að víkja sæti, eins og kröfu er háttað, væri það viðurkenning þess, að skipan sín í þetta starf hefði verið lögleysa frá upphafi.

Þar sem nú umboðsmaður varnaraðila hefur ekki tíundað neitt í sambandi við umbjóðanda sinn og fógeta, sem geri fógeta vanhæfan til að leggja úrskurð á málið, heldur krafist almennra réttarúrbóta, sem að sínu

leyti eiga ekki frekar heima fyrir dómstólum en krafa um, að dómari láti í ljós almennt lögfræðilegt álit sitt, telur fógeti sig ekki vanhæfari til að sinna þessu máli en öðrum hingað til, þar sem Gjaldheimtan í Reykjavík hefur verið aðili máls.

Úrskurðarorð:

Kröfu varnaraðila um, að fógeti málsins víki sæti, er hafnað.

Miðvikudaginn 12. júlí 1989.

Nr. 277/1989. **Olíuverslun Íslands hf.**
gegn
Landsbanka Íslands.

Kærumál. Kyrrsetning. Trygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. þ.m. samkvæmt heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Gerir hann þá dómkröfu „aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að fyrri málsliður ályktunarorða úrskurðarins verði úr gildi felldur". Þá gerir hann kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðila auk 12% sölugjalds til ríkissjóðs.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og áskilur sér rétt til kröfu á hendur sóknaraðila um málskostnað í væntanlegu staðfestingarmáli.

Tryggingarbréf þau, er hinn kærði úrskurður tekur til, eru, að því er best verður séð, að hluta til hin sömu og um var fjallað í dómum Hæstaréttar 3. þ.m. í málunum nr. 246 og 250/1989, en einnig hefur verið bætt við nýjum bréfum. Eru bréfin 102 að tölu, og er nafnverð þeirra samtals 299.420.000,00 krónur, en ekki 298.060.000,00 krónur, eins og segir í hinum kærða úrskurði. Varnaraðili telur tryggingarbréf þessi ekki tryggingarhæf í skilningi 13. gr. l. nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann.

Í samræmi við dóm Hæstaréttar í málinu nr. 250/1989 fékk sóknaraðili tækifæri til að lagfæra tryggingarbréf þau, sem hann bauð fram sem tryggingu til að afstýra kyrrsetningu, áður en afstaða yrði tekin til tryggingarhæfni þeirra. Í þessu hlaut m.a. að felast, að sóknaraðila gæfist kostur á að láta þinglýsa óþinglýstum bréfum á viðkomandi eignir. Sóknaraðili lagði fram tryggingar að nýju, án þess að þessa væri gætt nema að því er varðar fjögur tryggingarbréf samkvæmt 17. flokki, sem fógeti hefur tekið gild sem tryggingu. Ber að fallast á, að ofangreind bréf séu ekki fullnægjandi

trygging. Jafnframt er staðfest ákvörðun um virðingu annarra fram boðinna trygginga.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Tryggingarbréf samkvæmt 17. og 18. flokki, 102 að tölu, samtals að nafnvirði 299.420.000,00 krónur, sem sóknaraðili, Olíuverslun Íslands hf., hefur lagt fram sem tryggingu til að afstýra kyrrsetningu að kröfu varnaraðila, Landsbanka Íslands, teljast ekki fullnægjandi trygging.

Staðfest er ákvæði hins kærða úrskurðar um virðingu annarra fram boðinna trygginga.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 7. júlí 1989.

Í fógetarétti í dag bauð gerðarþoli, Olíuverslun Íslands hf., fram tryggingar til handa gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, til að afstýra fram kominni kyrrsetningarkröfu hins síðarnefnda. Tryggingar þessar voru fram lagðar sem flokkur 17 til 22 eftir eðli þeirra. Gerðarþoli hefur látið bóka, að þessar tryggingar séu boðnar fram í forgangsröð í samræmi við framlagningu þeirra, svo að mati, ef krafist yrði, verði hætt, þegar fullnægjandi trygging hefur fengist. Samtals nemur verðmæti fram boðinna trygginga að mati gerðarþola 400.601.000,00 krónum.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur verið óskað mats á öllum fram boðnum tryggingum.

Meðal fram boðinna trygginga eru:

Í flokki 17:

20 tryggingarbréf, öll út gefin af gerðarþola, með veði í fasteignum gerðarþola víðs vegar um land, að nafnvirði samtals 172.500.000,00 krónur. (Í flokki 17 eru auk þessa þrjú þinglýst veðbréf, samtals 41.000.000,00 króna.)

Í flokki 18:

82 tryggingarbréf, út gefin af gerðarþola, með veði í ökutækjum í eigu gerðarþola, samtals að nafnvirði 125.560.000,00 krónur.

Með tryggingarbréfum þessum veðsetur gerðarþoli gerðarbeiðanda fasteignir sínar víðs vegar um land og skráningarskyld ökutæki úr öllum lögsagnarumdæmum landsins. Veðbréf þessi eiga það sammerkt, að þeim hefur ekki verið þinglýst.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli aðila frá 3. júlí sl., þar sem fjallað

er um meginhluta þessara veðbréfa, segir: „Hvergi er þess getið, að veðbréfi þurfi að vera þinglýst, þegar það er boðið fram sem trygging."

Þá kom fram í dómi Hæstaréttar, að skort hefði á upplýsingar um verðmæti eigna og kvaða, til að bréfin teldust tryggingarhæf. Þá hefði skort á um útgáfu fram lagðra tryggingarbréfa í lausafé. Hafi fógeta borið að gera gerðarþola kost á að lagfæra tryggingarbréfin. Gerðarþoli hefur nú bætt úr þessum atriðum, og teljast öll þessi veðbréf því tryggingarhæf að þessu leyti.

Fógeti metur eða lætur meta, ef með þarf, fram boðnar tryggingar, sbr. 12. gr. laga nr. 18/1949, sbr. 13. gr. sömu laga.

Við mat umræddra tryggingarbréfa ber almennt að líta til atriða svo sem stöðu skuldar í veðröð, verðmætis veðsettra eigna svo og fjárhagsstöðu skuldara.

Í því tilviki, er hér um ræðir, kemur það fyrst til skoðunar, hvort þessum tryggingarbréfum, sem eru óþinglýst, verði yfirleitt komið í verð og þá með hvaða hætti, enda felst tryggingargildi þeirra fyrir gerðarbeiðanda í því, að fá megi greiðslu í skjóli bréfanna.

Það er forsenda fyrir almennum viðskiptum með veðskuldabréf og þá einnig tryggingarbréf, að þeim skuli þinglýst. Þetta verður að teljast eðlilegt, þar sem annars er handhafi þeirra ekki tryggður fyrir ráðstöfunum skuldara sjálfs á hinum veðsettu eignum. Þannig getur gerðarþoli, þrátt fyrir veðsetningu umræddra eigna sinna til gerðarbeiðanda, ráðstafað þeim eftir sem áður með löggerningi til grandalauss aðila. Sá aðili getur tryggt rétt sinn með þinglýsingu, er gengur framar rétti gerðarbeiðanda. Enn fremur geta aðrir lánardrottnar gerðarþola gengið að eignum þessum og öðlast, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, ríkari rétt en gerðarbeiðandi, ef þinglýsing fer ekki fram.

Ekki verða gerðar minni kröfur um umrædd tryggingarbréf en gengur og gerist í viðskiptum, þegar verðmæti þeirra er virt. Það, að bréf þessi eru óþinglýst, hlýtur því að ráða mestu um verðmat þeirra.

Eftir lögum nr. 18/1949, sbr. 16. gr., kemur ekki skýrt fram, hvort gerðarbeiðandi eigi rétt til að fá tryggingarbréfin í sínar hendur, eftir að þau hafa verið tekin sem trygging, eða hvort fógeti varðveiti þau. Í síðara tilviki gæti gerðarbeiðandi ekki annast þinglýsingu bréfanna. Þess verður ekki heldur krafist, að fógeti láti á sinn kostnað þinglýsa fram boðnum veðskuldabréfum til að tryggja rétt gerðarbeiðanda samkvæmt þeim.

Við mat á tryggingarverðmætum verður að miða við þann tíma, er tryggingin er lögð fram. Mat á verðgildi umræddra tryggingarbréfa miðað við síðari tíma kemur því ekki til álita, enda yrði slíkt mat háð of mörgum óvissuþáttum.

Kyrrsetning er bráðabirgðagerð, er staðfesta þarf fyrir héraðsdómi.

Staðfestingarmál þarf einnig að höfða, ef gerðinni er afstýrt með tryggingu að öllu leyti eða að hluta. Kyrrsetningargerð skal hafa skjótan framgang, ella missir hún marks. Mál þetta hefur nú verið rekið reglulega hér fyrir rétti frá 30. maí sl. Það er ekki eðli kyrrsetningar að unnt sé að hindra framgang hennar með deilum um tryggingar, sem lagðar eru fram til að afstýra henni. Þetta sjónarmið á sér stoð í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 18/1949, þar sem segir, að kyrrsetningu, sem fram hefur farið, skuli fella niður að því marki, sem tryggingar kunni síðar að verða settar.

Það er mat fógeta, að þau óþinglýstu tryggingarbréf, er gerðarþoli hefur boðið gerðarbeiðanda til tryggingar í flokki 17 og 18 til að afstýra kyrrsetningu, samtals talin að verðmæti 298.060.000,00 kr., skuli talin verðlaus sem slík trygging.

Rétt þykir vegna kröfu gerðarþola um röð á mati fram boðinna trygginga, svo og þar sem þessi tryggingarbréf eru stór hluti fram boðinna trygginga, að mat fógeta kæmi fram nú. Aðrar fram boðnar tryggingar, þ.e. þrjú þinglýst tryggingarbréf í 17. flokki og tryggingar í flokkum 19 til 22, skulu teknar til virðingar af virðingarmönnum.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

20 óþinglýst tryggingarbréf, út gefin af gerðarþola, Olíuverslun Íslands hf., samkvæmt 17. flokki svo og 82 óþinglýst tryggingarbréf, út gefin af sama, samkvæmt 18. flokki, samtals talin að verðmæti 298.060.000,00 kr., skulu teljast verðlaus sem trygging fyrir kröfu gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands. Aðrar fram boðnar tryggingar skulu virtar af virðingarmönnum.

Föstudaginn 14. júlí 1989.

Nr. 279/1989. **Olíuverslun Íslands hf.**
gegn
Landsbanka Íslands.

Kærumál. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. júlí sl. samkvæmt heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðinn sama dag. Úrskurðarorð er svohljóðandi: „Fallist er á með gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, að gerðarþola, Olíuverslun Íslands hf., sé skylt að segja til um lausafé til kyrrsetningar, áður en til kyrrsetningar kemur á fasteignum þeim, er gerðarþoli hefur bent á.

Fallist er á með gerðarbeiðanda, að kyrrsetning skuli eigi fara fram að svo stöddu í þeim eignum gerðarþola, er hann hefur bent á utan umdæmis réttarins."

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðili greiði sér málskostnað auk 12% sölugjalds til ríkissjóðs.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og krefst málskostnaðar auk 12% sölugjalds til ríkissjóðs.

Deilt er um takmarkanir á rétti sóknaraðila (gerðarþola) til að benda á fjármuni til kyrrsetningar, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann. Skilja verður málatilbúnað aðila svo, að skera verði úr því, hvort varnaraðili (gerðarbeiðandi) þurfi að sæta því, að sóknaraðili bendi fyrr á fasteignir, sem flestar eru utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, en skráningarskyld ökutæki samkvæmt fram lagðri skrá. Fram er komið, að varnaraðili hefur fallist á ábendingu samkvæmt fram lagðri skrá.

Fallast má á það álit héraðsdómara, að það sé gerðarbeiðanda ekki að meinalausu, að gerðarþoli bendi á eignir utan umdæmis réttarins, meðan hann getur bent á eignir innan þess. Hinn

kærði úrskurður er því staðfestur á þann veg, sem í dómsorði greinir.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Gerðarþola, Olíuverslun Íslands hf., er skylt að benda á ofangreind skráningarskyld ökutæki til kyrrsetningar, áður en kemur að ofangreindum fasteignum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 11. júlí 1989.

I.

Með beiðni, dags. 29.maí sl., krafðist Landsbanki Íslands kyrrsetningar á eignum Olíuverslunar Íslands hf. til tryggingar gjaldföllnum skuldum hins síðarnefnda við bankann, að upphæð 437.726.328,50 kr., auk vaxta og kostnaðar, er nánar var tilgreint í gerðarbeiðni. Gerðarþoli bauð fram tryggingar til að afstýra gerðinni, og hefur málið verið rekið reglulega fyrir fógetarétti frá þeim tíma, þar sem tekinn hefur verið fyrir ágreiningur aðila og úrskurðað um hann.

Við fyrirtöku málsins í dag krafðist gerðarbeiðandi, Landsbanki Íslands, þess, að fram færi kyrrsetning í eignum gerðarþola fyrir 116.185.328,00 kr. auk vaxta og kostnaðar, svo sem greindi í gerðarbeiðni. Hér er um að ræða mismun á upphaflegri kyrrsetningarkröfu gerðarbeiðanda samkvæmt gerðarbeiðni og þeirri upphæð, er gerðarþoli hefur þegar sett tryggingar fyrir og virtar hafa verið eða eru í virðingu.

Af hálfu gerðarþola var bent á fasteignir ásamt fylgifé, eign gerðarþola skv. fram lögðum lista, að verðmati samtals 253.400.000,00 krónur. Eignir þessar eru sumpart í Reykjavík, en að mestu í öðrum lögsagnarumdæmum landsins.

Af hálfu gerðarbeiðanda er ábendingu gerðarþola mótmælt að svo stöddu og krafist, að gerðarþoli bendi á lausafé til kyrrsetningar, sem sé aðgengilegt og innan lögsagnarumdæmis réttarins. Vísar hann til 15. gr. kyrrsetningarlaga, sbr. 24. gr. l. nr. 19/1887, um aðför, kröfum sínum til stuðnings.

Þá er þess krafist, að virðing fari fram á eignum, er gerðarþoli hefur bent á til kyrrsetningar, ef krafa gerðarbeiðanda verði ekki tekin til greina.

Af hálfu gerðarþola var því mótmælt, að reglur 24. gr. aðfararlaga um rétt dómhafa til að ganga að lausafé umfram fasteignir gætu átt við um kyrrsetningu, þar sem ekki sé um fullnustugerð að ræða. Telur hann rétt gerðarþola skýlausan skv. 15. gr. l. nr. 19/1949, um kyrrsetningu og

lögbann, til að benda á þá fjármuni til kyrrsetningar, er tryggja myndu hugsanlegar kröfur gerðarbeiðanda að því marki, er gerðarþoli telji sér hagstætt.

Við rekstur máls þessa var 27. júní sl. kveðinn upp úrskurður um álitaefni þetta. Sá úrskurður var kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm 6. júlí sl. Í dómi Hæstaréttar kemur fram, að með dómum réttarins í málum nr. 246, 249 og 250/1989, sem kveðnir voru upp 3. júní sl., hafi verið felldir úr gildi, ýmist að nokkru eða öllu leyti, þrír úrskurðir fógetaréttar Reykjavíkur um fram boðnar tryggingar af hálfu gerðarþola. Samkvæmt dómum þessum komi nú til athugunar, hvort boðnar verði fram tryggingar, og ef svo hafi verið, þá liggi fyrir fógeta að taka afstöðu til þeirra og hugsanlega að fá þær metnar. Síðan segir í dómi Hæstaréttar: „...með hliðsjón af framansögðu þykir ekki tímabært að dæma um álitaefni það, sem hér er til meðferðar, og ber því að svo stöddu að fella hinn kærða úrskurð úr gildi". Samkvæmt þessari niðurstöðu Hæstaréttar hefur ekki verið dæmt í því álitaefni, er hér er til meðferðar.

II.

Við úrlausn þessa álitaefnis kemur til skoðunar ákvæði um rétt gerðarþola og skyldu skv. 15. gr. laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann, til að benda á eignir til kyrrsetningar.

Í 1. mgr. 15. gr. laganna segir, að gerðarþola sé rétt og skylt að boði fógeta að benda á fjármuni til kyrrsetningar, enda skuli fara að óskum hans um það, hvað kyrrsetja skuli gerðarbeiðanda að meinalausu. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram, að réttur gerðarþola til að taka frá tiltekna muni og verðmæti að tilteknu marki skuli fara eftir aðfararlögum, enda skuli eigi kyrrsettir munir þeir, er bannað sé að taka fjárnámi.

Markmið kyrrsetningar er að tryggja, að sú eign skuldara, sem kyrrsett er, sé tiltæk, þegar lánardrottinn hefur öðlast aðfararhæfan dóm fyrir kröfu sinni og getur gert aðför samkvæmt honum. Það leiðir af eðli gerðarinnar, að gerðarbeiðandi, sem fengið hefur eignir gerðarþola kyrrsettar, geti tryggt rétt sinn með þeim hætti, að hann þurfi ekki síðar að gera aðför í öðrum eignum en kyrrsettar voru.

Ákvæði 15. gr. um rétt og skyldu gerðarþola til að benda á eignir til kyrrsetningar verða því ekki skilin á annan veg en þann, að gerðarbeiðandi þurfi ekki að ganga að öðrum eignum til kyrrsetningar en hann þyrfti við aðför skv. texta laganna, „gerðarbeiðanda að meinalausu". Ekki verður séð, að það hafi verið ætlun löggjafans að veita gerðarþola ríkari rétt í þessu efni við kyrrsetningu en við aðför. Samkvæmt þessu verður að telja, að ákvæði um rétt og skyldur gerðarþola til að benda á eignir til kyrrsetningar séu hin sömu skv. 15. gr. kyrrsetningarlaga og fram koma í 24. gr. aðfararlaga.

Það er meginregla, að löghaldsgerðir skuli hafa skjótan framgang. Í máli þessu bendir gerðarþoli á eignir víðs vegar um landið til kyrrsetningar. Ef fallist er á rétt gerðarþola til þessarar ábendingar, þarf að taka gerðina upp í mörgum lögsagnarumdæmum, til að henni verði lokið. Þinglýsing kyrrsetningargerðar, virðing þeirra eigna og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi, myndi tefja mjög málarekstur gerðarbeiðanda. Það er skilningur réttarins, að það sé gerðarbeiðanda ekki „að meinalausu", að gerðarþoli bendi á eignir utan umdæmis réttarins, þegar hann getur bent á eignir innan þess.

Úrskurður:

Fallist er á með gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, að gerðarþola, Olíuverslun Íslands hf., sé skylt að segja til um lausafé til kyrrsetningar, áður en til kyrrsetningar kemur á fasteignum þeim, er gerðarþoli hefur bent á.

Fallist er á með gerðarbeiðanda, að kyrrsetning skuli eigi fara fram að svo stöddu í þeim eignum gerðarþola, er hann hefur bent á utan umdæmis réttarins.

Fimmtudaginn 3. ágúst 1989.

Nr. 298/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Þorláki Gesti Hálfdánarsyni Jensen.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1989, sem barst Hæstarétti 31. júlí. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með úrskurði sakadóms Akraness 18. júní 1989 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 6. júlí og að sæta geðheilbrigðisrannsókn. Skýrsla um rannsókn þessa er dagsett 19. júlí 1989 og barst ríkissaksóknara með bréfi bæjarfógetans á Akranesi, dagsettu 25. júlí. Rannsóknarskýrsla þessi hefur verið lögð fyrir Hæstarétt, en lá ekki fyrir sakadómi Reykjavíkur, er hinn kærði úrskurður var kveðinn upp.

Ber nú með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. júlí 1989.

Málavextir.

Að morgni laugardags 17. júní sl. kom Guðni Óskar Jensen á lögreglustöðina á Akranesi. Guðni var blóðugur á hálsi og bringu og greindi svo frá, að bróðir sinn hefði stungið sig með hnífi, þar sem þeir voru staddir

í íbúð að Deildartúni 4 þar í bæ. Við rannsókn á sjúkrahúsi kom í ljós, að Guðni hafði orðið fyrir hnífstungu í brjóst, og gekk stungan í annað lungað. Við yfirheyrslu hjá lögreglu bar Guðni, að ákærði hefði veist að sér og Sigrúnu Jónsdóttur, þar sem þau voru sofandi í svefnherbergi íbúðarinnar að Deildartúni 4, Akranesi. Guðni kvað ákærða hafa heimtað peninga af þeim Sigrúnu og verið mjög æstur. Guðni bar síðar um átök milli þeirra bræðra og kvaðst hafa lagst á bakið í rúmið í þeirri von, að ákærði róaðist. Guðni kvaðst hafa legið á bakinu með lokuð augu, þegar hann fékk skyndilega hnífstungu í brjóstið. Guðni kvaðst ekki hafa séð, hvernig ákærði bar sig við hnífstunguna, þar sem ákærði hefði verið búinn að taka gleraugun af sér (Guðna).

Sigrún Jónsdóttir hefur borið á sama veg og Guðni um það, er ákærði veittist að þeim í svefnherbergi íbúðarinnar að Deildartúni 4, Akranesi, vopnaður hnífi, og heimtaði peninga. Sigrún kvað ákærða hafa skorið Guðna í hálsinn, er Guðni sagðist ekki hafa peninga undir höndum. Sigrún kvað ákærða ekki hafa trúað Guðna og þá sett hnífinn að hálsi sér (Sigrúnu) og stungið og skorið, og hefði verið gert að sárum sínum á sjúkrahúsinu á Akranesi.

Framburður ákærða er nokkuð á reiki, en við yfirheyrslu hér fyrir dóminum í gær viðurkenndi ákærði að hafa veist með hnífi að þeim Guðna og Sigrúnu, þar sem þau sváfu í húsinu nr. 4 við Deildartún á Akranesi, aðfaranótt 17. júní sl. Ákærði kvað stungusár á Guðna hafa komið, er ákærði lenti í áflogum við Guðna, og var ákærði þá vopnaður hnífi. Þá kvað ákærði áverkann á Sigrúnu hafa komið, er ákærði kippti að sér hendinni, eftir að Guðni reyndi að taka í hönd ákærða.

Vegna ofangreindrar ætlaðrar háttsemi ákærða hefur dóminum nú borist ákæra á hendur honum vegna ætlaðra brota gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Vegna ofangreindrar ætlaðrar háttsemi ákærða gerir ríkissaksóknari þá kröfu með bréfi, dags. 25. júlí sl., sem barst dóminum í gærdag ásamt ákærunni og gögnum þeim, er málatilbúnaður byggist á, að ákærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til 1. október nk., og vísar ríkissaksóknari til heimildar í 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 vegna kröfu sinnar. Ákærða var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 7. júlí sl., gert að sæta gæsluvarðhaldi, og rann það gæsluvarðhald út kl. 16.00 í gærdag.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, er ákærða gefið að sök að hafa með háttsemi sinni brotið gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en brot gegn þessu lagaákvæði getur varðað allt að 16 ára fangelsi.

Svo sem rakið hefur verið, er rannsókn málsins að hefjast hér fyrir dómi samkvæmt ákæru, dags. 25. þ.m.

Með vísan til hinnar stórhættulegu og, að því er virðist, tilefnislausu árásar ákærða á þau Sigrúnu og Guðna, sem bæði höfðu gengið til náða, og svo sem háttsemi ákærða er lýst í ákærunni og með vísan til málavaxta að öðru leyti, þykir rétt að verða við kröfu ríkissaksóknara og gera ákærða að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til kl. 16.00 1. október nk., og vísast til 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 í þessu sambandi.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Þorlákur Gestur Hálfdánarson Jensen, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, þó ekki lengur en til kl. 16.00 1. október nk.

Þriðjudaginn 8. ágúst 1989.

Nr. 294/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Stefáni Steingrímssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 14. júlí 1989 með heimild í 172. gr., 3. tl., laga nr. 74/1974. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kæra barst héraðsdómara kl. 10.30 14. júlí. Samkvæmt ákvörðun Rannsóknarlögreglu ríkisins að kvöldi sama dags var varnaraðili látinn laus þá um kvöldið. Samkvæmt íslenskum réttarreglum, sbr. hæstaréttardóm 24. júní 1983 í máli nr. 119/1983, ber þó að kveða upp efnisdóm um kröfu varnaraðila.

Réttargæslumaður varnaraðila hefur sent Hæstarétti athugasemdir, sem dagsettar eru 25. júlí sl.

Þar segir: „Áður en úrskurðurinn var kveðinn upp, hafði rannsókn málsins staðið frá 13. júní sl. Rannsóknarlögreglan hafði lagt hald á þá muni og skjöl, sem verið höfðu í vörslu kærða og ætla mátti að hefðu sönnunargildi. Mörg vitni höfðu þegar verið yfirheyrð. Það var því ekki ástæða til að ætla, að kærði spillti sakargögnum með óskertu frelsi.

Það er með öllu óljóst í málinu, að rökstuddur grunur sé fyrir broti, sem geti varðað kærða þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi. Tilvísun sakadómara til XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga er ónákvæm. Í fyrirtekt fyrir sakadómi 12. júlí sl. er það bókað án andmæla, að kærði sé ekki grunaður um að hafa notið ávinnings af ætluðum brotum. Kærði var handtekinn kl. 12.35 11. júlí sl. Hann var ekki leiddur fyrir dómara fyrr en kl. 15.10 12. júlí sl. Augljóst má vera, að kærði var ekki leiddur fyrir

dómara án undandráttar, svo sem ákvæði 65. gr. laga nr. 33/1944, um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, og 63. gr. l. nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, kveða skýrt á um. Dómara bar því þá þegar að láta kærða lausan.

Loks þykir mér rétt að taka fram, að þrátt fyrir það að skjólstæðingur minn hafi verið látinn laus 14. júlí sl., þótti ekki ástæða til að falla frá kærunni. Skjólstæðingur minn telur úrskurðinn rangan, og hann hefur lögvarða hagsmuni af því að fá um það úrlausn æðri dóms, hvort hann hafi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald að ósekju."

Upphaf máls þessa er það, að 13. júní sl. lásu eftirlitsmenn ökumæla af mælum tveggja bifreiða og töldu, að þörf væri frekari könnunar. Sneru þeir sér þá þegar til Rannsóknarlögreglu ríkisins og sendu bæjarfógetanum í Hafnarfirði tilkynningu um „brot á reglum um ökumæla". Eftir þetta lét eigandi bifreiðanna með samþykki eftirlitsmanna löggilda mæla til bráðabirgða, og var það gert hjá Vélinni sf. í Reykjavík, en varnaraðili er framkvæmdastjóri fyrirtækisins og meðal eigenda þess. Rannsóknarlögregla sneri sér 16. júní til Iðntæknistofnunar Íslands. Var þess beiðst, að þar yrði reiknað svonefnt drifhlutfall í ökumælum og mælisdrifum beggja bifreiðanna. Svar barst 27. júní. Hinn 29. júní athugaði eftirlitsmaður mælana í fylgd lögreglumanns. Var farið með bifreiðarnar á starfsstöð Bifreiðaskoðunar Íslands hf. og mælarnir teknir úr þeim. Mælarnir voru síðan athugaðir hjá tæknideild Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Meðal málsskjala er ýtarleg skýrsla rannsóknarlögreglumanns. Ekki verður séð, hvenær hún er gerð, en í henni segir, að hún varði „fjársvik, brot á reglum um ökumæla". Er þar meðal annars sagt, að við skoðun tæknideildar rannsóknarlögreglunnar á búnaði úr G 3660 hafi komið í ljós, „að snigilhjól og snigilöxull voru ekki af réttri gerð. Þá kom í ljós, að fjöður, sem á að halda færsluarmi talnaverks mælisins, var brotin". Þá segir í skýrslunni: „Við skoðun á mælisdrifi (triplex) úr bifreiðinni G 3660 kom í ljós, að tennur í tannhjólum voru 24 á inntakshjóli og 33 á úttakshjóli. Þessi samsetning tannhjóla er ekki til á lista yfir mælisdrif (triplex) af gerðinni HICO...— Hvorki ökumælir né mælisdrif (triplex) er af þeirri gerð, sem skráð er í akstursbók bifreiðarinnar G 3660. Báðir

þessir hlutir voru undir innsigli frá Vélinni, eins og komið hefur fram. Við skoðun á ökumæli úr bifreiðinni G 3657 hjá tæknideild RLR kom í ljós, að innsigli yfir skrúfum á neðanverðum botni voru frá Vélinni. Þessi innsigli munu vera nýleg eða ekki eldri en frá fyrri helmingi árs 1989 að sögn eftirlitsmanna ökumæla. Segja þeir, að á þeim tíma hafi leturgerð á bókstafnum H í innsiglinu verið breytt úr H með beinum leggjum í H rituðu með skrifstöfum, ,,lykkjuskrift". Þá voru skrúfuhausar í neðanverðum mælisbotninum með greinilegum nýlegum verkfæraförum. Inni í ökumælinum vantaði innsigli á teljaraverk mælisins, og nýleg rispa var í skrúfuhaus, sem heldur teljaraverkinu. Þá voru endar á þeim skrúfum, sem hausar eru á neðanvert á botninum, gljáandi, og bendir það til þess, að skrúfurnar hafi nýlega verið teknar úr. Nýlegar rispur voru greinilegar á botni mælishússins undir teljaverki. Ekki er skráð neitt í akstursbók bifreiðarinnar G 3657 um, að mælirinn hafi verið opnaður."

Loks segir í þeirri lögregluskýrslu, sem nú hefur verið rakin að hluta, að fyrir liggi, að ökumælir G 3660 hafi ekki sýnt nema 44,2% ekinnar vegalengdar, en ökumælir G 3657 81,8% ekinnar vegalengdar. Mælarnir hafi verið settir í bifreiðarnar hjá Vélinni og þjónusta síðan veitt þar. Þó hafi þjónusta við aðra bifreiðina einu sinni verið veitt á öðru verkstæði. Var það á árinu 1987.

Hinn 11. júlí sl. voru lagðar fyrir sakadóm Reykjavíkur kröfur rannsóknarlögreglunnar um húsleitarheimild og handtöku eiganda áðurgreindra bifreiða og varnaraðila. Varð dómari við kröfunum. Fóru þrír rannsóknarlögreglumenn og einn eftirlitsmaður ökumæla á verkstæði Vélarinnar sf., gerðu þar leit og fluttu varnaraðila til yfirheyrslu kl. 13.30 fyrrgreindan dag. Hófst yfirheyrsla þegar kl. 13.40 hjá lögreglu. Sama dag gáfu lögregluskýrslur eigandi bifreiðanna, fyrrverandi starfsmaður Vélarinnar sf., og fjórir menn, sem unnu eða höfðu unnið við akstur hjá eiganda bifreiðanna. Daginn eftir, 12. ágúst, var yfirheyrslum haldið áfram, og gáfu þá skýrslur tveir menn, sem starfað höfðu hjá bifreiðaeigandanum.

Í áðurgreindri lögregluskýrslu kemur fram, að varnaraðila var 11. júlí kynnt yfirlitsskýrsla Ransóknarlögreglu ríkisins, ljósmyndir, sem tæknideild þeirrar stofnunar hafði tekið, og niðurstöður verkfræðings Iðntæknistofnunar Íslands. Varnaraðili kvaðst ,,gera sér

grein fyrir, að mælisdrif og ökumælir ... G 3660 vinni ekki rétt", og sagðist hann ekki vefengja, ,,að búnaðurinn hafi ekki mælt nema 44,2% ekinnar vegalengdar". Hann sagðist hafa sett mælinn í bifreiðina árið 1987 og skráð, að um væri að ræða AZ-5-mæli. Hafi það verið yfirsjón sín, að ekki var um réttan mæli að ræða og að ekki var rétt mælisdrif (triplex) í bílnum. Þá sagðist varnaraðili hafa sett ökumæli af gerð AZ-5 í G 3657 á árinu 1987. Hann kvaðst ekki geta skýrt niðurstöðu snúningsteljara, sem sýndi 4,1 hring af 5 á eknum 10 metrum. Enn var varnaraðili í þessari yfirheyrslu spurður um innsigli á ökumæli í G 3657. Taldi hann, að það hefði verið sett snemma á þessu ári, en það hefði verið vegna kæruleysis síns, að það var ekki fært í akstursbók. Varnaraðili neitaði því að hafa þegið greiðslur frá eiganda bifreiðanna ,,fyrir ísetningu mælabúnaðar í bifreiðarnar aðrar en samkvæmt reikningi fyrir venjulega ísetningu". Hann kvaðst aldrei hafa snúið niður mæla í bifreiðum til að svíkja undan greiðslu þungaskatts.

Þegar hinn kærði úrskurður var kveðinn upp, lá fyrir, að mælar, sem notaðir voru til að ákveða þungaskatt og varnaraðili hafði samkvæmt sérstakri löggildingu sett í tvær bifreiðar og síðan annast viðhald á, voru ekki í lagi. Sýndu mælarnir minni akstur en rétt var, og hafði það haft áhrif á skattgreiðslu eiganda bifreiðanna. Fram var einnig komið, að á verkstæði varnaraðila hafði ekki verið fært réttilega í bækur það, sem gert hafði verið þar, sbr. 4. gr., 4. mgr., og 34. gr. reglugerðar um ökumæla, nr. 62/1977, sem um þetta gildir, sbr. 5. gr. reglugerðar um þungaskatt, nr. 593/1987, og 4. gr. B. 5. mgr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ósamræmi var í skýrslum bifreiðaeiganda og varnaraðila um samskipti þeirra.

Rannsóknarlögregla studdi kröfu um gæsluvarðhald með því, að rökstuddur grunur væri um, að falsbrot hefðu verið framin með ísetningu og notkun ökumælanna svo og fjársvik. Ekki er þörf á að taka afstöðu til síðara atriðisins, en rökstuddur grunur var um brot varnaraðila á 158. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og þörf var á frekari rannsókn, án þess að varnaraðili hefði tækifæri til að torvelda hana. Brot gegn 158. gr. almennra hegningarlaga getur varðað fangelsi allt að þremur árum, og stóð 65. gr., 3. mgr., stjórnarskrárinnar af þeim sökum því ekki í vegi, að gæsluvarðhaldi yrði beitt.

Varnaraðili, sem handtekinn var kl. 12.35 11. júlí sl., var leiddur fyrir dómara kl. 15.10 daginn eftir. Leiðir þessi málsmeðferð ekki til þess, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi, svo sem haldið er fram af hálfu varnaraðila.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. júlí 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 13. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að kærða, Stefáni Steingrímssyni, kt. 15.03.50-3369, Eyjabakka 20, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 21. júlí nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir eru þeir, að RLR hefur undanfarið unnið að rannsókn á ökumælum í dráttarbifreiðunum G 3660 og G 3657, en þeir eru taldir sýna miklu minni akstur en talið er, að ekinn hafi verið. Umræddar bifreiðar eru í eigu Gylfa Kristins Matthíassonar, er rekur fyrirtækið Uppfyllingu.

Við rannsókn hefur komið í ljós, að í ökumæli bifreiðarinnar G 3660 eru snigilhjól og snigilöxull ekki af réttri gerð, svo að ökumælirinn sýnir styttri ekna vegalengd en raunverulega er ekin, en samkvæmt laga- og reglugerðarákvæðum um þungaskatt greiðist hann eftir ekinni vegalengd.

Þá leikur grunur á því, að ökumælir bifreiðarinnar G 3657 hafi verið snúinn niður, og jafnframt, að hlutfall í drifrás sé rangt, svo að mælirinn snúist of hægt.

Kærði, sem rekur fyrirtækið Vélina, Súðarvogi 18, hefur annast ísetningu mælanna og eftirlit með þeim.

Kærði skýrði svo frá fyrir dóm, að sér hefði ekki verið ljóst, fyrr en rannsóknaraðilar bentu honum á það, að umræddir ökumælar voru ekki í lagi. Kærði viðurkenndi, að sér hefðu orðið á mistök við drif í mælunum, en sér hefði ekki orðið það ljóst, fyrr en eftir að mál þetta kom upp. Þá neitaði kærði því að hafa nokkurn tíma unnið verk fyrir Gylfa með það fyrir augum, að ökumælarnir sýndu ekki rétt.

Samkvæmt vitnaframburði leikur grunur á brotastarfsemi af hálfu kærða

og Gylfa, einkum brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og kærði undir rökstuddum grun um brot, er varðað getur hann fangelsisrefsingu, þykir nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að kærði nái að spilla sakargögnum með óskertu frelsi. Þykir því rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina.

Úrskurðarorð:

Kærði, Stefán Steingrímsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 21. júlí 1989 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 10. ágúst 1989.

Nr. 205/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðnýju Bæringsdóttur.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1989. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðila var 27. júlí 1989 á dómþingi sakadóms Reykjavíkur kynnt kæra ríkissaksóknara. Kvaðst hún ekki gera neinar athugasemdir við kröfur ákæruvaldsins.

Aðfaranótt 28. desember 1988 var varnaraðili handtekin vegna grunar um ölvun við akstur. Reyndist vínandamagn í blóði hennar 0,94 ‰. Hinn 5. apríl 1989 samþykkti varnaraðili í sakadómi Norður-Múlasýslu að greiða 30.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir brot þetta og að sæta ökuleyfissviptingu í 18 mánuði frá þeim degi að telja. Var brot hennar í dómsáttinni talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987.

Hinn 12. júní 1985 samþykkti varnaraðili í sakadómi Reykjavíkur sektargreiðslu fyrir að hafa 24. apríl 1985 ekið bifreið undir áhrifum áfengis og að sæta sviptingu ökuréttinda í 12 mánuði frá 14. maí 1985. Brot hennar var heimfært undir 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga, nr. 40/1968.

Í 3. mgr. 102. gr. laga nr. 50/1987 segir: „Nú hefur stjórnandi ökutækis ítrekað brotið gegn ákvæðum 45. gr., og skal svipting ökuréttinda þá vera eigi skemur en tvö ár....“ Brot varnaraðila er ítrekað, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Framangreind málalok um ökuleyfissviptingu voru því óheimil að lögum. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt gerð í sakadómi Reykjavíkur 12. júní 1985.

Ár 1985, miðvikudag 12. júní, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Unu Þóru Magnúsdóttur. Fyrir er tekin kæra á hendur Guðnýju Bæringsdóttur fyrir umferðarlagabrot. Dómari leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: 1) bréf lögreglustj., 2) skjalaskrá og fylgiskjöl.

Kl. 14.00 kemur í dóminn kærða Guðný Bæringsdóttir sjómaður, heimili Brekkuseli 18, Reykjavík, nafnnr. 3150-9688, fædd 12.6.1963 í Reykjavík.

Kærðu er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Kærða játar, að efni kærunnar sé rétt, að hún hafi ekið bifr. G 15562 miðvikud. 24. apríl sl. undir áhrifum áfengis.

Dómari skýrir nú kærðu frá því, að í blóðsýni því, sem úr henni var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,34 ‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómari kærðu að ljúka málinu þannig, að hún fallist á að greiða 10.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera svipt ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hennar þykir efnislega varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., umfl.

Kærða samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 20. júlí, en ella sæti kærða í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærða samþykkir að greiða málskostnað, 1.161,00 kr., fyrir sama tíma.

Kærðu er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 14.5.1985.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Fimmtudaginn 10. ágúst 1989.

Nr. 304/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Benedikt Ólafssyni.

Kærumál. Bráðabirgðasvipting ökuréttinda felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. ágúst 1989 samkvæmt heimild í 103. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að hann fái ökuréttindi að nýju. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Með greinargerð ríkissaksóknara, sem barst Hæstarétti í dag, fylgdi afrit ákæru á hendur varnaraðila, út gefinnar í dag, sakavottorð hans og tvö skjöl önnur, er síðar getur.

Kærður er úrskurður sakadóms Ísafjarðar 29. júlí 1989, sem Björn Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, kvað upp og birtur var 31. júlí. Með úrskurði þessum var staðfest ákvörðun Katrínar Hilmarsdóttur, fulltrúa bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, 21. júlí um að svipta varnaraðila ökuleyfi til bráðabirgða, „fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið". Sami fulltrúi hélt sakadóm Ísafjarðar 27. júlí, þegar varnaraðila var boðið að ljúka málinu með dómsátt, sem hann féllst ekki á.

Í skýrslu lögreglumanna um mælingu á ökuhraða varnaraðila 21. júlí 1989 kl. 21.30 segir meðal annars, að eftirlitsstaður hafi verið í Hafnarstræti, stöðvunarstaður sami og litur bifhjólsins svartur. Lögreglumennirnir voru yfirheyrðir af lögregluvarðstjóra 28. júlí. Ekki voru þeir spurðir um lit bifhjólsins. Báðir báru þeir að hafa ekið á eftir hjólinu, þangað sem það var stöðvað, að Hlíðarvegi 45. Annar þeirra kvaðst hafa séð tvö bifhjól koma vestur Hafnarstræti, og hefði öðru þeirra verið ekið á undan hinu og sýnu hraðar. Hefði hraði þess enn verið aukinn og móts við sjúkrahúsið mælst

71 km/klst. Hitt hjólið hefði hins vegar dregist nokkuð aftur úr. Hinn lögreglumaðurinn bar á sömu leið; móts við kirkjugarðinn hefði hraði fremra bifhjólsins verið aukinn verulega og hitt hjólið „nánast verið skilið eftir". Báðir sögðu það útilokað, að þeir hefðu mælt hraða þess bifhjóls, sem á eftir fór. Varnaraðili kom fyrir sakadóm 28. júlí. Kvað hann bifhjól það, sem hann ók, „hafa verið að aðallit rautt, en hitt hjólið hefði að aðallit verið svart". Hann kvað einnig rangt, að stöðvunarstaður hefði verið í Hafnarstræti, og kvaðst ekki hafa orðið var við lögreglu, fyrr en hún kom að Hlíðarvegi 45, þar sem hann var að láta bifhjólið inn í bílskúr. Á móts við safnaðarheimilið á horni Sólgötu og Hafnarstrætis sagðist hann hafa verið nokkrum metrum á eftir hinu bifhjólinu, sem farið hefði mjög hægt. Hann hefði þá ekið fram úr því og hraðamælir sinn þá sýnt 40-50 km hraða. Eftir það kvaðst hann hafa dregið úr ökuhraðanum. Á móts við gamla sjúkrahúsið hefði hann svo orðið var við það, að hitt hjólið væri komið fast á eftir sér.

Í vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf. í dag kemur fram, að litur bifhjóls þess, er varnaraðili ók, er rauður. Sama kemur fram í skýrslu annars lögreglumannanna, sem gerð var í dag, og skýrir hann missögn í fyrri skýrslu með því, að hnakkur hjólsins sé svartur. Þessi gögn fylgdu greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar.

Lögreglumenn þeir, sem hér áttu hlut að máli, voru ekki yfirheyrðir fyrir sakadómi vegna þess misræmis, sem er í skýrslum þeirra og varnaraðila. Þá hefur ekki verið tekin skýrsla af stjórnanda hins bifhjólsins. Við svo búið er ekki einsýnt, að skilyrði til sviptingar ökuréttinda séu hér fyrir hendi, og ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi svo og ákvörðun lögreglustjórans á Ísafirði 21. júlí 1989 um að svipta varnaraðila ökuréttindum til bráðabirgða.

Kærumálskostnaður dæmist svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur svo og ákvörðun lögreglustjórans á Ísafirði 21. júlí 1989 um að svipta varnaraðila, Benedikt Ólafsson, ökuréttindum til bráðabirgða.

Kærumálskostnaður, 10.000,00 krónur, greiðist varnaraðila úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Ísafjarðar 29. júlí 1989.

Kærði, Benedikt Ólafsson, kt. 101165-3029, Mjallargötu 1, Ísafirði, hefur krafist þess, að ákvörðun fulltrúa lögreglustjórans á Ísafirði, dagsett 21. júlí 1989, um að svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða verði felld úr gildi.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 21. júlí 1989 kl. 21.30 var lögreglubifreiðin Í 1102 á Seljalandsvegi á Ísafirði, skammt frá gatnamótum Seljalandsvegar við Hafnarstræti, og mældu lögreglumenn hraða ökutækja, er ekið var vestur Hafnarstræti. Samkvæmt skýrslu lögreglu var akstur kærða, Benedikts Ólafssonar, á bifhjólinu Í 509 mældur á umræddum vegarkafla, og sýndi ratsjá lögreglubifreiðarinnar 71 km/klst.

Í framburðarskýrslum, sem lögreglumennirnir tóku, staðfestu þeir mælinguna og greindu frá því, að á móts við kirkjugarðinn við Hafnarstræti hefði hraði bifhjólsins Í 509 verið aukinn verulega og bifhjól kærða farið fram úr því bifhjóli, er hann var í fylgd með. Á móts við sjúkrahús Ísafjarðar hefði bifhjól kærða komið inn í ratsjárgeislann, og hefði ratsjáin þá sýnt 71 km/klst. Hefði ratsjánni þá verið læst. Þeir hefðu þá þegar ekið af stað á eftir bifhjólinu, sem ekið var sem leið lá vestur Hafnarstræti, norður Túngötu og þaðan upp að húsinu nr. 45 við Hlíðarveg, þar sem haft var tal af kærða.

Í frumskýrslu hjá lögreglu kvaðst kærði hafa ekið á u.þ.b. 45-50 km/klst. vestur Hafnarstræti í umrætt sinn. Í skýrslu fyrir dómi kvaðst kærði í fyrstu hafa ekið á eftir hinu bifhjólinu, sem hefði farið mjög hægt, en á móts við safnaðarheimilið við Sólgötu kvaðst hann hafa aukið hraðann og ekið fram úr hinu bifhjólinu. Hann kvaðst telja, að hraði bifhjólsins við framúraksturinn hefði verið á bilinu 40-50 km/klst. Síðan hefði hann hægt ferðina og ekið á löglegum hraða eftir það alla leið að húsinu nr. 45 við Hlíðarveg. Hann kvaðst hafa ekið á undan hinu hjólinu alla leiðina, frá því að hann ók fram úr því móts við safnaðarheimilið. Kærði kvaðst ekki hafa orðið var við lögreglu fyrr en við Hlíðarveg 45. Kærði hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi rengt mældan ökuhraða.

Samkvæmt ratsjárskýrslu frá 21. júlí 1989 var ratsjá lögreglubifreiðarinnar prófuð fyrir mælingu kl. 20.45 og kl. 21.45 eftir mælingu.

Samkvæmt ákvörðun fulltrúa lögreglustjórans á Ísafirði, dags. 21. júlí 1989, sem var birt kærða sama dag, var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Kærða var 27. júlí 1989 boðið að ljúka máli þessu með dómsátt og greiðslu 8.000,00 króna sektar og sviptingu ökuleyfis í einn mánuð frá 21. júlí sl. að telja, en hann hafnaði því. Hann kvaðst hafna sátt af þeirri ástæðu, að hraði bifhjóls síns hefði í umrætt skipti ekki verið meiri en 40-50 km/klst, og því hefðu einhver mistök orðið hjá lögreglu, er hún mældi hraða bifhjólsins.

Niðurstaða.

Kærða er gefið að sök að hafa ekið bifhjólinu Í 509 með 71 km/klst. hraða vestur Hafnarstræti á Ísafirði föstudaginn 21. júlí 1989 kl. 21.30, þar sem heimilaður hámarkshraði er 35 km/klst., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 2. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 474 4. desember 1984. Samkvæmt 1. mgr. 103. gr. laga nr. 50/1987 skal lögreglustjóri svipta mann ökuleyfi til bráðabirgða, ef hann telur hann hafa unnið til sviptingar. Með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið rakið, verður krafa um, að bráðabirgðasvipting ökuleyfis verði úr gildi felld, eigi tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Kröfu kærða, Benedikts Ólafssonar, að felld verði úr gildi ákvörðun fulltrúa lögreglustjórans á Ísafirði, dagsett 21. júlí 1989, um að svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða, er synjað.

Þriðjudaginn 22. ágúst 1989.

Nr. 317/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Bjarna Leifi Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. ágúst 1989. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldsvistin verði stytt.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Varnaraðili er meðal annars grunaður um þjófnað og skjalafals. Rannsókn málsins er á frumstigi. Með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. ágúst 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 17. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Bjarna Leifi Péturssyni, atvinnulausum, til lögheimilis að Fljótaseli 8, Reykjavík, kt. 150658-2419, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 1. september 1989 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

RLR vinnur nú að rannsókn þjófnaðarmála, þar sem stolið hefur verið seðlaveskjum ásamt tékkheftum, greiðslukortum og fleiri verðmætum,

skartgrip og öðrum lausafjármunum víðs vegar um borgina. Jafnframt er unnið að rannsókn á skjalafalsi með tékkum og greiðslukortum, sem voru í framangreindum veskjum.

Í gærkvöld handtók lögreglan í Reykjavík kærða fyrir utan veitingastaðinn Rauða ljónið við Eiðistorg, og kastaði hann frá sér seðlaveski, þegar er hann varð lögreglunnar var. Í veskinu var m.a. tékkhefti Valgerðar Helgu Einarsdóttur frá Sparisjóði Kópavogs og farkort frá Visa-Ísland á nafni Óla Öders Magnússonar, en Óli þessi kærði í dag þjófnað á seðlaveski sínu, er hvarf fyrir utan hús nr. 4 við Laugarásveg sl. mánudag. Við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi hefur kærði staðfastlega neitað því að hafa stolið framangreindum seðlaveskjum og tékkheftum og kveðst ekkert kannast við innbrot í skartgripaverslun Franks Michelsens við Laugaveg hér í borg, þrátt fyrir það að honum sé kynntur framburður Bryndísar Ólafsdóttur, kt. 041270-5519. Engu að síður leikur rökstuddur grunur á aðild kærða að framangreindum brotum, og geta þau varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Rannsókn þessara mála er á frumstigi. Óvíst er, hvort tékkar úr framangreindum heftum eigi eftir að berast bönkum og hvort kvittanir vegna úttekta með greiðslukortum eigi eftir að koma fram.

Með hliðsjón af framansögðu og því, að kærði hefur staðfastlega neitað sök, þrátt fyrir það að sterkar líkur séu á aðild hans að brotum þessum, þykir verða að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 1. september nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 1. september 1989 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 31. ágúst 1989.

Nr. 360/1988. **Kornelíus Jónsson**

gegn

Benedikt E. Guðbjartssyni,
Páli Jóhanni Þorleifssyni hf.,
Búnaðarbanka Íslands,
borgarstjóranum í Reykjavík
f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur
og Sigurjóni Ragnarssyni.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1988. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Hafnarfjarðar, sem kveðinn var upp 3. nóvember 1988. Málið var þingfest 2. desember 1988, og fékk áfrýjandi þá frest til aprílmánaðar 1989. Hefur hann síðan fengið frest tvisvar, til maímánaðar og svo til júnímánaðar 1989. Er málið var tekið fyrir 2. júní sl., óskaði áfrýjandi enn eftir, að málinu yrði frestað til októbermánaðar 1989. Var því andmælt af hálfu stefndu Benedikts E. Guðbjartssonar, Páls Jóhanns Þorleifssonar hf. og Búnaðarbanka Íslands. Hafa þeir krafist, að þeim verði dæmdur málskostnaður eða ómaksbætur.

Frá áfrýjanda hefur ekki borist greinargerð. Hafa ekki komið fram rök hans fyrir frekari frestun málsins. Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði stefndu Benedikt E. Guðbjartssyni, Páli Jóhanni Þorleifssyni hf. og Búnaðarbanka Íslands málskostnað svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Kornelíus Jónsson, greiði stefndu Benedikt E. Guðbjartssyni, Páli Jóhanni Þorleifssyni hf. og Búnaðarbanka Íslands 8.000,00 krónur í málskostnað hverjum að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. september 1989.

Nr. 333/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Inga Sörensen.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með bókun á dómþingi 30. ágúst sl. Gögn málsins bárust réttinum 1. september. Athugasemdir ríkissaksóknara og réttargæslumanns varnaraðila bárust réttinum í dag. Af hálfu varnaraðila er þess krafist aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og vísar um það atriði til 2., 3. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómari hefur byggt niðurstöðu sína á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. ágúst 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 29. ágúst, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Lögreglan í Reykjavík handtók 28. júlí sl. hér í borg Inga Sörensen, kt. 270744-4009, með lögheimili að 14636 Mourpark, Apt. 13, Sherman Oaks, Los Angeles, Kaliforníu, en dvalarstað að Eiríksgötu 27 hér í borg.

Við húsleit þar sama dag fundust í ferðatösku 60,5 g af hvítu dufti, er við síðari efnagreiningu reyndist nær hreint kókaín. Samtals fundust í fram-

haldi þar af 79,9 g af sams konar dufti við leit að Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði, á heimili Helga B. Helgasonar, kt. 070756-4989, og á vinnustað sama aðila í fyrirtækinu Kentucky Fried í Hafnarfirði.

Næsta dag, 29.7. sl., var nefndur Ingi Sörensen úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að kl. 15.00 í dag. Ingi þessi hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi kannast við að hafa á tímabilinu 7.-10. júní sl. komið höndum yfir átta únsur eða 8x28 g af kókaíni, nánar með þeim hætti, að M hafi komið þessum efnum fyrir utan dyra við ofangreindan dvalarstað Inga og síðar tilkynnt um símleiðis. Nefndur M andaðist í meðferðarstöð SÁÁ að Staðarfelli 11. júní sl.

Ingi Sörensen kvaðst ekki vita, hvað vakað hefði fyrir M með þessari afhendingu, og ekki hafa litið svo á, að hann ætti eða væri að kaupa efnin. Eigi að síður hefur hann selt verulegan hluta þeirra tveimur nafngreindum aðilum, annars vegar ofangreindum Helga B. Helgasyni tvívegis, tvær únsur hvoru sinni, og einingarverð verið ákveðið 6.600,00 kr. hvert g af fyrstu únsunni, 7.000,00 kr. hvert g í annarri, en 6.600,00 kr. g í þriðju og fjórðu únsu. Ingi Sörensen kvaðst telja sig hafa tekið við 150-200 þús. krónum af söluverði þessa magns.

Nefndur Helgi B. Helgason hefur kannast við ofangreind viðskipti. Ingi Sörensen taldi sig hins vegar seint í júlí sl. hafa tvívegis selt Franklín Kristni Steiner af þessu kókaíni, eina únsu hvoru sinni fyrir 6.600,00-7.000,00 kr. hvert g, og tekið við af söluverðinu 150-160 þús. krónum. Franklín Kristinn Steiner hefur ekki kannast við þessi viðskipti. Ingi Sörensen hefur hins vegar afsalað sér 330.000,00 krónum sem söluandvirði ofangreindra efna.

Af hálfu ákæruvalds hefur með vísan til 2. og 4. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga, um meðferð opinberra mála, verið sett fram krafa um, að Inga Sörensen verði áfram gert að sæta gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til föstudags 27. október nk. kl. 15.00, enda fram tekið, að ákæra verði á næstunni út gefin í þessu sambandi.

Þá er af hálfu ákæruvalds lýst yfir, að ekki þyki nauðsynlegt vegna rannsóknarhagsmuna, að hinn kærði sæti einangrun í gæsluvarðhaldinu.

Réttargæslumaður kvaðst hins vegar telja, að í þessu tilviki nægði og væri eðlilegt, að kærði gengi laus gegn tryggingu, sbr. 71. gr. laga nr. 74/1974, og með eða án formlegs farbanns, sbr. 72. gr. sömu laga.

Fulltrúi ákæruvalds taldi þetta engu breyta gagnvart aðalkröfu, enda ótímabærar hugleiðingar, fyrr en úrskurðað hefði verið um gæsluvarðhaldskröfuna.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986.

Ingi Sörensen hefur samkvæmt ofanskráðu viðurkennt verulegt kókaínmisferli, og er sú játning studd framburði Helga B. Helgasonar, en að auki fíkniefnum þeim, sem hald hefur verið lagt á.

Ekki verður talið, að beiting áðurnefnds 4. töluliðar 67. gr. laga nr. 74/1974 ráðist af rannsóknarnauðsyn, heldur mati á alvarleika brots.

Ber þá annars vegar að líta til fyrrgreindrar játningar Inga Sörensens, en virða til samanburðar dóm Hæstaréttar Íslands, upp kveðinn 8. júní sl., í málinu nr. 116/1989.

Þar var staðfestur sá dómur undirréttar, að tveggja ára fangelsisvist varðaði að smygla hingað til lands liðlega 50 g af kókaíni og selja að hluta með hagnaði hérlendis.

Samkvæmt því, öðru ofanrituðu og þar með nefndum 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir eiga að ná fram að ganga sú krafa ákæruvalds, að Ingi Sörensen sæti áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til föstudags 27. október nk. kl. 15.00.

Með vísan til athugasemdar hér að ofan um eðli 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 svo og yfirlýsinga ákæruvalds í kröfugerð þykir hins vegar rétt að létta af kærða einangrun í eftirfarandi gæsluvarðhaldi og að kærði njóti hér eftir réttarstöðu afplánunarfanga, svo sem ráð er gert fyrir í 3. gr. laga nr. 48/1988.

Úrskurðarorð:

Framlengd er gæsluvarðhaldsvist Inga Sörensens, kt. 270744-4009, frá kl. 15.00 að telja 29.8.1989, uns dómur gengur í máli hans í héraði, en þó ekki lengur en til föstudags 27. október 1989 kl. 15.00, enda njóti gæslufanginn á nefndu tímabili réttarstöðu afplánunarfanga.

Miðvikudaginn 13. september 1989.

Nr. 318/1989. **Óskar Mikaelsson**

gegn

Veðdeild Landsbanka Íslands,
Byggingasjóði ríkisins,
Gjaldheimtunni í Garðakaupstað,
Vélsmiðju Hafnarfjarðar hf.,
Versluninni Álfaskeiði,
Teppabúðinni,
Pétri Björnssyni,
Otto B. Arnar, umboðsverslun,
Sigríði Ósk Þórisdóttur,
Helgu Skarphéðinsdóttur,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Baldvin Jónssyni,
þrotabúi Hafskipa hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Innheimtumanni ríkissjóðs í Garðakaupstað,
Sigurði Guðjónssyni og
Davíð Sigurðssyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Dómarar. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í a-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. júlí 1989. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og breytt á þá leið, að hinn reglulegi uppboðshaldari skuli víkja sæti í uppboðsmáli varðandi fasteignina Espilund 10, Garðakaupstað, þinglesna eign Óskars Mikaelssonar.

2. Að ómerkt verði eftirfarandi ummæli uppboðshaldara í úrskurðinum: „Átelja verður lögmann uppboðsbeiðanda, Hilmar Ingimundarson hrl., fyrir að hafa uppi þá tilefnislausu kröfugerð

og bersýnilega þýðingarlausu málsástæður, er greinir í tilvitnuðu bréfi hans.“

3. Að kærumálskostnaður verði til dæmdur.“

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 21. ágúst 1989. Samkvæmt bréfi uppboðshaldarans í Garðakaupstað, dags. 27. s.m., hefur hann þann dag tilkynnt öllum varnaraðilum um kærumál þetta með ábyrgðarbréfum. Frá þeim hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Már Pétursson bæjarfógeti kvað upp hinn kærða úrskurð 12. júlí 1989. Úrskurðurinn er án forsendna. Um forsendur og rökstuddar ástæður dómara samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, hefur bæjarfógeti vísað í eftirfarandi „bókun með eða formála“ að hinum kærða úrskurði með þeirri leiðréttingu, að í endurriti hafi misritast „lögmann uppboðsbeiðanda“ í stað „lögmann uppboðsþola“ í þeirri málsgrein, er sóknaraðili hefur krafist ómerkingar á.

„Uppboðshaldari leggur fram sem nr. 1 bréf lögmanns uppboðsþola, Hilmars Ingimundarsonar hrl., dags. 11.7. 1989, svohljóðandi:

„Til mín hefur leitað Óskar Mikaelsson, Espilundi 10, Garðabæ, og falið mér að mótmæla fyrirhuguðu uppboði á fasteign sinni, Espilundi 10, Garðabæ, 14. júlí nk. kl.15.00.

Af hálfu umbj. míns eru gerðar þær kröfur, að hinn reglulegi uppboðshaldari víki sæti í uppboðsmáli þessu, þar sem löglærðir fulltrúar hans höfðu á fyrri stigum málsins tekið að sér réttarvörslu fyrir uppboðsbeiðendur, sbr. fyrirtökur 21. okt. 1986, 9. desember 1986 og 21. maí 1987. Slík afskipti dómsvalds fyrir annan málsaðila samrýmast ekki þeirri grundvallarreglu réttarfarslaga, að dómari skuli gæta fyllsta hlutleysis við meðferð mála og í engu draga taum annars aðilans.“

Uppboðshaldari, bæjarfógetinn í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumaðurinn í Kjósarsýslu, Már Pétursson, tekur fram, að hann hafi samkvæmt skipunarbréfi forseta Íslands, út gefnu 17. maí 1987, tekið við embætti því, er hann nú gegnir, frá og með 1. júní 1987 að telja.

Fulltrúar þeir, er vísað er til í tilvitnuðu bréfi, voru fulltrúar Einars Ingimundarsonar, er gegndi til 31. maí 1987 framangreindu embætti, og störfuðu á hans ábyrgð og í hans umboði.

Fulltrúi sá, er nú fer með mál þetta og fyrirhugað er, að fari með það hér fyrir dómi, þar til það er til lykta leitt, Finnur Torfi Hjörleifsson, hefur, svo að vitað sé, engin þau afskipti haft af málinu, er til vanhæfis gætu leitt, síst þau, er lögmaður uppboðsbeiðanda vísar til í bréfi sínu.

Þá er og að athuga, að Hæstiréttur hefur um mál þetta og meðferð þess í héraði fjallað í dómi sínum í hæstaréttarmálinu nr. 320/1987, upp kveðnum 7. mars 1989. Í forsendum dómsins er sérstaklega vikið að málsástæðu þeirri, er lögmaður uppboðsþola reisir nú vikningarkröfu á. Hæstiréttur ómerkir ekki málsmeðferð í héraði og leggur fyrir hinn reglulega uppboðshaldara að víkja sæti eða úthluta málinu til hinna sjálfstæðu héraðsdómara við embættið, heldur vísar málinu frá Hæstarétti, svo að hinn áfrýjaði úrskurður héraðsdóms frá 22. október 1987, að þriðja og síðasta uppboð skuli fram fara, stendur óhaggaður. Ákvæði 1. mgr. 195. gr. l. 85/1936 sýnast því eiga við um sakarefni það, er lögmaður uppboðsþola krefst nú úrskurðar um.

Átelja verður lögmann uppboðsþola, Hilmar Ingimundarson hrl., fyrir að hafa uppi þá tilefnislausu kröfugerð og bersýnilega þýðingarlausu málsástæður, er greinir í tilvitnuðu bréfi hans.

Að þessu athuguðu kveður uppboðshaldari upp svofelldan

ÚRSKURÐ:

Hinn reglulegi uppboðshaldari víkur eigi sæti í máli þessu."

Uppboðsmál þetta hefur áður verið til meðferðar hér fyrir dómi, sbr. dóm Hæstaréttar 7. mars 1989. Þar kemur fram, að meðferð málsins í héraði hafi ekki verið gallalaus. Þrátt fyrir þessa ágalla þykir sóknaraðili ekki hafa fært fram nein haldbær rök fyrir því, að hinn reglulegi uppboðshaldari, Már Pétursson, eigi að víkja sæti í málinu. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Ekki voru næg efni til að átelja lögmann sóknaraðila, svo sem uppboðshaldari gerði í framangreindri bókun.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Föstudaginn 15. september 1989.

Nr. 343/1989. **Hörður Ólafsson**
gegn
Evelyne Nihouarn.

Kærumál. Frestur. Bein fógetagerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. september 1989 samkvæmt heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur sama dag. Úrskurðurinn er án forsendna, en úrskurðarorð er svohljóðandi:

„Kröfu gerðarþola Harðar Ólafssonar um um beðinn frest er hafnað."

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og frestur málsins ákveðinn. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila hefur borist greinargerð. Þar er ekki að finna sérstaka kröfugerð í máli þessu, en skilja verður hana svo, að krafist sé staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti, sem kvað upp hinn kærða úrskurð, hefur í samræmi við 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður fyrir úrlausninni, svohljóðandi:

„I.

Með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 18. júlí 1989, í málinu E-20/1989: Evelyne Nihouarn gegn Herði Ólafssyni, var tekin til greina krafa gerðarbeiðanda um útburð á gerðarþola úr íbúð gerðarbeiðanda á 3. hæð að Njálsgötu 87, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krafðist aðstoðar fógeta við að framkvæma útburðinn, en hann hafði þá árangurslaust reynt að fá gerðarþola til að rýma íbúðina í samræmi við úrskurð fógetaréttar. Fógeti tilkynnti gerðarþola bréflega 23. ágúst sl. um fyrirhugaðan útburð, sem fara átti fram 4. september 1989.

Gerðarþoli var viðstaddur gerðina þann dag og lagði fram í fógetarétti „sakamálskæru“ á hendur gerðarbeiðanda, dags. 26. ágúst 1989, ásamt fylgiskjölum nr. 1-27. Þá gerði hann þá kröfu, að fógetaréttarmálið E-20/1989 yrði endurupptekið með vísan til 52. gr. laga nr. 19/1887, um aðför, og 3. mgr. 118. gr. eml. Til vara var þess krafist, að fram lögð kæra frestaði útburði, með vísan til 2. mgr. 117. gr. eml.

Krafa þessi var borin undir lögmann gerðarbeiðanda, sem krafðist þess, að gerðin færi fram. Gerðarþoli krafðist þá um það úrskurðar fógeta, að sér yrði veittur frestur til að koma að gögnum um lögmæt forföll sín 18. júlí sl. Til vara var krafist frestunar með vísan til 2. mgr. 117. gr. eml.

Af hálfu gerðarbeiðanda var þess krafist, að gerðin færi fram og að synjað yrði um frest.

Fógeti kvað upp úrskurð í réttinum, þar sem kröfu gerðarþola um frest var hafnað. Gerðarþoli lýsti þegar yfir kæru úrskurðarins til Hæstaréttar Íslands.

II.

Gerðarþoli reisir kröfu sína um frestun á framkvæmd úrskurðar fógetaréttar Reykjavíkur frá 18. júlí sl. í fyrsta lagi á því, að hann þurfi að koma að gögnum um lögmæt forföll sín þann dag, er útivist varð af hans hálfu í málinu og krafa gerðarbeiðanda tekin til úrskurðar. Er krafa þessi sett fram í því skyni að fá málið endurupptekið á grundvelli 52. gr. laga nr. 19/1887, um aðför.

Það var mat fógeta, að gerðarþoli hefði haft nægan tíma til að afla sér þeirra gagna, er hann óskar nú að fá að koma að í málinu. Þá taldi fógeti, að enda þótt gerðarþoli gæti sýnt fram á lögmæt forföll umræddan dag, þá skorti fógeta lagaheimild til að veita gerðarþola um beðinn frest gegn andmælum gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli reisir kröfu sína um frest í öðru lagi á því, að hann hafi lagt fram kæru á hendur gerðarbeiðanda um saknæmt athæfi, og vísar kröfu sinni til stuðnings til 2. mgr. 117. gr. l. 85/1936.

Samkvæmt þeirri meginreglu, er fram kemur í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 19/1887, hefði áfrýjun gerðarþola á úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur frá 18. júlí ekki frestað framkvæmd hans. Kæra gerðarþola á hendur gerðarbeiðanda „fyrir ýmis brot hennar á

almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, í samskiptum við mig", eins og segir í kæru gerðarþola, veitir fógeta ekki heimild til að fresta framkvæmd úrskurðarins gegn andmælum gerðarbeiðanda, enda eiga ákvæði 2. mgr. 117. gr. eml. ekki við í máli þessu."

Með skírskotun til framangreindra raka borgarfógeta ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Miðvikudaginn 20. september 1989.

Nr. 296/1989. **Þorvaldur Ari Arason**
gegn
Þorsteini Eggertssyni,
Landsbanka Íslands og
Júlíusi Guðmundssyni, fulltrúa yfirborgarfógetans í Reykjavík.

Kærumál. Ómaksbætur. Dómarar. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. júlí 1989. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur sama dag.

Úrskurðurinn hljóðar svo:

„ÚRSKURÐUR:

Krafa gerðarþola, Þorvalds Ara Arasonar, um sérstaka þóknun vegna máls þessa, sem jafngildir tveimur mótum og dagpeningum í tvo daga, er ekki tekin til greina."

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilar, Þorsteinn Eggertsson héraðsdómslögmaður og Landsbanki Íslands, verði in solidum dæmdir til að greiða sér 25.980,00 krónur í lögmannsþóknun, 800,00 krónur í kærugjald, 200,00 krónur fyrir ritlaun fógeta og 2.204,00 krónur fyrir ritlaun kæru auk kærumálskostnaðar.

Þá krefst sóknaraðili þess með vísan til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, að Hæstiréttur veiti Júlíusi Guðmundssyni, fulltrúa yfirborgarfógetans í Reykjavík, áminningu og dæmi hann til greiðslu sektar.

Landsbanki Íslands krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Frá Þorsteini Eggertssyni hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Júlíus Guðmundsson hefur ekki gert kröfur í málinu.

I.

Júlíus Guðmundsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð. Úrskurðurinn er án for-

sendna. Héraðsdómara bar því samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, að senda Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni. Í bréfi til Hæstaréttar, dagsettu 13. þ.m., hefur héraðsdómari rökstutt úrlausn sína svo sem hér segir:

„Með skeyti, dagsettu 7. júlí sl., var Þorvaldur Ari Arason hrl. boðaður í fógetarétt Reykjavíkur 12. júlí sl. kl. 10.00. Umrædd boðun var að kröfu Landsbanka Íslands, og var skeytið sent á Freyjugötu 27, þar sem gerðarþoli er skráður með lögheimili og starfsstöð.

Er mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 12. júlí sl., óskaði gerðarþoli eftir fresti í málinu, og var helst að skilja á honum, að honum bæri sá frestur, þar sem gerðarbeiðandi ætti að ganga að meðskuldurum hans skv. aðfararheimildinni, áður en gengið væri að honum. F.h. gerðarbeiðanda í máli þessu var mættur Magnús Baldursson lögfræðingur, sem hafnaði með öllu frestbeiðni gerðarþola. Var síðan kveðinn upp úrskurður um ágreiningsefnið og frestbeiðni gerðarþola þar hafnað. Gerðarþoli kvaðst myndu kæra þann úrskurð til Hæstaréttar. Varð það þá úr, að Magnús Baldursson lögfræðingur veitti gerðarþola frest í málinu til þriðjudags 18. júlí sl., og féllu mættu frá þeim bókunum, sem gerðar höfðu verið í málinu.

Er mál þetta var tekið fyrir 18. júlí, lýsti Magnús Baldursson lögfræðingur yfir því fyrir hönd gerðarbeiðanda, að fallið væri frá málinu að svo stöddu. Gerðarþoli kvaðst þá gera kröfu um, að hann fengi greidda þóknun, sem samsvaraði dagpeningum í tvo daga og tveimur mótum í fógetarétti vegna málareksturs þessa. Rökstuddi hann kröfu sína með því, að hann væri nú búsettur í Garði, Gerðahreppi, og því hefði ekki átt að reka málið í Reykjavík. Lögfræðingur gerðarbeiðanda mótmælti fram kominni kröfu gerðarþola.

Fógeti úrskurðaði um ágreiningsefnið þegar í stað og hafnaði kröfu gerðarþola. Þennan úrskurð kærði gerðarþoli síðan til Hæstaréttar.

Til grundvallar hinum kærða úrskurði lágu þær forsendur, að þegar gerðarþoli, sem er hæstaréttarlögmaður, sótti þinghald 12. júlí sl., hafði hann ekki uppi neinar varnir á þeim forsendum, að málið væri rekið fyrir röngu varnarþingi. Gerðarþoli hefur lög-

heimili og starfsstöð að Freyjugötu 27. Þangað var boðunarskeytið sent 7. júlí sl., og mætti gerðarþoli samkvæmt því.“

II.

Hinn 21. júní 1988 var á bæjarþingi Reykjavíkur gerð dómsátt í máli Landsbanka Íslands gegn Hrafnhildi Egilsdóttur og sóknaraðila. Þar sættist sóknaraðili á að greiða bankanum 15.000,00 krónur ásamt vöxtum og málskostnaði, allt fyrir 15. september 1988. Hrafnhildur sótti ekki þing og var málið á hendur henni tekið til áritunar. Á grundvelli þessarar sáttar óskaði Landsbanki Íslands fjárnáms hjá sóknaraðila til tryggingar skuldinni með bréfi 23. júní 1989 til yfirborgarfógetans í Reykjavík.

Magnús Baldursson lögfræðingur sótti fógetarétt vegna Þorsteins Eggertssonar héraðsdómslögmanns fyrir Landsbanka Íslands.

III.

Kröfu sína um málskostnað virðist sóknaraðili reisa á því, að réttarsáttin hafi verið gerð 21. júní 1988. Þar sem liðið hafi meira en ár frá gerð hennar og hún ekki verið birt, hafi hún ekki verið aðfararhæf. Þá hafi lögfræðideild Landsbankans og lögmannsstofa Þorsteins Eggertssonar héraðsdómslögmanns hafist handa við fjárnám þetta andstætt fyrirmælum aðalbankastjóra bankans. Kveðst hann áður hafa „kvartað undan starfsemi lögfræðideildar bankans og fengið þau svör, að lögfræðideildinni bæri fyrst og fremst að ganga að aðalskuldurum, en ekki að viðskiptavinum bankans, þ. á m. víxilseljendum, fyrr en eftir árangurslausar fógetaaðgerðir gegn aðalskuldurum“. Kveðst sóknaraðili ekki hafa verið aðalskuldari í máli þessu. Eftir þinghaldið 12. júlí kveðst sóknaraðili hafa haft samband við einn af aðalbankastjórum bankans, sem hafi gefið fyrirmæli um, að fallið skyldi frá fjárnámsbeiðninni. Síðastgreindum staðhæfingum hefur ekki verið mótmælt.

Af hálfu Landsbanka Íslands er því haldið fram, að skuldin hafi verið aðfararhæf og skilyrðum aðfararlaga til fjárnáms verið fullnægt. Sóknaraðili hafi verið búsettur í Reykjavík. Með því að gerðarbeiðnin hafi verið fullkomlega lögleg og málið verið fellt niður að fyrirmælum Landsbankans, beri að hafna málskostnaðarkröfu sóknaraðila.

Með vísan til 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 73/1975 og með hlið-

sjón af dómi Hæstaréttar 1971/175 var kæra máls þessa til Hæstaréttar heimil gagnvart varnaraðilunum Þorsteini Eggertssyni og Landsbanka Íslands.

Eigi var liðið ár frá gjalddaga réttarsáttarinnar, og var hún því aðfararhæf, sbr. 9. gr. laga nr. 19/1887, um aðför. Gætt var ákvæða 33. gr. aðfararlaga, nr. 19/1887, sbr. 2. gr. laga nr. 15/1988. Hefur sóknaraðili því ekki sannað, að ekki hafi mátt gera fjárnám hjá honum samkvæmt sáttinni. Landsbanki Íslands setti hins vegar engin skilyrði um málskostnað, er hann féll frá beiðni sinni um fjárnám hjá sóknaraðila. Með hliðsjón af málavöxtum þykir sóknaraðili því eiga rétt til ómaksbóta úr hendi Landsbanka Íslands. Við ákvörðun þeirra ber að hafa í huga, að samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, dagsettu 14. september 1989, hefur sóknaraðili átt lögheimili að Freyjugötu 27 í Reykjavík „síðan árið 1985". Þykja ómaksbætur því hæfilega ákveðnar 4.000,00 krónur.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að Þorsteinn Eggertsson héraðsdómslögmaður eða skrifstofa hans hafi aðhafst nokkuð það, sem veitt geti sóknaraðila rétt til málskostnaðar úr hans hendi. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila á hendur honum.

IV.

Sóknaraðili heldur því fram, að meðferð héraðsdómarans á málinu, „sérstaklega að telja óaðfararhæfa réttarsátt aðfararhæfa", hafi verið með þeim hætti, að áminna beri hann og dæma til greiðslu sektar samkvæmt kæruheimild 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Engin efni eru til að verða við kröfu sóknaraðila að þessu leyti.

V.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kröfur sóknaraðila, Þorvalds Ara Arasonar, á hendur varnaraðilunum Þorsteini Eggertssyni og Júlíusi Guðmundssyni eru eigi teknar til greina.

Varnaraðili Landsbanki Íslands greiði sóknaraðila 4.000,00 krónur í ómaksbætur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 21. september 1989.

Nr. 269/1988. **Haraldur Jóhannsson**
(sjálfur)
gegn
Byggðastofnun og
Framkvæmdasjóði Íslands
vegna Framkvæmdastofnunar ríkisins
(Jónatan Sveinsson hrl.).

Ómerking ummæla. Aðild. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Máli þessu hefur áfrýjandi skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. ágúst 1988. Gerir hann þær dómkröfur, að ummæli, sem fram koma í bréfi forstöðumanns áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Helga Ólafssonar, til sín, dagsettu 3. febrúar 1977, verði dæmd ómerk, en ummælin eru rakin í héraðsdómi.

Áfrýjandi gerir og þær dómkröfur, að forsendur dómsins og dómsorð verði sérstaklega birt í fjölmiðlum á kostnað stefndu.

Af hálfu stefndu, Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands, er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða hvorum stefnda fyrir sig hæfilegan málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, starfaði áfrýjandi hjá áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, en samkvæmt 6. og 7. gr. laga nr. 97/1976, um þá stofnun, var hlutverk þeirrar deildar að gera áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og heildarþróun atvinnulífsins. Átti hún og að gera áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.

Samkvæmt 5. og 6. tl. 3. gr. ofannefndra laga skyldi stjórn Framkvæmdastofnunar fara með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggðasjóðs, sbr. V. og VI. kafla laganna.

Með 23. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, voru felldir úr gildi III. og VI. kafli laga nr. 97/1976 og önnur ákvæði þeirra laga,

sem varða byggðadeild Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóð og verkefni Framkvæmdastofnunar á sviði byggðamála. Samkvæmt 14. gr. laganna tók Byggðastofnun við öllum eignum Byggðasjóðs svo og skuldbindingum sjóðsins. Hlutverk Byggðastofnunar er í lögum þessum skilgreint svo, að hún eigi að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu, fylgjast með þróun byggðar og gera eða láta gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins, sbr. 2. og 3. gr. laganna.

Með 12. gr. laga nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, voru lög nr. 97/1976 í heild sinni felld úr gildi. Samkvæmt 4. gr. laga þessara skyldi sjóðurinn taka við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976 svo og skuldbindingum þeirra. Hlutverk Framkvæmasjóðs Íslands samkvæmt 2. gr. laganna er að annast innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila, sem þess óska.

Þegar litið er til þess, sem hér hefur verið rakið, verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að viðtaka stefndu á réttindum og skyldum Framkvæmdastofnunar ríkisins hafi verið takmörkuð við skýrt afmarkaða þætti og nái ekki til þess þáttar í starfsemi hennar, er áfrýjandi tengdist. Þegar af þeirri ástæðu geta stefndu ekki átt aðild að máli þessu, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. janúar 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum skriflegum málflutningi 10. desember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 4. mars 1987, af Haraldi Jóhannssyni, nnr. 3779-5070, Mánagötu 11, Reykjavík.

Stefndu eru Byggðastofnun, nnr. 1108-6462, og Framkvæmdasjóður Íslands, nnr. 2367-6330, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, báðir vegna Framkvæmdastofnunar ríkisins, nnr. 2367-6354.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að eftirfarandi ummæli, sem fram komu í bréfi forstöðumanns áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Helga Ólafssonar, til stefnanda, dags. 3. febrúar 1977, verði dæmd dauð og ómerk:

„Með bréfi þessu er þér veitt skrifleg áminning fyrir eftirfarandi:

1. óreglulegan vinnutíma á degi hverjum þá daga, sem þú á annað borð kemur til vinnu,

2. ómæld leyfistaka langt umfram eðlileg ársleyfi samkvæmt samningum og það oft án nokkurs samráðs við yfirmann.

...Hegðan þín í starfi var tekin til umræðu á fundi með forstjórum og framkvæmdastjórum Framkvæmdastofnunar ríkisins 13. janúar 1977, og er áminning þessi rituð með fullu samþykki forstjóra."

Þá gerir stefnandi þær dómkröfur, að forsendur dómsins og dómsorð verði sérstaklega birt í fjölmiðlum á kostnað stefndu.

Stefnda Byggðastofnun gerir þær kröfur, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefndi Framkvæmdasjóður Íslands gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum til dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi verið ráðinn hagfræðingur hjá Framkvæmdastofnun ríkisins í nóvember 1973. Hafi sér í fyrstu verið falið að meta áhrif lækkunar innflutningstolla á íslenskan iðnað, miðað við notkun vinnuafls í iðnfyrirtækjum. Því verki hafi hann lokið snemma sumars 1975. Þá hafi sér verið falið að semja í senn spá um notkun mannafla í íslenskum iðnaði 1975 - 1979 og yfirlit yfir stöðu iðngreina, sem ekki eiga í beinni samkeppni við útlendan iðnað. Vænst hafi verið, að stefnandi lyki því verki í lok sumars 1977, og það hefði hann án vandkvæða gert, ef sér hefði ekki verið vikið úr starfi, eins og glögglega sjáist af úttekt á starfi sínu 21. júní 1977, undirritaðri af Tómasi H. Sveinssyni viðskiptafræðingi fyrir hönd stofnunarinnar. Samkvæmt þeirri úttekt hafi greinargerðir stefnanda, samdar fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins, numið samtals 1252 blaðsíðum auk meðfylgjandi 610 síðna af töflum, samtals 1862 blaðsíður. Telji stefnandi því ásakanir þær, sem fram komi í hinum tilgreindu ummælum, víðsfjarri réttu lagi og ærumeiðandi fyrir sig. Þá telji hann, að ummælin hafi mjög staðið sér fyrir þrifum sem starfandi hagfræðingi, og sé því nauðsynlegt að fá ummælin ómerkt.

Stefnandi kveðst hafa eftir brottreksturinn úr starfi í Framkvæmdastofnun ríkisins höfðað mál gegn stofnuninni hér fyrir bæjarþinginu og krafist

bóta. Máli því hafi lokið með sátt á þá leið, að sér hafi verið greidd 18 mánaða laun og innistandandi orlofsfé. Um það leyti hafi hann búist við, að sér yrði vandalaust að fá starf sem hagfræðingur annars staðar, og þess vegna ekki hirt um að fá ærumeiðandi ummæli forráðamanna stofnunarinnar dæmd ómerk með dómi. Annað hafi hins vegar komið á daginn. Fjölmörgum umsóknum sínum um starf hafi verið synjað, m.a. hjá Orkustofnun, Verðlagsstofnun, Húsnæðismálastofnun og nú síðast í haust 1987 hjá Þjóðhagsstofnun. Hyggi hann, að því hafi valdið málsatvik við brottrekstur sinn úr starfi í Framkvæmdastofnun ríkisins, en í því tilliti sé ekki höfuðatriði, hvort valdið hafi bein umsögn forráðamanna í stofnuninni og arftökum hennar eða orðspor eitt. Þess vegna höfði hann meiðyrðamál þetta og krefjist ómerkingar umsagnar stofnunarinnar um sig, en hins vegar ekki fjárbóta.

Stefnandi vísar til 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 svo og 2. mgr. 241. gr. sömu laga. Hann bendir og á, að með lögum nr. 64/1985 og 70/1985 hafi Byggðastofnun og Framkvæmdasjóður Íslands tekið við öllum réttindum og skyldum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 97/1976, sýni ótvírætt, að Byggðasjóður hafi verið felldur inn í Framkvæmdastofnun ríkisins, sbr. 1. gr., 6. málslið 3. gr., 3. málslið 10. gr., 1. málslið 11. gr., 32. gr. og 35. gr. Í lögum um Byggðastofnun, nr. 64/1985, sé í 14. gr. kveðið á um óskilyrta viðtöku Byggðastofnunar á skuldbindingum Byggðasjóðs.

II.

Stefnda Byggðastofnun styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Hin tilvitnuðu ummæli séu úr bréfi, sem Helgi Ólafsson, þáverandi framkvæmdastjóri áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, hafi ritað og sent stefnanda einum 3. febrúar 1977. Framkvæmdastofnun ríkisins hafi þá starfað samkvæmt lögum nr. 97/1976 og verið sjálfstæð stofnun, er heyrði beint undir ríkisstjórnina, sbr. 1. og 3. mgr. 1. gr. nefndra laga. Stofnunin hafi starfað í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild. Eitt af verkefnum stjórnar Framkvæmdastofnunar ríksins hafi verið að fara með stjórn Byggðasjóðs, en hlutverk hans hafi verið að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir færu í eyði. Framkvæmdastofnun ríkisins hafi verið lögð niður með lögum nr. 64/1985, um Byggðastofnun, og lögum nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands. Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 64/1985 sé Byggðastofnun sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyri beint undir forsætisráðherra, og sé hlutverk hennar að

stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu, sbr. 2. gr. sömu laga. Samkvæmt 14. gr. laganna hafi Byggðastofnun tekið við öllum eignum Byggðasjóðs og skuldbindingum. Á þeim tíma, sem framkvæmdastjóri áætlanadeildar hafi ritað stefnanda framangreint áminngarbréf, hafi stefnandi verið starfsmaður áætlanadeildar. Skuldbindingar stjórnar Framkvæmdastofnunar og ummæli framkvæmdastjóra áætlanadeildar í nefndu bréfi til starfsmanns áætlanadeildar séu því Byggðastofnun með öllu óviðkomandi. Með engu móti verði talið, að Byggðastofnun hafi tekið á sig aðrar skuldbindingar en þær, er í 14. gr. laga nr. 64/1985 greinir og bundnar eru við Byggðasjóð.

Í öðru lagi er því haldið fram, að tilvitnuð ummæli séu hvorki óviðurkvæmileg né ósönn, og því eigi 241. gr. almennra hegningarlaga ekki við. Stefnandi hafi ekki aðhafst í málinu fyrr en með stefnu 2. júlí 1986, og sé það tómlæti. Þá sé krafa um birtingu fyrnd, sbr. 82. gr. alm. hgl.

III.

Stefndi Framkvæmdasjóður Íslands styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Stefndi hafi verið stofnaður með lögum nr. 70/1985, en áður hafi gilt um sjóðinn 5. kafli laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins. Í 4. gr. núgildandi laga um stefnda segi: „Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs skv. lögum nr. 97/1976 svo og skuldbindingum þeirra." Ljóst sé af þessu ákvæði, hvaða réttindum og skyldum stefndi hafi tekið við úr hendi Framkvæmdastofnunar ríkisins, og með gagnályktun megi ljóst vera, að stefnda hafi ekki verið ætlað að taka við öðrum eignum eða skyldum. Réttindi og skyldur áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem stefnandi hafi starfað í, hafi ekki verið tilgreind með þeim réttindum og skyldum, sem núverandi Framkvæmdasjóði Íslands sé ætlað að mæta, og sé því ljóst, að stefndi geti ekki verið í fyrirsvari fyrir atvik eða atburði, sem rekja megi til áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Telji stefndi, að stefnanda hafi borið að beina málshöfðun að forsætisráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar, enda hafi Framkvæmdastofnun ríkisins heyrt beint undir ríkisstjórnina alla.

Í öðru lagi sé byggt á því, að krafa stefnanda sé fyrnd. Samkvæmt 81. gr. laga nr. 19/1940, 1. tl. 1. mgr., fyrnist sök á tveimur árum, þegar ekki liggi þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða ef refsing sú, sem unnið sé til, fari ekki fram úr sektum.

Loks bendir stefndi á, að ummælin í bréfinu til stefnanda 3. febrúar 1977 verði ekki talin meiðandi út af fyrir sig, heldur einungis, ef stefnanda tekst að sanna með ótvíræðum hætti, að ekki hafi verið efnisleg stoð fyrir þeim staðhæfingum, sem í bréfinu greinir. Þetta hafi stefnandi ekki gert með gögnum í máli þessu.

IV.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, var tekið fram, að stofnunin starfaði í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild. Af 1. mgr. og 3. mgr. sömu greinar má ráða, að Framkvæmdastofnunin hafi verið sjálfstæð stofnun, sem heyrði beint undir ríkisstjórnina. Stefnandi starfaði í áætlanadeild, og ritaði framkvæmdastjóri þeirrar deildar stefnanda áminningarbréf um vinnutíma og leyfistökur stefnanda, dags. 3. febrúar 1977. Af gögnum málsins má ráða, að stefnandi hafi síðan hætt störfum í stofnuninni í júlí 1977.

Stefnda Byggðastofnun tók við öllum eignum og skuldbindingum Byggðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976 með 14. gr. laga nr. 64/1985, og stefndi Framkvæmdasjóður Íslands tók við eignum og skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs með 4. gr. laga nr. 70/1985. Þessir sjóðir og starfsemi þeirra voru skýrt afmörkuð í lögum nr. 97/1976, og verður að fallast á með stefndu, að þeir hafi ekki tekið á sig önnur réttindi og skyldur Framkvæmdastofnunar ríkisins en greinir í hinum tilvitnuðu lagaákvæðum. Stefnandi hefur því ranglega beint kröfu sinni að stefndu í máli þessu, og verður krafa þeirra um sýknu vegna aðildarskorts þegar af þeirri ástæðu tekin til greina.

Rétt þykir, að hver aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Byggðastofnun og Framkvæmdsjóður Íslands, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Haralds Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 21. september 1989.

Nr. 183/1988. **Pétur Geirsson**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Olíufélaginu Skeljungi hf.
(Hallgrímur B. Geirsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. sama mánðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal vottorð Hagstofu Íslands 14. september 1989 þess efnis, að áfrýjandi hafi verið skráður með lögheimili að Hreðavatnsskála í Norðurárdalshreppi frá árinu 1982.

Aðalkrafa áfrýjanda er studd þeim rökum, að stefna í héraði hafi eigi verið löglega birt, en lögheimili sitt hafi verið að Hreðavatnsskála í Norðurárdal, svo sem fram komi í stefnunni. Hitt sé rangt, að Langabrekka 16 í Kópavogi hafi þá verið dvalarstaður sinn. Þar eigi hann að vísu íbúð, er hann leigi út, en hafi þar einnig afdrep fyrir fjölskyldu sína í kaupstaðarferðum. Það, að hann hafi þar síma, skipti í þessu sambandi engu máli, og er því eindregið mótmælt, að þarna sé dvalarstaður hans, vinnustaður eða skrifstofa í merkingu 95. og 96 gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Þá telur áfrýjandi stefnufrest hafa verið of skamman og birtingarvottorð stefnu þannig úr garði gert, að málinu hafi sjálfkrafa átt að vísa frá héraðsdómi. Áfrýjandi kveðst fyrst hafa frétt um málsókn þessa, er hinn áfrýjaði dómur var birtur eiginkonu

sinni. Kveður hann gögn málsins bera með sér, að hann hafi ætlað að taka til varna og hafa uppi gagnkröfur til skuldajafnaðar. Varakrafa sín sé á því reist, að hann eigi kröfur á hendur stefnda, sem koma megi til skuldajafnaðar í máli þessu.

Stefndi telur eftir atvikum mega líta á Löngubrekku 16 sem dvalarstað, vinnustað eða skrifstofu áfrýjanda. Því til stuðnings bendir hann á, að áfrýjandi hafi um árabil skráð sig þar til heimilis í símaskrá og dómur hafi þar verið birtur eiginkonu hans. Þá bendir hann á, að stefnufrestur hafi í reynd verið nægur. Hann mótmælir skuldajafnaðarkröfum áfrýjanda.

Með vottorði Hagstofu Íslands er sannað, að lögheimili áfrýjanda var að Hreðavatnsskála í Norðurárdalshreppi, er stefna til bæjarþings Reykjavíkur var birt. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að áfrýjandi hafi þá átt dvalarstað að Löngubrekku 16 í Kópavogi, eða með öðrum hætti leitt í ljós, að lögmæt stefnubirting hafi mátt fara þar fram. Þar við bætist, að í vottorði stefnuvotta Kópavogs um birtingu stefnunnar eru ósamrýmanlegar upplýsingar um hinn stefnda, annars vegar, að hann búi í húsinu, en hafi verið fjarverandi, og hins vegar, að hann sé fluttur úr húsinu.

Samkvæmt framansögðu er stefnubirtingu í máli þessu svo áfátt, að ekki verður hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi, sbr. 92., 95. og 96. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Olíufélagið Skeljungur hf., greiði áfrýjanda, Pétri Geirssyni, 45.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. desember 1987, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. nóvember 1987, af Olíufélaginu Skeljungi hf., nnr. 8164-5698, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, gegn Pétri Geirssyni,

nnr. 4327-6328, Hreðavatnsskála, Norðurárdal, Borgarfirði, en með dvalarstað að Löngubrekku 16, Kópavogi, einkaeiganda Hreðavatnsskála, Norðurárdal, Borgarfirði, nnr. 7089-6540, persónulega og f.h. fyrirtækisins.

Dómkröfur:

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 75.174,14 kr., með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 12. desember 1983 til 20. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1984, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6. maí 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að viðbættu 10% söluskattsálagi, og er farið fram á, að söluskattsálagið verði sérstaklega tilgreint í dómsorði.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í júní 1978 hafi verið ákveðið að setja upp söludælur fyrir bensín og olíu við Hreðavatnsskála. Rafn Guðmundsson, nnr. 7129-0638, Hreðavatnsskála, hafi tekið að sér reksturinn. Þarna hafi verið um að ræða sameiginlega bensínstöð allra olíufélaganna, en stefnandi hafi verið umsjónarmaður af þeirra hálfu á eigin reikning.

Stefnandi kveður viðskiptasamning hafa verið gerðan við Rafn, þar sem stefnandi er nefndur seljandi, en Olíuverslun Íslands og Olíufélagið hf. nefnd meðaðilar og Rafn Guðmundsson, Hreðavatnsskála, kaupandi. Með yfirlýsingu, dags. 25. júlí 1980, hafi stefndi staðfest að hafa tekið við birgðum, sem voru á bensín- og olíugeymum að Hreðavatni 7. júlí 1980, er Rafn Guðmundsson hætti rekstri Hreðavatnsskála. Í yfirlýsingunni sé lýst teljarastöðu á bensíni og gasdælum og einnig viðtöku stefnda á smurolíu og smávörum skv. talningu. Stefnandi kveður viðskipti stefnda og stefnanda hafa farið fram eins og verið hafði skv. og í samræmi við upphaflegan viðskiptasamning allt frá 7. júlí 1980 til áramóta 1983, án þess að sérstakur nýr eða annar samningur væri gerður. Um áramót 1983 - 1984 hafi stefndi

skuldað stefnanda stefnufjárhæðina, 75.174,14 kr., og hafi hún stafað frá viðskiptum þeirra í október og nóvember 1983, nánar til tekið skv. reikningi, dags. 31. október 1983, vegna kaupa stefnda á bensíni á dælu, að eftirstöðvum 50.256,64 kr., samkvæmt reikningi, dags. 31. nóvember 1983, vegna kaupa stefnda á gasolíu 9. nóvember 1983, 8.914,40 kr., samkvæmt reikningi, dags. 30. nóvember 1983, vegna kaupa stefnda á dísil og bensíni á dælu 30. nóvember 1983, samtals 20.622.10 kr., samtals 79.793,14 kr. Til frádráttar komi kreditnóta, dags. 30. nóvember 1983, 4.619,14 kr. Eftirstöðvar séu því 75.174,14 kr., sem séu jafnframt stefnufjárhæðin.

Lagarök. Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu í aðalatriðum á meginreglum samninga- og kröfuréttar svo og á tilvitnuðum viðskiptasamningi.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 16.500,00 kr., þar af söluskattur 1.554,00 krónur.

Dóminn kvað upp Pétur Bjarni Magnússon, ftr. yfirborgardómara.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Geirsson persónulega og f.h. einkafyrirtækis síns, Hreðavatnsskála, greiði stefnanda, Olíufélaginu Skeljungi hf., 75.174,14 kr. með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 12. desember 1983 til 20. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1984, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6. maí 1987, með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til greiðsludags og 16.500,00 kr., þar af 1.554,00 kr. í söluskatt, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. september 1989.

Nr. 295/1989. **Hreinn Sigurðsson**
gegn
Einari Kárasyni,
Sigurði Kárasyni,
Önnu Sjöfn Stefánsdóttur
og
Herdísi Stefánsdóttur.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Hjördís E. Harðardóttir, fulltrúi bæjarfógetans á Sauðárkróki, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. júlí 1989 samkvæmt heimild í 2. tölulið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kærður er úrskurður skiptaréttar Sauðárkróks 20. júlí 1989.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður skiptaráðanda í máli þessu verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðanda að ganga til samninga við börn hans, Önnu Klöru og Hrein, á grundvelli þess tilboðs, sem hann gerði fyrir þeirra hönd í fasteignina Suðurgötu 22 á Sauðárkróki.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Í forsendum hins kærða úrskurðar er ekki getið um nöfn og heimili aðila málsins. Kröfum aðila er ekki lýst. Málavaxtalýsingu er áfátt, og rökstuðningur dómara er ófullkominn. Úrskurðurinn hefur ekki að geyma úrskurðarorð. Þessi samning úrskurðarins brýtur stórlega í bága við fyrirmæli 193. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Úr þessum ágöllum varð ekki bætt með því, að héraðsdómari sendi Hæstarétti síðar fyllri málavaxtalýsingu og rökstuðning.

Kröfugerð sóknaraðila í héraði var lögð fram í þinghaldi 20. júlí 1989. Kröfugerðin er óskýr. Bar héraðsdómara þá að leiðbeina sóknaraðila, sem er ólöglærður, um kröfugerð. Ekki verður séð, að svo hafi verið gert.

Gögn málsins bera ekki með sér, að varnaraðilum hafi, áður en úrskurður var upp kveðinn, verið gefinn kostur á að tjá sig um ágreining aðila.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Úrskurður skiptaréttar Sauðárkróks 20. júlí 1989.

27. gr. laga nr. 3 frá 1878, laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum, á við um skuldafrágöngubú. Dánarbú Sigurðar Stefánssonar er í opinberum skiptum sem skuldaviðgöngubú, og eiga því við reglur 4. kapítula laga nr. 3 frá 1878. Samkvæmt lokaákvæði þess kafla, 55. gr., skal fara með skuldaviðgöngubú á þann hátt, er segir í 3. kap. um skuldafrágöngubú, nema öðruvísi sé ákveðið í lögunum. Telja verður, að heimild 27. gr. skiptalaga um sölu fjármuna á nauðungaruppboði eigi ekki við um skuldaviðgöngubú. Stafar það bæði af þeim eðlismun, sem er á skuldaviðgöngu- og skuldafrágöngubúum, svo og er í d-lið 1. gr. laga um nauðungaruppboð, lög 57 frá 1949, aðeins heimilt að fara með uppboð samkvæmt þeim lögum samkvæmt heimild í skiptameðferð þrotabúa, skuldafrágöngudánarbúa og annarra búa, þar sem enginn ber almennt ábyrgð á skuldum. Það athugast, að 27. gr. skiptalaga gerir ráð fyrir, að meiri hluti fundarmanna geti samþykkt að hafa annan hátt á.

Tilboð Hreins Sigurðssonar, dags. 13. janúar sl., var samþykkt af tveimur erfingjum dánarbúsins 28. mars sl., Önnu Sjöfn Stefánsdóttur og Herdísi Stefánsdóttur. Arfshluti þeirra samanlagður er 6/16, og telst því tilboðið ekki hafa verið samþykkt af meiri hluta búsins.

Föstudaginn 22. september 1989.

Nr. 360/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðna Þorberg Theodórssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. september 1989, sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar, að því er ætla verður, í því skyni, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur eða að gæsluvarðhaldstími verði styttur.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. september 1989.

Ár 1989, föstudaginn 15. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að kærða, Guðna Þorberg Theodórssyni, kt. 02.10.71-3319, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október nk. kl. 16.00. Kærði hefur mótmælt kröfunni, en gert þá kröfu til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður styttri tími.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR viðurkennt að hafa framselt tvo tékka, sem falsaðir voru úr hefti, sem stolið var úr bifreiðinni EX 749, en öðrum verðmætum var jafnframt stolið úr umræddri bifreið. Kærði kannast ekki við að hafa átt aðild að þessum þjófnaði.

Í kröfugerð RLR eru rakin 15 mál, þar sem kærði hefur komið við sögu undanfarna mánuði, aðallega vegna þjófnaðar. Kærði hefur kannast við, að upptalning þessi sé rétt.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 4. apríl sl., var kærði dæmdur í sjö mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár. Þá er til meðferðar í dóminum ákæra á hendur kærða, út gefin 17. júlí sl.

Kærði hefur borið, að hann hafi einungis stundað sjó fyrstu tvo mánuði þessa árs, en ekkert unnið eftir það. Þá virðist dvalarstaður kærða nokkuð á reiki, en kærði hefur lýst yfir því, að hann hyggist hefja nám í Iðnskólanum í Reykjavík, og kveðst hann vera skráður nemandi þar.

Af framansögðu er ljóst, að veruleg hætta er á því, að kærði haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi, og þykir því rétt með vísan til framanritaðs og 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina og kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október nk. kl. 16.00, en kærði er grunaður um brot, er geta varðað hann fangelsisrefsingu, sbr. ákvæði XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Úrskurðarorð:

Kærði, Guðni Þorberg Theodórsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október 1989 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 26. september 1989.

Nr. 368/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Rósu Dröfn Sigurðardóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með bókun á dómþingi 20. september 1989. Gögn málsins bárust réttinum 21. september, en athugasemdir ríkissaksóknara og greinargerð varnaraðila 25. september. Af hálfu varnaraðila er þess aðallega krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði verulega styttur. Jafnframt er gerð krafa um kærumálskostnað.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Varnaraðili er að eigin sögn atvinnulaus og heimilislaus. Fyrir sakadómi 26. ágúst sl. kvaðst hún hafa notað eiturlyf frá því í mars á þessu ári og síðast hafa stundað vinnu í febrúar. Eiturlyfjaneyslu sína kvaðst hún fjármagna með því að stunda afbrot. Hún er nú grunuð um verknað, sem talinn er geta varðað við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en brot gegn 211. gr. varða fangelsi fimm ár hið skemmsta.

Samkvæmt þessu og með vísan til 3., 4. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. september 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 20. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að framlengd verði með úrskurði gæsluvarðhaldsvist kærðu, Rósu Drafnar Sigurðardóttur, er rennur út kl. 16.00 í dag, en hún er grunuð um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Kærða hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt laugardags 26. ágúst sl. um kl. 2.07 var lögregla kvödd að veitingastaðnum Gullinu við Austurvöll, en þar hafði Sigurður Þór Friðþjófsson, kt. 25.03.62-2059, verið stunginn með hnífi í vinstri síðu. Var gerð á honum skurðaðgerð sömu nótt og fjarlægt úr honum miltað og innvortis blæðingar stöðvaðar. Er Sigurður nú á batavegi.

Fljótlega féll grunur á kærðu, en hún hafði undir höndum hníf þann, sem notaður var við verkið.

Kærða hefur borið við minnisleysi af völdum áfengisneyslu og lyfjaáts. Framburður vitna bendir til þess, að kærða hafi hér verið að verki.

Kærðu var tekið blóð til rannsóknar á alkóhólmagni annars vegar og hins vegar á því, hvort kærða hefði neytt amfetamíns, mogadons eða diazepams. Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar reyndist magn etanóls í blóðsýni kærðu vera 1.99 ‰, en ekki fundust diazepam eða önnur benzódiazepín-sambönd né amfetamín í blóðinu.

Þar sem kærða er undir rökstuddum grun um alvarlegt afbrot, er getur varðað hana þungri fangelsisrefsingu, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina, og skal kærða sæta gæsluvarðhaldi áfram, þó eigi lengur en til miðvikudags 22. nóvember nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærða, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, kt. 24.08.67-5409, skal sæta framlengdu gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudags 22. nóvember 1989 kl. 16.00.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 33/1989. **Skipasmiðjan Hörður hf.**

gegn

Útvegsbanka Íslands hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skipasmiðjan Hörður, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Útvegsbanka Íslands hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 9.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 52/1989. **Matthías Einarsson**

gegn

Kristni Einarssyni hrl.

f.h. Rectella International Ltd.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Matthías Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 53/1989. **Ólafur Hörður Sigtryggsson**
gegn
Útvegsbanka Íslands hf.

Útivist. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Hörður Sigtryggsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Útvegsbanka Íslands hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 9.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 181/1989. **Arndís H. Björnsdóttir**
gegn
Magnúsi Axelssyni
f.h. fasteignasölunnar Laufáss.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Arndís H. Björnsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 202/1989. **Byggðasjóður**
gegn
Skipatækni hf.,
Garðari Briem hdl.
f.h. Bureau Veritas,
Höldi sf.,
Hraðfrystihúsi Patreksfjarðar hf.,
Landsbanka Íslands og
Fiskveiðasjóði Íslands.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Byggðasjóður, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 208/1989. **Elín Guðmundsdóttir**
gegn
þb. Nesco-framleiðslufélags hf.

Útivist. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Elín Guðmundsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hún stefnda, þb. Nesco-framleiðslufélags hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 3.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 210/1989. **Hjörtur Ingólfsson og**
db. Ingólfs Guðmundssonar
gegn
tollstjóranum í Reykjavík
v. þrotabús Péturs Ingólfssonar.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Hjörtur Ingólfsson og db. Ingólfs Guðmundssonar, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 227/1989. **Skipasmiðjan Hörður hf.**
gegn
Útvegsbanka Íslands hf.

Útivist. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skipasmiðjan Hörður hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Útvegsbanka Íslands hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 3.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 234/1989. **Hulda Dóra Jóhannsdóttir**

gegn

Hótel Blönduósi hf.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hulda Dóra Jóhannsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 237/1989. **Kristján Ingimundarson**

gegn

Lífeyrissjóði Iðju,
Oddnýju Ólafsdóttur,
Friðriki Steina Kristjánssyni,
Erni Ingólfssyni,
yfirborgarfógetanum í Reykjavík,
Iðnlánasjóði,
bæjarsjóði Kópavogs,
Sigurveigu Kristjánsdóttur,
Útvegsbanka Íslands hf.,
Sparisjóði Kópavogs og
Grétari Sveinssyni.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Ingimundarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 282/1989. **Jón Á. Steinsson**

gegn

Kökuvali hf.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Á. Steinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 283/1989. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

gegn

Önnu Björk Jónsdóttur.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 284/1989. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

gegn

Höllu Grétarsdóttur.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 297/1989. **Kaupþing hf.**

gegn

Nesco hf. og

Visa Ísland greiðslumiðlun hf.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kaupþing hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 307/1989. **Framkvæmdasjóður Íslands**
gegn
Alþýðubankanum hf. og
Lífeyrissjóði byggingamanna.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Framkvæmdasjóður Íslands, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. október 1989.

Nr. 329/1989. **Verðbréfasjóðurinn hf.**
gegn
Alþýðubankanum hf.,
Mótási sf. og
Lífeyrissjóði byggingamanna.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Verðbréfasjóðurinn hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Þriðjudaginn 3. október 1989.

Nr. 374/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Þór Karlssyni Wilcox.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Júlíus Magnússon, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. september 1989 samkvæmt heimild í 103. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og krafa sín um niðurfellingu ökuleyfissviptingar til bráðabirgða tekin til greina.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins og þess getið, að 28. september 1989 hafi ákæra verið gefin út á hendur varnaraðila og þar krafist refsingar og sviptingar ökuréttinda vegna þeirrar háttsemi hans, sem mál þetta snýst um.

Varnaraðili var handtekinn á Blönduósi 24. apríl 1989, grunaður um ölvun við akstur. Vottorð um alkóhólákvörðun í blóði hans er dagsett 3. maí 1989. Með bréfi 5. júlí 1989 sendi sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu lögregluskýrslur og önnur málsgögn bæjarfógetanum í Hafnarfirði, sem 17. júlí tók ákvörðun um að svipta varnaraðila ökuréttindum til bráðabirgða. Þá voru réttar tólf vikur liðnar, síðan varnaraðili var talinn hafa gerst sekur um ölvun við akstur.

Í 103. gr. umferðarlaga segir: „Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttinda vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er.“ Tíu vikur liðu, áður en sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu sendi gögn málsins bæjarfógetanum í Hafnarfirði. Verður að telja, að ákvörðun um ökuleyfissviptingu hafi mátt bíða dómsúrlausnar í máli varnaraðila, úr því sem komið var. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi svo og bráðabirgðaökuleyfissviptingu lögreglustjórans í Hafnarfirði 17. júlí 1989.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur svo og framangreind ökuleyfissvipting til bráðabirgða.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 20. september 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 20. september, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Júlíusi Magnússyni, upp kveðinn úrskurður í sakadómsmálinu nr. 89/1712: Krafa Þórs Karlssonar Wilcox um, að felld verði niður bráðabirgðaökuleyfissvipting frá 20. júlí 1989.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag að lokinni skýrslutöku fyrir dómi af kærða.

Kærði er fæddur 10. maí 1947, sölumaður að atvinnu, til heimilis að Lyngbergi 39, Hafnarfirði. Hann hefur samkvæmt sakavottorði, dags. 23.6. 1989, sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

Málavextir.

Mánudaginn 24. apríl 1989 kl. 13.29 var Kristján Þorbjörnsson, aðalvarðstjóri í lögreglunni í Húnavatnssýslu, að aka vestur Hnjúkabyggð á Blönduósi, er hann veitti athygli bifreiðinni Y 512, sem ekið var í átt að Hnjúkabyggð af götu, sem liggur meðfram ánni Blöndu, en að sögn lögreglumannsins er gata þessi fyrir nokkru aflögð sem alfaraleið og lítil umferð um hana.

Kristján gaf ökumanni bifreiðarinnar stöðvunarmerki, og staðnæmdist hann, er hann kom að Hnjúkabyggðinni. Ökumaður reyndist vera kærði í máli þessu, Þór Karlsson Wilcox. Er Kristján ræddi við ökumanninn, lagði af honum megnan áfengisþef. Var hann því tekinn upp í lögreglubifreiðina og ekið að lögreglustöðinni á Blönduósi. Þá var Kristófer Sæmundsson lögreglumaður fenginn til að sækja bifreiðina Y 512, enda bifreiðin ekki í meira en 400 m fjarlægð frá lögreglustöðinni.

Kærði blés í öndunarsýni á lögreglustöðinni, og sýndi það fjögur stig. Hann skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði drukkið áfengi daginn áður og fram á nótt, hefði það verið bjór, og hefði hann drukkið mikið af honum.

Tekin var varðstjóraskýrsla af kærða þarna á lögreglustöðinni, og hófst skýrslutaka kl. 13.36. Við yfirheyrslu þessa var gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. l. nr. 74/1974 og kærði áminntur um sannsögli. Jafnframt var gætt ákvæða 4. mgr. 61. gr. l. nr. 74/1974, sbr. l. nr. 53/1979.

Ekki kemur fram, að kærði hafi óskað eftir skipun réttargæslumanns.

Kærði var spurður: „Varst þú að aka? Ef svo er, hver er lýsing þín á akstursleiðinni?“

Svar hans var: „Já, ég ók þaðan, sem ég var gestkomandi, og þar til ég var stöðvaður.“

Þá var kærði spurður: „Hefur þú verið að drekka áfengi/neytt lyfja? Sé svo, hvaða áfengis/lyfja og hve mikið?“

„Ég drakk áfengi í gær til um 2.00 í nótt. Ég drakk bjór, um 10-12 bjóra.“

„Hvar og hvenær varstu við drykkjuna/lyfjaneysluna?“

„Í húsi á Blönduósi hjá vinafólki.“

Aðspurður, hvort kærði hafi fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, svarar hann neitandi.

Aðspurður um svefn síðustu 2-3 sólarhringa svaraði kærði: „Venjulegur svefntími.“

Aðspurður, hvort hann hefði drukkið áfengi, eftir að hann hætti að aka, svaraði kærði neitandi.

Skýrsla þessi er gerð af fyrrnefndum Kristjáni Þorbjörnssyni aðalvarðstjóra. Vottur við skýrslutökuna var Kristófer Sæmundsson, lögreglumaður nr. 2 á Blönduósi. Skýrslan er undirrituð af kærða og skráð, að hann víki frá kl. 13.49.

Um ástand kærða að öðru leyti segir, að áfengisþefur sé af andardrætti. Jafnvægi er sagt stöðugt, málfar skýrt, framburður greinargóður, öndunarsýni er sagt sýna fjögur stig og sagt, að sýni hafi verið tekið til alkóhólákvörðunar af blóði, og tekið fram, að mjög sterkur áfengisþefur hafi verið af kærða.

Að skýrslutöku á lögreglustöð lokinni tók Logi Björnsson læknir blóðsýni úr kærða til ákvörðunar á alkóhólmagni. Niðurstaða rannsóknar á blóðsýni þessu, sem merkt var Hún. 07-89, var 1,07‰.

Miðvikudaginn 19. júlí 1989 kom kærði til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði vegna þessa máls. Í þessari skýrslu kvaðst kærði hafa verið á Blönduósi á fyrrgreindum tíma. Kvaðst kærði hafa dvalist á hóteli á Blönduósi. Þá skýrði kærði svo frá, að hann hefði ekki verið að aka bifreið, heldur komið að bifreiðinni Y 512, og hafi tilgangurinn verið að hringja og láta sækja sig. Kærði kvaðst hafa ræst bifreiðina, og þá hafi lögreglan komið og fært sig til blóðtöku og varðstjóraskýrsla verið tekin af sér. Þá kannaðist kærði við þessa yfirheyrslu við undirskrift sína undir varðstjóraskýrsluna. Þá var honum bent á, að í varðstjóraskýrslunni væri haft eftir honum, að hann hefði verið að aka. Kærði sagði, að þetta væri ekki rétt og hefði sér yfirsést þetta við undirritun skýrslunnar. Kærði sagðist hafa ætlað að hringja í Hjörleif Júlíusson, en ekki verið búinn að því, er

lögreglan handtók sig. Kærði kannaðist við að hafa verið að drekka þarna nóttina áður og það sé rétt eftir sér haft í skýrslu varðstjóra.

Kærði var spurður, hvaðan hann hefði verið að koma, er hann fór að bifreiðinni. Kærði kvaðst hafa gengið frá hótelinu. Kærði sagðist hafa skilið bifreiðina þarna eftir kvöldið áður og neitaði því að hafa ekið.

Þá var haft eftir kærða, að hann vildi ítreka það, að hann hefði ekki ekið bifreiðinni og hefði fengið nóg af því að missa ökuréttindi.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði gaf út 17. júlí 1989 ákvörðun um, að kærði skyldi vegna brots þess, sem hann er hér kærður fyrir, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Ákvörðunin var kynnt kærða 19. júlí 1989 og öðlaðist gildi 20. júlí 1989.

Þegar er framburður kærða hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði lá fyrir, þótti nauðsynlegt að rannsaka mál þetta frekar. Var því málið með bréfi lögreglustjórans í Hafnarfirði, dags. 20. júlí 1989, sent sýslumanninum í Húnavatnssýslu. Var í bréfi þessu, í ljósi framburðar kærða fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, óskað eftir því, að teknar yrðu skýrslur af lögreglumönnum þeim, er að málinu unnu. Var þess beiðst, að málið yrði endursent að skýrslutöku þessari lokinni.

Í lok ágúst sl. barst sakadómi Hafnarfjarðar síðan kæra sú, sem hér er fjallað um, með bréfi Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, dags. 25. ágúst 1989. Bréfið er svohljóðandi:

„Til mín hefur leitað Þór Karlsson Wilcox, Lyngbergi 39, Hafnarfirði, og falið mér að gera kröfu til þess, að felld verði niður bráðabirgðaökuleyfissvipting, sem honum var gert að sæta 13. júlí sl. af hálfu embættis yðar vegna ætlaðs ölvunaraksturs 24. apríl 1989.

Skjólstæðingur minn hefur neitað öllum sakargiftum í skýrslu, sem hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði nú nýlega. Með tilliti til þessa var því ekki grundvöllur til ökuleyfissviptingarinnar.

Máli þessu óskast hraðað eftir föngum.

Virðingarfyllst.

Hilmar Ingimundarson (sign).

Hilmar Ingimundarson hrl.“

Um beðnar skýrslur af lögreglumönnunum á Blönduósi bárust með bréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 8.9. sl.

Kristján Þorbjörnsson aðalvarðstjóri gaf skýrslu, dags. 30.8. 1989. Hann skýrir frá því, að þennan dag, þ.e. 24. apríl sl., hafi hann verið að aka frá lögreglustöðinni og ekið vestur Hnjúkabyggð. Þegar hann hafi verið kominn fram hjá lögreglustöðinni og að gatnamótunum við Þingbraut, hafi hann séð bifreiðinni Y 512 ekið eftir árbakkanum á Blöndu, en þar sé gata, sem sé lítið sem ekkert notuð, þótt hún sé opin. Þar sem gata þessi tengist Hnjúkabyggð, kvaðst aðalvarðstjórinn hafa stöðvað akstur þessarar

bifreiðar og haft tal af ökumanni hennar, sem hafi sagst heita Þór Karlsson Wilcox. Mikinn áfengisþef hafi lagt frá ökumanni, og hafi hann því verið tekinn í lögreglubifreiðina og færður á lögreglustöðina. Þar hafi Kristófer Sæmundsson, lögreglumaður nr. 2, verið staddur, og hafi hann farið gangandi að sækja bifreiðina Y 512, enda stutt að fara.

Aðalvarðstjórinn skýrði frá því, að við yfirheyrslu hefði kærði, Þór, viðurkennt akstur, enda hefði hann verið stöðvaður í akstrinum.

Kristófer Sæmundsson, lögreglumaður nr. 2 á Blönduósi, gaf skýrslu 1.9. 1989. Hann sagði, að er komið var með Þór Karlsson Wilcox á lögreglustöðina, hefði hann verið þar, og hefði hann farið gangandi að bifreið hans, Y 512. Bifreiðin hafi verið á gatnamótum stutt frá lögreglustöðinni, á götu, sem liggur meðfram Blöndu og að Hnjúkabyggð. Hann kveðst hafa ekið bifreiðinni að lögreglustöðinni. Þegar kærði, Þór, hafi verið yfirheyrður á lögreglustöðinni, hafi hann viðurkennt aksturinn, enda ekki verið neitt vafamál, að hann hafi verið að aka bifreiðinni.

Kærði kom hér fyrir dóm í dag.

Í skýrslu, sem af honum var tekin, hélt hann fast við þann framburð, að hann hefði ekki verið að aka í umrætt sinn, og sagði, að um hefði verið að ræða misskilning hjá sér, er hann gaf skýrslu hjá varðstjóra á lögreglustöðinni á Blönduósi 24. apríl sl. Hann hafi ekki ætlað að segja, að hann hefði ekið, heldur að hann hefði komið gangandi að bifreiðinni.

Niðurstöður.

Með játningu kærða í varðstjóraskýrslu, skýrslum lögreglumanna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er svo að sjá, að mál þetta sé að fullu upplýst. Lögreglustjórinn í Hafnarfirði tók ákvörðun um að svipta kærða ökuréttindum til bráðabirgða í samræmi við skýlaus ákvæði 103. gr. l. nr. 50/1987, og byggðist ákvörðunin á framangreindum gögnum.

Sú röksemd, sem fram kemur í kæru hæstaréttarlögmannsins Hilmars Ingimundarsonar, að með tilliti til þess, að skjólstæðingur sinn hafi neitað öllum sakargiftum í skýrslu, er hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, sé ekki grundvöllur til ökuleyfissviptingar, er með öllu haldlaus.

Fram hefur komið, að við lögregluranns6kn þá, sem fram hefur farið í máli þessu, hafi í hvívetna verið gætt ákvæða þeirra, sem skylt er að gæta við lögregluranns6knir skv. V. og VIII. kafla l. nr. 74/1974, sbr. 1. gr. l. nr. 53/1969.

Það athugast, að í kærunni, dags. 25. ágúst 1989, segir ranglega, að kærða hafi verið gert að sæta sviptingu ökuleyfis 13. júlí sl. Gögn málsins bera með sér, að kærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða frá 20. júlí 1989.

Með vísan til alls framanritaðs ber að hafna kröfu kærða um niðurfellingu bráðabirgðaökuleyfissviptingar.

Úrskurðarorð:

Kröfu Þórs Karlssonar Wilcox um, að felld verði niður svipting ökuréttinda til bráðabirgða, ákveðin af lögreglustjóranum í Hafnarfirði 17. júlí 1989, er öðlaðist gildi 20. júlí 1989, er hafnað.

Fimmtudaginn 5. október 1989.

Nr. 350/1988. **Ásta Kristín Kristjánsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði verslunarmanna
(Ólafur Gústafsson hrl.),
Alþýðubankanum hf.
(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.),
Útvegsbanka Íslands hf.
(Garðar Garðarsson hrl.),
Verslunarbanka Íslands hf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.),
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
og
Landsbanka Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. nóvember 1988. Er málið var tekið fyrir til munnlegs flutnings 3. þ.m., var þess krafist af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður.

Af hálfu allra stefndu nema Verslunarbanka Íslands hf. var sótt dómþing og var niðurfelling málsins samþykkt, en krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Rétt er, að áfrýjandi greiði Lífeyrissjóði verslunarmanna, Alþýðubankanum hf., Útvegsbanka Íslands hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík og Landsbanka Íslands 25.000,00 krónur hverjum í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Ásta Kristín Kristjánsdóttir, greiði stefndu Lífeyrissjóði verslunarmanna, Alþýðubankanum hf., Útvegsbanka Íslands hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík og Landsbanka Íslands 25.000,00 krónur hverjum í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. október 1989.

Nr. 381/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Ólafi Þór Þórhallssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Málsvarnarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með bókun á dómþingi 30. september 1989. Gögn málsins bárust Hæstarétti 2. október 1989 og athugasemdir ríkissaksóknara og réttargæslumanns varnaraðila 4. sama mánaðar.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði verulega styttur. Einnig er krafist hæfilegra málsvarnarlauna úr ríkissjóði til skipaðs réttargæslumanns varnaraðila sérstaklega í þessum þætti málsins.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málsvarnarlaun verða ekki dæmd sérstaklega í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 30. september 1989.

Ár 1989, laugardaginn 30. september, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Hinn 31. júlí sl. var hér við embætti og að fram kominni kröfu ríkissaksóknara kveðinn upp úrskurður um framlengt gæsluvarðhald Ólafs Þórs

Þórhallssonar, kt. 170264-2669, frá kl. 15.00 að telja 1. ágúst og allt að jafnlengd 30. þessa mánaðar, þ.e. í dag.

Í málsatvikum úrskurðar þessa var skráð svo:

„Lögreglan í Reykjavík hefur frá lokum apríl sl. samfellt rannsakað ætlað stórfellt kókaínmisferli, sem margir aðilar eru taldir tengjast.

Gangur rannsóknar og þróun eru rækilega rakin í kröfugerð lögregluyfirvalda í Reykjavík, sem fram var lögð hér fyrir dómi í dag. Vegna rannsóknarinnar hafa til þessa sætt gæsluvarðhaldi eftirtaldir aðilar:

— — —

Einn þeirra er Ólafur Þór Þórhallsson, kt. 170264-2669, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald 12. maí sl., en það framlengt með úrskurði, upp kveðnum 12. júní sl., og enn á ný framlengt með úrskurði, upp kveðnum 12. júlí sl., sem rennur út kl. 15.00 á morgun.

Samkvæmt ofangreindri kröfugerð og fram lögðum gögnum er Ólafur Þór Þórhallsson grunaður um að hafa átt frumkvæði að og skipulagt ætlað stórfellt kókaínmisferli auk annars með því að:

1) stofna og reka bílaleigufyrirtæki tímabilið apríl-sept. á sl. ári í helmingafélagi við Garðar Bragason gagngert í því skyni að afla með þeim hætti fjármuna til fíkniefnakaupa erlendis og dreifingar með hagnaði hérlendis,

2) eftir að hafa ákveðið, að keypt yrði 1 kg af kókaíni í Bandaríkjunum og því smyglað hingað til lands í notaðri bifreið, unnið til liðs við ráðagerð Kára Elíasson, annars vegar til kaupa á nefndri bifreið, en hins vegar til fjárframlaga og eignarhluta í ofangreindu kókaíni,

3) hafa 12. okt. 1988 í Reykjavík afhent Garðari Bragasyni 8.000 Bandaríkjadali til nefndra kókaínkaupa,

4) hafa 23. okt. 1988 með nafngreindum flugþjóni sent Garðari Bragasyni til Orlando í Bandaríkjunum 5.000 dali til viðbótar, enn til sömu kókaínkaupa, og þar nánar um að ræða framlagshlut áðurnefnds Kára Elíassonar,

5) hafa 22. nóv. 1988 aðstoðað Garðar Bragason að Smiðjuvegi 40 D í Kópavogi við að nálgast þar í varahjóli pallbifreiðar 970 g af kókaíni,

6) við sama tækifæri fengið Sigurði Axelssyni í hendur umrætt efnismagn til flutnings og geymslu að Reykási 41 hér í borg,

7) í beinu framhaldi þar af komið að Reykási 41 ásamt sambýliskonunni Vilborgu Yrsu Sigurðardóttur og gengið úr skugga um, að kókaínið væri á geymslustað,

8) í lok nóvember 1988 að heimili sínu ásamt Garðari Bragsyni vegið í smærri einingar ofangreind kókaínefni, en aðgreint efnishlut Kára Elíassonar,

9) um svipað leyti að Hverfisgötu 41 í Reykjavík afhent Kára Elíassyni liðlega 200 g af kókaíni sem efnishlut hins síðarnefnda samkvæmt fyrrgreindu peningaframlagi,

10) tímabilið des. 1988 til loka febr. 1989 margsinnis sótt í Reykás 41 kókaín í söluskyni, samtals nálægt 250 grömmum, og á sama tímabili greitt Garðari Bragasyni í reiðufé 400-500 þús. kr. sem helmingshlut hins síðarnefnda af söluandvirði kókaínefna,

11) enn á sama tímabili afhent Jóni Sæmundssyni samtals 70 g af kókaíni,

12) í samráði við Garðar Bragason í apríl 1989 leigt bankahólf á nafni Sigurðar Axelssonar og þar geymt kókaínefni, sem lögregla síðar fann.

— — —

Í gær lagði ftr. ríkissaksóknara hér fyrir dómi fram kröfu um og með vísan til 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að framlengt yrði með dómsúrskurði gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar allt að 30. nóvember nk. kl. 15.00, en þó ekki lengur en til uppsögu héraðsdóms í máli Ólafs Þórs, ef fyrr yrði.

— — —

Niðurstöður.

Að öllu ofangreindu athuguðu og virtu þykja hér eiga við skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og með sömu rökum og hér að ofan eru rakin úr dómsúrskurði frá 31. júlí sl.

Ekki verður talið í ljós leitt, að orðið hafi óeðlilegar tafir í umfjöllun og vinnslu máls af hálfu ákæruvalds frá 12. þessa mánaðar.

Þykir með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 eiga að verða við þeirri kröfu ríkissaksóknara, að framlengt verði gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar frá kl. 15.00 að telja 30. september 1989 og allt að sama tíma 30. nóvember nk., en þó ekki lengur en til uppsögu héraðsdóms í máli Ólafs þessa, ef fyrr yrði. Margt þykir benda til, að dómsmeðferð máls þessa muni verða umfangsmikil og tímafrek. Tímamörkin 30. nóvember nk. í kröfugerð ákæruvalds eru því ekki talin óraunhæf í þessu samhengi. Með vísan til 3. gr. laga nr. 48/1988 er sem fyrr miðað við, að gæslufanginn njóti á ofangreindu tímabili réttarstöðu afplánunarfanga og þar með vistunar í samræmi þar við og rýmra hreyfifrelsis.

Úrskurðarorð:

Framlengt er gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar, kt. 170264-2669, frá kl. 15.00 að telja 30. september 1989 og allt að sama tíma 30. nóvember 1989, en þó ekki lengur en til uppsögu héraðsdóms í máli þessu, ef fyrr yrði, enda njóti nefndur aðili í þessari vistun réttarstöðu afplánunarfanga.

Föstudaginn 6. október 1989.

Nr. 353/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

M.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Húsleit. Börn. Réttarhagsmunir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. september 1989 samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, og krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Af ákæruvaldsins hálfu er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

I.

Hinn 7. september 1989 var í sakadómi Reykjavíkur lögð fram krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins þess efnis, að henni yrði með úrskurði heimilað að gera leit að telpunni B í híbýlum varnaraðila í Reykjavík og færa telpuna í umsjón barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Síðan var bókað: „Dómari hafði samband við lögmann kærðu, Guðnýju Björnsdóttur hdl., og kynnti henni fram komna kröfu. Lögmaðurinn óskaði ekki eftir að koma að athugasemdum." Að svo búnu var málið tekið til úrskurðar og hinn kærði úrskurður kveðinn upp samdægurs. Úrskurðurinn var birtur varnaraðila á heimili hennar sunnudaginn 10. september, og lýsti hún því yfir, að hún vildi kæra úrskurðinn til Hæstaréttar. Var henni leiðbeint í því efni. Leit fór síðan fram, en bar ekki árangur. Daginn eftir barst sakadómi Reykjavíkur kæra frá lögmanni varnaraðila. Gögn málsins bárust Hæstarétti 12. september og greinargerðir málsaðila 15. september.

II.

Í lögregluskýrslum, sem lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur eftirfarandi fram:

Hinn 14. september sl. var lögreglan í Reykjavík kvödd að heimili varnaraðila. Varnaraðili var þar í bifreið fyrir utan húsið og telpan með henni. Faðir telpunnar var þar einnig og vildi fá barnið. Farið var með fólkið á lögreglustöðina og málið lagt fyrir aðalvarðstjóra, sem hafði samband við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og barnaverndarnefnd. Lyktir málsins þarna urðu þær, að varnaraðili og faðir telpunnar undirrituðu svofellda yfirlýsingu:

„Bókun um vistun á barni á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur:

Undirrituð, foreldrar B, samþykkja vistun stúlkunnar á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur að [...] hér í borg til kl. 19.00 föstudaginn 15. sept. 1989."

Síðdegis 15. september kom faðir telpunnar að [...] og hafði hana á brott með sér, og að morgni 17. s.m. fóru þau flugleiðis úr landi.

III.

Húsleit sú, sem gerð var samkvæmt hinum kærða úrskurði, bar ekki árangur og leiddi eigi til, að dóttir varnaraðila yrði færð í umsjá barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Varnaraðili samþykkti hins vegar síðar, svo sem að framan greinir, vistun telpunnar á vegum barnaverndarnefndar. Að svo komnu þykja þeir hagsmunir eigi lengur vera fyrir hendi, að varnaraðili geti krafist dóms um kröfur sínar, og ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. september 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 7. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að heimiluð verði með úrskurði húsleit að [...], hér í borg í íbúð M í því skyni að leita þar telpunnar B og færa hana í umsjón barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Málavextir.

Hinn 4. ágúst sl. kærði F, til heimilis að ..., M, ..., hér í borg, fyrrum

eiginkonu sína, og D, til heimilis að ..., dóttur sína, fyrir RLR fyrir að hafa föstudaginn 21. júlí sl. numið á brott barn sitt og M, B, af heimili kæranda [...].

Í gögnum málsins kemur fram, að kæranda var veitt forræði barnsins í lögskilnaðarleyfi milli hans og kærðu, sem gefið var út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 13. febrúar 1987.

Kærandi fluttist til [...] ásamt börnum sínum þremur, sem honum var veitt forræði yfir í september 1987.

Kærða kom til landsins 25. júlí sl. með barnið, og dvaldist það hjá henni til 3. ágúst sl., er það var vistað á vistheimilinu [...] hér í borg samkvæmt bráðabirgðaúrskurði barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Sá úrskurður var staðfestur af barnaverndarráði Íslands 11. ágúst sl.

Hinn 28. ágúst sl. kvað dómsmálaráðuneytið upp úrskurð í forsjárdeilu þessari þess efnis, að F skyldi áfram hafa forræði B,og skyldi því standa óhaggað ákvæði í lögskilnaðarleyfi M og F frá 13. febrúar 1987 um forsjá barnsins. Úrskurðurinn var birtur sama dag starfsmönnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur og móður barnsins, M.

Dómsmálaráðuneytinu barst sama dag bréf frá lögmanni M með beiðni um úrskurð um umgengnisrétt móður við barn sitt, og er sú krafa til meðferðar þar.

Daginn eftir, að ráðuneytið kvað upp úrskurð í forræðisdeilunni, þ.e. 29. ágúst sl., kom móðir barnsins M á [...] hér í borg og nam barnið B á brott. Lögmaður F, Gísli Baldur Garðarsson hrl., hefur f.h. F kært M til RLR fyrir ætlað brot á 193. gr. laga nr. 19/1940.

Kærðu, M og D, dóttir hennar, hafa báðar komið til skýrslutöku hjá RLR. Kærðu hafa viðurkennt kæruefni, en neitað að láta barnið af hendi við barnaverndarnefnd Reykjavíkur, RLR eða lögmann F.

Lögmanni kærðu var gefinn kostur á að koma að athugasemdum, en hann óskaði ekki eftir að nýta sér það.

Brot það, er kærða er grunuð um að hafa framið, getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 193. gr. laga nr. 19/1940. Þykir því rétt með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, að úrskurða samkvæmt lögjöfnun frá 48. gr. laga nr. 74/1974, að húsleit megi fara fram í íbúð kærðu M, ... hér í borg, til þess að dóttur hennar verði náð úr umráðum hennar og komið í umsjón barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Úrskurðarorð:

Húsleit má gera í íbúð M, ..., hér í borg, til þess að taka dóttur hennar, B, f. 16.5.1981, og færa í umsjá barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Föstudaginn 6. október 1989.

Nr. 130/1987. **Guðmundur Jóhannes Guðjónsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Björgu M. Jónasdóttur Aðalsteinsson
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
til réttargæslu
(Ingólfur Hjartarson hdl.).

Bifreiðar. Vátrygging. Skaðabætur. Stefnubirting. Málflutningsumboð. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. apríl 1987. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að dregið verði verulega úr kröfum hennar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Réttargæslustefndi gerir ekki kröfur í málinu, og engum kröfum er beint að honum.

I.

Fram er komið, að 12. janúar sl. hafi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fallist á samruna Hagtryggingar hf. og Sjóvátryggingarfélags Íslands hf. og samtímis fellt niður starfsleyfi Hagtryggingar hf., svo og að Sjóvátryggingarfélag Íslands hafi sameinast Almennum tryggingum hf. í nýju félagi, Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Er starfsleyfi hins nýja félags dagsett 15. febrúar 1989.

Með vísan til þessa verða Sjóvá-Almennar tryggingar hf. réttargæsluaðili að málinu fyrir Hæstarétti í stað Hagtryggingar hf.

II.

Stefnufjárhæð í málinu er 3.000.000,00 króna, en fjárhæð ábyrgðartryggingar R 26097 var á slysdegi, 7. mars 1975, 6.000.000,00 gamlar krónur, þ.e. nú 60.000,00 krónur.

Við málshöfðun lágu engin gögn fyrir um meiðsli stefndu, þótt þá væru liðin tæp níu ár frá slysinu. En í lögregluskýrslu, sem var eina skjalið auk stefnu, sem lagt var fram við þingfestingu málsins, er skýrsla föður hennar, þar sem gerð er nokkur grein fyrir meiðslunum. Af þeim upplýsingum, sem þar koma fram, má ráða, að um mikil meiðsli hafi verið að ræða og lífshættuleg. Í héraðsstefnu er og stuttlega vikið að meiðslum stefndu. Þar segir, að hún hafi stórslasast og sé varanlegur öryrki af völdum slyssins.

Við upphaf málsins var ærin ástæða til að ætla, að svo kynni að fara, að dæmdar bætur færu verulega fram úr vátryggingarfjárhæð, svo að hagsmunir Hagtryggingar hf. og vátryggingartaka færu að því leyti ekki saman og greiðslubyrði, svo að verulegu næmi, myndi mæða á honum einum.

Samkvæmt ákvæði í 6. gr. í skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu bifreiða, sem giltu í skiptum áfrýjanda og Hagtryggingar hf. við upphaf þessa máls og rakið er orðrétt í héraðsdómi, var félaginu áskilinn réttur til að halda uppi vörnum í dómsmáli í nafni vátryggingartaka og honum skylt að gefa lögmanni á vegum félagsins löglegt umboð til þess. Á það reyndi aldrei gagnvart áfrýjanda. Nauðsyn þess, að umboð frá honum lægi fyrir þegar við upphaf málsins, var þó sérstaklega brýn, eins og hér stóð á samkvæmt framanskráðu um fyrirsjáanlegar líkur á misvægi hagsmuna félagsins og vátryggingartaka í málinu.

Að svo vöxnu máli brast lögmann Hagtryggingar hf. heimild til að árita stefnu vegna áfrýjanda, er kæmi í stað lögmæltrar birtingar, svo og til að halda uppi vörnum fyrir hann í málinu. Það var því óhjákvæmilegt, að stefnubirting færi fram með lögmæltum hætti gagnvart áfrýjanda. Þar sem hún fórst fyrir, var hann ekki að lögum bundinn aðild að málinu við svo búið.

III.

Gegn eindregnum mótmælum áfrýjanda er ósannað, að hann hafi haft spurnir af málinu, fyrr en honum barst bréf frá lögmanni Hagtryggingar hf., dagsett 5. maí 1986. Bréf þetta er svohljóðandi:

„EFNI: VARÐAR UMFERÐARSLYS ... 7.3. '75. Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hefur verið höfðað dómsmál á hendur yður og Hagtryggingu hf. vegna ofangreinds slyss.

Ég mun taka til varna í málinu f.h. Hagtryggingar hf. og fyrir hönd yðar, ef þér æskið þess."

Nokkru áður en bréf þetta var sent, hafði lögmaður stefndu lagt fram á bæjarþingi greinargerð í málinu ásamt gögnum, er hann reisti á kröfugerð sína. Í því þinghaldi, sem fram fór 22. apríl 1986, var lögmanni Hagtryggingar hf. veittur greinargerðarfrestur til 10. júní s.á.

Þinghald þann dag sótti lögmaður, er áfrýjandi hafði ráðið sér að málinu, og lagði fram greinargerð af hans hálfu. Frá þeim tíma varð áfrýjandi að lögum aðili að málinu. Frá og með sama þinghaldi varð Hagtrygging hf. samkvæmt bókun í þingbók einungis aðili til réttargæslu í málinu, enda hafði félagið þá undirgengist að greiða alla vátryggingarfjárhæðina með vöxtum og kostnaði.

IV.

Þegar fullgild aðild áfrýjanda að málinu hófst samkvæmt framanskráðu, voru liðin ellefu ár og rúmlega þrír mánuðir frá slysinu og rétt tæplega ellefu ár, frá því að Hagtrygging hf. hafði innt af hendi síðari greiðslu af tveimur upp í tjón stefndu 2. júní 1975. Allar kröfur á hendur áfrýjanda í málinu voru þá fyrndar samkvæmt 78. gr. þágildandi umferðarlaga, nr. 40/1968. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur Jóhannes Guðjónsson, skal vera sýkn af kröfum stefndu, Bjargar M. Jónasdóttur Aðalsteinsson, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. febrúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar 1987, hefur Björg Magnea Jónasdóttir Aðalsteinsson, fædd 27. janúar 1966, 451 South Lima Circle, Denver, Colorado, Bandaríkjunum, höfðað með stefnu, fram lagðri í dóm

29. febrúar 1984, á hendur Guðmundi Jóhannesi Guðjónssyni, nnr. 3065-0654, Langholtsvegi 122, Reykjavík, og Hagtryggingu hf., Reykjavík.

Í þinghaldi 30. júní 1986 féll stefnandi frá öllum kröfum á hendur Hagtryggingu hf. í málinu, en samkomulag varð um, að fyrirtækið tæki stöðu réttargæslustefnda.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi greiði sér 795.510,00 kr. ásamt 19% ársvöxtum frá 7. mars 1978 til 31/5 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31/8 s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30/11 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 30/5 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 30/5 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1/11 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21/9 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21/10 s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21/11 s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21/12 s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags máls þessa, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Til vara gerir hún kröfu til, að stefndi greiði sér 714.110,00 kr. með sömu vöxtum og kostnaði sem í aðalkröfu. Til þrautavara gerir hún kröfu til annarrar og lægri fjárhæðar að mati dómsins og vexti og málskostnað sem í aðalkröfu.

Stefndi gerir kröfu til sýknu og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega takmarkaðar og stefnda dæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Kl. 12.41 föstudaginn 7. mars 1975 var tilkynnt um slys á Kleppsvegi á móts við húsið nr. 122 til lögreglunnar í Reykjavík. Lögreglumenn fóru á staðinn og gáfu skýrslu um atburðinn og gerðu uppdrátt af aðstæðum á slysstað. Þarna hafði barn, er fór austur (sic) yfir götuna, orðið fyrir bifreiðinni R 26097, sem ekið var suður (sic) Kleppsveg. Er lögreglumennirnir komu á slysstað lá barnið í götunni um það bil fimm metra fyrir framan bifreiðina og virtist mikið slasað. Það var flutt á slysadeild Borgarspítalans. Barnið, sem fyrir þessu slysi varð, var stefnandi.

Ökumaður bifreiðarinnar R 26097 var stefndi. Hann kvaðst hafa ekið suður (sic) Kleppsveg. Hefði hann veitt barninu athygli, þar sem það hefði staðið við vesturbrún (sic) vegarins. Þegar barnið hefði hlaupið út á götuna, hefði hann hemlað og beygt til vinstri, en ekki getað komið í veg fyrir slysið. Barnið hefði orðið fyrir bifreiðinni framanverðri og fallið áfram í götuna.

Lukt bifreiðarinnar hægra megin var brotin, dæld var á vélarhúsloki, strokur á framhöggvara, vélarhúsloki og framaurbretti. Vitni að slysinu var Ólafur Þorsteinsson, Kleppsvegi 118, Reykjavík.

Stefndi hélt því fram, að hann hefði verið á um 45 km hraða miðað

við klst. Bifreiðin var reynd miðað við þann hraða, og mældust þá hemlaför að afturhjólum 8.15 metrar. Hemlaför samkvæmt uppdrætti mældust 21 metri. Vitnið, Ólafur Þorsteinsson, sagði, að bifreið stefnda hefði fyrst vakið athygli sína, þar sem henni var ekið nokkuð greitt, að því er hann taldi, um 70 km/klst., þegar henni var ekið fram hjá honum. Rétt á eftir hefði hann heyrt hemlaískur og litið á eftir bifreiðinni og þá séð barnið úti á götunni og hvar bifreiðin lenti á því. Hann hefði því hlaupið strax til að hringja á sjúkrabíl og farið síðan á staðinn.

Afleiðingar slyssins urðu þær, að stefnandi hlaut varanleg örkuml. Stefán Haraldsson læknir skoðaði stefnanda 1984. Í vottorði hans frá 26. mars 1984 er rakin sjúkrasaga stefnanda á eftirfarandi hátt:

„Hinn 7. mars 1975 varð stúlkan fyrir fólksbíl. Stúlkan dróst eitthvað með bílnum, en kastaðist síðan fimm metra vegalengd frá honum. Óvíst er, hvort hún missti meðvitund við slysið, en eftir fyrirliggjandi upplýsingum var hún með meðvitund, þegar komið var að henni skömmu síðar. Talið var, að hún hefði fengið mikið höfuðhögg, því að hún fékk stóra kúlu á enni og skrámaðist eitthvað í andliti. Sjúkl. var fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, og sáu menn þá við rannsóknir, að hún hafði brot á hægri lærlegg, brot á II. metacarpal-beini á hægri hendi. Þá hafði hún sprungu í lifur. Hún var skorin upp við lifrarsprungunni á Borgarspítalanum, var síðan lögð í „strekk" á hægri ganglim og umbúðir á hægri hendi. Sjúkl. lá í 6-7 vikur í „strekk" á Borgarspítalanum eftir upplýsingum, en þegar tekið var röntgen-„kontrol" eftir þennan tíma, kom í ljós, að brotið lá ekki rétt á lærleggnum. Var hún því lögð inn á Landspítalann, barnadeild, og lá þar frá 27.4.1975 til 16.5.1975. Hinn 28.4.1975 var hún skorin upp við lærleggsbrotinu og það sett saman og fest. Þegar hún var útskrifuð frá Landspítalanum, var hún útskrifuð til síns heima. Hún var síðan tekin aftur inn á Landspítalann 26.6.1975 og dvaldist þar til 17.7. 1975. Var gips tekið af sjúklingi. Þá má geta þess, að rétt áður en hún var lögð inn í seinna skiptið, fékk hún botnlangabólgu og var því lögð inn á Borgarspítalann, og var botnlanginn tekinn þar 20.6.1975.

Sjúkl. fluttist síðan til Bandaríkjanna seinna á árinu 1975.

Fyrir tveimur árum var plata og skrúfur þær, sem notaðar voru til þess að festa brotið, teknar burtu úr hægri lærlegg í Denver, Colorado í Bandaríkjunum."

Hinn 21. janúar 1985 mat Jónas Hallgrímsson læknir örorku stefnanda vegna slyssins.

Í niðurstöðu hans segir:

„Björg Magnea hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Varanleg örorka hennar stafar af lengingu á hægra ganglim, sem hún slasaðist á, vöðvarýrnun á hægra læri og minnkuðum styrk, hryggskekkju,

sem hún hefur fengið vegna mislangra ganglima, og krónískum bakverk þar af leiðandi og að lokum af verkjum og minnkuðum styrk í hægra læri. Enda þótt hún hafi verk í lifrarstað og truflaða matarlyst og ógleði, er ekki beint hægt að segja, að það skerði vinnugetu hennar. Sama er að segja um höfuðverki, sem hún fær annað slagið, og myndu þessi óþægindi fremur reiknast til miska. Varanleg örorka hennar er metin og sundurliðuð á þennan hátt:

lenging á hægra ganglim 5%,
krónískur bakverkur 10%,
verkur og minnkaður styrkur í hægra læri 5%.
Örorka Bjargar Magneu vegna slyssins er því, sem hér segir:
frá slysinu í 5 mánuði 100%,
loks varanleg örorka 20%."

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson, cand. act., reiknað út verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi miðað við 6% afvöxtun framtíðartjóns. Þar segir:

„Í aðferð I eru notaðir samsettir vextir og í aðferð II einfaldir vextir yfir tímabilið milli slysdags og 16. mars 1986.

	Aðferð I	Aðferð II
v/varanl. örorku til 16.3.1986	kr. 19.337,00	kr. 42.416,00
v/varanl. örorku eftir það	kr. 110.927,00	kr. 313.094,00
Samtals	kr. 130.264,00	kr. 355.510,00

Athugasemd I.

Almennt skiptir ekki máli um bætur vegna framtíðartjóns, hvort notaðir eru samsettir eða einfaldir vextir. Frá þessu eru undantekningar, ef ábyrgðartrygging með hámarki á að bæta tjón. Hún greiðir slysdagsbætur, sem falla innan hámarksins, auk vaxta. Slysdagsupphæðin sjálf getur þannig haft áhrif á, hve mikill hluti uppgjörsfjárhæðar fellur á tryggingafélagið og hve mikið á hinn tryggða (bótaskylda).

Sérkennileg tilvik geta risið, ef beita á reglunni um fjögurra ára fyrningu vaxta. Þegar notaðir eru almennir svokallaðir vextir af spariinnlánum, sem í er fólginn verðbótaþáttur, vaknar sú spurning, hvort löggjafinn hafi átt við þann þátt líka, þegar reglan var lögfest. Slíkt verður að teljast harla ólíklegt. Hlutverk verðbótaþáttarins er ekki ávöxtun, heldur er honum ætlað að leiðrétta verðrýrnun gjaldmiðilsins, en því hlutverki hefur hann skilað slælega. Það er líka ljóst, að ef ekki væri verið að fjalla um skaðabætur, heldur löglega verðtryggða fjárkröfu, yrðu verðbæturnar aldrei krýndar með nafninu vextir.

Athugasemd II.

Að gefnu tilefni legg ég áherslu á, að í útreikningunum er vinnutekjutap að venju áætlað með notkun hreins læknisfræðilegs mats á örorku. Slíkt mat er mjög ótraustur mælikvarði á raunverulegt vinnutekjutap, og getur verið um að ræða bæði of- og vanmat.

Frádráttur.

Ekki hefur verið athugað, hver sé eðlileg rýrnun verðmætis vinnutekjutaps vegna skattfrelsis bóta.

Reikningsgrundvöllur.

Um vexti er rætt hér að framan. Við útreikningana hef ég notað dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1976-1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Um það er ekki deilt, að stefndi, Guðmundur Jóhannes Guðjónsson, ber sem eigandi og ökumaður R 26097 alla ábyrgð á slysinu samkvæmt 69. gr. umferðarlaga, sbr. 67. gr. sömu laga.

Á þeim tíma, er slys þetta varð, nam tryggingarfjárhæð skv. 70. gr. laga nr. 40/1968 6.000.000,00 gamalkróna eða 60.000,00 nýkrónum. Árið 1986 gerði Hagtrygging hf. stefnanda tilboð á eftirfarandi hátt:

Höfuðstóll		kr. 60.000,00
Vextir (205.23% x 60.000,00)		kr. 123.138,00
Kostnaður:		
Örorkumat	kr. 3.410,00	
Örorkutjónsútr.	kr. 8.870,00	kr. 12.280,00
Þóknun til lögmanns stefnanda		kr. 21.768,00
	Samtals	kr. 217.186,00

Af þessari fjárhæð hafði félagið áður greitt 6. maí 1975 50.000,00 gkr. og 2. júní 1975 100.000,00 gkr. eða samtals 1.500,00 nýkr. Þá fjárhæð dró nú félagið frá höfuðstól og gerði upp við stefnanda. Sjá hér kvittanir á dskj. 14 og 15. Hækkun fjárhæðar frá tilboði felst í hækkun vaxta og kostnaðar. Lögmaður stefnanda undirritaði þessar kvittanir um það, að hann gerði ekki frekari kröfur á hendur félaginu vegna tjóns stefnanda. Hann féll síðan frá frekari málsókn á hendur félaginu nema til réttargæslu. Félagið greiddi þannig 58.500,00 kr. með fjögurra ára vöxtum. Aðrir vextir voru taldir fyrndir.

Við þingfestingu málsins hafði lögmaður Hagtryggingar hf. mætt óstefndur f.h. félagsins og stefnda, Guðmundar Jóhannesar, en í þinghaldi 10. júní 1986 sótti annar lögmaður þing af hálfu Guðmundar Jóhannesar

og lagði fram greinargerð. Kemur þar fram, að brigður eru á það bornar, að lögmaður félagsins hafi haft heimild til að sækja þing af hálfu Guðmundar Jóhannesar, og því haldið fram, að hann hefði ekkert um málsóknina vitað fyrr en með bréfi lögmanns félagsins 5. maí 1986. Af þessu tilefni lagði lögmaður félagsins fram eftirfarandi bókun í þinghaldi 5. september sl.:

„Í skilmálum félagsins varðandi ábyrgðartryggingar ökutækja, 10. gr., segir, að félagið eigi rétt á að annast málsvörn og uppgjör, ef til bótakröfu kemur á því sviði, sem vátryggingin nær til. Stefndi í máli þessu, Guðmundur J. Guðjónsson, var látinn vita óformlega af máli þessu á sínum tíma. Það var síðan ítrekað með bréfi, dagsettu 5.5.'86. Stefndi Guðmundur óskaði þá eftir því, að lögmaður sinn héldi uppi vörnum í málinu, og hafði félagið ekkert við það að athuga."

Lögmaður félagsins hætti því næst að sækja þing, enda taldi félagið, að það hefði gert upp við stefnanda. Með bréfi, dags. 21. nóvember sl., skoraði lögmaður stefnda, Guðmundar Jóhannesar, á lögmann félagsins f.h. þess, að það tæki aðilastöðu í málinu að nýju, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936. Af því hefur þó ekki orðið.

Stefnandi hafði upphaflega sundurliðað tjón sitt svo:

1.	Bætur vegna örorku	kr. 355.510,00
2.	Miskabætur	kr. 500.000,00
3.	Útlagður kostnaður	kr. 50.000,00
	Samtals	kr. 905.510,00

Í þinghaldi 24. nóvember sl. lækkaði hann síðan höfuðstól kröfu sinnar í 795.510,00 kr., þ.e. hann dró 60.000,00 kr. frá 1. lið sundurliðunarinnar og felldi niður 3. lið. Í þinghaldi 16. janúar sl. gerði hann síðan varakröfu um, að höfuðstóll yrði 714.110,00 kr., þ.e., að 1. liður kröfu hans yrði ákveðinn 214.110,00 kr. Varakrafan byggist á útreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., á dskj. 21, en þar hefur hann að ósk lögmanns stefnanda framreiknað þá fjárhæð, sem stefnandi fékk greidda upp í tjón sitt á árinu 1975, til nóvember 1986 miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. Þannig reiknuð verður greiðslan 82.900,00 kr.

Þá gerði hann loks kröfu til þrautavara um aðra og lægri fjárhæð.

Af hálfu stefnda, Guðmundar Jóhannesar, er krafist sýknu á þeim grundvelli, að krafan á hendur sér sé fyrnd samkvæmt 78. gr. umferðarlaga. Stefnda, Guðmundi Jóhannesi, hafi ekki verið stefnt í málinu, svo sem lög mæli fyrir um, og honum hafi fyrst verið kunnugt um málsóknina með bréfi Hagtryggingar hf., dags. 5. maí 1986, en þá hafi tíu ára fyrningarfrestur verið liðinn. Auk þessa telur hann, að stefnandi hafi þegar

fengið uppgert hjá Hagtryggingu hf. og gefið fullnaðarkvittun fyrir, og sé því ekki mögulegt að gera frekari kröfur á hendur félaginu.

Loks heldur hann því fram, að verði ekki á þessar málsástæður fallist, hafi stefnandi sýnt svo mikið tómlæti um kröfur sínar, að þær séu niður fallnar.

Varakröfu sína segir hann setta fram til öryggis. Hann mótmælir í því sambandi sérstaklega miskabótakröfu stefnanda sem allt of hárri.

Þá mótmælir hann vaxtakröfu stefnanda.

Af hálfu stefnanda er málsástæðum stefnda mótmælt. Vitnað er til þeirrar bókunar lögmanns Hagtryggingar hf. í þinghaldi 5. september sl., að félagið hafi átt rétt á að annast málsvörn stefnda og að stefndi hafi vitað af málinu.

Þá var því sérstaklega mótmælt við munnlegan flutning málsins, að um tómlæti væri að ræða. Því var haldið fram, að hafist hefði verið handa um uppgjör tjónsins, strax og séð varð fyrir um afleiðingar slyssins. Afleiðingarnar hafi ekki mátt sjá, fyrr en stúlkan hafði að fullu tekið út vöxt. Tryggingafélagið hafi allan tímann vitað af kröfunni og hafi þegar á árinu 1975 greitt upp í tjónið. Þá var því mótmælt, að með uppgjöri við Hagtryggingu hf. hefði verið fallið frá nokkrum kröfum á hendur stefnda, Guðmundi Jóhannesi.

Varðandi miskabótakröfu var vitnað til örorkumats og framburðar stúlkunnar hér fyrir dómi.

Af hálfu stefnda var við munnlegan flutning ítrekað, að félagið hefði ekki haft heimild til að halda uppi vörnum fyrir hann. Var í þessu sambandi vitnað til 74. gr. umferðarlaga og laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Þótt félagið hafi haft heimild til að gera upp fyrir stefnda, sé ekki þar með sagt, að það sé bært til að halda uppi vörnum fyrir hann.

Fyrir dóm hafa komið stefnandi, Björg Magnea Jónasdóttir Aðalsteinsson, stefndi, Guðmundur Jóhannes Guðjónsson, og Ingólfur Hjartarson hrl., lögmaður Hagtryggingar hf.

Álit dómsins.

Samkvæmt örorkumati stafar varanleg örorka stefnanda af lengingu á hægra ganglim, vöðvarýrnun á hægra læri og minnkuðum styrk og hryggskekkju. Eðli málsins samkvæmt varð þessi örorka ekki metin, fyrr en stefnandi varð fullvaxin. Þá gekkst stefnandi undir aðgerð í Bandaríkjunum árið 1982, þar sem fjarlægðar voru plata og skrúfur þær, sem notaðar höfðu verið til að halda brotinu á hægra lærlegg saman. Af þessu má ljóst vera, að í fyrsta lagi á árinu 1982 gat stefnandi gert sér endanlega grein fyrir tjóni sínu. Samkvæmt 78. gr. umferðarlaga var því krafa hennar ekki fyrnd á árinu 1984, þá er bæjarþingsmál þetta var höfðað, og ekki verður hún talin hafa sýnt af sér verulegt tómlæti.

Tryggingafélag stefnda greiddi stefnanda upp í væntanlegar tjónsbætur 6. maí 1975 og 2. júní 1975. Við aðila- og vitnayfirheyrslu kom fram, að stefndi, Guðmundur Jóhannes, hefur greitt tryggingafélaginu það tjón, sem samkvæmt þágildandi ákvæði 1. mgr. 73. gr. umferðarlaga var í sjálfsáhættu hans. Með hliðsjón af 6. gr. laga nr. 14/1905 byrjaði nýr 10 ára fyrningarfrestur, sbr. niðurlagsákvæði 78. gr. umferðarlaga, að líða frá síðari inngreiðslunni. Sá frestur var liðinn, þá er stefndi lét núverandi lögmann sinn sækja þing fyrir sig. Það ræðst þannig af því, hvort tryggingafélagið hafði umboð til þess að láta mæta fyrir hönd stefnda, hvort krafa stefnanda á hendur honum er fyrnd.

Í þeim vátryggingarskilmálum, sem í gildi voru 1975, var svohljóðandi ákvæði:

„Þegar þriðji maður gerir skaðabótakröfu á hendur vátryggingartaka, reynir félagið að koma á sættum við þann, er fyrir tjóninu varð. Takist það ekki, tekur félagið að sér málsóknina í nafni vátryggingartaka og fær til þess málafærslumann, ef með þarf, og er vátryggingartaka skylt að gefa honum löglegt umboð."

Ákvæði þetta þykir ekki verða öðruvísi skilið en tryggingafélaginu hafi verið rétt og skylt að taka að sér málsvörnina fyrir hönd stefnda, þar á meðal að mæta óstefnt við þingfestingu málsins. Við þingfestingu málsins þykir því fyrningu hafa verið slitið einnig gagnvart stefnda, Guðmundi Jóhannesi.

Þá verður ekki talið, að stefnandi hafi með viðtöku hámarksfjárhæðar vátryggingarinnar firrt sig rétti til að sækja stefnda, Guðmund Jóhannes, um það, sem hún telur enn ógreitt.

Við ákvörðun fjárhæðar bóta úr hendi stefnda verður að meta í heild, hversu miklum bótum stefnandi á rétt á vegna slyssins og hversu mikið hún hefur þegar fengið. Fjárhæðir þessar verður að meta til sama verðlags og taka tillit til þeirra vaxta, sem dæmdir verða. Þá ber að líta til þess, að útreikningur vinnutekjutaps miðast við læknisfræðilegt örorkumat, þar sem tæpast er verið að meta hreint vinnutekjutap. Þess ber þó að gæta, að hér er í örorkumati að hluta til gerður greinarmunur á skertri vinnugetu og miska. Rétt þykir þó að áætla örorkutjón og miska í einu lagi, þar sem varanleg örorka er þó ekki meiri en 20%.

Þá ber að taka tillit til eingreiðslu og skattfrelsis bóta.

Að þessum sjónarmiðum athuguðum og þegar hliðsjón er höfð af reikningsaðferð II, þykir stefndi eiga að greiða stefnanda 210.000,00 kr. í bætur vegna slyss þessa, eftir að greiðslur tryggingafélagsins hafa að fullu verið metnar.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1904 eru vextir frá fyrri tíma en fjórum árum fyrir þingfestingu fyrndir og verða ekki teknir til greina. Að öðru leyti þykir mega miða við vaxtakröfu stefnanda.

Eftir þessari niðurstöðu er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn ásamt kostnaði 35.000,00 kr.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jóhannes Guðjónsson, greiði stefnanda, Björgu Magneu Jónasdóttur Aðalsteinsson, 210.000,00 kr. með 31% ársvöxtum frá 29/2 1980 til 1/6 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1/6 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1/11 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21/9 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21/10 s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21/11 s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21/12 s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags máls þessa 29/2 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 35.000,00 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 9. október 1989.

Nr. 259/1988. **Grétar Þorleifsson,**
Margrét Vilbergsdóttir og
Sigrún Þorleifsdóttir
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Björgólfi Eyjólfssyni og
Gunnari Eyjólfssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Forkaupsréttur. Girðing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. ágúst 1988. Við hinn munnlega málflutning fyrir Hæstarétti gerðu þau eftirgreindar kröfur:

„1. Að stefndu verði gert skylt að setja upp að nýju girðingu þá, er stefndi Björgólfur tók niður í nóvember 1984. Náði girðingin frá horni sumarbústaðarlóðar áfrýjenda í landi Lækjarhvamms í Laugardalshreppi í Árnessýslu, úr horni sunnan Grafarár, norður yfir brúna yfir Grafará og norður í túngirðingu Lækjarhvamms um 35 metra norðan við Grafará. Girðingin, sem stefndi tók niður, er nú við horn lóðar áfrýjenda við Grafará. Þess er jafnframt krafist, að stefndu verði in solidum gert að greiða dagsektir, 500,00 kr. á dag, frá dómsuppsögudegi, þar til girðingin hefur verið sett upp að nýju.

2. Að viðurkenndur verði forkaupsréttur áfrýjenda að landspildu stefndu úr jörðinni Lækjarhvammi í Laugardalshreppi í Árnessýslu, sem er norðan Grafarár fyrir sumarbústaðarlandi áfrýjenda og afmarkast af Grafará að sunnan, vegi að sumarbústaðarlandi áfrýjenda að vestan, að girðingum að landi Lækjarhvamms að norðan og girðingu að austan.

3. Auk þessa er krafist málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri

breytingu, að málskostnaður í héraði falli niður, en áfrýjendum verði til dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu in solidum fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar."

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms í málinu.

Óumdeilt er í málinu, að stefndu eru sameigendur jarðarinnar Lækjarhvamms og að land það, sem er norðan Grafarár, þar sem girðingin stóð norðan árinnar, er í óskiptri sameign stefndu.

Gegn andmælum stefndu hafa áfrýjendur ekki sannað, að það hafi verið forsenda þeirra fyrir kaupunum á sumarbústaðarlandinu sunnan Grafarár, að þeir fengju að girða norðan árinnar með þeim hætti, sem gert var í upphafi. Áfrýjendur hafa ekki heldur sannað, að stefndi Björgólfur hafi gert munnlegan samning við áfrýjendur þess efnis, að stefndu væru skuldbundnir til að leyfa varanlega girðingu á landi sínu, þar sem hún var í upphafi reist. Verður því að leggja til grundvallar þá skýrslu stefnda Björgólfs, að girðingin hafi aðeins átt að standa til bráðabirgða, þar til áfrýjendur hefðu sett upp girðingu á sínu landi. Krafa áfrýjenda um það, að stefndu verði gert skylt að setja upp að nýju girðingu á áðurgreindum stað, verður því ekki tekin til greina.

Vitnin Þórir Gíslason og Sigurður Már Sigurðsson, sem komu fyrir dóm 6. maí 1988, greindu svo frá, að stefndi Björgólfur hefði nokkrum árum áður komið síðdegis dag einn í sumarhúsið Bakkasel. Áfrýjandinn Grétar hefði einnig verið þar staddur. Erindi Björgólfs hefði verið að biðja Grétar að aka með sig á dansleik í næstu sveit. Á meðan Björgólfur stóð við þarna, hefði forkaupsréttur á landspildunni norðan Grafarár komið til tals.

Vitnið Þórir greindi m.a. svo frá: „...Þá barst þetta í tal með forkaupsréttinn að þessari spildu þarna hinum megin við ána, og var Grétar að impra á því, hvort það stæði ekki ennþá, sem þeir hefðu talað saman um áður um það. Björgólfur sagði, að það stæði alltaf allt, sem þeim hefði farið á milli. Þeir voru þá miklir mátar og tókust í hendur upp á það, að ef þessi spilda yrði seld einhvern tíma, þá fengi Grétar hana. Ég svona í fávísi minni spurði, hvort svona allir samningar ættu ekki að vera skriflegir. Þá sagði Björg-

ólfur sjálfur ..., að þeirra samningar hefðu alltaf staðist, það hefði aldrei þurft að vera neitt skriflegt í sambandi við það, þeir væru það miklir mátar."

Vitnið Sigurður Már skýrði m.a. svo frá: „...þá fer Grétar að ræða um þetta land við hann, sem hann hafði gert áður, held ég, án þess ég viti það, og Bóbó segir, að hann megi hafa forkaupsrétt að þessu landi, þarna beint á móti, hinum megin við ána, beint á móti hans bústað ... Þetta var tekið með handabandi þarna, og einmitt Þórir Gíslason spurði einmitt að því, hvort ekki yrði þetta skriflegt, en Bóbó sagði nei, að hann vildi ekkert skriflegt, handaband væri sama og skriflegt..."

Af framburði þessara vitna má helst ætla, að Grétar hafi hér rætt um forkaupsrétt sér einum til handa. Stærð umræddrar landspildu var ekki mæld. Enginn skriflegur gjörningur var gerður, og landið var í óskiptri sameign stefndu. Með hliðsjón af þessu og stöðu vitnanna gagnvart Grétari þykir ekki nægilega sannað gegn mótmælum stefndu, að áfrýjendur hafi öðlast forkaupsrétt á umræddri landspildu.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjenda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Björgólfur Eyjólfsson og Gunnar Eyjólfsson, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjenda, Grétars Þorleifssonar, Margrétar Vilbergsdóttur og Sigrúnar Þorleifsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 27. maí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. maí sl., er höfðað með stefnu, birtri 10. mars 1986.

Stefnendur eru Grétar Þorleifsson, Álfaskeiði 84, Hafnarfirði, nnr. 2750-4701, Margrét Vilbergsdóttir, s.st., nnr. 6403-9989, og Sigrún Þorleifsdóttir, Merkurgötu 11, Hafnarfirði, nnr. 7738-6718.

Stefndu eru Björgólfur Eyjólfsson, Lækjarhvammi, Laugardalshreppi, nnr. 1284-1590, og Gunnar Eyjólfsson, s.st., nnr. 3346-2514.

Upphaflegar dómkröfur stefnenda voru þær:

„1. Að stefndu yrði in solidum gert að greiða stefnendum 31.345,10 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

— — —

2. Að stefndu yrði gert skylt að setja upp að nýju girðingu þá, er stefndi Björgólfur tók niður í nóvember 1984. Náði girðingin frá horni sumarbústaðarlóðar í landi Lækjarhvamms úr horni sunnan Grafarár, norður yfir brúna yfir Grafará og norður í túngirðingu Lækjarhvamms um 35 metra norðan við Grafará. Girðingin, sem stefndi tók niður, er nú við horn lóðar umbjóðenda minna við Grafará. Þess er jafnframt krafist, að stefndu verði in solidum gert að greiða dagsektir, 500,00 kr. á dag, frá dómsuppsögudegi, þar til girðingin hefur verið sett upp að nýju.

Til vara var gerð sú réttarkrafa vegna kröfu skv. 2. tl. hér að framan, yrði ekki fallist á aðalkröfuna, að stefndu yrði gert að greiða stefnendum 40.000,00 kr. með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá stefnubirtingardegi til greiðsludags auk málskostnaðar, sbr. 4. tl.

3. Að viðurkenndur yrði forkaupsréttur stefnenda að landspildu stefndu norðan Grafarár fyrir sumarbústaðarlandi stefnenda, er afmarkast af Grafará að sunnan, vegi að sumarbústaðarlandi stefnenda að vestan, af girðingu að landi Lækjarhvamms að norðan og girðingu að austan.

4. Að stefndu yrði in solidum gert að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu.“

Af hálfu stefndu er sú krafa gerð, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ og/eða fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Sáttaumleitanir í máli þessu voru umfangsmiklar, en lauk svo, að á dómtökudegi tókst réttarsátt um 1. kröfulið stefnunnar, en að öðru leyti hélt málið áfram fyrir dóminum.

Sáttin var svohljóðandi:

„Í tilefni aukadómþingsmálsins nr. 110/1986: Grétar Þorleifsson o.fl. gegn Björgólfi Eyjólfssyni o.fl., er gerð eftirfarandi hlutasátt um 1. tölulið í stefnukröfum, sbr. 2. tl. 2. gr. einkamálalaga, nr. 85/1936.

Stefndu greiða stefnendum vegna kostnaðar við lagningu burðarlags á veg fyrir landi stefnenda, sbr. ákvæði um skiptingu kostnaðar í kaupsamningi á dskj. nr. 3 og afsali á dskj. nr. 4, 25.000,00 kr. að liðnum 30 dögum frá undirritun sáttarinnar. Er greiðsla þessi vaxtalaus. Stefnendur eru sammála um að falla frá öðrum kröfum í 1. tölulið stefnukrafna máls þessa, og telst hann að fullu afgreiddur með sátt þessari. Aðilar eru sammála um, að hvor aðili um sig beri sinn málskostnað varðandi sáttarefnið.

Þeir, sem undirrita sáttina, Grétar og Björgólfur, ábyrgjast, að þeir hafi til þess fullnægjandi umboð.

Upplesið, samþykkt.

Björgólfur Eyjólfsson (sign.)

Grétar Þorleifsson (sign.).“

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru því þær, er greinir í 2., 3. og 4. lið í stefnukröfum, en kröfur stefndu eru óbreyttar, þ.e.a.s. krafist sýknu af öllum kröfum og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dagsettum 8. júlí 1983, og afsali, dagsettu sama dag, seldu stefndu stefnendum landspildu úr jörðinni Lækjarhvammi í Laugardalshreppi. Samkvæmt afsalinu er land þetta 1,78 hektarar að stærð og afmarkast að norðan af Grafará, að vestan af vegarstæði, að sunnan af melholti og að austan af öðrum landspildum.

Hvorki í kaupsamningi né afsali er þess getið, að stefnendur eigi rétt á girðingu handan árinnar í landi stefndu né að stefnendur eigi forkaupsrétt að landi þar, en stefnendur halda því fram, að munnlegur samningur hafi verið gerður um þessi atriði.

Girðing sú úr horni lóðar stefnenda sunnan Grafarár, norður yfir ána og í túngirðingu Lækjarhvamms þar, er krafa er gerð um, að sett verði upp að nýju, var á sínum tíma sett upp af stefnendum með heimild stefndu, en aðila greinir á um það, hvort heimildin var tímabundin eða ekki. Stefnendur segja heimildina hafa verið ótímabundna, en stefndu segja hana hafa verið til bráðabirgða, meðan stefnendur væru að loka landinu á sinni lóð.

Stefnendur hafa lagt fram bréf frá lögmanni stefndu, Sveini Skúlasyni, til eins stefnenda, Grétars Þorleifssonar, dagsett 10. október 1984, þar sem m.a. var gerð sú krafa, að stefnendur tækju niður umrædda girðingu eigi síðar en 31. október 1984, ella teldi stefndi Björgólfur sér heimilt að gera það sjálfur.

Stefndu tóku síðan girðinguna niður í nóvember 1984 að liðnum þessum fresti

Málsástæður og lagarök. Stefnendur.

2. kröfuliður stefnu.

Aðalkrafa: Stefnendur reisa kröfur sínar á forsendusjónarmiðum og því, „að talinn hafi verið kominn á samningur milli aðila um, að nýja girðingin skyldi vera þar, sem hún var sett upp.“

Varakrafa: Krafan er byggð á því, að land stefnenda hafi lækkað í verði, frá því að kaupin voru gerð, og beri stefndu ábyrgð á því tjóni, sem stefnendur hljóti af því, enda aldrei um það getið við samningsgerðina um landið, að eigi mætti girða í lóðarmörk.

3. kröfuliður stefnu.

Stefnendur halda því fram, að stefndu hafi skuldbundið sig til að veita stefnendum forkaupsrétt að þessu landi, yrði það selt, og séu vottar að því loforði stefndu.

„Lagarök stefnenda til stuðnings kröfum sínum eru samningalög, nr. 7/1936, skaðabótareglur og forsendusjónarmið."

Stefndu.

2. kröfuliður stefnu.

Stefndu krefjast sýknu vegna þess, að stefnendum hafi aðeins verið heimilt að setja girðinguna upp til bráðabirgða, og sé ljóst, að slík girðing geti aldrei staðið til frambúðar, óski landeigendur breytinga. Bent er á, að stefnendur hafi ekki girt land sitt meðfram Grafará og því ekki gert neinar tilraunir til þess að hindra ágang búfjár inn á landið þrátt fyrir áskoranir þar um. Verði því að telja, að þau beri sjálf alla áhættuna af því, að girða ekki eigið land.

Varakrafa: Þessari kröfu er vísað á bug sem rangri, nauðsynjalausri og algjörlega órökstuddri.

3. kröfuliður stefnu.

Stefndu krefjast sýknu vegna þess, að þeir hafi aldrei veitt stefnendum forkaupsrétt á neinu landi úr landi Lækjarhvamms umfram það, sem þau hafi þegar keypt. Stefndu benda hins vegar á, að stefnendur hafi hvað eftir annað reynt að fá stefndu til þess að afsala landi því, sem er handan Grafarár gegnt landi stefnenda. Aldrei hafi komið til álita af hálfu stefndu að selja stefnendum eða heimila þeim á annan hátt að hagnýta sér land þetta. Verði réttur landeigenda til landsins ekki skertur með hótunum og röngum yfirlýsingum af hálfu stefnenda.

Lagarök.

Til stuðnings sýknukröfum sínum vísa stefndu til ákvæða stjórnarskrárinnar, sbr. einkum 67. gr., og um önnur atriði í samningum aðila vísa þeir til ákvæða samningalaga, nr. 7/1936.

Forsendur og niðurstaða.

2. kröfuliður stefnu.

Ekki er um það deilt í máli þessu, að landið norðan Grafarár gegnt landi stefnenda er eign stefndu. Gegn mótmælum stefndu ber því stefnendum að sanna, að þeir hafi með einhverjum hætti öðlast rétt til þess, að stefndu setji þar upp girðingu að nýju.

Hér verður að leggja það til grundvallar, sem fram kemur í aðilaskýrslu stefnda Björgólfs fyrir dóminum, að girðing sú, er upp var sett á sínum tíma með leyfi stefndu, hafi aðeins átt að standa til bráðabirgða, þar til

stefnendur hefðu sett upp girðingu í sínu landi. Hvorki í kaupsamningi né afsali til stefnenda fyrir landinu sunnan árinnar er getið um, að stefnendur eigi rétt á girðingu þarna. Eigi hafa stefnendur heldur lagt fram sérstakan skriflegan samning um þetta atriði. Stefnendur reisa kröfu sína eingöngu á munnlegum samningi um þetta, sem þeir segja, að gerður hafi verið, og til þess að sanna, að samningur þessi hafi komist á, hafa þeir leitt þrjú vitni fyrir dóminn. Önnur sönnunargögn um þetta atriði hafa ekki verið lögð fram.

Vitnið Þórir Gíslason og stefnandi Grétar eru systrabörn. Vitnið Sigurður Már Sigurðsson er hálfbróðir stefnanda Grétars. Vitnið Helgi Bragason er tengdasonur stefnanda Sigrúnar. Eins og háttað er þessari afstöðu vitnanna til stefnenda má ekki gegn mótmælum stefndu treysta framburði þeirra við úrlausn þessa máls.

Samkvæmt þessu hefur stefnendum gegn mótmælum stefndu ekki tekist að sanna, að komist hafi á slíkur samningur um umrædda girðingu, að hann gefi þeim rétt til þess, að hún verði sett upp að nýju, eða að þeir hafi með öðrum hætti öðlast rétt til þess. Samkvæmt því og með vísan til ákvæða náttúruverndarlaga ber að sýkna stefndu af þessari kröfu.

Með vísan til þess, er hér hefur verið rakið, og vegna vanreifunar og ófullnægjandi rökstuðnings verður varakrafa þessa töluliðar eigi heldur tekin til greina.

3. kröfuliður stefnu.

Í fyrrnefndum kaupsamningi og afsali er ekki getið um forkaupsrétt, og stefnendur hafa eigi heldur lagt fram sérstakan skriflegan samning um hann.

Stefnendur styðja kröfu sína um forkaupsrétt eingöngu munnlegum samningi, sem þeir segja, að gerður hafi verið. Eina sönnunin, sem reynt hefur verið að færa fyrir því, að þessi samningur hafi komist á, er framburður sömu vitna og að framan greinir fyrir dóminum. Gildir hér hið sama og áður segir um afstöðu vitnanna til stefnenda, svo að framburður þeirra einn sér nægir eigi gegn mótmælum stefndu til þess að sanna, að umræddur forkaupsréttur hafi verið veittur.

Samkvæmt þessu hefur stefnendum gegn mótmælum stefndu eigi tekist að sanna, að samningur hafi komist á um umræddan forkaupsrétt, eða að þeir eigi með öðrum hætti rétt til þess, að hann verði viðurkenndur. Ber því að sýkna stefndu af þessari kröfu.

Samkvæmt framansögðu eru stefndu sýknaðir af öllum dómkröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnendur in solidum til þess að

greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 85.000,00 kr.

Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Björgólfur Eyjólfsson og Gunnar Eyjólfsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Grétars Þorleifssonar, Margrétar Vilbergsdóttur og Sigrúnar Þorleifsdóttur, í máli þessu.

Stefnendur greiði in solidum stefndu 85.000,00 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. október 1989.

Nr. 371/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni,
Ragnari Kjartanssyni,
Páli Braga Kristjónssyni,
Árna Árnasyni,
Sigurþóri Charles Guðmundssyni,
Þórði Hafsteini Hilmarssyni,
Helga Magnússyni,
Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni,
Lárusi Jónssyni,
Ólafi Helgasyni,
Axel Kristjánssyni,
Inga Randveri Jóhannssyni,
Valdimar Indriðasyni,
Arnbirni Kristinssyni,
Garðari Sigurðssyni,
Kristmanni Karlssyni og
Jóhanni Sigurði Einvarðssyni.

Kærumál. Opinbert mál. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Sakadómararnir Sverrir Einarsson dómsformaður, Arngrímur Ísberg og Ingibjörg Benediktsdóttir tóku hina kærðu ákvörðun.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 25. september sl. lýsti lögmaður kærandans Ragnars Kjartanssonar yfir því, að hann kærði til Hæstaréttar ákvörðun sakadóms, sem gerð var í sama þinghaldi, þess efnis, að ekki skuli lögð fram svokölluð upplýsingaskýrsla um rannsóknar- og ákæruméðferð Hafskipsmálsins. Kvað lögmaðurinn kæruna reista á 10. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974. Lögmaðurinn hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hin kærða ákvörðun sakadóms verði felld úr gildi og heimilað verði að

leggja fram upplýsingaskýrsluna í dóminum við meðferð málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Á dómþingi sakadóms 25. september var einnig lýst kæru af hálfu Björgólfs Guðmundssonar, Helga Magnússonar, Páls Braga Kristjónssonar og Þórðar Hafsteins Hilmarssonar.

Lögmaður Björgólfs Guðmundssonar hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hin kærða réttarneitun verði felld úr gildi og lagt fyrir sakadóm að leggja fram í málinu upplýsingaskýrslu Ragnars Kjartanssonar ásamt fylgiskjölum. Þá krefst hann þóknunar fyrir flutning kærumálsins.

Lögmaður Helga Magnússonar hefur sent Hæstarétti greinargerð og krefst þess, að lagt verði fyrir sakadóm Reykjavíkur að leggja fram í málinu svonefnda upplýsingaskýrslu Ragnars Kjartanssonar, dagsetta 8. ágúst 1989, ásamt tveimur heftum af fylgiskjölum. Krafa um sakarkostnað í þessum þætti málsins er ekki gerð nú, en áskilnaður er gerður þar að lútandi.

Lögmaður Páls Braga Kristjónssonar hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hin kærða réttarneitun verði felld úr gildi og lagt verði fyrir sakadóm Reykjavíkur að leggja upplýsingaskýrslu Ragnars Kjartanssonar fram í málinu. Þá krefst hann þóknunar fyrir flutning kærumálsins.

Lögmaður Þórðar Hafsteins Hilmarssonar hefur sent Hæstarétti greinargerð og krefst þess, að hrundið verði réttarneitun sakadóms Reykjavíkur 25. september sl. og dóminum dæmt skylt að veita viðtöku og leggja fram upplýsingaskýrslu Ragnars Kjartanssonar ásamt tveimur fylgiskjalabókum. Þá krefst hann málsvarnarlauna í þessum þætti málsins.

Sérstakur ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar í tilefni kæru þessarar, sbr. 2. mgr. i.f. 174. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Hann gerir engar formlegar kröfur í kærumáli þessu, en lýsir sig samþykkan þeirri ákvörðun, er sakadómurinn tók ex officio, að synja um framlagningu umræddrar skýrslu.

Um ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar, var ekki kveðinn upp úrskurður í sakadómi. Í 10. tl. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, er heimiluð kæra á „ákvörðunum" eins og þeirri, sem sakadómur tók um ágreiningsefnið. Í 1., 3. og

6. - 9. tölulið lagagreinarinnar er hins vegar heimiluð kæra „úrskurða". Verður af þessu ráðið, að úrskurðar hafi eigi verið þörf um ágreiningsefnið, enda á niðurlagsákvæði 1. mgr. 124. gr. laganna hér eigi við. Kæra ákvörðunar sakadóms er heimil eftir 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Í bókun á dómþinginu 25. september koma fram ástæður fyrir ákvörðuninni.

Mál ákæruvaldsins gegn Björgólfi Guðmundssyni o.fl. var fyrst tekið fyrir í sakadómi 17. apríl 1989. Þann dag var þess krafist af hálfu 11 hinna ákærðu, að því yrði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði sakadóms 24. apríl og sá úrskurður staðfestur í Hæstarétti 30. maí.

Á dómþingi sakadóms 24. apríl var bókuð sú ákvörðun dómsins, að yfirheyrslur skyldu að óbreyttu hefjast 25. september.

Verjandi kærandans Ragnars Kjartanssonar ritaði sakadómi bréf 5. september og sendi þrjár „upplýsingaskýrslur", sem Ragnar hafði tekið saman. Er hin fyrsta dagsett 10. desember 1986, hin næsta ári síðar, en hin þriðja 8. ágúst 1989, og fylgdu henni tvö bindi af fylgiskjölum. Segir verjandi í bréfinu, að þess sé óskað, að dómurinn sjái til þess, að síðasta skýrslan verði lögð fram sem dómskjal.

Á dómþinginu 25. september ítrekaði verjandi kröfu þessa. Var bókað síðar á þinginu:

„Dómsformaður skýrir frá því, að dómurinn hafi kynnt sér gögn þau, sem krafist er framlagningar á, og tekið þá ákvörðun að neita að leggja þau fram, þar sem líta megi á skýrsluna, eins og hún er úr garði gerð að meginefni til, sem skriflega vörn fyrir ákærða Ragnar, áður en hann eða aðrir ákærðu hafa tjáð sig um efni ákærunnar fyrir dóminum, en það sé andstætt lögum um meðferð opinberra mála, sem geri ekki ráð fyrir slíku fyrr en í lok meðferðar máls."

Hið umdeilda skjal nefnist, sem fyrr er að vikið, „Upplýsingaskýrsla um rannsóknar- og ákærumeðferð Hafskipsmálsins". Það er samið af kærandanum Ragnari Kjartanssyni og dagsettt 8.ágúst 1989. Skjalinu skiptir höfundur í inngang og 11 tölusetta kafla. Er meginmálið 183 blaðsíður, en að auki eru yfirlit og skrár, alls 11 bls. Fyrirsagnir kaflanna eru þessar:

I. Ákæra vegna reikningsskila.

II. Milliuppgjör Hafskips hf. pr. 31.ágúst 1984.
III. Samskipti við Útvegsbanka Íslands, - meint fjársvik í formi þriggja lána.
IV. Rekstraráætlanir Hafskips hf. og hluthafafundurinn 9. febrúar 1985.
V. Tilkynning til hlutafélagaskrár, dags. 20. júní 1985.
VI. Reykvísk endurtrygging, - meint skilasvik.
VII. Útvegsbankaákærur brot í opinberu starfi.
VIII. Var Hafskip hf. gjaldþrota í raun?
IX. Gjöf, en ekki sala.
X. Niðurlag.
XI. Krafa um frávísun.

Meginefni skjalsins er skýringar kærandans Ragnars á atriðum, sem varða sakarefnið, og er þar um málflutning að ræða. Setur hann fram ýmsar niðurstöður og nefnir atriði, sem hann telur, að rannsaka þurfi. Þegar af þessum ástæðum verður að fallast á það með sakadómi, að skjal þessa efnis verði ekki lagt fram í upphafi dómsmeðferðar máls. Ekki eru efni til að taka nú afstöðu til skjalsins að öðru leyti eða fjalla sérstaklega um þau tvö bindi fylgiskjala, sem send voru sakadómi með því.

Kröfur um sakarkostnað úr ríkissjóði í þessum þætti málsins eru ekki teknar til greina, en ákvörðun um málsvarnarlaun bíður væntanlegs héraðsdóms.

Dómsorð:

Ekki er heimilt að leggja nú fram í sakadómi Reykjavíkur ofangreint skjal.

Miðvikudaginn 11. október 1989.

Nr. 263/1988. **Lilja Óladóttir**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Gunnari Kjartanssyni
(Hákon Árnason hrl.).

Skaðabætur. Dýr, ábyrgð á.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1988, og krefst hún þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að sýknukrafa hennar í héraði verði tekin til greina. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmd til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Slys það, sem mál þetta snýst um, varð á Upphéraðsvegi í Fljótsdal. Áfrýjanda mátti vera ljóst, að gera varð ráð fyrir umferð ökutækja um veg þennan, og bar henni að haga ferð sinni með tilliti til þess. Af gögnum málsins verður ráðið, að hestur áfrýjanda hafi ekki verið á hægri vegarhelmingi, er bifreið stefnda nálgaðist, svo sem boðið var í 63. gr. þágildandi umferðarlaga, nr. 40/1968. Samkvæmt vettvangsuppdrætti var hesturinn kominn yfir á vinstri vegarhelming, er hann rakst á bifreiðina. Verður því að telja, að slysið megi að hluta rekja til gáleysis áfrýjanda. Hins vegar er og ljóst, að stefndi sýndi ekki þá varkárni í akstri sínum, er aðstæður buðu, og er þá einkum haft í huga, að hann ók í svartamyrkri um hlykkjóttan og á köflum þröngan veg og var að koma yfir blindhæð. Enda þótt ekki verði talið sannað, að hann hafi ekið hraðar en 55-60 km miðað við klukkustund, þykir sá ökuhraði hafa verið of mikill við ofangreindar aðstæður, sbr. 49. gr. þágildandi umferðarlaga. Með hliðsjón af þessu þykir rétt, að niðurstaða héraðsdóms um sakarskiptingu verði óröskuð.

Matsgerð í málinu hefur ekki verið hnekkt, og verður ákvæði héraðsdóms um bótafjárhæð því staðfest.

Vaxtakrafa stefnda virðist miðuð við meðaltal almennra vaxta

nýrra skuldabréfa banka og sparisjóða, sem Seðlabanki Íslands reiknar og birtir. Vaxtakrafa þessi brýtur ekki gegn ákvæðum vaxtalaga, nr. 25/1987, og hefur ekki sætt andmælum. Má því staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um vexti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Norður-Múlasýslu 3. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. maí 1988, hefur Gunnar Kjartansson, nnr. 3367-9298, Glúmsstöðum II Fljótsdal, Norður-Múlasýslu, höfðað fyrir dóminum 3. júní 1987 á hendur Lilju Óladóttur, nnr. 6109-4067, Merki, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða skaðabætur, að fjárhæð 112.624,00 kr., ásamt ársvöxtum frá 7.2. 1986, 32% frá 7.2.86 til 1.3.86, 20% frá 1.3.86 til 1.4.86, 15,5% frá 1.4.86 til 31.11.86, 16,4% frá 31.11.86 til 31.1.87, 17,6% frá 31.1.87 til 28.2.87, 20% frá 28.2.87 til 31.3.87, 21,2% frá 31.3.87 til 30.4.87, en frá þeim degi skv. meðaltalsvaxtaútreikningi Seðlabanka Íslands, eins og vextir eru á hverjum tíma. Þá er þess krafist, að í dómsorði kveði svo á, að á fallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7.2.1987. Þá er krafist alls málskostnaðar úr hendi stefndu.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði greiddur ríflegur málskostnaður. Stefnandi, ökumaður bifreiðar, krefur vörslumann hryssunnar, stefndu, um bætur vegna skemmda á bifreið, er varð hinn 10. mars 1985 með þeim hætti, að bifreiðin og hryssan lentu saman á Upphéraðsvegi í Fljótsdal, rétt fyrir sunnan Hrafnkelsstaði. Dómkrafan er og tölulega vefengd af stefndu, þar sem varahlutir eru taldir allt of hátt metnir. Í réttarhaldi 2. desember 1987 ákváðu aðilar, að fram færi skriflegur málflutningur.

II.

Það mun hafa verið um klukkan hálfníu sunnudaginn 10. mars, að stefnandi, ökumaður bifreiðarinnar S 870, var að aka eftir Upphéraðsvegi í svonefndri Hlíð á leið til Egilsstaða. Ekki eru aðilar sammála um hraða, en ökumaður telur hann hafa verið um 55-60 km á klukkustund. Hann ók

með háum geisla og var svartamyrkur. Þegar stefnandi var kominn yfir hæðina, rétt fyrir innan slysstað, hefði hann skyndilega séð hesta og hemlað um leið. Stefnda segist hafa riðið einhesta á undan Önnu Bryndísi Tryggvadóttur, en hún hafði þrjá til reiðar. Stefnda segist hafa séð bjarma af bíljósum, en hann hafi verið örskamma stund sýnilegur, áður en bifreið birtist á hæðarbrún. Virðast ljósin hafa blindað hestinn, sem hún reið, og hann fælst, tekið af sér völdin og stefnt í ljósin, og hafi brjóst hestsins lent framan á bifreiðinni vinstra megin. Við það hafi hún henst af hrossinu með hægri hluta andlitsins á topp bifreiðarinnar, farið kollhnís á þakinu og síðan hafnað úti í skurði. Merin hefði lent á bifreiðinni, henst síðan aftur á bak í skurð og hryggbrotnað í fallinu. Jón Pétursson dýralæknir kom á staðinn klukkan hálftíu og staðfesti, að aflífa skyldi hryssuna. Hún hafði fulla meðvitund, en hafði legið í röskan klukkutíma, lömuð aftan mjóhryggjar og tilfinningalaus í afturfótum. Var hún því tafarlaust aflífuð, og kom síðar í ljós, að hún hafði hryggbrotnað.

Mikið ber á milli stefnanda og stefndu um tildrög málsins og kröfugerð. Skal það nánar rakið.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum skaðabótareglum, þ.e. sérstaklega sakareglunni. Hann telur, að stefnda beri ábyrgð á tjóni því, sem varð á bifreið stefnanda, samkvæmt almennum skaðabótareglum, og vísar máli sínu til stuðnings í lögregluskýrslu, er segir um aðdraganda óhappsins:

„Um það leyti, sem ökumaðurinn lækkaði ljósin, hafi hryssan, sem hún hafi riðið, sett undir sig hausinn og við það hafi hægst á hraða hennar. Stefnda kveðst þegar hafa gert sér grein fyrir því, að hverju stefndi, og hafi hún reynt það, sem hægt var, til að koma hestinum aftur yfir á hægri vegarhelming, en um leið og hesturinn hafi blindast af ljósunum, hafi hann tekið völdin af sér og stefnt beint í ljósin.“ Stefnandi telur og, að stefnda hafi misst vald á hestinum og riðið beint á bifreið sína.

Þá vísar stefnandi til framburðar vitnisins Önnu Bryndísar Tryggvadóttur. „Þegar ljósin af bifreiðinni hafi lent á hesti Lilju, hafi þær báðar virst frjósa, það er verða stjarfar, — hér er átt við Lilju og merina, — og hafi merin sett undir sig hausinn og stefnt beint á ljósin.“ Vitnið kveður sér hafa fundist sem Lilja reyndi að koma hestinum út í vinstri vegkant, miðað við hennar reiðstefnu. Vitnið kveður þó líklegra, að Lilja hafi reynt að koma hestinum yfir á hægri vegarbrún, miðað við reiðstefnu hennar.“

Stefnandi heldur því fram, að reiðmenn og hestarnir hafi algjörlega lokað veginum, og til að koma í veg fyrir að lenda á hestinum hafi hann hemlað. Í umræddu tilviki var stefnda með hestinn í láni. Stefnda er þó óumdeilanlega umsjónarmaður hestsins, þegar atvikið verður.

Ekkert bendir til annars en stefnandi hafi ekið gætilega í umrætt sinn, og kveður Anna Bryndís líklegan ökuhraða stefnanda hafa verið 50-60 km/klst. Þegar framanritað er virt, verður að telja sannað, að stefnda hafi ekki sýnt af sér næga aðgæslu. Hún hafi riðið svo innarlega á veginum, að hestur hennar hafi fælst við ljósin á bifreiðinni og hún við það misst vald á honum. Telja verður, að alm. skaðabótareglan eigi hér við um hátterni stefndu, og þar sem hún er umsjónarmaður hestsins, telst hún bera bótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi telur þessi atriði í háttsemi stefndu og hegðun slík, að rétt sé að fjalla sérstaklega um þau.

1. Eins og áður er fram komið í skjölum málsins og framburði fyrir dómi, má fullyrða, að stefnda hefur riðið á röngum vegarhelmingi eða við miðju vegarins, þegar hún nálgaðist blindhæðina, og því orðið að sýna sérstaka aðgæslu.

2. Stefnda lýsti því fyrir dómi, að hún hefði gert sér grein fyrir því, að ferðin gæti orðið erfið vegna blindhæða og aðstæðna. Einnig gat stefnda þess, að hrossið hefði verið taumstíft og mjög viljugt og að hún hefði aðeins riðið því tvisvar áður.

3. Það má telja með ólíkindum, að hvorki stefnda né vitnið Anna hafi séð bjarma frá ljósum bifreiðar stefnanda. Hafi svo ekki verið, bendir það til þess, að stúlkurnar hafi ekki sýnt þá aðgætni, sem gera má kröfu til.

Þá kemur til athugunar háttsemi stefnanda.

Ekki verður annað ráðið af skjölum málsins en stefnandi hafi ekið varlega. Skv. upplýsingum umferðardeildar lögreglunnar í Reykjavík teljast 10 m hemlaför jafngilda hraða frá 30-35 km/klst. samkv. viðurkenndri mælingaviðmiðun lögreglunnar. Af þessum staðreyndum má ráða, að hraði bifreiðar stefnanda hafi eigi verið yfir 40 km/klst. umrætt sinn. Einnig skal bent á þá verklagsreglu bifreiðadeilda vátryggingafélaga að skipta eigi sök, nema hemlaför mælist lengri en 14 m utan bæjar. Þá ítrekar stefnandi, að stefnda væri á hægri vegarhelmingi, er árekstur varð. Stefnandi mótmælir framburði dýralæknisins sem röngum og ónákvæmum. Þá bendir stefnandi á, að tvö atriði umferðarlaga komi til álita, annars vegar 2. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968, um leyfilegan hraða, og í öðru lagi 67. gr. umferðarlaga. Um kröfugerðina vísar hann til staðfestingar matsmanna, en þeir segja varahluti í góðu lagi, og því sé rétt að miða við nýja varahluti hjá umboðinu. Þá leggur hann fram sundurliðaðan málskostnaðarreikning.

IV.

Stefnda reisir kröfur sínar á glannalegum akstri stefnanda og telur það óskiljanlegt, að hann skyldi ekki ákærður. Hann ók með ofsahraða um vegarkafla, sem á var blindhæð og lá að auki um þrengsli, þar sem ómögu-

legt er að víkja af vegi, enda þótt stefnandi væri þaulkunnugur. Þyngst á metunum um mikinn hraða telur stefnda vætti dýralæknisins Jóns Péturssonar, sem á 30 ára tímabili hefur þekkt svipaðar aðstæður. En hann tók fram, að í öll önnur skipti, sem hann hefði komið að, hefðu dýrin klesst á ökutækinu, en ekki kastast frá, og sýndi það, að hraðinn hefði verið mikill. En auk þess hefði hryssan kastast 4-6 metra og hryggbrotnað og stefnda henst yfir bifreiðina, og sýndi þetta, að um ofsahraða hefði verið að ræða á bifreiðinni.

Á það er og bent, að hvorug konan, þ.e. stefnda og Anna, varð vör við bifreiðina, fyrr en hún kom æðandi á ofsahraða yfir blindhæðina og hefur því borið leiftursnöggt að.

Af gögnum málsins sjáist, að stefnda og samferðakona hennar hafi sýnt fyllstu aðgætni, riðið utan vegar, þar sem því varð við komið, og riðið hvor á eftir annarri. Hins vegar er ljóst, að hryssan blindaðist af ljósunum, þegar bifreiðin kom æðandi yfir blindhæð, og hefði jafnvel skynsemi gædd mannvera orðið fyrir hinu sama.

Stefnda leggur áherslu á, að þegar slysið varð, var svartamyrkur. Stefnandi viðurkenni 55-60 km hraða, en ökumenn hneigist til þess að segja hraða sem minnstan. Samferðakona stefndu, Anna Tryggvadóttir, taldi fyrir rétti, að hún gæti ekki gert sér grein fyrir hraða bifreiðarinnar, en teldi eftir á að hyggja, að hann hefði verið meiri en komi fram í lögregluskýrslu. Hún teldi og hemlaför hafa náð lengra en bifreiðin fór, og bendi það til, að bifreiðinni hafi verið ekið aftur á bak eftir árekturinn. Þá vísar stefnda til sama vitnis um, að bifreið stefnanda hafi verið á röngum kanti, en hún segir fyrir rétti, að hún vilji ítreka, að bifreiðin hafi verið ívið meira á vinstra kanti, þegar hún kom upp hæðina, og „skrensað" til hægri, þegar ökumaður hemlaði. Þá segir hin sama um hestinn, að hrossið hafi látið vel að stjórn og enginn vandi að ríða því. Um hemlaför bifreiðarinnar sé það að segja, að þau gefi nánast engar upplýsingar um annað en það, að um ofsahraða hafi verið að ræða, því að þegar umferðardeild lögreglunnar miðar við hemlaför, sé ekki tekið með í reikninginn, að bifreið stöðvast við að henda 360 kg fargi, þ.e. hryssunni, um 5-6 metra. Stefnda mótmælir matsgjörð, sem skaðabætur eru byggðar á, og leggur fram vottorð, sem sýnir, að það tíðkist, að fengnir séu varahlutir hjá bílapartasölum, þegar um eldri gerðir væri að ræða, sem eigi við í máli þessu, en hér sé um algengan Bronco-jeppa að ræða, sem auðvelt sé að fá varastykki í úr bifreiðum, sem lent hafa í óhöppum.

Á það er og bent, að það sé nánast óskammfeilni og vanþakklæti við máttarvöld hjá stefnanda máls þessa að hafa látið efna til málareksturs, og því beri við ákvörðun málskostnaðar að taka tillit til þess ónæðis og leiðinda, sem stefnda hefur haft.

Álit dómsins.

Að gefnu tilefni skal upplýst, að mál varðandi umrætt umferðarslys var sent ríkissaksóknara 4. mars 1986, og með bréfi hans, dags. 7. apríl 1986, voru ákærur felldar niður.

Það er upplýst, að þegar áreksturinn bar að höndum, hafi verið dimmt og ekki tunglsljós.

Slysið varð á Upphéraðsvegi, í svonefndri Hlíð, sem er skammt sunnan við Hrafnkelsstaði í Fljótsdal, rétt norðan við beygju á veginum, og var bifreiðin að koma af hæðarbrún. Vegurinn er þarna bugðóttur, þröngur og mishæðóttur, en upplýst er, að bæði stefnandi og stefnda gjörþekktu aðstæður allar. Bifreiðarstjórinn, stefnandi, hlaut að gera sér grein fyrir, að nauðsynlegt gat verið að stöðva bifreiðina með stuttum fyrirvara. Einnig vegna allra aðstæðna var einmitt hætta á, að ljós frá bifreiðinni sæjust illa frá umferð á móti. Dómari telur, að 55-60 km hraði miðað við þessar aðstæður á árekstursstaðnum, sem stefnandi sjálfur segist hafa ekið, hafi verið óhæfilega mikill. Margt bendir og til þess, að hraðinn hafi verið meiri, þar sem hemlaför segja ekki til um hann, vegna þess að við áreksturinn stöðvaðist bifreiðin að sjálfsögðu fyrr. Telja verður og upplýst, að bifreiðin var á mikilli ferð, er áreksturinn varð og hryssan hentist 5-6 metra aftur fyrir sig og hryggbrotnaði í fallinu.

Bifreiðarstjóra ber að gera ráð fyrir við framangreindar aðstæður að geta stöðvað bifreið í tæka tíð, sbr. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968. Hafa ber í huga í þessu tilviki, að sérstök skylda hvíldi á ökumanni til þess að sýna ýtrustu varkárni, sbr. það sem ýmsir málsliðir 3. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968 gera ráð fyrir og eiga við í þessu tilviki. Meta verður framangreint til alvarlegs aðgæsluskorts, sem hafi verið aðalorsök slyssins.

Hins vegar sýndi stefnda ekki þá varkárni, sem af henni verður að krefjast við þessar aðstæður. Í lögregluskýrslu og fyrir rétti telur samferðakona hennar, Anna, að stefnda hafi verið 1-2 hestlengdir á undan á miðjum veginum. Samkvæmt 63. gr. laga nr. 40/1968 skal reiðmaður halda sig á hægri hluta vegar til þess að geta vikið greiðlega fyrir umferð, og hafa ber það einnig í huga, að stefnda hafði aðeins riðið hryssunni tvisvar og hún var taumstíf og mjög viljugt hross að hennar eigin sögn. Stefnda var vörslumaður hryssunnar og bar því ekki hlutlæga ábyrgð á henni og verður ekki sérstaklega sakfelld fyrir,að hryssan fældist, miðað við aðstæður allar eins og rakið hefur verið.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat réttarins, að stefndu beri að greiða 1/4 hluta kostnaðar vegna árekstursins, sbr. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968.

Í máli þessu hefur stefnda ekki sett fram neinar kröfur vegna eigin meiðsla eða vinnutaps vegna slyssins.

Við ákvörðun á tjónsviðgerðakostnaði bifreiðarinnar þykir rétt að gera ráð fyrir, að keyptir verði nýir varahlutir, eins og matsmenn hafa gert í mati sínu. Af hálfu stefndu hefur ekki verið krafist dómkvaðningar yfirmats. Er því viðgerðarkostnaður, 104.500,00 kr., tekinn til greina að 1/4 hluta, 26.125,00 kr., ásamt kostnaði við dómkvaðningu, 8.094,00 kr., samtals 34.219,00 kr., ásamt ársvöxtum frá 7.2.1986, 32% frá 7.2.86 til 1.3.86, 20% frá 1.3.86 til 1.4.86, 15,5% frá 1.4.86 til 30.11.86, 16,4% frá 30.11.86 til 31.1.87, 17,6% frá 31.1.87 til 28.2.87, 20% frá 28.2.87 til 31.3.87, 21,2% frá 31.3.87 til 30.4.87, en frá þeim degi skv. meðaltalsvaxtaútreikningi Seðlabanka Íslands, eins og vextir eru á hverjum tíma. Fallist er á, að á fallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7.2.87.

Með hliðsjón af málsatvikum og vegna margvíslegra vafaatriða telst málskostnaður hæfilega ákveðinn 15.000,00 kr.

Sigurður Helgason sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Lilja Óladóttir, greiði stefnanda, Gunnari Kjartanssyni, 34.219,00 kr. með ársvöxtum frá 7.2.86, 32% frá 7.2.86 til 1.3.86, 30.11.86 til 31.1.87, 17,6% frá 31.1.87 til 28.2.87, 20% frá 22.2.87 til 31.3.87, 21,2% frá 31.3.87 til 30.4.87, en frá þeim degi skv. meðaltalsvaxtaútreikningi frá Seðlabanka Íslands, eins og vextir eru á hverjum tíma, og að á fallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7.2.1987, og 15.000,00 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. október 1989.

Nr. 155/1988. **Hulda Baldvinsdóttir**
og Björn Hermannsson
(Jón Kr. Sólnes hrl.)
gegn
Sveinbirni Jónssyni
og Tryggingu hf.
(Stefán Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Áhættutaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1988. Dómkröfur þeirra eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða þeim óskipt 15.000.000,00 króna með 22% ársvöxtum frá 20. september 1985 til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., með 21.3% ársvöxtum frá þeim degi til 30. apríl s.á., með 22.2% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí s.á. og með 33.6% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist, að vextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. september 1986, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Loks er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða málskostnað.

Þeir, sem eru til frásagnar um atvik í máli þessu, gáfu skýrslu fyrir lögreglu og héraðsdómi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var blóðsýni tekið úr stefnda Sveinbirni kl. 4.14 um nóttina 20. september 1985,

tæpum þremur klukkustundum eftir slysið, og reyndist magn alkóhóls í því vera 1,13 ‰. Í vottorði læknis þess, er skoðaði Sveinbjörn um nóttina, er sagt, að af honum hafi verið áfengislykt. Stefndi Sveinbjörn og áfrýjandi Björn höfðu verið samvistum allt kvöldið. Fer því ekki hjá því, að Björn hafi tekið eftir því, að Sveinbjörn neytti áfengis og, þegar litið er til áfengismagns þess, er mældist í blóði Sveinbjarnar, orðið þess var, að hann var undir áfengisáhrifum við aksturinn.

Með þessum athugasemdum, en að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. maí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl sl., hafa Hulda Baldvinsdóttir, nnr. 4411-8378, og Björn Hermannsson, nnr. 1334-7182, bæði til heimilis að Aðalstræti 54 B, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 14. október 1987, á hendur Sveinbirni Jónssyni, nnr. 8709-7595, Grenivöllum 20, Akureyri, og Geir Zoëga framkvæmdastjóra, nnr. 2547-6476, Ægisíðu 66, Reykjavík, f.h. Tryggingar hf., Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða þeim 15.000.000,00 kr. ásamt 22% ársvöxtum frá 20. september 1985 til 1.3. 1986, með 12% ársvöxtum frá þ.d. til 1.4. 1986, með 9% ársvöxtum frá þ.d. til 20.1. 1987, með 10% ársvöxtum frá þ.d. til 20.2. 1987, með 11% ársvöxtum frá þ.d. til 14.4. 1987, með 21,3% ársvöxtum frá þ.d. til 30.4 1987, með 22,2% ársvöxtum frá þ.d. til 31.5. 1987 og með 33,6% ársvöxtum frá þ.d. til birtingardags stefnu, en með dráttarvöxtum samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. september 1986, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá er krafist málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu úr þeirra hendi að mati dómara.

Til vara krefjast stefndu verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð að mati dómara og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að um kl. 1.38 20. september 1985 valt bifreiðin A 6656 af vegslóða frá Grímshúsum í Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu, að veiðihúsi við Laxá. Þegar slysið varð, var náttmyrkur og úrkoma og vegslóðinn, sem er mjór og krókóttur, blautur og háll. Annar stefnandi máls þessa, Björn Hermannsson, var farþegi í bifreiðinni umrætt sinn og sat í framsæti hægra megin, en auk hans voru tveir aðrir farþegar í aftursæti bifreiðarinnar. Ökumaður var stefndi Sveinbjörn, sem jafnframt var skráður eigandi bifreiðarinnar, sem tryggð var hjá stefnda Tryggingu hf. Stefnandi Björn Hermannsson slasaðist mikið og hlaut algjöra varanlega örorku, sem lýsir sér umfram allt í því, að hann er alblindur og andleg fötlun er gífurleg. Hefur hann ásamt eiginkonu sinni, stefnanda Huldu, höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna slyss þessa.

Telja stefnendur meginorsök slyssins hafa verið, að stefndi Sveinbjörn hafi ekið í umrætt sinn ógætilega miðað við aðstæður og jafnframt undir áfengisáhrifum. Beri hann því ásamt vátryggingu bifreiðarinnar, þegar slysið varð, Tryggingu hf., óskipta fébótaábyrgð á afleiðingum slyssins, sbr. 69. og 70. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 2. mgr. 74. gr. sömu laga, sem og samkvæmt almennum reglum um skaðabótaábyrgð.

Af hálfu stefndu er því eigi mótmælt, að slysið verði rakið til ógætilegs aksturs stefnda Sveinbjarnar svo og ölvunarástands hans. Er sýknukrafan á því reist, að ekki hafi getað dulist stefnanda Birni, að stefndi Sveinbjörn var undir verulegum áhrifum áfengis, er lagt var af stað í umrædda ökuferð. Engum vafa sé undirorpið, að stefnandi Björn hafi tekið sér far með stefnda Sveinbirni umrætt sinn af fúsum og frjálsum vilja. Stefnandi Björn hafi því með hátterni sínu samþykkt þá miklu áhættu, sem í því var fólgin að þiggja far með stefnda Sveinbirni undir þessum kringumstæðum. Með því og í samræmi við reglur skaðabótaréttar og áralanga dómaframkvæmd hafi stefnandi Björn því fyrirgert rétti sínum til skaðabóta úr hendi stefnda Sveinbjarnar. Þar sem stefnandi Björn eigi ekki bótarétt á hendur stefnda Sveinbirni, eigi hann ekki heldur rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A 6656 og því engar bótakröfur á hendur stefndu Tryggingu hf. Þar sem stefnandi Björn eigi ekki rétt til skaðabóta úr hendi stefndu, sé ekki heldur um að ræða, að stefnandi Hulda Baldvinsdóttir eigi rétt til bóta. En hvað sem líði rétti stefnanda Björns til skaðabóta í máli þessu, eigi stefnandi Hulda ekki sjálfstæðan bótarétt úr hendi stefndu, og beri því undir öllum kringumstæðum að sýkna stefndu af kröfum hennar.

Varakröfu sína rökstyðja stefndu með því, að stefnandi Björn hafi með stórlega kærulausri hegðan sinni gerst að miklu leyti meðábyrgur fyrir því tjóni, sem hann hlaut í slysinu. Því geti hann ekki krafist skaðabóta úr hendi stefndu nema að litlum hluta. Jafnframt er varakrafan á því reist, að stefnukröfur séu allt of háar og óraunhæfar.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að stefnanda Birni hafi ekki verið kunnugt um ölvunarástand stefnda Sveinbjarnar og að ekkert sé fram komið, sem bendi til þess, að honum hafi verið eða mátt vera um það kunnugt.

Samkvæmt gögnum málsins voru þeir stefnandi Björn og stefndi Sveinbjörn ásamt þremur öðrum félögum sínum við veiðar í Laxá daginn fyrir slysið. Að veiðum loknum um kl. 20.30 komu þeir í veiðihúsið og útbjuggu sameiginlega máltíð, sem þeir neyttu þar. Þeir neyttu allir einhvers áfengis í veiðihúsinu á tímabilinu kl. 20.30 til 22.00 um kvöldið, og drakk hver um sig af sínu eigin víni. Stefndi Sveinbjörn kveðst fyrir matinn hafa drukkið vodka blandað í pilsner og síðan vodka blandað í kók. Þá kveðst hann hafa neytt rauðvíns með matnum og drukkið af vodkaflöskunni, eftir að borðhaldi lauk. Telur hann, að vodkaflaskan hafi a.m.k. verið komin niður fyrir axlir, er hann hætti að drekka úr henni. Um kl. 22.00 um kvöldið fóru stefnandi Björn og stefndi Sveinbjörn ásamt tveimur af hinum félögunum í bifreið stefnda Sveinbjarnar að bænum Grímshúsum, og ók stefndi Sveinbjörn bifreiðinni. Höfðu þeir með sér flösku af áfengi og neyttu úr henni við eldhúsborð þar á bænum, þar sem þeir höfðust við þann tíma, sem staðið var við. Kveðst stefndi Sveinbjörn hafa drukkið þar einn bolla af kaffi með áfengi út í. Þaðan fóru þeir félagar milli kl. 1.00 og 1.30 um nóttina áleiðis að veiðihúsinu, en á þeirri leið varð slysið. Kl. 4.14 um nóttina var tekið blóðsýni úr stefnda Sveinbirni á sjúkrahúsinu á Húsavík, og reyndist magn alkóhóls í því vera 1.13‰. Við komuna á sjúkrahúsið er ástandi stefnda Sveinbjarnar þannig lýst í læknisvottorði: „Við skoðun var maðurinn við góða meðvitund, af honum var áfengislykt, en hann var stilltur og samvinnufús.“ Samkvæmt framangreindu hlýtur stefnandi Björn að hafa vitað um, að stefndi Sveinbjörn hafði neytt áfengis umrætt kvöld, og mátti því gera ráð fyrir, að hann væri undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar greint sinn. Þrátt fyrir þetta gerðist stefnandi Björn farþegi í bifreið stefnda Sveinbjarnar af frjálsum vilja. Það gerði hann á eigin áhættu og hefur með því fyrirgert rétti sínum til bóta úr hendi stefnda Sveinbjarnar, en af því leiðir, að sýkna ber báða stefndu af kröfum beggja stefnenda í máli þessu. Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. september 1987, var stefnendum veitt gjafsókn fyrir undirrétti í máli þessu, og ber því ríkissjóði að greiða stefnendum kostnað þeirra af málinu þar með 150.000,00 krónum til skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Kr. Sólness hæstaréttarlögmanns. Við ákvörðun þóknunar hefur ekki verið tekið tillit til söluskatts.

Dómsorð:

Stefndu, Sveinbjörn Jónsson og Trygging hf., eru sýkn af kröfum stefnenda, Huldu Baldvinsdóttur og Björns Hermannssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Kr. Sólness hæstaréttarlögmanns, 150.000,00 krónur.

Miðvikudaginn 11. október 1989.

Nr. 383/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Björgvin Ólafssyni,
Guðrúnu Elise Jacobsen,
eiganda Vídeóvals,
og
Ís- og vídeóvali hf.

Kærumál. Húsleit. Hald á munum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðilar hafa með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. september 1989, sem barst Hæstarétti 3. þ.m. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari hefur í greinargerð 4. þ.m. krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) 26. september 1989 um húsleit og hald á munum eru Björgvin Ólafsson og Guðrún Elise Jacobsen tilgreind sem kærðu í málinu.

Guðrún Elise hefur hinn 25. september sl. skýrt svo frá fyrir rannsóknarlögreglunni, að hún hafi verið eigandi Vídeóvals frá 1. október 1987, en Björgvin hafi verið framkvæmdastjóri. Ís- og videóval hf. hafi formlega tekið til starfa 20. september 1989, og hafi einkafirma sitt, Vídeóval, þá runnið inn í hlutafélagið. Samkvæmt gögnum málsins eru Guðrún Elise og Björgvin í stjórn hlutafélagsins og Björgvin framkvæmdastjóri með prókúruumboði. Þá greindi Guðrún Elise svo frá, að eyðublöð með nafni Vídeóvals væru en notuð, þar sem ekki hefði unnist tími til að prenta ný eyðublöð.

Hinn kærði úrskurður var birtur Björgvin Ólafssyni 28. september sl. Kvaðst hann „fús að verða við ákvæðum úrskurðarins og afhenda RLR þau eintök af myndinn DIEHARD, sem hann hefur enn í sinni vörslu, svo og skjalleg gögn um sölu og útleigu

myndarinnar". Sama dag fóru tveir lögreglumenn í myndbandaleiguna að Laugavegi 118. Þar afhenti Björgvin „um beðin gögn og hylki utan af fimm myndböndum, er heita DIEHARD. Myndböndin sjálf sagði hann vera „úti"."

Með vísan til framanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. september 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 27. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að heimiluð verði með úrskurði húsleit í húsnæði Vídeóvals, Laugavegi 118, Reykjavík, í því skyni að leggja þar hald á öll myndbönd og kápur af kvikmyndinni DIEHARD, sem gefin er út af fyrirtækinu CBS/FOX VIDEO, 1211 Avenue of the Americas, New York, New York 10036. Er jafnframt sú krafa gerð, að heimilað verði að leggja hald á öll bókhaldsgögn, svo sem leigu- og sölusamninga, í hvaða formi sem þau eru, þ. á m. upplýsingar og gögn í tölvuskráðu formi. Þá er gerð krafa um, að leitarheimildin nái til læstra hirslna.

Málavextir eru þeir, að 21. september sl. lagði Steinar Berg Ísleifsson f.h. Steina hf. fram kæru á hendur Björgvin Ólafssyni f.h. fyrirtækisins Vídeóvals, Laugavegi 118, vegna ætlaðrar ólögmætrar og óheimillar dreifingar á kvikmyndinni DIEHARD frá CBS/FOX VIDEO. Kærandi hefur lagt fram gögn, er hann telur sýna fram á einkarétt Steina hf. til dreifingar og sölu áðurgreindrar myndar. Þá er upplýst, að kærði, Björgvin Ólafsson, kom með myndina til skoðunar 20. þ.m. til Kvikmyndaeftirlits ríkisins, og er haft eftir forstöðumanni eftirlitsins, að kærði hafi sagst hafa undir höndum 25 eintök af myndinni og ætli þau til sölu, en ekki útleigu.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR kannast við að hafa flutt mynd þessa til landsins frá Bretlandi, en hins vegar vildi hann ekki gefa upp fjölda eintaka. Kvað kærði myndina einungis ætlaða til sölu, en ekki útleigu. Kvað hann myndina verða selda með greiðslukjörum, þannig, að menn staðfestu kaupin með 350 króna innborgun, og skyldi greiða eftirstöðvar, u.þ.b. 7.150,00 kr., eftir einn mánuð eða eftir samkomulagi. Kvað kærði, að unnt væri að láta kaupin ganga aftur innan sólarhrings, og væri þá stað-

festingargjaldið óendurkræft. Hefur Guðrún Jacobsen borið, að 20 eintök hafi verið seld af myndinni.

Samkvæmt samningi á milli CBS/FOX VIDEO og Steina hf. hafa Steinar hf. einkarétt til hvers konar dreifingar á Íslandi á myndefni frá CBS/FOX VIDEO, þ. á m. sölu á myndböndum. Kærðu telja hins vegar einkarétt Steina hf. einungis ná til útleigu á myndböndum, en ekki sölu, en hins vegar hafa þau ekki lagt fram gögn, er heimila þeim sölu á myndinni DIEHARD hér á landi.

Af framansögðu má ljóst vera, að rökstuddur grunur leikur á því, að kærðu séu með þessum viðskiptaháttum sínum að sniðganga þann einkarétt, er Steinar hf. virðast hafa, og brjóta þannig gegn höfundalögum. Þykir því rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. mgr. 48. gr., sbr. 51. gr., laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina.

Úrskurðarorð:

RLR er heimilað að gera húsleit í húsnæði Videóvals, Laugavegi 118, Reykjavík, í því skyni að leggja þar hald á öll myndbönd og kápur af kvikmyndinni DIEHARD, sem gefin er út af CBS/FOX VIDEO. RLR er jafnframt heimilt að leggja hald á öll bókhaldsgögn, svo sem leigu - og sölusamninga, í hvaða formi sem þau eru, þ. á m. upplýsingar og gögn í tölvuskráðu formi.

Leitarheimildin nær til læstra hirslna.

Fimmtudaginn 12. október 1989.

Nr. 357/1987. **A**

(Jóhann Þórðarson hdl.)

gegn

Ásmundi Gunnlaugssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

og gagnsök.

Bifhjól. Skaðabótamál. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desmeber 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða 732.924,00 krónur með ársvöxtum svo sem hér segir: 27% frá 25. október 1979 til 1. desember s.á., 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 42% frá þeim degi til 21. september 1983, 35% frá þeim degi til 21. október s.á., 32% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 18. júní s.á. (þ.e. birtingardags stefnu í héraði), með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma við innlánsstofnanir, til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi þess einnig, að á fallnir vextir verði lagðir við höfuðstól kröfunnar um hver áramót, þar til greitt verður, í fyrsta sinn 1. janúar 1988, og vextir dæmdir á þannig uppfærðan höfuðstól með vaxtafæti eins og að framan er krafist, og loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1987. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað

frá Hæstarétti og héraðsdómi og aðaláfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti og héraðsdómi. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi þess, að bótakröfur verði stórlækkaðar frá því, sem í héraðsdómi segir.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal endurrit af vitnamáli, sem haldið var á bæjarþingi Kópavogs 8. nóvember 1988 að beiðni gagnáfrýjanda, og úrskurður læknaráðs 29. júní 1988, þar sem fallist var á örorkumat Björns Önundarsonar læknis frá 20. nóvember 1985.

I.

Gagnáfrýjandi krafðist fyrst frávísunar málsins við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti. Reisir hann kröfu sína á umboðsskorti lögmanns aðaláfrýjanda, þar sem aðaláfrýjandi sé þroskaheftur og hafi ekki haft hæfi til þess að standa að máli þessu. Lögmaður aðaláfrýjanda mótmælti frávísunarkröfunni sem of seint fram kominni, auk þess sem hann hafi haft fullt málflutningsumboð frá aðaláfrýjanda. Aðaláfrýjandi er lögráða, og er ekkert fram komið í málinu, sem bendir til umboðsskorts lögmanns hans. Verður frávísunarkrafan því ekki tekin til greina.

II.

Í héraðsdómi er því lýst, er aðaláfrýjandi varð fyrir bifhjóli gagnáfrýjanda á Hlíðarvegi í Kópavogi 25. október 1979. Engin vitni voru að slysinu. Upplýst er, að bifhjólið var óskráð og engin ábyrgðartrygging hafði verið tekin vegna tjóns af völdum þess. Samkvæmt skýrslu Bifreiðaeftirlits ríkisins, sem dagsett er sama dag og slysið varð, var ekki unnt að skoða stjórntæki bifhjólsins vegna skemmda. Ber gagnáfrýjandi hlutlæga bótaábyrgð á tjóni því, sem aðaláfrýjandi beið vegna slyssins, samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sem í gildi voru á þessum tíma. Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að gagnáfrýjandi hafi ekki sýnt nægilega varúð, er hann ók bifhjólinu umrætt sinn.

Upplýst er í máli þessu, að aðaláfrýjandi hefur frá fæðingu haft miðtaugakerfissjúkdóm (Gilles de la Tourette's Syndrome) og að hann var metinn 75% öryrki 25. maí 1978. Upplýsingar sérfræðinga

um andlegan þroska aðaláfrýjanda liggja ekki fyrir í málinu, og hann gaf ekki skýrslu fyrir dómi. Að sögn móður hans er hann talinn hafa greindarvísitölu tæplega 60, er stautlæs, getur skrifað og reiknað einföldustu dæmi. Samkvæmt framburði foreldra hans og nágranna fór hann varlega í umferðinni og gætti sín vel á bílum. Einnig er upplýst, að hann fór allra sinna ferða í strætisvagni. Þá er þess og að gæta, að aðaláfrýjandi var vanur ferðum pilta á bifhjólum hjá heimili sínu, Hlíðarenda. Fram er komið í málinu, að piltarnir beygðu venjulega upp göngustíg þann, sem liggur frá Hlíðarvegi rétt vestan við Hlíðarenda upp á Digranesbraut, og bar aðaláfrýjandi það fyrir lögreglu, að hann hefði haldið, að gagnáfrýjandi myndi beygja upp stíginn. Það verður því að meta aðaláfrýjanda til gáleysis að stökkva yfir götuna í veg fyrir bifhjólið. Samkvæmt þessu þykir aðaláfrýjandi eiga sök á slysinu að 1/3 hluta. Ber gagnáfrýjanda að bæta tjónið að 2/3 hlutum.

III.

Eins og lýst er í héraðsdómi, hefur Björn Önundarson tryggingayfirlæknir metið varanlega örorku aðaláfrýjanda af völdum slyssins 20%, og staðfesti læknaráð það mat, eins og að framan greinir. Er örorkumatið við það miðað, að í hlut eigi maður með óskerta starfsorku. Í útreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings 21. apríl 1986 metur hann 20% tekjutap aðaláfrýjanda frá slysdegi á 632.924,00 krónur. Að framan er því lýst, að starfsorka aðaláfrýjanda var verulega skert fyrir slysið, og var hann metinn 75% öryrki ári áður en slysið varð. Upplýst er, að aðaláfrýjandi fær örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, býr í sambýli fyrir fatlaða, starfar á vernduðum vinnustað, og eru laun hans sáralítil. Þykir, eins og hér stendur á, mega áætla tjón hans vegna örorku og miska í einu lagi samtals 250.000,00 krónur. Ber gagnáfrýjanda að bæta aðaláfrýjanda 2/3 hluta tjónsins, 166.667,00 krónur, ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, að öðru leyti en því, að upphafstími vaxta reiknast frá 18. júní 1982, en vextir frá fyrri tíma eru fyrndir.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 130.000,00 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Ásmundur Gunnlaugsson, greiði aðaláfrýjanda, A, 166.667,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 18. júní 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 18. júní s.á., með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan til greiðsludags með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög, nr. 25/1987. Á fallnir vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1988.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 130.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 14. desember 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 4. nóvember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 18. júní 1986, af A [...] gegn Ásmundi Gunnlaugssyni, Víðihvammi 36, Kópavogi, nnr. 0737-0458, til greiðslu á skaðabótum, að fjárhæð 732.924,00 kr., með 27% ársvöxtum frá 25.10.1979 til 1.12. s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11.1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9.1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10.1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1.1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13.8.1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1.1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi

til 1.4. s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu þessarar, en síðan með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu á málskostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna læknisvottorða, örorkumats og örorkutjónsútreiknings.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi sömu dómkröfur og í stefnu greinir til 1. apríl 1987, en frá þeim degi gerði hann kröfu um 9% ársvexti til 18.6.1986 (þ.e. birtingardags stefnu), með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma við innlánsstofnanir, til greiðsludags. Þá er og gerð krafa um það, að á fallnir vextir verði lagðir við höfuðstól kröfunnar um hver áramót, þar til greitt verður, í fyrsta sinn 1. janúar 1988, og vextir dæmdir á þannig upp færðan höfuðstól með vaxtafæti eins og að framan er krafist.

Að lokum er gerð krafa um það, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, þ.m.t. kostnað vegna læknisvottorða, örorkumats og örorkutjónsútreiknings.

Stefndi krefst aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur ríflegur málskostnaður, en til vara, að bótakrafan verði stórlega lækkuð.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Málavextir eru þeir, að 25. október 1979 kl. 17.07 var tilkynnt til lögreglunnar í Kópavogi um umferðarslys á Hlíðarvegi við Hlíðarenda, Seldal. Þarna hafði stefnandi orðið fyrir númerslausu bifhjóli af Yamaha-gerð, sem stefndi ók, og slasast á fæti.

Samkvæmt lögregluskýrslu var yfirborð vegarins, þar sem slysið varð, malarborið, en blautt. Er slysið varð, var dagsbirta, en skýjað.

Bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði hjólið. Í skýrslu hans kemur fram, að hjólið hafi verið óskráð skv. spjaldskrá bifreiðaeftirlitsins. Hjólbarðar þess hafi verið mjög grófmynstraðir (takkamynstur). Eigi hafi verið hægt að skoða stjórntæki bifhjólsins vegna skemmda.

Lögregla tók skýrslu af stefnanda á Landspítalanum í Reykjavík 8. nóvember 1979. Einnig tók lögregla skýrslu af stefnda og D, móður stefnanda.

Verður nú rakið það, sem fram kemur í skýrslum þessum.

Stefnandi skýrði svo frá, að umrætt sinn hefði hann staðið rétt vestan við gangstíg, sem liggur frá Hlíðarvegi og að Digranesvegi. Hefði hann þá séð, hvar mótorhjól kom á mikilli ferð vestur Hlíðarveg, og hefði því verið ekið á miðjum vegi. Sér hefði fundist eins og ökumaður hjólsins ætlaði að beygja upp göngustíg þann, er hann stóð við, og hefði hann því ætlað að forða sér yfir götuna til þess að verða ekki fyrir. Hefði hann þá ekki vitað fyrr til en hjólið lenti á sér og hann kastaðist út fyrir veginn

Stefndi skýrði svo frá, að umrætt sinn hefði hann verið að koma úr

„sandgryfjunum" við Fífuhvamm og á leið heim. Hann hefði ætlað að aka um götuslóða, sem liggi frá Hlíðarvegi og upp á Digranesveg, en slóði þessi komi á Hlíðarveg rétt vestan við Hlíðarenda. Þegar hann hefði verið nýkominn úr beygjunni innst á Hlíðarveginum, hefði hann séð gangandi vegfaranda fyrir neðan húsið á Hlíðarenda og hægt þá ferðina og sveigt yfir á vinstri helming vegarins. Hann hefði séð, að maður þessi leit í áttina til sín, og talið víst, að hann hefði séð sig. Þegar hann hefði svo verið kominn alveg á móts við manninn, hefði hann stokkið skyndilega í veg fyrir hjólið. Þetta hefði gerst svo snöggt, að hann hefði ekki haft ráðrúm til að hemla, en þó getað sveigt alveg út í vinstri kant vegarins, en þar hefði maður þessi lent fyrir hjólinu.

Um leið og slysið varð, hefði hann misst vald á hjólinu með þeim afleiðingum, að hann hefði fallið við og skollið á hnakkann.

Hjól þetta hefði hann keypt í Bandaríkjunum, þar sem hann hefði verið við nám, og flutt það með sér heim. Aldrei hefði hjólið verið skráð né keypt á það ábyrgðartrygging.

D, móðir stefnanda, hefur skýrt svo frá, að umrætt sinn hafi hún verið heima og stefnandi nýfarinn út. Skyndilega hafi bróðir sinn komið inn og sagt sér, að stefnandi hefði orðið fyrir slysi. Hún hafi hlaupið strax út og séð þá, hvar sonur sinn lá utan vegar, og strax séð, að eitthvað var að öðrum fæti hans. Hann hafi sagt henni sjálfur, að líklega væri fóturinn brotinn. Þegar hún hafi komið út, hafi ökumaður hjólsins verið að færa það frá staðnum og út fyrir veginn. Hann hafi sagst hafa ætlað vestur Hlíðarveg, en ekki beygja upp göngustíginn að Álfhólsvegi.

Stefnandi gaf ekki skýrslu fyrir dómi. Hins vegar kom fyrir dóm Kristján Sigmundsson, forstöðumaður sambýlis fyrir þroskahefta í Vallargerði 26, Kópavogi, en þar dvelst stefnandi. Gerði hann grein fyrir ástandi stefnanda og þeirri ákvörðun, að hann kæmi ekki fyrir dóm. Lýsti hann þeirri skoðun sinni, að stefnandi gæti ekki flutt mál sitt svo, að marktækt væri.

Hann skýrði frá því, að stefnandi þreyttist áberandi vegna þess, að annar fótur hans er styttri eftir slysið, og að hann þyrfti sérsmíðaða skó. Hann gæti því ekki tekið þátt í íþróttum, sem hann hefði þó mikinn hug á. Stefnandi sé félagi í Öskju, íþróttafélagi fatlaðra, og hafi hann oft á haustin ætlað að taka þátt í því, sem þar er boðið upp á í frjálsum íþróttum og knattleikjum, en orðið að gefast upp og það dottið upp fyrir.

Einnig sé áberandi, að í kulda fái stefnandi verki í fótinn.

Hann kvað stefnanda bæði vera ratvísan, öruggan og gætinn í umferðinni.

Stefndi gaf skýrslu fyrir dómi og skýrði efnislega frá á sama veg og hjá lögreglu. Hann skýrði svo frá m.a. orðrétt: „Ég kem þarna á mjög lítilli ferð, og drengurinn horfir á mig og á hjólið. Og ég varð þess fullviss, að

hann væri búinn að sjá mig. Og svo, þegar ég á bara nokkra metra eftir ófarna að honum, tekur hann bara blátt strik fyrir (sic) og meira að segja hann horfði á mig á meðan." Einnig hafi sér eftir á að hyggja fundist eins og stefnandi hefði ætlað að gera einhverja glennu með því að stökkva fyrir eða láta sig beygja eða eitthvað slíkt. Ekkert hefði gerst, hefði stefnandi staðið kyrr.

Valdimar Sörensen, Seldal við Hlíðarveg, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði aldrei orðið var við annað en stefnandi væri mjög varfærinn, þegar hann færi yfir götuna, þ.e. Hlíðarveg.

E, faðir stefnanda, skýrði frá því fyrir dómi, að stefnandi fengi alla framfærslu sína frá Tryggingastofnun ríkisins. En kostnaður hans eftir þetta slys hefði aukist. Væri það kostnaður vegna þess, að hann þyrfti sérsmíðaða skó, og vegna þess, að kannski notaði hann meira strætisvagna en ella. Hann kvað stefnanda hafa verið mjög aðgætinn í umferðinni, kvað hann hafa hegðað sér betur í umferðinni en sig sjálfan og jafnaldra sína.

Í sama streng tók móðir stefnanda við skýrslutöku fyrir dómi. Hún gerði einnig grein fyrir því, að stefnandi þyrfti hækkun undir skó hægri fótar og að Tryggingastofnun greiddi 70% af verði tveggja skópara á ári. Aðra skó þyrfti hann að greiða að fullu.

Foreldrar stefnanda greindu og frá því, hversu það, að annar fótur hans var styttri, hamlaði honum í íþróttaiðkunum, sem hann hefði mikinn áhuga á. Einnig fengi hann verki í fótinn, sérstaklega sækti kuldi í hann. Þá gæti hann nú ekki gengið jafnmikið og áður.

Björn Önundarson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumati læknisins, sem dagsett er 20. nóvember 1985, eru rakin læknisvottorð þau, er fyrir liggja, og eru þau tekin upp orðrétt í matinu.

Verður hér tekin upp orðrétt niðurstaða greindra vottorða:

1) Vottorð, undirritað af Braga Guðmundssyni bæklunarlækni, dags. 31.10.1980:

„Niðurstaða:

Sjúkl. hlýtur brot á mótum efri og neðri þriðjungs femur 25.10.'79. Brotið er þess eðlis, að gera verður að því með aðgerð, og er hún framkvæmd 29.10.'79. Post op.-gangur eðlilegur í fyrstu, en síðan kemur upp í legu lömun í nervus fibularis, sem gengur hægt til baka, en er ekki með öllu horfin við skoðun 7.7.'80. Drengurinn hefur fengið styttingu, sem mælist 2 cm og er að mestu leyti functionel, og einnig nokkra útrotario á hægri ganglim. Þetta hindrar hann í göngu að hluta, og hefur hann fengið viðeigandi hækkun undir skó. Frekari aðgerðir eru ekki fyrirhugaðar. Kontról að ári."

2) Vottorð, dags. 5.1.1981, undirritað af Hauki Þórðarsyni, yfirlækni á Reykjalundi.

„Niðurstaða:

Undirritaður telur varanleg ummerki eftir slysið vera annars vegar ofangreinda styttingu hægri ganglims og hins vegar ofangreinda skerðingu á innrotationsferli hægri mjaðmar. Að líkum mun ummál vöðva ganglima verða jafnt með tímanum.“

3) Vottorð Braga Guðmundssonar bæklunarlæknis, dagsett 13. ágúst 1985.

„Niðurstaða:

Hér verður brot á mótum mið- og efri þriðjungs femur hinn 25.10.1979. Gerð er aðgerð 29.10.1979 og brotið fest með Kuntscher-mergnagla, og fæst anatomiskur situr. Í legunni fær sjúkl. lömun á n.peroneus, sem smám saman gengur fullkomlega til baka. Resorbtion verður á brotendum, svo að um 4ra cm stytting er orðin, þegar brotið er tryggilega gróið. Þetta veldur einnig útrotatio um 20 og þar af leiðandi skertri innrotatio um 15. Adductio einnig minnkuð um 5. Væg vöðvarýrnun, bæði í læri og kálfa. Sjúkl. hefur því minna úthald og minni kraft í hæ. ganglim, og gönguþol hans er nokkuð skert vegna útrotationar, og einnig þarf hann stöðugt á hækkun að halda undir skó. Ástand þetta helst varanlegt og gæti síðar á ævinni stuðlað að slitbreytingum, bæði í mjöðm og hné, fyrr en ella væri.“

Í örorkumati Björns Önundarsonar segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

— — —

„Þar sem svo langt er um liðið, frá því að áðurnefnt slys varð, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss. Þykir örorkan hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í átta mánuði .	100%.
Eftir það í fjóra mánuði	75%.
Varanleg örorka	20%.“

Á grundvelli framangreinds örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Í útreikningi þessum, sem dagsettur er 21. apríl 1986, segir m.a. svo:

„A er sagður fæddur ..... 1961 og hefur samkvæmt því verið 18 ára gamall, er hann varð fyrir fyrrgreindu slysi. Í örorkumatsgerðinni kemur fram, að fyrir slysið hafði hann mjög skerta starfsorku. Hann gat þó stundað snúningastörf, en getur það naumast lengur að sögn læknisins.

— — —

Miðað við þann tekjugrundvöll, sem hér hefur verið lýst, og tekjutap

í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 12 mánuði.	kr.	47.494,00
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma.	kr.	362.648,00
Samtals	kr.	410.142,00

Þegar litið er á vinnutekjur A árið 1979, virðist ljóst, að áðurnefndur fyrirvari um, að hið reiknaða tekjutap skuli á engu tímabili fara fram úr þeim vinnutekjum, sem ætla má, að slasaði hefði haft, ef hann hefði ekki orðið fyrir slysinu, hefur a.m.k. í för með sér lækkun á hinu tímabundna tekjutapi. Sé tekjutap áætlað 20% af tekjugrundvellinum þegar frá slysdegi, lækkar verðmæti tapaðra vinnutekna úr 410.142,00 kr. í 373.066,00 krónur.

Þótt slys þetta kunni að leiða til taps lífeyrissjóðsréttinda, er óvíst, hver áhrif þess verða á lífeyrisréttindi A í heild, og hef ég því ekki reiknað slíkt tap til fjár.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1976-1980. Vextir eru reiknaðir þannig, að frá slysdegi til útreikningsdags 21/4 1986 er reiknað með almennum sparisjóðsvöxtum, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma (frá 1. mars 1986 er reiknað með almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands), en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar.

Með almennum sparisjóðsvöxtum er að sjálfsögðu átt við, að reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum (vöxtum er bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti). Til samanburðar skal þess getið, að sé reiknað með einföldum vöxtum frá slysdegi til útreikningsdags, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema 670.000,00 kr. (í stað 410.142,00), þar af 47.494,00 kr. vegna tímabundins orkutaps. Sé reiknað með 20% tekjutapi frá slysdegi, verður verðmætið 632.924,00 kr. í stað 373.066,00 kr.“

Kröfur stefnanda í máli þessu eru reistar á því, að stefndi beri ótvírætt ábyrgð á öllu tjóni af völdum notkunar bifhjólsins, enda liggi ekki fyrir, að stefndi hafi verið með ábyrgðartryggingu vegna tjóns af völdum notkunar á umræddu bifhjóli. Því beri stefndi fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir af völdum slyssins. Kröfum sínum til stuðnings skírskotar hann til 67. og 69. gr. laga nr. 40/1968 svo og 2., 11. og 70. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að framferði hans hafi á nokkurn hátt verið slíkt, að efni séu til að meta honum til sakar.

Stefndi styður sýknukröfu sína svo og varakröfuna um, að bótakrafan verði lækkuð verulega, þeim rökum, að stefnandi hafi ári áður en slys það varð, sem hann reisir kröfu sína á, verið úrskurðaður 75% öryrki, og því

hafi umrætt slys ekki haft aukna örorku í för með sér og málshöfðun þessi því ástæðulaus.

Varakröfuna reisir stefndi á því, að stefnandi hafi með hinu vítaverða tómlæti um rétt sinn komið í veg fyrir, að málsatvik verði upplýst sjö árum eftir atvikið. Bæði hljóti menn að hafa gleymt atviki þessu og eins hitt, að ekki næst lengur til þess fólks, sem hefði getað upplýst málið, sumt af því sé flutt af landi brott, eins og t.d. Bragi Þór Bragason, sem bjó rétt hjá stefnanda, en er nú alfarinn af landinu. Þá sé hitt, að stefnandi hafi með annarlegri hegðun sinni átt þátt í, hvernig til tókst, með því að stökkva út á veg, þegar mótorhjól nálgaðist.

Lögregla gerði uppdrátt af vettvangi. Við yfirheyrslur fyrir dómi kom fram, að inn á uppdráttinn vantar götuslóða, er liggur frá Hlíðarvegi upp á Digranesveg vestan við húsið á Hlíðarenda. Bar öllum vitnum og stefnda saman um tilvist slóðans og legu. En upp þennan stíg hugðist stefndi aka umrætt sinn.

Á uppdrættinum, sem aðrar athugasemdir hafa ekki verið gerðar við, er stefnandi sýndur liggjandi við vinstri brún vegar. Frá honum eru „skrensför" á vinstri vegarhelmingi.

Niðurstaða.

Engin vitni voru að slysinu. Verður því við framburð stefnanda og stefnda að styðjast.

Stefndi veitti stefnanda athygli fyrir slysið, svo sem að framan er rakið. Honum bar því að gæta ýtrustu varúðar í akstri sínum, er hann nálgaðist hann. Þar eð hann þykir eigi hafa gætt þessarar varúðar nægilega og þar sem ekki er heldur í ljós leitt, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, þótt stefndi hefði sýnt af sér fulla aðgæslu í akstri sínum, verður að telja, að stefndi hafi að nokkru leyti orðið valdur að umræddu slysi.

Á hinn bóginn þykir ljóst, að stefnandi eigi meginsök á nefndu slysi með því gáleysislega atferli sínu að hlaupa yfir götuna í veg fyrir hjólið, sem hann hafði áður veitt athygli.

Að því athuguðu, er að framan er rakið, þykir stefndi eiga sök að slysinu að 1/4 hluta. Verður því stefnandi að bera tjón sitt að 3/4 hlutum sjálfur.

Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, er ljóst, að stefndi, Ásmundur Gunnlaugsson, ber sem eigandi og ökumaður bifhjólsins fébótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna slyssins að því marki, sem afleiðingar þess verða virtar honum til sakar. En eins og áður er getið, hafði stefndi ekki keypt ábyrgðartryggingu fyrir hjólið.

Verður nú tekin afstaða til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en hún er sundurliðuð þannig:

1. Bætur fyrir örorkutjón kr. 632.924,00
2. Miskabætur kr. 100.000,00

Um 1. Fjárhæð þessa kröfuliðar er byggð á örorkumati Björns Önundarsonar tryggingalæknis, sem áður er rakið, svo og örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Af hálfu stefnda hefur þessari fjárhæð ekki verið mótmælt tölulega, heldur krafist sýknu af kröfum um greiðslu hennar og til vara verulegrar lækkunar hennar, svo sem að framan greinir.

Í örorkumati Björns Önundarsonar segir orðrétt: „Hér skal tekið fram, að slasaði er öryrki af allt öðrum sökum, og kemur það þessu örorkumati ekki við." Í örorkumati Björns Önundarsonar er því skýrt kveðið úr um, að mat það, sem liggur fyrir í máli þessu, sé óháð annarri örorku stefnanda. Á það verður því eigi fallist, að það, að stefnandi var 75% öryrki fyrir, geri það að verkum, að umrætt slys hafi ekki aukna örorku í för með sér. Þykir því verða að leggja örorkumat Björns Önundarsonar til grundvallar við úrlausn málsins, þar sem því hefur ekki verið hnekkt.

Verður því við ákvörðun bóta í máli þessu miðað við útreikning tryggingafræðingsins, að fjárhæð 632.924,00 kr.

Samkvæmt þessu og með tilliti til annarra þeirra gagna, er fyrir liggja í málinu, svo og með hliðsjón af öðrum atriðum, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þykja þær hæfilega ákveðnar 400.000,00 krónur.

Um 2. Af hálfu stefnda hefur verið krafist sýknu eða verulegrar lækkunar bótakröfunnar, þ.m.t. þessa liðar, svo sem að framan greinir. En eigi hefur hann sætt tölulegum andmælum.

Hér að framan hefur verið lýst áverka þeim, er stefnandi hlaut við slysið. Einnig hefur sjúkrasaga hans verið rakin. Samkvæmt því þykir mega taka fjárhæð liðar þessa til greina óbreytta.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt, og verður hún því tekin til greina.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefnda, Ásmundi Gunnlaugssyni, verður gert að greiða stefnanda 1/4 hluta af 500.000,00 kr. (400.000 + 100.000), þ.e. 125.000,00 kr., með 27% ársvöxtum frá 25.10.1979 til 1.12. s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11.1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9.1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10.1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., með 21,5 % ársvöxtum frá þeim degi til 21.1.1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13.8.1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1.1985,

með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 18.6.1986, með dómvöxtum frá þeim degi til 14.4.1987 og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma við innlánsstofnanir, til greiðsludags. Á fallnir vextir leggist við höfuðstól kröfunnar um hver áramót, þar til greitt verður, í fyrsta sinn 1. janúar 1988, og vextir dæmdir á þannig upp færðan höfuðstól með vaxtafæti eins og að framan er krafist.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 130.000,00 krónur.

Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan, en dómsuppkvaðning hefur tafist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Ásmundur Gunnlaugsson, greiði stefnanda, A, 125.000,00 kr. með 27% ársvöxtum frá 25.10.1979 til 1.12. s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11.1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9.1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10.1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1.1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13.8.1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1.1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 18.6.1986, með dómvöxtum frá þeim degi til 14.4.1987 og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma við innlánsstofnanir, til greiðsludags. Á fallnir vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, þar til greitt verður, í fyrsta sinn 1. janúar 1988. Stefndi greiði stefnanda 130.000,00 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. október 1989.

Nr. 208/1988. **Lúðvík Gizurarson**
gegn
Bergsteini Gizurarsyni,
Sigurði Gizurarsyni
og Ragnari Halldóri Hall,
setuskiptaráðanda í
Rangárvallasýslu, f.h.
dánarbús Ólafs Bergsteinssonar.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1988. Áfrýjað er úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu, upp kveðnum 16. janúar 1988. Málið var þingfest í Hæstarétti 3. október 1988 og þá frestað til febrúar 1989. Var þá málinu enn frestað til júní og síðan til október s.á. Við fyrirtöku málsins 2. október óskaði áfrýjandi eftir fresti til ágripsgerðar fram í nóvember.

Af hálfu stefnda setuskiptaráðandans í Rangárvallasýslu var þá synjað um frest. Ekki var sótt þing í málinu 2. október af hálfu annarra stefndu.

Í greinargerð áfrýjanda vegna kröfu um frest kveður hann tilraunir hafa verið gerðar til að leysa málið utan réttar, en það hafi ekki tekist. Þá hafi frestun málsins engan skaðað.

Í greinargerð stefnda, skiptaráðandans í Rangárvallasýslu, kveður hann áfrýjanda hafa fengið dómsgerðir í skiptaréttarmálinu 20. október 1988, og hafi hann ekki nýtt þá löngu fresti, sem hann hafi fengið. Hafi dánarbúið af þessum sökum þurft að reka búskap allan þennan tíma, en skiptaráðanda beri að halda „tilhlýðilega áfram skiptum á búi".

Hinn 2. október voru liðnir rúmir 14 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu, og hefur áfrýjandi ekki nýtt þann tíma til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti.

Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fimmtudaginn 12. október 1989.

Nr. 23/1989. **Ólafur Ragnarsson**

gegn

Verðbréfasjóðnum hf.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1989. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 18. október 1988. Málið var þingfest í Hæstarétti 1. mars 1989. Þann dag fékk áfrýjandi frest til 2. október s.á. Er málið kom fyrir þann dag, krafðist áfrýjandi frekari frests til ágripsgerðar fram í nóvember 1989. Stefndi krefst þess, að frestbeiðni áfrýjanda verði hafnað og sér dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í greinargerð stefnda er því haldið fram, að ekki hafi verið sótt þing af hálfu áfrýjanda í héraði og hann ekki áskilið sér rétt til að bera fram nýjar kröfur og málsástæður fyrir Hæstarétti. Málskot til Hæstaréttar sé því aðeins gert í þeim tilgangi að tefja málið.

Hinn 2. október voru liðnir tæpir níu mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu, og hefur áfrýjandi ekki nýtt þann tíma til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Gegn mótmælum stefnda verður áfrýjanda ekki veittur frekari frestur. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti til stefnda ákveðst 7.000,00 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Ólafur Ragnarsson, greiði stefnda, Verðbréfasjóðnum hf., 7.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. október 1989.

Nr. 215/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Birgi Andréssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1989 að ósk ákærða, en jafnframt af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Andrésson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1989.

Ár 1989, föstudaginn 28. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 222/1989: Ákæruvaldið gegn Birgi Andréssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 30. mars sl., á hendur „Birgi Andréssyni, Gnoðarvogi 74, Reykjavík, kennitala 23.04.59-2079, fyrir að aka fimmtudaginn 2. febrúar 1989, sviptur ökurétt indum ævilangt, bifreiðinni X 1238 frá heimili sínu og um götur í borginni, þar til lögregla stöðvaði akstur hans á Rauðarárstíg.

Telst þetta varða við 1.mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði heldur ekki uppi vörnum í málinu og hefur viðurkennt ákæruna rétta að öðru leyti en því, að hann sé ekki sviptur ökuleyfi ævilangt, heldur í þrjú ár frá 12. október 1988 að telja.

Málavextir eru þeir, að fimmtudagskvöldið 2. febrúar sl. stöðvaði lögreglan í Reykjavík bifreiðina X 1238 á Rauðarárstíg við Hverfisgötu. Ökumaður reyndist vera ákærði. Hann viðurkenndi hjá lögreglu að hafa ekið bifreiðinni frá heimili sínu að Brautarholti 4 og þaðan að þeim stað, er hann var stöðvaður á.

Hér fyrir dómi hefur ákærði einnig viðurkennt að hafa ekið þessari bifreið, eins og honum er gefið að sök í ákæruskjalinu, og að hafa verið réttindalaus við aksturinn. Það er hins vegar ekki rétt, að ákærði sé sviptur ökuréttindum ævilangt, eins og haldið er fram í ákæru, heldur er hann sviptur þeim í þrjú ár frá 12. október 1988 að telja, eins og fram kemur í sakavottorði hans. Þrátt fyrir þetta má leggja dóm á málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, enda hefur vörn ákærða í engu orðið áfátt.

Með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um verknað þann, sem honum er gefinn að sök í ákæruskjali og er þar rétt færður til refsiákvæðis.

Sakaferill ákærða er sem hér segir:

1982: Sekt og ævilöng ökuleyfissvipting fyrir ölvunarakstur.
1983: 15 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, og sekt fyrir ölvunarakstur, réttindaleysi og fleiri umferðarlagabrot.
1986: 40 daga varðhald og ævilöng ökuleyfissvipting fyrir ölvunarakstur og réttindaleysi. Breytt í Hæstarétti í tveggja mánaða fangelsi.
1987: 7 daga fangelsi fyrir réttindaleysi við akstur.
1988: 3 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás, ölvunarakstur og skotvopnalagabrot. Sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá 12. október 1988. Ákærða var veitt heimild til ökuleyfis á ný 27. janúar 1988.
1988: 30 daga fangelsi fyrir fjársvik. Hegningarauki.

Þá hefur ákærði tíu sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir áfengis-, umferðar-, skotvopna- og siglingalagabrot. Frá árinu 1985 hefur ákærði fimm sinnum verið sakfelldur fyrir réttindaleysi við akstur.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða er refsing hans hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Andrésson, sæti fangelsi, tvo mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. október 1989.

Nr. 220/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Þór Einarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Þór Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. apríl 1989.

Ár 1989, mánudaginn 17. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 199/1989: Ákæruvaldið gegn Jóni Þór Einarssyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. september 1989, á hendur ákærða, Jóni Þór Einarssyni, Austurbergi 12 í Reykjavík, fæddum 25. ágúst 1965, „fyrir að aka laugardaginn 10. desember 1988, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R 72887 úr Breiðholti í Reykjavík um götur í borginni, þar til lögregla stöðvaði akstur hans í Ártúnsbrekku.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 72887 frá Æsufelli í Breiðholtshverfi um götur borgarinnar, þar til lögregla stöðvaði akstur hans í Ártúnsbrekku. Ákærði var sviptur ökuréttindum ævilangt, þegar þetta varð. Hefur hann með akstri sínum orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Viðurlög og sakarkostnaður:

Sakaferill ákærða er þessi samkvæmt sakavottorði hans:

1983 8/3 Sátt: 2.500,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 3 mán. frá 11.1. '83.

1984 14/11 Dómur: 15.000,00 kr. sekt f. brot g. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umfl. og 1. mgr. 155. gr. hgl. Sviptur ökul. 4 mán. frá 14.11. '84. Hegningarauki.

1985 1/2 Dómur: Fangelsi 30 daga, skb. 2 ár, 15.000,00 kr. sekt f. brot g. 248. gr. hgl. og 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 1.3. '85.

1985 21/9 Sátt: 6.000,00 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65/1974 um áv. og fíkn. og rg. nr. 390/1974.

1985 16/10 Sátt: 2.000,00 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

1986 21/1 Dómur: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt frá 21.1. '86.

1988 15/1 Sátt: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

Sakargögn í máli þessu bárust frá ákæruvaldinu aðeins í einu eintaki. Er það aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Þór Einarsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 13. október 1989.

Nr. 216/1988. **Bjarni Hólmgrímsson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Iðnaðarbanka Íslands hf.
(Þórður Gunnarsson hrl.).

Fjárnámsgerð. Valdmörk fógeta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. júní s.á. samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og stefndi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að fjárnámsgerðin verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Með áskorunarstefnu 25. febrúar 1985, er birt var áfrýjanda kl. 17.00 11. apríl s.á., höfðaði stefndi mál gegn honum o.fl. á bæjarþingi Akureyrar til heimtu skuldar samkvæmt víxli, upphaflega að fjárhæð 5.000.000,00 kr., með gjalddaga 2. apríl 1984. Áfýjandi var ábekingur á víxlinum.

Áskorunarstefnan var þingfest kl. 13.30 18. apríl s.á. Sama dag áritaði Freyr Ófeigsson héraðsdómari stefnuna um aðfararhæfi að liðnum sjö sólarhringum.

Hinn 1. júní 1987 var áfrýjanda birt greiðsluáskorun samkvæmt nefndri stefnuáritun. Hinn 30. s.m. sendi lögmaður stefnda sýslumanni Þingeyjarsýslu beiðni um fjárnám hjá áfrýjanda, sem fram fór 7. ágúst s.á. og mál þetta snýst um.

II.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að víxilréttur gagnvart sér hafi verið fyrndur við birtingu áskorunarstefnu, þar sem

þá hafi meira en ár verið liðið frá gjalddaga víxilsins. Í öðru lagi hafi stefnufrestur orðið styttri en sjö sólarhringar. Af þessum ástæðum hafi fógeti átt að synja með úrskurði um framkvæmd fjárnáms.

Kröfugerð áfrýjanda var enn fremur studd þeim rökum við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að við framkvæmd fjárnámsins hefði fógeti ekki gætt leiðbeiningarskyldu samkvæmt 114. gr., sbr. 223. gr., nú 238. gr., laga nr. 85/1936, að virðing eigna hefði ekki farið fram, þótt fjárnámið væri árangurslaust að hluta, og að annar tveggja votta við fjárnámið, Gunnar Sólnes hrl., hefði eigi fullnægt skilyrðum 41. gr. sömu laga um þingvotta vegna starfstengsla við lögmann fjárnámsbeiðanda, Árna Pálsson. Þessum málsástæðum var af hálfu stefnda mótmælt sem of seint fram komnum og einnig á þeim grundvelli, að þær ættu við engin gild rök að styðjast.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að fjárnám hafi verið gert samkvæmt lögformlegri aðfararheimild. Vísar hann í því efni til 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 39. gr. aðfararlaga, nr. 19/1887.

III.

Aðfararheimild í máli þessu var í lögmætu formi, og fógeti hafði ekki lagaheimild til að fjalla um efnisatriði hennar, sbr. 4. gr. aðfararlaga.

Það er athugavert við fjárnámsgerðina, að eignir gjörðarþola, sem fjárnám var gert í, voru ekki virtar til fjár, sbr. 1. mgr. 45. gr. aðfararlaga, en til þess var sérstök ástæða, þar sem fjárnámið var talið árangurslaust að hluta. Það er einnig athugavert við fjárnámsgerðina, að Gunnar Sólnes hrl. brast hæfi til að vera vottur við hana vegna starfstengsla við lögmann gjörðarbeiðanda. Þetta leiðir þó ekki til þess, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi, og eru engir þeir annmarkar á gerðinni, er leitt geti til ógildingar hennar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta fjárnámsgerðina.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Bjarni Hólmgrímsson, greiði stefnda, Iðnaðarbanka Íslands hf., 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Þingeyjarsýslu 7. ágúst 1987.

Ár 1987, föstudaginn 7. ágúst, var fógetaréttur Þingeyjarsýslu settur að Svalbarði, Svalbarðsströnd, og haldinn af Snædísi Gunnlaugsdóttur ftr. með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið mál nr. 129/1987: Iðnaðarbanki Íslands gegn Guðmundi Þórissyni, Inga Þ. Ingimarssyni og Bjarna Hólmgrímssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2 - 4, greiðsluáskorun, og nr. 5, áskorunarstefnu svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Árni Pálsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir 5.000.000,00 kr., með 2,5% mánaðarvöxtum af 5.000.000,00 kr. frá 2/4 1984 til 27/7 s.á., af 4.548.008,34 kr. frá þ.d. til 1/9 s.á., 2,75% frá þ.d. til 1/2 1985, 3,75% frá þ.d. til 1/3 s.á. 4% frá þ.d. til 1/6 s.á. 3,5% frá þ.d. til 11/9 s.á., 3,75% frá þ.d. til 1/3 1986, 2,75% frá þ.d. til 1/4 s.á., 2,25% frá þ.d. til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaðar 250,00 kr., í stimpil- og afsagnarkostnað, 244.600,00 kr., í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, og 1.610,00 kr. fyrir ritun fjárnámsbeiðni, allt að frádregnum 2.241.682,00 kr., sem greitt hefur verið inn á skuldina.

Gerðarþoli, Bjarni Hólmgrímsson, býr hér og sækir þing. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekkert geta greitt. Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, húseigninni Laugartúni 18, Svalbarðseyri, og Seim-traktor Þd-554 og Þd-590 Massey Ferguson.

Gerðarþoli mótmælir réttmæti kröfunnar, þar sem borið hafi að sýkna sig fyrir bæjarþingi Akureyrar ex officio vegna fyrningar, og neitar að skrifa undir. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Þriðjudaginn 17. október 1989.

Nr. 375/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Daníel Þórarinssyni,
Daníel Daníelssyni
og Gunnari Reyni Magnússyni.

Kærumál. Ákæra. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tölulið 171. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 26. september 1989. Í greinargerð sinni 3. október 1989 gerir hann þær dómkröfur, „að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að sakadómi Reykjavíkur verði lýst rétt og skylt að kveða upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæru frá 7. mars sl. á hendur hinum ákærðu. Jafnframt er þess krafist, að ómerkt verði að kröfu ákæruvalds eða ex officio ummæli og aðfinnslur héraðsdómara um búning málsins og einstök málsskjöl".

Af hálfu ákærða Gunnars Reynis Magnússonar er þess krafist, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur. Af hálfu annarra ákærðu eru ekki hafðar uppi kröfur fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

I.

Að því er varðar sakarefni í I. kafla ákæru máls þessa, hefur ákærði Gunnar Reynir Magnússon við rannsókn málsins hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra og Rannsóknarlögreglu ríkisins kannast við áritun sína á ársreikninga Vinnufatabúðarinnar fyrir rekstrarárin 1983 og 1984 og vefengir ekki, að misræmi sé milli þeirra og bókhalds fyrirtækisins, sem fært var í skrifstofu hans. Hann hefur hins vegar frá upphafi rannsóknar haldið því fram, að hann hafi verið grandalaus um þetta misræmi, og hafi tiltekinn starfsmaður sinn annast þessi verkefni. Í hinum kærða dómi er greint frá

framburði ákærða Daníels Þórarinssonar um þetta atriði. Frekari rannsókn um þetta fór ekki fram. Í greinargerð ríkissaksóknara fyrir Hæstarétti er það skýrt með því, að ekki hafi náðst til umrædds starfsmanns ákærða Gunnars Reynis, þar sem hann dveljist í Bandaríkjunum og ekki hafi tekist að hafa uppi á heimilisfangi hans þar. Ríkissaksóknari hefur allt að einu kosið að ákæra hér fyrir brot á 158. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og er ákærða Gunnari Reyni gefið að sök að hafa í blekkingarskyni hagað gerð ársreikninga með fyrrgreindum hætti.

Að svo vöxnu máli þykja ekki nægileg efni til að taka fram fyrir hendur ákæruvaldinu og hafna því, að ákæruefni þetta verði tekið til efnislegrar meðferðar á þeim grundvelli, sem fyrir liggur, sbr. og 75. gr. laga nr. 74/1974.

II.

Ekki er á það fallist, að annmarkar á verknaðarlýsingu II. kafla ákærunnar séu svo verulegir, að valda eigi frávísun. Ber hér að líta til þess, að mál þetta sætir sókn og vörn og því unnt við meðferð þess að taka af allan hugsanlegan vafa um orðalag ákærunnar, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Þeir agnúar á rannsókn þessa sakarefnis, sem bent er á í hinum kærða dómi, eru ekki slíkir, að nægileg ástæða hafi verið til að vísa ákærunni frá dómi af þeim sökum.

III.

Með vísan til framanritaðs ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til dómsmeðferðar.

IV.

Ekki munu hafa verið settar reglur um það, hvenær og hvort ríkissaksóknari skuli láta afrit málsskjala fylgja frumskjölum við höfðun opinbers máls. Um langa hríð mun hafa tíðkast af hálfu ákæruvalds að láta að jafnaði eitt afrit málsskjala fylgja. Eðlilegt er, að um fjölda eintaka sé haft samráð milli ákæruvalds og dómara eftir eðli máls hverju sinni. Að þessu athuguðu þykja ekki efni til að taka til greina kröfu um ómerkingu ummæla héraðsdómara um skjöl málsins.

V.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 16. ágúst 1989 tók sakadómari mál þetta fyrir og birti ákærðu, sem allir sóttu dóminn, ákæruna. Að því loknu tók hann málið til dóms og kvað upp hinn kærða frávísunardóm.

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara til sakadóms Reykjavíkur 7. mars 1989, sem fylgdi ákæru málsins, var tilkynnt, að hann myndi annast sókn málsins, og þess óskað, að fyrirtökur þess yrðu tilkynntar með hæfilegum fyrirvara. Verður því að telja, að dómara hafi verið rétt að gera embætti ríkissaksóknara viðvart um fyrirtöku málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til dómsmeðferðar að nýju.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. ágúst 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 16. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 366-8/1989: Ákæruvaldið gegn Daníel Þórarinssyni, Daníel Daníelssyni og Gunnari Reyni Magnússyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. mars 1989, á hendur ákærðu, Daníel Þórarinssyni framkvæmdastjóra, Gnoðarvogi 76, Reykjavík, fæddum þar í borg 24. apríl 1921, Daníel Daníelssyni verslunarmanni, Ásbúð 11 í Garðakaupstað, fæddum 27. maí 1950 í Reykjavík, og Gunnari Reyni Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, Hrauntungu 3 í Kópavogi, fæddum 8. nóvember 1925 í Reykjavík, „fyrir brot á almennum hegningarlögum og lögum um söluskatt, svo sem hér á eftir verður nánar rakið.

I. Bókhaldsbrot.

1. Ákærða Gunnari Reyni Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, sem færði eða lét færa á endurskoðunarskrifstofu sinni í Reykjavík bókhald fyrir meðákærða Daníel Þórarinsson og einkafirma hans, Vinnufatabúðina, Laugavegi 76, Reykjavík, og aðrar verslanir firmans fyrir rekstrarárin 1983 og 1984 og semja ársreikninga fyrir þau ár, áritaði þá þannig, að hann hefði samið þá eftir bókum fyrirtækisins, þótt grundvallarmisræmi væri

milli bókhaldsins og ársreikninganna, svo sem, að árið 1983 er heildarvelta á rekstrarreikningi tilgreind 26.553.590,00 kr. í stað 36.824.400,00 króna í bókhaldi, vörukaup á sama ári eru á rekstrarreikningi tilgreind 19.031.649,00 kr. í stað 27.933.203,00 króna í bókhaldi, rekstrarárið 1984 heildarvelta á rekstrarreikningi 39.677.345,00 kr. í stað 56.571.738,00 króna í bókhaldi, vörukaup á sama ári á rekstrarreikningi 28.569.346,00 kr. í stað 35.817.905,00 króna í bókhaldi, — er gefið að sök að hafa í blekkingarskyni hagað gerð ársreikninganna með fyrrgreindum hætti.

2. Ákærða Daníel Þórarinssyni er gefið að sök að hafa þrátt fyrir vitneskju um ofangreindar rangfærslur í ársreikningunum notað þá í lögskiptum við opinbera aðila.

Brot ákærðu, að því er varðar rangfærslu ársreikninganna, svo sem því hefur verið lýst, varðar refsingu samkvæmt 158. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og auk þess, að því er ákærða Gunnar Reyni varðar, 138. gr. sömu laga.

II. Skattsvik.

Ákærða Daníel Þórarinssyni er gefið að sök að hafa á árunum 1983, 1984 og 1985 dregið undan við framtal til söluskatts verulegan hluta af vörusölu verslana Vinnufatabúðarinnar, Laugavegi 76 í Reykjavík, sem er einkafyrirtæki hans. Eru sala þessi og undandreginn söluskattur talin nema eftirtöldum fjárhæðum:

Ár	*Sala*	*Söluskattur*
1983	kr. 10.320.000,00	1.963.690,00
1984	kr. 16.200.000,00	3.082.536,00
1985	kr. 19.277.394,00	3.789.932,00
	Kr. 45.797.394,00	8.836.158,00

Ákærða Daníel Daníelssyni er gefið að sök að hafa ofangreint tímabil samið og undirritað hinar röngu söluskattsskýrslur þannig: Skýrslur fyrir janúar-nóvember 1983, skýrslur fyrir alla mánuði áranna 1984 og 1985 að undantekinni söluskattsskýrslu fyrir júnímánuð 1985, en ákærði annaðist á tímabilinu rekstur verslunarinnar að Laugavegi 76 og sá um að leggja dagsölu verslananna inn á bankareikning fyrirtækisins, hlaupareikning nr. 6191 í Búnaðarbanka Íslands, hafði heimild til að gefa út tékkaávísanir á þann reikning og átti að fylgjast með honum.

Ákærða Gunnari Reyni Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, sem samdi eða lét semja fyrir rekstrarárin 1983 og 1984 skattframtöl ákærða Daníels Þórarinssonar ásamt tilheyrandi fylgiskjölum með þeim og kærði á lögð opinber gjöld ákærða Daníels, er gefið að sök að hafa í blekkingarskyni samið eða látið semja fylgiskjöl með skattframtölunum, og á það

hér sérstaklega við um skýrslur um samanburð söluskattsskýrslna og ársreikninga fyrir ofangreind ár, sem hann lagði fram með skattkærum, dagsettum 31. október 1984 og 19. ágúst 1985, í því skyni að villa um fyrir skattyfirvöldum.

Ákærðu teljast með framangreindum sakarefnum, svo sem þau eru rakin í þessum kafla ákærunnar, hafa gerst brotlegir við 1. og 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 7. mgr. sömu greinar, að því er tekur til ákærða Daníels Daníelssonar og ákærða Gunnars Reynis Magnússonar, allt sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982.

III.

Krafist er:

1. að ákærðu verði dæmdir til refsingar,

2. að ákærði Daníel Þórarinsson verði sviptur leyfi til verslunaratvinnu eða rétti til slíks leyfis samkvæmt 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 13. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 41/1968,

3. að ákærði Gunnar Reynir Magnússon verði með heimild í 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sviptur löggildingu til endurskoðunarstarfa, sbr. og 15. gr. laga nr. 67/1976,

4. að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

1. Ákærði Gunnar Reynir hefur bæði hjá lögreglu og fyrir skattyfirvöldum skýrt frá því, að einn starfsmanna á endurskoðunarskrifstofu sinni, Helgi Hjörvar Daðason, fæddur 28. september 1952, hafi séð um að færa bókhald og semja ársreikninga Vinnufatabúðarinnar fyrir reksturinn 1983 og 1984. Ákærði kveðst hafa treyst því, að starfsmaðurinn ynni verk sitt eins og bæri, og hafi hann því verið grandalaus, þegar fram hafi komið við rannsókn yfirvalda, að ekki var samræmi milli bókhalds og ársreikninga verslunarinnar. Hafi hann áritað ársreikningana, þar sem hann treysti þessum starfsmanni sínum. Þá hefur ákærði greint frá því, að starfsmanni þessum hafi verið sagt upp störfum árið 1985. Komið hafi í ljós, að ýmisleg bókhaldsgögn varðandi Vinnufatabúðina hafi horfið, og muni starfsmaðurinn e.t.v. hafa tekið þau með sér, þegar hann hætti. Ekki sé því hægt að átta sig á því, hvernig bókhaldið hafi verið unnið.

Ákærði Daníel Þórarinsson hefur skýrt frá því hjá rannsóknarlögreglu, að hann hafi aldrei skýrt meðákærða Gunnari Reyni frá því, að velta fyrirtækisins væri ranglega tilgreind, og hann viti ekki til þess, að Gunnari hafi verið kunnugt um það. Hafi Helgi Hjörvar Daðason, starfsmaður Gunnars Reynis, séð um að færa bókhald verslunarinnar þau ár, sem málið snúist um.

Helgi Hjörvar Daðason hefur aldrei verið yfirheyrður í málinu, og verður ekki séð, að nein tilraun hafi verið gerð af hálfu lögreglu eða ákæruvalds til þess að fá hann til þess að bera vitni í málinu, en telja verður, að framburður ákærðu, sem rakinn var hér að framan, hafi gefið sérstakt tilefni til þess að taka rækilega skýrslu af Helga Hjörvar Daðasyni, áður en ákæra yrði ráðin í málinu. Er á það að líta annars vegar, að ákærði Gunnar Reynir er í máli þessu saksóttur fyrir stórfellt skjalafalsbrot í opinberri sýslan, og gæti það haft mikla þýðingu fyrir málið, hvort það teldist sannað, að hann hefði framið brotið af ásetningi, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga, en hins vegar, að ekki er ljóst af rannsókninni, hvort draga ætti annan eða aðra til ábyrgðar ásamt eða í stað ákærða. Verður að telja, að frumrannsókn málsins sé að þessu leyti stórlega áfátt og að hún fullnægi ekki skilyrðum 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, til málshöfðunar.

2. Ákærða Gunnari Reyni er í II. kafla ákærunnar gefið að sök að hafa „í blekkingarskyni samið eða látið semja fylgiskjöl með skattframtölunum, og á það hér sérstaklega við um skýrslur um samanburð söluskattsskýrslna og ársreikninga fyrir ofangreind ár, sem hann lagði fram með skattkærum, dagsettum 31. október 1984 og 19. ágúst 1985 í því skyni að villa um fyrir skattyfirvöldum" og hefur þannig gerst sekur um hlutdeild í söluskattsbroti ákærða Daníels Þórarinssonar. Ekki verður af ákærunni ráðið, hvort hún taki einungis til þeirra skjala, sem þar eru sérstaklega tilgreind, sbr. skj. nr. 4,15 og 6,14 í lögregluranns6kninni, eða annarra skjala einnig.

Með 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála er ákæruvaldinu skylt að setja fram sakargiftir á ljósan og ótvíræðan hátt, svo að dómari máls þurfi ekki að vera í vafa um, hvert sé það brot, sem sök er á gefin, en þó ekki síður til þess, að sökunautur og verjandi hans þurfi ekki að vera í vafa um það og að vörn verði þannig ekki áfátt. Nægir í því sambandi að vísa til dóma Hæstaréttar í XLIII. bindi, 397. bls., og LVII. bindi, 980. bls.

Telja verður, að þessar sakargiftir í garð ákærða Gunnars Reynis séu svo óljósar í ákærunni, að þær fullnægi ekki skilyrðum þessa ákvæðis laganna um meðferð opinberra mála.

Þegar skattframtöl ákærða Daníels Þórarinssonar og framtalsgögn fyrir árin 1983 og 1984 voru borin undir meðákærða Gunnar Reyni hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 29. október sl., kvað hann gögnin vera unnin á skrifstofu sinni og kvaðst engar athugasemdir hafa að gera við þau. Ekki var gengið á ákærða um það, hver hefði unnið framtölin og fylgigögnin, og enginn af starfsfólki hans hefur verið yfirheyrður um það.

Telja verður, að rannsókn málsins sé að þessu leyti svo áfátt, að hún fullnægi ekki skilyrðum 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Af því, sem rakið hefur verið, þykir ekki verða komist hjá því að vísa ákærunni í máli þessu frá dómi ex officio.

Þetta er athugavert við búning málsins og einstök málsskjöl:

Ákærunni fylgdi einungis eitt heilt eintak málsskjala. Í málinu eru þrír menn ákærðir, og fyrirsjáanlegt var, að kveðja yrði til a.m.k. einn sérfróðan meðdómsmann.

Sum sakargagnanna eru ólæsileg að hluta til eða að öllu leyti, svo sem skjöl nr. 4,21-24 og nr. 6, 30-31.

Meðferð máls þessa hefur dregist vegna sumarleyfis og embættisanna dómarans, m.a. við meðferð mála, sem forgang eiga að hafa samkvæmt lögum nr. 31/1988.

Dómsorð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 17. október 1989.

Nr. 172/1988. **Ásgeir Sigurðsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Valgeiri Sigurðssyni,
Landsbanka Íslands,
Mosfellsbæ
(Guðmundur Pétursson hrl.),
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.),
Búnaðarbanka Íslands
(Baldvin Jónsson hrl.),
þrotabúi Vörðufells hf.
(Baldvin Jónsson hrl.),
Útvegsbanka Íslands hf.
(Garðar Garðarsson hrl.),
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Lífeyrissjóði Landssambands vörubifreiðastjóra,
Björgun hf.
(Baldvin Jónsson hrl.),
Hagvirki hf.
(Kjartan Ragnars hrl.),
Ofnasmiðju Kópavogs hf.
(Baldvin Jónsson hrl.),
Nesti hf.
(Baldvin Jónsson hrl.),
B.M. Vallá hf.
(Baldvin Jónsson hrl.)
og
Nýbarða sf.
(Baldvin Jónsson hrl.).

Uppboð. Áfrýjunarleyfi. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hið áfrýjaða uppboð fasteignarinnar að Brekkutanga 18 í Mosfellsbæ verði ómerkt svo og öll málsmeðferð uppboðsréttar Kjósarsýslu og málinu vísað frá uppboðsrétti. Til vara krefst hann þess, að uppboðið verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og/eða uppkvaðningar úrskurðar um kröfur hans. Til þrautavara krefst hann, að þriðja og síðasta uppboð fasteignarinnar fari ekki fram nema að undangenginni löglegri auglýsingu og tilkynningu til sín. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Búnaðarbanki Íslands, þrotabú Vörðufells hf., Útvegsbanki Íslands hf., Björgun hf., Hagvirki hf., Ofnasmiðja Kópavogs hf., Nesti hf., B.M. Vallá hf. og Nýbarði sf. krefjast þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hið áfrýjaða uppboð verði staðfest. Þeir krefjast málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Landsbanki Íslands krefst staðfestingar uppboðsins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Valgeirs Sigurðssonar, Mosfellsbæjar, Lífeyrissjóðs verslunarmanna og Lífeyrissjóðs Landssambands vörubifreiðastjóra hefur verið sótt þing fyrir Hæstarétti, en þingsókn fallið niður, án þess að kröfur væru hafðar uppi.

Verslunarbanka Íslands hf. var stefnt fyrir Hæstarétt í máli þessu. Við munnlegan málflutning féll áfrýjandi frá kröfum á hendur bankanum, sem afturkallað hafði uppboðsbeiðni sína. Af hálfu bankans hefur verið sótt þing fyrir Hæstarétti, en engar kröfur gerðar.

I.

Uppboðsmál þetta var þingfest í uppboðsrétti Kjósarsýslu 13. janúar 1984. Uppboðinu var síðan frestað nokkrum sinnum, án þess að áfrýjandi sækti þing, þar til fyrsta uppboð fór fram 18. júní 1985. Sótti áfrýjandi það og krafðist þess, að annað og síðara uppboð yrði haldið á eigninni. Var ákveðið, að það færi fram síðari hluta októbermánaðar. Enn var uppboði frestað nokkrum sinnum. Hinn 27. maí 1987 fór annað og síðara uppboð síðan fram. Eitt

boð kom í eignina, frá umboðsmanni stefnda þrotabús Vörðufells hf., sem krafðist útlagningar. Ekki var bókað, hvaða fjárhæð boðið nam. Áfrýjandi krafðist þess, að þriðja og síðasta uppboð yrði haldið á eigninni, og var ákveðið, að svo yrði gert eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara. Er það uppboð átti að fara fram 2. október 1987, sótti áfrýjandi þing með lögmanni, sem lagði fram skrifleg mótmæli gegn uppboðinu. Krafan var tekin til úrskurðar og kveðinn upp úrskurður á þá leið, að hið um beðna uppboð ætti að ná fram að ganga. Lögmaður áfrýjanda lýsti nú yfir því, að umbjóðandi sinn myndi áfrýja þessum úrskurði til Hæstaréttar. Þá tók uppboðshaldari fram, að þar sem fyrir lægi, að úrskurðinum yrði áfrýjað, hlyti uppboðsmálið að bíða, þar til dómur Hæstaréttar lægi fyrir.

Hinn 11. febrúar 1988 ritaði skiptastjóri í þrotabúi Vörðufells hf. uppboðshaldara og benti á, að liðnir væru rúmir fjórir mánuðir, síðan framangreindur úrskurður gekk, án þess að til áfrýjunar hans hefði komið, og væri áfrýjunarfrestur nú liðinn. Krafðist hann þess, að uppboðið færi fram. Með bréfi 19. febrúar tilkynnti uppboðshaldari áfrýjanda, að uppboðið færi fram 24. mars 1988. Áfrýjandi sótti það uppboðsþing og lögmaður með honum, sem mótmælti því, að uppboðið færi fram. Lögmaður áfrýjanda lýsti yfir því, að ákvörðun um framgang uppboðsins yrði kærð til Hæstaréttar eða henni áfrýjað. Uppboðið fór síðan fram, og var stefndi Valgeir Sigurðsson hæstbjóðandi.

Hinn 18. maí 1988 var uppboðsþing haldið að nýju. Hæstbjóðandi hafði ekki staðið við boð sitt, og var nú ákveðið, að vanefndauppboð færi fram á eigninni 13. júní 1988.

Lögmaður áfrýjanda ritaði dómsmálaráðuneytinu svofellt bréf 6. júní 1988:

„Ég leyfi mér hér með fyrir hönd Ásgeirs Sigurðssonar, Brekkutanga 18, Mosfellsbæ, að fara þess á leit við yður, að umbjóðanda mínum verði heimilað að áfrýja til Hæstaréttar Íslands uppboði, sem fram fór 24. mars 1988 á fasteign umbj. míns, Brekkutanga 18, Mosfellsbæ, sbr. meðf. endurrit úr uppboðsbók Kjósarsýslu, enda þótt hinn reglulegi áfrýjunarfrestur sé liðinn, sbr. 4. gr. l. nr. 57/1949, sbr. og 1. mgr. 20. gr. l. nr. 75/1973.

Vinsamlegast hraðið afgreiðslu þessa erindis."

Áfrýjunarleyfi var gefið út 7. júní og hljóðar svo:

„Dómsmálaráðherra gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt umsókn veiti hér með Ásgeiri Sigurðssyni, Brekkutanga 18, Mosfellsbæ, leyfi til þess að mega áfrýja til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 4. gr. l. nr. 57/1949, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973, uppboði á húseigninni Brekkutanga 18, Mosfellsbæ, þinglesinni eign Ásgeirs Sigurðssonar, sem fram fór í uppboðsrétti Kjósarsýslu 24. mars 1988, þótt hinn lögboðni áfrýjunarfrestur sé liðinn. Þó skal áfrýjunarstefnan út tekin innan fjögurra vikna frá dagsetningu leyfisbréfs þessa að telja og málið síðan rekið með hæfilegum hraða og án óþarfs dráttar. Að öðrum kosti er áfrýjunarheimild samkvæmt leyfisbréfi þessu fyrirgert."

Áfrýjunarstefna var síðan tekin út 9. júní 1988 og málið þingfest í Hæstarétti 3. október 1988. Því var þá frestað til janúar 1989 með samþykki stefndu og síðan aftur til febrúar, mars og maí, er áfrýjandi lagði fram ágrip dómsgerða og greinargerð af sinni hendi. Í júní voru lagðar fram greinargerðir af hendi stefndu, og var málinu þá frestað til munnlegs málflutnings. Lögmaður áfrýjanda pantaði dómsgerðir með bréfi 4. október 1988, og var tilkynnt 10. sama mánaðar, að þær væru tilbúnar til afgreiðslu. Samkvæmt yfirlýsingu hans við munnlegan málflutning voru þær leystar út 19. október 1988.

II.

Stefndu styðja frávísunarkröfu sína meðal annars þeim rökum, að áfrýjandi hafi að nauðsynjalausu látið áfrýjunarfrest samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, líða. Hafi dómsmálaráðuneytið skort efnislega heimild til að veita áfrýjunarleyfi í málinu, en áfrýjunarleyfi samkvæmt niðurlagsákvæði þessarar lagagreinar megi aðeins veita, „ef sérstaklega stendur á".

Áfrýjandi telur dómstóla ekki geta hnekkt því mati ráðherra, sem felst í útgáfu áfrýjunarleyfis, og venjubundið, að ekki var af hálfu ráðuneytis óskað sérstakra skýringa við afgreiðslu þess. Þá telur hann málsástæðu þessa of seint fram komna og bendir á, að stefndu hafi hvað eftir annað fallist á frestun málsins fyrir Hæstarétti.

III.

Dómendur ,,eiga samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, dóm um embættistakmörk yfirvalda, þ.e., hvort yfirvöld hafa gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu", eins og það var orðað í dómi Hæstaréttar 9. mars 1965 í málinu nr. 40/1965. Með dómi Hæstaréttar 3. nóvember 1965 í málinu nr. 177/1965 var við það miðað, að Hæstiréttur ætti dóm um lagaskilyrði leyfis til að bera mál undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð næmi eigi almennri áfrýjunarfjárhæð. Í dómi Hæstaréttar 9. mars 1966 í málinu nr. 95/1965 var þetta áréttað og sagt: ,,Fallast má í einu og öllu á þann lagaskilning, sem kemur fram í hinum nefndu hæstaréttardómum." Samkvæmt þessu á Hæstiréttur dóm um það, hvort fullnægt hafi verið lagaskilyrðum við útgáfu áfrýjunarleyfis í máli þessu.

Beiðni áfrýjanda um áfrýjunarleyfi var með öllu órökstudd. Við svo búið gat dómsmálaráðherra ekki lagt mat á, hvort sérstaklega stæði á í máli þessu, og brast því lagaskilyrði til útgáfu áfrýjunarleyfis. Áfrýjandi hefur ekki fært fram fyrir Hæstarétti neinar haldbærar skýringar þess, að áfrýjun dróst af hans hendi. Samkvæmt þessu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 17. október 1989.

Nr. 119/1988. **Oddur Vífilsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Veitingahúsinu Álfabakka 8 hf.
(Hákon Árnason hrl.)
og gagnsök.

Skaðabætur. Örorka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða „skaða- og miskabætur", að fjárhæð 24.497.742,00 krónur, með 27% ársvöxtum frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 21. maí 1987, en með áframhaldandi dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Vöxtum verði bætt við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1987. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál fyrir Hæstarétti.

Með bréfi dómsmálaráðuneytis 11. nóvember 1988 var aðaláfrýjanda veitt gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti 11. nóvember 1988.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 11.maí 1988. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann, að sök verði skipt og úr kröfum aðaláfrýjanda stórlega dregið og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður útreikningur Guðjóns Hansens tryggingafræðings frá 8. september 1989 á örorkutjóni aðaláfrýjanda. Segir þar m.a. svo:

„Við eftirfarandi útreikning er tekið tillit til hækkana, sem orðið hafa á kauptöxtum síðan í janúar 1988, að með talinni um saminni hækkun 1. nóvember nk. Enn fremur er höfð hliðsjón af upplýsingum kjararannsóknarnefndar um launaþróun árin 1986 - 1988, og hefur það nokkur áhrif á tekjuáætlunina frá og með árinu 1987. Þá er tekið tillit til hækkana, sem orðið hafa á bótafjárhæðum almannatrygginga, og gert er ráð fyrir hækkun þeirra bóta 1. nóvember nk. til samræmis við um samda hækkun launa.

Vextir eru nú reiknaðir þannig, að frá slysdegi til útreikningsdags 8/9 1989 er að beiðni yðar reiknað með almennum einföldum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar. Breytingar frá útreikningnum 11/1 1988 felast hér í því, að útreikningsdagur er nú annar.

Þegar tillit er tekið til fyrrgreindra launabreytinga, reiknast mér þær árlegu vinnutekjur, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningum, verða sem hér segir:

Árið 1986 frá slysdegi	kr.	1.080.652,00
" 1987	"	1.461.940,00
" 1988	"	1.816.080,00
" 1989	"	2.005.205,00
Eftir þann tíma	kr.	2.144.956,00

Miðað við þennan tekjugrundvöll og 100% tekjutap frá slysdegi reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema 25.991.120,00 krónum.

Með áðurnefndum hækkunum á bótum almannatrygginga verða árlegar fjárhæðir almenns örorkulífeyris og óskertrar tekjutryggingar sem hér segir:

	Alm. örorkulífeyrir kr.	Óskert tekjutrygging kr.
Árið 1987, júní - des.	93.790,00	162.888,00
" 1988	110.398,00	198.743,00
" 1989	122.340,00	228.003,00
Eftir þann tíma	130.500,00	240.084,00

Þegar reiknað er með greiðslu þessara bóta frá 1. júní 1987 til 67 ára aldurs Odds, reiknast mér verðmæti bótanna á slysdegi nema:

Verðmæti almenns örorkulífeyris	1.487.247,00 kr.
Verðmæti óskertrar tekjutryggingar	2.729.929,00 kr.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem greint er frá hér að framan, er skírskotað til fyrri útreikninga."

Þá hefur aðaláfrýjandi lagt fyrir Hæstarétt vottorð Hjördísar Jónsdóttur, sérfræðings í orku- og endurhæfingarlækningum, 15. september 1989, svohljóðandi:

„Sjá fyrri vottorð varðandi Odd, dagsett 9.12. '86 og 5.1. '88. Oddur dvaldist á Reykjalundi frá 20.7. '86 til 22.5. '88. Hann hefur síðan búið á heimili foreldra sinna. Hann vinnur hálfan daginn í verndaðri vinnu í Múlalundi. Foreldrar hans aka honum til og frá vinnu.

Nýlegt mat á Oddi sýnir, að líkamlegt og andlegt atgervi er óbreytt, frá því er hann dvaldist á Reykjalundi.

Hann er með hæ. helftarlömun, gengur haltur með því að sveifla fætinum og hefur engin not af hendinni, er með sjónskerðingu. Mikil andleg skerðing eins og fyrr; hefur ekkert nothæft tal og getur hvorki skrifað né reiknað.

Fötlun Odds er því óbreytt, hann getur aðeins búið í vernduðu umhverfi og stundað verndaða vinnu. Nú eru rúm þrjú ár frá slysinu og ekki neins bata að vænta."

Gagnáfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt svohljóðandi útreikning Guðjóns Hansens tryggingafræðings frá 13. september 1989 á verðmæti örorkulífeyris, sem aðaláfrýjandi nýtur úr Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða:

„Í sambandi við mál Odds Vífilssonar, Kleppsvegi 118, Reykjavík, vegna slyss þess, er hann varð fyrir 2. júní 1986, sbr. tjónsútreikninga mína frá 2/3 1987, 11/1 1988 og 8/9 1989, hefur mér borist beiðni yðar um, að örorkulífeyrir, sem Oddur nýtur úr Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða, verði reiknaður til fjár.

Samkvæmt upplýsingum Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða í bréfi, dags. 7. þ.m., miðast örorkulífeyrir Odds úr sjóðnum við 55,652 stig (áunnin og framreiknuð). Hefur hann notið lífeyris frá

1.nóvember 1986, og nam greiðsla á því ári 43.631,00 krónu. Miðað við þessar upplýsingar reiknast mér fjárhæð örorkulífeyris verða sem hér segir:

Árið 1986, nóv. - des.	kr.	43.631,00
" 1987	"	336.084,00
" 1988	"	396.397,00
" 1989	"	446.619,00
Eftir þann tíma á ári	"	483.996,00

Hér hefur verið reiknað með hækkun lífeyris 1. nóvember nk. til samræmis við um samda almenna hækkun launa, sbr. tjónsútreikning minn frá 8. þ.m. Þá er reiknað með núgildandi reglum sjóðsins um verðtryggingu lífeyris, en þar er um að ræða ákvæði til bráðabirgða.

Þegar reiknað er með greiðslu fyrrgreinds lífeyris frá 1. nóvember 1986 til 70 ára aldurs Odds, er ellilífeyrir tekur við, reiknast mér verðmæti örorkulífeyrisins á slysdegi nema 5.712.238,00 krónum.

Vaxtareikningur er í samræmi við tjónsútreikninginn frá 8. þ.m., og útreikningsdagur er hér hinn sami, þ.e. 8. september 1989. Um aðrar forsendur er skírskotað til áðurnefndra tjónsútreikninga."

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem háð var á bæjarþingi Reykjavíkur 1. september 1989, en þá báru vitni Trausti Laufdal Jónsson byggingaeftirlitsmaður og Hörður Guðlaugsson blikksmiður.

II.

Aðaláfrýjandi rekur veitingahúsið „Broadway" að Álfabakka 8, þar sem aðaláfrýjandi varð fyrir slysi því, sem hér er fjallað um. Gestum er seldur aðgangur að veitingasölum hússins. Sala áfengis er þáttur í rekstri veitingastaðarins.

Dansgólf staðarins, sem er á upphækkuðum palli, er í um 90 cm hæð frá gólfi í borðsal. Handrið, um 90 cm hátt, er umhverfis dansgólfið. Á tveimur stöðum er gengið um stiga úr borðsal í sal undir dansgólfinu. Varð slysið við annan þessara stiga. Er hæðarmunur gólfflata sala þessara um 1.95 m. Handrið, um 90 cm hátt, er umhverfis dansgólfið. Hæð frá efri brún handriðsins umhverfis dansgólf niður á gólf salarins undir því er því um 3.75 m, og er þar

um mikinn og hættulegan hæðarmun að ræða. Fram er komið, að tvisvar áður hafa orðið slys, er gestir veitingahússins féllu af dansgólfinu yfir handriðið, í annað skiptið á sama stað og aðaláfrýjandi féll. Var handriðið þá um 75 cm hátt, en var eftir það hækkað í 90 cm, en á þeim tveimur stöðum, þar sem gengið er í sal undir dansgólfinu, hafði handriðið áður verið hækkað á stuttum kafla með sérstökum útbúnaði í um 117,5 cm. Er aðaláfrýjandi slasaðist, hafði þessi sérstaki útbúnaður verið fjarlægður, og var handriðið, þar sem hann féll, um 90 cm hátt.

Telja verður fram komið, að það hafi tíðkast, að gestir á dansgólfi tylltu sér á handriðið umhverfis það. Með tilliti til þessa og þeirra slysa, sem áður höfðu orðið, mátti fyrirsvarsmönnum gagnáfrýjanda vera ljóst, að handriðið var ófullnægjandi vörn fyrir gesti á dansgólfinu. Þeir höfðu og gert sér grein fyrir þessu, er þeir létu setja upp sérstakan búnað til að hækka handriðið á tveimur stöðum í um 117,5 cm. Það var því með öllu óforsvaranlegt að láta fjarlægja þennan umbúnað, svo sem gert hafði verið, er aðaláfrýjandi slasaðist. Verður að telja, að til þess megi rekja orsök slyssins.

Það er fram komið, að aðaláfrýjandi hafði tyllt sér á handriðið umhverfis dansgólfið. Þá gefur framburður vitna og til kynna, að hann hafi jafnframt sveiflað fótunum. Sýndi hann óaðgæslu með því. Hvað sem því líður, verður að telja, að sú ráðstöfun að fjarlægja útbúnað þann, sem hækkaði handriðið í 117,5 cm, þar sem aðaláfrýjandi féll, hafi verið svo vítavert athæfi, að fella verði á gagnáfrýjanda fulla fébótaábyrgð í máli þessu þrátt fyrir nokkurt gáleysi aðaláfrýjanda.

III.

Krafa aðaláfrýjanda er sundurliðuð þannig:

„Örorkutjón skv. útreikningi	kr. 25.991.120,00
Frádráttur vegna bóta almannatrygginga	“ 1.800.000,00
	kr. 24.191.120,00
Frádráttur vegna skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis 7%	“ 1.693.378,00
	kr. 22.497.742,00

Miskabætur	"	2.000.000,00
	Kr.	24.497.742,00

Gagnáfrýjandi mótmælir fjárhæðum í kröfugerð aðaláfrýjanda sem of háum.

Um örorkutjón.

Þessi kröfuliður er byggður á útreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings frá 8. september 1989.

Samkvæmt ódagsettu bréfi Guðjóns til lögmanns aðaláfrýjanda mun lífeyrir sá, er aðaláfrýjandi fær úr Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða, skerða stórlega tekjutryggingu, er hann nýtur frá almannatryggingum. Útreikningur á þessu liggur ekki fyrir.

Þegar framanskráð er virt. hliðsjón höfð samkvæmt dómvenju af skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi, tillit tekið til verðmætis örorkulífeyris frá almannatryggingum og litið til lífeyrisréttinda, er aðaláfrýjandi nýtur úr lífeyrissjóði, þykir örorkutjón hans hæfilega metið 14.000.000.00 krónur.

Um miskabætur.

Þegar litið er til hinna alvarlegu afleiðinga slyss þess, sem aðaláfrýjandi varð fyrir, verða miskabætur ákveðnar 1.200.000,00 krónur.

IV.

Samkvæmt þessu verður gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 15.200.000,00 krónur með vöxtum eins og í dómsorði segir, en þeir eru í samræmi við vexti í örorkuútreikningi fram til dómsuppsögudags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 720.000,00 krónur í málskostnað í héraði að sölugjaldi með töldu.

Gagnáfrýjandi greiði í ríkissjóð 975.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að sölugjaldi með töldu. Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 800.000,00 krónur. Er þá sölugjald ekki með talið.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Veitingahúsið Álfabakka 8 hf., greiði aðaláfrýjanda, Oddi Vífilssyni, 15.200.000,00 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. júní 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987 til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% frá 11. til 31. október 1987, 20% frá 1. til 20. nóvember 1987, 22% frá 21. nóvember 1987 til 10. febrúar 1988, 23% frá 11. til 20. febrúar 1988, 22% frá 21. til 29. febrúar 1988, 19% frá 1. mars 1988 til 10. júní 1988, 23% frá 11. til 20. júní 1988, 24% frá 21. júní 1988 til 31. júlí 1988, 26% frá 1. til 20. ágúst 1988, 22% frá 21. til 31. ágúst 1988, 12% frá 1. september 1988 til 10. október 1988, 9% frá 11. til 20. október 1988, 6% frá 21. október 1988 til 30. nóvember 1988, 4% frá 1. desember 1988 til 20. janúar 1989, 6% frá 21. til 31. janúar 1989, 8% frá 1. til 28. febrúar 1989, 10% frá 1. til 20. mars 1989, 13% frá 21. mars til 10. apríl 1989, 15% frá 11. apríl 1989 til 10. júní 1989, 17% frá 11. júní 1989 til 20. júlí 1989, 12% frá 21. til 31. júlí 1989, 10% frá 1. til 31. ágúst 1989, 6% frá 1. til 20. september 1989, 8% frá 21. september 1989 til 17. október 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, eins og þeir eru hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 720.000,00 krónur í málskostnað í héraði.

Gagnáfrýjandi greiði í ríkissjóð 975.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 800.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og Gunnars M. Guðmundssonar, setts hæstaréttardómara.

Forsvarsmönnum gagnáfrýjanda bar að sjá til þess, að viðhlítandi öryggisráðstafanir væru gerðar til að koma í veg fyrir slys á umræddum danspalli. Aðstæður voru þannig, að nauðsynlegt var, að hærra handrið en 90 sentimetrar væri á þeim tveimur stöðum á pallinum, þar sem stigar voru neðan við hann, því að þar var hæð niður af pallinum margfalt meiri en annars staðar. Ljóst mátti vera, að handriðið var þar hættulega lágt, enda við reynslu að styðjast í því efni vegna slysa, er áður höfðu orðið. Var ámælisvert að fjarlægja þá hækkun handriðsins, sem þar hafði áður verið komið fyrir af brýnu tilefni.

Með framburði vitna er leitt í ljós, að aðaláfrýjandi sat á handriðinu með fætur á hreyfingu, áður en hann féll niður af pallinum. Það var gálauslegt tiltæki. Handriðið var við svo búið ekki lengur vörn gegn falli niður af pallinum. Þvert á móti stafaði af því mikil hætta fyrir aðaláfrýjanda, því að lítt var á valdi hans, hvort hann héldi jafnvægi á handriðinu eða félli aftur yfir sig niður í stigann, sem var hátt í fjögurra metra fall. Jók það enn hættuna, sem aðaláfrýjanda var búin, að handlistinn, sem hann sat á, var sívöl krómpípa, einungis tæpir fjórir sentímetrar í þvermál.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er bæði við forráðamenn gagnáfrýjanda og aðaláfrýjanda sjálfan að sakast um slysið. Eftir atvikum má fallast á niðurstöðu héraðsdómara um skiptingu sakar. Ber því gagnáfrýjanda að bæta að hálfu tjón aðaláfrýjanda af völdum slyssins.

Við erum sammála meiri hluta dómara um mat á tjóninu. Ber gagnáfrýjanda að bæta helming þess, 7.600.000,00 krónur, með vöxtum eins og greinir í atkvæði meiri hlutans. Við teljum, að staðfesta beri ákvæði héraðsdóms um málskostnað, svo að sölugjald er með talið. Málskostnað fyrir Hæstarétti teljum við hæfilega ákveðinn 560.856,00 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 480.000,00 krónur. Er þá sölugjald ekki með talið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. mars 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 17. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 20. maí 1987.

Stefnandi er Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. f.h. Odds Vífilssonar, nnr. 6703-9874, Norðurbrún 36, Reykjavík.

Stefnda er Veitingahúsið Álfabakka 8 hf., nnr. 9162-8783, Álfabakka 8, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda greiði skaða- og miskabætur, að fjárhæð 25.000.000,00 kr., með 27% ársvöxtum frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 21. maí 1987, en með áframhaldandi dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Vöxtum verði bætt við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1987. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti skv. vaxtalögum.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og til dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

I.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um skaða- og miskabætur vegna mjög alvarlegs slyss, er stefnandi varð fyrir í veitingahúsi stefnda, „Broadway", að Álfabakka 8, hér í borg, aðfaranótt sunnudags 1. júní 1986. Í slysinu hlaut stefnandi svo alvarlegan heilaáverka, að hann er talinn hafa glatað allri starfsorku sinni. Stefnandi var 24 ára gamall, þegar slysið varð, f. 4. janúar 1962, bifvélavirkjameistari að mennt og starfaði við bifreiðaviðgerðir hjá steypustöð B.M. Vallá.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að kl. 2.30 um nóttina hafi hann verið staddur á dansgólfi staðarins, en það sé á upphækkuðum palli. Umhverfis danspallinn hafi verið handrið úr krómuðum rörum, 90 cm á hæð, miðað við gólfflöt danspallsins. Á tveimur stöðum við þennan upphækkaða danspall hagi svo til, að þar séu stigar niður í salarrými undir danspallinum. Hæð frá efri brún handriðs og niður á gólfflöt salarins undir danspallinum sé u.þ.b. 3,60 m. Þegar slysið varð, hafi stefnandi verið staddur á danspallinum beint ofan við annan þessara stiga. Hann hafi fallið aftur fyrir sig yfir handriðið og lent á höfðinu neðst í stiganum.

Ýtarleg lögreglurannsókn hafi verið gerð á slysinu af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í skýrslunni komi fram upplýsingar um, hvernig slysið hafi orðið, og afleiðingar þess.

Upplýst sé í málinu, að áður hafi orðið slys á fólki, sem fallið hafi yfir handriðið á dansgólfinu í veitingahúsinu. Meðal annars hafi kona, Rut að nafni, fallið yfir handriðið og ofan í stigann á sama stað og stefnandi 9.

febrúar 1986 og meiðst alvarlega. Þegar það slys varð, muni hæðin á handriðinu raunar aðeins hafa verið 75 cm. Hafi verið búið að hækka handriðið í 90 cm, þegar stefnandi varð fyrir slysinu. Fleiri dæmi séu til um slys á fólki við handrið þetta, áður en slys stefnanda varð.

Eftir að slysið varð, sem hér sé fjallað um, muni hafa verið sett sérstök upphækkun á handriðið ofan við stigann. Heildarhæð handriðsins hafi við þetta orðið 117,5 cm á þessum stað, mælt frá gólfi danspallsins.

Dómkröfur stefnanda eru á því reistar, að slysið eigi rót sína að rekja til þess, að umbúnaður á danspallinum við stigann, sem stefnandi féll ofan í, hafi verið óforsvaranlegur. Handriðið hefði m.a. átt að vera hærra, til þess að ekki væri hætta á, að fólk félli af dansgólfinu og yfir handriðið. Eftirtalin atriði hafi gert skyldur stefnda í þessu efni sérstaklega ríkar:

1. Stefnda selji áfengi á skemmtisamkomum í veitingahúsi sínu. Megi því búast við, að gestir í húsinu séu meira og minna ölvaðir, meðan þeir hafist við þar inni, og því verr í stakk búnir til að varast hættur en annars væri.

2. Um sé að ræða brún á danspalli, þar sem fólk er á ferð og flugi í dansi. Við slíkar aðstæður sé sérstök hætta á, að fólk falli yfir handriðið.

3. Stefnda hafi oftlega fyrir slysið fengið sérstök tilefni til að veita hættuástandinu sérstaklega athygli og ráða bót á því með þeim hætti, að engin hætta væri á slysum af því tagi, sem stefnandi varð fyrir. Liggi fyrir upplýsingar um önnur slys við handriðið, sem hafi gefið stefnda slík tilefni. Hækkun handriðsins úr 75 cm í 90 cm eftir fyrra slys hafi verið alls ófullnægjandi aðgerð.

4. Í byggingarreglugerð nr. 292/1979 sé ekki að finna nein ákvæði, sem mæli fyrir um hæð handriða við svo háskalegar aðstæður sem eru á danspalli vínveitingahúss. Af ákvæðum 8.2.1.32, 8.2.1.34 og 8.2.2.38 megi þó óyggjandi ráða, að handriðið hjá stefnda var allt of lágt. Er í þessum greinum m.a. mælt fyrir um a.m.k. 120 cm hátt handrið við miklu hættuminni aðstæður en hér var um að ræða. Stefnandi bendir svo að auki á, að jafnvel þótt ófullnægjandi kröfur til öryggis séu gerðar í byggingarlöggjöf og af yfirvöldum byggingarmála, leysi það stefnda ekki undan skyldu um það gagnvart gestum veitingahússins, að gætt sé fyllsta öryggis þar inni.

Af málsatvikum telur stefnandi ljóst, að vanbúnaði veitingahússins sé um að kenna, að slysið varð. Beri stefnda bótaábyrgð vegna þess vanbúnaðar án tillits til þess, hvort starfsmönnum stefnda verði gefið að sök að hafa ekki bætt úr. Hér bætist það svo við, að forsvarsmönnum stefnda verður beinlínis metið það til sakar að hafa ekki tryggt öryggi þeirra, sem um danspallinn fóru, þar sem þeir gerðu ekki viðhlítandi ráðstafanir til varnar við slysum, eftir að slys höfðu orðið hvað eftir annað.

Ekki verði hér talið, að stefnanda verði að neinu leyti sjálfum kennt um

slysið. Fram hafi komið í málinu vitnisburður um, að stefnandi hafi sest upp á handriðið og sveiflað fótum fram á við. Framburður um þetta sé hins vegar ótryggur, og verði ekki neitt fullyrt nú um nákvæm atvik að slysinu að þessu leyti. Sé því í sjálfu sér mótmælt, að það teljist sannað í málinu, að stefnandi hafi setið á handriðinu. En jafnvel þótt til grundvallar yrði lagt, að slysið hefði orðið með þessum hætti, breyti það engu um bótaskyldu stefnda. Háttsemi stefnanda væri þá ekkert frábrugðin því, sem stefnda gat búist við af ungu fólki, sem komið var í húsið til að skemmta sér undir áfengisáhrifum. Skuli þá haft í huga, að uppi á danspallinum voru engin sérstök ummerki um, hvar við handriðið fallið væri hæst niður, þ.e.a.s. handriðið hafi verið eins allan hringinn, þó að á tveimur stöðum væru sérstakar slysagildrur (þ.e. stigarnir niður í rýmið undir pallinum). Hönnun handriðanna hafi líka verið með þeim hætti, að þau buðu sérstaklega upp á, að gestir settust á þau. Hefði verið eðlilegt að hafa lóðréttar rimar á handriðinu til að varna slíku. Muni vera algengt, að stefnda selji svo mörgum aðgang að húsi sínu í einu, að ekki hafi allir sæti í húsinu. Það auki hættuna á, að gestir tylli sér þar, sem handhægt er, t.d. á handriðið umhverfis dansgólfið.

Metin hafi verið örorka stefnanda vegna slyssins. Sé hún talin 100% frá slysdegi. Stefnukrafan sé því krafa vegna örorkutjóns stefnanda og miska.

Lögmaður stefnanda leggur áherslu á, að í rekstri málsins hafi komið í ljós, að sérstök upphækkun úr sams konar krómuðum rörum og handriðið hafi verið sett á og við handriðið á þessum tveimur stöðum á dansgólfinu fyrir ofan stigana. Hæð þessarar sérstöku upphækkunar sé 120 cm, og sé hún á breidd eins og stigarnir. Þessar sérstöku upphækkanir séu skrúfaðar utan á handriðið eftir slys Rutar í febrúar 1986, en hafi ekki verið þar, þegar Oddur slasaðist. Þá hafi einfaldlega verið búið að fjarlægja þær, en þær hafi verið settar aftur upp eftir slys Odds og séu þar nú. Upplýst sé, að þessar sérstöku upphækkanir hafi verið settar gagngert vegna öryggis gestanna til þess að draga úr hættu á falli á þessum stöðum. Þetta sýni, að stefnda hafi gert sér grein fyrir hættunni á því, að gestir féllu þarna niður, og gert sérstakar ráðstafanir, sem síðan hafi verið fjarlægðar, og þá hafi slys stefnanda orðið.

II.

Stefnda styður kröfur sínar með því að lýsa málsatvikum þannig, að upplýst sé með vitnaframburði, að stefnandi hafi sest þannig á handriðið á danspallinum, að hann sneri baki í niðurganginn undir danspallinum. Stefnandi hafi síðan tekið að sveifla út höndum og fótum og við það misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig af handriðinu niður í stigann. Handriðið hafi verið í tilskilinni hæð samkvæmt kröfu yfirvalda, 90 cm. Engar

athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu yfirvalda við stiganiðurgang og umbúnað á danspalli, hvorki fyrir né eftir slys stefnanda. Sjálfstæðir, faglærðir verktakar hafi verið launaðir af hálfu stefnda til að hanna og reisa veitingahúsið, innréttingar þess og búnað. Af hálfu stefnda hafi sérstakar ráðstafanir verið gerðar eftir slys Rutar í febrúar 1986, en það hafi orðið með þeim hætti, að hún var að dansa á dansgólfinu, missti jafnvægið og féll yfir handriðið, sem þá hafi eingöngu verið 75 cm á hæð. Forsvarsmenn stefnda hafi þá séð, að sérstakar ráðstafanir þyrfti að gera vegna hættunnar, sem orðið gæti í dansi, og látið hækka handriðið í 90 cm og setja sérstaka hækkun í 120 cm. Hins vegar hafi ekki verið gerðar ráðstafanir til þess að varna því, að fólk gæti sest á handriðið.

Aðalkrafa stefnda sé á því reist, að það beri að lögum enga bótaábyrgð á slysi stefnanda, sem sjálfur hafi valdið slysi sínu með stórfelldu gáleysi. Í þessu efni sé bent á eftirfarandi.

Í fyrsta lagi sé búnaður veitingahússins, þ.m.t. hæð og gerð handriðsins umhverfis danspallinn, ekki orsök slyssins, heldur eingöngu þær gálausu athafnir stefnanda sjálfs að setjast upp á handriðið og baða þar út öngum, svo sem sannað sé með vitnaframburði. Skipti því engum sköpum um slysið, hvort handriðið hafi verið 75 cm, 90 cm eða 120 cm á hæð og með lóðréttum rimum eða ekki, enda hafi stefnandi ekki fallið yfir handriðið, heldur niður af því, eftir að hann hafði sest upp á það, en það gat hann gert, hvort sem handriðið var 75 cm, 90 cm eða 120 cm og með lóðréttum rimum eða ekki. Umferð um danspallinn eða aðrar aðstæður í veitingahúsinu hafi engan þátt átt í falli stefnanda. Slysið hafi því ekki hlotist af búnaði veitingahússins eða aðstæðum þar, er slysið varð, heldur einungis af eigin athöfnum stefnanda. Leiði það þegar til sýknu.

Handriðið hafi sem slíkt fullnægt kröfum byggingaryfirvalda og ákvæðum byggingarreglugerðar, nr. 292/1979, en forsvarsmenn stefnda höfðu að kröfu yfirvalda látið hækka handriðið fyrir slysið, frá því sem var í öndverðu. Allur búnaður veitingahússins, þ. á m. handriðið og hækkun þess, hafi verið hannaður, uppsettur og endurbættur af sjálfstæðum, faglærðum verktökum. Beri stefnda því hvorki sakar- né annars konar bótaábyrgð út af handriðinu eða öðrum búnaði hússins, jafnvel þótt talið yrði, að betur hefði mátt gera til varnar við slysum og slys stefnanda mætti rekja til vanbúnaðar, en það sé ósannað.

Eftir hækkunina hafi handriðið og aðrar aðstæður við danspallinn ekkert verið varhugaverðari en hvar annars staðar, þar sem handrið séu notuð og fólk saman komið, t.d. í íbúðum, skólum, verslunum eða á hótelum. Hverjum manni séu kunn úr daglegu lífi handrið og fallhætta af þeim, ef upp á þau er sest, svo sem við stiga eða á svölum, og ekki sé áfengisneysla bundin við skemmtistaði eða vínveitingahús einvörðungu. Gæti fall

með þeim hætti, er stefnandi varð fyrir, orðið af hvaða handriði sem væri og hvort sem áfengi væri með í för eða ekki. Fari því þannig fjarri, að umbúnaður á danspallinum hafi verið óforsvaranlegur og að slysið verði rakið til þess. Þess megi geta, að handriðið hafi verið sérlega illa til þess fallið að setjast upp á það, þar sem það var úr sívölum, krómuðum pípum og erfitt að halda á því jafnvægi. Sé alrangt hjá stefnanda, að handriðið hafi boðið sérstaklega upp á, að gestir settust á það. Öllum mönnum, drukknum sem ódrukknum, mátti vera augljós hættan af því að setjast upp á handriðið, ekki síst fyrir ofan stiganiðurgangana, sem blöstu þarna við. Hafi því ekki verið þörf sérstaks umframbúnaðar handriðsins eða varúðarmerkja á þeim stöðum frekar en öðrum. Valdi það engum bótaskyldu, þó að hann hafi ekki með sérstökum öryggisráðstöfunum komið í veg fyrir alla möguleika á því, að menn geti vísvitandi sett sig í slysahættu, svo sem stefnandi hafi gert. Séu kröfur stefnanda um frekari öryggisráðstafanir en fyrir voru því út í hött.

Með atferli sínu hafi stefnandi hins vegar tekið mikla áhættu og sýnt af sér stórfellt gáleysi, og eigi hann ekki um slysið að sakast við aðra en sjálfan sig. Breyti hér engu um, hvort stefnandi var undir áfengisáhrifum eða ekki, enda áfengisneysla stefnanda á hans eigin ábyrgð og áhættu. Stefnandi hafi verið fulltíða maður, er slysið varð, og mátti gerla gera sér grein fyrir slysahættu samfara áfengisneyslu og því að setjast upp á handriðið með þeim hætti, sem hann gerði. Séu því að öllu virtu engin efni til að fella bótaábyrgð á stefnda.

Varakrafa sé þó sett fram ex tuto. Varakrafan sé á því reist, að stefnandi hafi með gáleysi sínu orðið frumvaldur að slysinu og eigi á því meginsök. Verði stefnandi því í öllum tilvikum að bera meginhluta tjóns síns sjálfur. Vísist um röksemdir fyrir eigin sök stefnanda til þess, sem reifað sé hér að framan í því efni.

Stefnda leggur áherslu á það, að dómar Hæstaréttar í skaðabótamálum vegna slysa í tengslum við búnað fasteigna sýni ótvírætt, að sakarmatið snúist um það, hvort umbúnaður hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir eða ekki. Unnt sé að gera þær kröfur til húseigenda, að fasteignir fullnægi hlutaðeigandi reglugerðum, en lengra sé ekki unnt að ganga, og í dómum sé ekki sagt, að meira hefði átt að gera en lög og reglur segi til um. Hér sé upplýst, að handriðið hafi verið í samræmi við byggingarreglugerð og enginn vanbúnaður hafi átt þátt í slysinu. Ekki skipti hér máli, hvort hin sérstaka hækkun í 120 cm hefði verið á staðnum. Stefnandi hefði getað sest til hliðar við hana og fallið á sama hátt aftur fyrir sig, og afleiðingarnar hefðu getað orðið hinar sömu.

Stefnda heldur því og fram, að örorkutjónskrafa stefnanda sé langt umfram niðurstöður fram lagðs líkindareiknings og beri þegar að lækka

sem því nemur. Þá beri að virða til lækkunar, að miski sé innifalinn í örorkumati lækna, en miska sé sérkrafist í málinu og því í raun tvíkrafist. Einnig beri að draga frá slysdagsverðmæti þeirra bóta, sem stefnandi eigi rétt til úr sjúkrasamlagi, Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóði, og vegna skattfrelsis bótanna beri að draga frá þann hluta þeirra, er ella gengi til opinberra gjalda. Loks beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu skaðabótanna og líta til þess, að eins og högum stefnanda virðist komið, eigi hann rétt til opinbers framfæris til frambúðar og þarfnist eigi vinnutekna til framfærslu. Sé ljóst af framangreindu, að rauntjón stefnanda sé mun minna en ætla mætti af örorkumati og líkindareikningi. Þá verði sérstaklega að mótmæla þeim málatilbúnaði stefnanda að tvíverðtryggja kröfur sínar, annars vegar með verðbótum, inniföldum í vaxta- og vaxtavaxtakröfum frá slysdegi, og hins vegar með hækkuðum tjónsútreikningum vegna verðrýrnunar krónunnar. Leiði slíkt til rangrar kröfugerðar og hagnaðar á tjóninu, sem sé andstætt grundvallarreglum skaðabótaréttar.

Miskabótakröfu verði einnig að mótmæla sérstaklega sem allt of hárri. Verði eigi fram hjá því gengið, að samkvæmt handbærum læknisfræðilegum gögnum hafi greind, minni og vitundarstarfsemi stefnanda, auk líkamlegrar bæklunar, skerst í þeim mæli, að hann sé lítt eða ekki vitandi um þá röskun á lífsgæðum, stöðu og högum, sem hann hafi orðið fyrir, jafnframt því sem hann sé ófær um að njóta miskabóta í staðinn, og myndu slíkar bætur því að mestu leyti koma vandamönnum stefnanda að notum fremur en honum sjálfum. Séu þannig ekki forsendur fyrir miskabótum til stefnanda nema í mjög takmörkuðum mæli, og beri að stórlækka miskabótakröfuna með hliðsjón af þessu.

Vaxtakröfum stefnanda af um stefndum bótum sé andmælt. Skv. dómvenju dæmist einfaldir og almennir innlánsvextir á skaðabætur fyrir líkamstjón. Eigi vaxtavextir og dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, því hér ekki við, sbr. 3. gr. laganna. Þá heimili hvorki lög né dómvenja vaxtatöku af dæmdum málskostnaði, svo sem stefnandi krefst.

III.

Þegar stefnandi féll aftur fyrir sig af handriðinu á danspallinum í veitingahúsinu „Broadway", voru á dansgólfinu m.a. þrjú pör, sem voru saman í veitingahúsinu um kvöldið, þau Rósa Ólafsdóttir og Ellert Sigurður Markússon, Helga Guðmundsdóttir og Þórir Ólafsson og Guðný Ólafsdóttir og Snorri Þór Snorrason. Þau gáfu skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og öll nema Snorri Þór hér fyrir dómi einnig.

Af framburði vitna þessara verður að telja upplýst, að algengt hafi verið, að fólk tyllti sér á handriðið á dansgólfinu og settist á það, að stefnandi hafi sest á handriðið, og einnig, að stefnandi hafi lyft báðum fótum beinum

frá handriðinu, eins og hann væri þarna að dilla sér í takt við hljómlistina, og að þá hafi hann skyndilega misst jafnvægið og fallið aftur á bak. Aðspurð kváðust vitnin ekki hafa séð, að neinn á dansgólfinu hefði komið við hann eða á annan hátt orðið þess valdandi, að stefnandi missti jafnvægið.

Með vitnaframburði þessum verður að telja upplýst, að stefnandi hafi sleppt fótunum af handriðinu og vegið salt á því, misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig, án þess að nokkuð annað kæmi þar nærri.

Handriðið var 90 cm á hæð og fullnægði því byggingarreglugerð um hæð handriða. Handriðið var úr sléttu, krómuðu röri og bauð að því leyti upp á, að fólk settist á það. Ekki er unnt að fallast á með stefnanda, að það út af fyrir sig sé vanbúnaður.

Upplýst er, að sérstök hærri grind, 120 cm á hæð, hafi verið sett við handriðið á þeim tveimur stöðum, þar sem stigagangar eru fyrir neðan, og að hún hafi verið sett af stefnda hálfu eftir slys, sem varð á sama stað í febrúar 1986. Þessi sérstaka upphækkun er nú á staðnum og var sett upp að nýju eftir slys stefnanda, en hafði verið tekin niður af stefnda hálfu. Þessi sérstaka hækkun beinir athygli manna að því, að á þessum stað sé sérstök hætta. Þegar hún er uppi, má telja mjög ólíklegt, að fólk setjist á hana. Þessi upphækkun hafði verið tekin burtu og var ekki á fyrri stað sínum í veitingahúsinu, þegar stefnandi settist á handriðið og missti jafnvægið með hinum hörmulegu afleiðingum. Forsvarsmenn stefnda höfðu séð, að sérstök hætta var á þessum stað, og þess vegna látið setja upphækkunina. Ef upphækkunin hefði verið á sínum stað kvöldið, sem slysið varð, verður að telja yfirgnæfandi líkur fyrir því, að stefnandi hefði ekki sest á þessum stað og því ekki fallið 3,60 metra á höfuðið niður í stigann. Hann hefði getað sest og fallið aftur fyrir sig til hliðar við þennan stað, en komið þar niður á borð eða stóla. Ef upphækkunin hefði verið, hefði því slys stefnanda ekki orðið eins og það varð.

Þegar þetta er virt, verður að telja, að orsök þessa slyss sé bæði gálaust athæfi stefnanda sjálfs og sú vangæsla forsvarsmanna stefnda að hafa fjarlægt upphækkunina á handriðinu, sem átti að draga úr hættu á þessum stað. Verður að skipta sök að jöfnu, og verður stefnandi því að bera helming tjóns síns sjálfur, en stefnda bæti honum það að hálfu.

Dómkrafa stefnanda sundurliðast þannig:

Örorkutjón	kr.	23.000.000,00
Miskabætur	"	2.000.000,00
	Kr.	25.000.000,00

Um örorkutjón vísar lögmaður stefnanda til útreiknings Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dags. 11. janúar 1988, þar sem verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi er talið nema 20.252.605,00 kr. Útreikningur tryggingafræðingsins er reistur á örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, dags. 16. desember 1986, sem mat örorku stefnanda 100% varanlega frá slysdegi að telja. Örorkumat Jónasar Hallgrímssonar er svohljóðandi:

„Oddur slasaðist á skemmtistaðnum „Broadway" 2.6. 1986. Hann var fluttur á slysadeild Borgarspítalans og þaðan á gjörgæsludeild sama spítala, þar sem hann var í umsjá heila- og taugaskurðdeildar. Liggur fyrir vottorð Bjarna Hannessonar læknis, dagsett 12.11. 1986, en þar segir svo:

„Oddur Vífilsson var fluttur á slysadeild Borgarspítalans kl. 3 að nóttu 2.6. '86. Samkvæmt upplýsingum frá sjúkraflutningamönnum mun sjúklingur hafa fallið um 3 metra á skemmtistaðnum „Broadway" og lent á höfði. Sjúklingur mun þegar hafa verið orðinn meðvitundarlaus. Við komu á slysadeild er sjúklingur djúpt meðvitundarlaus, hann svarar ekki neinum sársaukastimulusum, pupillur eru víðar og svara ekki ljósi. Hann hefur engin sinaviðbrögð. Blþr. var 140/80, það blæddi úr hægra eyra, en ekki önnur áverkamerki á sjúklingi að finna. Sjúklingur hafði því einkenni um mjög alvarlegan heilaáverka, þar sem ljósop svöruðu ekki ljósi og hann var lamaður í öllum útlimum. Var byrjað á því að gefa honum mannitol i.v., og sjúklingur var intuberaður, og andað var fyrir sjúkling. Við það drósti hægri pupilla saman, en hin vinstri svaraði ekki. Hann var síðan fluttur í tölvusneiðmynd, og sýndu myndir geysistórt subdural hematoma og mar í vinstri heilahelmingi með mikilli tilfærslu á miðlínustructurum. Sjúklingur var síðan þegar fluttur á gjörgæslu og gerð á honum vinstri craniotomia og tæmd út blæðing og hreinsaður burtu marinn og kraminn heili. Í lok aðgerðar hafði ástand sjúklings batnað svo, að bæði ljósop voru jöfn og saman dregin. Hann var síðan í öndunarvél á gjörgæslu. Hinn 3.6. '86 var gerður á sjúklingi barkaskurður, þar sem sjúklingur þurfti að vera áfram í öndunarvél, og þurfti að auðvelda honum þá meðferð. Síðan var sjúkl. aftur tekinn á skurðstofu 18.6. '86, vegna þess að í ljós hafði komið við tölvusneiðmyndir, að sjúklingur hafði myndað vatnshöfuð, sem er afleiðing af höfuðáverkanum, og sömuleiðis hafði safnast saman gamalt blóð á milli heilahvelanna. Í þeirri aðgerð var blæðingin tæmd út og lögð slanga inn í heilahólf og mænuvökvinn leiddur út til þess að létta þrýstingi á heila. Sjúklingur var síðan tekinn aftur til aðgerðar 24.6., og var þá þessu framhjáhlaupi breytt í varanlegt shunt og gert ventriculo-peritoneal shunt. Sjúklingi heilsaðist vel eftir þá aðgerð. Síðan var 30.6. gerð síðasta aðgerðin, og var þá beindiskur, sem fjarlægður hafði verið við fyrstu aðgerð, settur aftur á sinn stað, og greri það sár vel án nokkurrar ígerðar. Ástand sjúkl-

ings fór síðan smábatnandi, og hann útskrifaðist af gjörgæslu 1.7. '86. Í þá 30 daga, sem sjúklingur var á gjörgæsludeild, var hann í öndunarvél 14 daga. Eftir að sjúklingur kom á almenna legudeild, fór ástand hans smábatnandi, og hann útskrifaðist af Borgarspítalanum 20.7. '86 og fluttist þá á Reykjalund til frekari endurhæfingar.

Við brottför af Borgarspítala var sjúklingur kominn til meðvitundar, en gat þó ekki tjáð sig og skildi ekki það, sem við hann var sagt. Hann var með lömun í hægri hlið líkamans og hafði ekki stjórn á hægðum né þvaglátum, en sjúkl. var farinn að fara niður í hjólastól og virtist fylgjast með umhverfi sínu að einhverju leyti. Sjúklingur hefur síðan verið í meðferð og eftirliti hjá læknum heilsuhælisins Reykjalundi, og vísast til þeirra lækna um ástand sjúklings í dag.

Áverkar sjúklings voru því:

Acut subdural vi.megin með miklu heilamari og bjúg í lobus frontalis og parietale vi.megin. Post traumatiskur hydrocephalus. Post traumatisk hægri hemiplegia með global afasi."

Enn fremur liggur fyrir vottorð Hjördísar Jónsdóttur, sérfræðings í orku- og endurhæfingu við endurhæfingarmiðstöðina á Reykjalundi, dagsett 9. desember 1986, og segir þar svo:

„Um er að ræða 24 ára gamlan, ógiftan bifvélavirkja, sem 1.6. '86 féll milli hæða á skemmtistaðnum „Broadway", fall um 3 metrar. Hann missti strax meðvitund og var fluttur á slysadeild Borgarspítala. Við komu þangað blæddi úr vinstra eyra, pupillur voru miðstæðar, en svöruðu ekki ljósi.

Acut CT sýndi stórt subduralt hematom yfir vi. hemispheru og contusio á lobus frontalis vinstra megin. Gerð var acut aðgerð, þar sem hematomið var tæmt út. Var það undir miklum þrýstingi. Eftir að hematomið hafði verið fjarlægt, byrjaði heilinn að þenjast, og var talsvert mar í frontala lobnum. Varð að gera partial resectio á honum. Í byrjun var Oddur í öndunarvél, og gera þurfti tracheostomíu.

Við kontrol CT hinn 19.6. sáust hydrocephalus og hematom milli heilahvela í fals cerebri. Þurfti að setja inn tvö dren, annað intra ventriculert, en hitt extraduralt við fals.

Hinn 24.6. var sett vetriculo peritoneal shunt. Hinn 30.6. var beinbitinn settur aftur í defectinn eftir craniotomiuna. Hinn 1.7. var Oddur fluttur á almenna deild.

Í dagál frá 19.6. er talað um, að sjúkl. sé enn meðvitundarlaus, paretiskur hægra megin, en með góðar hreyfingar vinstra megin.

Hinn 25.6. er reynt að gefa honum að drekka, en hann aspireraði að líkindum og fékk háan hita á eftir.

Í lok júní fer hann að vakna til meðvitundar, fylgir eftir með augum, en reynir ekki að svara. Hvorki continent á þvag né hægðir.

Kemur á Reykjalund 20.7. til áframhaldandi endurhæfingar. Við komu er Oddur vakandi og virðist fylgjast vel með, notar svipbrigði til að svara einföldum spurningum já eða nei og sýna, hvort honum líkar betur eða verr. Erfitt að meta, hversu mikið hann skilur talað mál.

Hægri hemiparesa meira í handlegg en fæti. Ekki hægt að meta skyn. Central facialis paresa hægra megin. Auknir reflexar hægra megin. Tonusaukning og positivur babinski báðum megin. CT-mynd af höfði, tekin 21.8. '86, sýnir dilatatio á vinstra framhorni og afturhorni vegna taps á paraenchymi. Á um 3x4 cm stóru svæði í miðri vinstri frontal region sjást lág þéttnisvæði. Vinstra temporalhorn mikið dilaterað vegna taps á substance, fjórfalt á við normalt. Spatium subarachnoidale breikkað báðum megin.

Konsult hjá háls-, nef- og eyrnalækni 29.7. '86: Sést á aftari hluta raddbanda og ekki merki um neina paresu. Seinir reflexar í gómi, en getur lyft mjúka gómnum. Hreyfir tunguna lítið, en þegar togað er í hana, togar hann á móti með góðum tonus. Ekkert kemur fram við skoðun, sem hindrar, að sjúklingur ætti að geta gefið frá sér hljóð. Spurning, hvort þetta apraxia og komi með tímanum.

Konsult hjá augnlækni 30.10. '86: Virðist sjá eðil. frá sér. Latent fjarsýni á báðum augum, + 2,75. Manifestur divergerandi strabismus, einkum fjær. Engin merki um rýrnun á sjóntaugum. Sjónsvið virðist eðlil. á báðum augum (confrontation).

Heildarniðurstaða er sú, að sjónfunctionin sé að mestu eðlileg, en hann hafi þó lengda fjarsýni, sé örlítið rangeygður og sjái e.t.v. tvöfalt, a.m.k. við lit í vissar áttir.

Oddur hefur dvalist að Reykjalundi frá 20.7. '86. Hann hefur verið í stífri endurhæfingu, þar sem meðal annars hefur verið fengin talþjálfun, sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun.

Oddur er nú að mestu leyti incontinent, bæði á hægðir og þvag, getur klætt sig, en á það til að gleyma að fara úr óhreinum fötum og fer í þau hreinu utan yfir, á erfitt með að bursta tennur, virðist ekki skilja, hvernig á að gera þá hreyfingu, og gleymir oft að þvo sér, ef hann er ekki minntur á. Hann hefur enga hreyfigetu í hægri handlegg, sem er mjög spastiskur.

Oddur getur nú gengið, er með drop-fót og gengur með því að circumductera. Hann vill gjarnan styðja sig við vegg eða mann, er öryggislaus aleinn.

Í talþjálfun hefur áhersla verið lögð á að kenna Oddi að þekkja aftur tölustafi, geta reiknað einföld dæmi og að þekkja bókstafina. Auk þess hefur verið reynt að laða fram röddina. Röddin er nú að koma, Oddur getur reiknað einföldustu dæmi og sagt einföldustu orð, en notar þau mjög lítið í venjulegum samskiptum. Samskiptin fara að mestu leyti fram með „táknmáli", en Oddur virðist nú að mestu skilja það, sem við hann er sagt.

Oddur hefur hlotið mjög alvarlegan heilaáverka. Þrátt fyrir stífa endurhæfingu í hálft ár er vitundarstarfsemin (cognetiv function) mikið skert. Hann getur hvorki tjáð sig með tali né skrift. Hann á í erfiðleikum með vissa þætti daglegs lífs, og hann er með hægrihelftarlömun.

Þar sem hálft ár er liðið frá slysinu, er ekki við því að búast, að miklar framfarir geti orðið. Oddur mun þannig alla tíð verða verulega skertur, bæði andlega og líkamlega, sem er afleiðing af þessu slysi. Hann mun að öllum líkindum ekki getað búið nema í vernduðu umhverfi, og ef hann kemur til með að geta stundað eitthvert starf, mun það verða í vernduðu umhverfi."

Niðurstaða.

Undirritaður hefur ekki skoðað Odd og gerir örorkumat þetta eingöngu eftir ofangreindum tveimur vottorðum. Í síðara vottorðinu frá Reykjalundi, tveimur síðustu málsgreinunum, kemur fram, að starfsorka Odds er nú engin og að ekki eru líkur á neinum framförum að ráði úr þessu. Hann verður því varanlegur öryrki alla tíð.

Örorka Odds vegna slyssins er því 100% varanleg frá og með slysdegi 2.6. 1986."

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur tvívegis reiknað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda af völdum slyssins. Í fyrri skýrslu, sem dagsett er 2.mars 1987, segir:

„Samkvæmt staðfestum ljósritum skattframtala fyrir starfsárin 1983-1985 voru vinnutekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið 1983	kr. 517.190,00
" 1984	" 611.920,00
" 1985	" 827.864,00

Þegar tillit er tekið til kauplags, eru vinnutekjur Odds þessi þrjú ár afar jafnar, og í samanburði við algengar vinnutekjur iðnaðarmanna eru þær háar.

Til grundvallar tjónsútreikningi í máli þessu hef ég lagt ofangreindar vinnutekjur Odds árin 1983 - 1985 og umreiknað þær með tilliti til breytinga á kauptöxtum að með töldum um sömdum almennum hækkunum 1. júní og 1. október nk. Með þessu móti reiknast mér árlegar vinnutekjur verða sem hér segir:

Árið 1986, frá slysdegi	kr. 1.080.652,00
" 1987	" 1.176.434,00
Eftir þann tíma	" 1.200.839,00

Miðað við þennan tekjugrundvöll og algert tekjutap frá slysdegi í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 17.589.678,00.

Við útreikning þennan hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá sjúkrasamlagi, Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum aðilum. Hjá Tryggingastofnun ríkisins hef ég fengið þær upplýsingar, að enn hafi örorka Odds samkvæmt 12. gr. almannatryggingalaga ekki verið metin. Sé gert ráð fyrir greiðslu almenns örorkulífeyris og óskertrar tekjutryggingar frá 1. júní 1987 að telja (sjúkradagpeningar eru að jafnaði ekki greiddir legur en 52 vikur), reiknast mér árlegar bótafjárhæðir verða sem hér segir:

	Alm. örorku-lífeyrir kr.	Óskert tekju-trygging kr.
Árið 1987, júní-des.	90.372,00	132.399,00
Eftir þann tíma	91.140,00	133.524,00

Hér hefur verið reiknað með hækkun bóta 1. júní og 1. október nk. til samræmis við um samdar almennar launahækkanir.

Sé gert ráð fyrir greiðslu þessara bóta almannatrygginga frá 1. júní 1987 til 67 ára aldurs Odds, er ellilífeyrir tekur við, reiknast mér verðmæti þeirra á slysdegi nema:

Verðmæti almenns örorkulífeyris kr. 1.234.147,00
Verðmæti óskertrar tekjutryggingar " 1.808.078,00

Örorka Odds mun veita honum rétt til lífeyris úr lífeyrissjóði, og er því ekki tilefni til að reikna með tapi lífeyrissjóðsréttinda af völdum slyssins.

Tekið skal fram, að við útreikning á verðmæti bóta almannatrygginga hefur ekki verið tekið tillit til þeirra takmarkana, sem á bótaréttinum eru, sbr. 19. gr. og síðustu mgr. 51. gr. almannatryggingalaga.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1976 - 1980. Vextir eru reiknaðir þannig, að frá slysdegi til útreikningsdags ⅔ 1987 er reiknað með almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar."

Í hinni síðari, sem dagsett er 11. janúar 1988, segir:

„Við eftirfarandi útreikning er tekið tillit til hækkana, sem orðið hafa á kauptöxtum síðan í mars 1987, svo og til upplýsinga kjararannsóknarnefndar um launaþróun á 4. ársfjórðungi 1986 og framan af ári 1987. Enn fremur er tekið tillit til hækkana, sem orðið hafa á bótafjárhæðum almannatrygginga.

Vextir eru að þessu sinni reiknaðir þannig, að frá slysdegi til útreiknings-

dags, 11/1 1988, er að beiðni yðar reiknað með einföldum almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar.

Með þeim hækkunum, sem að ofan er getið, reiknast mér þær árlegu vinnutekjur, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningi, verða sem hér segir:

Árið 1986, frá slysdegi	kr. 1.080.652,00
" 1987	" 1.395.300,00
Eftir þann tíma	" 1.491.180,00

Miðað við þennan tekjugrundvöll og algert tekjutap frá slysdegi reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 20.252.605,00.

Með áðurnefndum hækkunum á bótum almannatrygginga verða árlegar fjárhæðir almenns örorkulífeyris og óskertrar tekjutryggingar sem hér segir:

	Alm. örorku-lífeyrir kr.	Óskert tekju-trygging kr.
Árið 1987, júní-des.	93.790,00	162.888,00
Eftir þann tíma	102.420,00	182.964,00

Þegar reiknað er með greiðslu þessara bóta frá 1. júní 1987 til 67 ára aldurs Odds, reiknast mér verðmæti bótanna á slysdegi nema:

Verðmæti almenns örorkulífeyris kr. 1.289.600,00

Verðmæti óskertrar tekjutryggingar " 2.301.412,00

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að framan, skírskotast til fyrri útreiknings."

Þegar litið er til álitsgerða Guðjóns Hansens tryggingafræðings, óvissu um almennan örorkulífeyri og tekjutryggingu til handa stefnanda, hagræðis af skattfrelsi bóta og eingreiðslu þykir fjártjón stefnanda hæfilega metið 15.000.000,00 krónur.

Að framn er lýst slysi stefnanda og röskun á lífi hans af þess völdum. Miski hans þykir hæfilega ákveðinn 1.000.000,00 krónur.

Samkvæmt þessu verða bætur þær, sem stefnda verður gert að greiða stefnanda, þessar:

Vegna fjártjóns helmingur af 15.000.000,00 kr., 7.500.000,00 kr., og vegna miska helmingur af 1.000.000,00 kr., 500.000,00 kr. Verður stefnda því dæmt til að greiða stefnanda 8.000.000,00 kr. með vöxtum. Rétt þykir, að almennir sparisjóðsvextir reiknist frá slysdegi til 1. júní 1987, en frá þeim tíma dráttarvextir, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987. Einnig verður stefnda gert að

greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 500.000,00 krónur.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, Veitingahúsið Álfabakka 8 hf., greiði stefnanda, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hrl. f.h. Odds Vífilssonar, 8.000.000,00 kr. með 9,5% ársvöxtum frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, með 10,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1987, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, en með áframhaldandi dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr., vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, sem leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1988, og 500.000,00 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. október 1989.

Nr. 93/1988. **Kjartan Ásmundsson**
gegn
Útgerðarfélagi Akureyringa hf. og Samvinnutryggingum gt.

Gagnaöflun. Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Í málinu liggur fyrir vottorð dr. med. Stefáns Haraldssonar frá 13. nóvember 1979 svo og mat Jónasar Hallgrímssonar læknis 14. desember 1979 á örorku áfrýjanda vegna slyss þess, sem hann varð fyrir 18. desember 1978. Er varanleg örorka þar metin 15%. Einnig liggur fyrir mat Björns Önundarsonar læknis 15. janúar 1980 á örorku áfrýjanda. Er varanleg örorka þar metin 20%.

Þá liggur fyrir vottorð dr. med. Stefáns Haraldssonar frá 13. maí 1982 og örorkumat Björns Önundarsonar læknis 20. september 1982. Er varanleg örorka þar metin 30%.

Loks liggur fyrir álitsgerð Jóns Guðgeirssonar læknis frá 22. febrúar 1982.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr., laga nr. 14/1942, um læknaráð, að æskja rökstuddrar umsagnar læknaráðs um eftirfarandi:

Fellst læknaráð á einhverja framangreindra matsgerða?

Ef ekki, hvernig ber þá að meta tímabundna og varanlega örorku áfrýjanda vegna slyss þess, sem hann varð fyrir 18. desember 1978?

Á l y k t a r o r ð:

Læknaráð láti í té umsögn samkvæmt framansögðu.

Miðvikudaginn 18. október 1989.

Nr. 396/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Agnari Víði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. október 1989, sem barst Hæstarétti 13. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara 17. þ.m. er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann, þó þannig, að gæsluvarðhaldið standi allt til miðvikudags 22. nóvember 1989 kl. 16.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Agnar Víðir Bragason, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 22. nóvember 1989 kl. 16.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. október 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 11. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Agnari Víði Bragasyni, kt. 160966-3009, atvinnulausum, með lögheimili að Hábergi 3, hér í borg, síðast með dvalarstað að Hótel Geysi, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Málavextir.

Kærði, Agnar Víðir Bragason, hefur viðurkennt að hafa brotist inn í Kaupfélag Árnesinga, Selfossi, aðfaranótt sl. mánudags í félagi við Garðar Garðarsson. Lögregla handtók þá á staðnum. Kærði hefur borið, að þeir hafi farið tveir austur, hann og Garðar, á Range Rover-bifreið, sem Garðar hafi verið á.

Kærði er grunaður um innbrot í verslunina Bonus í Faxafeni 14, hér í borg, aðfaranótt sunnudags, þar sem stolið var um 190.000,00 krónum í peningum og ávísunum. Að auki voru miklar skemmdir unnar á innréttingum og peningaskáp. Áðurnefnd Range Rover-bifreið sást fyrir utan staðinn þá um nóttina. Kærði hefur þverneitað að hafa brotist þar inn.

Kærði er enn fremur grunaður um innbrot í vinnustofu Múlalundar, Hátúni 10 C, hér í borg, en þar var stolið peningaskáp um helgina með 800.000,00 krónum í. Kærði hefur og neitað því.

Kærði er að lokum grunaður um innbrot í bílasöluna Bílaþing um helgina, þar sem áðurnefndri Range Rover-bifreið var stolið. Þar var bifreið af gerðinni Mitsubishi Galant JX-540 stolið, en hún fannst í Breiðholti. Þá var útvarpi stolið úr annarri bifreið. Kærði hefur neitað að hafa brotist inn á bílasöluna.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Kærði hefur mótmælt fram kominni kröfu um gæsluvarðhald.

Kærði losnaði úr afplánun á Litla-Hrauni sl. fimmtudag. Kærði afplánaði þar átta mánaða fangelsisdóm. Þá hefur kærði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands tveimur dómum, sem kveðnir voru upp í sakadómi Reykjavíkur 15. mars og 26. apríl sl., þar sem kærði var dæmdur í samtals 27 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 248. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Sakavottorð kærða sýnir, að hann hefur síðan 1. október árið 1984 verið dæmdur í fangelsi í samtals fimm ár og átta mánuði, en áður hafði hann hlotið skilorðsbundinn dóm, og eru flestir dómarnir hegningaraukadómar. Sýnir það, að kærði hefur lítið stöðvast við.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, verður að telja verulega hættu á, að kærði spilli sakargögnum og haldi áfram afbrotum, meðan málum hans er ólokið, og þykir því rétt að taka kröfu RLR um úrskurð um gæsluvarðhald til greina með vísan til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Agnar Víðir Bragason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.

Miðvikudaginn 18. október 1989.

Nr. 397/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Garðari Garðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. október 1989, sem barst Hæstarétti 13. október. Í greinargerð, sem barst Hæstarétti 16. október, krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara er krafist styttingar á gæsluvarðhaldi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara 17. þ.m. er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, þó þannig, að gæsluvarðhaldið standi allt til miðvikudags 22. nóvember nk. kl. 16.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðili, Garðar Garðarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 22. nóvember 1989 kl. 16.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. október 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 11. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Garðari Garðarssyni, kt. 100165-4499, með lögheimili að Stangarholti 26, hér í borg, en dvalarstað að Hrannargötu 3, Keflavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Málavextir.

Kærði, Garðar Garðarsson, hefur viðurkennt að hafa brotist inn í verslun Kaupfélags Árnesinga, Selfossi, aðfaranótt sl. mánudags í félagi við Agnar Víði Bragason. Lögregla kom á vettvang og handtók kærðu á staðnum, sem báðir voru undir áhrifum áfengis.

Þá hefur kærði játað að hafa stolið bifreið af gerðinni Range Rover af bílasölunni Bílaþingi sömu nótt og notað hana til ferðarinnar austur á Selfoss.

Kærði er grunaður um innbrot í verslunina Bonus, Faxafeni 14, hér í borg, aðfaranótt sl. sunnudags, en kærði hefur með öllu neitað því. Í gögnum málsins kemur fram, að bifreið af gerðinni Range Rover var þar fyrir utan með stöðuljósum um kl. 3.00 aðfaranótt sunnudagsins. Úr versluninni var stolið peningum og ávísunum, samtals að fjárhæð 190.000,00 kr. Að auki voru miklar skemmdir unnar á innréttingum og peningaskáp fyrirtækisins.

Kærði er enn fremur grunaður um innbrot í vinnustofu Múlalundar, Hátúni 10 C, hér í borg, nú um helgina, en þar var stolið peningaskáp með peningum og ávísunum, að fjárhæð 800.000,00 kr. Kærði hefur þverneitað að hafa brotist þar inn.

Kærði er að lokum grunaður um að hafa í innbrotinu í bílasöluna Bílaþing sl. helgi stolið bifreið af gerðinni Mitsubishi Galant JX-540, sem fannst sl. sunnudag í Breiðholti. Þá var einnig stolið útvarpi úr bifreið á áðurnefndri bílasölu. Kærði hefur algerlega neitað að hafa tekið aðrar bifreiðar en Range Rover-bifreiðina.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Kærði hefur margoft verið dæmdur vegna brota á almennum hegningarlögum og umferðarlögum. Hinn 31. október nk. verður tekinn fyrir í Hæstarétti Íslands dómur sakadóms Reykjavíkur frá 14. mars sl., en þar var kærði dæmdur í 18 mánaða fangelsi.

Kærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 18. maí sl. til 26. maí s.á. Hinn 26. maí óskaði RLR eftir framlengingu gæslutíma til 23. ágúst 1989 á grundvelli 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, og var krafan tekin til greina af sakadómi Reykjavíkur. Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar Íslands, sem stytti gæslutíma til 4. júlí sl.

Kærði hefur mótmælt kröfu um gæsluvarðhald og krafist synjunar á kröfu RLR, og til vara er krafist styttingar á tímalengd kröfunnar.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember

nk. kl. 16.00, enda er mál þetta enn í frumrannsókn og veruleg hætta á, að kærði spilli sakargögnum og haldi áfram afbrotum, meðan málum hans er ólokið.

Úrskurðarorð:

Kærði, Garðar Garðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 2/1988. **Aðalgeir Finnsson,**
Jón Kr. Sólnes og
Þórður Gunnarsson
vegna þrotabús Akurs hf.
samkvæmt 114. gr. laga nr. 6/1978
(Árni Pálsson hdl.)
gegn
Helga B. Helgasyni og
Jóni Rafni Högnasyni
(Tryggvi Gunnarsson hdl.).

Samningar. Skaðabætur. Kyrrsetning. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu, sem gefin var út 5. janúar 1988 að ósk Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns fyrir hönd þrotabús Akurs hf. Á dómþingi 2. desember 1988 var lýst yfir því, að Aðalgeir Finnsson, Jón Kr. Sólnes og Þórður Gunnarsson hefðu tekið við málinu í eigin nafni vegna þrotabúsins á grundvelli 114. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978.

Dómkröfur áfrýjanda eru, að stefndu verði dæmdir til að greiða þrotabúinu in solidum 3.683.000,00 krónur með 15% ársvöxtum frá 18. júní 1986 til 23. október 1986, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með vöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. júní 1987, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Jafnframt er krafist staðfestingar á kyrrsetningu 11. október 1986 í tilteknum eignum stefndu. Þá er krafist sýknu af öllum kröfum stefndu í aðalsök og gagnsök í héraði. Loks er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara krefjast þeir staðfestingar héraðsdóms. Þá krefjast þeir þess, að Aðalgeir Finnsson, Jón Kr. Sólnes og Þórður Gunnars-

sson verði persónulega dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Frávísunarkrafa stefndu er studd þeim rökum, að Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður hafi ekki haft umboð til að fá út gefna áfrýjunarstefnu fyrir búið 5. janúar 1988 og að síðan hafi dregist lengur en hæfilegt var, að þeir Aðalgeir Finnsson, Jón Kr. Sólnes og Þórður Gunnarsson gengju inn í málið með heimild í 114. gr. gjaldþrotalaga.

Fyrrnefndur hæstaréttarlögmaður hefur formlega haft umboð samkvæmt 4. gr., 1. mgr., laga nr. 61/1942, um málflytjendur, til þeirra lögmannsathafna, sem varða áfrýjun málsins og snúa að Hæstarétti. Lögð hafa verið fram skjöl, sem sýna, að á ýmsu hefur gengið í skiptum hans utan réttar og fyrir skiptarétti Akureyrar við skiptaráðanda og stefndu. Á dómþingi skiptaréttarins 22. nóvember 1988 var bókað, að þeir Aðalgeir, Jón og Þórður hefðu tekið við aðild málsins á grundvelli 114. gr. laga nr. 6/1978. Sá tími, er leið, þar til málið komst í það horf, sem nú er, getur ekki leitt til frávísunar að kröfu stefndu. Ber að hafna frávísunarkröfu þeirra.

II.

Fallast ber á það, sem í héraðsdómi segir um niðurstöðu varðandi samning Akurs hf. og stefndu 15. apríl 1986.

Stefndu kröfðust 25. júní s.á. innsetningar í hlutabréf, svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða dómi, en þeirri kröfu var hafnað af fógeta á Akureyri 23. júlí s.á.

Stefndu kröfðust 13. september s.á. lögbanns við hlutafjárauknингu í Akri hf., en um hana hafði verið gerð samþykkt á framhaldsaðalfundi félagsins 15. ágúst s.á. Með úrskurði fógeta 15. október s.á. var stefndu gert að leggja fram samtals fjórar milljónir króna sem tryggingu. Það gerðu þeir ekki, og var lögbann því ekki á lagt.

Í málinu eru ekki leiddar nægar líkur að því, að þær beiðnir um fógetagerðir, sem stefndu settu fram og nú hefur verið vikið að, hafi valdið Akri hf. tjóni. Ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að stefndu skuli vera sýknir af kröfum áfrýjanda um bætur vegna þessara beiðna, og fella úr gildi

kyrrsetningu þá, sem fram fór 11. október 1986. Um málskostnað í aðalsök í héraði verður fjallað hér á eftir.

Með tilvísun til héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um kröfur Jóns Rafns Högnasonar og Helga B. Helgasonar í gagnsök í héraði um annað en vexti og málskostnað. Verða vextir eins og í dómsorði greinir.

Þrotabúi Akurs hf. ber að greiða stefndu hér fyrir dómi málskostnað í héraði, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000,00 krónur samtals í aðalsök og gagnsök.

Þá ber að dæma Aðalgeir Finnsson, Jón Kr. Sólnes og Þórð Gunnarsson persónulega til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en vexti og málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabú Akurs hf., greiði stefndu, Helga B. Helgasyni og Jóni Rafni Högnasyni, dómvexti af til dæmdri fjárhæð frá 10. nóvember 1986 til 14. apríl 1987, en hæstu innlánsvexti samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefndu samtals 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði.

Aðalgeir Finnsson, Jón Kr. Sólnes og Þórður Gunnarsson persónulega greiði stefndu 150.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. desember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember 1987, var höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, birtri 23. október 1986.

Aðalstefnandi var stjórn Akurs hf., Geislagötu 14, Akureyri. Með úrskurði skiptaréttar Akureyrar 15. nóvember 1986 var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta, og tók þrotabú félagsins þá við aðild málsins.

Aðalstefndu eru Jón Rafn Högnason, nnr. 5148-4134, Arnarsíðu 10 C, Akureyri, og Helgi B. Helgason, nnr. 3966-4003, Rimasíðu 29A, Akureyri.

Krafa aðalstefnanda er, að aðalstefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 40.000.000,00 kr., með 15% ársvöxtum frá 18. júní 1986 til 23. október 1986, en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þá krefst aðalstefnandi, að dómurinn staðfesti kyrrsetningargerð, er fram fór 11. október 1986, þar sem kyrrsettar voru ýmsar eignir aðalstefndu, er nánar eru tilteknar í stefnu.

Kröfur aðalstefndu eru þær, að þeir verði alsýknaðir af öllum kröfum aðalstefnanda og að kyrrsetningargerð frá 11. október 1986 verði felld úr gildi. Þá krefjast aðalstefndu málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda.

Með stefnu, birtri 10. nóvember 1986, höfðuðu aðalstefndu gagnsakarmál á hendur aðalstefnanda. Krafa gagnstefnenda á hendur gagnstefnda er um 2.500.000,00 króna skaðabætur vegna ólögmætrar kyrrsetningar ásamt dómvöxtum samkvæmt l. nr. 56/1979 frá 10. nóvember 1986 til 14. apríl, en þá með vöxtum jafnháum hæstu innlánsvöxtum frá þ.d. til greiðsludags. Þá er gerð krafa á hendur gagnstefnda um greiðslu málskostnaðar til gagnstefnenda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu gagnstefnda er krafist sýknu af öllum kröfum gagnstefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi skv. mati dómsins.

Málavextir eru þessir helstir:

Um áramótin 1985-1986 og fram eftir vori áttu aðalstefndu og forráðamenn fyrirtækisins Akurs hf., Akureyri, í samningaviðræðum um kaup aðalstefndu á félaginu.

Akur hf. var eigandi að veitingahúsinu Sjallanum á Akureyri og annaðist rekstur þess.

Hinn 15. apríl 1986 var haldinn stjórnarfundur í Akri hf., og sat aðalstefndi, Jón Rafn Högnason, fundinn ásamt Pétri Valdimarssyni, aðstoðarmanni sínum. Þar voru m.a. samþykkt drög að kaupleigusamningi á hlutabréfum félagsins til aðalstefndu. Þá samþykkti fundurinn að afla heimildar aðalfundar Akurs hf. til að auka hlutafé félagsins um allt að 20.000.000,00 króna án þess að gefa út jöfnunarhlutabréf fyrir eldra hlutafé.

Síðar sama dag var undirritaður samningur milli aðalstefndu og þriggja stjórnarmanna Akurs hf., þeirra Jóns Kr. Sólness, Aðalgeirs Finnssonar og Þórðar Gunnarssonar, en þeir voru eigendur 81,87% hlutafjár í félaginu. Með samningnum, sem bar yfirskriftina kaupleigusamningur, samþykktu nefndir hluthafar að selja aðalstefndu á kaupleigu hlutafjáreign sína að með töldu eigin hlutafé félagsins. Skyldi kaupleigutímabilið vera frá 1. maí 1986 til 1. maí 1992.

Samkvæmt samningnum skyldi söluverð hlutabréfanna miðast við, að aðalstefndu tækju að sér greiðslu skulda, sem hvíldu á eignum kaupleigusala og þeir höfðu greitt eða báru persónulega ábyrgð á vegna tapreksturs

félagsins. Þó skyldi heildarupphæð viðtekinna skulda ekki nema hærri fjárhæð en 85-92.000.000,00 króna.

Aðalstefndu skyldu leggja fram bankaábyrgð, að upphæð 3.000.000,00 kr., til tryggingar afborgunum samkvæmt kaupleigusamningnum. Enn fremur skuldbundu aðalstefndu sig til að veita bankaábyrgð fyrir 12.000.000,00 kr. vegna skulda við Iðnaðarbanka Íslands, sem hvíldu á eignum Akurs hf., en einnig tryggðar með persónulegri ábyrgð hluthafa.

Í 6. gr. samningsins er talað um leigu. Skyldu kaupleigjendur greiða leigu, sem næmi kr. ..., ákvarðaða við uppgjör 1. maí 1986, að við bættum vöxtum og verðbótum, eins og segir í samningnum. Leigu átti að greiða mánaðarlega frá 1. júlí 1986 til 1. maí 1992. Leigufjárhæðina átti að nota til greiðslu skulda, sem hvíldu á eignum ,,kaupleigusala og þeir persónulega hafa staðið skil á eða eru persónulega ábyrgir fyrir".

Samkvæmt samningnum höfðu aðalstefndu reynslutíma og gátu í því sambandi hætt við kaupin fram til 30. apríl 1987 án þess að tilgreina ástæðu. Hefur samningurinn að geyma ýtarleg ákvæði um ábyrgð og uppgjör á rekstrinum í slíku tilviki. Ekki var sambærilegt ákvæði í samningnum um uppsögn til handa viðsemjendum aðalstefndu.

Ráð var fyrir því gert, að aðalstefndu tækju við rekstri félagsins 1. maí 1986.

Hinn 25. apríl s.á. komu aðalstefndu til fundar hjá Gunnari Sólnes hrl., lögmanni áðurnefndra stjórnarmanna Akurs hf., og lögðu fram nýtt samningsuppkast, eins og segir í stefnu í aðalsök. Í þessu samningsuppkasti, sem unnið var af Sævari Þór Sigurgeirssyni, endurskoðanda aðalstefndu, og ber yfirskriftina ,,kaupsamningur (með fyrirvara)", segir, að við ákvörðun á endanlegu kaupverði beri að leggja til grundvallar, að heildarskuldir félagsins fari ekki fram úr um 85.000.000,00 króna. Þá séu peningaverðseignir félagsins, þ.e. handbært fé, viðskiptakröfur og birgðir, um 4.000.000,00 kr. Fari þannig mismunur skulda og veltufjármuna ekki fram úr 81.000.000,00 kr., en að öðrum kosti ,,skulu seljendur sjá um að létta skuldum af félaginu, svo að framangreint hlutfall náist". — Þá voru í þessum samningi ýmsar aðrar breytingar, er viku efnislega frá undirrituðum samningi frá 15. apríl 1986.

Í stefnu segir, að aðalstefndu hafi kveðið þetta nýja samningsuppkast vera eina grundvöllinn að hugsanlegum samningum um kaupin. Að loknum fundinum hafi aðilar verið sammála um, að efnisatriði samningsins frá 15. apríl væru þar með úr sögunni. Þessu hafa aðalstefndu algerlega neitað og bera, að á þessum tíma hafi Sævar Þór Sigurgeirsson endurskoðandi verið búinn að fara yfir bókhald Akurs hf. og þá komið í ljós, að heildarskuldir félagsins hafi numið 85.000.000,00 króna. Þar sem kaupverð félagsins hafi falist í því að taka að sér skuldir þess, hafi sú fjárhæð verið raunverulegt söluverð félagsins.

Aðalfundur var haldinn í Akri hf. 28. apríl s.á. Þar var m.a. samþykkt heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa með þeim hætti, er stjórnarfundur hafði samþykkt.

Þá var samþykkt tillaga þess efnis, að aðalfundurinn heimilaði, að gerður yrði kaupleigusamningur um allt að 82% af hlutafé í Akri hf. við aðalstefndu.

Aðalstefndu undirbjuggu sig að sögn undir að taka að sér reksturinn, m.a. með því að kynna sér tölvukerfi Sjallans, og eins var Sævar Þór Sigurgeirsson tilbúinn að fara til Akureyrar og gera birgðatalningu og aðrar ráðstafanir vegna viðtökunnar. Kvaðst Sævar Þór Sigurgeirsson hér fyrir rétti hafa átt símtal við Jón Kr. Sólnes 30. apríl vegna þessara mála, og hafi þá Jón Sólnes talað um, að ákveðið hafi verið að bíða með viðtökuna, þar til ársuppgjör 1985 lægi frammi, en það yrði í næstu viku. Þá hafi hann tvívegis á næstu dögum átt símtal við Jón Kr. Sólnes, en ekki fengið ákveðin svör.

Hinn 23. maí s.á. sendi Sævar Þór Sigurgeirsson fyrir hönd aðalstefndu Þórði Gunnarssyni símskeyti, þar sem ítrekað var af hálfu aðalstefndu, að staðið væri við efni samningsins frá 15. apríl um sölu hlutabréfanna. Var þess getið, að bankaábyrgð skv. 5. gr. samningsins væri til reiðu.

Í svarskeyti, dags. 26. s.m., kemur fram sá skilningur aðalstefnanda, að kaupsamningi frá 15. apríl um hlutabréf í Akri hf. hafi verið rift af hálfu aðalstefndu á áðurnefndum fundi með því að breyta grundvallartölum samningsins. Frekari umræðum um samninga væri því ekki til að dreifa. Af hálfu aðalstefndu var þessari túlkun mótmælt bréflega 18. júní s.á. og tilkynnt, að aðalstefndu væru staðráðnir í að knýja fram efndir á samningnum og beita til þess öllum réttarúrræðum.

Hinn 25. júní s.á. kröfðust aðalstefndu þess fyrir fógetarétti Akureyrar, að þeim yrðu fengin umráð yfir hlutabréfum Akurs hf. með innsetningargerð. Úrskurður var kveðinn upp í fógetarétti Akureyrar 23. júlí, og var beiðninni þar hafnað.

Á framhaldsaðalfundi Akurs hf. 15. ágúst s.á. var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 40.000.000,00 kr. án þess að gefa út jöfnunarhlutabréf fyrir eldra hlutafé.

Með bréfi, dags. 21. ágúst s.á., tilkynnir lögmaður aðalstefndu stjórn félagsins, að fyrirhuguð væri málshöfðun fyrir bæjarþingi Akureyrar til að ná fram rétti þeirra samkvæmt kaupsamningi frá 15. apríl. Jafnframt var fyrirhugaðri hlutafjáraukningu mótmælt og talið, að hún bryti gróflega í bága við samningsbundinn og lögvarinn rétt aðalstefndu. Á það var bent í bréfinu, að aðalstefndu myndu leggja fram lögbannsbeiðni, yrði þessi samþykkt framkvæmd.

Hinn 19. september s.á. lögðu aðalstefndu fram beiðni í fógetarétti

Akureyrar þess efnis, að lögbann yrði lagt við fyrirhugaðri aukningu á hlutafé í Akri hf., á meðan óútkljáður væri ágreiningur aðalstefndu og viðsemjenda þeirra um gildi samningsins frá 15. apríl 1986, eins og segir í beiðninni.

Af hálfu Akurs hf. og stjórnarmannanna þriggja persónulega var þess krafist, að lögð yrði fram trygging af hálfu aðalstefndu, áður en fjallað yrði efnislega um lögbannsbeiðnina. Við þessu var orðið, og 15. október úrskurðaði fógetaréttur Akureyrar, að aðalstefndu legðu fram 3.300.000,00 kr. til tryggingar til handa þeim Jóni Kr. Sólnes, Aðalgeiri Finnssyni og Þórði Gunnarssyni og 700.000,00 kr. í tryggingu til handa Akri hf., áður en lögbannsgerðinni yrði fram haldið.

Föstudaginn 10. október s.m. var lögð fram í fógetarétti Akureyrar krafa frá Akri hf., þar sem farið var fram á, að kyrrsettir yrðu fjármunir aðalstefndu til tryggingar skaðabótakröfu Akurs hf., að fjárhæð 6.000.000,00 kr., auk vaxta. Var þess krafist, að aðalstefndu yrði ekki tilkynnt um gerðina, sbr. 10. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann.

Fógeti ákvað, að gerðinni skyldi fram haldið gegn tryggingu, að fjárhæð 3.000.000,00 kr., sem lögð var fram næsta dag, er málið var tekið fyrir í réttinum. Aðalstefndu voru þá viðstaddir, og að lokinni ábendingu eigna og mati lýsti fógeti yfir, að eigur gerðarþola, að verðmæti samtals 3.683.000,00 kr., væru kyrrsettar, en gerðin væri árangurslaus að hluta.

Hinn 17. október 1986 var húseign Akurs hf., Sjallinn, seld á nauðungaruppboði og félagið úrskurðað gjaldþrota 15. nóvember s.á., eins og áður hefur komið fram.

Málsástæður og lagarök í aðalsök.

Aðalstefnandi reisir kröfugerð sína á því, að allar aðgerðir aðalstefndu hafi valdið aðalstefnanda álitshnekki og tjóni. Þær hafi valdið blaðaskrifum, sem spilltu fyrir tilraunum aðalstefnanda til að rétta af rekstur fyrirtækisins, m.a. með því að selja hlutabréf samkvæmt samþykktum félagsins um hlutafjáraukningu. Aðalstefndu hafi farið mjög með mál sín í blöð, og hefur aðalstefnandi lagt fram úrklippusafn, sem greinir frá deilum aðila, máli sínu til stuðnings. Lögbannsbeiðni aðalstefndu frá 13. september hafi dregist á langinn, enda fljótlega ljóst, að fyrir þeim hafi aðeins vakað að valda skaða. Aðalstefndu hafi hafnað öllum sáttatilraunum og einnig blandað saman ágreiningi sínum og hluthafa félagsins við málefni aðalstefnanda. Aðgerðir aðalstefndu hafi hins vegar allar orðið til þess, að menn hafi misst trú á því, að unnt væri að rétta við fjárhag aðalstefnanda. Afleiðing þessa hafi orðið nauðungarsala á húseign félagsins og síðan gjaldþrot þess.

Aðalstefnandi styður skaðabætur við 9., 24. og 28. gr. laga um kyrr-

setningu og lögbann, nr. 18/1947, og almennar skaðabótareglur. Telur aðalstefnandi tjónið hæfilega metið á 40.000.000,00 kr., sem er samþykkt hlutafjáraukning félagsins og aðgerðir stefndu hafa beinst gegn, eins og segir í stefnu.

Málsástæður aðalstefndu eru þær, að 15. apríl 1985 hafi komist á bindandi kaupsamningur milli sín og þriggja stjórnarmanna Akurs hf. um kaup á 81,87% hlutafjáreignar þeirra í félaginu. Samningurinn hafi verið án fyrirvara, og hafi aðalstefndu alla tíð viljað standa við hann, og samningnum hafi ekki verið rift. Vegna vanefnda viðsemjenda sinna hafi aðalstefndu verið nauðsyn að leita aðstoðar fógeta til að knýja fram efndir á kaupsamningnum. Fyrirhuguð hlutafjáraukning í Akri hf. hafi hindrað efndir á samningnum „in natura" og lögbannskrafa aðalstefndu því verið eðlileg og réttmæt aðgerð. Nauðsyn hafi borið til að beina lögbannskröfunni bæði að viðsemjendum aðalstefndu, þ.e. stjórnarmönnum aðalstefnanda, og aðalstefnanda sem lögpersónu. Þar sem allar aðgerðir aðalstefndu hafi verið lögmætar, skorti skilyrði bótaskyldu vegna athafna þeirra.

Þá hafi aðalstefnandi ekki sýnt fram á, að orsakasamband sé á milli réttaraðgerða aðalstefndu og þess, að fyrirhuguð hlutafjáraukning fór út um þúfur og félagið komst í þrot. Aðalstefnanda hafi því ekki tekist að sýna fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna réttaraðgerða aðalstefndu.

Málsástæður og lagarök í gagnsök.

Í gagnsök styðja gagnstefnendur mál sitt við það, að kyrrsetningargerð gagnstefnda Akurs hf. 11. október 1986 hafi verið tilhæfulaus og að fógeti hafi ekki farið að lögum við framkvæmd hennar.

Krafa sú, sem var grundvöllur kyrrsetningarinnar, sé efnislega hin sama og gagnstefndi krafðist tryggingar fyrir í lögbannsmáli milli sömu aðila og var til úrskurðar, þegar kyrrsetningarinnar var beiðst. Þegar af þeirri ástæðu sé kyrrsetningin ólögmæt.

Þá styðjist krafa sú, sem kyrrsett var fyrir, ekki við lagaleg rök, hvorki bótagrundvöllur né fjárhæðir.

Gagnstefnendur benda á, að fógeti hafi ekki gætt ákvæða 11. gr. og 1. tl. 1. mgr. 12. gr. laga 18/1949 og leitað álits þeirra á kröfunni og tryggingarfjárhæðinni.

Kyrrsetningin hafi valdið gagnstefnendum miklum miska, verulegu fjártjóni og lánstraustsspjöllum. Með henni hafi verið kippt grundvellinum undan lögbannsmálinu, þar sem þeim hafi reynst ókleift að afla þeirra trygginga, sem þeim var gert að setja í því máli, eftir að allar eigur þeirra voru kyrrsettar. Telja gagnstefnendur sig því eiga rétt til skaðabóta, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 18/1949, sem þeir telja hæfilega metnar 2.500.000,00 krónur.

Af hálfu gagnstefnda er því haldið fram, að kyrrsetning á eignum gagnstefnenda hafi verið eðlileg, eins og á stóð, enda hafi tjón og kostnaður gagnstefndu verið orðið talsvert mikið vegna aðgerða gagnstefnenda. Bendir gagnstefndi á, að málskostnaður vegna innsetningarmálsins, sem úrskurðað var 23. júlí 1986, sé, miðað við hagsmuni málsins, 2.651.808,00 kr. og málskostnaður vegna lögbannsmálsins, sem úrskurðað var 15. október, sé 1.782.048,00 kr. miðað við sömu forsendur. Í ljós hafi komið við kyrrsetninguna, að eigur gagnstefnenda hafi ekki nægt til að standa á bak við þær tryggingar, er gagnstefnendum var gert að setja í lögbannsmáli sínu.

Fyrrverandi stjórnarmenn Akurs hf., þeir Jón Kr. Sólnes, Aðalgeir Finnsson og Þórður Gunnarsson, hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi. Þá hafa vitnin Sævar Þór Sigurgeirsson endurskoðandi, Pétur Valdimarsson rekstrartæknifræðingur, Björn Jósef Arnviðarson hdl. og Gunnar Sólnes hrl. gefið vitnaskýrslur.

Niðurstaða í aðalsök.

Aðila greinir á um það, hvort stofnast hafi samningur milli aðalstefndu og þriggja fyrrverandi stjórnarmanna Akurs hf. með undirritun svonefnds kaupleigusamnings 15. apríl 1986. Aðalstefnandi rökstyður mál sitt með því, að veigamikil atriði í samningnum hafi verið óútkljáð, og því hafi hér aðeins verið um að ræða viljayfirlýsingu um kaup.

Á það má fallast, að í samningi þessum eru sum mikilvæg atriði ekki tilgreind nákvæmlega. Er þar einkum átt við söluverð hlutabréfanna, sem selja skyldi, svo og leigugreiðslur þær, sem í raun áttu að vera greiðsla fyrir hlutabréfin. Hins vegar er að finna í umræddum kaupleigusamningi vissar viðmiðanir um framangreind atriði. Þannig er söluverð í samningnum miðað við viðtöku skulda á bilinu 85-92.000.000,00 kr., sem átti að miðast við reikningsuppgjör 1. maí 1986. Fjárhæð leigu átti að ákvarðast af þessu sama uppgjöri og greiðast upp í skuldir fyrirtækisins, en þó með tilteknum hætti.

Þegar þetta er virt og ákvæði hins umdeilda samnings að öðru leyti, verður að telja, að með honum hafi komist á skuldbindandi samningur um kaup á 81,87% hlutafjár Akurs hf. Þessi samningur var þó háður skilyrðum um niðurstöðu reikningsuppgjörs, eins og að framan greinir, og skilyrðum um ábyrgðir skv. 5. gr. samningsins.

Gögn málsins sýna, að bankaábyrgð, að upphæð 3.000.000,00 kr., til tryggingar á afborgunum kaupleigusamnings hafi verið til reiðu, en samkvæmt 12. gr. samningsins var gildistaka hans miðuð við framlagningu þeirrar ábyrgðar. Eins og mál þróuðust milli samningsaðila, reyndi hins vegar aldrei á það, hvort aðalstefndu gætu veitt bakábyrgð, að fjárhæð 12.000.000,00 kr., sem gert var ráð fyrir í 5. gr. samningsins.

Enn fremur er upplýst í málinu, að fyrrgreint reikningsuppgjör vegna Akurs hf. var aðalstefndu ekki til reiðu fyrr en löngu eftir, að viðsemjendur þeirra höfðu ákveðið að standa ekki við kaupin. Telja verður hins vegar, að kaupleigjendum hafi verið skylt að leggja reikningsuppgjörið fyrir aðalstefndu án dráttar eftir gildistöku samningsins.

Ágreiningur er um það, hvort aðalstefndu hafi rift samningnum frá 15. apríl 1986 með því að leggja fram á fundi 25. apríl 1986 ný samningsdrög, „kaupsamningur (með fyrirvara)", en þau eru í verulegum atriðum frábrugðin hinum undirritaða samningi. Er við það miðað að aðalstefndu hafi gert undirritun þessa samnings að skilyrði fyrir kaupunum. Hafi niðurstaða fundarins verið sú, að aðilar væru sammála um, að fyrri samningur væri úr gildi.

Eins og áður greinir, var lagður fram tíu dögum eftir undirritun kaupleigusamnings svonefndur kaupsamningur (með fyrirvara). Samningsdrög þessi koma frá aðalstefndu, en aðila greinir verulega á um það, hvers vegna þau voru lögð fram með svo breyttum kjörum sem í þeim felast.

Aðalstefndu hafa hins vegar borið, að þeir hafi ætíð litið svo á, að kaupleigusamningurinn frá 15. apríl 1986 væri í fullu gildi, og bæri að miða við hann, ef samningsdrögin væru ekki undirrituð, enda væru þau aðeins nánari útfærsla á hinum fyrri. Sama skoðun kemur fram í framburði vitnanna Sævars Þórs Sigurgeirssonar og Péturs Valdimarssonar, sem sátu fundinn 25. apríl, þegar hin nýju samningsdrög voru lögð fram.

Aðalstefndu ítrekuðu með símskeyti, dags. 23. maí 1986, kröfu um, að staðið yrði við samninginn frá 15. apríl 1986, og kváðu bankaábyrgð vera til reiðu. Þá benda aðrar aðgerðir aðalstefndu við undirbúning að því að taka við rekstri Akurs hf. 1. maí, ekki til þess, að aðalstefndu litu svo á, að þeir hefðu rift samningnum.

Þá kemur einnig fram í fundargerð aðalfundar Akurs hf. frá 28. apríl 1986, að stjórn félagsins aflar til þess heimildar aðalfundarins, að gerður verði „kaupleigusamningur" við aðalstefndu um allt að 82% af hlutafé í Akri hf.

Þegar þessi atriði öll eru virt, er það álit dómsins, að aðalstefnanda hafi ekki tekist að sanna, að aðalstefndu hafi fallið frá rétti sínum samkvæmt kaupleigusamningnum frá 15. apríl 1986.

Á framhaldsaðalfundi Akurs hf. 15. ágúst 1986 var samþykkt að auka hlutafé í Akri hf. um 40.000.000,00 kr. án þess að gefa út jöfnunarhlutabréf fyrir eldra hlutafé. Í stjórn félagsins sátu þá enn þeir Jón Kr. Sólnes, Þórður Gunnarsson og Aðalgeir Finnsson.

Stjórn Akurs hf. var kunnugt um gerð kaupleigusamnings, og á aðalfundi þá skömmu áður hafði verið samþykkt heimild fyrir gerð hans. Eins og fyrr segir, bar stjórnarmönnunum þremur skylda til að efna samninginn.

Þetta gerðu þeir ekki. Ákvörðun um hlutafjáraukningu var því ólögmæt gagnvart aðalstefndu. Telja verður því, að aðalstefnandi hafi borið ábyrgð á hlutafjáraukningunni gagnvart aðalstefndu.

Þær réttaraðgerðir aðalstefndu að beina kröfu sinni um lögbann við fyrirhugaðri hlutafjáraukningu í Akri hf. bæði gegn hinum áðurnefndu stjórnarmönnum Akurs hf. persónulega svo og fyrir hönd félagsins voru því lögmætar að mati dómsins.

Af framangreindu leiðir, að aðalstefnandi á ekki bótarétt á hendur aðalstefndu vegna lögbannsaðgerðarinnar.

Dómurinn telur, að aðalstefnandi hafi ekki sýnt fram á, að aðgerðir aðalstefndu hafi valdið aðalstefnanda álitshnekki og tjóni umfram það, sem eðlilegt verður að teljast, að leiði af lögmætum réttarvörsluaðgerðum aðalstefndu. Ber því að sýkna aðalstefndu af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Kyrrsetning, sem fram fór 11. október 1986 á eignum aðalstefndu, skal niður falla.

Við munnlegan málflutning kom fram sú krafa frá aðalstefndu, að þeir Jón Kr. Sólnes, Aðalgeir Finnsson og Þórður Gunnarsson yrðu dæmdir „in solidum" til greiðslu málskostnaðar í máli þessu, sbr. 114. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Af hálfu aðalstefnanda var þessari kröfu mótmælt.

Skiptaréttur Akureyrar samþykkti 24. febrúar 1987 að heimila Aðalgeiri Finnssyni, Jóni Kr. Sólnes og Þórði Gunnarssyni að halda áfram bæjarþingsmálinu nr. 871/1986, Akur hf. gegn Jóni R. Högnasyni og Helga B. Helgasyni og gagnsök, á þeirra kostnað, eins og segir í endurriti úr skiptabók Akureyrar.

Eins og bókun er háttað í skiptabók, verður að telja, að þrotabúið hafi tekið að sér aðild málsins. Verður því málskostnaður ekki dæmdur á hendur fyrrgreindum aðilum persónulega, heldur þrotabúinu.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu og með tilliti til hagsmuna, sem raunverulega er deilt um í málinu, ber aðalstefnanda að greiða aðalstefndu 350.000,00 kr. í málskostnað í aðalsök.

Niðurstaða í gagnsök.

Miðað við niðurstöðu í aðalsök var kyrrsetning sú, sem fram fór á eignum gagnstefnenda 11. október 1986, ólögmæt frá öndverðu. Verður því að fallast á kröfu gagnstefnenda um skaðabætur vegna gerðarinnar, enda eru skilyrði skaðabóta fyrir hendi, sbr. 24. gr. l. nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann.

Gagnstefnendur önnuðust veitingarekstur á Akureyri og gera enn. Ekki hafa verið lögð fram í málinu nein gögn, sem sýna fjártjón gagnstefnenda vegna gerðarinnar.

Til þess ber að líta, að krafa um kyrrsetningu hljóðaði upp á 6.000.000,00 kr., og voru allar eignir gagnstefnenda, svo sem fasteign, bifreið og lausafé til veitingareksturs, að mati 3.683.000,00 króna, kyrrsettar. Kyrrsetningin hefur nú varað í rúmlega eitt ár.

Samkvæmt framburði gagnstefnanda Helga B. Helgasonar hér fyrir dómi má ætla, að gagnstefnendur hafi orðið fyrir einhverjum lánstraustsspjöllum vegna gerðarinnar svo og miska, og eru löglíkur fyrir því.

Dómurinn telur, þegar þessi atriði eru virt, að hæfilegar bætur til handa gagnstefndu vegna ólögmætrar kyrrsetningar á eignum þeirra nemi 300.000,00 krónum ásamt þeim vöxtum, sem krafist er í gagnsök.

Þá ber gagnstefnda að greiða gagnstefnendum 60.000,00 kr. í málskostnað í gagnsök.

Með úrskurði bæjarþings Akureyrar 12. júní 1987 vék hinn reglulegi dómari, Elías I. Elíasson, bæjarfógeti á Akureyri og Dalvík og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, sæti í máli þessu. Með bréfi, dags. 5. ágúst 1987, var Valtýr Sigurðsson héraðsdómari skipaður setudómari á Akureyri til að fara með málið, og kvað hann upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Jón Rafn Högnason og Helgi B. Helgason, skulu sýknir af kröfum aðalstefnanda, þrotabúi Akurs hf.

Kyrrsetning, er fram fór 11. október 1986 á eignum aðalstefndu, skal niður falla.

Aðalstefnandi greiði aðalstefndu 350.000,00 kr. í málskostnað.

Gagnstefndi, þrotabú Akurs hf., greiði gagnstefnendum, Jóni Rafni Högnasyni og Helga B. Helgasyni, kr. 300.000,00 ásamt dómvöxtum frá 10.11.1986 til 14.4.1987, en hæstu innlánsvöxtum skv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags auk 60.000,00 króna í málskostnað.

Dæmdar fjárkröfur eru aðfararhæfar innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 155/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Skúla Helga Skúlasyni.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Með ákæru, sem gefin var út 2. desember 1988, var höfðað opinbert mál gegn Skúla Helga Skúlasyni fyrir sakadómi Reykjavíkur fyrir nauðgun og stórfellda líkamsmeiðingu með því að hafa aðfaranótt 6. september 1988 ráðist á konuna K og þröngvað henni til samfara með hrottafengnu ofbeldi, „m.a. veitt henni svo þungt högg í kvið hennar, að af hlaust lífshættulegur áverki í kviðarholi, dreifð lífhimnubólga og rof eða gat á görn". Í ákærunni eru brotin talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Krafist var refsingar, bóta og greiðslu sakarkostnaðar.

Dómur sakadóms var kveðinn upp 29. desember 1988 af Sverri Einarssyni sakadómara. Var ákærði sekur fundinn af ákæruatriðunum og dæmdur á grundvelli þeirra lagaákvæða, sem fyrr eru tilgreind, til að sæta fangelsi í 4 ár og 6 mánuði að frá dregnum 14 dögum, er hann hafði setið í varðhaldi. Hafði þá verið tekið tillit til þess, að ákærði hafði fengið reynslulausn 23. janúar 1987, er hann átti eftir óafplánaða 405 daga fangelsisrefsingu vegna annarra brota. Ákærði var að auki dæmdur til greiðslu bóta og sakarkostnaðar.

Fyrir sakadómi lágu ýmis gögn, þar á meðal þessi læknisvottorð um K:

1. Vottorð Jóhannesar M. Gunnarssonar, sérfræðings í almennum skurðlækningum við Borgarspítalann í Reykjavík, dagsett 13. september 1988. Þar segir m.a.: ... Við skoðun við komu á Borgarspítalann að kvöldi hins 6.9. hefur hún öll einkenni um dreifða lífhimnubólgu. Ómskoðun af kvið sýnir merki um frían vökva í kviðarholi. Hún er illa haldin af verk. Tekin til aðgerðar þá þegar,

og kemur í ljós, að sjúklingur hefur hlotið rof eða fengið gat á görn. Greinilega er mar á görninni þar í námunda, og virðist sem um áverka sé að ræða ...“

2. Vottorð Jóhönnu Jónasdóttur, aðstoðarlæknis á kvennadeild Landspítalans, dagsett 16. september 1988. Segir þar, að K hafi komið á deildina 6. september s.á. „fyrir beiðni lækna slysadeildar Borgarspítalans til að fjarlægja tampon úr leggöngum sjúklings, sem ég og framkvæmdi“.

3. Vottorð Jóhönnu Jónasdóttur 26. september 1988, þar sem nánar er sagt frá afskiptum hennar af K 6. september.

4. Vottorð Árna Björnssonar, yfirlæknis á lýtalækningadeild Landspítalans, dagsett 19. desember 1988. Segir þar, að yfirlæknirinn hafi haft K til meðferðar um nokkurra ára skeið vegna bílslyss 1979. Hafi hún í slysinu hlotið fjölda áverka, sem nánar er lýst, þar á meðal er getið um áverka á kviðarholi.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í Hæstarétti, ber skv. 1. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, nauðsyn til að afla læknisvottorða og síðan hugsanlega annarra gagna um:

1) hugsanlega ytri áverka á líkama áðurnefndrar konu eftir mök ákærða við hana 6. september 1988,

2) líkur á því, að gat á görn, sem lýst er í vottorði Jóhannesar M. Gunnarssonar, hafi getað stafað af öðru en höggi á kvið konunnar, og komi þá fram, hvort fyrri meiðsli hennar eða samfarirnar sjálfar hafi getað haft þýðingu í því sambandi,

3) annað, sem framanskráð kann að gefa tilefni til.

Ályktarorð:

Rétt er að afla gagna samkvæmt framanskráðu.

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 305/1989. **Elín Þ. Bjarnadóttir,**
Eydís Bjarnadóttir,
Guðni Hans Bjarnason,
Konráð Bjarnason,
Kristinn Bjarnason,
Kristófer Bjarnason,
Valgerður Bjarnadóttir og
Þóra Lilja Bjarnadóttir
gegn
Bjarna Má Jenssyni,
Rafnari Jenssyni og
Þórunni Jensdóttur og
skiptaráðandanum í Árnessýslu og
Gísla Baldri Garðarssyni
skiptaforstjóra.

Kærumál. Skipti. Erfðaskrá. Frávísun frá skiptarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðilar hafa samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar með kæru 28. júní 1989 frávísunarþætti úrskurðar skiptaréttar Árnessýslu 29. apríl 1989. Var málsaðilum fyrst gert kunnugt um niðurstöðu hins kærða úrskurðar, er þeim var sent endurrit hans 13. júní 1989. Gögn málsins bárust Hæstarétti 4. ágúst 1989.

Í kæru gerir lögmaður sóknaraðila eftirfarandi dómkröfur: „að úrskurði um frávísun varakrafna sóknaraðila verði hrundið og lagt fyrir skiptaráðanda að leggja efnisúrskurð á þann þátt málsins og að mér verði dæmdur hæfilegur kærumálskostnaður að við bættum lögboðnum söluskatti og að málskostnaðarupphæðin skuli bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sem leggist við höfuðstól dæmds málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir dómsuppsögu“.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

I.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að berlega liggi fyrir afstaða skiptaforstjóra um alla þætti varakrafna þeirra og hafi hann hafnað þeim í raun, en allar sáttatilraunir hans reynst árangurslausar. Hvað sem því líði, geti skiptaráðandi ekki reist niðurstöðu sína um alla liði varakrafna þeirra á því, að ekki liggi fyrir endanleg afstaða skiptaforstjóra „um mörg þessara atriða ...“. Þá sé það ekki nauðsynlegt skilyrði þess, að krafist verði úrskurðar skiptaréttar um ágreiningsefni, að skiptaforstjóri hafi leitað um þau sátta, þótt almennt megi það teljast heppilegt og eðlilegt. Telja sóknaraðilar, að varnaraðilar og/eða skiptaforstjóri geti ekki takmarkað úrlausnarefni skiptaréttar og komið þannig í veg fyrir, að þeir leiti réttar síns. Telja þeir, að skiptaforstjóra hafi borið að vísa umræddum ágreiningsefnum til úrlausnar skiptaréttar. Þar sem hann hafi ekki gert það, hafi sóknaraðilar rétt til þess sjálfir. Telja sóknaraðilar ljóst, að ekki verði hjá úrskurði skiptaréttar um ágreiningsmálin komist og því beri skiptarétti að mæla að því leyti fyrir um framkvæmd skiptanna.

II.

Í forsendum hins kærða úrskurðar hefur skiptaráðandi að hluta tekið afstöðu til atriða, sem fólgin eru í þeim varakröfum sóknaraðila, sem vísað var frá skiptarétti. Aðrar varakröfur sóknaraðila beinast m.a. að því, hvaða eignir skuli koma til skipta, kröfum í dánarbúið og framkvæmd skiptanna. Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, er reifun þeirra áfátt. Þykir því, eins og á stendur, ekki rétt að hagga niðurstöðu skiptaráðanda um frávísun að þessu leyti. Er skiptaráðanda rétt að setja skiptaforstjóra hæfilegan frest til að fjalla um þessi ágreiningsefni, en taka þau síðar til úrlausnar í sérstökum skiptaréttarmálum, ef þörf krefur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunarþáttur úrskurðar skiptaréttar Árnessýslu 29. apríl 1989 á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Árnessýslu 29. apríl 1989.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 6. apríl 1989, var þingfest 8. september 1988.

Sóknaraðilar eru Elín Þ. Bjarnadóttir, Eydís Bjarnadóttir, Guðni Hans Bjarnason, Konráð Bjarnason, Kristófer Bjarnason, Valgerður Bjarnadóttir og Þóra Lilja Bjarnadóttir, en þau eru systkin og lögerfingjar Rafns Bjarnasonar, fyrrum bónda í Þorkelsgerði í Selvogi, sem andaðist 31. ágúst 1986.

Varnaraðilar eru þau Bjarni Már Jensson, Rafnar Jensson og Þórunn Jensdóttir, en þau eru systurbörn Rafns Bjarnasonar.

Lögmaður sóknaraðila lýsir dómkröfum umbj. sinna svo:

„Fyrir réttinum gera sóknaraðilar eftirfarandi kröfur á hendur varnaraðilum,

aðallega: að erfðaskrá Rafns Bjarnasonar, nnr. 7127-4934, kt. 290325-5529, er lést 31. ágúst 1986 og síðast var til heimilis að Þorkelsgerði, Selvogshreppi, Árnessýslu, sem gerð var 26. júní 1986, verði dæmd marklaus og ógild með öllu,

til vara: að erfðaskrá Rafns Bjarnasonar verði dæmd marklaus og ógild, að því er varðar ráðstöfun jarðarparts í Þorkelsgerði, Selvogshreppi, Árnessýslu, og eyðibýlisins Eimu, Selvogshreppi, Árnessýslu. Enn fremur verði dæmd ógild fyrirmæli hans um slátrun búfjár og að það verði ekki selt öðrum, svo og tilnefning executor testamenti. Einnig verði dæmd ólögmæt sú framkvæmd skiptaforstjóra að slátra öllum skepnum á bújörðinni öðrum en hestum,

að erfðaskráin verði dæmd gild að öðru leyti, en skýrð og framkvæmd þannig:

að jarðarparturinn í Þorkelsgerði og eyðibýlið Eima skuli renna til lögerfingja, en að bréferfingjarnir Bjarni Már Jensson og Rafnar Jensson hljóti þess í stað aðallega arf úr dánarbúinu í peningum samsvarandi fasteignamati jarðarpartanna, en til vara verði sú fjárhæð greidd þeim frá lögerfingjum,

að arfleifandi hafi með erfðaskránni einungis ráðstafað 1/3 hluta skepna sinna, annarra en hesta, eða andvirði þeirra til Þórunnar Jensdóttur, en að öðru leyti falli það til lögerfingja,

að orðið „systkin" í setningunni: „Þó mega þau systkinin halda þeim skepnum, sem þau vilja," — verði skýrt sem systkin arfleifanda,

að orðið „bræðranna" í setningunni: „Peningaeignir, ef einhverjar verða, renna til bræðranna að jöfnu" — verði skýrt sem bræður arfleifanda,

að orðið peningaeignir verði skýrt þannig, að það nái einungis til reiðufjár og innstæðna hjá innlánsstofnunum, þ.m.t. innlánsdeild og á viðskiptareikningi hjá Kaupfélagi Suðurnesja, aðallega á því tímamarki, er

erfðaskráin var gerð, en til vara, er arfleifandi lést, en ekki aukningar eftir það úr öðrum eignum,

að fullvirðisréttur og förgunarbætur samkvæmt lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu á búvörum, og skv. reglugerð nr. 406/1986 séu eigi (sic) talin meðal eigna dánarbús arfleifanda, þó aldrei umfram eignarhlutdeild hans í jörðinni Þorkelsgerði, og því slegið föstu, að arfleifandi hafi ekki ráðstafað þessum réttindum að því marki, sem þau kunna að hafa verið hans eign, með erfðaskránni,

að bréferfinginn Ragnar fái í arf öll hey á eyðibýlinu Eimu og hesta, sem hann hefur tekið við,

að allar vélar og tæki fylgi jörðinni Þorkelsgerði, eins og verið hefur,

að dánarbúið greiði lögerfingjum ábúðarleigu fyrir árin 1980 til 1985, 60.000,00 kr. á ári í 6 ár, samtals 360.000,00 kr., og fyrir árið 1986 60.000,00 kr., allt að frá dregnum 45.000,00 kr., sem greiddar voru árið 1985, alls 315.000,00 kr., með eftirgreindum dráttarvöxtum:

45%	af 255.000,00 kr. frá	1. 1.1986	til 1. 3.1986,
33%	af 255.000,00 kr. frá	1. 3.1986	til 1. 4.1986,
27%	af 255.000,00 kr. frá	1. 4.1986	til 1.12.1986,
27%	af 315.000,00 kr. frá	1.12.1986	til 1. 3.1987,
30%	af 315.000,00 kr. frá	1. 3.1987	til 1. 6.1987,
33,6%	af 315.000,00 kr. frá	1. 6.1987	til 1. 7.1987,
36%	af 315.000,00 kr. frá	1. 7.1987	til 1. 8.1987,
40,8%	af 315.000,00 kr. frá	1. 8.1987	til 1. 9.1987,
42%	af 315.000,00 kr. frá	1. 9.1987	til 1.10.1987,
43,2%	af 315.000,00 kr. frá	1.10.1987	til 1.11.1987,
45,6%	af 315.000,00 kr. frá	1.11.1987	til 1.12.1987,
49,2%	af 315.000,00 kr. frá	1.12.1987	til 1. 1.1988,
51,6%	af 315.000,00 kr. frá	1. 1.1988	til 1. 3.1988,
45,6%	af 315.000,00 kr. frá	1. 3.1988	til 1. 5.1988,
44,4%	af 315.000,00 kr. frá	1. 5.1988	til 1. 7.1988,
52,8%	af 315.000,00 kr. frá	1. 7.1988	til 1. 8.1988,
56,4%	af 315.000,00 kr. frá	1. 8.1988	til 1. 9.1988,
49,2%	af 315.000,00 kr. frá	1. 9.1988	til 1.10.1988,
33,6%	af 315.000,00 kr. frá	1.10.1988	til24.10.1988,

en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Gerð er sú krafa, að úrskurðað verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1987.

Bæði í aðal- og varakröfu er þess krafist, að varnaraðilar verði in solidum dæmd til að greiða sóknaraðilum málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að við bættum lögboðnum söluskatti og að málskostnaðarupphæðin

skuli bera dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðarins til greiðsludags. Gerð er og sú krafa, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist á til dæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum eftir uppsögu úrskurðarins.“

Lögmaður varnaraðila lýsir dómkröfum umbjóðenda sinna svo:

„Ég flyt mál þetta f.h. varnaraðila og geri þær réttarkröfur,

að kröfu sóknaraðila um, að erfðaskrá Rafns Bjarnasonar, nnr. 7127-4934, kt. 290325-5529, sem gerð var 26. júní 1986, verði dæmd marklaus og ógild með öllu, verði hrundið og að úrskurðað verði, að varnaraðilar, þ.e. Þórunn, Rafnar og Bjarni Már Jensbörn, séu erfingjar að öllum eignum, er hinn látni lét eftir sig, er hann lést 31. ágúst 1986.

Þá er þess krafist, að öllum varakröfum sóknaraðila verði vísað frá réttinum.

Til vara er þess krafist, að varakröfum sóknaraðila verði hafnað.“

— — —

V.

Í máli þessu liggur fyrir, að 26. febrúar 1986 gerði Rafn Bjarnason erfðaskrá þá, sem um er þrætt í málinu.

Sá ágalli, að arfleiðsluvottarnir tilgreina ekki heimilisfang sitt, hefur ekki valdið sönnunarerfiðleikum í málinu, og er ekki um ófrávíkjanlegan formgalla að ræða.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að framangreind erfðaskrá fullnægi ekki formskilyrðum 42. gr. erfðalaga, nr. 8, 1962. Samkvæmt þessu ber að hafna aðalkröfu sóknaraðila um, að erfðaskrá Rafns Bjarnasonar verði dæmd marklaus og ógild með öllu.

Þá liggur fyrir að fjalla um þann þátt aðalkröfu varnaraðila, sem lýtur að frávísun á varakröfu sóknaraðila.

Eins og varakröfu sóknaraðila er háttað, verður að telja, að í henni felist krafa um, að skiptaráðandi úrskurði um ýmis ólík atriði varðandi framkvæmd skipta dánarbús Rafns Bjarnasonar. Í málinu liggur ekki fyrir endanleg afstaða skiptaforstjóra um mörg þessara atriða né að hann hafi leitað sátta með málsaðilum um úrlausn þeirra.

Það er hlutverk skiptaforstjóra að skipta dánarbúi, og er skiptaráðandi ekki bær um að mæla fyrir um framkvæmd skiptanna nema um þau atriði, sem skýrt liggur fyrir, að skiptaforstjóri geti ekki ráðið til lykta.

Samkvæmt framanrituðu þykir verða að vísa varakröfu sóknaraðila, eins og hún liggur fyrir, frá skiptaréttinum.

Loks liggur fyrir að fjalla um gagnkröfu varnaraðila, þ.e., að úrskurðað verði, að þau Bjarni Már, Þórunn og Rafnar séu erfingjar að öllum eignum Rafns Bjarnasonar.

Í 1. gr. erfðaskrár Rafns er talið upp, hverjar séu eignir hans. Þegar 2. gr. erfðaskrárinnar er skýrð í samræmi við 1. grein hennar, þykir verða að telja, að orðin „að eigum mínum“ eigi við um þær eignir, sem taldar eru í 1. grein, og að með erfðaskránni hafi Rafn Bjarnason viljað ráðstafa öllum eigum sínum, en að sjálfsögðu ekki eignum annarra. Þar sem vísað er til „bræðranna“, án þess að nánar sé tilgreint, við hvaða bræður sé átt, eru ekki efni til þess að skýra öðruvísi en svo, að átt sé við þá bræður, sem áður höfðu verið nefndir í erfðaskránni, þ.e. þá Bjarna Má og Rafnar. Orðalagið: „Þó mega systkinin halda þeim skepnum, sem þau vilja,“ — verður ekki skýrt öðruvísi en um sé að ræða þau systkinin Bjarna Má, Þórunni og Rafnar, sem áður eru nefnd í erfðaskránni.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til vættis Gísla Baldurs Garðarssonar hrl. ber að telja, að varnaraðilar, þau Þórunn, Rafnar og Bjarni Már, séu erfingjar að eigum Rafns Bjarnasonar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðinn kvað upp Sigurður Jónsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu.

Úrskurðarorð:

Hafnað er aðalkröfu sóknaraðila um, að erfðaskrá Rafns Bjarnasonar verði dæmd marklaus og ógild með öllu, og eru þau Bjarni Már, Þórunn og Rafnar Jensbörn erfingjar að eigum Rafns Bjarnasonar.

Varakröfu sóknaraðila er vísað frá réttinum.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 184/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Gunnlaugi Marteini Símonarsyni
(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðir. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1989 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til „þyngingar á refsingu og lengingar ökuleyfissviptingar". Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti féll ríkissaksóknari frá kröfu um lengingu ökuleyfissviptingar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara með skírskotun til forsendna hans. Atferli ákærða varðaði við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., þágildandi umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga,nr. 50/1987, sem dæma ber eftir samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með hliðsjón af 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 28.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 14 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa. Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. laga nr. 50/1987 þykir ökuleyfissvipting ákærða réttilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Jafnframt er ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Símonarson, greiði 28.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 14 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1988.

Ár 1988, mánudaginn 14. nóvember, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 663/1988: Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi Marteini Símonarsyni, sem tekið var til dóms 11. nóvember 1988.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. janúar 1988, gegn ákærða, „Gunnlaugi Marteini Símonarsyni, Hábergi 4, Reykjavík, fæddum 29. júní 1952, í Keflavík, fyrir að aka laugardaginn 11. október 1986 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 12548 stuttan spöl á Botnsheiði í Ísafjarðarsýslu, þar til lögregla stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1979, 13/9 í Reykjavík. Sátt: 120.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Ökuleyfissv. í 12 mán. frá 21.8 1979.

Samkvæmt skýrslu Gísla B. Árnasonar lögregluvarðstjóra eru atvik málsins á þessa lund:

Laugardaginn 11.10 1986 klukkan 23.22 var undirritaður á leið frá Suðureyri á lögreglubifreiðinni Í 1101 ásamt lögreglumanni nr. 17, og vorum við komnir upp í miðja Botnsheiði á leið til Þingeyrar. Veittum við þá athygli bifreiðinni G 12548 á miðjum veginum fyrir framan okkur, og spólaði hún á hálku. Höfðum við tal af ökumanni, sem kvaðst heita Gunnlaugur Símonarson, Hábergi 4, Reykjavík. Er verið var að ræða við ökumann, fundum við mjög sterkan áfengisþef leggja frá vitum hans. Færðum við hann þá yfir í lögreglubifreiðina, þar sem hann viðurkenndi að hafa neytt áfengis. Einnig voru farþegar bifreiðarinnar, þeir Geir Mikael Antonsson, Borgarbraut 41, Borgarnesi, og Níels Jörgensson, Nuuk, Grænlandi, færðir yfir í lögreglubifreiðina og ekið yfir á Ísafjörð. Í samtali við

Gunnlaug Símonarson kom fram, að hann hefði verið nýbúinn að taka við stjórn bifreiðarinnar úr höndum Geirs Bjarnasonar og verið búinn að aka um 100 metra, þegar lögreglan kom. Hann kvaðst hafa tekið við stjórn bifreiðarinnar vegna þess, að honum fannst Geir Bjarnason ekki vera nógu klár að aka í hálku, en ekki ætlað að aka bifreiðinni, aðeins að koma henni yfir hálkukaflann.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði 18. október 1986 var eftirfarandi skráð eftir ákærða um atvik máls þessa:

„Þennan umræddda dag, hinn 11.10. '86, um kl. 16-17 samdi ég um það við eiganda bifreiðarinnar G 12548, Óla K. Ólsen, að fá bifreiðina að láni, en ætlunin var að fara til Ísafjarðar einhvern tíma síðar þennan dag.

Það var síðan um kvöldið um kl. 21.45, að ég hafði fengið bílstjóra á bifreiðina, en sjálfur var ég drukkinn. Bílstjóri þessi var Geir Bjarnason. Ég spurði hann, hvort hann væri ódrukkinn og hvort hann væri til í að aka mér og félögum mínum til Ísafjarðar.

Við fórum síðan í bifreiðina ásamt þeim Geir Antonssyni og Níels Jörgenssyni. Farið var fyrst á bensínstöð á Suðureyri og tekið þar bensín á bifreiðina. Síðan var lagt af stað til Ísafjarðar, og ók Geir Bjarnason. Gekk ferðin vel, þar til við vorum komnir áleiðis upp Botnsdalinn á stað rétt ofan við svonefnt Leiti. Þar var orðin talsverð hálka og bifreiðin illa útbúin til aksturs við slíkar aðstæður. Er þarna var komið, komst bifreiðin ekki lengra og spólaði. Varð ég þá var við bifreið, sem kom á eftir okkur upp dalinn, og sá, að við yrðum hindrun fyrir akstur þeirrar bifreiðar. Ég sat í framsæti við hlið ökumanns. Þar sem ég var mjög illa skóaður til að ganga í hálku, eins og þarna var, sagði ég við hina að fara út úr henni og ýta bifreiðinni út af. Sjálfur færði ég mig til og settist undir stýri bifreiðarinnar, sem hafði vél í gangi, og stýrði henni áfram og út í vegarkantinn.

Ég notaði ekki vélarkraft bílsins, heldur ýttu þeir hinir bifreiðinni."

Frekar spurður um þetta atriði svarar ákærði:

„Ég er ekki viss um, hvort ég gerði tilraun til þess að aka bifreiðinni, en ég vissi, að ekki væri unnt að aka lengra vegna hálkunnar. Það getur verið, að ég hafi þarna spólað eitthvað, en ég er viss um, að bíllinn hreyfðist ekki vegna eigin vélarafls, heldur vegna þess, að honum var ýtt.

Á meðan á þessu stóð, kom síðan bifreiðin, sem ég hafði séð til skömmu áður. Reyndist þetta vera lögreglubifreið, og komu lögreglumenn að bílnum, þar sem ég sat undir stýri, og óskuðu eftir, að ég kæmi í lögreglubifreiðina, sem ég síðan gerði, en var skömmu síðar fluttur ásamt félögum mínum til Ísafjarðar og þar tekið úr mér blóðsýni til alkóhólrannsóknar."

Aðspurður um áfengisneyslu skýrir ákærði svo frá:

„Ég byrjaði að drekka um miðjan daginn og var að drekka allt fram

að því, að lögreglan kom að mér. Ég drakk ekki mikið þennan tíma, en hafði átt tvær viskýflöskur, þegar ég byrjaði, og var eitthvað eftir í annarri, þegar lögreglan kom að mér. Ég hef örugglega ekki drukkið þetta allt einn, heldur ásamt kunningjum mínum. Ég var orðinn nokkuð ölvaður, þegar ég settist undir stýri, og fann talsvert til áfengisáhrifa.

Aðfaranótt laugardagsins 11.10. var ég á sjó og hef þá sofið mjög lítið. Ég kom í land upp úr hádegi og svaf ekki neitt, þar til ég byrjaði áfengisneyslu."

Ákærði kom fyrir dómþing sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Höllu Bachmann Ólafsdóttur dómarafulltrúa 4. janúar 1988, en ríkissaksóknari hafði fyrir sitt leyti samþykkt, að málinu yrði lokið með dómsátt. Á dómþinginu var eftirfarandi bókað eftir ákærða:

„Kærði kveðst hafa verið farþegi í bifreiðinni G 12548 hinn 11.10. 1986, þar sem henni var ekið upp Botnsheiði af Geir Bjarnasyni. Kærði kveður ofankomu hafa verið mjög slæma (sic) á þessum stað og bifreiðina ekki undir það búna. Kærði kveður bifreiðina hafa spólað og þeir þá tekið eftir annarri bifreið, sem á eftir kom. Þar sem þeir hafi gert sér ljóst, að hún kæmist ekki áfram, og þeir valdið henni hættu, ef þeir yrðu áfram á veginum, hafi Geir reynt að koma henni út í kantinn. Það hafi gengið erfiðlega og kærði þá boðist til að setjast undir stýri og bent hinum á að fara út og ýta, svo að auðveldara væri að koma bifreiðinni út í vegarkantinn við þessar erfiðu aðstæður. Kærði kveðst hafa verið illa skóaður og því ekki getað ýtt bifreiðinni. Hinir þrír hafi allir farið út og ýtt og hann reynt að koma bifreiðinni út á vegkantinn. Það hafi á endanum tekist, en þá hafi bifreiðin, sem þeir höfðu áður séð, komið þar að og reynst vera lögreglubifreið. Kærði kveðst hafa neytt áfengis, áður en hann tók við stjórn bifreiðarinnar. Sér hafi tekist að koma bifreiðinni út fyrir veg, þar sem hann var breiðari og sást til beggja átta. Þeir hafi ýtt bifreiðinni og hann stýrt, en ekki ekið henni. Kærði kveðst einungis hafa gert þetta, þar sem aðstæður hafi verið jafnerfiðar og hættulegar og raun ber vitni og bifreiðar manna í hættu, m.a. þeirra, sem á eftir komu. Kærði kveðst aldrei hafa sest undir stýri, ef hann hefði ekki verið jafnilla skóaður og ófær um að ýta bifreiðinni. Kærði kveðst ekki geta sætt sig við að ljúka málinu með dómsátt, sektargreiðslu og ökuleyfissviptingu, þegar litið sé til aðstæðna og hvaða hagsmunir hafi verið í húfi."

Ákærða var birt ákæran í málinu á dómþingi sakadóms 12. febrúar 1988. Skýrði hann þá frá því, að önnur bifreið hefði nálgast bifreið sína, og til þess að koma í veg fyrir slys, hefði hann sest upp í bifreið sína og stýrt henni út í vegarkantinn, en hinir ýtt henni, hann enda verið illa skóaður. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort vél bifreiðarinnar hefði verið í gangi eða ekki. Að öðru leyti vildi ákærði vísa til þess, sem hann hafði áður borið í málinu.

Vitnið Geir Bjarnason sendibifreiðarstjóri, Hjaltabakka 8, Reykjavík, skýrði meðal annars svo frá atvikum málsins hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði 18. október 1986:

„Laugardaginn 11.10. sl., einhvern tíma um kvöldmatarleytið, var ég beðinn að aka bílnum G 12548 til Ísafjarðar. Ég fór síðan síðar um kvöldið, á milli kl. 22 og 23, og sótti bílinn niður að höfn, ók að bensínstöð Esso og tók þar bensín o.fl. Síðan fór ég að verbúðinni hjá Freyju og sótti þangað þá Gunnlaug Símonarson, Geir Antonsson og Niels Jörgensson.

Eftir að þeir voru komnir í bílinn, lagði ég af stað til Ísafjarðar. Gekk ferðin vel, þar til við vorum komnir nokkuð upp Botnsdalinn eða nálægt svokölluðu Leiti. Þar var talsverð hálka, og byrjaði bíllinn að spóla og komst ekki lengra.

Gunnlaugur, sem sat við hlið mér frammi í bílnum, sagðist vera mjög illa skóaður og sagði okkur hinum því að fara út og reyna að ýta bílnum út af veginum. Þetta ætluðum við að gera, þar sem við sáum, að annar bíll var á leið upp dalinn, sem við vorum í, og við myndum hindra ferð hans. Gunnlaugur hafði reyndar skipt um sæti við mig þá nokkru áður og var búinn að aka um 50 - 100 metra, áður en við hinir fórum út úr bílnum til að ýta.

Reyndar hafði Níels farið úr bílnum, þegar við Gunnlaugur skiptum um sæti, og gekk með bílnum þennan spöl.

Við fórum síðan, eins og ég sagði, út og reyndum að ýta bílnum út af og vorum að því, er bíllinn, sem við höfðum séð áður, kom að. Reyndist þetta þá vera lögreglubifreið, og komu lögreglumennirnir að bílnum hjá okkur og færðu Gunnlaug undan stýri og yfir í lögreglubifreiðina.

Eftir að Gunnlaugur var kominn inn í lögreglubifreiðina, ýttum við hinir bílnum út í vegarkantinn."

Vitnið Geir Bjarnason kom fyrir dóm og staðfesti skýrslu sína hjá lögreglu. Vitnið kvað tilgang þeirra félaga hafa verið að ýta bifreiðinni út í vegarkantinn, svo að aðrar bifreiðar kæmust fram hjá. Ákærði sat við stýri bifreiðarinnar, og hún hreyfðist til, en vitnið þorði ekki að fullyrða, hvort vélin hefði verið í gangi.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði 18. október 1986 var framburður vitnisins Geirs Mikaels Antonssonar verkamanns, Grundarbraut 9, Ólafsvík, meðal annars á þessa lund:

„Ég byrjaði að drekka áfengi þennan dag um kl. 20.00, þá í verbúðinni, þar sem ég bý. Með mér þarna voru þeir Gunnlaugur Símonarson, Geir Bjarnason og Níels Jörgensson.

Síðar um kvöldið fórum við á bifreið Óla Olsens áleiðis til Ísafjarðar, og ók Geir Bjarnason bílnum. Þegar við vorum komnir upp Botnsdalinn nokkuð langt, var þar talsverð hálka, svo að bíllinnn komst ekki lengra og spólaði. Þegar svo var komið, skiptu þeir um sæti Gunnlaugur og Geir, Gunnlaugur

settist undir stýri. Gunnlaugur reyndi síðan að aka áfram, en ég man ekki hvort bíllinn hreyfðist eitthvað áfram, ég held ekki.

Við hinir þrír fórum síðan út úr bílnum og ýttum honum áfram, en Gunnlaugur sat undir stýri og stjórnaði bílnum. Hann reyndi að aka með, þegar við ýttum, en bíllinn spólaði. Okkur tókst að ýta bílnum nokkuð áfram, en vorum ekki búnir að ýta honum út í vegarkantinn, eins og ætlunin var, er lögreglubifreið kom að okkur."

Vitnið Geir Mikael var yfirheyrt hjá bæjarfógetafulltrúanum í Ólafsvík 13. september 1988, og var þá eftirfarandi bókað eftir vitninu:

„Vitnið kveðst lítið muna eftir atburðum. Þó kveðst það muna, að ákærði, Gunnlaugur Marteinn, ók bifreiðinni ekkert, áður en hún festist á heiðinni, en eftir að hún festist, hafi hann viljað reyna að losa hana með því að setjast undir stýri hennar og láta aðra, sem í henni voru, ýta henni. Vitnið segir bifreiðina hafa verið í gangi, þegar þetta var, en hún hafi í mesta lagi hreyfst nokkuð. Vitnið kveðst ekki muna, hversu langur tími leið, frá því að ákærði settist undir stýri bifreiðarinnar og þar til lögreglu bar þar að.

Vitnið kveðst ekki treysta sér til að segja til um það, hvort bifreiðin hafi hreyfst fyrir eigin vélarafli eða vegna þess, að henni var ýtt, eða hvort tveggja hafi komið til, þar sem langt sé um liðið, síðan atburðurinn varð.

Vitninu er nú kynnt skýrsla, sem það gaf fyrir lögreglu 18.10. 1986, og staðfestir það allt rétt, sem þar kemur fram, og undirritun sína undir hana."

Vitnið Niels Jörgensen (nú svo), Nuuk, Grænlandi, var yfirheyrt hjá rannsóknarlögreglunni á Ísafirði 18. október 1986. Vitnið skýrði meðal annars svo frá atvikum málsins:

„Þegar við vorum komnir nokkuð upp Botnsdalinn, var þar talsverð hálka, svo að bíllinn komst ekki lengra og spólaði.

Sá, sem sat frammi í við hlið bílstjórans, Geirs, var Gunnlaugur Símonarson. Hann vildi þarna fá að reyna að aka, og skiptu þeir um sæti Geir og Gunnlaugur. Ég fór þá út úr bílnum og gekk á eftir og ýtti á hann. Gunnlaugur reyndi síðan að aka í um 15 - 20 mínútur og hefur komist á að giska um 400 - 500 metra með því að spóla bílnum áfram. Eftir þennan spöl komst hann ekki lengra, og fóru þá hinir farþegarnir tveir einnig út úr bílnum, og ýttum við allir á bílinn.

Þegar við vorum síðan að ýta þarna, kom lögreglubifreið að, og vorum við allir færðir til Ísafjarðar, eftir að við höfðum ýtt bílnum út í vegarkantinn.

Ég vissi, að Gunnlaugur var drukkinn, enda hafði ég verið búinn að vera að drekka með honum fyrr um kvöldið á leiðinni í bílnum."

Vitni þetta hefur ekki verið yfirheyrt í dómi.

Vitnið Gísli B. Árnason lögregluvarðstjóri, Brautarholti 14, Ísafirði, kom fyrir dóm þar í bæ 13. apríl 1988 og staðfesti lögregluskýrslu sína í málinu. Að öðru leyti var framburður vitnisins á þessa lund:

„Vitnið kveðst muna allvel eftir atburði þessum. Sjálfstætt aðspurt (sic) lýsir vitnið atvikum á þá leið, að það hafi verið á leið frá Suðureyri til Þingeyrar ásamt Sturlu Páli Sturlusyni lögregluþjóni. Kveður vitnið snjólítið hafa verið í byggð, en uppi á heiði hafi verið ofankoma, en lítill snjór. Er vitnið og Sturla hafi komið að bifreið ákærða, hafi þrír menn verið að ýta bifreiðinni og einn setið undir stýri. Vitnið kveður bifreiðina hafa spólað í hálkunni og greinileg spólför hafa verið á allnokkrum kafla vegarins. Aðspurt kveður vitnið bifreiðina hafa verið í gangi, er þeir komu að henni. Vitnið kveður Sturlu Pál hafa gefið sig á tal við ökumann bifreiðarinnar og fært hann yfir í lögreglubifreiðina, þar sem vitnið var. Aðspurt kveðst vitnið hafa fundið greinilegan áfengisþef af ákærða og því hafi vitnið og Sturla Páll farið með ákærða og aðra farþega á lögreglustöðina á Ísafirði.

Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa veitt því athygli, hvernig ákærði var búinn til fótanna.

Kveðst vitnið vilja taka fram, að það hafi greinilega séð, er bifreiðin hreyfðist úr stað, er það og Sturla Páll komu að bifreiðinni upp Botnsheiði. Vitnið kveður sig hafa séð, er þeir voru að nálgast bifreiðina, að hún spólaði í hálkunni, og kveður vitnið bifreiðina hafa verið illa dekkjaða.

Vitnið Sturla Páll Sturluson héraðslögregluþjónn, Hjallabyggð 1, Suðureyri, skýrði þannig frá atvikum málsins við yfirheyrslu fyrir dómi á Ísafirði 18. apríl 1988:

„Vitnið kveðst muna allvel eftir atburði þessum. Skýrir vitnið svo frá, að það hafi verið á leið til Þingeyrar ásamt Gísla B. Árnasyni varðstjóra. Er þeir voru á leið frá Suðureyri, kveður vitnið þá hafa séð afturljós á bifreið uppi við svokallað Leiti á Botnsheiði, þegar þeir hafi verið staddir við Kvíanes, en þaðan sjáist upp að Botnsdal. Kveður vitnið, að greinilega hafi verið eitthvert „basl" á bifreiðinni, þar sem hún fór hægt og skrykkjótt yfir, og að greinilegt hafi verið, að oft var stigið á hemla umræddrar bifreiðar. Kveður vitnið, að þegar það og Gísli áttu u.þ.b. 200 metra ófarna að bifreiðinni, hafi greinileg spólför verið á veginum. Kveður vitnið, að þegar þeir hafi komið að bifreiðinni, hafi þrír menn verið úti við að ýta, og segir vitnið, að það hafi reyndar séð það, áður en að bifreiðinni var komið. Kveður vitnið, að bifreiðin hafi spólað mikið og að áðurgreindir þrír menn hafi verið að reyna að koma henni áfram, en þó gengið treglega. Vitnið kveður vaxandi hálku hafa verið á heiðinni, eftir því sem ofar dró. Vitnið segir, að sýnt hafi verið, að bifreiðin hefði ekki farið næstu 4 - 6 km upp á heiðina fyrir eigin vélarafli, þar sem hún var illa búin, að því er hjólbarða varðaði.

Vitnið kveður Gísla hafa stöðvað lögreglubifreiðina, og var þá bifreið ákærða á miðjum veginum og ekki hægt að komast fram hjá henni. Vitnið

kveðst hafa haft tal af ökumanni bifreiðarinnar og þekkt hann sem stýrimann af Sigurvon. Þar sem greinilegan áfengisþef lagi af Gunnlaugi, bað vitnið hann að koma yfir í lögreglubifreiðina, og talaði Gísli þar við hann. Á meðan kveðst vitnið hafa aðstoðað við að færa bifreið ákærða yfir á vegarkantinn. Vitnið kveður þá síðan hafa fært ökumann bifreiðarinnar og hina þrjá mennina til Ísafjarðar, og hafi þar sínum afskiptum af máli þessu verið lokið.

Aðspurður kveðst vitnið ekki hafa veitt því athygli, hvernig ákærði var búinn til fótanna."

Í sýni, sem tekið var úr blóði ákærða, fundust 1.74‰ alkóhóls.

Svo sem atvikum máls þessa hefur verið lýst hér að framan, verður talið sannað með vættum vitna, niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem og með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru er lýst og þar er færð til réttra refsiákvæða, sbr. nú umferðarlög, nr. 50/1987.

Refsing ákærða telst eftir atvikum öllum hæfilega ákveðin 20.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing varðhald tíu daga, verði sekt eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms.

Rétt þykir að svipta ákærða ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Marteinn Símonarson, greiði 20.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 10 daga, verði sekt eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, 20.000,00 krónur.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 185/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Árna Árnasyni
(Jón Magnússon hrl.).

Bifreiðir. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur skotið hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1989 að ósk ákærða og af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu og lengingar á ökuleyfissviptingu.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, er framburður ákærða varðandi drykkju eftir akstur hans 16. október 1987 á reiki. Bar hann fyrst, að hann hefði einungis neytt óáfengs öls, eftir að heim var komið, en síðar, að hann hefði blandað sterkum drykk í ölið. Frásagnir hans um þá blöndun eru einnig mismunandi, og samræmist síðasta skýrsla hans fyrir dómi um þetta ekki niðurstöðum rannsókna á alkóhólmagni í blóði hans og þvagi.

Þegar til þessa er litið og einnig höfð hliðsjón af fyrrgreindum niðurstöðum alkóhólrannsókna og skýrslum vitna, sem raktar eru í héraðsdómi, verður að telja fram komna sönnun fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni Y 14488, svo sem lýst er í ákæru, undir áhrifum áfengis, svo að varði við þau ákvæði umferðarlaga, nr. 50/1987, og eldri umferðarlaga, nr. 40/1968, sem vísað er til í ákærunni, en dæmt verður hér eftir núgildandi lögum, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 24.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa. Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða. Einnig er staðfest ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Árnason, greiði 24.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 10. janúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. janúar sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 14. júní 1988, „á hendur Árna Árnasyni, Álfhólsvegi 113, Kópavogi, fæddum 27. mars 1939, í Afríku, fyrir að aka föstudaginn 16. október 1987 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 14488 frá Kársnesbraut í Kópavog að heimili sínu, en þar hafði lögregla afskipti af ákærða stuttu síðar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að föstudaginn 16. október 1987 kom Árni Árnason, ákærði í máli þessu, á bensínafgreiðslu Shell á Kópavogshálsi. Þangað komu einnig tveir lögreglumenn, og veitti annar þeirra ákærða athygli, er hann gekk út úr bensínafgreiðslunni. Vegna áfengislyktar, sem lögreglumaðurinn kvaðst hafa fundið þar inni, og vegna ábendingar afgreiðslumannanna, sem þar voru, fóru lögreglumennirnir að heimili ákærða að Álfhólsvegi 113 og handtóku hann þar vegna grunar um ölvun við akstur. Var farið með hann á lögreglustöð, tók varðstjóri þar af honum skýrslu, síðan á Borgarspítala og þar tekið blóðsýni úr ákærða. Loks var farið með ákærða aftur á lögreglustöð, og lét ákærði þar í té þvagsýni og gaf þar loks skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar.

Samkvæmt varðstjóraskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu, viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni Y 14488 frá vinnustað sínum við Kársnesbraut og heim til sín. Samkvæmt skýrslunni var hann spurður að því, hvort hann hefði verið að drekka áfengi, og svaraði hann því: „Nei, aðeins pilsner." Þá kvaðst ákærði hafa drukkið Egils-pilsner og Carlsberg-bjór í vinnunni og heima, en þar hefði hann drukkið hálfa dós af Carlsberg-bjór, eftir að hann hætti að aka.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem lögð er fram í málinu á dskj. nr. 4, skýrði ákærði svo frá við skýrslutöku hjá rannsóknardeild kl. 18.52 sama dag, að hann hefði ekið bifreiðinni Y 14488 frá vinnustað sínum við Kársnesbraut að bensínafgreiðslu Shell á Kópavogshálsi, en þaðan hefði hann ekið heim. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis fyrir akstur bifreiðarinnar, en frá hádegi og þar til hann fór úr vinnunni, hefði hann drukkið einn Egils-pilsner og einn óáfengan Carlsberg-bjór. Hann hafi ekki neytt áfengis, eftir að akstri lauk, en fengið sér nokkra sopa af óáfengum Carlsberg-bjór, eftir að hann kom heim.

Ákærði kom fyrst fyrir dóm vegna máls þessa 9. mars 1988, og neitaði hann þá að hafa drukkið áfengi fyrir akstur, en eftir aksturinn hefði hann drukkið rúmlega hálft glas af blöndu af Carlsberg-bjór og tvöföldum viský.

Er ákærði kom fyrir dóm 22. september 1988, skýrði hann svo frá, að hann hefði komið á bensínstöðina á leið sinni heim úr vinnu umræddan dag. Hann kvaðst hafa mætt lögreglumanni, þegar hann var sjálfur á leið út úr bensínafgreiðslunni. Hann sagðist svo hafa ekið heim til sín. Hann hefði ekki drukkið áfengi fyrir akstur annað en léttan pilsner, sem seldur er í verslunum hér. Hann hefði unnið frá kl. 5.30 til kl. 14.30 hinn 16. október 1987 og ekki drukkið áfengi kvöldið áður eða um nóttina. Eftir að hann kom heim, kvaðst hann hafa hitað mat og fengið sér Carlsberg-bjór. Hann hefði helt viskýi út í bjórinn, ekki miklu, minna en í einföldum drykk. Þegar lögreglumennirnir komu, hefði verið örlítið eftir í glasinu, og hefði hann beðið þá að koma inn og athuga flöskuna og glasið, sem hann hefði drukkið úr. Lögreglumennirnir hefðu komið heim til hans u.þ.b. hálfri klukkustund, eftir að hann kom heim, en þá hefði hann verið búinn að borða og drekka úr heilu glasi. Hann mundi ekki, hvað klukkan var, þegar hann fór úr vinnunni, en líklega hefði klukkan verið hálffjögur eða fjögur. Hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í sama þinghaldi voru bornar undir ákærða lögregluskýrslur þær, sem getið er hér að ofan. Ákæri kvaðst ekki vita, hvers vegna það kæmi ekki fram í þessum skýrslum, að hann hefði drukkið áfengi, eftir að hann kom heim. Hann kvaðst líklega hafa misskilið spurningar lögreglumannanna.

Vitnið Björn Úlfarsson lögreglumaður kom fyrir dóminn og skýrði þá svo frá, að hann hefði fundið vínlykt á bensínafgreiðslunni, er hann var

þar staddur umræddan dag. Hann kvaðst hafa spurt tvo afgreiðslumenn, sem þar voru, af hverju þessi vínlykt væri, og hefðu þeir bent á ákærða, en lögreglumaðurinn kvaðst áður hafa mætt ákærða, þegar ákærði var á leið út. Ekki kvaðst vitnið hafa fundið vínlykt af ákærða. Þeir lögreglumennirnir hefðu farið heim til ákærða að Álfhólsvegi og verið komnir þangað u.þ.b. 6-7 mínútum, eftir að vitnið mætti ákærða í dyrunum á bensínafgreiðslunni. Þeir hefðu talað við ákærða við dyrnar, en hann hefði farið með þeim út í lögreglubílinn og síðan á lögreglustöð. Ákærði hefði sagt, að hann hefði drukkið pilsner eða útlendan bjór, eftir að hann kom heim, en ekki mundi vitnið eftir því, að ákærði hefði beðið þá að koma inn til að athuga glasið eða flöskuna, sem hann sagðist hafa drukkið úr. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áfengisáhrif á ákærða en fundið af honum áfengislykt. Vitnið og ákærði voru samprófaðir um þann tíma, sem hvor um sig hélt fram, að hefði liðið, frá því að ákærði kom heim og þar til lögreglan kom þangað, og náðist ekki samræmi í framburð þeirra.

Vitnið Jóhann Magnús Hafliðason lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið í lögreglubifreiðinni við bensínafgreiðsluna, þegar Björn Úlfarsson lögreglumaður fór þangað inn. Þegar Björn hafi komið út í bílinn aftur, hafi hann sagt, að áfengislykt hafi verið af manninum, sem þar hafi verið, en var þá farinn. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir þessum manni, en Björn hafi þekkt hann og vitað, hvar hann átti heima. Þeir hafi farið heim til mannsins og spurt hann, hvort hann hafi verið að koma heim og hvort hann hafi verið á bifreiðinni. Hann hafi svarað því játandi, en þeir hafi beðið hann að koma með sér út í lögreglubifreiðina, vegna þess að af honum hafi verið áfengislykt. Ekki kvaðst vitnið hafa séð önnur einkenni um áfengisáhrif á ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa farið inn til ákærða, en glas hefði staðið á borði þar inni með einhverjum drykk í, og hefði glasið verið u.þ.b. hálft. Vitnið kvaðst ekki hafa gengið úr skugga um það, hvað verið hefði í glasinu. Vitnið mundi ekki eftir, að ákærði bæði þá lögreglumennina að athuga, hvort hann hefði verið að drekka áfengi heima, en verið gæti, að hann hefði haft orð á þessu á lögreglustöðinni. Vitnið kvaðst hafa spurt ákærða í lögreglubifreiðinni, hvort hann hefði verið að drekka, en ákærði sagt, að hann hefði ekkert drukkið nema bjór, eftir að hann kom heim. Þá sagði vitnið, að akstur þeirra lögreglumannanna heim til ákærða hefði ekki tekið nema 3-4 mínútur, en þeir hefðu haft u.þ.b. 5 mínútna viðdvöl á bensínstöðinni.

Vitnið Eiríkur Tómasson rannsóknarlögreglumaður hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi verið kallaður út sérstaklega til að taka skýrslu af ákærða vegna máls þessa. Hann kvaðst muna eftir, að ákærði hefði við skýrslutöku neitað að hafa drukkið áfengi fyrir og eftir akstur. Vitnið kvaðst hafa bent ákærða á, að öndunarsýni og áfengislykt

bentu til, að hann hefði neytt áfengis, en ákærði neitað því alveg eindregið að hafa neytt áfengis, hvorki fyrir né eftir akstur, og hefði ákærði virst alveg skilja spurningar vitnisins. Vitnið sagði, að af ákærða hefði verið áfengislykt, en ekki sést á honum áfengisáhrif.

Vitnið Gróa Hákonardóttir hefur komið fyrir dóminn. Skýrði hún þá svo frá, að hún hefði unnið þarna á bensínafgreiðslunni, þegar atvik þau gerðust, sem hér að fram er lýst. Hún sagði, að ákærði hefði komið þar inn, en hann kæmi á bensínafgreiðsluna nokkuð reglulega. Lögreglumaður hefði svo komið, eftir að ákærði fór út, eða um það leyti, sem hann fór út. Lögreglumaðurinn hefði haft orð á því, að vínlykt væri þar inni, og tekið gosflösku, sem vitnið var með, og þefað af henni. Hún kvaðst hafa svarað lögreglumanninum því, að þau væru ekki að drekka í vinnunni. Hún kvaðst sjálf hafa fundið áfengislykt, en ekki komið svo nálægt ákærða, að hún gæti sagt til um, hvort lyktin væri af honum. Ekki kvaðst hún hafa séð nein áfengisáhrif á ákærða.

Vitnið Leó Ottósson afgreiðslumaður hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að ákærði hafi komið á bensínafgreiðsluna umræddan dag og tekið bensín, en vitnið kvaðst vinna þar. Lögreglumaður hafi komið þar inn, en þá hafi ákærði farið út. Lögreglumaðurinn hafi haft orð á því, að vínlykt væri þarna inni, en stúlkan, sem þarna vann einnig, hafi verið að drekka einhvern gosdrykk. Stúlkan hafi svarað því svo, að þau drykkju ekki áfengi í vinnunni. Vitnið kvaðst hafa fundið áfengislykt og taldi hana hafa verið af ákærða. Lyktin hafi verið greinileg og allt of sterk til þess, að hún hefði getað verið vegna neyslu á pilsner eða öli með sambærilegu alkóhólmagni. Ekki gat vitnið sagt til um, hvort önnur merki um áfengisneyslu hefðu verið sjáanleg á ákærða.

Vegna rannsóknar málsins beindi dómarinn þeirri fyrirspurn til rannsóknarstofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands, hvort unnt væri að segja til um alkóhólmagn í blóði ákærða, er hann ók bifreiðinni umræddan dag, en samkvæmt blóðtökuvottorði var blóðsýni tekið úr ákærða til alkóhólrannsóknar þann dag kl. 17.40 og þvagsýni nokkru síðar. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna mældist magn alkóhóls í blóði 1.05‰, en í þvagi 1.19‰. Í svarbréfi Þorkels Jóhannessonar, sem dags. er 9. desmeber sl. og lagt er fram sem dskj. nr. 6, segir m.a. að ef einhver vafi leiki á því, „hvert magn etanóls hafi verið í blóði 1-2 klst. áður en sýnið var tekið, er líklegt, að magn etanóls í þvagi, eins og það liggur fyrir í gögnum málsins, hefði getað verið svipað og það var þá í blóðinu".

Af hálfu ákærða hefur verið lögð fram skrifleg vörn, en þar er þess krafist, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun að mati réttarins.

Niðurstöður.

Ákærði hefur neitað því að hafa neytt áfengis fyrir akstur bifreiðarinnar Y 14488 16. október 1987. Samkvæmt vitnisburðum, sem liggja fyrir í málinu, fann lögreglumaðurinn, sem kom á bensínafgreiðsluna um það leyti, sem ákærði fór þaðan út, áfengislykt þar inni, og afgreiðslumaðurinn, sem þar var, taldi áfengislyktina hafa verið af ákærða og að lyktin hefði verið greinileg og of sterk til þess, að hún hefði getað verið vegna neyslu á pilsner eða sambærilegu öli. Niðurstöður úr alkóhólrannsókn á blóðsýni og þvagsýni úr ákærða svo og ályktun Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns rannsóknarstofu í lyfjafræði, þykja sýna, að alkóhólmagn í blóði ákærða hefði verið yfir 0.50‰ á þeim tíma, er hann ók bifreiðinni.

Ákærði hefur við yfirheyrslur fyrir dómi haldið því fram, að hann hafi einungis drukkið áfengi þennan dag, eftir að akstri lauk. Í því sambandi verður að líta til þess, að sá framburður er ekki í samræmi við skýrslur þær, sem hann gaf hjá lögreglu sama dag, en samkvæmt þeim skýrslum og framburði vitnisins Eiríks Tómassonar rannsóknarlögreglumanns kvaðst ákærði ekkert áfengi hafa drukkið, hvorki fyrir akstur né eftir að akstri lauk. Einnig ber að líta til þess, að samkvæmt vitnisburði lögreglumannanna fyrir rétti, þeirra Björns Úlfarssonar og Jóhanns Magnúsar Hafliðasonar, hafa aðeins liðið nokkrar mínútur, frá því að ákærði fór af bensínstöðinni og þar til lögreglumennirnir komu heim til hans. Með vísan til alls þessa verður því að teljast sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1966 28/6 Sátt: 400.00 kr. sekt f. brot g. 17. gr. og 50. gr. umfl.
1972 29/3 Dómur: Sýknaður af meintu broti g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl.
1976 10/2 Dómur: 12 daga varðhald f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 5. mgr. 45. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr., umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá d.b. 2/3 1976.
1981 18/11 Dómur: 4.500,00 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. umfl. og 1.mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 13/11 '80.
1983 12/12 Veitt ökuleyfi að nýju.

Ítrekunaráhrif fyrri brota eru fallin niður samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir þeim refsilagaákvæðum, sem sakfellt er fyrir, sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 16.000,00 kr., og komi

átta daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru og með vísan til þeirra lagaákvæða, sem þar er vitnað til, að svipta ákærða ökuréttindum, og þykir sviptingartími hæfilega ákveðinn fjórir mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 44.000,00 kr., þ.m.t. söluskattur.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Árnason, greiði sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 16.000,00 kr., og komi átta daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í fjóra mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl. samtals 44.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 402/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurjóni Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. október 1989. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. október 1989.

Ár 1989, mánudaginn 16. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Sigurjóni Péturssyni, atvinnulausum, með lögheimili að Engjaseli 72, hér í borg, en dvalarstaði að Suðurhólum 22 og Álfheimum 64, Reykjavík, kt. 11.04.64-4289, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Málavextir.

Kærði Sigurjón er grunaður um innbrot í Víkurskála, Vík í Mýrdal, ásamt Daníel Péturssyni og Jóni Hinriki Hjartarsyni aðfaranótt 13. október sl., en kærði hefur staðfastlega neitað því.

Kærði Daníel Jóhannes Pétursson, bróðir Sigurjóns, hefur borið, að þeir hafi farið austur, hann, Sigurjón og Jón Hinrik, aðfaranótt sl. föstudags, en áður tekið jeppabifreið af gerðinni Dodge Ramcharger, A 11191, á bílasölu við Borgartún, sem þeir hafi notað í ferðina. Þá hefur kærði Daníel borið, að hann hafi komist inn um glugga á skálanum, en síðan opnað fyrir Sigurjóni. Jón Hinrik hafi hins vegar að mestu verið úti í bíl. Á staðnum hafi þeir brotið upp peningaskáp og tekið með sér um 70.000,00 krónur í peningum.

Kærði Sigurjón hefur viðurkennt að hafa farið ásamt Jóni Hinriki á nokkrar bílasölur sl. fimmtudag og m.a. prófað bifreiðina A 11191. Kærði hefur hins vegar neitað að hafa tekið hana. Bifreiðin fannst í Hveragerði, en þar varð hún bensínlaus, er kærðu voru á leið í bæinn aftur.

RLR hefur nú undanfarið rannsakað fjölmörg innbrot, sem hafa verið með svipuðum hætti og innbrotið í Víkurskála, þar sem peningaskápar hafa ýmist verið fjarlægðir með verðmætum í eða brotnir upp á staðnum. Má þar nefna innbrot í KÁ, Þorlákshöfn, 2.10. sl., Laugarásbíó 5.10. sl., innbrot í vinnustofu Múlalundar, Hátúni 10 C, og verslunina Bonus, Faxafeni 14, hér í borg, 6.10.-8.10. sl. og innbrot í Skaftárskála, Kirkjubæjarklaustri, aðfaranótt 9.10. sl. Í þessum innbrotum hafa horfið umtalsverðir fjármunir, u.þ.b. 2.300.000,00 krónur, og að auki hafa miklar skemmdir verið unnar á vettvangi.

Kærði Sigurjón hefur margoft verið dæmdur fyrir hegningarlagabrot, m.a. fyrir þjófnað, skjalafals og fjársvik.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október nk. kl. 16.00, enda veruleg hætta á, að kærði spilli sakargögnum og hafi áhrif á samseka, haldi hann óskertu frelsi.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurjón Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 361/1989. **Guðmundur H. Jónsson**
gegn
Alþýðubankanum hf.,
þrotabúi Alviðru hf.
og
Má Péturssyni bæjarfógeta sem
þinglýsingardómara í Garðakaupstað.

Kærumál. Þinglýsing. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1989, sem hingað barst 19. september. Hann krefst þess, að neðangreindar „þinglýsingarathafnir verði úr gildi felldar og þinglýsingardómara gert að afmá þinglýsingu skjala" þeirra, er málið tekur til, „úr þinglýsingabókum Garðakaupstaðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila."

Varnaraðili, Alþýðubankinn hf., hefur sent Hæstarétti greinargerð, sem dagsett er 26. september 1989 og barst réttinum sama dag. Hann krefst þess aðallega, að kæru þessari verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að þinglýsing veðskuldabréfanna standi samkvæmt ákvörðun þinglýsingardómara. Hann krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Bú Alviðru hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 10. apríl 1989. Samkvæmt bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 3. október sl., sem barst Hæstarétti 5. október, eru af þess hálfu ekki gerðar kröfur í máli þessu.

Þinglýsingardómarinn í Garðakaupstað gerir ekki kröfur í málinu.

Lögmaður sóknaraðila lýsir málsatvikum sem hér segir:

„Með kaupsamningi, dags. 7. apríl 1986, keypti umbjóðandi minn ... af Alviðru hf. ... íbúð, merkta 11 B, á 2. hæð í hringlaga fjölbýlishúsi við Sjávargötu 1-15 í Garðabæ. Umræddur kaup-

samningur var síðan afhentur sýslumannsembættinu í Hafnarfirði til þinglýsingar 5. júní 1986, og var kaupsamningurinn merktur nr. 5874. Var hann innfærður í veðmálabækur 27. júlí 1986, og ber hann áritanir þinglýsingardómara um þetta.

Fyrir nokkrum dögum bar svo við, að umbjóðandi minn þurfti að fá veðbókarvottorð fyrir nefndri eign. Kom þá í ljós, að seljandi eignarinnar, Alviðra hf., hafði veðsett umrædda eign Alþýðubankanum hf. Er um að ræða þrjú veðskuldabréf á 1. veðrétti, hvert að fjárhæð 930.000,00 krónur. Voru þau öll móttekin 10. desember 1986 og merkt nr. 13343, 13344 og 13345, og jafnframt voru þau öll innfærð í veðmálabækur 11. desember 1986. Umbjóðanda mínum var að sjálfsögðu ekkert kunnugt um þessa veðsetningu, og hefur hann farið þess á leit við veðhafa, að veðsetningu þessari verði aflýst, en því hefur verið gersamlega hafnað af hans hálfu....“

Af öðrum gögnum máls kemur fram, að umrædd veðskuldabréf hafi hvert verið að fjárhæð 310.000,00 krónur og þau því samtals að fjárhæð 930.000,00 krónur.

Sóknaraðili heldur því fram, að Alviðru hf. hafi verið óheimilt að veðsetja umrædda eign, svo sem að framan greinir, og hafi þinglýsingardómara borið að vísa veðskjölum þessum frá.

Í 27. gr. þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, eru fyrirmæli um, hvernig með skuli fara, ef þinglýsingardómari verður þess áskynja, að færsla í fasteignabók sé röng eða mistök hafi orðið um þinglýsinguna ella. Ekki er fram komið, að sóknaraðili hafi neytt þeirra úrræða, sem lagagrein þessi veitir kost á. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Föstudaginn 20. október 1989.

Nr. 255/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Óskari Þorgeiri Þorgeirssyni
(Jón Bjarnason hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 19. júní 1989 og einnig af ákæruvaldsins hálfu „til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu". Við flutning málsins krafðist ákæruvaldið þess, að staðfest yrði ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakfellingu, en ákærða dæmd refsing, svo og, að ákærða yrði dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds og að allur kostnaður sakarinnar verði lagður á ríkissjóð.

Í hinum áfrýjaða dómi er skaðabótakrafa talin vanreifuð, og var henni vísað frá dómi. Kemur hún því eigi til álita fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, dags. 19. ágúst 1986, um áverka Halldórs Þórhallssonar við komu hans á slysadeildina eftir átök þeirra ákærða segir meðal annars: „Ca. 2 cm langur skurður var ofan við vi. mjaðmarkamb, framarlega. Ekkert blæddi, sem hét, úr þessum skurði. Ekki fundust nein einkenni um innri áverka í kviðarholi, aðeins voru dálítil eymsli á smábletti í kringum sárið. Reynt var að kanna sárið lítillega, en það virtist ekki ná inn í kviðarhol. Því var síðan lokað með nokkrum saumum í húðina og sjúkl. ávísað fúkalyfi. Ekki þótti ástæða til að leggja sjúkl. inn á spítala, en honum var bent á að leita hið bráðasta til spítalans aftur, ef hann fengi einkenni frá kviðarholinu; að öðrum kosti var honum stefnt til eftirlits á slysadeildina að 10 dögum liðnum. Halldór kom á slysadeildina 15/7. Sárið var þá eðlil. gróið og líðan sj. góð. Saumar voru

nú fjarlægðir. Frekara eftirlit þótti ekki nauðsynlegt á slysadeildinni."

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er ákærði 171 cm að hæð, en Halldór Þórhallsson 182 cm. Ákærði er fæddur árið 1926, en Halldór 1957. Ákærði olli áverka Halldórs Þórhallssonar í átökum, sem Halldór átti upphaf að.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms og þess, sem nú var rakið, ber að staðfesta þá niðurstöðu, að háttsemi ákærða varði við 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Samkvæmt 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, þykir, eins og hér stendur á, rétt að láta refsingu ákærða falla niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Óskars Þorgeirs Þorgeirssonar, fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 12. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 182/1989: Ákæruvaldið gegn Óskari Þorgeiri Þorgeirssyni, sem tekið var til dóms 10. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 4. mars 1987, á hendur „Óskari Þorgeiri Þorgeirssyni, Goðheimum 11, Reykjavík, fæddum 12. september 1926 í Vestmannaeyjum, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardags 5. júlí 1986 um kl. 1.00 í garðinum við húsið Goðheima 11, Reykjavík, lagt til Halldórs Þórhallssonar, Goðheimum 11, með skrúfjárni. Kom lagið í kvið Halldóri, sem fluttur var á slysadeild Borgarspítalans til aðgerðar.

Atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 217. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Skipaður verjandi ákærða flutti munnlega vörn í málinu 10. apríl sl. og gerði þær dómkröfur, að ákærði yrði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og af fram komnum bótakröfum. Þá er þess krafist, að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun. Málið var tekið til dómsálagningar þann dag.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 29. mars sl., eru 25 ár síðan ákærði gekkst undir sátt fyrir umferðarlagabrot, og þykir ekki ástæða til að rekja sakavottorðið frekar hér.

Málsatvik.

Aðfaranótt laugardags 5. júlí 1987 var lögreglan kvödd að húsinu nr. 11 við Goðheima, en þar hafði verið framin líkamsárás. Samkvæmt skýrslu lögreglu hafði ákærði í máli þessu stungið Halldór Þórhallsson með einhverju oddhvössu, og var Halldór fluttur á slysadeild Borgarspítalans til aðgerðar sama kvöld.

Verður nú rakinn framburður ákærða og Halldórs Þórhallssonar hjá lögreglu.

Ákærði var yfirheyrður hjá RLR 5. júlí 1986, og lýsti hann þá því, er gerðist við Goðheima 11 fyrr um kvöldið. Ákærði kvað atburð, er varð kvöldið áður, vera aðdraganda þess, er gerðist aðfaranótt laugardagsins 5. júlí 1986. Ákærði kvaðst hafa verið að heiman greint kvöld, en eiginkona sín verið heima. Ákærði kvað það hafa verið nærri miðnætti, er hjónin, sem bjuggu í kjallara hússins Goðheima 11, komu heim til sín aðfaranótt föstudags, að eiginkona sín hefði orðið vitni að því, er hjónin í kjallaranum voru að troða ungu barni sínu inn í gluggalausa geymslu. Ákærði kvað eiginkonu sína hafa farið að skipta sér af þessu og þá að sögn ákærða hafa fengið óblíðar viðtökur hjá hjónunum. Ákærði kvað þessi samskipti hafa endað með því, að eiginkona sín hafi kvatt lögreglu á vettvang.

Ákærði kvaðst síðar, eftir að sjónvarpsdagskrá lauk aðfaranótt laugardags 5. júlí, hafa fengið sér göngutúr og síðar haldið út í garð við heimili sitt og þar m.a. „gert upp" garðslöngu. Kvað þá ákærði Halldór Þórhallsson, íbúa í kjallara hússins, skyndilega hafa birst og ásakað sig um að liggja á gægjum á glugga kjallarans. Ákærði kvaðst þegar hafa neitað þessum ásökunum og sagst vera að gera upp garðslönguna. Ákærði kvað Halldór sýnilega hafa verið undir áhrifum áfengis og ekki tekið skýringar sínar gildar.

Ákærði kvað Halldór síðar hafa viðhaft ummæli í garð konu sinnar,

er ákærði kvaðst ekki hafa hirt um að svara, og ætlað að halda inn til sín. Ákærði kvað Halldór þá hafa varnað sér að komast áfram, fyrst með því að setja handlegginn í veg fyrir sig, en síðan hrist sig til og frá. Ákærði kvaðst, er hér var komið sögu, hafa fundið, að við ofurefli var að etja og þá misst stjórn á skapi sínu, er Halldór kastaði sér til og frá. Ákærði kvaðst þá hafa tekið upp skrúfjárn úr vasa sínum og haft í hyggju að stinga því í mjöðm Halldóri, en stungan hefði að sögn ákærða lent einhvers staðar í kviði Halldórs. En ákærði kvað erfitt að átta sig á þessu atviki, er gerst hefði í mikilli skyndingu.

Ákærði kvað Halldór ekki hafa sleppt sér lausum, fyrr en eiginkona hans kom þar að og kallaði til Halldórs og hafi þá hvor um sig haldið til síns heima.

Halldór Þórhallsson var yfirheyrður hjá lögreglu 8. júlí 1986. Lýsti hann heimkomu þeirra hjóna aðfaranótt föstudags 4. júlí 1986. Kvað hann þau hjónin hafa komið heim með börn sín tvö laust eftir miðnætti og hefðu börnin verið úrvinda af þreytu. Halldór kvað yngri dóttur sína, er þá var tveggja ára, hafa grátið mjög og viljað leika sér úti, er heim var komið. Eiginkona sín hefði þá spurt hana, hvort hún vildi sofa í geymslu, og hallað hurðinni aftur, en opnað jafnskjótt aftur. Halldór kvað eiginkonu ákærða hafa komið út á tröppur og farið að skipta sér af því, er fram fór. Halldór kvaðst hafa haldið inn til sín, en komið síðan aftur út, er hann heyrði á tal konu sinnar og eiginkonu ákærða, og greindi Halldór frá því, að eiginkona ákærða hefði kallað lögreglu að Goðheimum 11 og sagt, að lítið barn hefði verið lokað inni í ruslageymslu.

Halldór bar við nefnda lögregluyfirheyrslu, að kvöldið eftir atburðinn, þann er lýst er að framan, hefði hann ásamt eiginkonu sinni setið inni í stofu íbúðar sinnar, er þau sáu einhvern liggja á hleri við gluggann. Halldór kvaðst hafa séð, að þetta var ákærði, og því stokkið út og spurt eitthvað á þessa leið: „Hvað ertu að gera? Stendurðu á hleri? Skammastu þín ekkert fyrir konuna þína eftir það, sem hún gerði í gær?“ Halldór kvaðst síðan hafa tekið framan í föt ákærða og ítrekað spurningu sína og viljað fá svör við því, hvað ákærði væri að gera þarna við gluggann. Halldór kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, hvað nú gerðist, en í fyrstu hafa haldið, að ákærði hefði slegið sig í mjöðmina. En er hann hefði séð blæða úr sér, hefði sér orðið ljóst, að ákærði hefði stungið sig með einhverju.

Í lok yfirheyrslunnar hjá lögreglu, er rakin hefur verið, kvaðst Halldór ekki vilja fullyrða, hvort ákærði var að vökva garðinn fyrrgreint kvöld eða hefði legið á gægjum. Halldór kvaðst hafa talið ákærða á gægjum.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 25. janúar 1987 og þá borið undir ákærða sáttaboð frá ríkissaksóknara vegna brots ákærða gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eins og segir í bréfi ríkissaksókn-

ara, dagsettu 20. janúar 1987. Ákærði hafnaði sáttaboðinu og kvaðst hafa orðið mjög hræddur, þegar Halldór Þórhallsson veittist að sér í garðinum við Goðheima 11 5. júlí 1986. Ákærði kvað sér hafa fundist Halldór vera mun sterkari og þess vegna gripið til skrúfjárnsins, er hann hafði í vasa sínum.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna hér fyrir dómi eftir útgáfu ákærunnar.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 18. apríl 1988. Hann viðurkenndi að hafa lagt til Halldórs Þórhallssonar með skrúfjárni, svo sem greint er í ákæru. Ákærði kvaðst hafa gripið til sjálfsvarnar og kvaðst hafa orðið hræddur um líf sitt. Hann bar efnislega á sama veg og rakið var að framan um atburðina kvöldið áður en atburður sá gerðist, er ákært er út af. Ákærði bar efnislega á sama veg og rakið hefur verið um aðdraganda átaka milli sín og Halldórs. Kvað hann Halldór hafa tekið í jakkaboðunga sína og hent sér fram og aftur. Kvaðst hann þá hafa orðið hræddur og hafa fundið fyrir verk fyrir brjósti, en ákærði kvaðst vera veill fyrir hjarta. Ákærði kvaðst ekki hafa þorað að spyrna í vegg fyrir aftan sig og reyna þannig að losna við Halldór og skella honum, því að hann kvaðst hafa verið hræddur um að skaða þannig Halldór. Þá kvað ákærði sér hafa komið í hug að nota skrúfjárn, er hann hafði í vasa sínum, og pota því í Halldór. Ákærði kvað þá eiginkonu Halldórs hafa komið aðvífandi og kallað á mann sinn, og þannig hafi átökum þeirra lokið.

Ákærði var loks yfirheyrður hér fyrir dómi 8. mars sl. og bar þá efnislega á sama veg og áður og kvað sem fyrr einungis hafa verið um nauðvörn af sinni hálfu að ræða og ætlunin ekki verið að slasa Halldór.

Vitnið Halldór Þórhallsson var yfirheyrt hér fyrir dóminum 18. apríl 1988. Halldór bar þá enn um atburði, er urðu aðfaranótt 4. júlí 1986. Kvaðst hann hafa haldið út í garð við heimili sitt, þar sem þau hjón hafi talið mann vera að gægjast á gluggann. Kvaðst hann hafa hitt ákærða þar fyrir og spurt hann, hvað hann væri þar að gera. Halldór kvaðst hafa tekið í jakka ákærða til að leggja áherslu á spurningu sína. Engin átök kvað hann hafa orðið önnur en þau, að hann hefði tekið í jakkaboðunga ákærða til að leggja áherslu á spurningu sína, og þá hafi ákærði stungið sig.

Vitnið Halldór Þórhallsson var yfirheyrt fyrir dóminum 8. mars sl. og kvað aðdraganda atburðarins, er hér er ákært út af, hafa verið ósætti milli sín og ákærða. Halldór bar enn á sama veg um það að hafa tekið í jakkaboðunga ákærða til að leggja áherslu á spurningu sína til ákærða, sem þá hefði hlaupið í burtu. Kvaðst Halldór þá hafa fundið til verkjar í síðu.

Vitnið Stefanía Þóra Flosadóttir, eiginkona Halldórs Þórhallssonar, hefur borið efnislega á sama veg og rakið hefur verið að framan um atburði, er urðu kvöldið áður en atburður sá, er hér er ákært út af. Hún

kveðst ekki hafa verið vitni að atburði þeim, er ákært er út af, en komið að skömmu eftir að atburðurinn varð. Hún kvað atburðina kvöldið áður hafa haft áhrif á atburð þann, er ákært er út af. Stefanía kvaðst ekki geta fullyrt, hvort ákærði hefði verið í garðinum sérstaklega til að gægjast á glugga eða verið að huga að gróðri.

Vitnið Ásbjörg Helgadóttir, eiginkona ákærða, hefur borið efnislega eins og rakið hefur verið um það, er hún taldi aðdraganda atburðar þess, er ákært er út af. Ásbjörg kvaðst fyrst hafa vitað um atburðinn, er ákærði kom náfölur upp í íbúð sína og kvað Halldór Þórhallsson hafa ráðist á sig og varnað sér inngöngu og hrist sig til og frá. Ásbjörg kvaðst hafa lagt ákærða til, og hafi hann þegar tekið inn lyf vegna hjartveiki sinnar.

Ákærði og vitni þau, er getið er um að framan, hafa öll borið um erfitt sambýli og árekstra milli Halldórs Þórhallssonar og Stefaníu, konu hans, annars vegar og hins vegar ákærða og Ásbjargar, konu hans.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, eru ákærði og Halldór Þórhallsson hinir einu, er bera um atburð þann, er ákært er út af. Ákærði kveður Halldór hafa veist að sér, og af sinni hálfu hafi verið um neyðarvörn að ræða, þar sem hann hafi fundið til aflsmunar, og einnig kveður ákærði veikindi sín hafa haft áhrif á það, hver viðbrögð sín voru við áreitni Halldórs. Halldór hefur borið að hafa neytt áfengis kvöldið, er atburður sá gerðist, er ákært er út af.

Halldór Þórhallsson hefur borið, að hann hafi tekið í jakkaboðung ákærða til að leggja áherslu á að fá svör við spurningum sínum. Halldór kvað engin eiginleg átök hafa orðið.

Gegn neitun ákærða er ekki sannað, að hann hafi verið að gægjast á glugga á íbúð Halldórs Þórhallssonar aðfaranótt 5. júlí 1986. Svo sem framburði vitna er háttað svo og með vísan til framburðar ákærða, telur dómurinn, að ferðir ákærða í garði hússins umrætt kvöld hafi verið til þess að gera upp garðslöngu, en svo sem gögn málsins bera með sér, er ekki óeðlilegt, að skugga af ákærða hafi borið á glugga íbúðar á jarðhæð hússins, enda kvaðst vitnið Stefanía Þóra Flosadóttir ekki geta fullyrt, hvort ferðir ákærða í garði hússins umrætt kvöld hefðu sérstaklega verið til að gægjast á glugga eða til að huga að gróðri.

Þegar ofanritað er virt, telur dómurinn, að Halldór Þórhallsson hafi með háttsemi sinni gagnvart ákærða aðfaranótt 5. júlí 1986 reitt ákærða svo til reiði og komið honum í slíka geðshræringu, að kærði hlaut að grípa til sinna ráða, enda upplýst í málinu, að ákærði er haldinn hjartasjúkdómi. Þótt ákærði hafi haft fulla ástæðu til að bægja Halldóri frá sér í umrætt sinn, verður ekki litið á viðbrögð ákærða sem neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga.

Með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi framið háttsemi þá, er í ákæru greinir.

Með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til gagna málsins telur dómurinn háttsemi ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Með vísan til lokaákvæðis 3. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, þykir eftir atvikum rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og að hún falli niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Halldóri Þórhallssyni var undir rekstri málsins gefinn kostur á að rökstyðja bótakröfur sínar. Dóminum þykja kröfur Halldórs ekki nægilega rökstuddar, og er þeim vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 30.000,00 kr., til skipaðs verjanda, Jóns Bjarnasonar hrl.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Óskars Þorgeirs Þorgeirssonar, skal fresta og hún niður falla að einu ári liðnu frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með 30.000,00 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 24.október 1989.

Nr. 128/1988. **Þingflokkur Borgaraflokksins**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Fjárlög. Þingflokkur. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson og Sigurður Líndal prófessor, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.986.660,00 krónur með eftirgreindum dráttarvöxtum, af 2.986,660,00 krónum 30% á ári frá 1. maí 1987 til 1. júní s.á., 33,6% á ári frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% á ári frá þeim degi til 27. júlí s.á., af 1.986.660,00 krónum 36% á ári frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% á ári frá þeim degi til 1. september s.á., 42% á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags 21. september s.á., en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1.maí 1988, og myndi þannig nýjan höfuðstól, sem dráttarvextir reiknist af, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987. Enn fremur verði sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti auk 12% sölugjalds, sbr. lög nr. 1/1988. Beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. og 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir og málsástæður koma fram í hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi telur sig eiga lögvarða kröfu til ákveðins hluta af tveimur liðum fjárlaga ársins 1987. Liðir þessir eru orðaðir svo: „Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar“ og „Til út-

gáfumála skv. ákvörðun þingflokka". Ákvæði þessi verða ekki samkvæmt orðalagi sínu þannig skýrð, að þingflokkur eigi beina lögvarða kröfu til hluta þess fjár, sem þar er veitt til blaða og útgáfumála.

Orðalag á fjárlagaliðum þessum er óbreytt frá því, sem verið hefur liðin ár, og fjárveitingavaldinu var ljóst, hvernig ákvæðin höfðu verið túlkuð. Ljóst var, að þingkosningar yrðu á árinu 1987, en samt var ekki talin ástæða til að breyta orðalagi ákvæðanna. Af þessu verður ekki annað ráðið en fjárveitingavaldið hafi viljað halda óbreyttri tilhögun, þ.e., að greiðslurnar yrðu inntar af hendi að fullu fyrri hluta árs til þeirra þingflokka, sem þá störfuðu, og í samræmi við tillögur þeirrar stjórnskipuðu nefndar, sem fjárlögin gera ráð fyrir, að sjái um tillögugerð samkvæmt fyrra ákvæðinu, en þingflokkarnir hafa einnig falið nefndinni að gera tillögur að úthlutun samkvæmt síðara ákvæðinu. Greiðslur stefnda í febrúar 1987 til þáverandi þingflokka brutu því ekki í bága við 41. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, nr. 33/1944. Þrátt fyrir orðalag greiðsluseðils, að fjárhæð 1.000.000,00 krónur, sem greidd var 17. júlí 1987, mátti áfrýjandi ekki ætla, að viðurkennt væri réttmæti kröfu hans, eins og til þessarar greiðslu var stofnað. Þá fekk áfrýjandi, sem aðrir þáverandi þingflokkar, úthlutun af sams konar fjárlagaliðum árið 1988, sem greidd var í febrúar það ár. Að þessum sjónarmiðum athuguðum þykir áfrýjandi ekki heldur hafa sýnt fram á, að hann geti reist kröfu sína á öðru en beinum ákvæðum fjárlaga.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars sl., höfðaði Jón Oddsson hrl., Ásbúð 102, Garðakaupstað, f.h. þingflokks Borgaraflokksins, Alþingi, Kirkjuhvoli við Kirkjutorg, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með

stefnu, birtri 21. sept. sl., gegn Jóni Baldvin Hannibalssyni fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 1.986.660,00 kr., auk dráttarvaxta af 2.986.660,00 kr., 30% á ári frá og með 1. maí 1987 til 1. júní 1987, 33,6% dráttarvexti á ári frá þeim degi til 1. júlí 1987, 36% dráttarvexti á ári frá þeim degi til 27. júlí 1987 og af 1.986.660,00 kr. 36% dráttarvexti á ári frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 40,8% dráttarvexti á ári frá þeim degi til 1. september 1987, 42% dráttarvexti á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól, er dráttarvextir séu reiknaðir af 1. maí ár hvert, í fyrsta sinn 1. maí 1988, í samræmi við 12. gr. l. nr. 25/1987. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda auk söluskatts, sbr. brbl. nr. 68/1987 og l. nr. 1/1988, að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Leitað hefur verið um sættir í málinu án árangurs.

Málavextir.

Samkvæmt fjárlagaliðum nr. 09-999-118 og 09-999-170 í fjárlögum fyrir árið 1987, l. nr. 95/1986, voru samtals 33.600.000,00 kr. ákvarðaðar til greiðslu til þingflokka. Samkvæmt fjárlagalið nr. 09-999-118 voru 21.840.000,00 kr. ætlaðar til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar, og skv. fjárlagalið nr. 09-999-170 voru 11.760.000,00 kr. ætlaðar til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka. Frá því að þess konar fjárveitingar hófust til íslenskra stjórnmálaflokka, er höfðu kjörna fulltrúa á Alþingi, hefur sú verklagsregla verið viðhöfð, að sérstök nefnd hefur gert um það tillögur til fjármálaráðherra, hvernig skipting fari fram milli þingflokka á því fjármagni, sem Alþingi hefur samþykkt til slíkra verkefna á fjárlögum ár hvert.

Fyrir árið 1987 gerði nefnd þessi þá tillögu til þáverandi fjármálaráðherra, Þorsteins Pálssonar, að 40% af samanlögðum fyrrgreindum fjárveitingum skyldu skiptast jafnt milli þingflokka án tillits til þingstyrks hvers flokks, en 60% eftir styrk flokkanna á Alþingi, þ.e. af þingmannatölu. Hinn 24. febrúar 1987 var fjárhæðin greidd þáverandi þingflokkum í samræmi við tillögur nefndarinnar, en hún hefur verið kölluð blaðanefnd. Allir þáverandi þingflokkar áttu fulltrúa í nefndinni, og tillaga nefndarinnar var afgreidd í nefndinni samhljóða.

Við alþingiskosningarnar, sem fram fóru 25. apríl 1987, urðu töluverðar breytingar á þingmannatölu stjórnmálaflokkanna, og m.a. fékk nýr flokkur, Borgaraflokkurinn, sjö þingmenn kjörna.

Stefnandi telur áðurgreinda skiptingu fjárveitinga skv. fjárlagaliðum 09-999-118 og 09-999-170 hafa verið gerða á röngum forsendum, þar sem vitað var um alþingiskosningar fyrir mitt ár 1987, og óskaði stefnandi eftir því við þáverandi fjármálaráðherra 30. júní 1987, að hlutur Borgaraflokksins af ofangreindri fjárveitingu yrði greiddur út. Gerð var krafa um 2.986.660,00 krónur.

Hinn 27. júlí 1987 var stefnanda greidd 1.000.000,00 króna. Aðilar eru ekki sammála um það sem hvað þessi 1.000.000,00 króna hafi verið greidd.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Um rökstuðning fyrir kröfum stefnanda er m.a. vísað til fjárveitinga nr. 09-999-118 og 09-999-170 í fjárlögum fyrir árið 1987, sbr. l. nr. 95/1986. Jafnframt er vísað til l. nr. 25/1987 og brbl. nr. 68/1987.

Umræddar fjárveitingar nái til allra þingflokka sem starfa árið 1987. Því hafi þáverandi fjármálaráðherra ekki verið rétt að ráðstafa í upphafi árs allri fjárveitingunni til þeirra þingflokka, sem þá hafi átt fulltrúa á Alþingi, þar sem fyrir hafi legið, að alþingiskosningar færu fram fyrri hluta ársins. Ofangreind ráðstöfun fjármagns geti ekki á nokkurn hátt skert rétt stefnanda til sinnar hlutdeildar í umræddri fjárveitingu, sem hafi átt að koma til greiðslu við formlega stofnun þingflokks Borgaraflokksins 1. maí 1987.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að við útreikninga á dómkröfum sé gætt sömu sjónarmiða og hafi legið til grundvallar ákvörðun um greiðslu á umræddri fjárveitingu. Fjárhæðin sé þannig útreiknuð, að 40% fjárveitingarinnar skiptist jafnt milli þingflokka, sem voru sex að tölu eftir 25. apríl 1987, og 60% miðist við styrk eða þingmannafjölda. Í þingflokki Borgaraflokksins séu sjö alþingismenn af 63, sem sitji á þingi. Þingflokkur Borgaraflokksins hafi verið formlega viðurkenndur 1. maí 1987, og nái umræddur útreikningur til ⅔ hluta ársins 1987, þ.e. frá 1. maí 1987 til ársloka 1987 eða átta mánaða. Þannig nemi fjárveiting sú, sem stefnandi telur sig hafa átt rétt til þegar hinn 1. maí 1987, 2.986.660,00 krónum af heildarfjárveitingunni. Eftir samþykkt og gildistöku fjárlaga hafi stofnast beinn kröfuréttur stefnanda á hendur stefnda við formlega stofnun þingflokks Borgaraflokksins.

Með innborgun 27. júlí 1987 á kröfu stefnanda hafi stefndi viðurkennt réttmæti kröfu stefnanda, og séu því eftirstöðvar kröfunnar í vanskilum.

Tilgangur umræddra fjárveitinga sé að styrkja m.a. útgáfumál stjórnmálaflokkanna í anda lýðræðislegs þjóðskipulags og grundvallarreglna íslensks stjórnskipunarréttar um jafnrétti fyrir lögum. Ákvörðun um

úthlutun umræddrar fjárveitingar í ársbyrjun mismuni þannig þeim þingflokkum, sem starfi á árinu 1987, og skerði rétt stefnanda gagnstætt yfirlýstum tilgangi umræddra fjárveitinga og grundvallarreglum stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttar. Með því að greiða umrædda fjárveitingu út til þáverandi þingflokka í ársbyrjun 1987, vitandi um komandi alþingiskosningar, hafi þáverandi fjármálaráðherra farið út fyrir umboð sitt og sé ber að embættislegum mistökum. Fjárveitingin hafi náð án skilyrða til allra starfandi þingflokka fyrir árið 1987. Fjármálaráðherra hafi því einvörðungu mátt haga fjárveitingu sinni til þingflokka í ársbyrjun til alþingiskosninga í apríl 1987 fyrir þann hluta ársins. Fjármálaráðherra hafi hvorki haft stjórnskipulega né stjórnarfarslega heimild til að svipta þingflokka lögbundinni fjárveitingu fyrir tímabilið frá apríl til ársloka 1987.

Umrædd ráðstöfun fjármálaráðherra í ársbyrjun 1987 sé stjórnvaldsathöfn andstæð 72. gr. stjórnarskrár svo og 41. gr. stjórnarskrár, þar sem ráðherra fari út fyrir umboð sitt með hinni ólögmætu stjórnarathöfn. Einnig er vísað til 78. gr. stjórnarskrár, sem leggi fortakslaust bann við sérréttindum. Þá er og vísað til anda og tilgangs umræddrar fjárveitingar og reglna á sviði fjármunaréttar, einkum kröfuréttar, varðandi lögskipti aðila og það réttarástand, er skapast við afgreiðslu fjárlaga, þar sem lögleidd er fjárveiting til tiltekinna aðila, sem bindur athafnir framkvæmdavalds að efni og formi.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í júlí 1987 hafi fjármálaráðherra fallist á í viðtali við formann Borgaraflokksins að greiða sem skammtímalán eina milljón króna upp í væntanlega fjárveitingu næsta árs, sem skyldi koma til endurgreiðslu, þegar eða ef styrkveiting til útgáfumála á vegum stjórnmálaflokkanna yrði veitt í fjárlögum 1988. Í greiðslunni hafi því ekki falist viðurkenning á, að þingflokkur Borgaraflokksins ætti rétt til styrks af fjárveitingum ársins 1987.

Allt frá fjárlögum fyrir árið 1968 hafi verið veittur sérstakur styrkur á fjárlögum til dagblaðanna og síðar einnig til annarra útgáfumála á vegum þeirra stjórnmálaflokka, sem áttu fulltrúa á Alþingi. Í upphafi hafi þetta eingöngu verið styrkur, sem fólst í kaupum ríkissjóðs á tilteknum eintakafjölda af dagblöðunum, sbr. fjárlög fyrir árin 1968 til 1970. Með fjárlögum 1971 hafi þetta verið víkkað út þannig, að styrkur hafi einnig náð til kaupa á aðalmálgagni Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, sbr. l. nr. 108/1970.

Í fjárlögum fyrir 1973 sé þessi liður kallaður „Til kaupa á blöðum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar". Í fjárlögum fyrir árin 1974 til 1983 heiti þessi liður „Til blaðanna samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fengnum

tillögum stjórnskipaðrar nefndar". Frá í fjárlögum 1984 hafi styrkveitingin heitið „Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar". Í fjárlögum fyrir árið 1985 hafi verið tekinn inn nýr styrktakaliður, sem hafi haldist í fjárlögum eftir það og kallist „Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka".

Eins og fram komi í fram lögðum samþykktum svokallaðrar blaðanefndar, sem í sitji fulltrúar þingflokkanna, en nefndin hafi það hlutverk að gera tillögur til fjármálaráðherra um ráðstöfun ofangreindra styrkja, hafi nefndin einnig að beiðni þingflokka gert tillögur um ráðstöfun styrks „Til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka".

Frá því að þessar styrkveitingar til þingflokkanna hófust, hafi verið hafður sá háttur á, að fyrri hluta viðkomandi fjárlagaárs hafi blaðanefnd skilað tillögum sínum um ráðstöfun og skiptingu styrkja þessara til fjármálaráðuneytisins. Þær tillögur taki til ráðstöfunar alls þess fjár, sem veitt sé á fjárlögum það ár, og miðist við þingstyrk og þingflokka eins og þeir séu í ársbyrjun. Í kjölfar þess hafi ráðuneytið kveðið endanlega á um skiptingu styrkjanna, sem hafi síðan komið til greiðslu. Styrkirnir að undanskildum áskriftargjöldum dagblaðanna séu greiddir viðkomandi þingflokkum, sem ráðstafi þeim til blaðaútgáfu á vegum stjórnmálaflokkanna.

Sömu vinnubrögð hafi verið viðhöfð þau ár, sem alþingiskosningar hafi farið fram, hvort sem þær hafi farið fram, þar sem kjörtímabili lýkur það ár, eða þing hafi verið rofið, enda sé annað ekki hægt, þar sem í sjálfu sér sé aldrei unnt að útiloka fyrir fram, að þing verði ekki rofið og efnt til kosninga það ár né að breyting verði á þingflokkum af öðrum ástæðum. Aldrei á þessu tímabili hafi komið fram krafa um að endurskipta styrkjum ársins af þessum sökum.

Nýir stjórnmálaflokkar, sem hafi fengið kosna fulltrúa á þing á þessu tímabili, hafi því ekki fengið hlutdeild í þessum útgáfustyrkjum það ár, sem þeir hafi komið inn á þing, nema í það eina skipti, sem aukafjárveiting hafi verið veitt, í maí 1983, og þá aðeins hlutfallslega, að því er hana varðaði. Á hinn bóginn hafi flokkar, sem hafi verið lagðir niður eða fallið út af þingi, haldið þeim styrkjum, sem þeir fengu úthlutað á grundvelli þingstyrks í ársbyrjun. Styrkir þessir hafi þannig séð verið veittir eftir á, og þannig hafi þeir líka komið til í upphafi.

Þær reglur, sem fylgt hafi verið við úthlutun þessara styrkja og helgist nú af langri og athugasemdalausri venju, séu auðvitað fjárveitingavaldinu kunnar. Fjárveitingavaldið hafi ekki séð ástæðu til þess að breyta þeim reglum með því að kveða á um ráðstöfun þessara styrkja á annan hátt í fjárlögum. Tilgreining í fjárlögum fyrir árið 1987 á því, til hvaða starfsemi styrkir þessir skuli ganga og hvernig skipting þeirra skuli vera ákveðin, verði

ekki túlkuð svo, að í fjárlögum felist nein fyrirmæli um, að þeir skuli skiptast á alla þingflokka, sem kunna að starfa á árinu. Ef skilningur stefnanda væri réttur, leiddi í reynd af því, að úthlutun þeirra gæti ekki komið til fyrr en í árslok og krafa stefnanda samkvæmt því of fljótt á ferðinni.

Synjun stefnda á kröfum stefnanda sé í fullu samræmi við þær reglur, sem gildi um úthlutun styrkja þessara, og sé stefnda ekki á neinn hátt mismunað með henni.

Sjónarmið stefnanda um, að úthlutun styrkjanna sé andstæð stjórnarskrá, fái ekki staðist. Greiðslan sé í fullu samræmi við 41. gr. stjórnarskrár, enda eigi hún beina stoð í fjárlögum. Að greiðslan brjóti í bág við 72. eða 78. gr. stjórnarskrár, eigi ekki heldur við nein rök að styðjast, enda geri stefnandi ekki í reynd tilraun til þess að útlista, hvernig hún geti gert það. Sé vandséð, hvernig greiðsla hvers konar styrkja skv. fjárlögum geti í sjálfu sér falið í sér ritskoðun eða lögfestingu á sérréttindum bundnum við nafnbót, aðal eða lögtign.

Niðurstaða.

Af orðalagi fjárlagaliðanna 09-999-118 og 09-999-170 í fjárlögum fyrir árið 1987, l. nr. 95/1986, þ.e. „Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar" og „Til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka", verður ekki ráðið, hvort fjárveitingar þessar hafi átt að renna eingöngu til þeirra blaða og þingflokka, sem störfuðu, þá er úthlutun fór fram, eða þeirra þingflokka, sem störfuðu seinni hluta ársins, eða þá, hvort skipta hefði átt fjárveitingunni í hlutfalli við þingstyrk á öllum tímum ársins.

Túlkun stefnanda leiðir til þess, að þessar greiðslur verður að greiða eftir á, þar sem aldrei verður vitað með vissu, að þing verði ekki rofið. Þrátt fyrir það er kröfugerð stefnanda við það miðuð, að hann hafi átt rétt til ákveðins hlutar af umræddri fjárveitingu þegar við stofnun þingflokksins 1. maí 1987, enda þótt jafnóljóst væri þá og öll önnur ár, hvort þing yrði rofið eða ekki.

Þegar til þess er litið í fyrsta lagi, að orðalag þessara fárlagaliða er óbreytt frá því, sem verið hefur í sambærilegum fjárlagaliðum liðinna ára, í öðru lagi, að fjárveitingavaldinu var ljóst, hvernig fyrri fjárlög hefðu verið túlkuð að þessu leyti, í þriðja lagi, að fullvíst var, að þingkosningar yrðu á árinu 1987, en samt taldi fjárveitingavaldið ekki ástæðu til þess að breyta orðalagi þessu, þá þykir þetta benda til, að fjárveitingavaldið hafi viljað halda óbreyttum fjárveitingum samkvæmt þessum lið.

Í skjölum málsins kemur fram, að fjárveitingum samkvæmt fjárlagaliðum 09-999-118 og 09-999-170 fjárlaga ársins 1988, l. nr. 102/1987, hefur verið úthlutað, að því er virðist, alveg eins nú í ár eins og undanfarin ár. Nefndin, sem gerði tillögur um skiptingu þess fjár, er eins og áður skipuð

fulltrúum allra þingflokka, þar á meðal fulltrúa stefnanda. Greiðslur þessar fóru fram í febrúar, enda þótt ekki sé frekar nú en önnur ár hægt að fullyrða um það, hvort þing verði rofið á árinu eða ekki.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að óheimilt hafi verið að inna af hendi greiðslur þær, sem greiddar voru úr ríkissjóði til þingflokkanna í febrúar 1987, heldur hafi þær verið samkvæmt heimild í fjárlögum og í samræmi við venju til margra ára. Þar sem greiðslurnar voru samkvæmt heimild í fjárlögum, voru þær ekki brot á 41. gr. stjórnarskrár landsins. Ekki verður á þá skoðun stefnanda fallist, að greiðslurnar hafi verið í andstöðu við 72. og 78. gr. stjórnarskrárinnar, enda engin tilraun gerð til þess að færa rök að þeim fullyrðingum.

Greiðslan, að fjárhæð 1.000.000,00 kr., sem greidd var stefnanda 27. júlí 1987, var samkvæmt skýringu á greiðsluseðli á dskj. 4 „Styrkur skv. ákvörðun fjármálaráðherra" og verður gegn andmælum stefnda ekki túlkuð sem viðurkenning á réttmæti kröfu stefnanda.

Þar sem stefnandi þykir ekki með öðrum hætti hafa sýnt fram á réttmæti kröfu sinnar, verður niðurstaða málsins sú, að sýknukrafa stefnda er tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þingflokks Borgaraflokksins, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 25. október 1989.

Nr. 411/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Kristjáni Haukssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr.laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. október 1989. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. október 1989.

Ár 1989, sunnudaginn 22. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Kristjáni Haukssyni, kt. 14.01.63-7599, til lögheimilis að Laugateigi 19, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 26. þ.m. kl. 16.00.

Síðastliðinn föstudag var lögreglu tilkynnt, að brotist hefði verið inn í verslunina Gulleyjuna, Ingólfsstræti 2, Reykjavík. Sjónarvottar skýrðu lögreglunni frá því, að þeir, sem voru þarna að verki, hefðu verið tveir og ekið brott af vettvangi í bifreiðinni R 65427. Lögreglan fann bifreið þessa þá um kvöldið og yfirheyrði eiganda og umráðamann hennar. Greindi hann frá því, að hann hefði lánað kærða og öðrum manni bifreiðina, og væri sér kunnugt um, að þeir hefðu farið í henni á innbrotsvettvang.

Í innbrotinu var stolið allmiklu af skartgripum. Hefur annar eigenda verslunarinnar borið kennsl á gullhring, sem fannst í téðri bifreið, en eigandi bifreiðarinnar greindi RLR frá því, að hringinn hefði kærði og

félagi hans gefið sér fyrir að leyfa þeim að nota bifreiðina sem og fyrir að þegja yfir innbrotsþjófnaðinum.

Verið er að rannsaka ætlað brot kærða og fleiri gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Er ljóst, að rannsóknin er enn á frumstigi. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina. Skal kærði samkvæmt því sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 26. þ.m. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Kristján Hauksson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 26. október nk. kl. 16.00.

Miðvikudaginn 25. október 1989.

Nr. 415/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Sigmundi Heiðari Arnasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 23. október 1989, að ætla verður, í því skyni, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. október 1989.

Ár 1989, sunnudaginn 22. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Sigmundi Heiðari Árnasyni, kt. 01.10.58-3299, til lögheimilis að Stillholti 11, Akranesi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til nk. fimmtudags 26. þ.m. kl. 16.00.

RLR vinnur nú að rannsókn á innbrotsþjófnaði, sem framinn var föstudaginn 20. þ.m. í verslunina Gulleyjuna, Ingólfsstræti 2, hér í borg. Stolið var allmiklu af skartgripum, sem einkanlega voru í sýningarglugga verslunarinnar.

Við frumrannsókn málsins hefur grunur fallið á kærða um beina aðild hans að innbrotsþjófnaði þessum. Hafa sjónarvottar greint frá því, að innbrotsþjófarnir hafi verið tveir og ekið brott af vettvangi í bifreiðinni R 65427.

Eigandi téðrar bifreiðar hefur greint RLR frá því, að hann hafi lánað kærða og öðrum manni bifreiðina sl. fimmtudagskvöld. Hafi þeir síðan

skýrt sér frá því, að þeir hafi farið á henni á innbrotsstað. Í bifreiðinni fannst gullhringur, sem víst þykir, að stolið hafi verið úr framangreindri verslun. Hefur fyrrnefndur eigandi bifreiðarinnar R 65427 skýrt RLR frá því, að kærði og félagi hans hafi gefið sér hringinn fyrir afnot bifreiðarinnar sem og að þegja yfir þjófnaðinum.

Við yfirheyrslur hefur kærði borið við minnisleysi um ferðir sínar og gerðir aðfaranótt sl. föstudags sökum lyfjaneyslu.

Með vísan til framanritaðs þykir kærði vera undir rökstuddum grun um aðild að nefndum innbrotsþjófanði. Kann hann með því hafa gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þegar þess er gætt, að rannsókn máls þessa er á frumstigi, og með skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigmundur Heiðar Árnason, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 26. október nk. kl. 16.00.

Miðvikudaginn 25. október 1989.

Nr. 117/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Svanbergi Hjelm
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsárás. Bifreiðar. Umferðarlög. Skilorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 20. mars 1989, en jafnframt er málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds í því skyni, að refsing ákærða verði þyngd og tími ökuleyfissviptingar lengdur.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir sannað, að ákærði hafi veitt Sigurgeiri Höskuldssyni högg í andlitið með þeim afleiðingum, að Sigurgeir nefbrotnaði. Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Staðfesta ber það ákvæði héraðsdóms, að ákærði sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá þykir hæfilegt, að ákærði greiði 30.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu, skaðabætur svo og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Svanberg Hjelm, sæti fjögurra mánaða fangelsi, en refsingu skal fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum

frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 30.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis, skaðabætur og sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 15. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 56/1989: Ákæruvaldið gegn Svanbergi Hjelm, sem tekið var til dóms 26. f.m.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 17. mars 1988, gegn ákærða, Svanbergi Hjelm, Flúðaseli 90, Reykjavík, fæddum þar í borg 3. janúar 1968, „fyrir líkamsárás og umferðarlagabrot:

I. Að hafa aðfaranótt 17. janúar 1987 í veitingahúsinu Sigtúni Suðurlandsbraut 26, Reykjavík, tvívegis ráðist á Sigurgeir Höskuldsson, fæddan 26. september 1968, og veitt honum högg í andlitið, í fyrra skiptið með því að reka fram höfuð sitt af afli og í seinna skiptið með því að slá hann hnefahögg, og urðu afleiðingar þær, að Sigurgeir nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

II. Að hafa laugardaginn 6. júní 1987 ekið bifreiðinni Ö 5067 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum frá samkomuhúsinu Logalandi í Reykholtsdalshreppi, Borgarfirði, að Geirsárbökkum í sama hreppi, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

III. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar og til sviptingar réttar til að stjórna vél-

knúnu ökutæki samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. laga nr. 40/1968.“

I.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 2.55 aðfaranótt laugardagsins 17. janúar 1987 var óskað lögregluaðstoðar að skemmtistaðnum Sigtúni hér í borg vegna líkamsárásar, sem einn gestanna kvaðst hafa orðið fyrir.

LÖgreglumennirnir Hjörleifur M. Jónsson og Sveinn Guðni Guðnason fóru á vettvang.

Samkvæmt frumskýrslu Hjörleifs hittu þeir á staðnum Sigurgeir Höskuldsson og Halldór Ásgeirsson, sem báðir kváðust hafa orðið fyrir árás sama manns. Voru báðir lítillega undir áfengisáhrifum og með minni háttar áverka á andliti. Báðir kváðust myndu leggja fram kröfu á hendur árásarmanninum, Svanbergi Hjelm, ákærða í máli þessu.

Um kl. 9.00 næsta morgun var ákærði yfirheyrður hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa verið að skemmta sér í Sigtúni kvöldið áður. Þar hitti hann frænda sinn, Sigurbjörn Ágúst Ragnarsson. Þeir hafi báðir verið talsvert ölvaðir. Kvaðst ákærði hafa lent í útistöðum við strák, sem hann hefði aldrei séð áður. Ekki vissi hann, hvor átti upptökin, en átökin hefðu orðið töluverð. Minntist hann þess, að hann hefði „skallað“ strákinn í andlitið. Hefði höggið verið talsvert og strákurinn fengið blóðnasir, og hélt hann jafnvel, að strákurinn hefði nefbrotnað. Að átökunum loknum hefði hann talað við strákinn, en þá hefðu dyraverðir komið og yfirbugað sig, en ákærði streittist á móti. Hann kvaðst þess fullviss, að hann hefði aðeins lent í átökum við einn mann í veitingahúsinu. Hann kvaðst sjá mikið eftir því að hafa veitt stráknum áverkann og myndi reyna að koma á móts við kröfur, sem strákurinn kynni að leggja fram á hendur sér.

Er ákærði var kvaddur að nýju fyrir lögreglu 17. febrúar sama ár í því skyni að kynna honum skaðabótakröfu Sigurgeirs Höskuldssonar, kvaðst hann nú efast um, að hann hefði framið verknaðinn, og við yfirheyrslu fyrir dómi neitaði hann sakargiftum. Hann kvaðst hafa verið í Sigtúni umrætt kvöld og drukkið þar um 5-6 glös af áfengi frá kl. 23.00 og fram eftir nóttu. Minntist hann þess að hafa hitt ókunnan strák á gangi við dansgólfið. Hann hefði farið með strákinn inn á salerni til að aðstoða hann við að stöðva blóðnasir. Önnur afskipti hefði hann ekki haft af þessum pilti, og kvaðst hann þess fullviss, að hann hefði hvorki lent í átökum við strákinn né ráðist á hann. Lögreglumennirnir hafi því handtekið sig að ósekju.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við framburð sinn fyrir lögreglu morguninn eftir að hann var handtekinn. Hann hefði hins vegar verið sannfærður um

það síðar, er hann fór að hugsa málið betur, að hann hefði skýrt rangt frá í þessari yfirheyrslu, þar sem hann myndi nú ekki eftir því að hafa lent í átökum við eða ráðist á strákinn. Kvaðst hann aðspurður hafa borið á þennan veg, þar sem lögreglumenn þeir, sem handtóku sig, hefðu farið illa með sig við handtöku. Þeir hefðu sagst ætla að færa hann til skýrslutöku, en þegar á lögreglustöðina kom, hefði annar þeirra sagt, að hann væri of drukkinn til þess, og færa þyrfti hann til fangageymslu. Hann hefði þá sagt við þá, hvort ekki mætti treysta lögreglumönnum, en þeir þá snúið upp á handlegg sér og skellt sér utan í lyftuvegginn. Um morguninn hefði hann viljað losna sem fyrst og í ljósi þess gefið skýrsluna.

Lögreglumennirnir Hjörleifur M. Jónsson og Sveinn Guðni Guðnason voru yfirheyrðir um handtöku ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi.

Hjörleifur bar, að er þeir Sveinn Guðni komu á vettvang, hefðu þeir hitt dyraverði og tvo menn, Sigurgeir Höskuldsson og Halldór Ásgeirsson, sem stóðu í anddyrinu. Þeir Sigurgeir og Halldór hefðu báðir borið, að maður, sem dyraverðir höfðu í haldi í hliðarherbergi við anddyrið, hefði slegið þá í andlitið hvorn í sínu lagi. Báðir hefðu þeir verið með áverka í andliti. Þeir Sveinn Guðni hefðu handtekið umræddan mann, Svanberg Hjelm, og sagt honum, að þeir yrðu að færa hann fyrir varðstjóra. Hann hefði engan mótþróa sýnt, en hins vegar orðið æstur, þegar varðstjóri úrskurðaði hann til geymslu í fangaklefa vegna rannsóknar málsins. Þeir hefðu haldið honum á leiðinni í fangageymslu, en ekki hefði komið til átaka.

Hjörleifur kvað það engum vafa undirorpið, að þeir hefðu handtekið þann mann, sem þeir Sigurgeir og Halldór bentu á sem árásarmann. Mennirnir þrír hefðu allir verið undir áfengisáhrifum. Við yfirheyrslu fyrir dómi treysti hann sér ekki til að lýsa ölvunarástandi þeirra, en staðfesti frumskýrslu sína um málið, en í henni kemur fram, að ákærði hafi verið mjög ölvaður, en þeir Sigurgeir og Halldór lítils háttar ölvaðir.

Sveinn Guðni bar á sama veg í öllum meginatriðum og Hjörleifur. Dyraverðir hússins hefðu vísað þeim á tvo menn í anddyrinu. Voru báðir með áverka í andliti. Mennirnir hefðu sagt, að þeir hefðu orðið fyrir árás manns, sem geymdur var í hliðarherbergi við anddyrið. Sá, sem hafður var í hliðarherberginu, var talsvert æstur, en kom með þeim sjálfviljugur. Mennirnir tveir hafi verið sammála um, að sá, er þeir handtóku, hafi verið hinn sami og veitti þeim áverkana.

Sigurgeir Höskuldsson var yfirheyrður 11. febrúar sama ár og fyrir dómi 1. nóvember sl. Kvaðst hann hafa verið með vini sínum, Sigmari Jónssyni, umrætt kvöld í Sigtúni. Hefðu þeir komið þangað um tvöleytið. Er hann hefði verið þarna stutta stund, hefðu þeir félagarnir gengið yfir í þann enda hússins, sem fjærst er anddyrinu. Þeir hefðu staðið þar við borð stutta

stund, þegar hann var allt í einu sleginn högg, algjörlega að tilefnislausu. Þar sem hann sakaði ekki, lét hann manninn, sem sló hann, afskiptalausan. Sagði hann Sigmari frá þessu, en Sigmar var ekki vitni að atvikinu. Þeir félagarnir gengu á nýjan leik að anddyrinu. Í nánd við salernið hitti hann manninn, sem sló hann í andlitið. Spurði hann manninn eitthvað á þá leið, hvort ekki væri allt í lagi með hann, en þá fékk hann mikið högg í andlitið. Sigmar hefði verið vitni að þessari árás. Hann var þessu óviðbúinn og fékk miklar blóðnasir og kveðst hafa nefbrotnað. Fór hann inn á salernið til að reyna að stöðva blóðrásina úr nefinu og aðstoðuðu dyraverðirnir hann. Ræddi hann við þá, og kölluðu þeir til lögreglu. Beið hann hjá þeim, uns lögreglan kom og tók af honum skýrslu. Í yfirheyrslu fyrir lögreglu bar Sigurgeir, að maðurinn hefði „skallað" sig í andlitið í fyrra skiptið, en slegið sig í hið síðara, en fyrir dómi kvaðst hann ekki viss, hvort hann „skallaði" sig í fyrra eða síðara skiptið.

Annar maður hefði einnig sagst hafa orðið fyrir árás mannsins, og beið sá maður einnig komu lögreglunnar í anddyrinu. Sigurgeir kvaðst hafa séð, er lögreglumenn þeir, sem komu á staðinn og höfðu tal af sér, handtóku árásarmanninn. Sigmar hefði einnig verið vitni að því, er lögreglan handtók árásarmanninn. Maðurinn hefði verið lítt mönnum sinnandi vegna ölvunar og borið sig mjög aumlega, er lögreglan handtók hann.

Sigmar Jónsson var yfirheyrður sem vitni fyrir lögreglu 13. mars 1987 og við meðferð málsins.

Hann bar, að þeir Sigurgeir hefðu verið saman á umræddum dansleik. Er nokkuð var áliðið, hefði hann brugðið sér á salerni, en þegar hann sneri aftur, hefði Sigurgeir verið rauður í andliti og sagt sér, að hann hefði orðið fyrir því, að strákur „skallaði" sig í andlitið. Þar sem Sigurgeir hlaut enga áverka, vildi hann ekkert frekar aðhafast. Síðar á dansleiknum hefðu þeir hitt strák í stiga í anddyrinu, sem Sigurgeir hefði sagt vera þann, sem „skallaði" sig. Sigurgeir hefði gengið til stráksins og spurt hann einhvers. Í orðum hans hefði ekkert niðrandi falist. Þá hefði strákurinn, sem sneri hlið eða baki í Sigurgeir, snúið sér við og slegið Sigurgeir mikið högg á nefnið, algjörlega að ástæðulausu. Sigurgeir hefði fengið talsverðar blóðnasir og farið ásamt sér og einum eða fleiri dyravörðum á salernið til að huga að meiðslum sínum. Er þeir komu þaðan, voru dyraverðir að róa árásarmanninn. Hann hefði látið mjög illa, verið illa til reika og í blóðugri skyrtu. Hendur stráksins hefðu orðið blóðugar, þegar blóð slettist af Sigurgeiri á hann. Ef til vill hefði skyrtan verið eitthvað blóðug fyrir, um það gæti hann ekki fullyrt.

Sigmar kvaðst ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum, en þó hefði hann verið búinn að drekka u.þ.b. 3-4 „sjússa". Hins vegar hefði runnið af sér við þennan atburð. Sigmar kvaðst þess alveg fullviss, að það hefði

verið sami maður, sem dyraverðirnir voru að róa, eftir að þeir Sigurgeir komu af salerninu, og sá sem sló Sigurgeir, enda hefði hann séð strákinn vel, er hann sló Sigurgeir. Lögreglumenn hefðu komið skömmu síðar og handtekið strákinn.

Vitnið Halldór Ásgeirsson gaf skýrslu fyrir lögreglu 24. febrúar 1987 svo og fyrir dómi.

Halldór kvaðst hafa verið að skemmta sér í Sigtúni umrætt sinn. Hann hefði neytt áfengis, en ekki verið mikið ölvaður. Þegar hann var ásamt vinkonu sinni á dansgólfinu, hefði komið þar að maður, sem var talsvert blóðugur, og farið að áreita vinkonu sína. Hún hefði beðið manninn að fara, hvað hann gerði. Um 15 mínútum síðar hefði maðurinn komið að nýju og haldið uppteknum hætti. Bað stúlkan manninn að fara burt, en hann sinnti því engu. Hefði hún þá beðið sig um aðstoð við að losna við manninn. Gekk hann þá að manninum og bað hann að láta stúlkuna í friði, en maðurinn veitti honum þá mörg högg í andlitið. Dyraverðir tóku manninn, sem var mjög drukkinn, í sínar vörslur og fóru með hann afsíðis í anddyrið. Í framhaldi af því hefði lögreglan komið á staðinn og handtekið manninn og farið með hann af staðnum. Þegar lögreglumennirnir voru með manninn í höndunum, hefði komið þar að piltur og sagt, að maðurinn hefði einnig ráðist á sig.

Sigurbjörn Ágúst Ragnarsson var vitni að þessum atburðum. Hann var yfirheyrður hjá lögreglu 6. júlí 1987 og við meðferð málsins.

Sigurbjörn kvaðst hafa verið á umræddum dansleik. Þar hefði hann hitt ákærða, Svanberg, undir lok dansleiksins. Svanberg hefði verið talsvert ölvaður, en rólegur. Hann hefði veitt því athygli, að föt Svanbergs voru aflaga, buxurnar nánast hangið utan á honum, en ekki minntist hann þess, að hann væri blóðugur. Svanberg hefði gefið þá skýringu á útganginum á sér, að hann hefði lent í áflogum. Þeir hefðu gengið saman um húsið og fengið sér í glas á einum barnum. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að Svanberg hefði lent í átökum á staðnum, en þeir hefðu orðið viðskila, og hefði hann leitað að Svanberg bæði utan dyra og innan, áður en hann fór, en án árangurs.

Sigurbjörn kvaðst hafa lent í átökum við mann á dansleiknum, sem var að abbast upp á vin hans. Hefði hann slegið þennan mann niður. Hann hefði ekki orðið þess var, að hann meiddi manninn. Maður þessi hefði verið nokkru eldri en hann.

Vitnið Sigurður Þorgils Guðmundsson var yfirheyrt fyrir lögreglu 26. maí 1987.

Hann kvaðst hafa farið á umræddan dansleik með ákærða, Svanberg. Þeir hefðu neytt áfengis, hann lítillega, en Svanberg eitthvað meira. Hann kvaðst ekki hafa veitt því athygli, að Svanberg lenti í áflogum, en minntist

þess að hafa hitt Svanberg á tali við einhvern strák, sem var með blóðnasir. Svanberg hefði verið að reyna að aðstoða hann og m.a. farið með honum inn á salerni. Hann hefði spurt þá, hvort eitthvað væri að, og strákurinn svarað annaðhvort því, að ekkert hefði gerst, eða að þetta skipti engu máli. Eftir þetta urðu þeir Svanberg viðskila, en er þeir hittust að nýju, var komið blóð á skyrtu hans. Eftir það sá hann Svanberg ekki á dansleiknum.

Sigurður Þorgils er við nám í Bandaríkjunum og ekki væntanlegur til landsins. Var því ekki unnt að kveðja hann fyrir dóm.

Í málinu liggur frammi áverkavottorð Stefáns B. Matthíassonar, heilsugæslulæknis á Heilsugæslustöð Seltjarnarness, dags. 10. febrúar 1987.

Í vottorðinu segir m.a.:

„Við skoðun 19.1. 1987 var nef beint, bólgið og marið. Eymsli yfir nefbeini, bólga þaðan og út á báðar kinnar. Röntgenmynd tekin 20.1. á Landakoti sýnir nefbrot án misgengis. Eftirlit fyrirhugað eftir eina viku. Þegar kom að eftirliti, var undirritaður forfallaður og Sigurgeir ekki skoðaður af lækni þá. Hinn 2.2. kom hann í skoðun, var þá bólga og mar nánast horfið. Sást þá, að væg skekkja var á nefinu yfir til vi. og nefrót breikkuð.

Hinn 3.2. fór hann í skoðun til háls-, nef- og eyrnalæknis, sem upplýsir, að ef Sigurgeir vilji láta rétta nefið og lagfæra, þurfi að gera aðgerð í svæfingu. Má ætla, að hann yrði þá frá vinnu í 2 - 3 vikur."

Niðurstöður.

Ákærði hefur neitað sakargiftum og borið, að hann hafi einvörðungu aðstoðað Sigurgeir Höskuldsson við að stöðva blóðnasir, sem hann hefði fengið. Hann hefur fyrir dómi haldið því fram, að við handtöku sína hafi verið farið mannavillt. Þar sem lögreglumenn þeir, sem handtóku sig, hefðu sýnt sér hrottaskap, hefði hann viljað losna úr haldi sem fyrst daginn eftir og í ljósi þess játað verknaðinn við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Ef litið er til framburðar þeirra tveggja lögreglumanna, sem handtóku ákærða, svo og þess, að framburður ákærða um málsatvik daginn eftir atburðinn við lögregluyfirheyrslu kemur heim og saman við framburð kæranda og Sigmars Jónssonar fyrir lögreglu nokkrum vikum síðar, þykir framburður ákærða fyrir dómi ótrúverðugur. Þá er til þess að líta, að ákærði tók framburð sinn ekki aftur fyrr en mánuði eftir að hann játaði verknaðinn, þegar hann var kvaddur að nýju til lögreglu í því skyni að bera undir hann bótakröfu kæranda.

Af framburði vitnanna Sigurgeirs Höskuldssonar og Sigmars Jónssonar, sem fær stoð í vitnisburði Halldórs Ásgeirssonar, þykir ljóst, að við handtöku ákærða var ekki farið mannavillt.

Þá þykir með vitnisburði þeirra Sigurgeirs og Sigmars fyllilega sannað

þrátt fyrir neitun ákærða fyrir dómi, að ákærði hafi að tilefnislausu slegið Sigurgeir högg í andlitið með þeim afleiðingum, að Sigurgeir nefbrotnaði.

Varðar þessi verknaður ákærða við 218. gr. almennra hegningarlaga.

Sigurgeir Höskuldsson hefur lagt fram kröfu um, að sér verði greiddur útlagður kostnaður vegna áverkavottorðs, 1.700,00 kr., svo og miskabótakröfu, að fjárhæð 70.000,00 kr. Þá krefst hann hæstu vaxta af kröfunni. Kröfuna um vexti gerði Sigurgeir í yfirheyrslu fyrir sakadómi Húsavíkur 1. nóvember sl., en þar er þess ekki getið, frá hvaða tíma vaxtanna er krafist.

Ljóst er, að Sigurgeir hefur haft óþægindi vegna meiðslanna. Þar sem krafan er sanngjörn og í hóf stillt, þykir rétt að taka hana að fullu til greina og dæma ákærða til að greiða honum samtals 71.700,00 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 1. nóvember 1988 til greiðsludags.

II.

Um kl. 13.50 laugardaginn 6. júní 1987 voru lögreglumenn úr Borgarnesi í umferðareftirliti við Geirsárbakka í Borgarfirði. Stöðvuðu þeir þar akstur bifreiðarinnar Ö 5067. Reyndist ökumaður vera Svanberg Hjelm, ákærði í máli þessu. Þar sem grunur lék á því, að hann væri undir áfengisáhrifum, var hann færður á lögreglustöðina í Borgarnesi og þar fyrir varðstjóra. Í framhaldi af því tók Aðalsteinn Guðmundsson læknir honum blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. 15.20.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist alkóhól í blóði hans mælast 1.18‰.

Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða 19. maí 1987, og var hann því ökuréttindalaus við aksturinn.

Ákærði hefur játað fyrir lögreglu og dómi, að hann hafi ekið framangreindri bifreið umrætt sinn undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus umræddan dag frá samkomuhúsinu að Logalandi, Reykholtsdalshreppi í Borgarfirði, að Geirsárbakka í Borgarfirði.

Með játningu ákærða og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir í II. kafla ákæru og þar þykir rétt heimfærð til refsiákvæða.

Sakaferill ákærða.

Ákærði gekkst tvívegis undir dómsátt árið 1987, annars vegar 13. apríl fyrir of hraðan akstur og hins vegar 13. júlí fyrir ölvun við akstur o.fl. umferðarlagabrot. Í síðara skiptið var hann sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 19. maí sama ár.

Viðurlög.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fjögurra mánaða fangelsi, en þar sem ákærði hefur ekki áður verið dæmdur fyrir hegningarlagabrot, þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og láta hana niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá greiði ákærði 20.000,00 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja. Vararefsing er ákveðin 10 daga varðhald.

Þá ber að svipta ákærða ökuleyfi skv. 102. gr., sbr. áður 81. gr., umferðar-laga. Telst sviptingin hæfilega ákveðin þrír mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Um skaðabætur hefur verið fjallað hér að framan.

Loks greiði ákærði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Ólafssonar hdl., 30.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Svanberg Hjelm, sæti fjögurra mánaða fangelsi, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði greiði 20.000,00 kr. í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í þrjá mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Sigurgeiri Höskuldssyni, Höfðabrekku 8, Húsavík, 71.700,00 kr. ásamt dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, frá 1. nóvember 1988 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Ólafssonar hdl., 30.000,00 krónur.

Föstudaginn 27. október 1989.

Nr. 424/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurjóni Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. október 1989. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður styttri tími.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rannsókn stendur enn yfir á innbroti í Víkurskála og ætlaðri aðild varnaraðila að því. Með vísan til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. október 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 25. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald, sem Sigurjóni Péturssyni gæslufanga, til heimilis að Engjaseli 72, Reykjavík, kt. 11.04.64-4289, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 16. október sl. og rennur út í dag kl. 16.00. Er nú krafist framlengingar allt til miðvikudags 29. nóvember nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Kærði er undir rökstuddum grun að hafa brotist inn í Víkurskála, Vík í Mýrdal, aðfaranótt föstudags 13. október sl. í félagi við bróður sinn,

Daníel Pétursson, og Jón Hinrik Hjaltason. Kærði hefur hins vegar neitað allri aðild að innbrotinu þrátt fyrir framburð ofangreindra manna, sem borið hafa við yfirheyrslur hjá RLR, að þeir hafi þar verið þrír að verki.

Auk þessa máls, sem enn er á frumrannsóknarstigi, hefur kærði sjö sinnum á líðandi ári átt aðild að kærumálum vegna brota á almennum hegningarlögum, sem til rannsóknar hafa verið hjá RLR. Mál þessi hafa nú öll verið send ríkissaksóknara til ákvörðunar, og hefur hann gefið út ákæru á hendur kærða í tveimur málum.

Hinn 22. desember sl. var kærði dæmdur í tveggja ára fangelsi í sakadómi Reykjavíkur fyrir þjófnað. Kærði áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar Íslands, og verður málið flutt í Hæstarétti 2. nóvember nk.

Af sakavottorði kærða má sjá, að sakaferill hans er langur og samfelldur. Hefur kærði frá árinu 1981 átta sinnum verið sakfelldur fyrir hegningarlagabrot og fyrir þau hlotið samtals 62 mánaða fangelsi. Einnig hefur hann átta sinnum verið sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot.

Af framansögðu er ljóst, að kærði er síbrotamaður, sem virðist eiga erfitt með að hafa ofan af fyrir sér með löglegum hætti. Þykir vera veruleg hætta á því, að kærði muni halda áfram brotastarfsemi sinni, ef hann er nú látinn laus úr gæsluvarðhaldi, á meðan málum hans er enn ólokið hjá dómstólum. Þykir því rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 29. nóvember nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurjón Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 29. nóvember nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 30. október 1989.

Nr. 308/1987. **Ólafur Finsen**
(Jón Ólafsson hrl.)
gegn
þrotabúi Hraunhafnar hf.
(Atli Gíslason hrl.).

Launakrafa. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt til að greiða sér 1.036.500,00 krónur ásamt dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð svo sem hér segir: 3% af 20.000,00 krónum frá 1. janúar 1979 til 1. júní s.á., 4% frá þeim degi til 1. september s.á., 4,5% frá þeim degi til 1. janúar 1980, af 50.000,00 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á., 4,75% frá þeim degi til 1. janúar 1981, af 100.000,00 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á., 4,5% frá þeim degi til 1. janúar 1982, af 180.000,00 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 5% frá þeim degi til 1. janúar 1983, af 405.500,00 krónum frá þeim degi til 21. október s.á., 4,7% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% frá þeim degi til 21. desember s.á., 3,25% frá þeim degi til 1. janúar 1984, af 703.500,00 krónum frá þeim degi til 21. janúar s.á., 2,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 2,75% frá þeim degi til 1. janúar 1985, af 1.036.500,00 krónum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 2,5% frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram, krefur áfrýjandi stefnda um laun vegna vinnu í þágu Hraunhafnar hf. árin 1978 til 1984. Samkvæmt skattframtölum áfrýjanda fyrir þessi ár hefur hann oftast reiknað sér ógreidd laun frá félaginu og talið þau fram sem inneign hjá því. Fram er komið, að áfrýjandi vann ýmis störf í þágu Hraunhafnar hf. á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

Í máli þessu liggur fyrir endurrit úr fógetabók Reykjavíkur 29. nóvember 1982, þar sem tekin er fyrir beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um lögtak hjá Trolle og Rothe hf., en áfrýjandi kvaðst í réttinum vera aðaleigandi þess fyrirtækis. Þar var lagt fram ljósrit af reikningi til Hraunhafnar hf., sem nú er glataður, um laun að fjárhæð 170.400,00 krónur. Var hann undirritaður af áfrýjanda og samþykktur af stjórnarformanni Hraunhafnar hf., Gunnari Jenssyni. Áfrýjandi benti á til lögtaks þessa launakröfu sína á hendur félaginu, og var gert lögtak í henni. Samkvæmt þessu er sannað, sbr. 158. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, að Hraunhöfn hf. lofaði að greiða áfrýjanda ofangreinda fjárhæð sem laun, og er ósannað, að um málamyndagerning hafi verið að ræða eða að krafan sé fyrnd. Verður stefnda því dæmt til að greiða áfrýjanda 170.400,00 krónur með vöxtum frá birtingardegi stefnu, eins og í dómsorði segir. Að öðru leyti er fallist á það með héraðsdómara, að ósannað sé, að áfrýjandi eigi kröfu á hendur stefnda vegna launa.

Rétt er, að stefnda greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 100.000,00 krónur.

Dómsorð:

Stefnda, þrotabú Hraunhafnar hf., greiði áfrýjanda, Ólafi Finsen, 170.400,00 krónur með 27% ársvöxtum frá 22. nóvember 1986 til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. september 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 17. september 1987, hefur Ólafur Finsen, 6752-8476, forstjóri, Vesturgötu 50 A, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 22. nóvember 1986, á hendur Hraunhöfn hf., 4327-5240, Reykjavík, til greiðslu skuldar vegna ógreiddra vinnulauna o.fl., samtals að fjárhæð 1.036.500,00 kr., auk vaxta og kostnaðar.

Hið stefnda hlutafélag var stofnað árið 1974 til að reka útgerð. Aðalhluthafar voru stefnandi og Gunnar B. Jensson. Félagið keypti m/b Björgvin, ÍS 301, og hóf útgerð skipsins um áramótin 1974/1975. Á árinu 1977 urðu eigendaskipti að hlutabréfum. Stefnandi seldi Gunnari og aðilum á hans vegum sinn hluta. Varð Gunnar við það aðalhluthafi og var kjörinn stjórnarformaður. Vélbáturinn Björgvin, RE 259, var þá eina eign félagsins. Hann var í lélegu ásigkomulagi og þarfnaðist verulegra endurbóta. Hafði hann ekki verið gerður út um tíma, og ekkert varð úr útgerð hans eftir það á vegum félagsins. Á árinu 1977 til 1978 og aftur frá 1982 og fram á árið 1983 var unnið við viðgerðir á skipinu, sem var síðan selt og afhent 15. september 1983. Félagið keypti bátinn aftur á uppboði 28. nóvember 1984 og seldi hann aftur í desember 1984. Kaupin gengu til baka í árslok 1985. Báturinn var loks seldur Dreka hf. í Hafnarfirði árið 1986, en hið stefnda hlutafélag var úrskurðað gjaldþrota 10. apríl 1987.

Þegar stefnandi seldi hlutafé sitt, var hann búinn að semja um ísetningu á nýrri aflvél í bátinn. Í aðilaskýrslu sinni kvað stefnandi hafa verið um talað, að hann héldi sínu striki og hefði eftirlit með verkinu og bátnum áfram. Af stefnda hálfu er því haldið fram þvert á móti, að afskipti stefnanda hafi sérstaklega verið afþökkuð á árinu 1977 og að hann hafi engum kröfum hreyft fyrr en árið 1986; afskipti stefnanda, eftir að hann gekk úr félaginu, hafi verið í óþökk stefnda og fremur því til tjóns en gagns.

Málið var upphaflega höfðað til staðfestingar á löghaldi, en eftir að félagið hafði verið úrskurðað gjaldþrota, var fallið frá staðfestingarkröfunni.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt til að greiða sér 1.036.500,00 kr. ásamt 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af 20.000,00 kr. frá 1. janúar 1979 til 1. júní 1979, 4% frá þeim degi til 1. september 1979, 4,5% frá þeim degi til 1. janúar 1980, af 50.000,00 kr. frá þeim degi til 1. júní 1980, 4,75% frá þeim degi til 1. janúar 1981, af 100.000,00 kr. frá þeim degi til 1. júní 1981, 4,5% frá þeim degi til 1. janúar 1982, af 180.000,00 kr. frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 5% frá þeim degi til 1. janúar 1983, af 405.500,00 kr. frá þeim degi til 21. október 1983, 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% frá þeim degi til 1. janúar 1984, af 703.500,00 kr. frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til 1. janúar 1985, af

1.036.500,00 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 1. júní 1987, 2,8% frá þeim degi til 1. júlí 1987, 3% frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 3,4% frá þeim degi til 1. september 1987, 3,5% frá þeim degi til greiðsludags auk alls kostnaðar við löghaldsgerð, er fram fór 10. nóvember 1986 hjá stefnda, og alls kostnaðar við mál þetta, ásamt málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og/eða fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnanda sundurliðast þannig í meginatriðum:

Vinnuframlag 1978 til 1984	kr.	830.000,00
Útlagður bifreiða- og síma-kostnaður öll árin	kr.	83.000,00
Útlagður kostnaður vegna viðgerða 1982	kr.	75.500,00
Útlagður kostnaður vegna uppgjörs og skulda Hraunhafnar hf. við Ævar Guðmundsson hdl.	kr.	48.000,00
Samtals	kr.	1.036.500,00

Af stefnda hálfu er aðallega krafist sýknu og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og málskostnaðarreikningi. Þá er krafist 100.000,00 kr. í tjónsbætur vegna löghalds. Til vara er þess krafist, að stefnda verði aðeins gert að greiða stefnanda 50.000,00 kr. með almennum sparisjóðsvöxtum frá 29. maí 1986 til 4. desember 1986, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og að málskostnaður falli niður.

Stefnandi virðist reisa kröfur sínar að meginstefnu til á því, að hann hafi unnið fyrir stefnda og eigi rétt á launum fyrir. Hann vitnar sérstaklega í meginreglu 5. gr. laga nr. 39/1922.

Stefnda reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að allar kröfur stefnanda, sem kunni að hafa stofnast fyrir 22. nóvember 1982, séu fyrndar og niður fallnar fyrir tómlæti. Í öðru lagi telur stefnda ósannað með öllu, að ráðningarsamband hafi stofnast milli hans og stefnanda. Þá er á það bent af hálfu stefnda, að kröfugerð sé áætluð, en styðjist hvorki við skráðar vinnustundir né önnur gögn. Bent er á, að báturinn hafi verið seldur haustið 1983, en að stefnandi reikni sér eigi að síður laun, að fjárhæð 250.000,00 kr., árið 1983 og árið 1984. Að því er ætlaðan beinan, útlagðan kostnað stefnanda varðar, bendir stefnda á, að stefnandi hafi ekki lagt fram reikninga, kvittanir eða önnur gögn til stuðnings þessum kostnaði. Þá telur stefnda, að lagaheimild skorti til að krefja um dráttarvexti, að minnsta kosti hærri en almenna sparisjóðsvexti.

Af hálfu stefnanda hefur komið fram, að hugsanlegt sé, að samningssamband gerðarbeiðanda og gerðarþola hafi verið heldur laust í reipunum fyrst í stað, en er fram liðu stundir, eftir að fyrir lá beint og óbeint samþykki stefnda á vinnu stefnanda, verði að líta svo á, að samningssamband hafi myndast. Á það er bent, að 29. nóvember 1982 hafi verið lagt fram í fógetarétti Reykjavíkur ljósrit af reikningi stefnanda á hendur stefnda um launakröfu, að upphæð 170.400,00 kr., með árituðu samþykki stefnda. Stefnandi heldur því fram, að samningssamband hafi verið komið á þegar árið 1978 og haldist óslitið til ársloka 1984, svo að samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905 geti krafan ekki verið fyrnd.

Við munnlegan flutning málsins var byggt á því af hálfu stefnanda, í samræmi við aðilaskýrslu hans, að samið hefði verið um það með aðilum árið 1977, að stefnandi ynni fyrir stefnda.

Stefnandi hefur gefið aðilaskýrslu fyrir dóminum, og vitni hafa verið leidd.

Gegn eindregnum andmælum stefnda og samkvæmt framburði vitnisins Gunnars Jenssonar þykir verða að telja ósannað, að jafnframt því sem stefnandi seldi hlutabréf sín, hafi verið svo um samið, að hann héldi áfram störfum fyrir félagið. Í þessu sambandi er vert að líta til þess, að engin starfsemi til tekjuöflunar var á vegum félagsins eftir þann tíma.

Ágreiningslaust er, að stefnandi fór fram á það við stjórnina árið 1980 að fá skriflegt umboð „til þess að sjá um, að báturinn yrði kláraður...“ Málaleitan þessari var synjað. Þykir þetta atvik mæla gegn því, að stofnast hafi vinnusamningur milli aðila í framkvæmd.

Síðari hluta árs 1982 vofði árangurslaust lögtak og gjaldþrot yfir stefnanda og fjölskyldufyrirtæki hans, Trolle og Rothe hf., vegna vangoldinna opinberra gjalda.

Að ósk lögmanns stefnda og stjórnarmanns varð að ráði, að stjórnarformaður stefnda áritaði með samþykki reikning, að fjárhæð 170.400,00 kr., sem stefnandi segir hafa verið jafnháan skattskuldinni. Var þetta gert í þeim tilgangi að hindra árangurslaust lögtak og gjaldþrot. Þessi sérstaki tilgangur þykir standa því í vegi, að viðurkenning þessi verði talin hafa þýðingu skv. 6. gr. fyrningarlaga, þar á meðal, að í henni hafi falist ótvírætt greiðsluloforð. Reikningurinn hefur ekki verið lagður fram, og benda öll atvik til, að samþykkið hafi verið gert til málamynda, auk þess sem ekki er vitað, hvort það var veitt fyrir eða eftir 22. nóvember 1982, sbr. 3. gr. fyrningarlaga. Samkvæmt þessu þykir stefnandi engan rétt geta byggt á samþykki þessu í málinu.

Á árinu 1982 kveðst stefnandi hafa lagt út fé umfram það, sem félagið átti, vegna viðgerða, samtals að fjárhæð netto 75.499,40 kr. Hann hefur ekki lagt fram neinar kvittanir eða önnur áreiðanleg skilríki fyrir þessum

greiðslum. Telur hann sig munu hafa afhent lögmanni (og stjórnarmanni) félagsins gögn varðandi uppgjör við Stálvík hf., þar á meðal þennan útlagða kostnað. Hann hefur ekki skorað á stefnda að leggja fram gögnin, og þau hafa ekki komið fram í málinu þrátt fyrir ábendingar dómarans. Ekki hefur komið fram með vissu, hvort útlát þessi urðu fyrir eða eftir 22. nóvember 1986, og verður því ekki talið sannað, að stefnandi eigi ófyrnda kröfu á hendur stefnda af þessum sökum.

Samkvæmt gögnum málsins virðist stefnandi hafa keypt ýmis tæki úr Sporði, RE, 30. júlí 1981, þ. á m. togvindu og stýrisbúnað. Stýrisbúnaðurinn virðist hafa verið notaður í m/s Björgvin, en togvindan mun hafa fylgt honum í sölu og endað í eigu Stálvíkur hf. til greiðslu upp í viðgerðarkostnað. Stefnandi samþykkti víxil, að fjárhæð 6.000,00 kr., til greiðslu fyrir þessa hluti, sem hann segir hafa verið gefinn út af stefnda. Víxilskuldina greiddi hann ásamt vöxtum og kostnaði 7. apríl 1983 með 16.630,00 kr. Hann hefur síðan bætt við á föllnum vöxtum og krefur stefnda nú um 48.000,00 kr. af þessum sökum.

Stefnandi öðlaðist aldrei víxilrétt á hendur stefnda. Hafi báðum aðilum þessa máls verið stefnt og þeir verið dæmdir til greiðslu víxilsins, hefur stefnandi ekki öðlast rétt á hendur stefnda með því að leysa til sín dómkröfuna, þar sem hann var sjálfur samþykkjandi, sbr. 49. gr. laga 93/1933. Hafi stefnda orðið skuldbundið vegna kaupanna, er krafa um greiðslu kaupverðsins fyrnd skv. 3. gr. fyrningarlaga.

Samkvæmt framburði stefnanda, sem styðst við vætti vitna, hefur hann í reynd á árunum 1977 til 1984 og jafnvel lengur haft umsjón með viðgerðum á bátnum og staðið í ýmsum snúningum vegna þeirra, útvegað fjármagn til endurbóta úr Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði auk fjármagnsfyrirgreiðslu í Landsbanka Íslands, samið við skuldheimtumenn um greiðslufresti og frestun aðfarargerða, tekið þátt í umræðum við kaupendur um samkomulag vegna gagnkrafna og haft afskipti af sölutilraunum stefnda, m.a. með því að hindra, að sölutilraunir stjórnarinnar næðu fram að ganga.

Svo virðist sem stjórn stefnda hafi framan af látið sér afskipti stefnanda vel líka, en miður, þegar hann fór að vinna gegn sölutilraunum stjórnarinnar. Af framburði stefnanda virðist mega ráða, að hann hafi stefnt að því, að gert yrði við bátinn, svo að sem mest fengist fyrir hann og hægt yrði að gera upp við alla skuldheimtumenn, greiða sér fyrir ómakið og hafa einhvern afgang fyrir félagið. Þetta virðist ekki hafa tekist fyllilega, og telur stefnandi það stafa af því, að hans ráðum var ekki fylgt í hvívetna.

Ljóst má vera, að stefnandi getur engra launa vænst frá félaginu fyrir að vinna gegn löglegum ákvörðunum stjórnarinnar. Honum mátti að öðru leyti vera ljóst, þegar hann var að fórna tíma sínum og starfsorku í þágu félagsins, að hann hafði engan samningsbundinn rétt til launa. Stefnda

hafði öll tök á að annast hagsmuni sína sjálft, og þykir stefnandi með starfi sínu í þágu félagsins hvorki hafa aflað sér réttar til launa eða þóknunar úr hendi stefnda samkvæmt reglum um óumbeðinn erindrekstur né á þann hátt, að ráðningarsamband stofnaðist í tímans rás. Á sama hátt þykir hann ekki eiga rétt til greiðslu fyrir símanot og kostnað við ferðir í þágu félagsins. Hins vegar verður ekki betur séð en ráðagerð stefnanda hafi verið vænleg til árangurs og að mat hans á getu kaupenda til að standa við skuldbindingar sínar hafi verið rétt. Gjaldþrot stefnda þykir ekki verða rakið til aðgerða stefnanda, heldur fremur til þess, að ekki tókst sem skyldi til um sölu á skipinu, og þykja þá ekki efni til að dæma bætur fyrir löghald, sbr. 24. gr. laga 18/1949.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, þrotabú Hraunhafnar hf., skal vera sýknt af öllum kröfum stefnanda, Ólafs Finsens.

Stefnandi, Ólafur Finsen, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnda.

Þriðjudaginn 31. október 1989.

Nr. 365/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Ólafi Erni Ólafssyni.

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. september 1989. Krefst hann þess, að dómsátt, sem varnaraðili undirgekkst í sakadómi Kópavogs 15. september 1989, verði úr gildi felld.

Varnaraðila var kynnt kæra ríkissaksóknara 6. október 1989 í sakadómi Kópavogs, og fékk þá frest til 23. sama mánaðar. Þann dag var m.a. fært til bókar:

„Fyrir dóm er kominn kærði og lögmaður hans, Örn Clausen hrl. Lögmaðurinn lýsir yfir því, að ekki verði haldið uppi vörnum og ekki skilað inn greinargerð af hálfu ákærða. Lögmaðurinn víkur frá. Kærði krefst þess, að hin kærða dómsátt standi óbreytt.

Kærði tekur fram, að hann telji, að ekki séu heimildir til á grundvelli 101. og 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, að svipta sig réttindum, sem hann hefur ekki, og vísar kærði í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 27. júní 1988."

Að kvöldi 30. desember 1988 var varnaraðili handtekinn vegna grunar um ölvun við akstur bifreiðarinnar M 2356 um götur í Reykjavík þá um kvöldið og að hafa ekið á tvær bifreiðar og ekið á brott af árekstursstað. Alkóhólmagn í blóði varnaraðila reyndist við rannsókn 1,66 ‰. Hinn 15. september 1989 samþykkti varnaraðili í sakadómi Kópavogs að greiða 50.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs auk málskostnaðar fyrir brot þetta, sem í dómsáttinni er talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., 4. gr. og 10. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga. Honum var ekki gert að sæta ökuleyfissviptingu.

Samkvæmt fyrirliggjandi sakavottorði varnaraðila var honum með dómsátt í sakadómi Kópavogs 29. nóvember 1988 gert að

greiða sekt og sæta ökuleyfissviptingu í eitt ár fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr., áfengislaga, nr. 82/1969.

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt, var ökuskírteini fyrst gefið út til handa varnaraðila 10. apríl 1973. Tilvísun varnaraðila í 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987 og dóm Hæstaréttar, sem varnaraðili vísar til, á því ekki við í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu var varnaraðili sóttur um ítrekað brot gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga skal við slíkar aðstæður svipta mann ökurétt-indum eigi skemur en í þrjú ár. Framangreind málalok voru því óheimil að lögum. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Sátt gerð í sakadómi Kópavogs 15. septembér 1989.

Ár 1989, föstudaginn 15. september, er dómþing sakadóms Kópavogs háð í skrifstofu bæjarfógeta af Kristrúnu Kristinsdóttur fulltrúa.

Fyrir er tekin rannsókn í tilefni kæru um brot gegn umfl., K-62/89.

Dómari leggur fram: nr. 1: lögregluskýrslu, nr. 2: varðstjóraskýrslu, nr. 3: framburðarskýrslu, nr. 4: blóðtökuvottorð, nr. 5: niðurst. alkóhólrannsóknar, nr. 6: sakarkostnaðaryfirlit, nr. 7: sakavottorð.

Skjölin fylgja.

Nafn: Ólafur Örn Ólafsson, heimili: Holtagerði 8, Kópavogi, fæðingardagur: 020356-3169.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt frá 30.12.1988.

Hann samþykkir að greiða 50.000,00 kr. í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málsókn út af brotinu, sem varðar við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., 1. mgr. 48. gr., 4. gr. og 10. gr., sbr. 100. gr. umfl.

Sektin greiðist fyrir 5.12.1989, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Málskostnaður, 3.178,00 kr., greiðist fyrir sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómari lét málsókn falla niður.

Þriðjudaginn 31. október 1989.

Nr. 426/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhannesi Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. október 1989.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er krafist kærumálskostnaðar. Verði úrskurður sakadóms staðfestur, er þess krafist, að dómurinn ákveði, með hvaða hætti gæsluvarðhaldi verði komið við, sbr. 70. gr. laga nr. 74/1974. Vart verði talin þörf á einangrun kærða á gæslutíma, og er þess krafist, að varnaraðila verði leyft að sitja gæsluna af sér í afplánunarfangelsi, sbr. heimildarákvæði 3. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Við rannsókn lögreglu vegna fjögurra kærna um skjalafals og fjársvik hefur varnaraðili játað að hafa falsað 16 tékka úr tékkheftum fjögurra manna. Hann er grunaður um að hafa falsað fimm aðra tékka, sem lögreglan hefur í sínum fórum. Þá segist hann sjálfur hafa falsað 18 til 23 tékka úr einu af áðurnefndum heftum, sem hafa ekki borist rannsóknarlögreglunni.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, enda er rannsókn á ætluðum brotum varnaraðila ekki enn lokið.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. október 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 26. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald, sem Jóhannesi Guðmundssyni gæslufanga, til lögheimilis að Köldukinn 25, Hafnarfirði, kt. 26.07.61-5529, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 22. október, allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi játað aðild sína að þeim skjalafalsbrotum, sem hann er grunaður um og nú eru til rannsóknar hjá RLR. Kærði hefur borið, að hann hafi staðið einn að öllum brotunum, en ekki kveðst hann muna, hvernig hann hafi komist yfir umrædd tékkhefti, þar sem hann hafi verið í mikilli óreglu undanfarið og verið í slagtogi með ýmsum þekktum afbrotamönnum. Rannsókn þessara mála er á frumstigi, og þykir ljóst, að kærði geti torveldað rannsóknina, verði hann nú látinn laus úr gæslu, enda eigi enn, samkvæmt upplýsingum kærða sjálfs, eftir að berast fjöldi tékka, sem hann hefur viðurkennt að hafa falsað. Ekki er heldur ljóst, hvort kærði hafi verið einn að verki, er hann falsaði tékkana, eða hvort aðrir hafi verið í vitorði með honum.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Sakaferill kærða er langur og samfelldur. Frá árinu 1977 hefur hann margsinnis komið við sögu vegna hegningarlagabrota og hlotið fjölmarga dóma fyrir þjófnað, fjársvik og skjalafals. Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann hlotið samtals 104 mánaða fangelsi.

Auk þeirra mála, sem nú eru til meðferðar hjá RLR, hafa sex kærumál á þessu ári verið send embætti ríkissaksóknara til ákvörðunar, og hafa þegar verið gefnar út tvær ákærur á hendur kærða, sem enn eru ódæmdar, og nýlokið er máli á hendur honum í sakadómi Reykjavíkur, en þar hlaut kærði 30 daga fangelsisdóm. Ekki er ljóst, hvort þeim dómi verður áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Hins vegar hefur kærði áfrýjað dómi sakadóms Kjósarsýslu, upp kveðnum 28. mars sl., en þar var kærði dæmdur í 14 mánaða fangelsisvist fyrir skjalafals og fjársvik.

Af framansögðu er ljóst, að kærði er síbrotamaður, sem virðist ekki hafa vilja til að hafa ofan af fyrir sér með löglegum hætti. Þykir hætta á því, að kærði taki upp fyrri iðju, verði hann nú látinn laus úr gæsluvarðhaldi, meðan ólokið er málum á hann, sem til meðferðar eru hjá dómstólum.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og vísan til 1. og 5. tl.

1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við kröfu RLR og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram, allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.

Ekki verður kveðið sérstaklega á um meðferð og aðbúnað kærða á gæsluvarðhaldstímanum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhannes Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.

Þriðjudaginn 31. október 1989.

Nr. 119/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Víði Kristjánssyni
(Hilmar Ingimarsson hrl.).

Tilraun til manndráps.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. mars 1989 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst, að ákærði hljóti vægustu refsingu lögum samkvæmt og að gæsluvarðhald ákærða frá 15. nóvember 1988 komi til frádráttar dæmdri refsingu. Hann krefst og málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin skýrsla ákærða og framburður vitnisins Baldvins Baldvinssonar.

Leggja verður til grundvallar þá frásögn ákærða, að hann hafi tekið hnífana tvo í því skyni að hafa þá á brott með sér.

Ákærði átti þess kost, er hann hafði klætt sig í buxur og peysu, að yfirgefa Baldvin og losna undan áleitni hans. Hann gekk hins vegar að rúminu, þar sem Baldvin hafði lagst, og settist hjá honum. Framferði Baldvins getur á engan hátt réttlætt atferli ákærða, sem gat ekki dulist, að lífsháski stafaði af atlögu hans.

Ber því að staðfesta sakarmat héraðsdóms og heimfærslu á broti ákærða til 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og komi henni til frádráttar gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt óslitið frá 15. nóvember 1988.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Víðir Kristjánsson, sæti fangelsi sex ár, og komi gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 15. nóvember 1988 refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 75.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 22. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 64/1989: Ákæruvaldið gegn Víði Kristjánssyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 25. janúar sl., á hendur ákærða, Víði Kristjánssyni sjómanni, áður að Bergstaðastræti 60, nú að Bræðraborgarstíg 10 í Reykjavík, fæddum þar í borg 17. janúar 1964.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir tilraun til manndráps með því að hafa um kl. 8 að morgni sunnudagsins 13. nóvember 1988 stungið Baldvin Baldvinsson, Sólvallagötu 27, Reykjavík, með hnífi lífshættulega stungu í kviðarhol á heimili Baldvins, og gekk stungan gegnum netju og ristil við vinstra nýra og aftur undir húð á baki. Hlaut Baldvin miklar blæðingar í kviðarholi, sem stöðvaðar voru í skurðaðgerð stuttu síðar.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Sunnudagsmorguninn 13. nóvember sl. klukkan 8.03 var hringt til lögreglunnar í Reykjavík frá Sólvallagötu 27, og kvaðst sá, er hringdi, hafa

verið stunginn með hnífi. Þrír lögreglumenn fóru á vettvang, og segir í skýrslu eins þeirra, að þegar hann kom að húsinu, hafi komið út út því maður, klæddur í náttslopp og nærbuxur, og hafi hann verið reikull í spori. Kvaðst hann hafa verið stunginn með hnífi, og með það féll hann við, en lögreglumaðurinn greip hann. Rétt á eftir kom sjúkrabifreið á staðinn og flutti manninn á slysadeild Borgarspítalans. Áður var hann búinn að stynja því upp, en mjög var af honum dregið, að sá, sem hefði stungið sig, héti Víðir, væri rauðhærður, á miðjum aldri, klæddur í bláar „galla"-buxur, og þegar hann hefði farið, hefði hann verið í svartri peysu af sér.

Hinn slasaði reyndist vera Baldvin Baldvinsson, fæddur 18. október 1947, og íbúð hans tveggja herbergja rishæð hússins. Hann afhenti lögreglumönnunum lykla að íbúðinni, og fóru þeir og könnuðu vettvang, en afhentu síðan rannsóknarlögreglumönnunum lyklana, er þeir komu á staðinn.

Kl. 16.20 fóru tveir starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins í gjörgæsludeild Borgarspítalans og ræddu þar við Baldvin, sem var vel vakandi eftir skurðaðgerð. Í þessu viðtali við Baldvin voru honum sýndar sex ljósmyndir úr myndasafni rannsóknarlögreglunnar, og tók hann strax út mynd af ákærða, Víði Kristjánssyni, sem síðan var hafin að leit. Á milli klukkan 18 og 19 var ákærði handtekinn af tveimur rannsóknarlögreglumönnum, þegar hann var að koma út úr húsinu nr. 10 við Bræðraborgarstíg í Reykjavík, en þangað voru lögreglumennirnir að koma til leitar að honum. Kannaðist ákærði strax við málið og var færður á slysadeild Borgarspítalans til töku á þvag- og blóðsýnum, sem tekin voru klukkan 18.25 og 18.50.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitnisins Baldvins og ákærða.

Baldvin skýrir svo frá, að hann hafi verið á leið heim til sín úr húsi við Lindargötu um klukkan 6 að morgni sunnudags 13. nóvember sl. og verið að skoða í búðarglugga í Austurstræti, þegar ákærði ávarpaði sig, en vitnið kannaðist við hann og hafði gert í 8-10 ár. Ákærði hefði spurt sig m.a., hvort hann vildi reykja með sér hass. Játti hann því, og gengu þeir saman heim til vitnisins. Vitnið man ekki, hvor þeirra átti uppástunguna að því að fara heim til þess, en þar settust þeir tveir saman í sófa í stofu, ræddu saman og reyktu úr pípu hassefni. Telur vitnið, að kynferðismál hafi borið á góma og þá mál samkynhneigðra. Á meðan ákærði og vitnið ræddu saman, tóku þeir tvær töflur, sem þeir skiptu hvorri um sig á milli sín. Var önnur þeirra mogadon frá vitninu, en hin frá ákærða, sem sagði hana sterkari en mogadon.

Vitnið gerir sér ekki grein fyrir, hvernig það æxlaðist, að þeir fóru saman í rúm vitnisins, en vitnið kveðst á engan hátt hafa tælt ákærða eða misnotað hann. Segir vitnið, að ákærði hafi verið vel hress, þegar þeir héldu inn í svefnherbergið, en á leiðinni þangað klæddu þeir sig úr fötunum.

Vitnið og ákærði lágu síðan saman í rúmi vitnisins allsnaktir og ræddu saman kynmök tveggja karla og létu vel hvor að öðrum, án þess að til kynmaka kæmi. Taldi vitnið, að ákærði vildi ekki eiga kynmök. Segir vitnið, að það muni til þess að hafa í stríðni sagt við ákærða, að það ætlaði að ríða honum.

Vitnið segir, að ákærði hafi skyndilega risið upp í rúminu og klætt sig í gallabuxur sínar og peysu af vitninu. Síðan fór hann úr svefnherberginu, og rétt á eftir heyrði vitnið, að rann úr krana í eldhúsinu. Þegar ákærði kom til baka, kom hann aftur upp í rúmið í fötunum, og telur vitnið, að það hafi farið að juða í ákærða að afklæðast að nýju. Rétt á eftir og án þess að vitnið hefði þuklað á ákærða, sem komið hafði afslappaður og brosandi upp í rúmið, dró ákærði upp hníf og sagði: „Ég ætla að stinga þig." Skipti síðan engum togum, að ákærði stakk vitnið með hnífnum í kviðinn og gerði þetta rólega, en ekki snögglega, og með hægri hendi.

Vitnið man ekki, hvor þeirra tók hnífinn úr sárinu, en strax eftir stunguna hljóp ákærði á brott, en vitnið hringdi á lögreglu eða sjúkrabíl og fór eftir það niður í anddyri hússins og þaðan út á götu.

Vitnið kveðst að mestu búið að jafna sig eftir atburðinn.

Ákærði segir, að hann hafi stungið Baldvin með hnífi í kviðarhol umræddan morgun, en mótmælir því, að um tilraun til manndráps hafi verið að ræða af sinni hálfu.

Ákærði kveðst hafa hitt Baldvin á milli klukkan 5 og 6 umræddan morgun í Austurstræti, og tóku þeir tal saman. Að boði Baldvins fór ákærði heim með honum og hafði í huga að reykja þar hassskaf úr pípu, sem hann hafði meðferðis, en það mátti ákærði ekki gera heima hjá föður sínum, en þangað hugðist ákærði halda á eftir. Kveðst ákærði hafa þekkt Baldvin frá fyrri tíð, en þó ekki með nafni. Hafði hann komið heim til hans í „partý" um þremur árum áður.

Ákærði settist í tveggja sæta sófa í íbúð Baldvins við hlið hans, og ræddu þeir saman. Þá neyttu þeir tveggja taflna, sem þeir áttu, og skiptu þeim hvorri um sig á milli sín. Ákærði segir, að Baldvin hafi átt mogadon-töflu, 5 mg, og hann sjálfur aðra töflu, sem sér hafi verið gefin um kvöldið eða nóttina.

Ákærði man, að Baldvin tók utan um hann, þar sem þeir sátu í sófanum, og var að strjúka honum og reyna við hann. Lét ákærði þetta afskiptalaust og þóttist ekki taka eftir því, en hafði engan hug á að leggjast með Baldvini. Telur ákærði, að þeir hafi setið í sófanum hálfa til heila klukkustund og rætt saman. Þá reyktu þeir á þessum tíma úr pípunni. Man ákærði, að á meðan hann var að skafa úr pípunni, áður en þeir reyktu úr henni, fór Baldvin fram á salerni, en ákærði á meðan í eldhúsið og tók þar tvo hnífa, sem hann hugðist slá eign sinni á, þar sem slíka hnífa vantaði á heimili

föður síns. Ákærði setti stærri hnífinn inn undir gallabuxur sínar við bakhluta sinn, en minni hnífinn setti hann í rassvasa á buxunum.

Ákærði man ekki nákvæmlega, hvernig það æxlaðist, að þeir héldu til svefnherbergisins, en ákærði kveðst hafa verið orðinn hálfslompaður og slappur og hugðist leggja sig. Telur ákærði, að hann hafi fært sig sjálfur úr öllum fötunum, og man, að þeir lágu allsberir saman uppi í rúminu og að Baldvin var að láta vel að sér. Lágu þeir hlið við hlið. Minnir ákærða, að Baldvin hafi sagt, að hann ætlaði að ríða sér og hafi hann verið með lim sinn nálægt endaþarmi ákærða. Fannst ákærða þetta ógeðslegt og bað Baldvin að hætta. Gerði hann það og fór fram í eldhús, en áður var ákærði búinn að koma hnífunum fyrir í yfirhöfn sinni, sem var á gólfinu í svefnherberginu ásamt öðrum fatnaði hans. Ákærði klæddi sig í gallabuxurnar og einhverja peysu og setti hnífana á sömu staði og áður. Eftir það kom Baldvin aftur og lagðist allsber í rúmið, en ákærði settist á rúmstokkinn. Þegar ákærði ætlaði að standa upp eftir stutta stund, reisti Baldvin sig upp að hálfu og reyndi að klæða hann að nýju úr gallabuxunum, en ákærði hafði sagt, um leið og hann stóð upp, að hann ætlaði að fara. Var Baldvin búinn að renna niður rennilásnum á buxum ákærða og taka um lim hans. Var Baldvin um leið að toga ákærða til sín. Á þessari stundu fann ákærði, að stóri hnífurinn var að detta niður. Jafnframt varð ákærði alveg brjálaður, greip hnífinn og rak hann mjög snöggt í kvið Baldvini. Ákærði telur sig lítið hafa hugsað út í það, hvaða afleiðingar þetta hefði, og ekki hugsaði hann út í, hvar hnífslagið myndi lenda, né hafði hann einhvern ákveðinn stað á líkama Baldvins í huga.

Ákærði var mjög ruglaður á þessari stundu og stökk á fætur og út. Skildi hann skó sína eftir. Hann gerir sér ekki grein fyrir, hvort hann kippti hnífnum úr sárinu eða ekki, og telur sig hafa stungið Baldvin með hægri hendi, en ákærði er rétthendur. Ákærði kveðst ekki hafa haft í huga að bana Baldvini, en ekkert gerði hann til að koma honum til hjálpar eftir verknaðinn.

Við rannsókn málsins sagði ákærði, að hnífurinn hefði staðið í sárinu, þegar hann yfirgaf Baldvin.

Ákærða minnir, að kynferðismál hafi borið á góma, þar sem þeir sátu í sófanum, en ekki getur ákærði gert grein fyrir því, um hvað umræðurnar snerust.

Vitnið Baldvin segir, að yfirhöfn ákærða sé enn í íbúð sinni á herðatré, og hefur aldrei komið inn í svefnherbergið. Ekki veit vitnið, hvar ákærði geymdi hnífinn, en fullyrðir, að ákærði hafi lagst aftur upp í rúmið, þegar hann kom úr eldhúsinu, og hafi legið í rúminu, þegar hann lagði til vitnisins, en ekki verið frammi á gólfi. Vitnið kannast ekki við að hafa rennt niður rennilásnum á buxum ákærða og tekið um lim hans, rétt áður en

vitnið fékk hnífslagið. Vitnið fullyrðir, að ákærði hafi legið fyrir ofan sig í rúminu, þegar hann lagði til þess, og hafi hann risið upp á olnboga.

Ákærði og vitnið Baldvin segja, að þeir vilji ekki hvor um sig mótmæla framburði hins, þar sem á milli ber, en segjast hvor um sig ekki muna betur en að framan greinir.

Ákærði kveðst hafa verið búinn að vera við áfengisdrykkju svo til stanslaust nokkra mánuði, þegar hann hitti Baldvin umrætt sinn, og einnig hefði hann á þessu tímabili neytt ýmissa fíkniefna og lyfja. Í október fór ákærði þó einn túr á togara.

Nálægt miðnætti aðfaranótt sunnudagsins fór ákærði á veitingastaðinn Tunglið við Lækjargötu og var þar fram að lokun kl. 3 um nóttina og við áfengisdrykkju. Eftir lokun í Tunglinu var ákærði að þvælast drukkinn um borgina, þar til hann hitti Baldvin um morguninn.

Ákærði kveðst hafa haldið eftir atburðinn heim til föður síns, þar sem hann dvaldist að mestu, þar til hann var handtekinn. Bjóst hann við handtöku á hverri stundu, en um daginn skrapp hann niður í miðborg.

Vitnið Rut Bergsteinsdóttir kaupmaður, Boðagranda 3 í Reykjavík, segir, að Baldvin Baldvinsson hafi dvalist hjá sér laugardaginn 12. nóvember sl. frá því síðla dags og fram undir miðnætti. Borðaði hann kvöldverð hjá vitninu og neytti með því einnar rauðvínsflösku í félagi við tvo aðra fullorðna. Sá ekki vín á Baldvini þegar hann hvarf á brott, en næst sá vitnið ekki Baldvin fyrr en eftir umræddan atburð.

Áverki Baldvins Baldvinssonar.

Í vottorði Jóns Níelssonar, læknis á skurðdeild Borgarspítalans, dagsettu 9. desember sl., segir svo um afskipti deildarinnar af Baldvini Baldvinssyni vegna hnífstungunnar:

„Fölur og meðtekinn af verk í kviðarholi. Höfuð og háls er eðlilegt. Skoðun á brjóstholi er ómarkverð. Hjarta og lungnahlustun er eðlileg. Við skoðun á kvið kemur í ljós, að hann er pínulítið þaninn, en brettharður, og neðan vi. rifjaboga í mammillarlínu er stungugat, um það bil 4 cm langt. Ekki verður af innstungugatinu ráðin stefnan á lagvopninu. Ekki blæðir úr þessu sem stendur, en í sárinu sést móta fyrir innihaldi, sem gæti verið garnalykkjur. Aðra áverka ekki að sjá á kviðarholi. Útlimir eru eðlilegir og engin merki um sköddun á þeim. Augljóst var, að um alvarlegan áverka var að ræða, og var því sjúklingur eftir undirbúning færður til skurðstofu til aðgerðar. Við hana kom í ljós, að lagvopnið hafði gengið í gegnum kviðvegginn á áðurnefndum stað, gegnum netju og ristil á tveimur stöðum. Þaðan lá leiðin aftur á við gegnum ristilhengið rétt neðan við briskirtil inn í nýrnafitu, og hefur lagvopnið sýnilega snert og skaddað óverulega nýrað utanvert. Áfram liggur sporið út úr nýrnafitu og aftur undir XII. rif neðan-

vert og þar allar götur út undir húð á baki. Talsvert blóð hafði safnast fyrir í kviðnum. Það var hreinsað út og önnur líffæri skoðuð, þ.e.a.s. lifur, garnir að öðru leyti, magi, bris, milta og ristill. Ekki fundust aðrir áverkar en þeir, er að framan getur. Götunum í ristlinum lokað á venjulegan hátt, og blæðandi æðar í netju og ristilhengi eru stöðvaðar. Ekki blæddi úr skurðinum á nýranu, en töluvert blæddi úr æðum neðan við XII. rif. Sú blæðing var að lokum stöðvuð, og var þá engin blæðing lengur inn í kviðarholið. Ekki var að sjá merki um, að áverkinn hefði skemmt þind eða brjósthols liffæri. Kviðarholið er síðan skolað með dauðhreinsuðu saltvatni. Settur keri vi. megin utanvert inn í kviðarhol af áverkastað. Gengið frá sári á venjul. hátt að lokum. Sjúklingur þurfti á nokkrum blóðgjöfum að halda, en þoldi aðgerðina vel og jafnaði sig ótrúlega vel eftir hana. Í ljós kom þó, að minni háttar loftleki hafði orðið neðan frá upp í brjósthol, svo að eitthvað virðist lagvopnið hafa skaddað þindarkantinn, enda þótt það sæist ekki. Þetta jafnaði sig að því frá töldu, að örlítil vökvasöfnun varð í vi. lungnasekk. Sjúklingur útskrifaðist 22.11.'88 til dvalar heima og eftirlits í göngudeild spítalans. Hann var í skoðun hjá undirrituðum 8. desember og kvartaði þá helst yfir verk utanvert við stungusvæðið, sem leiddi upp í brjósthol, jafnvel upp í öxl. Það var tekin af honum brjóstmynd, sem sýndi eðlilegt ástand lungna að því frá töldu, að óveruleg vökvaskvetta er enn ekki horfin úr brjóstholi vi. megin. Fylgst verður með sjúklingi áfram."

Vitnið Jón Níelsson læknir, Sæbraut 17 á Seltjarnarnesi, hefur staðfest framangreint vottorð sitt um áverka Baldvins.

Vitnið segir, að áður en það gerði uppskurð á Baldvini, hafi það ekki vitað, hversu alvarlegur áverkinn var, en eftir uppskurðinn er það mat vitnisins, að áverkinn hafi verið lífshættulegur. Vitnið segir, að áverki líkur þeim, er Baldvin hlaut, sé af skurðlæknum talinn lífshættulegur.

Vitnið segir, að erfitt sé að svara því, hve miklar almennar líkur séu á fjörtjóni, ef lagvopni sem því, er beitt var umrætt sinn, sé stungið vinstra megin í kviðarhol, jafndjúpt og raun ber vitni, en vitnið sá umræddan hníf. Vitnið telur, að nokkrar líkur séu á lífshættulegum áverka. Vitnið segir, að tæknilegur möguleiki sé á að lifa af hnífstungu í kviðarhol, og fari þetta eftir því, í hvaða eða hve mörg líffæri hnífstungan fari. Vitnið segir, að áverki sá, sem Baldvin hlaut umrætt sinn, hafi verið þess eðlis, að meiri líkur séu á því, að hann hefði dáið af honum en lifað hann af, ef ekkert hefði verið að gert.

Áfengis- og lyfjarannsókn á ákærða.

Eins og áður er komið fram, voru ákærða tekin blóð- og þvagsýni þegar eftir handtökuna. Voru sýnin rannsökuð í Rannsóknastofu Háskólans í

lyfjafræði. Samkvæmt matsgerð rannsóknastofunnar var magn etanóls í blóði ákærða 1,09‰, en í þvagi hans 0,84‰. Segir í matsgerðinni, að niðurstöðutölur þessara rannsókna bendi til þess, að ákærði hafi neytt áfengis, skömmu áður en sýnin voru tekin. Enn fremur megi telja öruggt, að ákærði hafi neytt amfetamíns, allnokkru áður en sýnin voru tekin, en í þvagsýninu voru 0,7 míkróg/ml af amfetamíni og auk þess kannabínóíðar (meira en 50 ng/ml), en magn þeirra bendi til þess, að ákærði hafi einnig neytt kannabis, en staðfesti það ekki. Til þess hefði þurft að senda sýni til Noregs til staðfestingar, en það tæki oft langan tíma. Fram kemur, að benzódíazepín-sambönd, morfín og amfetamín hafi ekki verið í mælanlegu magni í blóði ákærða.

Rannsókn á vettvangi.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar gerði vettvangsrannsókn á heimili Baldvins Baldvinssonar og segir, að íbúð hans sé vestan til í húsinu á efstu hæð og sé gengið inn í íbúð hans til hægri, þegar komið sé á efsta pall, en íbúðin sé stofa, svefnherbergi, eldhús, bað og gangur, sem tengi saman herbergin. Er norðurhlið íbúðarinnar að hálfu leyti undir súð. Síðan er íbúðinni, húsbúnaði og öðrum hlutum í íbúðinni lýst nákvæmlega. Kemur fram, að þegar komið sé inn í íbúðina, sé stofan strax á vinstri hönd, og rétt innan við stofudyr liggi blóðugur hnífur, og vísi oddur hans í vestur. Þá kemur fram, að í eldhúsinu hafi hnífaparaskúffan verið útdregin. Á ljósmyndum úr íbúðinni sést blóðslóð á gólfi í svefnherbergi og stofu og einnig blettir í rúmi í svefnherbergi, sem virtust blóðblettir.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar lýsir hnífnum svo, að hann sé framleiddur í Japan, og sé hann allur 33,5 cm á lengd, blaðið 20 cm langt og 43 mm breitt, þar sem það sé breiðast. Var hnífurinn mjög blóðugur beggja vegna, og náði blóðið 17 cm upp eftir blaðinu.

Hagir ákærða.

Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans, framkvæmdi geðheilbrigðisrannsókn á ákærða, og Heiðdís Sigurðardóttir sálfræðingur lagði fyrir ákærða greindarpróf. Samkvæmt því er greindarvísitala alls prófsins 103, en það er talið í meðallagi.

Í þessum rannsóknum kemur m.a. fram, að ákærði sé einhleypur sjómaður, sem hafi verið giftur í 2½ ár og eigi fimm ára dóttur. Hann hafi gengið í skóla í Kópavogi og byrjað í 9. bekk í Skógaskóla, en hætt eftir þrjár vikur og farið á sjóinn. Ákærða hafi gengið skólanám í meðallagi, en hann hafi verið byrjaður í óreglu 12 ára gamall og misnotað áfengi og önnur vímuefni um langt skeið. Þá hafi hann farið í meðferð á Vogi og á Staðarfelli fyrir tveimur árum, en byrjað að drekka aftur, er hann kom af Staðarfelli.

Í niðurlagi skýrslu yfirlæknisins um geðheilbrigðisrannsóknina segir svo:

„Ályktun.

Ljóst er, að Víðir Kristjánsson er ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar greinast merki um persónuleikatruflanir, og Víðir hefur misnotað áfengi og neytt fíkniefna um margra ára bil. Hann gerði þrjár tilraunir til meðferðar á sjúkrastöð SÁÁ á árunum 1986-87, en með takmörkuðum árangri. Framangreindar persónuleikatruflanir hafa m.a. komið fram í hegðunarvandræðum frá unga aldri, afbrotum á unglingsárum, áfengismisnotkun og fíkniefnaneyslu ásamt óreglulegri skóla- og atvinnusókn.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Víðir er nú grunaður um, vega sennilega þyngst framangreindir skapgerðargallar samfara áfengis- og fíkniefnaáhrifum. Enn fremur virðist ljóst, að Víðir er sem næst tvíkynhneigður (bisexual), en hann telur sig ekki samkynhneigðan. Víðir telur, að hann hafi e.t.v. vakið fullmiklar væntingar hjá þolandanum í máli þessu, en sér hafi síðan snúist hugur. Nánasta orsök umrædds atviks hefur því að líkindum verið innri togstreita og skyndilegur missir sjálfsstjórnar undir áhrifum áfengis og fíkniefna.

Ég hef lagt á það áherslu, að Víðir geri sér grein fyrir skapgerð sinni og að hann haldi sig framvegis algerlega frá neyslu áfengis og annarra vímuefna. Þó að líklegt megi teljast, að dómgreind Víðis hafi verið sljóvguð vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu, þegar framangreindur atburður varð, verður þó að álykta, að raunveruleikamat og dómgreind Víðis Kristjánssonar sé annars með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

Rannsókn málsins.

Vitnið Gunnar Sigurður Ingólfur Sigurðsson lögreglumaður, Næfurási 4 í Reykjavík, gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem unnu að rannsókn málsins, hafa allir komið fyrir dóminn við meðferð þess og staðfest þau verk, sem þeir unnu að. Eru það rannsóknarlögreglumennirnir Kristján Friðþjófsson, Ástúni 10 í Kópavogi, Kristján Hallgrímur Kristjánsson, Fífumýri 6 í Garðabæ, Óskar Þór Sigurðsson, Breiðvangi 4 í Hafnarfirði, Sigurbjörn Víðir Eggertsson lögreglufulltrúi, Yrsufelli 40 í Reykjavík, og Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn, Giljalandi 4 í Reykjavík.

Niðurstöður.

Sannað er með játningu ákærða, framburði vitnisins Baldvins, læknisvottorði og öðru því, sem fram er komið í málinu og rakið var, að ákærði

hafi stungið Baldvin Baldvinsson með hnífi í kviðarhol á heimili hans að morgni sunnudags 13. nóvember sl. með þeim afleiðingum, sem frá greinir í ákæru og læknisvottorði, en að mati læknis þess, sem skar Baldvin upp, var áverkinn lífshættulegur.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi ekki haft í huga að bana Baldvini, og mótmælir því, að um tilraun til manndráps hafi verið að ræða. Kveðst ákærði hafa rekið hnífinn mjög snöggt í kviðinn á Baldvini og þá verið alveg brjálaður, en Baldvin segir ákærða hafa stungið hnífnum í sig rólega, en ekki snögglega. Ákærði og vitnið Baldvin eru sammála um, að þeir hafi farið saman allsnaktir í rúmið í svefnherbergi Baldvins, og ekkert er komið fram um það, að ákærða hafi verið þröngvað til þess. Einnig er það samhljóða framburður beggja, að Baldvin hafi sýnt ákærða kynferðislegan áhuga í orði og verki. Þá er ljóst, að ákærði gat komið sér undan þessu og hafði haft til þess góðan tíma, áður en þeir fóru upp í rúm, og einnig eftir það. Verða þau viðbrögð hans eftir jafnlangan tíma að stinga Baldvin með hnífi í kviðinn að teljast langt út fyrir öll eðlileg viðbrögð við kynferðislegum afskiptum Baldvins af ákærða. Enda þótt ósannað sé, að hugur ákærða hafi staðið til þess að bana Baldvini, verður að telja þá sögu ákærða afar ósennilega, að hann hafi tekið hnífana og sett í klæði sín til þess að stela þeim. Hins vegar þykir ekki fram komin sönnun fyrir því, að ákærði hafi sótt þá fram í eldhús í þeim tilgangi að nota þá, annan eða báða, til þess að stinga Baldvin með þeim. Allt að einu var sú háttsemi að stinga hinum stærri í kvið Baldvins langlíklegust til að hafa í för með sér dauða hans, og gat ákærða ekki dulist, að svo væri. Er ákærði því sekur um tilraun til manndráps með þeirri háttsemi að stinga hnífnum í kvið Baldvins. Varðar þessi háttsemi við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1979 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr., sbr. 22. gr., hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið tvö ár frá 8.10.1979.

1981 31/7 Kópavogi: Dómur: tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í þrjá mánuði frá 21.8.1981.

Refsing.

Með hliðsjón af því, sem rakið var um samskipti ákærða og Baldvins, áður en ákærði stakk hann, svo og, að hann yfirgaf hann eftir atlöguna

án þess að skeyta um ástand hans eða að leita honum hjálpar, þykja engar refsilækkandi ástæður koma til greina hjá ákærða, sem telst sakhæfur. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af þessu hæfilega ákveðin fangelsi í sex ár.

Gæsluvarðhald.

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald með úrskurði dómsins 15. nóvember sl. til 14. desember sl., en þann dag var gæsluvarðhaldið framlengt til 1. mars nk., og hefur ákærði sætt því allt til þessa. Þykir rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að þetta gæsluvarðhald, 99 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 75.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 120.000,00 krónur. Málið flutti af ákæruvaldsins hálfu Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara.

Dómsorð:

Ákærði, Víðir Kristjánsson, sæti fangelsi í sex ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 99 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 75.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 120.000,00 krónur.

Miðvikudaginn 1. nóvember 1989.

Nr. 382/1989. **Matthías Einarsson**

gegn

Kristni Einarssyni hrl.

f.h. Rectella International Ltd.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Fimmtudaginn 2. nóvember 1989.

Nr. 405/1989. **Birgir Helgason**

gegn

Ragnari Halldóri Hall,

skiptaráðanda í Reykjavík.

Kærumál. Greiðslustöðvun. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Með bréfi 17. október 1989 hefur sóknaraðili skotið „réttarsynjun" Ragnars Halldórs Hall, skiptaráðanda í Reykjavík, til Hæstaréttar. Slík kæra er heimil samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Eftir að kærubréf sóknaraðila barst skiptaráðandanum, kvað hann 19. október 1989 upp svofelldan úrskurð:

„Beiðni Birgis Helgasonar, kennit. 150144-3379, um heimild til greiðslustöðvunar er synjað."

Úrskurður þessi var án forsendna. Eftir orðalagi framangreinds bréfs frá 17. október leit skiptaráðandi svo á, að því væri einnig ætlað að ná til kæru þessa úrskurðar, og hefur sent Hæstarétti svofelldar forsendur hans:

„Hinn 17. október 1989 kom Birgir Helgason, Kleppsvegi 26, Reykjavík, í skrifstofu skiptaráðandans í Reykjavík og sýndi þar greiðslustöðvunarbeiðni, sem hann hafði meðferðis. Var þess þar beiðst, að skiptaréttur Reykjavíkur heimilaði honum greiðslustöðvun í fjóra mánuði samkvæmt heimild í II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Í beiðni þessari kom fram, að Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður myndi verða greiðslustöðvunarbeiðanda til aðstoðar, yrði um beðin heimild veitt.

Í beiðninni kom fram, að greiðslustöðvunarbeiðandi hefði fengið sams konar heimild á árinu 1988. Var athygli hans vakin á ákvæði lokamálsliðar 7. gr. laga nr. 6/1978, og ákvað hann þá að taka beiðni sína aftur.

Hinn 18. október 1989, er skiptaráðandi kom í skrifstofu sína úr þinghaldi í dómsal, lá þar fyrir hin sama greiðslustöðvunarbeiðni, og hafði áðurnefndur lögmaður komið með hana. Afhend-

ing þessara gagna í skrifstofu skiptaráðanda verður ekki skýrð á annan veg en þann, að krafist sé úrskurðar um, hvort um beðin heimild verði veitt eða ekki.

Samkvæmt lokamálslið 7. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, má ekki heimila greiðslustöðvun, ef þeim, sem hennar beiðist, hefur áður verið heimiluð greiðslustöðvun á síðustu þremur árum fyrir frestdag. Greiðslustöðvunarbeiðanda, Birgi Helgasyni, var veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 23. júní 1988. Sú heimild var framlengd um tvo mánuði með úrskurði réttarins, upp kveðnum 23. september 1988. Samkvæmt því er óheimilt að veita honum nú hina um beðnu heimild, og er beiðninni synjað."

Hinn 31. október 1989 barst Hæstarétti greinargerð frá lögmanni sóknaraðila. Verður að skýra hana svo, að haldið sé fast við kæru vegna réttarsynjunar og þess einnig krafist, að framangreindur úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur verði felldur úr gildi og sóknaraðila veitt um beðin heimild til greiðslustöðvunar. Þá er gerð krafa um kærumálskostnað.

Af hálfu skiptaráðanda eru ekki hafðar uppi kröfur í málinu.

Í framangreindum forsendum hins kærða úrskurðar kemur fram, að skiptaráðandi taldi sóknaraðila hafa fallið frá beiðni sinni um heimild til greiðslustöðvunar 17. október, er honum hafði verið leiðbeint um réttarreglur í því efni. Þessari staðhæfingu hefur ekki verið hnekkt. Er beiðni um heimild til greiðslustöðvunar var ítrekuð, var hún tekin til úrskurðar og hinn kærði úrskurður kveðinn upp. Ekki verður á það fallist, að skiptaráðandi hafi við meðferð þessa máls gert á hluta sóknaraðila.

Samkvæmt 10. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, verður úrskurði skiptaréttar, þar sem synjað er um heimild til greiðslustöðvunar, ekki skotið til Hæstaréttar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðila er vikið að ætluðum ávirðingum fulltrúa yfirborgarfógetans í Reykjavík við framkvæmd nauðungaruppboðs á íbúð sóknaraðila og eiginkonu hans 19. október 1989. Þessar ætluðu ávirðingar fulltrúans koma ekki til álita í máli þessu.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 19. október 1989.

Hinn 17.október 1989 kom Birgir Helgason, Kleppsvegi 26, Reykjavík, í skrifstofu skiptaráðandans í Reykjavík og sýndi þar greiðslustöðvunarbeiðni, sem hann hafði meðferðis. Var þess þar beiðst, að skiptaréttur Reykjavíkur heimilaði honum greiðslustöðvun í fjóra mánuði samkvæmt heimild í II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Í beiðni þessari kom fram, að Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður myndi verða greiðslustöðvunarbeiðanda til aðstoðar, yrði um beðin heimild veitt.

Í beiðninni kom fram, að greiðslustöðvunarbeiðandi hefði fengið sams konar heimild á árinu 1988. Var athygli hans vakin á ákvæði lokamálsliðar 7. gr. laga nr. 6/1978, og ákvað hann þá að taka beiðni sína aftur.

Hinn 18. október 1989, er skiptaráðandi kom í skrifstofu sína úr þinghaldi í dómsal, lá þar fyrir hin sama greiðslustöðvunarbeiðni, og hafði áðurnefndur lögmaður komið með hana. Afhending þessara gagna í skrifstofu skiptaráðanda verður ekki skýrð á annan veg en þann, að krafist sé úrskurðar um, hvort um beðin heimild verði veitt eða ekki.

Samkvæmt lokamálslið 7. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, má ekki heimila greiðslustöðvun, ef þeim, sem hennar beiðist, hefur áður verið heimiluð greiðslustöðvun á síðustu þremur árum fyrir frestdag. Greiðslustöðvunarbeiðanda, Birgi Helgasyni, var veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 23. júní 1988. Sú heimild var framlengd um tvo mmánuði með úrskurði réttarins, upp kveðnum 23. september 1988. Samkvæmt því er óheimilt að veita honum nú hina um beðnu heimild, og er beiðninni synjað.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Beiðni Birgis Helgasonar, kennit. 150144-3379, um heimild til greiðslustöðvunar er synjað.

Fimmtudaginn 2. nóvember 1989.

Nr. 406/1989. **Sigrún Guðmundsdóttir**
gegn
Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík.

Kærumál. Greiðslustöðvun. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Með bréfi 17. október 1989 hefur sóknaraðili skotið „réttarsynjun" Ragnars Halldórs Hall, skiptaráðanda í Reykjavík, til Hæstaréttar. Slík kæra er heimil samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Eftir að kærubréf sóknaraðila barst skiptaráðandanum, kvað hann 19. október 1989 upp svofelldan úrskurð:

„Beiðni Sigrúnar Guðmundsdóttur, kennit. 23.05.50-4929, um heimild til greiðslustöðvunar er synjað."

Úrskurður þessi var án forsendna. Eftir orðalagi framangreinds bréfs frá 17. október leit skiptaráðandi svo á, að því væri einnig ætlað að ná til kæru þessa úrskurðar, og hefur sent Hæstarétti svofelldar forsendur hans:

„Hinn 17. október 1989 kom Birgir Helgason, Kleppsvegi 26, Reykjavík, eiginmaður greiðslustöðvunarbeiðanda, í skrifstofu skiptaráðandans í Reykjavík og sýndi þar greiðslustöðvunarbeiðni, sem hann hafði meðferðis. Var þess þar beiðst, að skiptaréttur Reykjavíkur heimilaði henni greiðslustöðvun í fjóra mánuði samkvæmt heimild í II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Í beiðni þessari kom fram, að Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður myndi verða greiðslustöðvunarbeiðanda til aðstoðar, yrði um beðin heimild veitt.

Í beiðninni kom fram, að greiðslustöðvunarbeiðandi hefði fengið sams konar heimild á árinu 1988. Var athygli Birgis, sem einnig hafði meðferðis hliðstæða beiðni fyrir sjálfan sig, vakin á ákvæði lokamálsliðar 7. gr. laga nr. 6/1978, og ákvað hann þá að taka báðar beiðnirnar aftur.

Hinn 18. október 1989, er skiptaráðandi kom í skrifstofu sína úr þinghaldi í dómsal, lá þar fyrir hin sama greiðslustöðvunarbeiðni, og hafði áðurnefndur lögmaður komið með hana. Afhending þessara gagna í skrifstofu skiptaráðanda verður ekki skýrð á annan veg en þann, að krafist sé úrskurðar um, hvort um beðin heimild verði veitt eða ekki.

Samkvæmt lokamálslið 7. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, má ekki heimila greiðslustöðvun, ef þeim, sem hennar beiðist, hefur áður verið heimiluð greiðslustöðvun á síðustu þremur árum fyrir frestdag. Greiðslustöðvunarbeiðanda, Sigrúnu Guðmundsdóttur, var veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 23. júní 1988. Sú heimild var framlengd um tvo mánuði með úrskurði réttarins, upp kveðnum 23. september 1988. Samkvæmt því er óheimilt að veita henni nú hina um beðnu heimild, og er beiðninni synjað."

Hinn 31. október 1989 barst Hæstarétti greinargerð frá lögmanni sóknaraðila. Verður að skýra hana svo, að haldið sé fast við kæru vegna réttarsynjunar og þess einnig krafist, að framangreindur úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur verði felldur úr gildi og sóknaraðila veitt um beðin heimild til greiðslustöðvunar. Þá er gerð krafa um kærumálskostnað.

Af hálfu skiptaráðanda eru ekki hafðar uppi kröfur í málinu.

Í framangreindum forsendum hins kærða úrskurðar kemur fram, að skiptaráðandi taldi eiginmann sóknaraðila hafa fallið frá beiðni hennar um heimild til greiðslustöðvunar 17. október, er honum hafði verið leiðbeint um réttarreglur í því efni. Þessari staðhæfingu hefur ekki verið hnekkt. Er beiðni um heimild til greiðslustöðvunar var ítrekuð, var hún tekin til úrskurðar og hinn kærði úrskurður kveðinn upp. Ekki verður á það fallist, að skiptaráðandi hafi við meðferð þessa máls gert á hluta sóknaraðila.

Samkvæmt 10. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, verður úrskurði skiptaréttar, þar sem synjað er um heimild til greiðslustöðvunar, ekki skotið til Hæstaréttar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðila er vikið að ætluðum ávirðingum fulltrúa yfirborgarfógetans í Reykjavík við framkvæmd nauð-

ungaruppboðs á íbúð sóknaraðila og eiginmanns hennar 19. október 1989. Þessar ætluðu ávirðingar fulltrúans koma ekki til álita í máli þessu.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 19. október 1989.

Hinn 17. október 1989 kom Birgir Helgason, Kleppsvegi 26, Reykjavík, eiginmaður greiðslustöðvunarbeiðanda, í skrifstofu skiptaráðandans í Reykjavík og sýndi þar greiðslustöðvunarbeiðni, sem hann hafði meðferðis. Var þess þar beiðst, að skiptaréttur Reykjavíkur heimilaði henni greiðslustöðvun í fjóra mánuði samkvæmt heimild í II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Í beiðni þessari kom fram, að Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður myndi verða greiðslustöðvunarbeiðanda til aðstoðar, yrði um beðin heimild veitt.

Í beiðninni kom fram, að greiðslustöðvunarbeiðandi hefði fengið sams konar heimild á árinu 1988. Var athygli Birgis, sem einnig hafði meðferðis hliðstæða beiðni fyrir sjálfan sig, vakin á ákvæði lokamálsliðar 7. gr. laga nr. 6/1978, og ákvað hann þá að taka báðar beiðnirnar aftur.

Hinn 18. október 1989, er skiptaráðandi kom í skrifstofu sína úr þinghaldi í dómsal, lá þar fyrir hin sama greiðslustöðvunarbeiðni, og hafði áðurnefndur lögmaður komið með hana. Afhending þessara gagna í skrifstofu skiptaráðanda verður ekki skýrð á annan veg en þann, að krafist sé úrskurðar um, hvort um beðin heimild verði veitt eða ekki.

Sakvæmt lokamálslið 7. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, má ekki heimila greiðslustöðvun, ef þeim, sem hennar beiðist, hefur áður verið heimiluð greiðslustöðvun á síðustu þremur árum fyrir frestdag. Greiðslustöðvunarbeiðanda, Sigrúnu Guðmundsdóttur, var veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 23. júní 1988. Sú heimild var framlengd um tvo mánuði með úrskurði réttarins, upp kveðnum 23. september 1988. Samkvæmt því er óheimilt að veita henni nú hina um beðnu heimild, og er beiðninni synjað.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Beiðni Sigrúnar Guðmundsdóttur, kennit. 23.05.50-4929, um heimild til greiðslustöðvunar er synjað.

Fimmtudaginn 2. nóvember 1989.

Nr. 43/1989. **Ulrich Falkner**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Útvegsbanka Íslands hf.
(Gunnar Sæmundsson hrl.) og
Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta, skiptaráðanda í Reykjavík, f.h. þrotabús áfrýjanda.

Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1989. Áfryjandi krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að synjað verði þeirri kröfu hins stefnda banka, að bú áfrýjanda verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Rétt var að stefna skiptaráðanda fyrir Hæstarétt í máli þessu f.h. þrotabús áfrýjanda skv. 1. gr. laga nr. 19/1895 og 19. gr., 2. mgr., gjaldþrotalaga, nr. 6/1978.

Þegar mál þetta var flutt í Hæstarétti, ítrekaði lögmaður áfrýjanda, að til boða stæði greiðsla frá þriðjamanni á þeirri kröfu, sem reynt var að tryggja með fjárnámi 3. október 1988, en höfuðstóll hennar er 600.000,00 krónur. Geymslugreiðsla hefur ekki farið fram.

Í fógetarétti Reykjavíkur 3. október 1988 lýsti áfrýjandi sig eignalausan. Með bréfi 8. nóvember krafðist Útvegsbanki Íslands hf. gjaldþrotaskipta á búi hans og lýsti kröfum í búið, alls að fjárhæð 16.138.379,03 krónur, að með talinni kröfunni, sem fjárnámið 3. október átti að tryggja. Hinn 22. febrúar sl. kom áfrýjandi fyrir skiptarétt og kvaðst vera eignalaus, en sagði jafnframt, að hann væri skuldlaus.

Fram er komið, að fyrir liggja aðfararhæfar kröfur hins stefnda banka á áfrýjanda, sem nema til muna hærri fjárhæð en boðin hefur verið greiðsla á. Skiptir eigi máli, hvort rétt er sú staðhæfing áfrýjanda, að kröfur þessar séu vegna ábyrgða fyrir þriðjamann. Ekki kemur hér til sérstakrar athugunar, hvort hinn stefndi banki geti fengið kröfur sínar greiddar vegna trygginga í eignum þriðjamanns, sbr. 15. gr., 1. mgr. b, gjaldþrotalaga. Er ekkert fram komið um, að gjaldþrotaskiptin, sem krafist er, myndu leiða til breytinga á réttarstöðu bankans, enda er því ekki haldið fram í málinu, að bankinn hafi gefið loforð um að krefjast ekki gjaldþrotaskipta, meðan trygging frá þriðjamanni er nægileg, eða með öðrum hætti skuldbundið sig varðandi hugsanlega kröfu um gjaldþrot.

Eftir 13. gr., 1. mgr. c, í gjaldþrotalögum ber því að taka bú áfrýjanda til gjaldþrotaskipta, og verður hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur, 27. janúar 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 12. janúar 1989.

Sóknaraðili, Útvegsbanki Íslands hf., kt. 440587-2167, gerir þá dómkröfu, að bú Ulrichs Falkners verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Varnaraðili, Ulrich Falkner, kt. 21.07.37-2949, gerir þá dómkröfu, að því verði hafnað, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst hann málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk lögmælts söluskatts.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá, að mánudaginn 3. október 1988 var gert árangurslaust fjárnám hjá varnaraðila málsins á grundvelli aðfararhæfrar

áskorunarstefnu. Áskorunarstefnan var á hendur varnaraðila og Guðmundi Axelssyni, nnr. 3045-2348, til innheimtu á víxli, að fjárhæð 600.000,00 kr. Víxillinn var út gefinn 1. júní 1987 af Guðmundi Axelssyni og samþykktur af Ulrich Falkner til greiðslu 30. júní 1987 í Útvegsbanka Íslands hf. Sóknaraðili hefur til tryggingar greiðslu á framangreindri skuld veð í fasteign Guðmundar Axelssonar, nr. 8 við Laugaveg í Reykjavík, eignarhlutum C, E, H, I og J, samanber tryggingarbréf, út gefið 12.12. 1986 af Guðmundi Axelssyni.

Á grundvelli hins árangurslausa fjárnáms fór sóknaraðili þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík með bréfi, dagsettu 8. nóvember 1988, að bú varnaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Við fyrirtöku málsins 15. desember 1988 mótmælti varnaraðili gjaldþrotabeiðninni. Var vegna þessa ágreinings ákveðinn rekstur máls þessa.

Áður en munnlegur málflutningur fór fram 12. janúar 1989, bauð lögmaður varnaraðila greiðslu á þeim hluta skuldarinnar við sóknaraðila, sem fjárnámið var reist á.

Þessu tilboði hafnaði sóknaraðili á þeim grundvelli, að ekki væri um að ræða greiðslutilboð á allri skuld varnaraðila við Útvegsbanka Íslands hf.

III.

Sóknaraðili styður kröfu sína þeim rökum, að öllum skilyrðum þess, að gjaldþrotabeiðni beri að taka til greina, sé fullnægt. Fram hafi farið hjá varnaraðila árangurslaust fjárnám, þar sem hann lýsir sjálfur yfir eignaleysi. Sóknaraðili telur því ljóst, að taka beri bú varnaraðila til gjaldþrotaskipta samkvæmt c-lið 1. mgr. 13. gr. laga nr. 6/1978.

Sóknaraðili mótmælir því, að 15. gr. laga nr. 6/1978 tálmi gjaldþrotaskiptum á búi varnarðila. Aðalreglan sé sú, að trygging af hálfu þriðjamanns komi ekki í veg fyrir gjaldþrotaskipti. Til stuðnings máli sínu vísar sóknaraðili til Íslensks gjaldþrotaréttar eftir Stefán Má Stefánsson. Skýring Stefáns á ákvæðinu er á þá lund, að þriðjimaður geti ekki afstýrt gjaldþroti með því að bjóða fram tryggingu, nema því aðeins að lánardrottinn samþykki það sérstaklega.

Sóknaraðili segir enn fremur í málflutningi sínum, að hann telji sér ekki skylt að taka greiðslutilboði lögmanns varnaraðila, þar sem ekki sé um að ræða tilboð um greiðslu á allri skuld varnaraðila við Útvegsbanka Íslands hf., heldur einungis á þeirri skuld, sem var grundvöllur fjárnámsins.

Af hálfu varnaraðila eru kröfur á því reistar, að sóknaraðili hafi næga tryggingu í eigum þriðjamanns. Varnaraðili telur, með vísan til 15. gr. laga nr. 6/1978, að sóknaraðili geti ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi varnaraðila.

Þá heldur varnaraðili því fram í málflutningi sínum, að sóknaraðila sé

skylt að afturkalla gjaldþrotaskiptabeiðni sína, þar sem greiðslutilboð hafi komið fram. Varnaraðili telur, að sóknaraðili geti einungis krafist þeirrar fjárhæðar, sem er grundvöllur aðfarargerðarinnar.

IV.

Mál þetta varðar það álitaefni, hvenær trygging af hálfu þriðjamanns kemur í veg fyrir, að unnt sé að krefjast gjaldþrotaskipta á búi skuldunautar, sömuleiðis, hvort greiðslutilboð á þeirri fjárhæð, sem var grundvöllur hinnar árangurslausu aðfarar, leiði til þess, að gjaldþrotabeiðanda beri skylda til að afturkalla beiðni sína um gjaldþrot á búi skuldarans.

Aðalreglan er sú í íslenskum lögum, að trygging af hálfu þriðjamanns kemur ekki í veg fyrir gjaldþrot. Telja verður, að 15. gr. laga 6/1978 komi ekki í veg fyrir, að unnt sé að krefjast gjaldþrotaskipta á búi skuldunautar í því máli, sem hér um ræðir. Fallast verður á þá skoðun sóknaraðila, að skilyrðum 15. gr. laga nr. 6/1978 sé ekki fullnægt.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 13. gr. laga nr. 6/1978 skal taka bú einstaklings til gjaldþrotaskipta, ef á síðustu þremur mánuðum fyrir móttöku kröfunnar hefur farið fram hjá honum árangurslaus aðför eða kyrrsetning. Fógetagerðin er til þess ætluð að fá sönnun um fjárhagsstöðu skuldarans. Engu máli skiptir, þó að sá , sem gerði aðför eða kyrrsetningu, sé annar en sá, sem biður um gjaldþrotaskiptin. Fráleitt er að líta svo á, að skuldareiganda sé skylt að afturkalla gjaldþrotaskiptabeiðni sína, berist honum tilboð um greiðslu á þeirri upphæð, sem fógetagerðin er grundvölluð á.

Árangurslaus aðför fór fram hjá varnaraðila máls þessa 3. október 1988. Við fjárnámsgerðina kvaðst varnaraðili sjálfur engar eignir eiga. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 6/1978 skal, þegar svo stendur á, taka bú einstaklings til gjaldþrotaskipta, berist svofelld krafa frá lánardrottni hans.

Í ljósi þess, sem að framan er ritað, ber að fallast á kröfu sóknaraðila um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila.

Ekki þykir hjá því komist að gera varnaraðila að greiða sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega tiltekinn 30.000,00 krónur.

Steinunn Guðbjartsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Bú Ulrichs Falkners er tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili, Ulrich Falkner, greiði sóknaraðila, Útvegsbanka Íslands h.f., 30.000,00 kr. málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. nóvember 1989.

Nr. 276/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Garðari Garðarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 26. júní 1989 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Af hálfu ákæruvalds er krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu ákærða, sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing ákærða verði, að teknu tilliti til skilorðsrofa á reynslulausn frá 21. nóvember 1986, þyngd og ákvörðuð til viðbótar óafplánuðum eftirstöðvum refsinga, 18 mánuðum, samtals 540 dögum, og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar".

Verjandi ákærða gerir þær kröfur, að ákærði hljóti aðeins sekt fyrir akstur án ökuréttinda, en verði að öðru leyti sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði var við stjórn bifreiðar, er lögreglumenn stöðvuðu ferð hans aðfaranótt 12. júlí 1987. Alkóhól í blóði, sem tekið var úr honum, skömmu eftir að akstri lauk, reyndist 1,72‰. Með akstri sínum hefur ákærði því brotið gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sem dæma ber eftir, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968.

Ákærði hafði áður verið sviptur ökuréttindum ævilangt. Hann hefur því einnig brotið gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Með háttsemi sinni hefur

ákærði rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, er honum var veitt 21. nóvember 1986 á eftirstöðvum refsingar, 540 daga fangelsi. Ber því að ákveða ákærða refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. og 77. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði.

Samkvæmt 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, ber að árétta, að ævilöng ökuleyfissvipting ákærða haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Garðar Garðarsson, sæti fangelsi í 20 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnaralaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. mars 1989.

Ár 1959, þriðjudag 14. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 119/1989: Ákæruvaldið gegn Garðari Garðarssyni, sem tekið var til dóms 24. febrúar sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 26. október 1988, gegn ákærða, Garðari Garðarssyni, til heimilis að Stangarholti 28, með dvalarstað að Hraunbæ 60, hér í borg, kt. 10.01.65-4499, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudags 12. júlí 1987 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 16394 frá Lækjargötu í Reykjavík um götur í borginni, þar til lögregla stöðvaði akstur hans í Stórholti, við Rauðarárstíg.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru, sem hér segir, samkvæmt framburði og játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Aðfaranótt sunnudags 12. júlí 1987 um kl. 4.35 voru lögreglumenn á eftirlitsferð, er þeir veittu athygli bifreiðinni R 16394, þar sem henni var ekið norður Snorrabraut og beygt austur Njálsgötu. Lögreglumenn stöðvuðu frekari akstur bifreiðarinnar í Stórholti, við Rauðarárstíg, og höfðu tal af ökumanni, Garðari Garðarssyni, ákærða í máli þessu.

Ákærði neitaði að láta í té öndunarsýni og kvaðst ekki hafa neytt áfengis, en áfengisþef lagði frá vitum hans.

Ákærði var færður fyrir varðstjóra kl. 4.44. Áður en þeirri skýrslutöku lauk, var hann færður til töku blóðsýnis og að nýju til skýrslugjafar hjá varðstjóra. Í skýrslu hjá varðstjóra viðurkenndi ákærði að hafa drukkið pilsner fyrir akstur, u.þ.b. 10-12 dósir, og að hafa ekið bifreiðinni R 16394 sviptur ökuréttindum frá Hjarðarhaga að Rauðarárstíg við Stakkholt. Ákærði bar að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærða var tekið blóð kl. 5.22, og mældist alkóhólmagn í blóði hans 1,72‰.

Ákærði gaf framburðarskýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík 9. september 1988. Í upphafi þeirrar skýrslu kemur fram, að ákærði hafi ekki sinnt kvaðningu hjá lögreglu.

Skýrslutaka hófst kl. 11.35 og lauk kl. 11.55. Réttargæslumaður kærða, Hilmar Ingimundarson hrl., var viðstaddur fyrstu tíu mínúturnar.

Ákærði bar, að hann hefði verið að koma úr Lækjargötu á bifreiðinni R 16394, er lögreglan stöðvaði frekari akstur 12. júlí 1987. Ákærði bar, að hann hefði ekki neytt áfengis fyrir akstur, heldur hefði hann drukkið Sanitas-pilsner. Ákærði neitaði síðan að tjá sig frekar um málið og bar við þreytu og að hann gæti ekki hugsað rökrétt.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 14. nóvember 1988. Var honum þá birt ákæran, en skýrslutöku festað, þar sem ákærði óskaði eftir að halda uppi vörnum í málinu. Ákærði var síðan boðaður ásamt verjanda sínum u.þ.b. viku síðar, en hann reyndist þá hafa farið af landinu. Gefin var út handtökuskipun á hendur ákærða, og var hann handtekinn við komu til landsins 24. janúar sl.

Ákærði gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi 25. janúar sl.

Ákærði mótmælti ákæru. Bar hann, að hann hefði ekki verið á landinu 12. júlí 1987, hann hefði farið til Bandaríkjanna 3. janúar 1987 og komið aftur 20. júlí sama ár. Ákærði bar, að undirskrift á varðstjóraskýrslu væri ekki sín undirskrift. Þá kannaðist hann ekki við að hafa haft yfirráð yfir

bifreiðinni R 16394, en 12. júlí 1987 var móðir ákærða skráður eigandi bifreiðarinnar.

Af hálfu boðunardeildar dómsins var kannað, hvort ákærði hefði flogið með Flugleiðum frá Íslandi til Bandaríkjanna 30. janúar 1987 og heim aftur 10. júlí sama ár. Erlendur Valdimarsson, starfsmaður hjá Flugleiðum, staðfesti, að ákærði hefi ekki flogið til Bandaríkjanna 3. janúar 1987 og ekki komið til Íslands 20. júlí sama ár samkvæmt farskrám félagsins.

Vitnið Kolbeinn Rósinkar Kristjánsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið á eftirlitsferð á Snorrabraut aðfaranótt 12. júlí 1987, er lögreglumenn hefðu veitt bifreiðinni R 16394 athygli og þegar snúið við og veitt bifreiðinni eftirför. Vitnið bar, að afskipti hefðu verið höfð af ökumanni, ákærða í máli þessu, í Stórholti, og þar sem áfengisþef hefði lagt frá vitum hans, hefði hann verið færður fyrir varðstjóra.

Vitnið bar, að móðir ákærða hefði hringt á lögreglustöðina eftir þetta og spurt, hvort bifreiðin R 16394 hefði sést á ferðinni, og hafi þá komið í ljós, að ákærði hefði tekið bifreiðina í leyfisleysi. Vitnið bar, að henni hefði verið greint frá því, að búið væri að handtaka ákærða, og hafi hún þá óskað eftir, að sér yrði ekki blandað í málið, þar sem hún væri hrædd við ákærða.

Vitnið Björn Már Jónsson, fyrrum lögreglumaður, gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar, að það myndi eftir, að ákærði hefði ekið um Snorrabraut 12. júlí 1987 og beygt út af Snorrabraut öðrum hvorum megin við Austurbæjarbíó. Vitnið bar, að þeir lögreglumennirnir hefðu haft afskipti af honum nálægt Framkvæmdastofnun og ákærði borið greinileg merki ölvunar.

Vitnið kvað farþega hafa verið í bifreiðinni, en ekki hefði farið á milli mála, hver væri ökumaður. Vitnið kvað lögreglumenn hafa farið út og haft afskipti af ákærða, um leið og bifreiðin stöðvaðist. Vitnið kvað ökumann hafa verið færðan í blóðtöku.

Vitnið Tinna Kristín Gunnarsdóttir gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið á eftirlitsferð aðfaranótt 12. júlí 1987, er þau hefðu veitt bifreið athygli fyrir einkennilegt aksturslag og afskipti verið höfð af ökumanni hennar. Vitnið bar, að ákærði hefði verið illur viðureignar, neitað að blása í blöðru og falið lykla bifreiðarinnar. Vitnið bar, að ákærði hefði neitað að vera undir áhrifum áfengis.

Vitnið bar, að það þekkti ákærða persónulega. Hann hefði búið í næstu götu við vitnið og þau gengið í sama barna- og gagnfræðaskóla. Er það hefði fundið lykla bifreiðarinnar, hefði það kallað í Kolbein, en ákærði

þá kallað til þess, að hann skyldi muna því þetta, þegar hann losnaði, því að hann væri á skilorði.

Vitnið bar, að er það hefði komið á lögreglustöðina, hefðu legið fyrir því skilaboð um að hringja í ákveðið númer. Vitnið bar að hafa leitað í götuskránni, og hafi þá komið í ljós, að númerið var heima hjá móður Garðars. Vitnið bar, að hún hefði hringt og kona svarað, sem það teldi fullvíst, að hefði verið móðir ákærða. Vitnið kvað konuna aðeins hafa sagt: „Ég ætla bara að vara þig við." Síðan hefði verið lagt á.

Vitnið bar, að ákærði hefði greint frá því, að hann væri nýkominn heim frá Bandaríkjunum.

Vitnið Guðmundur Einarsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa tekið varðstjóraskýrslu af ákærða. Hefði ákærði ekki viljað tjá sig í skýrslu í fyrstu, en undirritað hana og verið færður í blóðtöku. Að blóðtöku lokinni hefði ákærði verið frjáls ferða sinna, en þá óskað eftir að tjá sig um það, hvaðan hann hefði ekið og hvað hann hefði drukkið. Hefði því verið bætt inn í skýrsluna að blóðtöku lokinni.

Ákærði Garðar Garðarsson gaf að nýju skýrslu fyrir dómi, eftir að framburður vitna lá fyrir 26. janúar sl. Viðurkenndi ákærði þá að hafa ekið bifreiðinni R 16394 sviptur ökuréttindum ævilangt aðfaranótt 12. júlí 1987 um ýmsar götur í borginni, uns lögregla stöðvaði frekari akstur hans í Stórholti, við Rauðarárstíg. Ákærði neitaði hins vegar að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 16394 sviptur ökuréttindum ævilangt 12. júlí 1987 um ýmsar götur í Reykjavík, svo sem hann er ákærður fyrir. Ákærði hefur hins vegar neitað að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis framangreint sinn. Þegar litið er til niðurstöðu blóðrannsóknar, sem er í samræmi við framburð vitna og önnur gögn málsins, verður að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi enn fremur ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis, svo sem hann er ákærður fyrir. Varða brot hans við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 19. október 1988, hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

[Sakavottorð tilgreinir 11 refsidóma og 10 dómsáttir. Ákærði hefur sex

sinnum sætt refsingu fyrir ölvunarakstur og tíu sinnum fyrir akstur án ökuréttinda. Honum var 21. nóvember 1986 veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsivistar, 540 dögum.]

Refsing ákærða.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með háttsemi sinni hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, er hann hlaut 21. nóvember 1986 á eftirstöðvum refsingar, 540 dögum. Ber því að ákvarða ákærða nú refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr., og 71. og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, 18 mánaða fangelsi.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt.

Sakarkostnaður:

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, þar með talinnar greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Garðar Garðarsson, sæti fangelsi 18 mánuði.

Ákærði skal ævilangt sviptur ökuleyfi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Mánudaginn 6. nóvember 1989.

Nr. 105/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sigurjóni Péturssyni
(Sigurður Georgsson hrl.).

Þjófnaður. Skilorðsrof. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1989 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu. Einn hinna meðákærðu í héraði var sýknaður af kröfum ákæruvalds, og er málinu ekki áfrýjað, að því er hann varðar. Aðrir meðákærðu una héraðsdómi.

Framburður ákærða fyrir sakadómi og önnur gögn, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi, eru með þeim hætti, að ekki er varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi farið að versluninni Drífu aðfaranótt 8. febrúar 1988 og að þá nótt hafi verið framinn þar þjófnaður. Fullyrðingar ákærða fyrir sakadómi um, að hann hafi ekki átt neinn hlut að þjófnaðinum þrátt fyrir ferðina að versluninni, eru með slíkum ólíkindum, að leggja ber til grundvallar dómi játningar ákærða hjá lögreglu með hliðsjón af skýrslu hans í dómi og öðrum málsgögnum. Verður sakarmat héraðsdómara staðfest.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1988.

Ár 1988, fimmtudag 22. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 707-711/1988: Ákæruvaldið gegn A, B, C, Sigurjóni Péturssyni og D, sem dómtekið er í dag.

Málið er í fyrsta lagi höfðað með ákæruskjali, dagsettu 16. maí sl., á hendur ákærðu A, B, C og Sigurjóni Péturssyni, Engjaseli 72 í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot í febrúar 1988:

„I. Ákærðu C og Sigurjóni er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudags 8. febrúar brotist inn í verslunina Drífu, Hlíðarvegi 53, Kópavogi, og stolið þar um 419 vindlingapökkum, fjórum búntum af svonefndum lukkutríósmiðum, sjö kveikjurum, ellefu spjöldum með kveikjarasteinum og um 13.000,00 krónum.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

— — —

Málavextir.

I. Sunnudagskvöldið 7. febrúar eða aðfaranótt mánudagsins var brotist inn í verslunina Drífu, Hlíðarvegi í Kópavogi og stolið vindlingum, happdrættismiðum, kveikjurum og kveikjarasteinum auk peninga. Ákærðu C og Sigurjón neituðu í upphafi að hafa komið nærri þjófnaðinum. Ákærði Sigurjón viðurkenndi undir rannsókn málsins hjá lögreglu að hafa farið inn í einhverja verslun með C og stolið tóbaki, á. a.g. 70 vindlingalengjum og einhverju fleira. Hefðu þeir verið að koma sunnan með sjó í bifreið C, og hefði C stungið upp á því að brjótast þarna inn. C hefði sagt sér, að hann hefði stolið þarna einhverju af peningum. Hefðu þeir farið með fenginn heim til ákærða og B [...]. Þar sofnaði ákærði. Þegar hann vaknaði, voru B og C á bak og burt, og hélt ákærði sig heima allan daginn.

Hér fyrir dómi skýrði ákærði frá því, að hann hefði farið með C suður í Njarðvík til þess að kaupa bifreið. Hefði hann fengið þar nokkrar pillur af lyfinu „artani". Þar að auki hefði hann verið búinn að neyta amfetamíns og áfengis dagana á undan. Kvaðst hann lítið muna af atburðum næturinnar af þessum sökum og eiginlega ekkert muna eftir sér, fyrr en hann vaknaði heima hjá sér í Engjaseli daginn eftir. Kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa ekið bifreið C þessa nótt (sbr. hér á eftir).

Ákærði kvað framburð sinn hjá lögreglu vera réttan a.ö.l. en því, að hann hefði ekki farið inn í verslunina, eins og hann sagði þar. Kvaðst ákærði ekki treysta sér til að muna, hvort C fór inn heldur. Þá kvaðst

ákærði ekki heldur geta fullyrt, hvort varningurinn, sem ákært er fyrir, hafi verið tekinn í versluninni. Loks neitaði ákærði því að hafa brotist inn í verslunina Drífu og stolið þar varningi.

Ákærði C hefur frá upphafi neitað því að hafa átt þátt í að brjótast inn og stela úr versluninni. Þeir Sigurjón hefðu verið að koma sunnan úr Njarðvíkum í bifreið ákærða. Ekkert hefði verið rætt um það á leiðinni að brjótast inn neins staðar. Kveðst ákærði hafa ekið að heimili sínu í [...] Kópavogi og lánað meðákærða bifreiðina í klukkutíma. Kveðst ákærði hafa beðið inni á salerni á jarðhæð hússins eftir meðákærða, en ekki hætt á að fara upp til sín, því að kona sín kynni að vera heima. Eftir að ákærði hafði beðið þó nokkurn tíma þarna, e.t.v. tvær klukkustundir, hefði Sigurjón komið, og var hann ekki á bifreiðinni og virtist miður sín. Sagði hann, að bifreiðin hefði orðið bensínlaus, og fóru þeir á bensínstöð, sem verið var að opna um morguninn, og keyptu bensín á brúsa, sem þeir settu á bifreiðina, en hún hafi staðið í götu niður af Digranesvegi. Ákærði ók upp á Digranesveg eftir tilvísun Sigurjóns og nam þar staðar. Þeir hefðu farið að leita að svörtum sorppokum, sem Sigurjón hefði sagt, að ættu að vera þar í grennd, og hefði Sigurjón fundið þá eftir um stundarfjórðung. Hefði ákærði bakkað að pokunum og þeir sett þá í skottið. Hann hefði einnig sótt hvítan plastpoka með smámynt. Sigurjón hefði sagt, að hann hefði verið að innheimta skuldir og fengið þær greiddar með dótinu í pokunum. Að þessu loknu hefðu þeir farið í Engjasel 72 og farið inn með peningana. Hefði það verið með smámynt, en nokkrir seðlar, alls 10 - 13.000,00 krónur. Sigurjón hefði sofnað, en þau B farið í Búnaðarbankann við Hlemm og B skipt þar smámyntinni, en svo hefðu þau selt 10 eða 12 lengjur af vindlingum. Hefði hann litið svo á, að hann hefði fengið þetta að láni hjá Sigurjóni, en Sigurjón hefði reiðst sér mjög fyrir þetta.

Ákærði kveður Sigurjón hafa verið búinn að neyta lyfsins artans, sem sé geðlyf og valdi ofskynjunum. Hafi hann byrjað að taka lyfið daginn áður og verið orðinn ruglaður.

Ákærða B hefur skýrt frá því, að hún hafi verið heima sunnudagskvöldið og farið að sofa um kl. 9, og hefði meðákærði Sigurjón, sem þá bjó með ákærðu, einnig verið heima. Þegar ákærða vaknaði, var hún ein heima. Skömmu seinna hafi þeir meðákærðu C og Sigurjón komið heim. Þeim ákærðu og Sigurjóni, sambýlismanni sínum, hefði orðið sundurorða vegna fjarveru hans. Sigurjón hefði sofnað fljótlega og C þá boðið ákærðu í ökuferð um bæinn. Ákærða kveðst hafa séð talsvert af tóbaki í bifreiðinni. Ákærða kveðst einskis hafa spurt um tóbakið og ekkert hafa myndað sér skoðun á því, hvort það væri illa fengið eða ekki. Ákærða kveðst hafa selt tvö „karton" í einhverri „sjoppu" og þau Sigurður notað andvirðið í eigin þágu. Hefðu einungis verið seld þessi tvö karton. Ákærða kannast

við að hafa skipt nokkru af smámynt í Búnaðarbankanum á Hlemmi. Kveðst ákærða hafa verið búin að fjarlægja umbúðir utan af smámyntinni og setja hana í krukku. Hefur ákærða gefið þá skýringu á þessu, að sér hafi fundist fara betur á því að hafa myntina í krukku. Kveðst ákærða ekki hafa leitt hugann að því, að smámyntin gæti verið illa fengin. Ákærða kveðst hafa verið illa fyrirkölluð eftir áfengis- og lyfjaneyslu undanfarna fjóra daga, þegar þetta varð. Kveðst ákærða hafa vitað, að þeir C og Sigurjón hefðu hlotið þunga fangelsisdóma fyrir auðgunarbrot. Ákærða kveður minni sitt frá þessum tíma vera óáreiðanlegt vegna áfengis- og lyfjaneyslu.

Ákærða kveður Sigurjón hafa reiðst C mjög fyrir að hafa stolið frá sér tóbakinu og selt það.

Við húsleit, sem gerð var í Engjaseli 72 þriðjudaginn 9. febrúar, fundust einn pakki af lukkutríósmiðum, nokkrir vindlingapakkar og dálítið af smámynt, að mestu innpökkuð í stauka, og við leit í bifreið ákærða C sama dag fannst m.a. svartur plastpoki með 20 lengjum af vindlingum, 16 lausir pakkar og 3 pakkar af lukkutríósmiðum. Tveimur dögum síðar fundust í annarri bifreið ákærða Sigurðar 10 lengjur og 103 lausir pakkar af vindlingum, fjórir kveikjarar, pakki af lukkutríósmiðum og ellefu spjöld af kveikjarasteinum.

Þorsteinn Guðbergsson kaupmaður saknaði upphaflega 26 kartona af vindlingum úr versluninni, um 15.000,00 króna í peningum og átta pakka af lukkutríósmiðum. Síðar kannaðist hann við kveikjarana og kveikjarasteinana, sem fundust hjá ákærðu, og taldi, að þeim hefði verið stolið frá sér. Taldi hann víst, að varningurinn, sem fannst í bifreiðum ákærða C og í Engjaseli 72 væri úr verslun sinni.

Telja verður sannað með játningu ákærða Sigurjóns hjá lögreglu, sem studd er gögnum málsins, að hann hafi farið inn í verslunina Drífu við Digranesveg í Kópavogi sunnudagskvöldið eða aðfaranótt mánudagsins 8. febrúar og stolið þar 26 lengjum af vindlingum, 13.000,00 krónum í peningum, fjórum pökkum af happdrættismiðum, fjórum vindlingakveikjurum og ellefu spjöldum af kveikjarasteinum. Skiptir ekki máli, þótt ákærði hafi að nokkru leyti fallið frá játningunni hér fyrir dóminum. Ekki þykir óhætt að fullyrða, að allir þeir vindlingar, sem fundust hjá ákærðu, séu úr Drífu, og enn fremur er ósannað, að kveikjararnir hafi verið fleiri en fjórir talsins.

Enda þótt líkur séu til þess, að ákærði C hafi verið með ákærða Sigurjóni í þjófnaðinum, þykir gegn neitun hans óvarlegt að telja það sannað. Eins og ákæru er hagað, er ekki unnt að sakfella ákærða fyrir hylmingu eftir þjófnað þennan.

— — —

Refsingar, bætur, sakarkostnaður.

— — —

Ákærði Sigurjón hefur til þessa verið dæmdur sjö sinnum í fangelsi, samtals í þrjú ár og þrjá mánuði, fyrir hegningarlagabrot. Hinn 22. júlí 1986 var ákærða veitt reynslulausn af 18 mánuðum óafplánaðrar refsingar í tvö ár. Réttarrannsókn gegn ákærða hófst 10. febrúar sl., og ber samkvæmt 42. gr. almennra hegningarlaga að taka upp reynslulausn og dæma hana með refsingu ákærða nú. Þykir refsing ákærða vera þannig hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 10. til 18. febrúar 1988, samtals fulla 9 daga.

— — —

Dæma ber ríkissjóð til þess að greiða skipuðum verjanda ákærða C, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 30.000,00 kr., og ákærðu A, B, Sigurjón og D til þess in solidum að greiða skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 60.000,00 krónur.

Annan sakarkostnað ber að leggja á ríkissjóð að ¼ hluta, en að ¾ hlutum og in solidum á ákærðu A, B, Sigurjón og D.

Dómsorð:

Ákærði C er sýkn af ákæru í máli þessu.

Ákærði A sæti fangelsi sex mánuði.

Ákærða B sæti fangelsi þrjá mánuði. Framkvæmd refsingar ber að fresta, og fellur refsing niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frá refsingunni dragist níu daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærði Sigurjón Pétursson sæti fangelsi tvö ár. Frá refsingunni dragist níu daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærða D sæti fangelsi þrjá mánuði. Framkvæmd refsingar ber að fresta, og fellur refsing niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu A og D greiði Skeljungi hf. 6.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 29. febrúar 1988 til greiðsludags.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða C, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur, skal greiða úr ríkissjóði.

Ákærðu A, B, Sigurjón og D greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni, 60.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Mánudaginn 6. nóvember 1989.

Nr. 34/1988. **Tenhults Grusmaskiner AB**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
þrotabúi Tækjasölunnar hf.
(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Sértökuréttur. Eignarréttarfyrirvari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1988 að fengnu leyfi lögum samkvæmt 26. s.m. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að sér verði greiddar beint og utan skipta og skuldaraðar 600.000,00 krónur með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1987 til 6. maí s.á., en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að sér verði greidd sama upphæð með sömu vöxtum sem forgangskrafa samkvæmt 3. tl. 82. gr. skiptalaga, nr. 3/1878, sbr. 2. tl. 70. gr. og 72. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Til þrautavara krefst hann þess, að sér verði greidd sama upphæð með sömu vöxtum sem forgangskrafa samkvæmt 2. mgr. 82. gr. laga nr. 3/1878. Jafnframt krefst hann, að 252.466,00 sænskar krónur verði viðurkenndar sem almenn krafa í þrotabúið að því frá dregnu, sem greiðist samkvæmt aðal-, vara- eða þrautavarakröfu.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar til handa áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti að viðbættum 41.390,00 sænskum krónum samkvæmt fram lögðum reikningi Leifs Persons lögmanns, dags. 10. júní 1987.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Fallast má á það með héraðsdómara, að fyrir lok kröfulýsingarfrests hafi ekki borist aðrar kröfur í búið frá áfrýjanda en krafa um afhendingu véla-

samstæðu, sem reist var á eignarréttarfyrirvara. Verður því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum áfrýjanda, sem reistar eru á öðrum grunni.

Áfrýjandi seldi Tækjasölunni hf. hörpunarsamstæðu 7. september 1984. Aðilar eru sammála um, að hörpunarsamstæðan hafi verið seld með eignarréttarfyrirvara. Tækjasalan hf. seldi samstæðuna Króksverki hf. í sama mánuði. Viðurkennt er, að Tækjasalan hf. seldi Króksverki hf. umrædda samstæðu án eignarréttarfyrirvara eða annarra takmarkana á eignarrétti. Ósannað er, að fyrirsvarsmenn Króksverks hf. hafi vitað af eiganarréttarfyrirvara áfrýjanda. Tækjasalan hf. rak umboðs- og heildverslun með tæki, varahluti og fleira, eins og kom fram í bréfhaus fyrirtækisins. Fyrirtækið hafði áður átt viðskipti við áfrýjanda. Þá hafði einn af fyrirsvarsmönnum áfrýjanda komið hingað til lands á vormánuðum 1985 vegna kvartana Króksverks hf. um galla á samstæðunni í þeim tilgangi að reyna að gera við hana. Áfrýjandi gat því ekki haldið til haga eignarréttarfyrirvara sínum gagnvart Króksverki hf., þegar Tækjasalan hf. var tekin til gjaldþrotaskipta 17. júlí 1985.

Tækjasalan hf. var skuldbundin til að virða eignarréttarfyrirvara áfrýjanda, þar til andvirði samstæðunnar væri að fullu greitt. Fyrirsvarsmönnum hennar bar því að gæta hans í samningum sínum við Króksverk hf. Ósannað er, að fyrirsvarsmenn áfrýjanda hafi vitað eða mátt vita, að það höfðu þeir ekki gert. Bústjóri þrotabús Tækjasölunnar hf. fékk 26. september 1985 skeyti frá áfrýjanda, þar sem tilkynnt var um riftun kaupa á samstæðunni á grundvelli eignarréttarfyrirvarans. Kröfulýsingarfresti lauk 30. sama mánaðar. Í raun þurfti ekki að lýsa þessari kröfu fyrir lok kröfulýsingarfrestsins. Eins og hér stóð á, verður að telja, að bústjóra hafi borið að skýra áfrýjanda strax frá því, hvernig komið var, og að tekin yrði afstaða til kröfunnar samkvæmt 3. mgr. 108. gr. laga nr. 6/1978. Áfrýjandi vissi, að gallar höfðu komið fram á hinu selda og að stefnda hafði áskilið sér allan rétt þessa vegna. Þá átti áfrýjandi þess kost að fylgjast með samningum bústjóra við Króksverk hf. um uppgjör viðskiptanna. Hann mótmælti því ekki, að uppgjör færi fram. Að þessum sjónarmiðum athuguðum þykir áfrýjandi eiga rétt til fjárhæðar, sem kom í stað samstæðunnar, 600.000,00 íslenskra króna.

Tækjasalan hf. hafði greitt 100.000,00 sænskar krónur fyrir afhendingu samstæðunnar, en fengið 75.000,00 sænskar krónur greiddar frá Króksverki hf. við samningsgerð. Allt annað var ógreitt og fyrrgreind fjárhæð, 600.000,00 krónur, þannig aðgreind frá öðrum eignum Tækjasölunnar hf. Þykir því mega, eins og atvikum var háttað, viðurkenna sértökurétt áfrýjanda til fjárhæðarinnar á grundvelli eignarréttarfyrirvarans. Af hálfu stefnda hefur ekki verið gerð varakrafa til lækkunar á þeirri fjárhæð.

Vaxtakröfu áfrýjanda er ekki mótmælt sérstaklega, og er hún tekin til greina sem krafa utan skuldaraðar á þann hátt, sem í dómsorði greinir.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að stefnda greiði áfrýjanda 200.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefnda, þrotabú Tækjasölunnar hf., greiði áfrýjanda, Tenhults Grusmaskiner AB, utan skuldaraðar 600.000,00 krónur með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1987 til 6. mars s.á., en 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda greiði áfrýjanda 200.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttur Reykjavíkur 20. október 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. október 1987, en meðferð þess enduruppteknin og það að nýju tekið til úrskurðar í dag.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila, Tenhults Grusmaskiner AB, Tenhult, Svíþjóð, eru settar fram þannig:

1) aðallega, að þrotabú Tækjasölunnar hf. greiði sóknaraðila beint utan skipta og skuldaraðar 600.000,00 kr. með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1987 til 6. maí 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, en með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags,

til vara, að þrotabú Tækjasölunnar hf. greiði sóknaraðila sem forgangskröfu skv. 3. tl. 82. gr. l. nr. 3/1878, sbr. 2. gr. l. nr. 32/1974, sbr. 69.-72.

gr. eða 43. gr. l. nr. 6/1978, 600.000,00 kr. með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu,

til þrautavara, að þrotabú Tækjasölunnar hf. greiði sóknaraðila sem forgangskröfu skv. 2. mgr. 83. gr. l. nr. 3/1878, sbr. 3. gr. l. nr. 32/1974, 600.000,00 kr. með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu,

2) jafnframt, að þrotabú Tækjasölunnar hf. viðurkenni kröfu sóknaraðila, að fjárhæð 252.466,00 sænskar krónur, að frá dregnu því, sem greiðist skv. 1. lið, sem almenna kröfu í þrotabúið.

3) Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar til handa sóknaraðila skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum 41.390,00 sænskum krónum skv. fram lögðum reikningi Leifs Persons, dags. 10. júní 1987, á dómskjali nr. 5.

Varnaraðili, þrotabú Tækjasölunnar hf., Reykjavík, krefst þess, að öllum kröfum sóknaraðila verði hrundið og að sóknaraðili verði dæmdur til þess að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, sem miðaður sé við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 17. júlí 1985, var bú Tækjasölunnar hf., Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Samdægurs var Viðar Már Matthíasson héraðsdómslögmaður ráðinn bústjóri til bráðabirgða að búinu.

Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út, og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 30. júlí 1985. Lauk því fresti til að lýsa kröfum í búið 30. september 1985.

Á fyrsta skiptafundi í búinu, sem haldinn var 17. október 1985, var tekin til meðferðar skrá yfir lýstar kröfur í búið, svo sem auglýst hafði verið í innköllun, og fjallað um afstöðu bústjórans til þeirra. Er ekki getið um neina kröfu frá sóknaraðila á kröfuskránni og því engri afstöðu lýst þar, er varða viðskipti sóknaraðila við Tækjasöluna hf. Var Viðar Már Matthíasson héraðsdómslögmaður kosinn skiptastjóri þrotabúsins á nefndum skiptafundi.

Með auglýsingu, sem birtist í Lögbirtingablaði, er kom út 24. apríl 1987, var boðað til skiptafundar í búinu til þess að fjalla um frumvarp að úthlutunargerð úr búinu, og skyldi fundurinn haldinn 8. maí 1987. Af hálfu sóknaraðila var sóttur skiptafundur þessi og frumvarpi skiptastjóra að úthlutunargerð úr búinu mótmælt og þess krafist, að kröfur sóknaraðila yrðu teknar til greina, eins og þeim hefði verið lýst. Var rekstur ágreiningsmáls vegna þessarar kröfu ákveðinn á fundinum, og er það mál hér til úrlausnar.

III.

Rétt þykir að reifa hér það, sem upplýst er um viðskipti sóknaraðila við Tækjasöluna hf. og máli þykir skipta við úrlausn máls þessa, áður en lýst verður málsástæðum aðila og lagarökum.

Tækjasalan hf. rak innflutningsverslun með ýmiss konar tæki, sem félagið keypti til endursölu. Hinn 7. september 1984 keypti Tækjasalan hf. vélasamstæðu af sóknaraðila, sem um var samið, að greiða skyldi með 337.900,00 sænskum krónum að með töldum vöxtum sem hér segir:

Við afhendingu samstæðunnar	SEK 100.000,00
9 mánuðum eftir afhendingu	SEK 79.900,00
12 mánuðum eftir afhendingu	SEK 158.000,00.

Óumdeilt er í málinu, að seljandi áskildi sér óskertan eignarrétt að hinni seldu vélasamstæðu, þar til allt kaupverð hennar hefði verið að fullu greitt, og féllst Tækjasalan hf. á þá skilmála, um leið og kaupin voru afráðin. Vélasamstæðan var afgreidd til Tækjasölunnar hf. í september 1984. Félagið hafði, áður en kaupin voru afráðin við sóknaraðila, fundið kaupanda að tækjum þessum, Króksverk hf. á Sauðárkróki, og var því félagi seld vélasamstæðan, án þess að getið væri að nokkru um eignarréttarfyrirvarann gagnvart sóknaraðila. Var söluverð samstæðunnar 604.225,00 sænskar krónur að með töldum vöxtum af þeim hluta söluverðsins, sem ekki var greiddur við samningsgerð. Greiddi kaupandi SEK 75.000,00 við samningsgerð, og átti að greiða eftirstöðvarnar sem hér segir:

10. júní 1985	SEK 100.000,00
10. september 1985	SEK 175.000,00
10. júní 1986	SEK 106.700,00
10. september 1986	SEK 147.525,00

Þegar bú Tækjasölunnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 17. júlí 1985, hafði kaupandi, Króksverk hf., ekki innt af hendi greiðslu þá, er var í gjalddaga 10. júní 1985. Taldi kaupandi vélina hafa verið verulega gallaða og hélt af þeim sökum eftir þessari greiðslu. Munu m.a. hafa komið hingað til lands viðgerðamenn frá hinum sænsku framleiðendum vélarinnar til að reyna að ráða bót á hinum ætluðu göllum, en allt að einu töldu kaupendur gallana hafa verið slíka, að tilraunir til úrbóta á þeim hefðu reynst haldlausar nema um mjög skamma hríð og tækið því engan veginn afkastað því, sem gert hefði verið ráð fyrir í viðskiptum aðila. Munu fyrirsvarsmenn Tækjasölunnar hf. ekki hafa talið óeðlilegt, að kaupandi héldi umræddri greiðslu, meðan ekki fékkst bót ráðin á umræddum göllum, en reynt var að leysa málin með því að fá viðgerðamenn frá framleiðendum vélarinnar, svo sem áður segir.

Bústjóri þrotabúsins krafði Króksverk hf. um greiðslur á grundvelli fyrrgreinds samnings með bréfi, dagsettu 30. júlí 1985, og var það bréf ítrekað með nýju bréfi, dagsettu 21. ágúst 1985. Jafnframt ritaði bústjórinn sóknaraðila bréf 29. ágúst 1985. Er þess þar getið, að bréfið sé ritað vegna þrotabús Tækjasölunnar hf. vegna viðskipta aðilanna varðandi vélasamstæðu þá, sem mál þetta snýst um. Í bréfi þessu er gerð grein fyrir því, að „den nuværende ejer", Króksverk hf., hafi neitað að inna af hendi um samdar greiðslur vegna galla á hinu selda. Gerði bústjóri fyrirvara gagnvart sóknaraðila um riftun og bótakröfur af hálfu búsins vegna gallanna.

Með bréfi, dagsettu 2. september 1985, tilkynnti bústjóri sóknaraðila sérstaklega um, að bú Tækjasölunnar hf. hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta og að frestur til að lýsa kröfum í búið rynni út 30. september 1985.

Með telexskeyti, sem barst bústjóra 26. september 1985, lýsir sóknaraðili yfir, að hann rifti kaupum á vélasamstæðunni, sem gerð hafi verið 7. september 1984. Jafnframt er þar áréttað, að samstæðan sé eign sóknaraðila samkvæmt eignarréttarfyrirvara og eigi að afhenda honum hana til ráðstöfunar.

Sóknaraðili ritaði bústjóra þrotabúsins bréf, sem dagsett er 26. september 1985. Er þar vísað til tilkynningar bústjórans um gjaldþrotaskiptin. Er þar áréttuð krafan um afhendingu vélasamstæðunnar og auk þess lýst kröfum samkvæmt fjórum reikningum, samtals að fjárhæð SEK 14.566,80, og gerð krafa um 20% vexti til greiðsludags. Í greinargerð bústjóra á dskj. nr. 6 er því haldið fram, að honum hafi ekki borist bréf þetta fyrr en eftir lok kröfulýsingarfrests í búið.

Í skrá yfir lýstar kröfur í búið er ekki getið neinnar kröfu frá sóknaraðila máls þessa.

Af hálfu þrotabúsins var þess freistað að fá Króksverk hf. til að greiða eftirstöðvar um samins söluverðs tækjanna til búsins, en það félag bar við ýmsum mótbárum vegna galla á hinu selda. Eftir alllangt samningaþóf um þessar kröfur gerði lögmaður Króksverks hf. þrotabúinu tvenns konar tilboð um lausn á málinu, annars vegar, að Króksverk hf. greiddi þrotabúinu 5-600 þúsund krónur sem fullnaðargreiðslu og báðir aðilar lýstu yfir, að hvorugur ætti frekari kröfur á hendur hinum, — hins vegar, að kaupin gengju til baka og eignarréttur á vélinni færðist til þrotabúsins og aðilar lýstu því yfir, að hvorugur ætti kröfur á hendur hinum vegna þessara viðskipta.

Meðan á þessum viðskiptum stóð, skrifaði skiptastjóri þrotabúsins bæði sóknaraðila beint og einnig lögmanni hans hér á landi bréf og skýrði sjónarmið sín varðandi kröfur sóknaraðila um afhendingu vélasamstæðunnar. Kemur fram í bréfum þessum, að skiptastjóri taldi kröfu sóknaraðila um

afhendingu vélasamstæðunnar óframkvæmanlega og gerði rækilega grein fyrir því, að hann féllist ekki á þá kröfu.

Skiptastjóri þrotabúsins ákvað að ganga til samninga við Króksverk hf. á grundvelli tilboðs um fullnaðargreiðslu á kröfu þrotabúsins, að fjárhæð 600.000,00 kr. Tilkynnti skiptastjóri lögmanni sóknaraðila þessa fyrirætlan sína. Var sóknaraðila tilkynnt um þessa fyrirætlan, en ekki verður séð, að sóknaraðili hafi komið á framfæri neinni athugasemd við henni. Var gengið frá þessu uppgjöri 4. apríl 1987.

Í frumvarpi að úthlutunargerð úr búinu, sem tekið var til umfjöllunar á skiptafundi í búinu 8. maí 1987, er ekki gert ráð fyrir úthlutun til sóknaraðila. Í skýrslu skiptastjórans, sem fylgir frumvarpinu, er gerð nokkur grein fyrir viðskiptum aðilanna og ástæðum þess, að hann telji sóknaraðila ekki eiga rétt til greiðslu úr búinu.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því, hvernig beri að úthluta því fé, sem búið fékk greitt frá Króksverki hf. fyrir vélasamstæðuna, svo og, hvort sóknaraðili eigi rétt á úthlutun upp í aðrar kröfur sínar á hendur Tækjasölunni hf., sem ekki voru teknar upp í kröfuskrá bústjóra þrotabúsins.

IV.

Af hálfu sóknaraðila eru kröfur á því reistar, að fyrir lok kröfulýsingarfrests í þrotabú Tækjasölunnar hf. hafi borist frá sér kröfulýsing, og sé því út af fyrir sig ekki mótmælt af hálfu varnaraðila. Krafan hafi verið um afhendingu umræddrar vélasamstæðu, svo sem eðlilegt hafi verið, þar sem hann hafi selt samstæðuna með eignarréttarfyrirvara. Augljóst sé af 3. tölul. 108. gr. gjaldþrotalaga, að skiptastjóra hafi borið skylda til að tilkynna sóknaraðila það sérstaklega, ef hann teldi, að ekki bæri að viðurkenna kröfuna í þessu formi, og gera þá skýra grein fyrir ástæðum þess og vekja athygli sóknaraðila á því, hvenær skiptafundur yrði haldinn í búinu. Þetta hafi skiptastjóri þrotabúsins ekki gert, en þess í stað sent sóknaraðila óglögg bréf og hann því ekkert vitað, hvaðan á sig stóð veðrið eða „hvað var að gerast hér uppi á Íslandi", eins og segir í greinargerð hans. Fyrir vikið hafi öll bréfaskipti aðilanna byggst á misskilningi, sem ekki hafi skýrst fyrr en skiptastjóri loks tilkynnti með bréfi, dagsettu 14. apríl 1987, um „lokafyrirtökudag í þrotabúinu" (tilvitnun í greinargerð sóknaraðila) 8. maí 1987. Það bréf út af fyrir sig fullnægi ekki ákvæðum 3. tölul. 108. gr. gjaldþrotalaga, en sóknaraðili hafi sótt þann fund með kröfur sínar. Séu kröfurnar „nægilega fram komnar", enda hafi sóknaraðila aldrei áður verið tilkynntur skiptafundur til að taka afstöðu til kröfunnar samkv. 3. tölul. 108. gr. gjaldþrotalaga.

Sóknaraðili heldur því fram, að skiptastjóri þrotabúsins hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart sóknaraðila, sem sé erlendur viðskipta-

maður Tækjasölunnar hf. og þekki því ekki til reglna á þessu sviði hér á landi. Þessari skyldu sinni hafi skiptastjóri ekki sinnt, heldur og beinlínis farið rangt með. Þannig láti skiptastjóri í bréfi til lögmanns sóknaraðila þess ógetið, að samkvæmt 111. gr. gjaldþrotalaga sé skiptaráðanda heimilt að hleypa að kröfu, sem ella var of seint fram komin, og einnig að halda sérstakan fund um slíka kröfu. Telur sóknaraðili, að ágreiningsmál þetta hefði aldrei þurft að koma til, ef skiptastjóri þrotabúsins hefði frá upphafi „höndlað mál þetta eins og vera ber".

Sóknaraðili telur, að kröfulýsing 8. maí 1987 hafi í raun verið óþörf, en þó verið gerð til öryggis, ef „íslenskt réttarfar skyldi vera að sigla inn á þær villigötur, sem afstaða skiptastjóra ber vott um". Skiptastjóra hafi ekki getað dulist, að sóknaraðili ætlaði allan tímann að standa fast á kröfu sinni, og honum hafi mátt vera það ljóst frá öndverðu, að sóknaraðili héldi fast við kröfu sína um eftirstöðvar kaupverðs vélanna, ef ekki væri hægt að fá vélasamstæðuna sjálfa afhenta.

Sóknaraðili rökstyður mál sitt enn fremur með því, að krafa sóknaraðila sé óháð kröfulýsingu í búið, þar eð hún varði andvirði vélar, sem hafi átt að vera utan skipta. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til reglna 69.-72. gr. gjaldþrotalaga.

Aðalkrafa 1. töluliðar kröfugerðar sóknaraðila í málinu er á því reist, að hann eigi tilkall til þess fjár, sem þrotabúið hafi fengið með samningum við Króksverk hf. fyrir vélasamstæðu þá, er í málinu greinir. Þessir fjármunir séu eign sóknaraðila, þar sem um sé að ræða andvirði eignar, sem sóknaraðili hafi átt, og beri því að greiða sóknaraðila þá án tillits til skiptameðferðar þrotabús Tækjasölunnar hf. að öðru leyti.

Varakrafa 1. töluliðar sóknaraðila er á því reist, að krafa hans njóti forgangsréttar samkvæmt 3. tölulið 82. gr. skiptalaga, nr. 3/1878. Hér sé um að ræða fé, sem réttur hafi stofnast til eftir upphaf skipta með samningi, sem gerður hafi verið af þrotabúinu, og sé sóknaraðili raunverulegur eigandi fjárins. Þessu til stuðnings bendir sóknaraðili á reglur 69.-72. gr. og 43. gr. gjaldþrotalaga, en þessi ákvæði mæli fyrir um, að komi í ljós, að hlutur hafi verið seldur sem eign þrotabús og hann reynist síðan hafa verið eign annars aðila, og eigi þá sá, er raunverulega átti hlutinn, heimtingu á að fá greidda úr búinu þá fjárhæð, sem í það rann vegna sölunnar.

Þrautavarakrafa í 1. lið kröfugerðar sóknaraðila er á því reist, að réttur sóknaraðila til andvirðis vélasamstæðunnar sé tryggingarréttindi, sem falli undir ákvæði 2. mgr. 83. gr. laga nr. 3/1878.

2. töluliður kröfugerðar sóknaraðila byggist á því, að Tækjasalan hf. hafi skuldað sóknaraðila 252.466,00 sænskar krónur og að við úthlutun úr búinu beri að úthluta upp í þá fjárhæð, að frádreginni þeirri fjárhæð, sem fáist greidd samkvæmt 1. tölulið kröfugerðar sóknaraðila, sem almenna kröfu.

V.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að sóknaraðili hafi verið búinn að fyrirgera eignarréttarfyrirvara sínum gagnvart Tækjasölunni hf. vegna tómlætis. Fyrirsvarsmönnum sóknaraðila hafi verið það ljóst frá öndverðu, að Tækjasalan hf. keypti umrædda vélasamstæðu til að selja hana aftur, enda hafi Tækjasalan hf. aldrei verið verktaki á neinu sviði. Telur varnaraðili, að sóknaraðili hafi frá öndverðu vitað, að Tækjasalan hf. hafi selt Króksverki hf. umrædda vélasamstæðu án þess að geta um það, að tækin væru háð eignarrétti sóknaraðila eða annarra, og hafi sóknaraðili aldrei aðhafst neitt af þeim sökum fyrr en með kröfugerð sinni á hendur þrotabúinu. Þannig hafi sóknaraðili aldrei gert þá kröfu á hendur Tækjasölunni hf., að hún gerði ráðstafanir vegna eignarréttarfyrirvarans gagnvart Króksverki hf., en óumdeilt sé í málinu, að Króksverk hf. hafi verið í góðri trú um heimild Tækjasölunnar hf. til að selja vélina.

Varnaraðili heldur því einnig fram, að með því að Tækjasalan hf. hafi selt umrædd tæki, hafi sóknaraðili aðeins átt almenna kröfu í þrotabú félagsins, sem nemi eftirstöðvum söluverðsins, en eignarréttarfyrirvarinn geti undir engum kringumstæðum talist ná til verðmæta, sem komið hafi í stað þeirra véla, sem hann náði til. Sóknaraðili hafi ekki fyrr en undir rekstri máls þessa lýst fjárkröfum í búið vegna ógreidds hluta söluverðs vélanna, og komi því ekki til álita að úthluta upp í slíka kröfu úr þrotabúinu.

Varnaraðili rökstyður mál sitt enn fremur með því, að gallar á hinni umdeildu vélasamstæðu hafi reynst slíkir, að tjón þrotabúsins vegna þeirra sé að minnsta kosti svo mikið, að nemi 300.000,00 sænskum krónum. Í greinargerð varnaraðila er áskilinn allur réttur til þess að krefja sóknaraðila um fjárhæð þessa, og er henni „jafnframt hér haldið fram til skuldajafnaðar, ef svo ólíklega skyldi fara, að sóknaraðili fengi einhverjar fjárkröfur viðurkenndar á hendur þrotabúinu“, segir í greinargerðinni.

Þá heldur varnaraðili því enn fremur fram, að sóknaraðili hafi engum öðrum fjárkröfum lýst í bú varnaraðila. Aðeins hafi verið gerðar, gegn betri vitund, kröfur um afhendingu hluta, sem sóknaraðila hafi verið ljóst, að fyrir löngu var búið að selja og því eign annars aðila. Krafa sóknaraðila um SEK 14.566,80 hafi borist eftir lok kröfulýsingarfrests í búið og komi því ekki til álita við úthlutun úr búinu. Þar sé enn fremur um að ræða efnislega rangar kröfur, og er því mótmælt, að sóknaraðili hafi átt kröfur þær á hendur búinu, sem hann haldi fram í þessu sambandi.

Loks heldur varnaraðili því fram, að sóknaraðili eigi engar sjálfstæðar kröfur vegna samkomulags varnaraðila við Króksverk hf. um uppgjör. Tekur hann fram í því sambandi, að sóknaraðila hafi sérstaklega verið gefinn kostur á því að tjá sig um uppgjörið, og hafi hann ekki notfært sér

það. Hafi sóknaraðili þannig fallist á, að uppgjörið færi fram með þeim hætti, sem gert var.

VI.

Hér fyrir dómi hafa gefið munnlegar skýrslur í máli þessu Helmuth Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Tækjasölunnar hf., Björn Ólafsson, sem var sölustjóri félagsins, Eyjólfur Ingi Friðbjörnsson, framkvæmdastjóri Króksverks hf., og Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Í 87. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, eru fyrirmæli um, að gjaldþrotaskipti skuli auglýst tafarlaust og boðað til skiptafundar á tilteknum stað og stundu innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests. Í 2. mgr. þeirrar greinar segir, að senda skuli afrit auglýsingarinnar þeim kröfuhöfum, sem um er vitað eða upplýsingar fást um, meðan frestur er til kröfulýsingar. Bústjóri þrotabúsins tilkynnti sóknaraðila um gjaldþrotaskiptin með bréfi, dagsettu 2. september 1985, og er þess getið í þeirri tilkynningu, hvert kröfur skuli sendar og að frestur til að lýsa kröfum í búið renni út 30. sama mánaðar. Raunar hafði bústjórinn nokkrum dögum áður skrifað sóknaraðila bréf vegna búsins, en ekki er þar getið um kröfulýsingrfrest.

Telja verður, að sóknaraðili hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um töku bús Tækjasölunnar hf. til gjaldþrotaskipta með nægilegum fyrirvara, til þess að hann gæti sett fram kröfur sínar í tæka tíð fyrir lok kröfulýsingarfrests. Fyrir lok kröfulýsingarfrests barst frá honum krafa um afhendingu vélasamstæðu þeirrar, sem í máli þessu greinir, en engin krafa annars efnis.

Bústjóri þrotabúsins tók ekki inn á kröfuskrá þrotabúsins þá kröfu sóknaraðila, sem borist hafði fyrir lok kröfulýsingarfrests. Var það enda óþarfi, þar sem krafan laut að réttindum, sem eru samkvæmt ákvæðum 69. og 70. gr. gjaldþrotalaga óháð kröfulýsingarfresti, og ekki er ráðgert, að slíkar kröfur séu teknar á kröfuskrá samkvæmt 108. gr. laganna.

Með bréfi, dagsettu 29. ágúst 1985, vakti bústjóri á því sérstaka athygli við sóknaraðila, að „núverandi eigandi" vélasamstæðunnar hefði sett fram kröfur vegna alvarlegra galla á hinu selda og að búið gerði samsvarandi kröfur gagnvart sóknaraðila af því tilefni. Sóknaraðili hafði af þessu tilefni ærna ástæðu til þess að ætla, að þrotabúið gæti ekki afhent umrædda vélasamstæðu vegna samninga, er Tækjasalan hf. hafði gert við Króksverk hf. Var af þeim sökum enn gildari ástæða fyrir sóknaraðila að gera fyrir lok kröfulýsingarfrests í búið rækilega grein fyrir kröfum sínum með kröfulýsingu, ef hann hugðist láta reyna á önnur úrræði gagnvart þrotabúinu en þau, er beinlínis lutu að eignarréttarfyrirvaranum, þ. á m. um rétt sinn til ógreidds hluta hins umsamda verðs fyrir vélarnar.

Sóknaraðili telur fjárkröfur sínar á hendur Tækjasölunni hf. hafa numið

252.466,00 sænskum krónum við upphaf skiptameðferðar þrotabúsins. Þar af séu eftirstöðvar samkvæmt kaupsamningi um vélasamstæðu þá, er í málinu greinir, 237.900,00 sænskar krónur, en skuld félagsins vegna annarra viðskipta við sóknaraðila hafi numið 14.566,00 sænskum krónum.

Þar sem kröfulýsing barst ekki frá sóknaraðila fyrir lok kröfulýsingarfrests um annað en afhendingu vélasamstæðunnar, verður að telja, að sú krafa hans, að mismunur þess, sem hann kunni að fá greitt utan skuldaraðar úr búinu á grundvelli aðalkröfu hans samkvæmt kröfulið nr. 1, og þess fjár, sem Tækjasalan hf. hafi skuldað sóknaraðila, sé of seint fram komin, og verður að hafna henni þegar af þeirri ástæðu. Eru því ekki efni til að fjalla um það frekar í úrskurði þessum, hvort búið hefði átt rétt til skuldajafnaðar gegn slíkri kröfu vegna meintra galla á hinu selda, svo sem varnaraðili hefur haldið fram, eða til að fjalla um réttmæti kröfu vegna ætlaðrar viðskiptaskuldar, sem varnaraðili hefur mótmælt sérstaklega.

Stendur þá eftir af ágreiningsefni máls þessa það álitaefni, hvort réttarstaða sóknaraðila sé slík samkvæmt þeim réttarheimildum, sem hann vísar til, að hann eigi tilkall til þeirra verðmæta, sem í búið hafa runnið á grundvelli samnings þrotabúsins við Króksverk hf., en krafa hans þar að lútandi er óháð kröfulýsingarfresti, svo sem rakið var.

Svo sem rakið hefur verið, var vélasamstæða sú, sem kröfugerð sóknaraðila varðar, ekki í vörslum Tækjasölunnar hf., er bú þess félags var tekið til gjaldþrotaskipta. Í hennar stað var komin fjárkrafa á hendur Króksverki hf. Engin þeirra réttarheimilda, sem sóknaraðili styður kröfur sínar við, leiðir til þeirrar niðurstöðu, að eignarréttarfyrirvari sóknaraðila gagnvart Tækjasölunni hf. yfirfærist á þá fjárkröfu. Þar sem eign sú, sem sóknaraðili gerði tilkall til á grundvelli eignarréttarfyrirvarans, var ekki til í búinu, gat sóknaraðili ekki átt annað en almenna fjárkröfu á hendur þrotabúi Tækjasölunnar hf., sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 1987 í máli nr. 227/1986. Verður því að hafna aðalkröfu 1. töluliðar í kröfugerð sóknaraðila, og kemur því ekki frekar til athugunar, hvort eignarréttarfyrirvarinn gagnvart Tækjasölunni hf. hafi verið fallinn niður vegna tómlætis, svo sem varnaraðili hefur haldið fram.

Varakrafa 1. töluliðar í kröfugerð sóknaraðila stafar af því, að sóknaraðili eigi svokallaðan forgangsrétt til fjárins á grundvelli 3. tölul. 82. gr. skiptalaga, nr. 3/1878, sbr. 69.-72. gr. eða 43. gr. gjaldþrotalaga. Ákvæði 69.-72. gr. gjaldþrotalaga eru öll í IX. kafla laganna, sem fjallar um fullnustu sérstakra réttinda. Í þessum greinum öllum er fjallað um rétt kröfuhafa í tilvikum, þar sem eignum hefur verið ráðstafað í bága við réttindi kröfuhafa yfir eignunum, ýmist með eða án vitundar bústjórnar um viðkomandi réttindi kröfuhafans. Svo sem rakið hefur verið, er ekki á það fallist með sóknaraðila, að hann hafi átt þau réttindi yfir þeirri fjárkröfu,

sem þrotabú Tækjasölunnar hf. átti við upphaf skipta á hendur Króksverki hf., að sóknaraðili geti talist sértökumaður á grundvelli þeirra réttinda við skiptin. Verða þessi ákvæði gjaldþrotalaganna því ekki heldur talin eiga við um kröfur hans. Ákvæði 43. gr. gjaldþrotalaga fjallar um réttarstöðuna, sem leiðir af því, að þrotabú ákveði að taka við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningi. Um þá aðstöðu er ekki að ræða í þessu sambandi, og getur það ákvæði því ekki komið til álita. Ákvæði 3. töluliðar 82. gr. skiptalaga, nr. 3/1878, fjallar um forgangsrétt vegna krafna, sem stofnast hafa eftir upphaf skipta með samningum, sem gerðir eru af þeim, sem fara með skipti bús. Að frá talinni sérreglu 2. mgr. 70. gr. gjaldþrotalaganna, sem á ekki við hér samkvæmt framansögðu, geta aðeins þeir átt rétt til greiðslu á grundvelli þessa ákvæðis skiptalaganna, sem gert hafa samninga við fyrirsvarsmenn bús. Sú krafa sóknaraðila, sem hér er til úrlausnar, styðst ekki við slíkan samning og verður af þeirri ástæðu ekki sinnt.

Þrautavarakrafa í 1. tölulið kröfugerðar sóknaraðila um greiðslu á grundvelli 2. mgr. 83. gr. skiptalaga byggist á því, að sóknaraðili hafi átt tryggingarréttindi í hinu selda og eigi á grundvelli þeirra að fá hina um kröfðu fjárhæð greidda sem „forgangskröfu". Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu sóknaraðila, að hann hafi átt nein þau tryggingarréttindi, er nái til kröfu búsins á hendur Króksverki hf. Verður þessi krafa því ekki heldur tekin til greina.

Svo sem rakið hefur verið, er öllum kröfum sóknaraðila í máli þessu hafnað. Samkvæmt því og með vísan til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 verður ekki hjá því komist að leggja á sóknaraðila að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 140.000,00 krónur.

Það athugast, að lögmaður sóknaraðila máls þessa hefur lagt fram í málinu verulegan fjölda skjala á erlendu tungumáli, án þess að þeim fylgi þýðing á íslensku, og er þetta andstætt ákvæðum 40. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Mörg þessara skjala hafa að geyma skriflegan málflutning, auk þess sem önnur eru ljósrit upp úr erlendum fræðiritum. Í stað þess að vinna það upp úr gögnum þessum, er hann teldi nýtilegt við að koma málstað skjólstæðings síns til skila, hefur hann kosið að leggja öll þessi gögn fram. Þá hefur lögmaður sóknaraðila í greinargerð sinni í málinu vísað til svokallaðrar greinargerðar sænsks lögmanns með þeim ummælum, að sú greinargerð skuli skoðast sem „hluti af greinargerð þessari". Enda þótt lögð hafi verið fram þýðing þessarar sænsku greinargerðar, er framlagning þessara gagna andstæð ákvæðum 105. gr., sbr. 111. gr., sömu laga. Verður að átelja lögmann sóknaraðila, Skúla Fjeldsted héraðsdómslögmann, harðlega fyrir þessi vinnubrögð, en ekki þykir alveg næg ástæða til að beita sektum vegna þessa.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila í máli þessu, Tenhults Grusmaskiner AB, er öllum hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi Tækjasölunnar hf., 140.000,00 kr. í málskostnað innan 14 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. nóvember 1989.

Nr. 33/1988. **Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Rögnu Kristínu Árnadóttur
(Páll A. Pálsson hrl.)
og gagnsök.

Frávísun frá héraðsdómi. Réttarfar. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s.m. Gagnáfrýjunarstefna var gefin út 11. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júní s.á.

Hér fyrir dómi gerir aðaláfrýjandi þá kröfu aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu heimvísað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst aðaláfrýjandi sýknu af kröfu gagnáfrýjanda. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi gerir svofelldar kröfur hér fyrir dómi:

„að viðurkennd verði með dómi réttarins kaup Ingimundar Loftssonar, Hafnarhólmi I, á jörðinni Hafnarhólmi II af Kaldrananeshreppi í júní 1983 á 300.000,00 kr. með þeim skilmálum, að Ingimundur tæki að sér veðskuld við Stofnlánadeild landbúnaðarins, 180.000,00 kr., og greiddi 120.000,00 kr. í peningum,

að aðaláfrýjanda verði gert að gefa út afsal til gagnáfrýjanda fyrir jörðinni Hafnarhólmi II, Kaldrananeshreppi, gegn viðtöku gagnáfrýjanda á áhvílandi skuld við Stofnlánadeild landbúnaðarins, að höfuðstól 180.000,00 kr., skv. skuldabréfi, dags. 28.4. '83.

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti".

Af dómskjölum og bókunum á aukadómþingi Strandasýslu verður ráðið, að kröfur gagnáfrýjanda voru þar hinar sömu að efni til og nú var lýst. Í lýsingu dómkrafna í héraðsdómi er þó ekki getið kröfunnar um afsal.

Gagnáfrýjandi, sem var stefnandi í héraði, gerði fyrir aukadómþinginu og hér fyrir dómi bæði kröfu um viðurkenningardóm og aðfarardóm. Héraðsdómari tók það ráð að leysa úr síðari kröfunni, en tók ekki afstöðu til þess, hvort við kröfunni um viðurkenningu réttinda skyldi orðið. Kröfugerðin víkur ekki að því, hvort og þá hvernig samið hafi verið um hitaréttindi til handa aðaláfrýjanda. Aðilar eru þó sammála um, að þetta atriði var hluti þess, sem um var rætt milli fulltrúa aðaláfrýjanda og eiginmanns gagnáfrýjanda, Ingimundar heitins Loftssonar. Verður dómur ekki lagður á mál þetta, nema um þessi réttindi sé fjallað. Í greinargerð lögmanns gagnáfrýjanda, sem lögð var fyrir aukadómþingið, segir að vísu: „Stefnandi er reiðubúinn að taka við afsali frá stefndu, þar sem hreppnum yrði tryggt heitt vatn frá jörðinni án endurgjalds". Hér fyrir dómi lýsti lögmaður gagnáfrýjanda yfir því, að hún féllist á, að hitaréttindi hinnar um deildu hálflendu héldust í eigu Kaldrananeshrepps. Til að svo megi verða, þarf ráðherraleyfi samkvæmt 16. gr. (áður 13. gr.), 1. mgr., orkulaga, nr. 58/1967, sbr. 2. gr. laga nr. 53/1985. Eftir slíku leyfi hefur ekki verið leitað að sögn lögmanna beggja málsaðila.

Af framanskráðu leiðir, að mál þetta hefur ekki verið lagt þannig fyrir dómstóla, að dómur verði á það lagður. Verður þegar af þeirri ástæðu að ómerkja héraðsdóm og vísa málinu frá aukadómþinginu.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Strandasýslu 21. september 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. september sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Strandasýslu með stefnu, dags. 6. maí 1987. Málið var þingfest 8. maí sl. Stefnandi er Ragna Kristín Árnadóttir, nnr. 7139-1515, Grundargötu 6, Drangsnesi. Stefnda er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps f.h. hreppsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennd verði með dómi réttarins kaup Ingimundar Loftssonar, Hafnarhólmi I, á jörðinni Hafnarhólmi II

af Kaldrananeshreppi í júní 1983 á kr. 300.000,00 með þeim skilmálum, að Ingimundur tæki að sér veðskuld við Stofnlánadeild landbúnaðarins, 180.000,00 kr., og greiddi 120.000,00 kr. í peningum. Þá er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefnda hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að mati dómsins.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir, að eiginmaður stefnanda, Ingimundur Loftsson, keypti ásamt Þorbirni Jónssyni hálfa jörðina Hafnarhólm í des. 1946 af Jóni Konráðssyni, en þá áttu Guðrún Jörundsdóttir og Guðmundur Jónsson 1/4 hluta hvort. Ingimundur og stefnandi hófu búskap á jörðinni. Árið 1951 erfði Sigfús Gunnar Jónsson hluta Guðrúnar, og síðar það ár seldu þeir Sigfús og Þorbjörn hluta sína Guðmundi Ragnari Guðmundssyni. Hinn 11. febrúar 1954 afsalaði Guðmundur Jónsson 1/4 hluta sínum til Ingimundar Loftssonar, og var hann þá kominn með 1/2 jörðina (Hafnarhólm I), en Guðmundur Ragnar Guðmundsson hinn helminginn (Hafnarhólm II). Erfingjar Guðmundar ætluðu að selja og gerðu kaupsamning um Hafnarhólm II í árslok 1982 við Harald Guðjónsson, Svansbúð, Kaldrananeshreppi, en á fundi sínum 15. janúar 1983 ákvað hreppsnefnd Kaldrananeshrepps að neyta forkaupsréttar. Kaupverð var 300.000,00 krónur.

Stefnandi telur, að neyting forkaupsréttar hafi verið í þágu eiginmanns síns, enda var bókað á sama fundi, að hreppsnefnd hefði verið falið að ræða við hann. Í beinu framhaldi af þessu hefði hreppsnefnd sótt um jarðakaupalán hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og fengið 180.000,00 kr. afgreiddar 28. apríl 1983. Þá hafi vantað 120.000,00 kr. til að greiða seljendum og samningar tekist um það milli Ingimundar og hreppsnefndar, að Ingimundur greiddi mismuninn og tæki að sér jarðakaupalánið. Í framhaldi af því hefði Ingimundur greitt 9. júní 1983 100.000,00 kr. inn á reikning hreppsins og greiðslan verið merkt „innborgun frá Ingimundi Loftssyni". Daginn eftir, 10. júní, hafi hreppurinn greitt seljendum eftirstöðvar kaupverðsins og fengið afsal fyrir Hafnarhólmi II. Ingimundur Loftsson lést 15. ágúst 1983, og var þá ekki búið að ganga frá kaupsamningi við Kaldrananeshrepp. Ekkjan, stefnandi þessa máls, hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi 19. október 1983. Stefnandi hafi ekki gert reka að því fyrst um sinn að fá afsal fyrir jörðinni og eigi heldur hafi af hálfu hreppsins nokkuð verið átt við málið. Þegar stefnandi og börn hennar hafi farið á miðju ári 1985 að hreyfa málinu, hafi þau fengið svör á þá leið, að engin kaup hefðu gerst. Hafi þá verið leitað til lögmanns, sem eftir nokkrar árangurslausar bréfasendingar hafi fengið bréf, dags. 29.8.1986, frá oddvita hreppsnefndar, þar sem rakin voru sjónarmið hreppsnefndar og sú niðurstaða, að forsendur væru brostnar fyrir sölu jarðarinnar og að hreppsnefnd

vildi endurgreiða stefnanda innborgunina ásamt vöxtum og verðbótum. Í bréfinu er Ingimundur talinn hafa greitt 120.000,00 kr. án frekari skýringa, en stefnandi telur, að auk áðurnefndrar innborgunar, 100.000,00 kr., hafi 20.000,00-25.000,00 króna inneign Ingimundar hjá hreppnum verið skuldajafnað á móti þeim mismun, sem eftir var vegna sölunnar.

Stefnda segir málavöxtum lýst í stefnu og greinargerð og þykir ekki tilefni til sérstakrar málavaxtalýsingar af sinni hálfu. Ágreiningur málsaðila snúist ekki um lýsingu málavaxta, heldur fyrst og fremst um túlkun þeirra. Stefnda mótmælir því eindregið, að samningar hafi tekist milli Ingimundar Loftssonar og fyrri hreppsnefndar um sölu jarðarinnar Hafnarhólms II, eins og stefnandi fullyrði í stefnu, 1. og 2. bls. og á 2. bls. í greinargerð. Því sé ekki mótmælt, að umræður um kaup jarðarinnar hafi orðið, eins og skýrt kòmi fram í bókunum hreppsnefndar. Ekki sé dregið í efa, að Ingimundur heitinn hafi haft fullan hug á kaupum þessum, og innborgun þá, sem um ræðir í málinu, hafi hann eflaust innt af hendi í því skyni að liðka fyrir kaupunum. Engu skuli um það spáð, hvort þessar viðræður hafi leitt til endanlegs samnings, ef Ingimundur hefði ekki fallið frá 15. ágúst 1983, en þá hafi ekki verið búið að ganga frá kaupsamningi við Kaldrananeshrepp, eins og stefnandi sjálfur reyndar viðurkenni í stefnu. Ekki væri úr vegi að líta til dóms í 47. b. Hæstaréttardóma, 82. bls., í þessu sambandi. Því sé sérstaklega mótmælt, að móttaka 100.000,00 kr. úr hendi Ingimundar heitins verði skoðuð sem bindandi samþykki þess, að db. hans eigi nú rétt á að fá afsal fyrir jörðinni. Minna megi á, að hvergi komi fram, um hvaða kaupverð hafi verið rætt. Rangt sé hjá stefnanda að fullyrða, að verðið hafi átt að vera 300.000,00 kr. Fyrir því sé enginn fótur. Á dómskjölum nr. 10 og 11 komi fram, að stefnda hafi greitt Stofnlánadeild landbúnaðarins afborganir af áhvílandi lánum vegna Hafnarhólms II. Þetta hafi stefnandi gert óumbeðið og í heimildarleysi og sé á hennar ábyrgð.

Sýknukrafa stefndu er studd því, að ekki hafi komist á bindandi munnlegir samningar milli fyrri hreppsnefndar Kaldrananeshrepps og Ingimundar heitins Loftssonar um sölu á Hafnarhólmi II. Þá er því haldið fram, að forsendur hafi brostið fyrir kaupum þessum við andlát Ingimundar. Þau hafi verið bundin persónu hans.

Það liggur fyrir í málinu, að fyrrverandi hreppsnefnd Kaldrananeshrepps samþykkti á fundi sínum laugardaginn 15. janúar 1983 að neyta forkaupsréttar á jörðinni Hafnarhólmi II og greiða fyrir hana 300.000,00 kr. á tímabilinu 20. janúar 1983 til 20. apríl s.á. Jafnframt var samþykkt að fela oddvita og Guðm. B. Magnússyni að ræða við Ingimund Loftsson, eiganda að Hafnarhólmi I, en hann hafði sýnt áhuga á að kaupa Hafnarhólm II. Síðan segir orðrétt í fundargerð: „Sala á jörðinni er þó háð því skilyrði,

að Kaldrananeshreppi verði tryggð heitavatnsréttindi í landi Hafnarhólms án endurgjalds.“

Í fundargerð hreppsnefndar Kaldrananeshrepps frá fimmtudeginum 6. september 1984, 6. tölulið, segir orðrétt: „Rætt um sölu Hafnarhólms II. Kom fram, að fyrirhuguð hafði verið sala jarðarinnar til Ingimundar Loftssonar, og hafði hann greitt Kaldrananeshreppi 120.000,00 kr. upp í væntanlegt kaupverð á sl. ári, en í ágúst á sl. ári lést Ingimundur, og síðan hefur ekkert verið aðhafst í máli þessu. Skilyrði fyrir sölu þessari eru, eins og segir í fundargerð frá 15. janúar 1983, að Kaldrananeshreppi verði tryggð heitavatnsréttindi í landi Hafnarhólms II, og hafði Ingimundur fallist á það í viðræðum við fulltrúa hreppsins. Talið er víst, að sonur Ingimundar, Svanur, er stundar búskap að Hafnarhólmi I, hafi áhuga á að ganga inn í fyrirhuguð kaup á jörðinni. Oddvita falið að hefja hið fyrsta viðræður og könnun vegna fyrirhugaðrar sölu, er miði að því að kanna lagalega þætti þessa máls með sérstöku tilliti til þess, að heitavatnsréttindin verði tekin undan við sölu, enn fremur, hvort afstaða Svans Hólms er hin sama og föður hans til þessa þáttar.“

Ingimundur Loftsson lagði 100.000,00 kr. inn á reikning Kaldrananeshrepps 9. júní 1983, sbr. dómskj. nr. 3, og 10. júní 1983 var gengið frá sölu jarðarinnar til Kaldrananeshrepps. Hinn 28. apríl 1983 tók Kaldrananeshreppur jarðakaupalán hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins, að fjárhæð 180.000,00 krónur. Stefnandi hefur greitt afborganir og vexti af láni þessu, fyrst 9. maí 1986 og aftur 31. október 1986. Lánið var þá í vanskilum. Þetta var látið aðfinnslulaust af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps. Þá kemur fram í vitnisburði núverandi oddvita Kaldrananeshrepps, að Ingimundur Loftsson hafi greitt inn á reikning Kaldrananeshrepps 9. júní 1983 100.000,00 kr., og einnig hafi þá verið millifærðar 20.000,00 kr. af viðskiptareikningi Ingimundar hjá Kaupfélagi Steingrímsfjarðar á Drangsnesi inn á reikning hreppsins.

Á fundi hreppsnefndar Kaldrananeshrepps laugardaginn 24. ágúst 1985 er fyrst rætt um það að endurgreiða db. Ingimundar Loftssonar vegna innborgunar inn á hugsanleg kaup á jörðinni árið 1983. Endurgreiðsla fór þó ekki fram fyrr en 26. maí 1987, en mál þetta var þingfest 8. maí 1987. Endurgreiðslu var hafnað af hálfu stefnanda.

Með hliðsjón af framanrituðu, fram lögðum skjölum og athafnaleysi hreppsnefndar Kaldrananeshrepps verður að telja, að munnlegur samningur hafi tekist milli hreppsnefndar Kaldrananeshrepps og Ingimundar Loftssonar um kaup hins síðarnefnda á jörðinni Hafnarhólmi II, og er því fallist á þá kröfu stefnanda, að Kaldrananeshreppur gefi út afsal fyrir jörðinni Hafnarhólmi II til stefnanda.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 171.000,00 krónur.

Ef til áfrýjunar kemur, er rétt að taka fram, að frágangur og vélritun dómsins hefur dregist vegna mikilla embættisanna og skorts á starfsfólki til vélritunarvinnu.

Dómsorð:

Stefnda, hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, gefi út afsal til stefnanda, Rögnu Kristínar Árnadóttur, fyrir jörðinni Hafnarhólmi II, Kaldrananeshreppi.

Stefnda greiði stefnanda 171.000,00 kr. í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. nóvember 1989.

Nr. 176/1988. **Rúna Bína Sigtryggsdóttir**
og
Herdís Hinriksdóttir
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Sigríði Einarsdóttur
(Jón Magnússon hrl.).

Fjölbýlishús. Sameign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1988 og gera þær dómkröfur aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndu dæmt að greiða sér 117.168,92 krónur ásamt „hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum" fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hér segir: 3,75% frá 1. janúar 1986 til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987 og 2,5% frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er gerð krafa um aðra og lægri fjárhæð og vexti af henni eftir mati Hæstaréttar. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 3. september 1982 rituðu þáverandi eigendur hússins að Miklubraut 11 í Reykjavík byggingarfulltrúa Reykjavíkur svofellt bréf: „Við undirritaðir, eigendur hússins Miklubrautar 11 í Reykjavík, erum samþykkir breytingu á húsi okkar samkvæmt teikningum hr. Óla H. Jónssonar arkitekts." Áfrýjendur halda því fram, að í þessar breytingar hafi verið ráðist, þar sem nauðsynlegt hafi verið að gera við steypurennur og þak hússins. Kveða þeir þáverandi eiganda kjallaraíbúðar hússins hafa samþykkt að taka þátt í viðgerðunum. Fram er komið, að vinnupallar, sem reistir voru vegna þessa, voru teknir niður 30. nóvember 1983. Í kröfugerð sinni reikna áfrýjendur sér vexti af viðgerðarkostnaði frá 1. desember 1983. Samkvæmt þessu verður við það að miða, að viðgerðum þess-

um hafi verið lokið fyrir 1. desember 1983. Gegn mótmælum stefndu er því ósannað, að viðgerðir á þaki eða rennum hafi farið fram, eftir að hún eignaðist kjallaraíbúðina 7. mars 1984.

Áfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að stefnda hafi við kaup sín á kjallaraíbúðinni tekið að sér hugsanlegar skuldbindingar fyrri eigenda íbúðarinnar gagnvart þeim.

Ákvæði laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, skapa eigi sjálfstæðan kröfurétt á hendur síðari eigendum íbúða í fjölbýlishúsum vegna framkvæmda, sem ákveðnar voru af fyrri eigendum og lokið var áður en eigendaskipti urðu, umfram þann lögveðrétt, sem í 2. mgr. 13. gr. laganna greinir.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til greiðslu málskostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Rúna Bína Sigtryggsdóttir og Herdís Hinriksdóttir, greiði stefndu, Sigríði Einarsdóttur, 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. apríl 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 22. mars sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 8. maí 1987.

Stefnendur eru Rúna Bína Sigtryggsdóttir, nnr. 7911-4458, og Herdís Hinriksdóttir, nnr. 4029-7219, báðar til heimilis að Miklubraut 11, Reykjavík.

Stefnda er Sigríður Einarsdóttir, nnr. 7608-2588, til heimilis að Miklubraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu, Sigríði, verði gert að greiða stefnendum 117.168,92 kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af þeirri fjárhæð þannig: 3,75% frá 1. janúar 1986 til 1. mars s.á., 2,75% frá þ.d. til 1. apríl s.á., 2,25% frá þ.d. til 1. mars 1987 og 2,50% frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Dómkröfur stefndu eru, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda og sér dæmdur málskostnaður úr þeirra hendi skv. gjaldskrá LMFÍ. Til vara krefst stefnda stórlegrar lækkunar stefnukrafna og málskostnaðar.

I.

Stefnendur kveða málavexti þá, að árið 1982 hafi verið ákveðið að láta fara fram viðgerð á steypurennum og þaki hússins Miklubrautar 11 í Reykjavík vegna leka og fúa í þakinu. Nánast allar þaksperrur hússins hafi verið ónýtar og öll klæðning. Af því tilefni hafi verið ákveðið að breyta þakinu og hækka það upp. Óli H. Jónsson arkítekt hafi verið fenginn til að hanna breytingar á þakinu. Hinn 3. september 1982 hafi verið gert samkomulag um þessar breytingar með þáverandi eigendum hússins, þeim Einari A. Jónssyni, látnum eiginmanni Herdísar Hinriksdóttur, sem hafi átt 1. hæð, sem talin sé 37,64% alls hússins, Rúnu Bínu Sigtryggsdóttur, eiganda 2. hæðar, sem talin sé 46,52% alls hússins, og Torfa Lútherssyni, öðrum þinglýstum eiganda kjallara hússins, sem talinn hafi verið 15,84% alls hússins.

Ráðist hafi verið í breytingarnar snemma sumars 1983 í samræmi við hönnun arkítektsins, og hafi þáverandi eigandi kjallaraíbúðarinnar, Torfi Lúthersson, tekið þátt í framkvæmdum. Kristinn Sveinsson byggingarmeistari hafi séð um verkið, en Brynjúlfur Thorvaldsson, sambýlismaður stefnanda Rúnu Bínu, hafi séð um stjórnun og innkaup og bókhald þess. Framkvæmdir hafi staðið yfir fram á haust 1983, en þá verið að mestu lokið. Settur hafi verið meiri halli á nýja þakið, til þess að það yrði brattara og betri nýting næðist undir súð. Heildarkostnaður við breytingarnar hafi orðið 685.572,45 krónur. Jósef Halldórsson húsasmíðameistari, starfsmaður Meistarafélags húsasmiða, hafi verið fenginn til þess að gera tillögu um skiptingu framkvæmdakostnaðar milli viðhalds og nýbyggingar við húsið. Hann hafi lagt til, að kostnaður við viðhald skyldi teljast 533.920,00, en kostnaður vegna nýbyggingar 151.651,70 kr. Samkvæmt því sé hlutur eiganda kjallara hússins 15,84% af 533.920,00 kr. eða 84.573,04 kr. Ársvextir hafi verið reiknaðir á fjárhæð þessa frá 1. desember 1983 til 31. desember 1985, 32.595,88 kr., og sé því ógreitt miðað við 1. janúar 1986 117.168,92 kr. vegna kjallarans. Þessir vextir, 18,5% ársvextir, séu taldir lægstu víxilvextir, sem hafi tíðkast í bönkum á þessu tímabili.

Með kaupsamningi, dagsettum 7. mars 1984, hafi stefnda, Sigríður, fest kaup á kjallaraíbúðinni af Heiðari Vilhjálmssyni, þáverandi eiganda kjallarans, sem hafði keypt hann af Torfa Lútherssyni í september 1983. Stefndu hafi verið kunnugt um, að viðgerð hafði farið fram á þaki hússins, en ekki hafi verið unnt að gefa henni upplýsingar um skuld hennar vegna hlutdeildar kjallaraíbúðarinnar í kostnaðinum á þessum tíma, þar sem honum hafði ekki verið skipt ennþá. Jósef Halldórsson hafi gengið frá skiptingunni í ársbyrjun 1986, og þá hafi stefnda formlega verið krafin um hlutdeild kjallarans, en aðrir eigendur hafi greitt allar framkvæmdir, en eigandi kjallarans ekki greitt neitt af sinni hlutdeild. Stefnda hafi hafnað greiðslu, og því hafi verið nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Stefnendur styðja mál sitt því, að stefndu sem þinglýstum eiganda kjallaraíbúðarinnar beri að greiða viðgerðarkostnað á þaki hússins í samræmi við eignarhlutdeild. Þeir vísa til ákvæða III. kafla laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, og sérstaklega til ákvæða 11. gr. og 13. gr. laganna. Jafnframt sé vísað til þess, að stefndu hafi verið kunnugt um, þegar hún keypti, að fyrir hafi legið að greiða þennan kostnað, þótt vera kunni, að hún hafi í samningum sínum við fyrri eiganda kjallaraíbúðarinnar viljað áskilja sér, að hann greiddi sér kostnaðinn.

Stefnendur vísa til 11. gr. laga um fjölbýlishús, sem húsið Miklabraut 11 falli undir. Lagfæring þaksins hafi verið sameiginlegt viðhald á húsinu. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laganna beri húseigendur sameiginlegan kostnað samkvæmt hlutfallstölu íbúða sinna. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. eignist hinir íbúðaeigendurnir lögveð í íbúð þess, sem greiðir ekki sinn hluta kostnaðar, til tryggingar greiðslunni. Sá veðréttur falli þó niður, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn, áður en eitt ár er liðið frá þeim degi, er greiðslan var innt af hendi. Í máli þessu sé upplýst, að greiðslur hafi farið fram á tímabilinu 1983 til 1985, en að dregist hafi að fá hæfan mann til þess að skipta kostnaðinum í viðhald alls hússins annars vegar og nýbyggingu hins vegar. Þess vegna hafi lögveðsrétturinn fallið niður samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laganna, en þinglýstur eigandi beri áfram ábyrgð á greiðslu kostnaðarins, og ábyrgð á kostnaðinum fylgi íbúðinni á hverjum tíma. Þeir, sem greiði sameiginlegan kostnað við fjölbýlishús, verði að geta snúið sér með kröfur sínar samkvæmt 13. gr. laganna að þinglýstum eiganda íbúðar þeirrar, sem stendur ekki við skuldbindingar sínar.

II.

Stefnda styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hún hafi ekki samþykkt þær breytingar og viðgerðir, sem gerðar hafi verið á þaki hússins. Lög nr. 59/1976, um fjölbýlishús, kveði á um réttindi og skyldur íbúðaeigenda til að hafa afskipti af töku ákvörðunar um og bera kostnað af viðhaldi og sameiginlegum framkvæmdum við sameignina. Samkvæmt 10. gr. laganna geti íbúðareigandi neitað að taka þátt í kostnaði vegna framkvæmda, ef hann hefur ekki verið boðaður á fund til að taka ákvörðun um málið. Stefnda hafi engin afskipti haft af málinu, enda hafi umræddum framkvæmdum nánast verið lokið, þegar hún festi kaup á íbúðinni. Seljandi hafi tjáð sér, að ágreiningur væri þá milli eiganda efri hæðar hússins, þ.e. stefnanda Rúnu Bínu, og fyrri eiganda kjallaraíbúðarinnar, þ.e. Torfa Lútherssonar, vegna breytinganna, og hafi verið tekið fram í kaupsamningi stefndu og Heiðars Vilhjálmssonar, að deilur þessar væru henni með öllu óviðkomandi. Nú hafi komið í ljós undir rekstri málsins, að eigandi 2. hæðar og eigandi 1. hæðar hafi gert með sér samkomulag þess efnis, að þakinu

yrði lyft og gert íbúðarhæft og eigandi 2. hæðar fengi það til eignar, en eigandi 1. hæðar fengi í staðinn herbergi tilheyrandi 2. hæð í kjallara. Þannig hafi eigendur 2. og 1. hæðar skipst á byggingarrétti og herbergi án nokkurra afskipta eiganda kjallaraíbúðar. Breytingar þessar hafi þó fengið formlegt samþykki allra, þar á meðal þáverandi eiganda kjallarans, Torfa Lútherssonar, samkvæmt skjali, sem lagt hafi verið fram í málinu og dagsett sé 3. september 1982. Breytingar þessar hafi vitanlega verið að langmestu leyti til hagsbóta þeim, sem gerðu makaskiptin, og varla komið eiganda kjallarans við nema að því leyti, að við kæmi sameiginlegu viðhaldi hússins, sem hafi verið lítill hluti þessarar breytingar. Torfi hafi selt sinn hluta í september 1983, og Heiðar hafi selt stefndu í mars 1984, og þá hafi engar kröfur verið gerðar á eiganda kjallaraíbúðar.

Stefnda bendir á, að ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga um fjölbýlishús um lögveðsrétt í íbúð þess, sem ekki greiðir sameiginlegan kostnað, hafi stuttan tíma, eitt ár, fyrir lögveðsréttinn til þess að knýja á, að lausn fáist á deilum sem þessum. Íbúðir gangi kaupum og sölum, og þess vegna tryggi löggjafinn umræddan lögveðsrétt, svo að sameigendur séu tryggðir fyrir greiðslufalli, en ákveði hann með jafnþröngum tímamörkum og raun ber vitni, þar sem ekki er hægt að flytja ábyrgð eins eiganda íbúðar yfir á kaupanda hans nema innan þessara þröngu tímatakmarka. Eftir að árið sé liðið, sé ekki unnt að krefja þann, sem er íbúðareigandi, heldur verði að krefja þann einstakling, sem var bundinn samkvæmt samkomulagi eða löglega tekinni ákvörðun samkvæmt 10. gr. laganna. Kröfum stefnenda sé því ranglega beint að stefndu.

Stefnda bendir á, að önnur málsástæða stefnenda sé að byggja á samkomulaginu frá 3. september 1982 milli þáverandi húseigenda. Stefnda svari því til, að samkomulag þetta sé henni algerlega óviðkomandi, auk þess sem það hafi verið fyrnt, þegar stefna hafi verið birt.

Varakröfu sína um lækkun styðji stefnda því, að krafan sé röng og ósönnuð. Tillögur um skiptingu kostnaðar hafi aldrei verið bornar undir sig, og tillögu Jósefs Halldórssonar hafi ætíð verið mótmælt sem rangri og vilhallri stefnendum. Matsgerð dómkvaddra matsmanna hefði verið nauðsynleg, en ekkert slíkt hafi verið lagt fram af hálfu stefnenda, auk þess sem krafa þeirra sé bersýnilega röng, að því er varðar vexti og vaxtavexti.

III.

Upplýst er, að eigendur 2. og 1. hæðar hússins að Miklubraut 11 hafi sameiginlega greitt kostnað af framkvæmdum þeim, sem ráðist var í á þaki hússins sumarið 1983, og að eigandi kjallaraíbúðar hafi ekki verið krafinn um hlut kjallarans, þ.e. 15,84% af sameiginlegum kostnaði, þar sem ekki

var vitað, hver sameiginlegur kostnaður teldist af heildarkostnaði við framkvæmdina. Upplýst er, að álit sérfróðs manns hafi verið fengið um þessa skiptingu í ársbyrjun 1986 og að þá hafi verið gerð krafa á hendur eiganda kjallarans, sem þá var orðinn stefnda í máli þessu, um 15,84% af 533.920,00 kr., sem stefnendur töldu kostnað við viðhald. Þessi fjárhæð var talin 84.573,04 kr., en stefnda var krafin um 117.168,92 kr. með bréfi, dagsettu 14. apríl 1986, og höfðu þá vextir verið reiknaðir frá 1. desember 1983.

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að lögveðsréttur skv. 2. mgr. 13. gr. laga um fjölbýlishús hafi verið fallinn niður, þegar stefnda var krafin um greiðslu, og hlýtur upphafstími ársfrests þess, sem nefndur er í ákvæðinu, að teljast vaxtadagur stefnenda, 1. desember 1983. Lögveðsréttur féll því niður 1. desember 1984, þar sem honum hafði ekki verið fylgt eftir með lögsókn fyrir þann tíma.

Fallast ber á með stefndu, að ábyrgð íbúðareiganda samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laganna flytjist einungis yfir á nýjan eiganda innan þess ársfrests, sem þar er nefndur. Þótt stefnda hafi eignast kjallaraíbúðina með kaupsamningi, dagsettum 7. mars 1984, var hún ekki krafin um greiðslu sameiginlegs kostnaðar fyrr en með bréfi, dagsettu 16. apríl 1986, löngu eftir að fresturinn var liðinn.

Stefnda tók ekki þátt í ákvörðun um framkvæmdir skv. 10. gr. laganna, enda er ágreiningslaust, að hún hafi ekki verið eigandi kjallaraíbúðarinnar, þegar hún var tekin. Kröfum stefnenda verður því ekki beint að stefndu á grundvelli 13. gr. laganna, sbr. 10. gr., og þar sem stefnendur hafa ekki á annan hátt sýnt fram á greiðsluskyldu stefndu, ber að sýkna hana af kröfum stefnenda. Ber að dæma stefnendur til að greiða henni málskostnað, sem ákveðst 50.000,00 krónur.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, Sigríður Einarsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Rúnu Bínu Sigtryggsdóttur og Herdísar Hinriksdóttur, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefndu 50.000,00 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1989.

Nr. 417/1989. **Jón Sigurðsson**
gegn
Eyrarbakkahreppi.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. október 1989 samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Í greinargerð 30. október 1989 til Hæstaréttar hefur sóknaraðili sett fram málsástæður og lagarök, sem að réttu lagi áttu að koma fram í stefnu og greinargerð hans í héraði. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 9. október 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda föstudaginn 6. þ.m., hefur stefnandi, Jón Sigurðsson, nnr. 5183-3783, Engjaseli 52, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, út gefinni 29. október 1987 og fram lagðri í dóm 11. nóvember sama ár, á hendur Magnúsi Karel Hannessyni oddvita, nnr. 6261-4013, Garðhúsum, Eyrarbakka, fyrir hönd hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 510.000,00 kr. ásamt dómvöxtum frá stefnudegi (svo í stefnu) til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og sú aðalkrafa gerð, að málinu

verði vísað frá dómi. Til vara er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum án árangurs.

Í máli þessu er stefndi annars vegar krafinn um greiðslu beitargjalds fyrir árin 1986 og 1987, að fjárhæð 210.000,00 kr., vegna eignarhluta stefnanda í beitilandi svonefndrar Flóagaflstorfu í Eyrarbakkahreppi og hins vegar um greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 300.000,00 kr., vegna skemmda á trjágróðri í eigu stefnanda af völdum sauðfjár dagana 8.-11. júní 1987.

Í þinghaldi 6. þ.m. lagði dómarinn fyrir stefnanda, sem flytur mál sitt sjálfur, en er ólöglærður, að skýra ýmis óljós atriði í málatilbúnaði sínum. Stefnandi lýsti þá yfir því, að hann myndi ekki leggja fram frekari gögn máli sínu til stuðnings fyrir flutning um frávísunarkröfu stefnda. Var frávísunarkrafan því tekin til munnlegs flutnings þegar í þessu sama þinghaldi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að kröfur stefnanda í máli þessu séu vanreifaðar. Ekki sé minnst einu orði á það, hvernig dómkrafan sé útreiknuð, hvorki í stefnu né greinargerð. Þá sé sá hluti kröfunnar, sem snýr að bótum vegna skemmda á trjágróðri, algerlega órökstuddur.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað.

Niðurstöður.

Eins og áður greinir, er stefndi annars vegar krafinn um beitargjöld, að fjárhæð 210.000,00 kr., og hins vegar skaðabætur, að fjárhæð 300.000,00 krónur.

Hvorki í stefnu né öðrum sóknarskjölum er að finna sundurliðun á framangreindum kröfufjárhæðum, og af gögnum málsins verður ekki heldur ráðið, hvernig fjárhæðir þessar eru fundnar. Krafa stefnanda um skaðabætur vegna skemmda á trjágróðri er einungis studd lögregluskýrslu, sem gefur litlar sem engar vísbendingar um það, hvert hafi verið raunverulegt tjónsumfang. Þá er stefna máls þessa þannig úr garði gerð, að erfitt er að koma auga á þær málsástæður, er stefnandi reisir kröfur sínar á, og lagagrundvöllur kröfugerðar er óljós.

Það er grundvallarregla réttarfarslaga, sbr. 88. gr., 1. mgr. 105. gr. og 114. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, að málatilbúnaður skuli vera skýr og glöggur. Telja verður samkvæmt framansögðu, að málið sé vanreifað af hálfu stefnanda og málatilbúnaður að öðru leyti ekki nægilega skýr og glöggur, til að dómur verði lagður á efni máls þessa. Þykir því óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi.

Með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 30.000,00 krónur.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar 16. f.m.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Jón Sigurðsson, greiði stefnda, Eyrarbakkahreppi, 30.000,00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1989.

Nr. 311/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Bjarna Leifi Péturssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ákæra. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1989 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og lengingar á ökuleyfissviptingu. Meðákærði í héraði hlítir héraðsdómi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á sakfellingu ákærða „fyrir brot gegn 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og jafnframt sakfellingar fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. sömu laga fyrir akstur bifreiðar, eins og í ákæru greinir, án ökuskírteinis og ökuréttinda og þá þyngingar á refsingu. Komi til þess, að ákærði verði sýknaður af broti gegn 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga, er fyrrgreind krafa um sakfellingu fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga uppi höfð ein sér sem varakrafa og þá til viðeigandi refsiákvörðunar. Í báðum tilvikum er krafist staðfestingar á ákvæðum hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar og að ákærði verði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlauna til ríkissjóðs."

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra eru bréf frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík og bæjarfógetans á Akureyri og Dalvík og sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, og kemur fram í þeim, að ákærði hafi aldrei fengið út gefið ökuskírteini í þessum umdæmum. Þá hefur verið lagt fram ljósrit dómsáttar, er ákærði gekkst undir í sakadómi Reykjavíkur 22. desember 1976 vegna ölvunar við akstur. Var hann samkvæmt dómsáttinni sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í sex mánuði frá þeim degi að telja. Í sakavottorði því, sem lagt var fram í héraði með ákæru og öðrum

gögnum málsins, sagði hins vegar, að með ofangreindri dómsátt hefði ákærði verið sviptur ökuleyfi. Þá liggur fyrir endurrit dóms sakadóms Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 18. febrúar 1987, en með honum var ákærði „sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá birtingu dóms". Að lokum hafa verið lögð fram endurrit tveggja refsidóma, sem kveðnir voru upp yfir ákærða eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms, þ.e. 26. júlí og 19. september 1989, fyrir brot á almennum hegningarlögum, og endurrit dómsáttar 16. júní 1989 vegna brots á lögum um ávana- og fíkniefni.

Ákærði viðurkenndi skýlaust við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 22. janúar 1989, að hann hefði undanfarandi nótt ekið bifreiðinni R 21687 leið þá, sem tilgreind er í ákæru. Hefði hann áður verið við drykkju í Brautarholti 22, m.a. með meðákærða, og hefði hann fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Skýrslu þessa undirritaði ákærði í viðurvist lögreglumanns þess, sem tók skýrsluna, og annars lögreglumanns, sem var viðstaddur yfirheyrsluna og undirritaði skýrsluna sem vottur. Framburður ákærða er í samræmi við framburð meðákærða bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Með hliðsjón af þessu og framburði lögreglumannanna fyrir dómi verður að telja, að afturköllun ákærða síðar fyrir dómi á framburði sínum um áfengisáhrif sé ekki marktæk, og þykir bera að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæðis, að því er varðar ákæru fyrir akstur undir áfengisáhrifum.

Ríkissaksóknari krefst þess, svo sem fyrr er rakið, að ákærði verði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, en héraðsdómari sýknaði hann að þessu leyti. Við málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að ákæruvaldið reisir kröfu sína nú á því, að ákærði hafi aldrei hlotið ökuréttindi, sbr. framangreind bréf um það efni.

Þegar ákærði kom fyrir dóm 19. apríl 1989, taldi hann sig ekki hafa verið ökuréttindalausan við fyrrgreindan akstur. Verjandi ákærða mótmælir því, að sannað sé í málinu, að ákærði hafi aldrei öðlast ökuréttindi.

Svo sem fyrr er rakið, voru gögn þau, sem lágu fyrir við útgáfu ákæru og meðferð málsins fyrir héraðsdómi, villandi, að því er varðar ökuréttindi ákærða. Engin rannsókn fór fram fyrir útgáfu ákæru um þetta atriði, og þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir,

þykja ekki óyggjandi. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að ómerkja úrlausn hins áfrýjaða dóms um ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga og vísa ákærunni að því leyti frá héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi 40.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Þar sem ríkissaksóknari hefur fallið frá kröfu um sviptingu ökuréttinda, fellur ákvæði héraðsdóms þar að lútandi niður og kemur hér ekki til úrlausnar.

Rétt þykir að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Eftir atvikum þykir hins vegar rétt að dæma ákærða til greiðslu helmings áfrýjunarkostnaðar á móti ríkissjóði, svo sem nánar er greint í dómsorði.

Aðfinnsluverð eru þau vinnubrögð ákæruvalds að kynna ný gögn í málinu og breytingar á kröfugerð fyrst við munnlegan málflutning í Hæstarétti.

Dómsorð:

Úrlausn héraðsdómara um ákæru á hendur ákærða, Bjarna Leifi Péturssyni, fyrir brot á 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er ómerkt og ákærunni að því leyti vísað frá héraðsdómi.

Ákærði greiði 40.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða fellur niður.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði 15.000,00 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast alls 30.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað málsins greiði ákærði að hálfu. Að öðru leyti skal greiða áfrýjunarkostnað úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. júní 1989.

Ár 1989, föstudag 23. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 295-296/1989: Ákæruvaldið gegn X og Bjarna Leifi Péturssyni, sem tekið var til dóms 15. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 5. apríl sl., á hendur ákærðu, „X, [...] og Bjarna Leifi Péturssyni, Fljótaseli 8, Reykjavík, kennitala 15.06.58-2419, fyrir að aka aðfaranótt sunnudags 22. janúar 1989 undir áhrifum áfengis og sviptir ökuréttindum bifreiðinni R 21687 um götur Reykjavíkur, svo sem hér er rakið:

1) gegn ákærða Bjarna Leifi fyrir að aka henni frá Brautarholti 22 að Yrsufelli 1 og 5,
2) gegn ákærða X fyrir að aka henni þaðan áleiðis til miðborgarinnar, þar til bifreiðin festist í snjóskafli í Sætúni við Barónsstíg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., en auk þess telst atferli ákærða X varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., en Bjarna Leifs við 1. mgr. þeirrar greinar, allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til sviptingar ökuréttindum samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Um kl. 5.42 sunnudag 22. janúar sl. komu lögreglumenn að bifreiðinni R 21687, þar sem hún var föst í snjóskafli í Sætúni á móts við Barónsstíg hér í borg. Sat ákærði X undir stýri hennar og var að reyna að aka henni úr skaflinum. Ákærði Bjarni Leifur, sem stóð fyrir utan bifreiðina, kvaðst hafa verið farþegi í henni. Báru ákærðu báðir, að vinur ákærða X hefði ekið bifreiðinni þangað, sem hún nú var.

Ákærða X var tekið blóðsýni kl. 7.30, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á því mældist alkóhólmagn í blóði hans 1,96 ‰.

Ákærða Bjarna Leifi var sleppt eftir viðtal á lögreglustöð.

Ákærði X hefur hér fyrir dóminum skýlaust játað að hafa aðfaranótt 22. janúar sl. ekið framangreindri bifreið frá Yrsufelli hér í borg áleiðis til miðborgarinnar, þar til hún festist í nefndum snjóskafli. Kveðst ákærði hafa fundið til talsverðra áfengisáhrifa við aksturinn, og jafnframt kannast ákærði við að hafa þá verið sviptur ökuréttindum.

Er því sannað með játningu ákærða X, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og sakavottorði, að því er varðar sviptingarakstur, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar atferli ákærða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Ákærði Bjarni Leifur var handtekinn síðdegis 22. janúar sl. vegna grunar um að hafa ekið umræddri bifreið undir áhrifum áfengis aðfaranótt sama dags frá Brautarholti 22 hér í borg og upp í Yrsufell 1 og 5. Hafði ákærði X borið við yfirheyrslu hjá lögreglu, að Bjarni Leifur hefði ekið bifreiðinni milli framangreindra staða um nóttina. Jafnframt hafði X skýrt frá því, að þeir Bjarni Leifur hefðu fyrir aksturinn setið saman að drykkju í Brautarholti 22. Kvaðst X ekki geta sagt til um, hve mikið Bjarni Leifur hefði drukkið, áður en hann ók bifreiðinni, en hann hefði ekki virst vera mjög ölvaður. Við meðferð málsins bar ákærði X, að Bjarni Leifur hefði neytt með sér eins til tveggja glasa af sterku áfengi fyrir aksturinn. Hefði ákærði merkt áfengisáhrif á Bjarna Leifi, en þau hefðu ekki verið mikil.

Ákærði Bjarni Leifur skýrði svo frá við lögregluyfirheyrslu, að hann hefði verið við drykkju að Brautarholti 22 umrætt sinn ásamt kunningjum sínum og m.a. meðákærða X. Kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni R 21687 frá þeim stað og upp í Yrsufell 5 og einnig Yrsufell 1 og hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Við meðferð málsins játaði ákærði að hafa ekið umræddri bifreið milli þeirra staða, sem í ákæru greinir, greint sinn, en kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Kvaðst ákærði hafa drukkið eitt til tvö glös af einföldum vodka um einni til tveimur klukkustundum áður en aksturinn fór fram. Ákærði kvaðst hafa játað áfengisáhrif hjá lögreglu til að komast hjá því að verða settur í „Hverfisstein".

Vitnið Árni Þór Sigmundsson rannsóknarlögreglumaður, sem yfirheyrði ákærða af hálfu lögreglu, kveður af og frá, að ákærða hafi verið hótað, að hann yrði settur í fangageymslu, játaði hann ekki áfengisáhrif við akstur bifreiðarinnar R 21687 greint sinn. Kveður vitnið sig reyndar hafa farið þannig að í máli þessu, að ákærði hafi verið færður í fangageymslu, meðan þau atriði, sem fram komu í skýrslu hans, voru borin undir meðákærða X.

Vitnið Kristbjörn Guðlaugsson rannsóknarlögreglumaður kveðst hafa setið við hlið ákærða Bjarna Leifi við umrædda yfirheyrslu. Kveður vitnið ákærða ekki hafa verið hótað einu né neinu og hann játað af fúsum og frjálsum vilja að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Ákvörðun um, að ákærði yrði færður í geymslu, hafi ekki verið tekin fyrr en eftir að yfirheyrslu lauk, og ákærða ekki kynnt hún fyrr en þá.

Með skýlausri játningu ákærða Bjarna Leifs hjá lögreglu, stoð í framburði hans sjálfs við rannsókn og meðferð málsins um áfengisneyslu fyrir aksturinn svo og framburði meðákærða X um hið sama sem og áfengisáhrif á meðákærða þykir vera sannað þrátt fyrir neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi ekið bifreiðinni R 21687, þótt hann væri undir áfengisáhrifum, frá Brautarholti 22 hér í borg og upp í Yrsufell 5 og 1. Þykir ákærði eigi hafa gefið marktæka skýringu á afturköllun játningar sinnar hjá lögreglu.

Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Ákærði Bjarni Leifur var með dómi, upp kveðnum 18. febrúar 1987, sviptur ökuréttindum 18 mánuði frá 14. apríl sama ár. Engum gögnum er til að dreifa í málinu þess efnis, að ákærði hafi sætt frekari ökuréttindasviptingu, frá því að sá dómur var kveðinn upp. Er akstur sá varð, sem um ræðir í máli þessu, var liðinn sá tími, sem ákærði hafði verið sviptur ökuréttindum samkvæmt framangreindum dómi. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Sakaferill.

— — —

Ákærði Bjarni Leifur hefur tvívegis sætt ökuréttindasviptingu samkvæmt sakavottorði sínu, í bæði skiptin vegna ölvunaraksturs, hið fyrra sinn 22. desember 1976, en þá var hann sviptur ökuleyfi 6 mánuði frá þeim degi að telja, og hið síðara 18 mánuði frá 14. apríl sama ár. Ákærði hefur að öðru leyti langan brotaferil að baki vegna ýmissa brota gegn almennum hegningarlögum. Hefur ákærði á ferli sínum hlotið samtals tæplega 8 ára óskilorðsbundna fangelsisrefsingu. Síðast var hann dæmdur 22. desember sl. í 6 mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt og skjalafals.

Refsingar.

— — —

Refsing ákærða Bjarna Leifs þykir einnig hæfileg 40.000,00 króna sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi 15 daga.

Ökuréttindasvipting:

Ákærðu hafa báðir unnið sér til ökuréttindasviptingar samkvæmt 102. gr. umferðarlaga. Þykir hæfilegt að svipta ákærða X ökuréttindum 12 mánuði frá 10. nóvember 1992 að telja, en þann dag rennur út réttindasviptingin samkvæmt dóminum frá 24. febrúar sl.

Með vísan til 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga þykir hæfilegt að svipta ákærða Bjarna Leif ökuréttindum tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 178. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, sbr. 104. gr. umferðarlaga, frestar áfrýjun eigi verkun dómsins, að því er ökuréttindasviptingu ákærðu varðar.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða Bjarna Leif til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja

hæfilega ákveðin 15.000,00 krónur, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærðu, X og Bjarni Leifur Pétursson, greiði hvor um sig 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella hvor um sig varðhaldi 15 daga.

Ákærði X er sviptur ökuréttindum 12 mánuði frá 10. nóvember 1992 að telja. Ákærði Bjarni Leifur er sviptur ökuréttindum tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Áfrýjun frestar eigi áhrifum dómsins, að því er réttindasviptingu varðar.

Ákærði Bjarni Leifur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Fimmtudaginn 16. nóvember 1989.

Nr. 82/1988. **Magnús Guðlaugsson og Reynir Guðlaugsson persónulega og f.h. Guðlaugs A. Magnússonar, skartgripaverslunar sf.**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
Hans Steffin GmbH & Co KG
(Hákon Árnason hrl.).

Verslunarkaup. Lagaskil.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. mars 1988. Þeir gera svofelldar dómkröfur:

„aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að áfrýjendur verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og stefnda verði gert að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Til vara er sú krafa gerð, að áfrýjendur verði einungis dæmdir til þess að greiða stefnda DEM 10.920,00 auk vaxta af þeirri fjárhæð frá 15. maí 1987 til greiðsludags skv. 11. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, gegn afhendingu fruminnflutningsskjala fyrir þeim hluta vara skv. reikningi nr. 6841, sem óafhentur er, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður".

Dómkröfur stefnda eru þær, „að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar".

I.

Hinn 30. janúar 1984 undirritaði áfrýjandinn Magnús Guðlaugsson, sem var staddur í Vestur-Þýskalandi, vörupöntun þá, sem málið fjallar um. Kaupandi er tilgreindur Guðlaugur A. Magnússon. Í pöntuninni segir, að helming varanna skuli afhenda frá verksmiðju í október 1984, en hinn helminginn 31. desember sama ár.

Í málinu liggur frammi reikningur nr. 6841, dagsettur 20. desember 1984, samtals að fjárhæð 31.570,00 vestur-þýsk mörk, og er þar miðað við cif-verð. Á þennan reikning virðist stefndi síðar hafa vélritað á þýsku upplýsingar, sem í íslenskri þýðingu hljóða svo:

1. Afhending að hluta 1.3.1985. Greitt 8.5.85	DM 10.570,00
2. Afhending að hluta 14.5.1985. Greitt 29.11.85	DM 10.080,00
3. Afhending að hluta 5.12.1985. Vörurnar endursendar. Ekki greiddar	DM 10.920,00

Í málinu liggur einnig frammi reikningur nr. 6842, út gefinn af stefnda 30. desember 1984, að fjárhæð 30.750,00 vestur-þýsk mörk.

Með bréfi 14. janúar 1986 krafði stefndi kaupanda um greiðslu á 10.920,00 vestur-þýskum mörkum vegna varanna, sem sendar höfðu verið 5. desember 1985. Með bréfum 18. febrúar 1986, 25. febrúar 1986 og 11. mars 1986 ítrekaði stefndi kröfu sína um greiðslu á ofangreindri fjárhæð. Áfrýjendur virðast ekki hafa svarað bréfum þessum. Stefndi ítrekaði enn kröfu sína um greiðslu á nefndum 10.920,00 vestur-þýskum mörkum með símskeytum 3. og 22. apríl 1986.

Í ofangreindum bréfum og símskeytum er reikningsins nr. 6842 frá 30. desember 1984 að engu getið.

Guðlaugur A. Magnússon, skartgripaverslun sf., ritaði stefnda bréf 21. apríl 1986. Þar er lýst fjárhagserfiðleikum fyrirtækisins og að fyrirtækið geti ekki að svo stöddu greitt reikninginn, að fjárhæð 10.920,00 vestur-þýsk mörk, enda eigi fyrirtækið enn megnið af vörum úr fyrri sendingum. Þá er óskað heimildar til að endursenda síðustu sendingu.

Hinn 4. júlí 1986 svaraði stefndi ofangreindu bréfi og tók fram, að vörusendingin, sem síðast var send, hefði borist aftur til Þýskalands í sömu viku og bréfið er ritað. Býðst stefndi til að senda þessar vörur á ný í byrjun desembermánaðar 1986 og vörurnar samkvæmt reikningi nr. 6842 frá 30. desember 1984 í þrennu lagi, í febrúar, apríl og júní 1987. Er þess óskað, að kaupandi samþykki þessa tilhögun skriflega.

Með bréfi stefnda 15. september 1986 er kvartað um, að kaupandi hafi ekki sýnt nein viðbrögð við bréfinu frá 4. júlí sama ár.

II.

Við hinn munnlega málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu aðila, að dæma bæri málið eftir íslenskum lögum þrátt fyrir ákvæði í upphaflegum söluskilmálum, en þar segir, að um kaupin gildi þýsk lög.

Vörupöntun kaupanda er frá 30. janúar 1984, en reikningur nr. 6842 er dagsettur 30. desember sama ár. Vörur samkvæmt þessum reikningi voru aldrei afhentar. Gögn málsins leiða ekki í ljós, að stefndi hafi tilkynnt kaupanda, að hann vildi halda kaupunum samkvæmt þessum reikningi upp á kaupanda. Slík yfirlýsing felst ekki heldur í bréfinu frá 4. júlí 1986. Hér var um verslunarkaup að ræða í skilningi 4. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Bar stefnda því samkvæmt 31. gr. nefndra laga að tilkynna kaupanda innan hæfilegs tíma, að hann vildi halda kaupunum upp á hann, enda þótt kaupandi hafi enga fyrirspurn gert um vörusendingu þessa. Er bréf stefnda var ritað 4. júlí 1986, var liðið meira en eitt og hálft ár frá útgáfu reikningsins og meira en tvö ár og fimm mánuðir, frá því að pöntun var gerð. Verður að líta svo á, að þetta aðgerðaleysi stefnda leiði til þess, að kaupanda sé óskylt að taka við og greiða vörur samkvæmt reikningi nr. 6842. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfu stefnda, að fjárhæð 30.750,00 vestur-þýsk mörk.

Telja verður hins vegar, að stefndi hafi haldið kröfu sinni, að fjárhæð 10.920,00 vestur-þýsk mörk, réttilega til laga og ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða þá fjárhæð með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjendur greiði stefnda máls-kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 150.000,00 krónur.

Ofangreindar fjárhæðir greiði áfrýjendur gegn afhendingu frum-innflutningsskjala fyrir umræddri vörusendingu.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Magnús Guðlaugsson og Reynir Guðlaugsson, greiði in solidum persónulega og fyrir hönd Guðlaugs A.

Magnússonar, skartgripaverslunar sf., stefnda, Hans Steffin GmbH. & Co KG, 10.920,00 vestur-þýsk mörk með 9% ársvöxtum frá 5. desember 1985 til 1. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjendur greiði stefnda 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ofangreindar fjárhæðir greiði áfrýjendur gegn afhendingu fruminnflutningsskjala fyrir umræddri vörusendingu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ.m., höfðaði Guðmundur Jónsson hdl., nnr. 3084-1115, f.h. vestur-þýska firmans Hans Steffin GmbH & Co KG, Schwebelstrasse 10, Pforzheim, Vestur-Þýskalandi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 10. júní 1987, gegn Guðlaugi A. Magnússyni, skartgripaverslun sf., nnr. 2957-2240, Laugavegi 22 A, og þeim Magnúsi Guðlaugssyni, nnr. 6257-3058, Hjallalandi 13, Reykjavík, og Reyni Guðlaugssyni, nnr. 7288-9614, Kvistalandi 12, Reykjavík, persónulega og f.h. sameignarfélagsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda DEM 62.320,00 með 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 1. maí 1987, en með 10,7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, allt að frá dreginni innborgun 8. maí 1985, að fjárhæð DEM 10.570,00, og 29. nóvember 1985, að fjárhæð DEM 10.080,00, gegn afhendingu fruminnflutningsskjala fyrir hinni umstefndu vöru.

Dómkröfur stefndu eru krafa um sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefndu málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er þess krafist, að stefndu verði einungis dæmdir til þess að greiða DEM 10.920,00 með vöxtum, eins og krafist er, og málskostnaður falli þá niður.

Leitað hefur verið um sættir í máli þessu án árangurs.

II.

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu skuldar vegna vörukaupa stefndu frá stefnanda. Vöruna hafi stefndu pantað með vörupöntun, dags. 30. janúar 1984. Samkvæmt pöntuninni hafi vöruna átt að afhenda að hálfu

í október 1984 og að hálfu fyrir desemberlok sama ár og greiða við afhendingu, en andvirði hafi verið DEM 62.320,00. Áður en til afhendingar kom, hafi verið óskað eftir afhendingu í smærri hlutum. Hlutagreiðslur hafi verið inntar af hendi 8. maí 1985 og 29. nóvember 1985, sbr. dómkröfur málsins.

Frekari vörusendingum hafi síðan ekki verið veitt viðtaka og þær ekki greiddar, og hafi stefndu borið fyrir sig fjárskort. Þess hafi verið farið á leit að endursenda vöruna. Á það hafi stefnandi ekki fallist, og haldi hann með málshöfðun þessari kaupunum upp á stefndu til aðfararhæfs dóms fyrir eftirstöðvum vörukaupanna auk vaxta og kostnaðar.

Um rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til laga nr. 39/1921, um lausafjárkaup, og meginreglu samninga- og kröfuréttar.

III.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að með bréfi stefndu dags. 21. apríl 1986, dskj. 12, hafi verið fullnægt skilyrðum 31. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, og sé stefndu rétt, eins og hér standi á, að synja um viðtöku frekari hluta, eins og þeir hafi gert.

Móttaka stefnanda á hluta sendingarinnar um mánaðamótin júní/júlí 1986 styrki einnig þann skilning, að stefnandi héldi ekki kaupunum upp á stefndu. Þótt stefnandi hafi lýst yfir, að hið nýja tilboð, sem fólst í bréfi stefnanda, dags. 4. júlí 1986, sé „sérstaklega hagstætt" stefndu, hafi stefnandi alls ekki getað litið á það sem sjálfsagðan hlut, að stefndu féllust á tilboðið, enda slíkt andstætt íslenskum lögum. Stefndu hafi í engu svarað hinu nýja tilboði fyrr en með bréfi lögmanns síns frá 18. maí 1987, en þá hafi tilboðið verið löngu fallið niður.

Um frekari rökstuðning fyrir kröfum sínum vísa stefndu til 8. gr. samningalaga, nr. 7/1936, auk almennra reglna samninga-, kaupa- og kröfuréttar.

IV.

Niðurstaða.

Af vörum þeim, sem stefndi Guðlaugur A. Magnússon sf. pantaði hjá stefnanda 30. janúar 1984 fyrir samtals DEM 62.320,00 og upphaflega átti að afhenda í október og desember 1984, voru innleystar tvær sendingar, þ.e. 8. maí 1985 fyrir DEM 10.570,00 og 29. nóvember 1985 fyrir DEM 10.080,00. Um frekari greiðslur hefur ekki verið að ræða.

Bréf stefndu, dags. 21. apríl 1986, dskj. 12, er ekki fyrirspurn skv. 31. gr. laga nr. 39/1922, heldur tilmæli um, að kaupin verði látin ganga til baka vegna fjárhagserfiðleika stefndu, sem gefið er í skyn, að verði lokið í árslok 1986.

Þá er bréf þetta var skrifað, var ljóst af ítrekuðum bréfaskriftum stefn-

anda, að stefnandi ætlaði að halda kaupunum upp á stefndu. Í skjölum málsins kemur fram, að vörusendingar stefnanda til stefndu voru sendar í bögglapósti, og jafnframt, að póstbögglar, sem ekki er vitjað innan ákveðins tíma, eru endursendir, svo að endursending póstbögglanna sýnir ekkert um afstöðu stefnanda.

Með bréfi, dags. 4. júlí 1986, hafnaði stefnandi tilmælum stefndu frá 21. apríl 1986, en gerði stefndu nýtt tilboð, sem stefndu þágu ekki, og eru stefndu því bundnir við fyrri samning málsaðila, enda ekkert fram komið, sem heimili stefndu riftun kaupanna.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður, þar með talinn söluskattur, ákveðst 185.000,00 krónur.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Guðlaugsson og Reynir Guðlaugsson, greiði in solidum persónulega og fyrir hönd sameignarfélagsins Guðlaugs A. Magnússonar, skartgripaverslunar, DEM 41.670,00 með 9% ársvöxtum af DEM 62.320,00 frá 1. janúar 1985 til 8. maí 1985, en af DEM 51.750,00 frá þeim degi til 29. nóvember 1985, en af DEM 41.670,00 frá þeim degi til 1. maí 1987 og með 10,7% ársvöxtum af DEM 41.670,00 frá þeim degi til greiðsludags og 185.000,00 kr. í málskostnað gegn afhendingu fruminnflutningsskjala fyrir hinni umstefndu vöru.

Greiðslur samkvæmt dómi þessum fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1989.

Nr. 416/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni,
Ragnari Kjartanssyni,
Páli Braga Kristjónssyni,
Árna Árnasyni,
Sigurþóri Charles Guðmundssyni,
Þórði Hafsteini Hilmarssyni,
Helga Magnússyni,
Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni,
Lárusi Jónssyni,
Ólafi Helgasyni,
Axel Kristjánssyni,
Inga Randveri Jóhannssyni,
Valdimar Indriðasyni,
Arnbirni Kristinssyni,
Garðari Sigurðssyni,
Kristmanni Karlssyni og
Jóhanni Sigurði Einvarðssyni.

Kærumál. Ákæra. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Kærður er úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. október sl., þar sem hafnað var frávísunarkröfum í máli þessu. Höfðu fimm af þeim sautján mönnum, sem ákærðir eru í málinu, krafist frávísunar. Þeir eru Björgólfur Guðmundsson, Ragnar Kjartansson, Páll Bragi Kristjónsson, Þórður Hafsteinn Hilmarsson og Helgi Magnússon. Með heimild í 124. gr., 3. mgr., laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, og að fengnu leyfi sérstaks ríkissaksóknara, sem fer með málið, kærðu þessir fimm menn úrskurðinn sama dag og hann var kveðinn upp. Skipaðir verjendur þeirra hafa sent Hæstarétti athugasemdir samkvæmt 174. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974. Hið sama hefur sérstakur ríkissaksóknari gert. Að ósk kærenda og eftir

ákvörðun Hæstaréttar samkvæmt heimild í 31. gr., 2. mgr., laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, var málið flutt munnlega. Aðrir ákærðir en þeir fimm menn, sem nefndir voru, hafa ekki látið sig kærumál þetta varða.

Af hálfu kærendanna Björgólfs Guðmundssonar og Páls Braga Kristjónssonar er þess krafist, að ákæru verði vísað frá sakadómi. Af hálfu kærandans Ragnars Kjartanssonar er krafist frávísunar málsins í heild frá sakadómi, en til vara, að því er varðar ákæru á hendur honum. Af hálfu kærandans Þórðar Hafsteins Hilmarssonar er krafist frávísunar frá sakadómi, að því er hann varðar. Af hálfu kærandans Helga Magnússonar er krafist frávísunar málsins frá sakadómi, aðallega í heild, en til vara, að I. og III. kafla ákæru verði vísað frá. Verjendur allra kærenda krefjast málsvarnarlauna.

Sérstakur ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að niðurstöðu til.

Af hálfu kærendanna allra er því haldið fram, að stórfelldir gallar séu á þeirri rannsókn, sem fram hefur farið í málinu. Telja þeir óheimilt eftir 115. gr. laga nr. 74/1974 að reisa ákærur á henni. Jafnframt halda þeir því fram, að úr þessu verði ekki bætt fyrir sakadómi. Þá er því haldið fram af hálfu kærendanna Ragnars, Páls Braga og Helga, að ákærunum beri að vísa frá dómi, þar sem við útgáfu þeirra hafi að verulegu leyti verið stuðst við rannsókn undir stjórn manns, sem að lögum hafi ekki mátt um málið fjalla.

Bú Hafskipa hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985. Hinn 6. maí 1986 rituðu tveir skiptaráðendur í Reykjavík, sem fóru þá með skiptin, ríkissaksóknara bréf, þar sem vísað var til 88. gr., 4. tl., gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, og sagt, að tilteknir menn kunni að hafa gerst sekir um refsiverða háttsemi. Rannsóknarlögregla ríkisins hóf rannsókn málsins þá þegar. Með tveimur ákærum, sem ríkissaksóknari gaf út 9. apríl 1987, voru mál höfðuð gegn ellefu mönnum. Með dómum Hæstaréttar 4. júní og 24. júlí s.á. var ákærunum vísað frá sakadómi vegna skyldleika ríkissaksóknara og manns, sem sæti átti í bankaráði Útvegsbanka Íslands. Sérstakur ríkissaksóknari var skipaður til að fara með málið 6. ágúst 1987. Gekkst hann fyrir því, að rannsókn var tekin upp að nýju. Gaf hann síðan út tvær ákærur í málinu, 11. og 23. nóvember 1988, en mál

samkvæmt þeim voru síðar sameinuð. Fyrir Hæstarétt hafa í þessu kærumáli verið lögð fram sakargögn aðalmálsins, samtals 5148 blaðsíður.

Eins og mál þetta lá fyrir, þegar ákærur voru út gefnar síðla árs 1988, var sérstökum ríkissaksóknara heimilt eftir 115. gr. laga nr. 74/1974 að gefa út ákærurnar í málinu. Er ekki til úrlausnar nú, hvernig haga skuli málsmeðferð fyrir sakadómi í einstökum atriðum.

Af rannsóknargögnum verður ráðið, að sérstakur ríkissaksóknari hefur tekið sjálfstæða afstöðu til þess, hvernig rannsókn skuli haga. Leiðir það því ekki til frávísunar, að lögð eru fram gögn úr rannsókn, sem framkvæmd var undir stjórn annars manns. Skiptir ekki máli um þetta atriði, þó að sá maður hafi ekki mátt gefa út ákærur, eins og fyrr segir.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að staðfesta niðurstöðu sakadóms.

Ákvörðun um málsvarnarlaun bíður væntanlegs héraðsdóms.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. október 1989.

Ár 1989, miðvikudag 25. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Sverri Einarssyni sem dómsformanni og Arngrími Ísberg og Ingibjörgu Benediktsdóttur sem meðdómendum, kveðinn upp úrskurður um frávísunarkröfur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni, Árna Árnasyni, Sigurþóri Charles Guðmundssyni, Þórði Hafsteini Hilmarssyni, Helga Magnússyni, Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni, Axel Kristjánssyni, Inga Randveri Jóhannssyni, Valdimar Indriðasyni, Arnbirni Kristinssyni, Garðari Sigurðssyni, Kristmanni Karlssyni og Jóhanni Sigurði Einvarðssyni, en kröfurnar voru teknar til úrlausnar 17. þ.m. að undangengnum málflutningi.

Með ákæru sérstaks ríkissaksóknara, dagsettri 11. nóvember sl., er höfðað opinbert mál fyrir dóminum á hendur sjö fyrrverandi starfsmönnum og löggiltum endurskoðanda Hafskipa hf. vegna starfa þeirra hjá fyrirtækinu, sem lýst var gjaldþrota 6. desember 1985, þeim Björgólfi Guðmundssyni,

Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni, Árna Árnasyni, Sigurþóri Charles Guðmundssyni, Þórði Hafsteini Hilmarssyni og Helga Magnússyni, þremur fyrrverandi bankastjórum, aðstoðarbankastjóra og endurskoðanda Útvegsbanka Íslands, þeim Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni, Axel Kristjánssyni og Inga Randveri Jóhannssyni, og fjórum fyrrverandi bankaráðsmönnum í Útvegsbanka Íslands, þeim Valdimar Indriðasyni, Arnbirni Kristinssyni, Garðari Sigurðssyni og Kristmanni Karlssyni.

Þá höfðar sérstakur ríkissaksóknari einnig mál fyrir dóminum með ákæru, dagsettri 23. nóvember sl., á hendur Jóhanni Sigurði Einvarðssyni, fyrrverandi bankaráðsmanni í Útvegsbankanum, en vegna setu hans á Alþingi og þar sem leyfi þingdeildar hans fyrir málshöfðun á hendur honum lá ekki fyrir, þegar fyrri ákæran var gefin út, var hann ákærður síðar, þegar fyrir lá samþykki efri deildar Alþingis fyrir málshöfðun á hendur honum, en honum er gefið hið sama að sök og öðrum fyrrverandi bankaráðsmönnum.

Dómurinn hefur að kröfu sækjanda málsins sameinað báðar ákærurnar í því skyni að dæma þær sem eitt mál.

Verður nú gerð í stuttu máli grein fyrir sakargiftum málsins og þá fyrst samkvæmt fyrri ákæru, þar sem sakargiftum er lýst í X köflum.

Samkvæmt I. kafla ákærunnar er ákærðu Björgólfi, Helga, Páli Braga og Ragnari gefin að sök rangfærsla skjala, fjársvik og brot á lögum um hlutafélög og um löggilta endurskoðendur, allt brot tengd reikningsskilum Hafskipa hf. 31. ágúst 1984.

Í II. kafla ákærunnar eru ákærðu Björgólfi, Ragnari og Páli Braga gefin að sök brot á lögum um hlutafélög, tengd áætlunum um rekstrarafkomu Hafskipa hf. á tímabilinu desember 1984 til loka febrúar 1985.

III. kafli ákærunnar fjallar um rangfærslu skjala og brot á lögum um hlutafélög og um löggilta endurskoðendur, allt brot tengd ársreikningi Hafskipa hf. fyrir árið 1984. Koma hér við sögu ákærðu Björgólfur, Helgi og Ragnar aðallega, en einnig ákærðu Sigurþór Charles og Þórður Hafsteinn.

Ákærðu Björgólfi, Ragnari og Páli Braga er samkvæmt IV. kafla ákærunnar gefinn að sök fjárdráttur af sérstökum tékkareikningum og bókhaldsóregla, en ákærða Helga hylming í sambandi við brot hinna þriggja.

Í V. kafla ákærunnar er ákærða Páli Braga gefið að sök skjalafals með notkun falsaðra reikninga í bókhaldi Hafskipa hf.

VI. kafli ákærunnar fjallar um ýmis fjárdráttarbrot ákærða Björgólfs.

VII. kafli fjallar um skilasvik ákærðu Björgólfs, Ragnars og Árna.

Samkvæmt VIII. kafla ákærunnar eru ákærðu Halldóri Ágústi, Lárusi, Ólafi og Axel gefin að sök brot í opinberu starfi í störfum sínum hjá Útvegsbanka Íslands vegna viðskipta bankans við Hafskip hf., en ákærðu,

hinir fyrstnefndu, voru bankastjórar, en hinn síðastnefndi var fyrst forstöðumaður lögfræðingadeildar bankans, en síðar aðstoðarbankastjóri.

Í IX. kafla ákærunnar er fjallað um ætluð brot ákærðu Valdimars, Arnbjörns, Garðars og Kristmanns í opinberu starfi með saknæmri vanrækslu við yfirstjórn Útvegsbankans og við eftirlit með starfsemi hans og þá í sambandi við viðskipti bankans við Hafskip hf., en ákærðu áttu setu í bankaráði bankans.

Loks fjallar X. kafli ákærunnar um brot ákærða Inga Randvers í opinberu starfi sem endurskoðandi Útvegsbankans með því að vanrækja eftirlitsskyldu sína vegna viðskipta bankans við Hafskip hf. og fyrir að koma ekki á framfæri við stjórnendur bankans ábendingum um þær misfellur, sem honum hafi verið kunnar í þessum viðskiptum.

Í ákærunni frá 23. nóvember sl. er fjallað um sams konar sakargiftir og í IX. kafla ákærunnar frá 11. nóvember, að því er varðar ákærða Jóhann Sigurð, sem átti sæti í bankaráði bankans.

Hér að framan hefur verið getið í stórum dráttum um það, sem mál þetta fjallar um, en það er mjög umfangsmikið.

Málið var þingfest 17. apríl sl., en með bréfum dómsins, dagsettum 20. mars sl., voru ákærðu skipaðir verjendur í málinu. Jafnframt var þess óskað af hálfu dómsins, að borin yrðu undir dóminn þegar við þingfestingu málsins í formi rökstuddrar, skriflegrar kröfugerðar þau réttarfarsatriði, sem verjendur teldu getað varnað því, að dómur yrði ekki réttilega lagður á málið að efni til.

Í þinghaldinu voru lagðar fram sex kröfugerðir af hálfu verjenda fyrir ellefu af ákærðu um frávísun málsins o.fl.

Kröfu verjenda um, að málinu yrði vísað frá dóminum, var synjað með úrskurði dómsins, upp kveðnum 24. apríl sl., og hann staðfestur í Hæstarétti að niðurstöðu til 30. maí sl.

Í þinghaldi 25. september sl. var synjað kröfu um framlagningu á upplýsingaskýrslu ákærða Ragnars ásamt fylgiskjölum. Sú ákvörðun var staðfest í Hæstarétti 10. þ.m.

Í þinghaldi 13. þ.m. lögðu verjendur ákærðu Björgólfs, Ragnars, Páls Braga, Þórðar Hafsteins og Helga fram kröfur um frávísun málsins í heild eða að hluta, og fór fram málflutningur um kröfurnar í þinghaldi 17. þ.m., eins og áður greinir. Sérstakur ríkissaksóknari mótmælir kröfunum, þar sem frumrannsókn hafi nægt til útgáfu ákæru og vanhæfi fyrrverandi rannsóknarlögreglustjóra varði ekki ónýti fyrri rannsóknar, en þessar málsástæður eru í kröfunum.

Verjandi ákærða Björgólfs gerir í greinargerð sinni kröfu til þess, að ákærunni frá 11. nóvember 1988 verði vísað frá dómi og honum dæmd þóknun fyrir flutning málsins að mati dómsins. Rökstyður verjandi kröfu

sína með því, að málið hafi ekki sætt nægri rannsókn fyrir útgáfu ákæru, og vísar í því efni m.a. í greinargerð verjanda ákærða Ragnars, sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Verjandi ákærða Ragnars gerir í greinargerð sinni kröfu til þess, að málinu verði vísað frá dóminum, aðallega í heild, en til vara, að því er varðar ákæru á hendur ákærða Ragnari. Þá krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna í þessum þætti málsins. Verjandi rekur síðan ástæður fyrir kröfu sinni og segir, að rannsókn málsins sé stórlega ábótavant.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, heyri það undir rannsóknarlögreglu að annast frumrannsókn opinberra mála. Markmið þeirrar rannsóknar sé að afla allra nauðsynlegra gagna, til að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað. Gagnaöflun sé verulega ábótavant og ófullkomin að ýmsu leyti. Samkvæmt því sé því haldið fram, að frumrannsókn sú, sem fram hefur farið í málinu, sé ekki viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar skv. 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, og beri því að vísa málinu frá dómi. Þá sé meginhluti frumrannsóknar framkvæmdur undir stjórn vanhæfs rannsóknarlögreglustjóra. Sé rannsóknin ónýt af þeirri ástæðu og verði ekki á henni byggt. Frumrannsókn sé afar ófullkomin og fráleitt fullnægjandi til ákvörðunar um útgáfu ákæru.

Rekur verjandi í löngu máli rökstuðning sinn. Hann segir, að ekki hafi verið sinnt rannsóknarfyrirmælum í veigamiklum atriðum og ekki hafi verið orðið við kröfu ákærða Ragnars um rannsókn á mikilvægum þáttum málsins. Nauðsynlegra gagna hafi ekki verið aflað. Ákærða Ragnari hafi ekki verið gerður kostur á að tjá sig um mikilvæg ákæruatriði og ekki verið um þau spurður. Ákærða Ragnari hafi aldrei verið sýnd eða undir hann borin mikilvæg gögn, sem ákæran sé reist á, og mikilvæg vitni hafi ekki verið kölluð fyrir til skýrslugjafar.

Telur verjandi, að fjarri því fari, að frumrannsókn sé lokið. Bendir verjandi á hundrað atriði, sem nauðsynlegt hefði verið að kanna við frumrannsókn málsins, og mætti auðveldlega nefna fleiri. Telur verjandi það, að þessi atriði skuli ekki hafa verið rannsökuð fyrir útgáfu ákæru, svo alvarlegan galla á málatilbúnaði, að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá dómi til frekari rannsóknar.

Verjandi bendir á, að ákærði Ragnar hafi í upphafi komið fljótlega á framfæri óskum um, að ákveðin mikilvæg atriði yrðu rannsökuð, en bæði fyrri saksóknari og sérstakur ríkissaksóknari hafi þverskallast við og haft beiðnir ákærða Ragnars að engu.

Verjandi bendir enn á, að bókhald Hafskipa hf. hafi ekki verið endurskoðað til samanburðar 1981-1983 og þá hafi sérstakir, til kvaddir endur-

skoðendur sérstaks ríkissaksóknara ekki endurskoðað bókhald Hafskipa hf. fyrir það tímabil, sem þeir gefa umsögn um.

Verjandi ákærða Páls Braga gerir kröfu til þess, að ákærunni í málinu, að því er varðar skjólstæðing sinn, verði vísað frá dóminum. Þá krefst hann málsvarnarlauna úr ríkissjóði að mati dómsins. Vísar verjandi í greinargerð sinni til þess, að gallar séu á frumrannsókn málsins, henni eigi að vera lokið fyrir útgáfu ákæru, og rannsóknargögn séu enn í molum. Vísar verjandi í því efni í greinargerð verjanda ákærða Ragnars.

Verjandi segir kröfu sína um frávísun málsins reista á þeirri grundvallarreglu í opinberu réttarfari, að frumrannsókn þurfi að fullnægja tilteknum lágmarksskilyrðum, og megi rannsóknin ekki grundvallast á svo veikum grunni, að hún geti ekki talist „viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar". Segir verjandi, að framhaldsmeðferð málsins eigi að vera framhald, en ekki frumrannsókn. Til þess sé ætlast í lögum um meðferð opinberra mála, að frumrannsókn mála sé lokið fyrir útgáfu ákæru. Í umfangsminni málum megi vafalítið oft bæta úr gallaðri frumrannsókn við meðferð máls fyrir dómi, en þetta mál sé svo umfangsmikið, svo mikið í húfi fyrir svo marga, að úr hinni hripleku frumrannsókn verði ekki bætt nema með nýrri frumrannsókn, svo að unnt verði að tryggja viðunandi réttaröryggi öllum þeim fjölmörgu, sem hlut eigi að málinu, bæði beint og óbeint, sbr. grundvallarreglu 115. gr. og 32. gr. laga um meðferð opinberra mála. Rannsóknargögn séu enn í molum, og leggja verði algerlega nýjan grundvöll að málinu með nýrri opinberri rannsókn, sem reist verði að óverulegu leyti á þeirri rannsókn, sem fyrir liggi. Fullyrðir verjandi, að öll veigamestu atriði ákæru málsins hvíli á þeim grunni, sem áður var lýst, og hann sé ekki viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru eða dómsmeðferðar í málinu samkvæmt ákvæðum áðurgreindrar lagareglu.

Verjandi ákærða Þórðar Hafsteins gerir þá kröfu, að málinu verði vísað frá dóminum, að því er varðar ákæru á hendur skjólstæðingi sínum. Þá gerir hann kröfu um þóknun sér til handa. Segir verjandi, að frumrannsókn sú, sem liggi til grundvallar ákærunni í málinu, sé ekki viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar, sbr. 1. mgr. 115. gr. og 75. gr. laga um meðferð opinberra mála. Telur verjandi, að ekki hafi fengist rannsakaðar þrátt fyrir margítrekaðar ábendingar, sérstaklega ákærða Ragnars, forsendur fyrir tilurð þeirra skjala, sem ákærði Þórður Hafsteinn er ákærður fyrir að hafa rangfært, en þær séu reistar á því, að tekjur og eignir séu rétt færðar og ársreikningar félagsins sýni í raun réttari mynd, þegar fjárhæðirnar eru teknar í ársreikninga, en ella. Sé ekki unnt að leggja dóm á „framferði" ákærða Þórðar Hafsteins og raunar ekki heldur að ákæra á grundvelli þeirrar ófullkomnu rannsóknar, sem fram hafi farið.

Verjandi ákærða Helga krefst þess aðallega, að málinu verði vísað í heild

frá dóminum, en til vara krefst verjandi þess, að I. og III. kafla ákærunnar verði vísað frá dóminum. Þá gerir verjandi kröfu um málsvarnarlaun sér til handa í þessum þætti málsins. Rökstyður verjandi kröfur sínar með því, að frumrannsókn málsins hjá rannsóknarlögreglu sé ekki viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar, sbr. 1. mgr. 115. gr. og 75. gr. laga um meðferð opinberra mála, og að ákæran sé að langmestu leyti grundvölluð á rannsókn, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hafi framkvæmt undir stjórn fyrrverandi rannsóknarlögreglustjóra, sem hafi verið vanhæfur til að fara með frumrannsókn málsins vegna skyldleika við einn hinna ákærðu. Sé það rökstutt með því, að sú rannsókn, sem fór fram undir hans stjórn, sé að engu hafandi í málinu. Hljóti ákæru, sem reist sé að langmestu leyti á henni, að verða vísað frá dómi. Segir verjandi sömu ástæður fyrir kröfunni um frávísun og séu í greinargerð verjanda ákærða Ragnars, og vísi hann í rök og ástæður þær, sem þar koma fram.

Niðurstöður.

Ljóst er, að þær kröfur, sem gerðar eru um rannsókn og gagnaöflun fyrir útgáfu ákæru, eru mun minni en til sönnunar um sekt eða sýknu, enda í lögum um meðferð opinberra mála talað um frumrannsókn. Er ljóst, að gert er ráð fyrir ýtarlegri og vandaðri meðferð mála, áður en til þess kemur, að dómur verði kveðinn upp um sekt eða sýknu, sbr. 75. gr. laga nr. 74/1974.

Þegar meta skal, hvort fyrir liggi nægjanlega mikið til þess, að fært sé að taka ákvörðun um saksókn, er það mat ákæruvaldsins, sem þar kemur til. Oftast liggur ljóst fyrir, hvort mál sé á því stigi, að taka megi ákvörðun, en í vissum tilvikum er þetta matsatriði.

Gögn þau og skýrslur, sem frammi liggja í málinu, eru mikil að vöxtum, en umfangsmikil rannsókn hefur farið fram. Um það má hins vegar deila, hver gæði þeirrar rannsóknar séu og hvort næg rannsókn hafi verið gerð, þegar ákærur málsins voru gefnar út, en verjendur ákærðu, sem að frávísunarkröfunum standa að þessu sinni, halda því fram, að ekki hafi verið unnt að ákæra á grundvelli rannsóknarinnar vegna margvíslegra galla á henni.

Það er mat dómsins, að rannsókn málsins sé í mörgu ábótavant. Hefði mátt mun betur að henni standa og yfirheyra ákærðu og vitni ýtarlegar og markvissar. Þá hefði átt að afla frekari gagna. Þrátt fyrir þetta telur dómurinn, að næg rannsókn hafi farið fram, svo að ákæruvaldið gæti myndað sér skoðun um hugsanleg lögbrot og tekið ákvörðun um málshöfðun, en bæta má úr flestu því, sem ábótavant er talið við frumrannsóknina, við meðferð málsins fyrir dóminum, m.a. með því að fela Rannsóknarlögreglu ríkisins slíkt, sbr. 134. gr. og 4. mgr. 74. gr. laga nr. 74/1974.

Að því er varðar vanhæfi fyrrverandi rannsóknarlögreglustjóra, verður að telja, að endurmat sérstaks ríkissaksóknara á gögnum fyrri rannsóknar leiði til þess, að hún teljist eftir þá endurskoðun hluti hinnar nýju, sem fram fór vegna vanhæfis ríkissaksóknara til saksóknar í málinu, er hann höfðaði mál á hendur ákærðu Björgólfi, Ragnari, Páli Braga og Helga vegna starfa þeirra hjá Hafskipum hf. með ákæru, út gefinni 9. apríl 1987. Var vanhæfi ríkissaksóknara viðurkennt með dómi sakadóms 16. júlí 1987, sem staðfestur var í Hæstarétti 24. júlí 1987.

Með hliðsjón af því, sem nú var rakið, er synjað kröfum um, að máli þessu verði vísað frá dóminum í heild eða að hluta.

Þar sem dómurinn synjar fram komnum kröfum og gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri málsins, verður ekki dæmdur málskostnaður í þessum þætti þess.

Úrskurðarorð:

Kröfum um, að máli þessu verði vísað frá dóminum í heild eða að hluta, er synjað.

Ekki verður dæmt um málskostnað í þessum þætti málsins.

Föstudaginn 17. nóvember 1989.

Nr. 313/1987. **Egill Ólafsson**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Orkutækni hf.
(Þórólfur Kr. Beck hrl.).

Lausafjárkaup. Galli. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1987. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda gegn afhendingu á heyhleðsluvagni þeim, sem málið snýst um. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi keypti heyhleðsluvagn af stefnda í júlí 1986. Hann kvartaði án tafar um, að tilteknar hlífar vantaði. Féllst stefndi á að setja þær á, ef Vinnueftirlit ríkisins krefðist, að það yrði gert. Með símskeyti í ágúst 1986 tilkynnti áfrýjandi stefnda, að hann rifti kaupunum, vegna þess að vagninn væri vanbúinn hlífum. Stefndi mótmælti riftun, og hefur vagninn verið í vörslum á vegum áfrýjanda til þessa. Athugasemdir í bréfi Vinnueftirlits ríkisins frá 19. september 1986 eru raktar í héraðsdómi.

Af dómskýrslum er ljóst, að báðir aðilar töldu, að auðvelt og kostnaðarlítið væri að setja á vagninn þær hlífar, sem áfrýjandi taldi vanta. Þá er einnig ljóst, að kostnaður við að gera breytingar á vagninum, svo að hann fullnægði kröfum Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt framangreindu bréfi frá 19. september 1986, er lítill miðað við verð vagnsins. Verður ekki talið, að vagninn hafi verið haldinn galla, er heimilað hafi riftun samkvæmt 43. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup.

Eigi verður fallist á það með áfrýjanda, að skilyrði hafi verið til þess að víkja kaupsamningi aðila til hliðar á grundvelli 36. gr. laga

nr. 7/1936, um samningagerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 11/1986.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en vexti og málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda vexti, svo sem í dómsorði greinir.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað samtals 100.000,00 krónur í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en vexti og málskostnað.

Áfrýjandi, Egill Ólafsson, greiði stefnda, Orkutækni hf., 27% ársvexti af til dæmdri fjárhæð frá 8. ágúst 1986 til 14. apríl 1987 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá greiði áfrýjandi stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. október 1987, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. febrúar 1987, af Orkutækni hf., nafnnr. 6901-3074, Hyrjarhöfða 3, Reykjavík, gegn Agli Ólafssyni, nafnnr. 1731-6931, Hnjóti, Rauðasandshreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 376.000,00 kr. með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 8. ágúst 1986 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá er þess krafist, að til dæmdir vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar án árangurs.

II.

Stefnandi kveður málavexti þá, að um miðjan júlí 1986 hafi stefndi pantað símleiðis heyhleðsluvagn af gerðinni Maragon Faster 40 með drifskafti, árgerð 1986. Hinn 18. júlí s.á. hafi vagninn verið sendur með Ríkis-

skipum. Umsamið kaupverð vagnsins hafi verið 376.000,00 kr., og hafi stefnda verið sendur reikningur 8. ágúst 1986, nr. 1024, um greiðslu þeirrar fjárhæðar. Með símskeyti, dags. 15. ágúst 1986, hafi stefndi hins vegar tilkynnt stefnanda, að vagninn hefði verið endursendur, og væri ástæðan sú, að á hann vantaði hlíf. Af hálfu stefnanda hafi verið sent símskeyti, þar sem neitað hefði verið að taka við vagninum, en jafnframt boðið að setja hlífar á vagninn, krefðist Vinnueftirlit ríkisins þess.

Sams konar vagn og hér um ræði hafi farið í skoðun til Vinnueftirlits ríkisins. Í skoðunarvottorði þess, dags. 19. september 1986, séu gerðar smávægilegar athugasemdir við búnað vagnsins, þ.e. vöntun á glitaugum, stöðuhemli eða öðrum kyrrstöðubúnaði, og áletrun á vagninn um nafn innflytjanda. Engin athugasemd hafi verið gerð vegna skorts á öryggishlífum.

Með bréfi þáverandi lögmanns stefnanda, Árna Einarssonar hdl., dags. 28. ágúst 1986, sé stefndi krafinn um greiðslu reikningsfjárhæðarinnar. Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 9. september, sé kröfunni mótmælt á fyrrgreindum forsendum og haldið fast við riftun. Skuld stefnda hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli.

Stefnandi telji, að engar þær vanefndir séu af hans hálfu í viðskiptum þessum, er réttlætt geti einhliða og fyrirvaralausa riftun.

Varðandi lagarök vísar stefnandi til almennra reglna kröfu- og samningsréttarins og laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, einkum 28. gr. Um varnarþing vísar stefnandi til 82. gr. l. nr. 85/1936.

Af hálfu stefnda er málavöxtum svo lýst, að hann hafi átt heyhleðsluvagn af gerðinni Kemper Ideal, en hafi haft hug á að fá sér vagn með meiri flutningsgetu. Sumarið 1986 hafi hann heyrt í útvarpi auglýsingu frá stefnanda, þar sem auglýstir voru heyhleðsluvagnar af Maragon-gerð, og hafi stefndi ráðið af auglýsingunni, að þarna væri í boði vagn, sem hentaði sér. Hafi hann hringt til stefnanda, og eftir að bæði hann og sonur sinn, Kristinn, hefðu fengið nokkrar upplýsingar um vagninn, svo sem um stærð og burðargetu, hafi hann pantað vagn þann, sem um ræðir í málinu. Vagninn hafi komið til Patreksfjarðar 19. júlí 1986, og hafi Kristinn, sonur stefnda, sótt vagninn næsta dag. Kristinn hafi strax veitt því athygli, að öxull framan á vagninum, sem knýi sópvinduna, var óvarinn, þ.e. án hlífar, og enn fremur, að opið var inn á sópvinduna og gafflana á vinstri hlið vagnsins. Þetta hafi Kristinn talið óforsvaranlegan og hættulegan útbúnað á landbúnaðartæki við íslenskar aðstæður, en á Hnjóti sem víðar séu ávallt börn og unglingar í sumardvöl, sem vinni með fullorðnum að heyskapnum. Þeir feðgar hafi gætt þess vel að hafa búvélar sem best búnar öryggistækjum. Kristinn hafi ákveðið að taka vagninn ekki í notkun að svo komnu máli, og hafi stefndi verið sömu skoðunar. Eftir helgina hafi Kristinn haft samband við Vinnueftirlit ríkisins, lýst vanbúnaði þeim á vagninum, sem

að framan greinir, og óskað álits stofnunarinnar á honum. Maður frá Vinnueftirlitinu muni síðan í framhaldi af því hafa skoðað sams konar vagn hjá stefnanda. Í samtali, sem Kristinn hafi átt við starfsmann stofnunarinnar eftir það, hafi komið fram, að upplýst hefði verið, að slíkur vagn væri í búvélaprófun hjá bútæknideild Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins, og að henni lokinni myndi Vinnueftirlitið gera sínar athugasemdir við vagninn. Fyrr væri stofnunin ekki reiðubúin að gefa umsögn sína. Um það bil 24. júlí hafi Kristinn talað við starfsmann stefnanda og tjáð honum, að hann gæti ekki sætt sig við vagninn svo vanbúinn hlífum og að þeir feðgar myndu ekki taka hann í notkun að svo vöxnu máli. Þeir feðgar báðir hafi síðan átt símtöl við starfsmenn stefnanda um málið eftir þetta, en svör starfsmanna hefðu verið á þá leið, að þeir myndu ekki búa vagninn frekari hlífum, nema Vinnueftirlitið krefðist þess, en það aftur á móti hafi ekki talið sig geta tekið afstöðu til málsins, fyrr en prófun á vagninum hjá bútæknideildinni væri lokið. Er Kristni hafi tekið að leiðast þóf þetta, hafi hann hringt til stefnanda og sagst myndu senda vagninn til Reykjavíkur, þar sem ekkert hefði verið gert til úrbóta, en sá, sem hann hafi talað við, hafi sagt, að hann myndi ekki veita vagninum viðtöku. Stefndi hafi sent vagninn eigi að síður, og hafi aðilar skipst á skeytum í því sambandi.

Málsástæður stefnda eru þær, að umræddur vagn sé vanbúinn hlífum og af þeim sökum hættulegur börnum og unglingum, sem aðstoði við hirðingu, þegar hann sé í notkun. Við skoðun Vinnueftirlits ríkisins hafi enn fremur komið í ljós, að enginn stöðuhemill sé á vagninum né annar búnaður til að tryggja stöðu hans í halla, sé hann ekki tengdur dráttarvélinni. Þar við bætist, að glitaugu séu ekki á vagninum, þótt skylt sé að hafa á honum slíkan búnað skv. 37. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja, sé hann notaður á alfaraleiðum, en þar séu allir slíkir vagnar notaðir meira eða minna. Með vísan til þessa og þar sem stefndi sá ekki vagninn, fyrr en hann var kominn vestur, og kvartaði þá án ástæðulauss dráttar, sé það andstætt góðri viðskiptavenju, að stefnandi skuli vilja halda kaupunum til streitu, eftir að honum hafi verið kynnt umrædd atriði og fram sé komið, að stefndi sætti sig ekki við ástand vagnsins. Af þeim sökum telji stefndi, að víkja beri munnlegum samningi þeirra um kaupin til hliðar, sbr. 36. gr. l. nr. 7/1936 með hliðsjón af 42. gr. l. nr. 39/1922.

III.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að stefndi pantaði hjá stefnanda heyhleðsluvagn af gerðinni Maragon Faster 40. Enginn ágreiningur er um verð eða afhendingu vagnsins til stefnanda.

Fram hefur komið við yfirheyrslur, að stefndi leitaði upplýsinga hjá

stefnanda um vagninn, og eftir ábendingu stefnanda hafði sonur stefnda samband við bónda nokkurn, er keypt hafði slíkan vagn hjá stefnanda, og aflaði sér frekari upplýsinga hjá honum um vagninn.

Með símskeyti, dags. 15. ágúst 1986, tilkynnti stefndi stefnanda, að hann endursendi honum vagninn með Ríkisskipum, þar sem vagninn væri vanbúinn hlífum.

Umræddur vagn fór í búvélaprófun hjá bútæknideild Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins á Hvanneyri. Ekki er að finna í niðurstöðum þeirrar prófunar neinar athugasemdir um, að öryggishlífar skorti á vagn þennan eða að búnaði vagnsins að þessu leyti sé ábótavant.

Skv. l. nr. 46/1980 skoðuðu starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins heyhleðsluvagn sömu tegundar og stefndi pantaði hjá stefnanda og samþykktu hann með þremur eftirfarandi athugasemdum:

1. Enginn stöðuhemill er á vagninum né annar búnaður til að tryggja kyrrstöðu hans í halla, sé hann ekki tengdur dráttarvélinni. Hverjum vagni skulu a.m.k. fylgja sérstakir klossar, ætlaðir til að skorða við hjól hans, ef skilja þarf við vagninn í halla.
2. Glitaugu eru ekki á vagninum. Sé vagn þessi notaður á alfaraleiðum, skal hann búinn glitaugum, sbr. ákv. 37. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja.
3. Greinileg áletrun skal vera á vagninum með nafni innflytjanda, sbr. ákv. 30. gr. í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Engar athugasemdir voru gerðar um skort á öryggishlífum.

Stefndi pantaði hjá stefnanda heyhleðsluvagn ákveðinnar tegundar, eftir að hann hafði aflað sér upplýsinga um hann, og fyrir liggur, að gagnvart stefnanda gerði stefndi engar kröfur um sérstakan öryggisbúnað umfram það, sem vagninn hafði frá framleiðanda. Ekki verður á það fallist, að stefnandi beri ábyrgð á því, að stefndi lætur hjá líða að kynna sér öryggisbúnað vagnsins, enda hefur stefndi ekki sýnt fram á, að skortur á hlífum né önnur þau atriði, sem tilgreind hafa verið af hans hálfu, teljist galli í skilningi 42. gr. l. nr. 39/1922. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á, að um þau atvik sé að ræða varðandi samning aðila, að víkja beri honum til hliðar skv. 36. gr. l. nr. 7/1936. Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina að öðru leyti en því, að frá 6. maí 1987 dæmast 27% ársvextir af stefnufjárhæð til greiðsludags.

Eftir úrslitum máls þessa ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 86.000,00 kr., þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Egill Ólafsson, greiði stefnanda, Orkutækni hf., 376.000,00 kr. með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 8. ágúst 1986 til 6. maí 1987, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, og 86.000,00 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. nóvember 1989.

Nr. 228/1988. **Timbur og stál hf.**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Þrotabúi Hafskipa hf.
(Gestur Jónsson hrl.).

Skuldamál. Farmgjald. Farmskírteini.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Haraldur Henrysson hæstaréttardómari, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1988. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Til vara gerir hann þá kröfu, að skuldajafnaðarkrafa sín, að fjárhæð 17.529,00 krónur, verði tekin til greina. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi reisir kröfu sína á reikningi, sem dagsettur er 22. janúar 1986, en umræddur flutningur er sagður hafa farið fram í september 1983. Styðst reikningurinn við farmskrá ms. Selár, dagsetta 9. september 1983, sem undirrituð var af umboðsmanni Hafskipa hf. í Fredrikstad í Noregi. Svo sem lýst er í héraðsdómi, átti áfrýjandi samkvæmt skránni tvær sendingar í skipinu umrætt sinn, þ.e. nr. 15 og 41, og er krafan í málinu vegna hinnar fyrrnefndu. Stimpluð er dagsetningin 14. september 1983 við báðar sendingarnar á skránni, og heldur stefndi því fram, að þá hafi þær báðar verið afgreiddar til áfrýjanda. Farmskírteini og ökuseðlar liggja fyrir vegna afgreiðslu sendingar nr. 41, en ekki vegna afgreiðslu sendingar nr. 15.

Áfrýjandi heldur því fram, að einhver ruglingur hafi orðið hjá stefnda, og vefengir, að hann hafi tekið við sendingunni.

Forsenda fyrir afgreiðslu umræddrar vöru til áfrýjanda var handhöfn hans á viðeigandi farmskírteini og afhending þess til Hafskipa hf. við móttöku vörunnar. Af hálfu stefnda er skírteinið sagt glatað.

Hann hefur hvorki lagt fram móttökukvittanir né nokkur önnur gögn um afgreiðslu vörunnar til áfrýjanda. Enginn starfsmaður Hafskipa hf. hefur heldur komið fyrir dóm til að skýra það, hvernig afgreiðslu umræddrar vörusendingar kynni að hafa verið háttað.

Ekki verður á það fallist, að stefndi geti byggt rétt sinn í máli þessu eingöngu á fyrrgreindum reikningi og farmskrá ms. Selár. Verður því með hliðsjón af því, sem áður var rakið, að telja, að stefnda hafi ekki tekist gegn mótmælum áfrýjanda að sanna réttmæti kröfu sinnar. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000,00 krónur, að með töldum söluskatti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Timbur og stál hf., á að vera sýkn af kröfum stefnda, þrotabús Hafskipa hf.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. maí sl., er höfðað með stefnu, birtri 25. nóvember 1987.

Stefnandi er þrotabú Hafskipa hf., Reykjavík, nnr. 1380-3005.

Stefndi er Timbur og stál hf., Smiðjuvegi 11, Kópavogi, nnr. 8885-5191.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 168.300,00 krónur ásamt 5% dráttarvöxtum á mánuði af 65.082,00 krónum frá 1. október 1983 til 21. október 1983, með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. desember 1983, með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1984, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. febrúar 1985 og dráttarvexti skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 af 168.300,00 krónum frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags.

Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrsta sinn 1. febrúar 1988, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Þá er gerð krafa um málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að við bættu 12% söluskattsálagi, og er farið fram á, að það verði sérstaklega tilgreint í dómsorði.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Þá krefst stefndi þess, að skuldajafnað verði kröfu sinni, 17.529,00 krónum, á hendur stefnanda, fari svo, að kröfur stefnanda verði teknar til greina, og sér dæmdir dráttarvextir af henni.

Málavextir.

Stefnandi kveður skuld þá, er krafið er um, vera skv. reikningi Hafskipa hf. til stefnda vegna farmflutninga.

Reikningurinn er nr. 122735, dagsettur 22. janúar 1986, vegna ferðar ms. Selár frá Fredrikstad til Reykjavíkur með skipkomu 13. september 1983.

Reikningsfjárhæð er 373.356,00 krónur og sundurliðast þannig:

flutningsgjald	kr.	79.013,00
eftirkrafa	kr.	1.300,00
uppskipun	kr.	6.550,00
vörugjald	kr.	1.174,00
vextir	kr.	58.987,00
pakkhúsleiga	kr.	226.332,00

Stefnandi kveður pakkhúsleigu hafa verið fellda niður með kredítnótu, dagsettri 30. janúar 1986, enda hefði komið í ljós, að varan hefði verið afhent 14. september 1983.

Vextir eru gefnir eftir.

Þá leiðréttir stefnandi fjárhæð flutningsgjalds og eftirkröfu frá reikningnum, en flutningsgjald kveður hann eiga að vera 56.272,00 krónur og eftirkröfu 1.086,00 krónur.

Stefnandi kveður ástæðu þess, að aðrar fjárhæðir eru í reikningnum, þá, að um sé að ræða kröfur, sem upphaflega voru í erlendum gjaldeyri, og gengistrygging sé látin halda sér á kröfunum, en samt sem áður reiknaðir af þeim dráttarvextir, svo sem tíðkast muni hjá íslenskum skipafélögum.

Stefnandi kveður réttar fjárhæðir vegna þessara kröfuþátta vera að finna á farmskírteini, sem hann kveður vera vegna sams konar flutninga í sömu ferð og vegna sömu aðila, og gildi því um það sami taxti og um flutning þann, er hér er krafið um greiðslu á; þó athugist, að þyngd vörunnar skv. hleðsluskrá sé 24.760 kg, og sé því farmgjald 56.272,00 krónur, en ekki 56.840,00 krónur, eins og sagt er í stefnu.

Grunntölu þess, sem um er krafið, segir stefnandi vera 65.082,00 krónur.

Dráttarvaxta er krafist frá 1. degi næsta mánaðar eftir ferðalok, 1. október 1983.

Stefnandi kveður 86 vírrúllur hafa verið sendar stefnda í þeirri ferð ms. Selár, sem krafa þessi er sprottin frá, en sendandi hafi verið Elkem AS í Noregi. Þessum vírrúllum hafi verið skipað um borð í tvennu lagi, og gefin hafi verið út tvö farmskírteini vegna þeirra, nr. 41, sem hefur verið greitt, og nr. 15, en vegna þess er reikningur sá, sem hér er krafið um greiðslu á og hefur aldrei fengist greiddur. Farmskírteinið sjálft virðist glatað, en upplýsingar um þetta er að finna á farmskrá (Cargo Manifest), sem gefin var út, er skipið var hlaðið í Fredrikstad.

Stefnandi hefur höfuðstólsfært dráttarvexti eftir 1. febrúar 1985 og kveður skuldina hafa verið 168.300,00 kr. 1. febrúar 1988, en dráttarvextir, að fjárhæð 46.564,00 kr., hafi verið færðir til höfuðstóls 1. febrúar 1988.

Framkvæmdastjóri stefnda sagði í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að allmikið hefði verið og væri flutt inn af vírrúllum á vegum stefnda, og væri keypt inn eftir hendinni. Hann kvað erfitt að svara því, hvort umrædd sending hefði borist sér eða ekki, en engin gögn væru til, sem upplýstu þetta í bókhaldi stefnda. Hann tók fram, að ólíklegt væri, að hann hefði fengið farmgjöld lánuð hjá Hafskipum hf., enda hefði hann bakað sér óvild forsvarsmanna þess félags með málsókn á hendur félaginu vegna útreiknings á farmgjöldum.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að með því að fram hafi verið lagður reikningur fyrir flutning á ofangreindum vírrúllum til stefnda og að á farmskrá komi ljóslega fram, að stefndi fékk tvær sendingar af vírrúllum með sömu ferð og að stefndi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi greitt fyrir flutning þennan, beri að taka kröfu stefnanda til greina.

Stefnandi vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um lagarök.

Þá mótmælir hann skuldajafnaðarkröfu stefnda sérstaklega, þar eð henni hafi ekki verið lýst í þrotabú Hafskipa hf., en með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur var félagið lýst gjaldþrota 6. desember 1985. Sé kröfulýsingarfrestur löngu liðinn og krafa þessi of seint fram komin. Að auki mótmælir hann kröfu þessari sem rangri.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að krafa þessi hljóti að stafa af misskilningi eða mistökum starfsmanna stefnanda. Stefndi hafi ekki verið í reikningsviðskiptum hjá Hafskipum hf. og því fráleitt að koma með reikning á sig nú. Það veiki mjög málstað stefnanda, að farmbréf virðist týnt, og séu því ekki tiltæk nein gögn, sem áfellisdómur verði reistur á. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Þá sé fram komið í málinu reikningsyfirlit frá Hafskipum hf., dagsett

31. mars 1984, þar sem fram komi, að stefndi eigi 17.529,00 krónur hjá stefnanda, en stefndi lagði reikningsyfirlit þetta fram. Gerir hann þá kröfu, að ef kröfur stefnanda verði teknar til greina, beri að skuldajafna nefndri fjárhæð á móti kröfum stefnanda.

Forsendur og niðurstaða.

Af hálfu stefnanda hefur verið lögð fram farmskrá vegna ferðar ms. Selár frá Fredrikstad til Reykjavíkur 9. september 1983. Samkvæmt skrá þessari voru stefnda merktar 43 rúllur af vír, samtals 24.760 kg að þyngd. Sending þessi er merkt nr. 15. Þá kemur fram á farmskrá þessari, að stefndi fékk aðra sendingu, merkta nr. 41, sem í voru 43 vírrúllur, samtals 25.000 kg að þyngd. Óumdeilt er í málinu, að stefndi fékk þá sendingu, og er afrit farmskírteinis vegna hennar meðal málsskjala.

Telja verður nægjanlega sannað, að sending sú, er krafið er um greiðslu fyrir, hafi komið til landsins í umræddri ferð. Fram er komið, að stefndi hafði staðið í stöðugu viðskiptasambandi við Hafskip hf. og að forsvarsmaður stefnda man ekki, hvort hann fékk sendinguna eða ekki. Hins vegar finnist engin gögn í bókhaldi stefnda um það, að farmgjöld hafi verið greidd.

Með því að upplýst er, að umrædd sending var flutt með ms. Selá í umræddri ferð og að stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi greitt fyrir sendinguna, verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Stefndi hafði skuldajafnaðarkröfu sína ekki uppi, áður en kröfulýsingarfrestur í þrotabú Hafskipa hf. var liðinn, og getur hann því ekki nú haft þá kröfu uppi, sbr. 111. gr. laga nr. 6/1978, og er henni því hafnað.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða 60.000,00 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Timbur og stál hf., greiði stefnanda, þrotabúi Hafskipa hf., 168.300,00 krónur ásamt 5% dráttarvöxtum á mánuði af 65.082,00 krónum frá 1. október 1983 til 21. október 1983, en með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. desember 1983, með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1984, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. febrúar 1985 og dráttarvexti skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 af 168.300,00 krónum frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags og 60.000,00 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Á fallna vexti skal leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989.

Þriðjudaginn 21. nóvember 1989.

Nr. 412/1989. **Hilmir S. Hálfdánarson**
gegn
Lind hf. og
Eggerti Óskarssyni borgardómara.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. október 1989, sem barst Hæstarétti 24. s.m. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1989.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að sóknaraðila verði dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili Lind hf. krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að úrskurður héraðsdóms um málskostnað verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Eggert Óskarsson borgardómari. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, hljóðar svo:

„Mál þetta fellur niður.

Málskostnaður fellur niður."

Héraðsdómari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni. Þar segir m.a. svo:

„I. Mál þetta hefur Lind hf., ..., Ingólfsstræti 3, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Hilmi S. Hálfdánarsyni, ..., Hafnartúni 32, Siglufirði, með stefnu, birtri 24. október 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að

greiða stefnanda 2.979.862,00 kr.....Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað.....

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.....

II. Málsatvik eru þau, að með samningi um fjármögnunarleigu, dags. 17. júlí 1987, milli aðila máls þessa tók stefnandi að sér að fjármagna kaup og leigja stefnda bátinn Ösp, NS 141. Viðmiðunarverð leigu var 2.000.878,00 kr. miðað við vísitölu lánskjara 1721 stig. Leigugjald skyldi greiða með 60 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 31. ágúst 1987.

Með samningi um fjármögnunarleigu, dags. í febrúar 1988, milli stefnanda annars vegar og stefnda og Ómars Geirssonar hins vegar tóku hinir síðarnefndu á leigu fiskibátinn Fáfni, SF 14. Jafnframt var fyrirhugað, að fyrri bátur yrði seldur eða leigður öðrum.

Í apríl 1988 lá fyrir, að aðilar í Stykkishólmi, Björgvin Ragnarsson og Sævar Ingi Lýðsson, höfðu hug á að taka við leigusamningi stefnda um bátinn Ösp, NS 141, og var stefnandi samþykkur því. Þessir aðilar fengu heimild til að sækja bátinn til stefnda, jafnframt því sem þeir gerðu upp við stefnda eignarhluta hans í bátnum, 312.859,00 kr. Eftir að báturinn var kominn til Stykkishólms, kom fram í honum vélarbilun, og kaupum á eignarhlut stefnda í bátnum var rift með símskeyti 18. apríl 1988. Hafði þá ekki verið gengið frá viðtöku samningsins gagnvart stefnanda.

Hinn efnislegi ágreiningur málsins snýst um uppgjör á greindum fjármögnunarsamningi aðila um bátinn Ösp, NS 141, dags. 17. júlí 1987, svo og um viðgerðarkostnað bátsvélarinnar.

III. Stefnandi rökstyður mál sitt með því, að komist hafi á gildur og gagnkvæmur samningur um fjármögnunarleigu milli aðila. Stefnandi hafi staðið við skyldur sínar samkvæmt samningnum, m.a. með því að greiða kaupverð bátsins. Stefnda hafi borið að greiða leiguna á fyrir fram umsömdum gjalddögum, þar til annar samningur hefði verið gerður við viðsemjendur hans. Fyrr ljúki ekki skyldum hans samkvæmt samningnum. Stefndi beri ábyrgð á öllu tjóni, er hið leigða verði fyrir á samningstímanum. Um þetta vísar stefnandi til samnings aðila, sbr. og l. nr. 39/1972, um lausafjárkaup, svo og til grunnreglna samningaréttar. Um rétt sinn til upp-

sagnar og uppgjör vísar stefnandi til gr. 2.1.-2.2. í samningi.

Stefnandi sundurliðar stefnufjárhæð svo í stefnu:

Gjaldfallnar afborganir.....	kr.	420.812,00
Viðgerðarkostnaður	kr.	348.531,00
Gjaldfallnar eftirstöðvar.....	kr.	2.210.519,00
	Alls kr.	2.979.862,00

Stefndi styðst við það, að stefnandi hafi í mars-apríl 1988 leyst stefnda undan greindum samningi, og þar með hafi stefndi verið laus allra mála. Stefndi hafi og samkvæmt útreikningum stefnanda sjálfs þá verið skuldlaus með öllu við stefnanda. Stefndi sé ekki lengur aðili að samningi þessum eða leigumála og verði því ekki krafinn um neinar greiðslur samkvæmt honum, hvorki leigugreiðslur né fébætur eða aðrar greiðslur, sem rót sína eigi að rekja til hans. Telur stefndi, að stefnandi verði að beina kröfum sínum að leigutaka, þ.e. þeim Björgvin Ragnarssyni og Sævari Inga Lýðssyni, eða bera tjón sitt sjálfur. Þá telur stefndi, að kröfuliður í stefnu um gjaldfallnar eftirstöðvar, að fjárhæð 2.210.519,00 kr., standist ekki samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, og beri af þeirri ástæðu að sýkna stefnda einnig af þeim kröfulið.

IV. Í upphafi aðalmeðferðar máls þessa hinn 29. september 1989 gerðu aðilar stuttlega grein fyrir málinu í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga nr. 85/1936. Síðan fóru fram skýrslutökur fyrir dómi. Að þeim loknum var eftirfarandi fært til bókar: „Lögmenn lýstu yfir, að aðilar væru sammála um það, að mál þetta yrði fellt niður. Lögmaður stefnanda lýsti yfir, að ekki yrðu uppi hafðar frekari kröfur á hendur stefnda vegna málsins, fallið sé frá kröfum á hendur stefnda í málinu.

Lögmaður stefnda krefst málskostnaðar til handa stefnda og ítrekar málskostnaðarkröfu sína skv. dskj. nr. 10 A.

Lögmaður stefnanda mótmælir málskostnaðarkröfu stefnda, og samkomulag tókst ekki þar um.

Lögmenn tjáðu sig um ágreiningsefnið og urðu sammála um að leggja það í úrskurð réttarins.

Málið var tekið til úrskurðar.“

Stefndi gerir kröfu til fyllsta málskostnaðar úr hendi stefnanda. Þá kröfu sína styður hann einkum við 1. mgr. 180. gr., sbr. 177. gr., laga nr. 85/1936. Stefnandi hefur andmælt þessum lagasjónarmiðum stefnda um málskostnað og telur, að dómurinn sé ekki bundinn af 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936.

Með hliðsjón af framangreindu bókuðu samkomulagi aðila um niðurfellingu málsins verður ekki talið, að stefndi geti reist málskostnaðarkröfu sína á ákvæðum 177. gr. laga nr. 85/1936. Þá verður ekki heldur talið, að um hafningu máls sé að ræða í skilningi 1. mgr. 180. gr. sömu laga, svo sem úrskurðarefnið var lagt fyrir.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af álitasjónarmiðum 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir eftir atvikum máls rétt vera, að málskostnaður falli niður."

Aðilar urðu sammála um að fella málið niður, en þá greindi á um málskostnað. Með þeim varð ekki formleg réttarsátt um hafningu málsins, en ákvörðun héraðsdómara um málskostnað í tengslum við hana hefði mátt kæra til Hæstaréttar samkvæmt 4. tl. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 18/1961, sem sóknaraðili vísar til sem kæruheimildar. Við svo búið bar héraðsdómara þrátt fyrir orðalag 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, að ljúka málinu með hafningardómi, en ekki með úrskurði, sem var andstætt lögum.

Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

II.

Með sérstakri kæru 12. október 1989 hefur Kjartan Ragnars hæstaréttarlögmaður f.h. Hilmis S. Hálfdánarsonar kært héraðsdómara, Eggert Óskarsson borgardómara, með vísan til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 „fyrir, að því er Hilmir telur, að hafa gert á hluta sinn í dómarastarfi í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 8530/1988: Lind hf. gegn Hilmi S. Hálfdánarsyni, með því að dæma honum ekki málskostnað samkv. 1. mgr. 180. gr., sbr. 177. gr., laga nr. 85/1936 með úrskurði í ofangreindu bæjarþingsmáli, upp kveðnum 29. sept. sl., sem hljóðar svo:

„Mál þetta fellur niður.

Málskostnaður fellur niður."

Fyrir Hæstarétti eru þær dómkröfur gerðar, að yður verði veitt áminning eða gert að greiða sekt til ríkissjóðs. Jafnframt er krafist hæfilegs kærumálskostnaðar úr hendi yðar."

Í greinargerð 29. október 1989 hefur sóknaraðili fallið frá kröfu um kærumálskostnað. Í greinargerðinni segir m.a. svo: „Kæra þessi á hendur dómara málsins er lögð fram til að koma í veg fyrir, að úrskurður héraðsdóms í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 8539/1988 fái að standa átölulaust, ef fyrra kærumálinu verður vísað frá Hæstarétti vegna skorts á kæruheimild. Verði fyrra kærumálinu þannig vísað frá Hæstarétti, er sóknaraðili málsins algerlega varnarlaus gagnvart þeirri ákvörðun héraðsdómara að fella niður málskostnað í málinu, sem sóknaraðili telur með öllu löglausa. Hins vegar fengist þá væntanlega í þessu kærumáli úr því skorið, hvort héraðsdómara hafi verið rétt að fella niður málskostnaðinn, þar sem hann yrði væntanlega því aðeins látinn sæta ábyrgð samkv. 2. mgr. 21. gr., að hann yrði talinn hafa fellt niður málskostnað andstætt lögum. Er nauðsynlegt að fá úr þessu skorið, ekki aðeins vegna málskostnaðarkröfu sóknaraðila í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 8530/1988, heldur einnig og ekki síður vegna hins að fá úr því skorið, hvort ýmis ákvæði XII. kafla laga nr. 85/1936, um málskostnað, séu í gildi eða ekki. Verði þannig þessi ákvörðun héraðsdómara talin lögmæt, virðist sem dómstólar séu smám saman að víkja til hliðar ýmsum grundvallarákvæðum laga nr. 85/1936, um málskostnað, og er réttarfarsnauðsyn fyrir lögmenn og aðila dómsmála að fá vitneskju um, hvort þessi lagatúlkun fái staðist. Sérstaklega er brýnt að fá úr þessu skorið, eins og nú er komið málum á Íslandi, þar sem vitað er, að fjöldi manns beinlínis misnotar ýmsar réttarfarsheimildir til þess að draga mál á langinn og verða sér úti um fresti í almennum skuldamálum, þar sem engum vörnum verður venjulega við komið, t.d. með áfrýjunum og kærum, með því að krefjast úrskurða um formhlið mála o.s.frv. o.s.frv. Er réttlætanlegt, ef þessum aðilum dettur í hug að hefja eða fella niður slík mál, að þeir sleppi einnig við greiðslu málskostnaðar, þ.e., að gagnaðilar þeirra þurfi að svara málskostnaði vegna reksturs slíkra mála?

Verði hins vegar kæruheimild sóknaraðila í fyrra málinu viðurkennd, fær sóknaraðili með þeim hætti úr því skorið, hvort þessi

ákvörðun dómara fái staðist að lögum eða ekki. Eru þar með forsendur kæru á hendur dómara brostnar, og mun þá sóknaraðili falla frá kæru þessari, dags. 12. okt. sl., á hendur dómara málsins."

Frá varnaraðila Eggerti Óskarssyni hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Rétt þykir að taka kæruefni á hendur héraðsdómara til afgreiðslu í þessu máli, enda þótt kærandi hafi sett þá kæru fram í sérstakri kæru. Kærumálin hafa því verið sameinuð.

Engin efni eru til að taka til greina kröfur kæranda á hendur héraðsdómara, og ber að sýkna héraðsdómara af kröfum sóknaraðila.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðilinn Eggert Óskarsson borgardómari á að vera sýkn af kröfum sóknaraðila, Kjartans Ragnars hæstaréttarlögmanns f.h. Hilmis S. Hálfdánarsonar.

Miðvikudaginn 22. nóvember 1989.

Nr. 87/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Antoni Birgissyni
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.).

Tilraun til manndráps. Sakhæfi. Öryggisgæsla. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 24. janúar 1989 og jafnframt af hálfu ákæruvaldsins.

Ákæruvaldið krefst þess aðallega, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til tímamarkaðrar refsingar samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þá er krafist staðfestingar á greiðslu sakarkostnaðar og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar. Til vara krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms um, að ákærði sæti öruggri gæslu á viðeigandi stofnun, og einnig greiðslu sakarkostnaðar fyrir báðum dómstigum.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvalds og að felld verði niður sú ákvörðun héraðsdóms, að ákærði sæti öryggisgæslu, en til vara, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og refsing verði skilorðsbundin. Verði refsivist dæmd, þá krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. apríl 1988 og sá tími, sem hann hefur sætt öryggisgæslu, komi til frádráttar dæmdri refsingu.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður úrskurður læknaráðs 18. október 1989, en ríkissaksóknari leitaði umsagnar læknaráðs um skýrslu dr. med. Helga Kristbjarnarsonar, sérfræðings í geðsjúkdómum, og skýrslu Gylfa Ásmundssonar sálfræðings. Var sérstak-

lega leitað svars við þeirri spurningu, hvort læknaráð væri samþykkt niðurstöðum Helga Kristbjarnarsonar í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Ályktun læknaráðs er á þessa leið: „Ákærði hefur greinilega verið geðveikur, er hann framdi hinn saknæma verknað, og þar af leiðandi brugðist við snertingu gerðarþola í rúmi hans með jafnmikilli heift og raun ber vitni. Amfetamínneysla ákærða hefur stuðlað að ofsa hans. Að hve miklu leyti þessi neysla hefur beinlínis framkallað geðveikina, er erfitt að segja, en vitað er, að amfetamínneysla einstaklinga, sem eru sömu persónugerðar og ákærði, getur framkallað langvarandi geðklofaeinkenni. Gangur einkenna hans, meðan á fangelsisvist hefur staðið, bendir til þess, að amfetamínið eigi hér verulegan hlut. Þó að svo hafi verið, verður að telja, að hann hafi verið ósakhæfur á þeim tíma, sem hann framdi hinn kærða verknað."

Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt álit Helga Kristbjarnarsonar geðlæknis, dagsett 23. október 1989, á núverandi geðheilsu ákærða, en hann kveðst hafa fylgst með ástandi og geðheilsu ákærða, meðan á öryggisgæslu hans hefur staðið. Þar segir m.a.: „Hann hefur allan tímann verið rólegur og vinsamlegur og ekki sýnt af sér athæfi, sem benti til, að hann hafi verið með ranghugmyndir eða truflun á hugsanagangi á þessu tímabili. Helstu geðræn einkenni hans hafa verið þunglyndi og fálæti, sem ekki er með öllu óeðlilegt miðað við aðstæður. Hann fékk í fyrstu geðlyf, en í júlí sl. mælti ég með því við fangelsislækni að hætta lyfjagjöf, og var það gert. Anton hefur ekki sýnt nein merki ranghugmynda, þrátt fyrir það að lyfjagjöf væri hætt, en í september sl. tók að bera á vaxandi þunglyndi og hirðuleysi hjá honum, og ákvað fangelsislæknir þá að hefja geðlyfjameðferð að nýju. Það er mat mitt, að viðeigandi meðferð fyrir þennan einstakling væri ýtarleg áfengismeðferð og síðan meðferð á geðdeild eða í tengslum við geðdeild, þar sem hægt væri að tryggja, að hann fengi lyfjameðferð, t.d. með langvirkum sprautum, eins lengi og þörf krefur."

II.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Fallist er á lýsingu héraðsdóms á atferli því, sem ákærða er gefið að sök, og er það réttilega fært til refsiákvæða.

III.

Í skýrslum þeim, sem Helgi Kristbjarnarson geðlæknir gerði um geðhagi ákærða og lýst er í héraðsdómi, telur hann einsýnt, að ákærði sé haldinn geðsjúkdómi (schizophrenia), auk þess sem hann sé haldinn áfengisfíkn og misnoti einnig önnur vímuefni. Telur hann ákærða ekki geta talist hættulausan sjálfum sér eða umhverfi sínu.

Í skýrslu Gylfa Ásmundssonar sálfræðings kemur fram það álit hans, að ákærði sé haldinn geðsjúkdómi, sem jaðri við geðklofa (borderline schizophrenia), og komist á köflum í raunverulegt geðveikisástand og geti að líkindum verið hættulegur umhverfi sínu.

Með hliðsjón af þessu svo og niðurstöðu læknaráðs verður að telja yfirgnæfandi líkur á því, að ákærði hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, er hann framdi verknað þann, sem hann er ákærður fyrir, hinn 6. apríl 1988, og því ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga. Verður honum því ekki refsað fyrir verknaðinn.

IV.

Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði dæmdur til að sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun.

Eins og fram kemur í áliti Helga Kristbjarnarsonar geðlæknis frá 23. október 1989 og lýst er hér að framan, telur hann, að ákærði þurfi á ýtarlegri áfengismeðferð að halda og síðan meðferð á geðdeild, eins lengi og þörf krefur. Þykir því rétt, að ákærði verði í samræmi við álit læknisins vistaður á viðeigandi hæli smkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga, þar sem hann fái læknismeðferð svo lengi sem þörf krefur og sæti öruggri gæslu.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skal sýkna ákærða af kröfu um greiðslu sakarkostnaðar og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Birgisson, skal vistaður á viðeigandi hæli samkvæmt framansögðu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda

ákærða, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, 105.000,00 krónur í héraði og 80.000,00 krónur fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Keflavíkur 30. nóvember 1988.

Ár 1988, miðvikudag 30. nóvember, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem haldið er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sveini Sigurkarlssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1492/1988: Ákæruvaldið gegn Antoni Birgissyni, sem dómtekið var 25. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 9. júní sl., á hendur Antoni Birgissyni, Mávabraut 11 C, Keflavík, fæddum í Reykjavík 4. september 1966, fyrir að hafa laust eftir kl. 4.30 aðfaranótt miðvikudags 6. apríl 1988 reynt að svipta X, fæddan ..... 1957, lífi í íbúð X að ....., Keflavík, með því að skera hann með hnífi þvert á háls 15 cm langan skurð, sem náði í gegnum ystu vöðvalög framanvert á hálsi og inn í barka.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

I.

Málavextir eru þeir, að kl. 4.51 miðvikudag 6.4. 1988 var hringt frá sjúkrahúsinu í Keflavík til lögreglunnar í Keflavík og tilkynnt, að þar væri maður, sem væri með mikinn skurð á hálsi og orðinn allþrekaður. Er lögreglumenn komu á staðinn, var þar maður á sjúkrabörum, og höfðu læknarnir Pétur Thorsteinsson og Sigurjón Sigurðsson gert að sárum hans til bráðabirgða. Var maður þessi, sem reyndist vera X, að því búnu fluttur í sjúkrabifreið á Borgarspítalann í Reykjavík til frekari aðgerðar. Í vottorði Einars Ólafssonar um áverkana á X frá 27.4. 1988 segir m.a.: „Kemur með sjúkrabíl frá sjúkrahúsinu í Keflavík á slysadeild kl. 5.30 6.4. Hafði verið skorinn á háls með beittum hnífi. Sárið er ca. 15 cm breitt, nær í gegnum ystu vöðvalög framanvert á hálsi og inn í barka á milli „membrana" (circo thyroidea). Talsvert blæðir úr sári, og verður sjúklingur að sitja uppi, til þess að blóð renni ekki ofan í barka. Sjúklingur er fölur, en með góða meðvitund og eðlilegur blóðþrýstingur. Fljótlega eftir komu voru gerðar ráðstafanir til þess að gera að sárinu, og er það gert í svæfingu. Kemur þá í ljós, þegar sárið er skoðað betur, að litlu hafði munað, að skorið hefði verið á stórar æðar. Mikið af smáæðum er og sundur, og eru vöðvar framanvert á hálsi framan við barka í sundur og ca. 3 cm op inn í barka.

Sárið var saumað saman, og af blóðmælingu var ljóst, að sjúklingur hafði misst talsvert blóð.

Næstu daga hresstist sjúklingur vel og var útskrifaður af spítalanum 12.4. 1988.

Álit: Telja verður þetta meiri háttar sár á hálsi og litlu munað, að stóru æðarnar á hálsi hafi skorist í sundur, og hefði þá sjúklingur fengið varanlegan skaða, ef ekki dauða."

Fyrir dóminum hefur ákærði viðurkennt að hafa veitt X áverka þennan, sem hér hefur verið lýst, en hins vegar neitað að hafa ætlað að svipta hann lífi, en sú neitun er ekki í neinu samræmi við það, sem fram kemur í skýrslu, sem Óskar Þórmundsson lögreglufulltrúi gerði vegna atburðarins kl. 7.05 6. apríl 1988. Skýrslu þessa hefur Óskar staðfest fyrir dómi, en þar segir orðrétt: „Anton sagðist hafa verið búinn að fá ógeð á þessum manni og því ákveðið að drepa hann." Í skýrslu, sem gerð er af sama lögreglufulltrúa um framburð ákærða við yfirheyrslu í Síðumúlafangelsi 14. apríl sl., segir svo m.a. „Mætti (Anton) segist hafa verið „uppdópaður" og ruglaður, þegar hér var komið sögu, og ekki muna atburðina mjög vel. Hann segist hafa farið inn í eldhús og tekið þar hníf, farið inn í svefnherbergið aftur, en þar lá X í rúmi. Mætti segist hafa sest ofan á X og skorið hann á háls." Ekki vildi Anton skrifa undir þessa skýrslu, sagðist ekki vilja viðurkenna „atburðinn" og að skýrslan væri ekki rétt.

Hinn 22. apríl sl. gaf ákærði skýrslu hjá lögreglufulltrúa að viðstöddum réttargæslumanni sínum.

Er skýrsla þessi, svo langt sem hún nær, í samræmi við framburð hans fyrir dómi, en mjög erfitt hefur verið að fá ákærða til þess að tjá sig fyrir dóminum. Hefur framkoma hans verið mjög annarleg og framburður mjög ruglingslegur. Var hann stundum mjög seinn til svars eða svaraði alls ekki. Virðist hann stundum missa þráðinn í miðju svari og segja þá „skiptir ekki máli" og síðan þögn. Við síðustu yfirheyrslu fyrir dómi var ákærði í mjög annarlegu ástandi og, að því er virtist, ekki í tengslum við umhverfi sitt og svör við spurningum þannig, að lítið sem ekkert var á þeim að byggja. Hefur ýtarleg rannsókn farið fram á geðheilbrigði ákærða, og verður vikið að henni síðar í dómsforsendum.

Í áðurgreindri skýrslu frá 22. apríl sl. skýrir ákærði frá, að X hafi komið til sín á Herskálann (sem á augljóslega við Herkastalann skv. gögnum málsins) um kl. 17.00-18.00, og hafi þeir farið á „rúntinn". Hafi þeir farið á veitingastað við Laugaveg og X keypt kaffi og koníak handa báðum. Einnig hafi hann fengið sér glas af öðru áfengi, en muni ekki hvaða tegund. Hafi þeir verið á veitingastaðnum um það bil hálfa klukkustund.

Síðan hafi þeir farið á „rúntinn" í bifreið X um götur Reykjavíkur, en haldið síðan til Keflavíkur, en ekki mundi hann, hvað klukkan var þá.

Komu þeir við á litlu Aðalstöðinni og keyptu sér öl, en fóru síðan í íbúð X við ....., Keflavík. Þegar inn var komið, hafi þeir fengið sér hvor sitt glasið af áfengi, sem X átti, og farið að tala saman. Einnig hafi þeir tekið í nefið hvítt fíkniefni, sem hann kunni ekki nafn á. Kveðst ákærði hafa spurt X, hvort hann ætti í nefið. Hafi X skroppið frá hálfa klukkustund og náð í um 1/2 gramm af hvítu efni. Ekki kvaðst ákærði vita, hvert X fór né hvort hann hefði greitt fyrir efnið; sjálfur hefði hann verið auralaus. Hafi þeir síðan setið fram eftir nóttu, talað saman og drukkið, en ekki muni hann umræðuefnið. ,,Það var bara svona á milli félaga", en segir þó, að þeir hafi verið að rífast um eitthvað, en hann muni ekki hvað. Segist hann muna, að X hafi legið í rúmi sínu, en ekki, hvort hann var í fötum eða ekki. Ákærði segist muna eftir að hafa farið fram í eldhús og tekið þar hníf. Hann muni ekki atburðinn, en segist muna eftir sári á hálsi X og að hann hafi skorið X. Hafi X hlaupið út, eftir að hann fékk sárið á hálsinn. Sjálfur hafi hann einnig hlaupið út og ætlað að láta sig hverfa. Segist ákærði síðan hafa skorið sig á púls með það í huga að stytta sér aldur, en síðan guggnað á sjálfsmorðinu og farið niður á sjúkrahús, þar sem læknar gerðu að sárum hans.

Eins og áður segir, hefur framburður og framkoma ákærða verið mjög annarleg. Stundum virðist hann ekki skilja spurningar, sem fyrir hann eru lagðar, og svörin af þeim sökum oft algerlega út í hött. Má þó ráða af framburði hans, að engin tengsl séu á milli verknaðarins og þess kynferðislega sambands eða áreitni í þeim skilningi, að ákærði hefur ekki gefið í skyn, að hvatinn að verknaðinum hafi átt rót sína að rekja til þess háttar áreitni af hálfu X þá um kvöldið. Eins þykir af framburði hans ljóst, að hann fæst ekki til þess að tjá sig um, hvað gerðist á þeim tíma, sem leið, frá því að hann tók hnífinn í eldhúsinu og þar til hann rankar við sér frammi á gangi.

Vitnið X hefur skýrt svo frá, bæði í kæruskýrslu fyrir rannsóknarlögreglu 18. apríl sl. og fyrir dómi 18. nóvember sl. um aðdraganda þess, að þeir hittust umrætt kvöld, hann og ákærði.

,,Kunningsskapur okkar Antons hófst fyrir um það bil ári, er við hittumst á fylliríi, en í seinni tíð hafði það oft komið fyrir, að Anton missti stjórn á skapi sínu, og ég því hættur að hitta hann. Höfðum við ekkert hist síðan fyrir áramót sl., ef undan er skilinn páskadagur, en Anton leit þá aðeins inn í heimsókn.

Það hefur verið á páskadag, að Anton hringdi og spurði, hvort hann mætti koma í heimsókn. Ég var ekkert hrifinn af því, en leyfði honum það vegna þess, að hann langaði svo til að koma." Hafi Anton komið eftir kvöldmat og þeir horft á sjónvarp ásamt þriðja manni, sem þar var staddur, Birni Kjartanssyni. Hafi þeir verið búnir að sitja þarna um það

bil klukkutíma, þegar móðir Antons hringdi og spurði eftir honum. ,,Sagði ég henni, að Anton væri ekki þarna. Gerði ég það vegna þess, að ég hafði oft rifist við móður Antons, sem hélt því fram, að ég útvegaði Antoni áfengi, og í eitt skipti ásakaði hún mig fyrir að hafa útvegað Antoni eitthvað meira en áfengi. Sendi ég því Anton strax heim og hafði Anton þá ekki verið nema um það bil klukkustund.“

Anton hafi síðan hringt í sig heim á ..... og beðið sig að koma til Reykjavíkur og sækja sig á Herkastalann, þar sem hann leigði herbergi, vegna þess að hann hefði engan að tala við. Hafi þetta verið á annan í páskum, mánudaginn 4. apríl sl., kl. 20.00.

,,Ekki fór ég þá, en átti leið til Reykjavíkur daginn eftir, þriðjudag 5. apríl sl., um klukkan 18.30. Erindi mitt var að hitta kunningja, sem ég ætlaði að láta kaupa varahluti í bifreið mína, en ekki tókst mér að hitta hann og fór því á Herkastalann um klukkan 20.00 og upp á herbergi til Antons. Spurði ég eftir Antoni í anddyrinu og var vísað upp á þriðju hæð. Ekki stönsuðum við neitt í herberginu, en fórum og gengum um götur Reykjavíkur. Ætlaði ég að bjóða Antoni upp á kaffi, en gleymdi veskinu í bifreiðinni, sem ég lagði við Herkastalann. Gengum við þangað að bifreiðinni og ókum síðan á veitingastað við Laugaveg 22. Þar bauð ég Antoni, sem var peningalaus, kaffi og koníak. En Anton vildi meira áfengi, og bauð ég honum þá upp á einn tvöfaldan vodka. Ekki gat ég veitt honum meira, þar sem ég hafði ekki meira fé meðferðis.

Þá álpaðist ég til að segjast eiga áfengi í Keflavík, og vildi Anton ólmur komast í það. Lét ég undan og þá með því skilyrði, að Anton tæki til í íbúð minni, á meðan ég væri á sjónum. Varð það því úr, að við ókum suður til Keflavíkur, en klukkan var þá um 23.00.“

X hefur í vætti sínu fyrir réttinum lýst atburðum þeim, er á eftir fóru þá um kvöldið, á þá leið, að er þeir voru komnir þarna heim ,,og höfðum fengið þetta áfengi, sem ég átti, þá hafði Anton hvolft í sig einu til tveimur glösum strax og vildi, að ég fengi mér í glas með sér, en ég var ekki tilbúinn til þess. Enda var ekki um að ræða nema hálfa flösku af vodka og það vart til skiptanna. Fór þá Anton að ,,rugla“ um sína hagi og einhver vandamál. Vorum við búnir að sitja einhverja stund þarna, þegar ég hringdi í Landssímann til þess að láta ,,ræsa“ mig um sexleytið. Var Anton þá orðinn hálf-leiðinlegur. Var lítið orðið eftir af áfenginu og Anton farinn að krefjast þess að fá meira áfengi og vildi, að ég útvegaði það. Vildi hann fá mig til þess að kaupa flösku á ,,svörtu“ eða eitthvað því um líkt og fá mig til þess að drekka með sér og fara með sér á fyllirí og sleppa því að fara á sjóinn, sem ég ætlaði um morguninn. Sagði ég honum, að ég færi á sjóinn, því yrði ekki breytt. Lét ég hann síðan hafa teppi, en fór sjálfur inn í herbergi, en hann á eftir mér og vildi endilega fá mig til þess

að rabba við sig. Fór hann nú að gera kröfu til þess, að ég útvegaði brennivín, og hélt því fram, að ég gæti ábyggilega útvegað sér hass eða eitthvert annað „dóp". Sagði ég honum, að það kæmi ekki til greina, ég hefði enga peninga til neins, en þar sem ég var orðinn þreyttur og nennti ekki að hlusta á hann, sagðist ég skyldu fara og athuga málið og fór út á bílnum niður á Fitjanesti og setti á hann bensín og tók einn til tvo „rúnta". Er ég kom aftur og hann spurði, hvort ég hefði ekki getað útvegað neitt, lét ég hann hafa helminginn af einhverju efni, sem kunningjar mínir, sem komu um páskana, höfðu skilið eftir hjá mér. Hafði ég sjálfur prófað þetta þá, en þetta hafði verið eitthvert drasl og lítil áhrifin af því."

Í rannsóknarlögregluskýrslu er haft eftir vitninu X, að hann hafi átt 1/2 gramm af amfetamíni, sem hann hafði keypt fyrir páska. Hafi hann fengið sér nokkur korn í nös, en Anton fengið bróðurpartinn.

Frásögn vitnisins X um samskipti þess við Anton þarna um kvöldið er ákaflega samhengislaus, en í stuttu máli virðist ljóst, að Anton hafi orðið mjög ruglaður, eins og vitnið orðaði það, „talað tómt rugl", og var flest, sem hann sagði, samhengislaust. Um klukkan 1.00 hafi vitnið X ætlað að aka Antoni heim, en þar sem X hafði drukkið áfengi, gerði hann það ekki. Eins og áður sagði, hafði X látið Anton hafa teppi, en það hefur verið gert í þeim tilgangi, að hann svæfi á sófanum í stofunni, en hins vegar hafi Anton ávallt komið inn í svefnherbergið og látið móðan mása um fjölskylduvandamál sín og talað tómt rugl. Hafi hann látið ýmis fúkyrði fjúka um fjölskylduna.

Fyrir dóminum hefur vitnið X lýst framhaldi atburða á eftirfarandi hátt, og fer það hér eftir orðrétt:

„Nú, eins og ég segi, þá var hann kominn inn í herbergi hjá mér, eftir að ég var búinn að fara tvisvar fram, og ég sagði honum að sitja þarna, og hann var eitthvað leiðinlegur. Ég sagði honum, að hann gæti lagst hérna við hliðina á mér og slakað á, og hann gerir það, og ég held, að ég hafi sofnað þarna einhvern smátíma. Þá verð ég var við, að hann rýkur fram. Ég sinni því ekkert og sný mér út í vegg. Þá var klukkan að verða fimm. Stuttu seinna kemur hann og sest ofan á mig, og ég fór alveg í klemmu. Ég lá á hliðinni og önnur höndin undir mér, og hann sest ofan á aðra höndina á mér og setur höndina á ennið á mér. Ég segi, hvern djöfulinn hann væri að gera, og hann virtist vera alveg trylltur. Hann fer fram stuttu seinna, og þá kemur hann inn aftur og sest, og þá er hann með hnífinn, og hann sker. Hann sest í svipaða stöðu og áður með höndina á enninu á mér og ristir yfir, og ég ætlaði að segja, að ég bara tryði ekki, en ég sagði það náttúrlega ekki, því að það var opinn barkinn, og það var ekkert nema blóð. Og eftir það kemur fát á hann og gefur slökun á því (sic) og ég reyni að benda honum með augunum að koma sér af mér. Ég náði honum

af mér þarna, ég náði að henda honum einhvern veginn af mér og hann úr rúminu og á glerborð og í gegnum það sennilega."

Í vætti sínu fyrir dóminum hefur vitnið X skýrt svo frá, að þeir hafi þekkst, hann og Anton, um það bil eitt og hálft ár. Hafi verið með þeim nokkur kunningsskapur og einhvers konar kynferðisleg samskipti, þó á þann hátt, að ekki þykir ástæða til að fjalla um það að neinu ráði í málavaxtalýsingu, enda vart tilefni til þess, þar sem ljóst virðist, að atburður kvöldsins hafi ekki átt rót sína að rekja til kynferðislegrar áreitni, að minnsta kosti ekki þarna um kvöldið. En þrátt fyrir ítrekaðar spurningar hefur ekki tekist að fá neina skýra mynd fram af því, hvernig sambandi þeirra Antons og X var háttað að þessu leyti, en eins og áður segir, virðist það ekki hafa verið í neinum beinum tengslum við þann verknað, sem um er fjallað í máli þessu.

II.

Persónulegir hagir ákærða.

Ákærði, Anton Birgisson, fæddur í Reykjavík 4. september 1966, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1985 30/12 í Reykjavík. Áv. og fíkn. Sátt: 9.500,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr., laga 65/1974, sbr. lög 60/1980, sbr. 9. gr. laga 75/1982, sbr. lög 13/1985, og 2., sbr. 10. gr., reglugerðar 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga.

1988 4/2 í Keflavík. Dómur: 40.000,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., umfl. Sviptur ökuleyfi 2 ár frá 14.9.1987.

Helgi Kristbjarnarson dr. med. var við rannsókn málsins fenginn til þess að rannsaka geðhagi Antons. Hefur dr. Helgi skilað ýtarlegri skýrslu um geðrannsókn á Antoni, og barst sú skýrsla 13.5.1988 rannsóknarlögreglu í Keflavík. Þá hefur dómari fengið tvær viðbótarskýrslur, 27.9.1988 og 25. nóvember, sama ár sem dr. Helgi gerði sína skýrslu, en þær skýrslur eru gerðar að beiðni dómara, sem taldi viðbótarskýrslu um geðhagi Antons nauðsynlega, til þess að fram kæmi sem skýrust mynd af því, hvernig þeim væri háttað með tilliti til sakhæfis hans. Af sömu ástæðu kom dr. Helgi einnig fyrir dóm og svaraði tilteknum spurningum. Auk þessara athugana Helga hefur Gylfi Ásmundsson sálfræðingur gert sálfræðilega athugun á Antoni að beiðni dr. Helga. Í skýrslu Gylfa segir meðal annars:

„Rannsókn með sálfræðilegum prófum gekk afar illa vegna skorts á samvinnu við Anton. Lögð var höfuðáhersla á að fá mynd af bæði eðlilegri og starfhæfri greind hans og reyna að greina, hvort um geðveiki væri að ræða og þá hvers konar."

Einnig segir í skýrslu Gylfa, að prófin hafi gengið misvel og sumt aðeins

verið hægt að leggja að hluta fyrir Anton vegna þess, hversu erfið samvinna var við hann. Rétt þykir að taka hér upp orðrétt meginniðurstöðu Gylfa eftir rannsóknina.

„Veruleg geðræn sjúkdómseinkenni og einkenni um truflanir á persónuleika og skapgerð komu fram bæði í viðtölum og í niðurstöðum sálfræðilegra prófa. Einkum má leiða líkur að vanþroska í hugsun og tilfinningalífi, mjög lakri hvatrænni stjórn og árásargirni. Þótt þetta sé almennt einkenni um verulegar persónuleikatruflanir af andfélagslegri gerð (sociopati), fundust jafnframt merki um hugsanatruflanir og skert raunveruleikatengsl, sem vekja grun um, að geðveiki, geðklofagerð (schizophrenia), kunni að búa að baki. Athugun, sem gerð var fyrir hálfu ári, þar sem betri samvinna náðist við Anton en nú, rennir stoðum undir þennan grun. Þar kom fram geðrænt sjúkdómsmynstur, sem algengast er hjá sjúklingum með dulinn geðklofa (latent eða borderline schizophrenia). Alvarleg geðveiki virðist því dyljast bak við þá framhlið, sem lýsti sér í vímuefnaneyslu og andfélagslegri hegðun, en vímuástand getur hins vegar átt þátt í því, að geðveikin brýst út.

Því má ályktа, að Anton sé haldinn geðsjúkdómi, sem jaðri við geðklofa (borderline schizophrenia), og komist á köflum í raunverulegt geðveikisástand. Vegna hinna sterku andfélagslegu þátta í skapgerð Antons og stjórnlausra árásarhvata, sem geta brotist út samfara truflunum í hugmyndalífi, getur hann að líkindum verið hættulegur umhverfi sínu."

Í skýrslu dr. Helga Kristbjarnarsonar er persónu- og félagssaga ákærða rakin nokkuð, en þar kemur fram, að Anton er sonur Annýjar Sigurðardóttur og Bandaríkjamanns, sem hér starfaði. Hafi hann flust tveggja ára gamall til Bandaríkjanna ásamt móður sinni og stjúpa, Birgi Ársælssyni, og búið þar til 5 ára aldurs, en síðan flust frá Bandaríkjunum til Lúxemborgar og búið þar til 15 ára aldurs. Anton á tvö hálfsystkin yngri, 18 ára hálfsystur og 14 ára hálfbróður. Móðir hans og stjúpfaðir skildu árið 1981, og þá fluttist hún til Íslands með börnin.

Einnig kemur fram, að Anton hafi byrjað að drekka bjór 12 ára gamall og fór þá fljótlega að ganga verr í skóla, en hafði áður verið miðlungsnemandi. Fjórtán ára gamall hætti hann síðan að sækja skólann um miðjan vetur, en þá hafði hann kynnst einhverjum unglingum, sem voru mikið í óreglu, og var í drykkjuskap með þeim. Í framhaldi af þessu þykir rétt að taka hér upp hluta úr skýrslu dr. Helga, sem varðar meðferðarsögu Antons: „Í september 1986 fór Anton fyrst í áfengismeðferð á Vogi og síðan í eftirmeðferð á Sogni. Í skýrslum þar kemur fram, að Anton hafi haft ranghugmyndir um, að fólk væri að tala um sig, og var mat lækna þar, að þessar hugmyndir væru langt umfram það að geta talist afleiðingar af vímuefnaneyslu hans. Var talið, að hann hefði lítið notað amfetamín fram að þeim tíma.

Rúmu ári síðar, 14. október 1987, lagðist Anton aftur inn á Vog, en var þá talinn hafa svo mikil geðræn einkenni, að ástæða væri til að leggja hann inn á geðdeild, og fór hann á deild 12 á Kleppsspítala, en var þar aðeins 6 daga og útskrifaði sig þaðan gegn læknisráði.

Hinn 6. nóvember 1987 leitaði Anton til göngudeildar áfengissjúklinga. Taldi Hallgrímur Magnússon læknir, sem þá ræddi við hann, að um byrjandi geðklofasjúkdóm (schizophreniu) væri að ræða, og lagði hann á deild 33C. Þar dvaldist Anton aðeins tvo sólarhringa, en vildi þá útskrifast og gerði það þrátt fyrir nokkrar fortölur. Í þessari dvöl mun hann hafa lýst fyrir hjúkrunarkonu reynslu í vímulausu ástandi, þar sem honum fannst raddir eða öfl stjórna sér og þessi öfl geta lesið hugsanir sínar. Honum hafi fundist fólk tala við sig frá sjónvarpinu, og hafi hann svarað með augunum. Sagði hann þessa upplifun hafa verið mjög raunverulega, en að hann hafi gert sér grein fyrir því eftir á, að þetta var rugl.

Hinn 8. desember 1987 er hann síðan lagður inn á deild 12 á Kleppsspítala að tilhlutan heilsugæslulæknis í Keflavík, en dvaldist þar aðeins 6 daga. Ólafur Bjarnason læknir, sem skoðaði hann þar, taldi einkenni hans geta stafað af amfetamínfíkn og taldi hugsanlegt, að amfetamínneysla Antons væri í raun mun meiri en áður hefði komið fram. Ekki komu fram merki um ranghugmyndir í þessari legu. Anton afþakkaði boð um framhaldsmeðferð á Vífilsstöðum og var vísað í göngudeild áfengisdeildar Landspítalans til Hallgríms Magnússonar, og fljótlega var óskað innlagnar fyrir hann aftur. Hinn 19. desember mun Anton hafa hringt sjálfur og óskað eftir innlögn, og var göngudeild í sambandi við hann næstu daga.

Hinn 29. desember kemur hann síðan á göngudeild í fylgd Birgis, fóstra síns, og óskar eftir innlögn, og 1. janúar 1988 leggst hann inn á deild 33A og dvelst þar til 13. janúar. Meðan Anton var á deild 33A, kom meðal annars fram, að hann átti það til að tala við sjálfan sig og hlæja upp úr þurru. Eftir útskrift af deildinni dvaldist Anton hjá móður sinni í Keflavík.

Sex vikum síðar, 27. febrúar 1988, leggst Anton síðan inn á Vog, en Óttar Guðmundsson, læknir þar, taldi Anton greinilega haldinn geðsjúkdómi. Anton mun hafa strokið af Vogi eftir þrjá daga, en leitað síðan sjálfur til bráðaþjónustu geðdeildar. Dvaldist Anton þá á deild 12 á Kleppsspítala frá 3. til 14. mars. Hann útskrifast á vistheimilið á Vífilsstöðum, en strauk þaðan eftir 4 daga og byrjaði að drekka.

Hinn 20. mars kom Anton á göngudeild í fylgd móður sinnar, sem vildi fá hann til að leggjast inn aftur, en hann var því andvígur og réðst á hana og sló hana mikið högg. Var þá ákveðið að láta lögregluna taka hann í sína vörslu, og í framhaldi af því var hann lagður inn á deild 12 á Kleppsspítala. Var hann því mjög andvígur og krafðist útskriftar, sem var samþykkt. Móður hans var þá ráðlagt að taka hann ekki inn á heimilið aftur,

og fór hann eftir það til gistingar á Farsótt. Síðar gisti hann á Hjálpræðishernum og mun hafa búið þar, þegar atburðurinn, sem hér er fjallað um, átti sér stað.“ Þá er í sömu skýrslu lýst viðmóti, samvinnu og framkomu Antons, og þykir rétt að taka það hér upp orðrétt:

„Í fjórum viðtölum, sem ég átti við Anton í Síðumúlafangelsi, reyndist hann mjög óviss í framkomu og átti mjög erfitt með að koma frá sér heilli hugsun. Einnig var eins og hann vildi draga til baka allt, sem hann sagði, ef hann sagði eina heila hugsun. Mál hans einkenndist að verulegu leyti af setningum eins og „Ég veit ekki“, „Hvað á ég að segja?“ „Neei“, „Er það?“ eða „Ég veit það ekki“. Spurður um líðan sína í fangelsinu, virðist hann alls ekki geta komið svarinu í orð. Spurður um ranghugmyndir eða óeðlilegar upplifanir í fangavistinni, játti hann því í fyrstu, en dró síðan allt til baka. En af háttalagi hans finnst mér ekki ólíklegt, að hann hafi verið með ofsóknarkenndar ranghugmyndir.

Í viðtölum útskýrði ég tilgang viðtalsins í byrjun, en eftir nokkrar setningar virtist eins og Anton væri ekki lengur með á því, hvers vegna ég væri að spyrja hann, og þurfti ég þá að skýra málið frá grunni aftur. Þannig gengu samtölin afar stirðlega, og aldrei sýndi Anton neinar tilfinningar í þessum viðtölum.

Anton er rúmlega meðalmaður á hæð, grannholda, skolhærður með fremur sítt hár, með eyrnalokk í öðru eyra, snyrtilegur og hæglátur. Hann sýnir litlar tilfinningar í viðtali, brosir aldrei og er oft eins og úti á þekju.

Í síðustu viðtölum mínum við Anton var framkoma hans undarlegri og barnalegri en í fyrstu viðtölunum, og virtist sem erfiðara væri að ná sambandi við hann. Klæðaburður breyttist líka, og í síðasta viðtali sat hann á stuttermaskyrtu og íþróttabuxum og var sífellt að renna höndum undir buxnastrenginn og fikta í fötum sínum. Framkoman líkist því, að um mikla „regression“ væri að ræða, það er afturhvarf til barnslegra hegðunarhátta.“

Þá er sjúkdómsprófun ákærða lýst í sömu skýrslu, og segir þar meðal annars orðrétt:

„Þegar Anton fór fyrst í áfengismeðferð haustið 1986, kom fram, að hann var haldinn þeim ranghugmyndum með paranoid-blæ, að fólk talaði um sig, og í síðari sjúkrahúslegu hans kom fram, að hann er á köflum haldinn miklum ranghugmyndum, þar sem honum finnst hann geta talað við sjónvarpið með augunum og móður sína.“

Þá verður nefnt sem dæmi um sturlunarástand hans á síðastliðnum mánuðum, að hann hafi haft tilfinningu af lömunarvél, sem móðir sín stjórni.

Þá segir orðrétt í skýrslunni:

„Þótt Anton hafi á köflum drukkið mikið og neytt amfetamíns, sérstaklega fyrir um ári, þá getur sú neysla ekki talist líkleg til að skýra sturlunar-

einkenni hans nú, og má benda á, að læknar á Vogi töldu háttalag hans svo ólíkt hegðun annarra sjúklinga, er þeir meðhöndluðu hann, að hann var sendur á geðdeild til meðferðar.

Þekkt er, að amfetamín getur valdið sturlunareinkennum, einkum við mikla og langvinna notkun, þegar svefn er lítill eða enginn dögum eða vikum saman, en ekkert kemur fram, sem bendir til, að neysla Antons hafi verið þannig, heldur komi þessi einkenni fram einnig, þegar Anton hafi ekki verið í óreglu um nokkurt skeið. Gott dæmi um þetta er sú þróun, sem orðið hefur nú við varðhaldsdvöl Antons, þar sem hann hefur sýnt sjúklegt athæfi að mati fangavarða og fangelsislæknir séð ástæðu til að meðhöndla hann með geðlyfjum. Þá verður að teljast mjög ólíklegt, að þessi einkenni geti skýrst af vímuefnanotkun hans.“

Í skýrslunni er greint frá rannsóknum, en þar segir orðrétt:

„Ekkert óeðlilegt hefur komið fram við líkamlegar rannsóknir. Ekkert óeðlilegt er að finna við líkamlega skoðun. Blóðhagur, sökk og deilitalning blóðs eru eðlileg. Elektrólýtar, blóðsykur, prótín, lifrarpróf, skjaldkirtilshormón og kynhormón er allt innan viðmiðunarmarka eða nærri þeim. Mæling á mótefnum við eyðnivírus er neikvæð og heilarit innan eðlilegra marka.

Sálfræðipróf, sem lögð voru fyrir Anton, sýna, að hann hefur að minnsta kosti meðalgreind, og ekkert kom fram, sem benti til heilaskemmda eða annarra vefrænna truflana. Rorschach-persónuleikapróf var metið þannig, að um skert raunveruleikatengsl væri að ræða undir tilfinningahlöðnum kringumstæðum. Á MMPI-persónuleikaprófi kemur fram hækkun á schizophren-þætti, sjúklegum einkennum í hugmyndalífi, kvíða og þunglyndi.“

Þá er að lokum tekin hér upp orðrétt niðurstaða geðrannsóknar dr. Helga í meginskýrslu hans:

„Af framansögðu þykir mér einsýnt, að Anton sé haldinn geðsjúkdómi. Það er mat mitt, að Anton uppfylli skilmerki um geðsjúkdóminn schizophrenia 295,0, auk þess sem hann er haldinn áfengisfíkn og misnotar einnig aðra vímugjafa. Ég tel líklegast, að hann hafi framið verknað þann, sem um er fjallað, í sturlunarkasti, ómeðvitaður um afleiðingar gerða sinna. Hér kemur vissulega til álita, að Anton hafði drukkið áfengi og neytt amfetamíns, þegar atburðurinn varð, en aðstæður allar benda fremur til sturlunar en viljandi ofbeldis.

Ekki verður með vissu dæmt um, hver þáttur áfengis og amfetamíns var í sturlunarástandi því, er leiddi til verknaðarins, en ólíklegt verður að teljast, að þessi vímuefni hefðu framkallað slík sturlunareinkenni hjá manni, sem væri heill á geðsmunum fyrir.

Það er því niðurstaða mín, að Anton sé haldinn geðveiki, sem hafi, þegar

atburðurinn gerðist, gert hann ófæran um að skilja afleiðingar gerða sinna. Það er álit mitt, að Anton þurfi að fá viðeigandi meðferð, sem fyrst og fremst sé fólgin í lyfjatöku. Anton getur ekki, eins og ástand hans er nú, talist hættulaus sjálfum sér eða umhverfi sínu, þar sem hann hefur margsinnis ráðist á fólk, að því er virðist, af litlu tilefni með barsmíðum og ofbeldi."

Eins og áður segir, hefur dr. Helgi gert tvær viðbótarskýrslur, sem varða geðheilsu ákærða. Eru þessar skýrslur gerðar að ósk dómara málsins, sem taldi framkomu Antons í réttarhöldum bæði 14. apríl sl. og síðar vera með þeim hætti, að ekki yrði hjá því komist að afla þessara viðbótarskýrslna, svo að unnt væri að leggja mat á geðrænt sakhæfi ákærða.

Má segja, að skýrslur þessar staðfesti, að mikil þörf var á því, að þær kæmu fram. Í stuttu máli lýsa skýrslurnar báðar þeim miklu geðsveiflum, sem fram koma í allri framkomu ákærða. Segir meðal annars í skýrslu frá 30.9. sl. orðrétt: „Meðan á varðhaldsdvölinni í Síðumúla stóð, var Anton mjög fjarrænn í hugsun og erfitt að ná sambandi við hann, kvartaði um að geta ekki hugsað og virtist eiga mjög erfitt með að koma frá sér heilli setningu. Fangelsislæknar afréðu í samráði við mig að setja Anton á geðlyfjameðferð, trilafon, í litlum skömmtum.

Í lok maí var afráðið, að Anton flyttist í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Við komu þangað var hann mjög einrænn, umgekkst ekki aðra fanga, sýndi engan áhuga á neinu í umhverfinu og lýsti fyrir mér tilfinningum um, að hugsunin væri stöðvuð í höfði sér, fannst hann vera dáinn og heilinn bráðna allur og leka út úr höfðinu. Hann virtist einnig vægt paranoid (með ofsóknar-ranghugmyndir), fannst, að einhverjir lægju á hleri, þegar við töluðum saman. Einnig lýsti hann ranghugmyndum um, að móðir sín væri dáin og hefði fyrirfarið sér.

Vegna þessa psychotíska ástands var ákveðið að meðhöndla Anton með cisordinol-töflum í byrjun júní, fyrst 20 mg á dag, sem var aukið í 60 mg á dag, þegar ástand hélst óbreytt. Við þessa skammta koma fram töluverðar extrapýramídal aukaverkanir, sem lýsa sér í stjarfa, en þær löguðust við gjöf andkolinergra lyfja.

Hinn 10. júní ræddi ég við Anton, og var hann þá mun betri en áður og gat rætt nokkuð líðan sína og viðhorf. Næstu tvær vikur virtist geðheilsa hans fara batnandi, en hann var þá haldinn mikilli tómleikatilfinningu og einhverjum ranghugmyndum, og 23. júní reyndi hann að sarga sundur æð á úlnlið sér.

Á þessu tímabili reyndi ég að vinna að því að fá Anton fluttan á geðdeild, en ekki náðist samkomulag um það við yfirlækna geðdeilda þrátt fyrir miklar viðræður. Var því afráðið, að Anton flyttist á Litla-Hraun til áframhaldandi geymslu, þar til dómur félli.

Af hagkvæmnisástæðum var ákveðið, að hann skyldi fá cisordinol í langvirkri sprautugjöf frekar en í töflum, og fékk hann 150 mg í vöðva.

Hinn 11. júlí var Anton síðan fluttur á Litla-Hraun, þá orðinn einkennalítill. Hinn 21. júlí ræddi ég við hann á Litla-Hrauni, og var hann þá í fyrsta skipti alveg laus við ranghugmyndir og eðlilegur í viðtali. Síðan hef ég rætt þrisvar við hann, og virðist hann nú alveg laus við geðveikiseinkenni. Hann fékk síðast sprautu af cisordinoli í lok júlí, sem á að verka 3 til 4 vikur, og enda þótt hann hafi nú um skeið verið lyfjalaus, hafa ekki komið fram nein einkenni um psychosis, og við skoðun 14. september er hann eðlilegur í viðmóti og hefur engar ranghugmyndir. Hann teflir skák við samfanga sína og virðist geta umgengist fólk með eðlilegum hætti. Hann hefur stundað vinnu, en einstaka sinnum vantað og þá að sögn vísað til andlegrar vanlíðanar.

Álit. Þróun einkenna bendir til, að um sé að ræða schizophreniu í bata, 6 til 8 mánaða geðveikisástand, sem lagast við stutta lyfjameðferð. Dvöl Antons á Litla-Hrauni virðist ekki hindra bata hans. Fangavistin virðist miklu heldur vera furðulítið andlegt álag, og Anton virðist sætta sig við orðinn hlut. Þó kann að vera, að um einhverjar sveiflur í líðan sé að ræða, sem komi ekki fram í viðtölum við mig.

Sú staðreynd, að Anton hefur lagast verulega í fangavistinni, bendir til, að fíkniefnaneyslan hafi verið mjög áhrifamikill þáttur í að framkalla sjúkdómseinkennin í vor, þótt sú neysla ein sér sé ekki nægileg skýring á sjúkdómsástandinu.

Um horfur hans á áframhaldandi bata er ekki hægt að segja með vissu, en líklegast er, að einkennin geti komið fram aftur, einkum við mikið andlegt álag eða vímuefnaneyslu."

Í seinni skýrslu dr. Helga um geðheilsu ákærða, sem gerð er 17.11.1988, kveður við allt annan tón, og virðist Anton þá vera mjög breyttur frá því, sem virðist koma fram í fyrri skýrslu. Þar segir meðal annars orðrétt: „Hinn 23. október átti ég viðtal við Anton á Litla-Hrauni. Fangaverðir tjáðu mér, að Anton hefði þá um skeið verið fáskiptinn og lítið sem ekkert borðað sl. 7 daga.

Anton heilsaði mér með nafni og var í fyrstu hress, en varð fljótlega starandi og tapaði þræðinum, tautaði fyrir munni sér og virtist niðurdreginn. Aðspurður um áform sín í framtíðinni segist hann vera haldinn krabbameini og eigi sér engrar hjálpar von. Anton var greinilega í geðveikisástandi með ranghugmyndir og líklega truflun á hugsanagangi. Aðspurður hvort hann hafi komist í fíkniefni í fangelsinu, gefur hann fátt út á það, en neitar því ekki með öllu. Ég tel hins vegar ólíklegt, að hugsanleg fíkniefnaneysla ein sér valdi þessum einkennum.

Anton hafði nokkrum dögum fyrr byrjað að fá geðlyf (T. cisordinol,

5 mg x 3) hjá fangelsislækni, Pétri Skarphéðinssyni. Ræddi ég við Pétur daginn eftir og mælti með, að lyfjaskammturinn yrði aukinn.

Hinn 8. nóvember fór ég aftur austur að Litla-Hrauni og átti viðtal við Anton. Hann var nú eðlilegri í framkomu en í fyrra viðtali, og fangaverðir sögðu hann vera farinn að borða eðlilega. Hann tekur ennþá geðlyf, eins og ég hafði mælt með. Ekki koma fram ranghugmyndir, en Anton er stundum fjarrænn og tautar fyrir munni sér. Hann segist ekki hafa áhuga á neinu, les ekki blöð eða bækur og hefur ekki áhuga á að vinna í fangelsinu. Ég tel vafalaust, að um sé að ræða einkenni vegna geðsjúkdóms, sem nú séu að lagast á lyfjameðferð."

Dr. Helgi Kristbjarnarson hefur komið fyrir dóminn og svarað spurningum varðandi geðheilbrigði ákærða. Er hann fyrst spurður, hvort hann telji, að ákærði hafi verið ófær á þeim tíma, er hann vann það verk, sem hann er ákærður fyrir, um að ráða gerðum sínum eða hafa stjórn á þeim.

Svar hans læt ég fylgja hér orðrétt:

„Ég tel, að um þetta sé eingöngu hægt að leiða líkur, og mér finnst yfirgnæfandi líkur til, að svarið við spurningunni sé já, það er að segja, að hann hafi verið ófær um að ráða gjörðum sínum vegna sjúkleika."

Þá er Helgi spurður þeirrar spurningar, hvort högum ákærða sé þannig háttað nú, að refsing muni bera árangur í þeim skilningi, að hann skilji gildi hennar, og geti hugsanlega haft bætandi áhrif. Svar Helga fer hér á eftir orðrétt:

„Ég taldi í sumar, að dvölin og viðeigandi lyfjameðferð leiddi ekki til versnunar á sjúklegu ástandi hans, en hins vegar hefur það síðan gerst, að sjúkdómur hans hefur versnað, og ég get ekki fullyrt, nema það umhverfi, sem hann sé í, kunni að viðhalda sjúkdómnum, svo að ég tel, að hugsanlega væri betra, að hann væri á stofnun, sem væri sérhæfðari fyrir meðferð geðsjúkra." Þá er Helgi spurður í framhaldi af þessu þeirrar spurningar, hvort hann telji líkur til, að refsivist muni vera hvati að því, að þessi tiltekni aðili fremdi ekki afbrot aftur eða svipað athæfi.

„Ég tel það mjög vafasamt, að slíkt hafi nein fyrirbyggjandi áhrif, þar sem ég tel, að Anton hafi væntanlega ekki verið í ástandi til þess að gera sér grein fyrir því, sem gerðist á þeim tíma, þegar það gerðist, og þar af leiðandi séu fyrirbyggjandi áhrif refsingar fyrir þennan glæp óverulegar eða engar, nema hugsanlega síður sé."

Þá er Helgi spurður að því, hvort hann telji, að geðveikisástand, sem hann segir Anton vera í, eigi rót sína fyrst og fremst að rekja til geðsjúkdóms eða hvort þetta sé áunnið frekar með neyslu fíkniefna og áfengis. Orðrétt svar Helga:

„Ég tel, að hann sé tvímælalaust haldinn geðsjúkdómi, og ég tel tvímælalaust, að hann versni, sjúkdómur hans, við neyslu, og ég tel, að ef hann

væri ekki haldinn þessum geðsjúkdómi, þá mundi hann ekki fremja ódæðisverk vegna þeirrar vímuefnaneyslu, sem hann hefur ástundað, það er að segja, vímuefnaneyslan er ekki, að því er virðist, svo mikil, að hún ein sér geti skýrt þetta geðveikisástand. Það er sem sagt að mínu áliti tvímælalaust geðsjúkdómurinn, sem liggur til grundvallar, að það sturlunarástand kemur fram, sem þarna er um að ræða.“

Þá er Helgi spurður um áhrif þess magns, sem reyndist vera af etanóli og amfetamíni við rannsókn á blóði og þvagi ákærða. Svar Helga orðrétt:

„Ég tel, að hann hafi tvímælalaust verið undir töluverðum áhrifum af þessu, en ég tel, að þetta magn eitt sér útskýri ekki það sturlunarástand, sem hann hafi væntanlega verið í. Það kemur líka fram í samtali Antons við mig, kom áður fram, að hann hafi verið kominn með ranghugmyndir, eins og kemur fram í skýrslu minni, áður en hann fór að drekka verulega eða neyta amfetamíns.“

III.

Álit dómsins.

Ákærði hefur játað það við rannsókn málsins að hafa aðfaranótt miðvikudags 6. apríl 1988 veitt X áverka með því að skera hann með hníf þvert á háls, 15 cm langan skurð, sem náði í gegnum ystu vöðvalög framanvert á hálsi og inn í barka.

Framburður hans er þó mjög ruglingslegur og óskýr, og fyrir dómi hefur hann ekki fengist til að gefa neinar skýringar á atferli sínu að öðru leyti en því, að hann hefur sagt, að hann hafi ekki ætlað að ráða manninum bana með því að veita honum áverkann, andstætt því sem eftir honum er haft við rannsókn málsins, þar sem hann segist hafa ætlað að drepa manninn.

Með stoð í vætti vitnisins X þykir því sannað, að ákærði hafi veitt honum áverka þann á hálsi, sem um ræðir í máli þessu, í þeim tilgangi að ráða honum bana. Ekki verður getum að því leitt, hvað vakað hafi fyrir ákærða, enda verður að hafa í huga geðheilbrigði hans, er atburðurinn varð. Ekki virðist hægt að rekja nein tengsl milli verknaðarins og aðdragandans að honum. Verður því með tilliti til þeirrar aðferðar, sem sannað telst, að ákærði hafi beitt, það er að bregða hnífi á barka X, að skoða verknaðinn sem ásetningsverknað, og varðar hann því við 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga. Þá verður að telja allar líkur til, að það hafi verið fyrir tilverknað árásarþola, að ekki fór verr en raun bar vitni.

Talið er sannað með framburði ákærða og vitnisins X, að ákærði hafi framið brot það, sem lýst er í ákæru og þar er rétt fært til refsiákvæða.

Með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum um ákærða, Anton Birgis-

son, telur dómurinn fram komið, að yfirgnæfandi líkur séu til, að hann hafi verið geðveikur á verknaðarstund 6. apríl 1988 og því ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga. Er vafalaust að áliti dómsins, að hann hefur þá vegna sjúklegs ástands síns verið alls ófær á þeim tíma, er hann vann verkið, til að stjórna gerðum sínum.

Dómari leitaði sérstaklega læknisumsagnar um það, hvort ætla mætti, að refsing gæti borið árangur. Verður af svari dr. Helga Kristbjarnarsonar ráðið, að fyrirbyggjandi áhrif refsingar yrðu óveruleg eða engin, nema hugsanlega síður væri.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til 15. og/eða 16. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða því eigi dæmd refsing. Hins vegar er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að varna því, að háski verði af ákærða. Ber því samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að ákærði sæti öruggri gæslu á viðeigandi stofnun. Samkvæmt lögjöfnun frá 178. gr. laga nr. 74/1974 ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Engar fjárkröfur hafa komið á hendur ákærða frá árásarþola, X.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að ákveða, að ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 kr., auk réttargæslu- og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 105.000,00 kr. Sókn í málinu hafði Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Birgisson, sæti öruggri gæslu á viðeigandi stofnun. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 kr., auk réttargæslu- og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 105.000,00 krónur.

Fimmtudaginn 23. nóvember 1989.

Nr. 248/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hannesi Ragnari Franzsyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsmeiðing. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1989 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, bar ákærði við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann myndi lítið sem ekkert um atburði aðfaranótt 3. október 1987, eftir að hann hefði fallið í gólf og fengið áverka á enni. Kvaðst hann ekki geta sagt af eða á um kæru K eða vefengt hana. Fyrir dómi bar hann einnig við minnisleysi, en neitaði öllum sakargiftum.

Skýrslum þeirra þriggja vitna, er ræddu hvert fyrir sig við K fyrrgreinda nótt eftir ætluð átök þeirra ákærða og raktar eru í héraðsdómi, ber saman um frásögn hennar og ástand og verða taldar framburði hennar til styrkingar. Sérstaka þýðingu hefur hér framburður vitnisins A, leigubifreiðarstjóra, sem kvaddur var að heimili ákærða þessa nótt til að sækja K. Kvað vitnið hana hafa verið mjög miður sín og í uppnámi. Hafi hún sagt, að ákærði, sem er föðurbróðir vitnisins, hafi ráðist á sig. Virtist vitninu hún vera mjög ráðalaus um það, hvað hún ætti að gera í málinu.

Vottorð Rögnvalds Þorleifssonar læknis um skoðun á K samdægurs styður og frásögn hennar um atburði næturinnar.

Enda þótt skýrslu rannsóknarlögreglumannanna Haralds Sigurðssonar og Björgvins Björgvinssonar um orð ákærða í lögreglubifreið eftir handtöku, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, verði ekki jafnað til venjubundinnar lögregluskýrslu um sönnunargildi, er hún þó til styrktar öðru, sem fram er komið í málinu um átök milli ákærða og K. Þegar á allt þetta er litið, þykir bera að staðfesta sakarmat

héraðsdómara. Með hliðsjón af þeim læknisfræðilegu gögnum, sem rakin eru í héraðsdómi um afleiðingar árásar ákærða, þykir hann hafa gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en í héraðsdómi er tilvitnun í síðastgreind lög röng.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald fjóra mánuði. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í þrjú ár, svo sem héraðsdómari hefur gert.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, og dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Nokkrir hnökrar voru á frumrannsókn máls þessa, sem ber að átelja. Yfirheyrsla yfir ákærða dróst óhæfilega lengi, tæplega tvo og hálfan mánuð. Rétt hefði verið með hliðsjón af þeim framburði K, að hún hefði slegið ákærða í höfuðið með vasa eða styttu, að fá lækni til að skoða áverka þann, sem ákærði hafði fengið umrædda nótt á enni, eða hugsanlega aðra áverka á höfði hans. Þá fór rannsókn á fatnaði K ekki fram fyrr en eftir, að dómsmeðferð málsins hófst, enda þótt fatnaðurinn hefði verið afhentur rannsóknarlögreglu í upphafi rannsóknar.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Ragnar Franzson, sæti varðhaldi fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1989.

Ár 1989, föstudag 28. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur

í sakadómsmálinu nr. 223/1989: Ákæruvaldið gegn Hannesi Ragnari Franzsyni, sem tekið var til dóms 18. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 9. nóvember sl., á hendur ákærða, „Hannesi Ragnari Franzsyni yfirmatsmanni, Lambastekk 11, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. nóvember 1925, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt 3. október 1987 á heimili sínu ráðist á K, fædda ..... 1932, og misþyrmt henni með því að taka hana harkalegum tökum og hrinda henni til um íbúðina og í gólfið með þeim afleiðingum, að hún hlaut marblett yfir hægra kinnbeini, marblett og fleiður aftan við hægra eyra, marflekki á báða handleggi, báða fótleggi og upp eftir lærum og liðband innanvert á hægra hné tognaði eða slitnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist."

Málavextir.

Laugardag 3. október 1987 kl. 18.00 sneri K, fædd ..... 1932, sér til Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði ákærða í máli þessu fyrir líkamsárás og tilraun til nauðgunar, sem gerst hefði á heimili hans nóttina áður á tímabilinu frá kl. 3.00 til kl. 4.00.

Skýrði vitnið svo frá, að kvöldið áður hefði staðið yfir hóf hjá starfsmönnum ..... hér í borg, en vitnið kvaðst vinna hjá þeirri stofnun með ákærða. Vitnið kvaðst hafa farið úr samkvæminu um kl. 1.00 ásamt þremur vinnufélögum sínum, ákærða, A og Á. Hefðu þau öll farið inn í sömu leigubifreið, og kvaðst vitnið hafa ætlað heim til sín. Hefði ákærði sest í framsæti bifreiðarinnar og beðið leigubifreiðarstjórann að aka heim til sín að ..... hér í borg. Er þangað var komið, vildi ákærði, að þau kæmu öll inn, og varð það úr, að vitnið, A og ákærði fóru út úr bifreiðinni, en Á ekki. Fóru vitnið og A inn með ákærða, sem bauð upp á áfengi. Dvöldust vitnið og A smástund í stofunni, meðan beðið var eftir leigubifreið, sem vitnið kvað hafa verið búið að biðja um. Fullyrti ákærði, að leigubifreið sú, sem hafði verið pöntuð, væri farin. Stóð A þá upp og gekk út úr stofunni, og hélt vitnið þá, að hún ætlaði að hringja á aðra leigubifreið. Sat vitnið því áfram í stofunni. Vitnið varð ekki vart við, er A hvarf úr húsinu, en ákærði upplýsti vitnið um það. Bað vitnið ákærða að hringja á leigubifreið, en hann neitaði því og fór í staðinn að leita á vitnið, sem sat þá í stofunni, með því að setja höndina undir pilsið, sem vitnið var í, og káfa á klofi þess. Reif ákærði vitnið úr sokkabuxum þeim, sem það var í. Vitnið barðist um og reyndi að losa sig, en ákærði hélt því með annarri hendi og káfaði á því með hinni. Vitnið taldi, að ákærði hefði náð

að koma með fingurna að kynfærum sínum, þar sem vitnið var mjög aumt þar, er yfirheyrsla fór fram. Vitnið náði að losa sig úr stólnum, sem það sat í, en ákærði hrinti því þá inn í svefnherbergi. Þar losnaði vitnið frá ákærða og komst aftur inn í stofu, þar sem ákærði náði vitninu aftur og hrinti því í gólfið. Lenti vitnið á bakinu, og lagðist ákærði ofan á það. Vitnið barðist um og kallaði á hjálp, en það bar ekki árangur. Er vitnið lá þarna, náði það að teygja hægri hönd í vasa eða styttu, sem stóð á litlu borði, og slá ákærða í höfuðið. Við þetta komst vitnið undan ákærða og skreið eftir stofugólfinu fram í forstofu, stóð þar upp og hringdi í S, systur sína. Bað vitnið hana að kanna, hvar ákærði ætti heima, þar eð vitnið gat ekki lesið í símaskrá, vegna þess að það var ekki með gleraugu. Er S var búin að þessu, hringdi vitnið á leigubifreið frá Hreyfli. Meðan vitnið beið eftir henni, fór það inn í stofuna til að taka saman dót sitt, og sá það þá, hvar ákærði sat þar á stól og virtist sofa. Tók vitnið dót sitt saman, en það var þá komið úr báðum skóm og einnig sokkabuxum. Taldi vitnið báða skóna hafa farið af sér, er ákærði reif af því sokkabuxurnar. Kom leigubifreið stuttu síðar, og fór vitnið inn í hana. Vitnið kvaddi lögreglu ekki til, þar sem það var í miklu „sjokki", og var því efst í huga að komast strax heim. Vitnið kvaðst hafa sagt leigubifreiðarstjóranum, hvaða maður hefði ráðist á sig og gert tilraun til nauðgunar. Kannaðist leigubifreiðarstjórinn við ákærða og var alveg gáttaður á, að hann skyldi haga sér svona.

Vitnið kvað engan fatnað hafa rifnað nema sokkabuxur, og faldur á pilsi hefði losnað að framanverðu. Kvað vitnið ákærða ekki hafa farið úr neinum fötum, meðan á átökunum hefði staðið.

Vitnið kvaðst hafa verið nokkuð ölvað, en ekki svo, að það vissi ekki, hvað gerst hefði heima hjá ákærða.

Vitnið kvaðst hafa farið á slysadeild Borgarspítalans eftir hádegi sama dag og yfirheyrslan fór fram, þar sem vitnið var með mikinn verk í hægra fæti og auk þess marið og blátt um allan líkamann.

Við meðferð málsins skýrði vitnið frá í meginatriðum á sama veg. Vitnið kvað sig og ákærða hafa setið og spjallað saman, eftir að A var farin. Er vitnið hefði sýnt á sér fararsnið og beðið ákærða að hringja á leigubifreið, hefði engum togum skipt, að ákærði réðst á vitnið og ýtti því niður í stól og fór höndum um það, greinilega í kynferðislegum tilgangi. Brást vitnið til varnar, og barst leikurinn um stofugólfið og inn í herbergi. Komst vitnið þaðan inn í stofu, þar sem ákærði náði því aftur og skellti því í gólfið. Fann vitnið þá eitthvað bresta í hægra hné. Hélt ákærði vitninu með annarri hendi og hafði tilburði til að afklæða sig, er vitnið kom auga á vasa eða styttu, sem það greip og náði að slá ákærða með í höfuðið. Virtist ákærði vankast við þetta, svo að vitnið komst undan honum. Vitnið staulaðist á fætur, en fann strax fyrir miklum sársauka í hnénu.

Vitnið kvaðst hafa reynt að hrópa á hjálp, en kvað sér liggja lágt rómur. Vissi vitnið, að barnabarn ákærða var í húsinu, en varð aldrei vart við það, eftir að átökin hófust.

Kl. 11.00 daginn eftir, að mál þetta var kært til Rannsóknarlögreglu ríkisins, fóru rannsóknarlögreglumennirnir Björgvin Björgvinsson og Haraldur Sigurðsson á heimili ákærða í því skyni að handtaka hann. Segir í skýrslu þeirra um handtökuna, að ákærði hafi viðurkennt í lögreglubifreiðinni að hafa lent í átökum við K á heimili sínu umrædda nótt, er þau voru orðin tvö eftir. Var ákærði með áverka á enni, sem hann sagðist ekki muna eftir að hafa fengið, en bar við mikilli ölvun og kenndi því um, hvernig komið væri fyrir sér.

Í skýrslunni segir síðan, að ákærði hafi óskað eftir að fá að ræða einslega við yfirmann rannsóknarlögreglunnar, áður en yfirheyrsla yfir sér hæfist, og hafi það verið heimilað. Hafi ákærði rætt við Þóri Oddsson vararannsóknarlögreglustjóra, og að því loknu hafi ákærða verið ekið heim til sín og yfirheyrslu frestað.

Ákærði var ekki yfirheyrður fyrr en 10. desember sama ár. Kvaðst ákærði hafa tekið þátt í gleðskap hjá ..... umrætt kvöld. Hefði verið setið að drykkju fram eftir kvöldi og hann drukkið talsvert og K einnig. Um kl. 23.00 hefðu svo ákærði, K, A og Á farið heim til ákærða í leigubifreið. Hefðu ákærði, A og K farið þar inn. Ákærði kvaðst hafa tekið þar upp vodkaflösku og skenkt þeim í glös. A hefði síðan farið snemma, þar sem hún hefði átt að fara í flug daginn eftir. Eftir að A var farin, kvað ákærði sig og K hafa setið saman „að drykkju og dufli". Mundi ákærði svo óljóst, að hann hefði dottið og hruflast á enni. Eftir það kvaðst ákærði ekki muna neitt, og væri um algert „black out" að ræða hjá sér eftir það, þar til hann vaknaði um kl. 9.00 morguninn eftir, sitjandi í stofunni. Voru þá glös á borði og hálf flaska einnig. Kvað ákærði hið eina, sem úrskeiðis hefði farið, hafa verið öskubakka, sem legið hefði á gólfinu, og blómaskreytingu, sem dottið hefði á gólfið. Kvað ákærði ekkert hafa verið á sér að sjá fyrir utan rispu á enni eftir fallið.

Ákærði kvaðst hvorki geta sagt af né á um kæruna eða vefengt nokkuð, þar eð hann myndi ekki neitt.

Við meðferð málsins neitaði ákærði sakargiftum. Kvað hann þau K hafa sest að drykkju, eftir að A var farin. Þau hefðu drukkið mikið og vel farið á með þeim. Kvaðst hann muna það síðast eftir sér um nóttina, að hann hefði verið að ganga um gólf í stofunni og hrasað og dottið á arin þar með þeim afleiðingum, að hann hefði hruflast á enni og fengið kúlu á það. Kvaðst ákærði ekki muna, hvenær þetta var um nóttina, en kvaðst eftir þetta vera sleginn algjöru minnisleysi, þar til hann vaknaði seint um morguninn. Ákærði upplýsti, að hann væri 1,89 m á hæð og 98 kg.

Vitnið A kveðst hafa farið inn á heimili ákærða ásamt honum og K eftir gleðskapinn hjá ..... greint sinn. Kveður vitnið ákærða hafa lagt hart að þeim K að koma aðeins með sér inn. Vitnið kveður þetta hafa verið um miðnætti. Kveðst það hafa farið fljótlega aftur og ekki þegið áfengi, sem ákærði hafi boðið. Kveður vitnið K ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum, en ákærða verið orðinn „ansi hífaðan".

Vitnið T kveðst hafa komið heim til afa síns, ákærða í málinu, um miðnætti eða laust eftir það umrætt sinn, og kveður vitnið hafa verið þar, auk ákærða, tvær konur, sem vitnið hafi heilsað, en ekki rætt frekar við. Kveður vitnið, að ákærði og önnur konan, sem hafi verið með gleraugu, hafi verið undir verulegum áfengisáhrifum, en hin konan ekki eins mikið. Vitnið kveðst hafa horft á myndband til klukkan rúmlega 2.00 ásamt tveimur kunningjum sínum, en að því loknu fylgt þeim til dyra og farið að sofa. Áður kveðst vitnið þó hafa gáð fram í stofuna og séð, hvar ákærði og önnur konan lágu á gólfinu, og hafi sér virst fara vel á með þeim. Hafi konan eitthvað fært sig til og gripið í stól, sem hafi dottið. Vitnið kveðst hafa vaknað einhvern tíma um nóttina, um klukkan 4.00, að vitnið hélt, til þess að fara á salerni, en ekkert athugað um ákærða og konuna þá. Kveðst vitnið svo hafa vaknað um hádegi og litið inn í herbergi ákærða og þá virst hann vera „skelþunnur". Vitnið kveðst hafa farið fram í stofu og séð, hvar einn stóll var kominn á hliðina og öskubakki á gólfi. Þá hafi vindlingastubbar verið á teppinu og brunablettir í því.

Vitnið S, systir K, kveður systur sína hafa hringt til sín um klukkan 3.45 greinda nótt. Hafi það aldrei gerst, að hún hafi hringt í vitnið á þeim tíma sólarhrings. Hafi hún virst reið og í miklu uppnámi. Hún hafi sagst vera heima hjá ákærða, en ekki vita heimilisfang þar. Hafi hún sagt, að ákærði hefði ráðist á sig og reynt að nauðga sér, en hún slegið hann í höfuðið með styttu eða vasa. Lægi hann þarna í íbúðinni, en hún héldi, að hann væri ekki „dauður". Vitnið kveðst hafa fundið, hvar ákærði ætti heima, og gefið systur sinni það upp. Kveðst vitnið hafa hringt til systur sinnar um hálfri klukkustund síðar og hún þá verið komin heim.

Davíð Bergmann Guðbjartsson lögreglumaður kveðst hafa verið að aka leigubifreið nefnda nótt. Kveðst vitnið hafa verið sent að ..... um nóttina, en ekki muna, hvað klukkan hafi verið. Hafi kona komið út úr húsinu og sest upp í leigubifreiðina. Allt í einu hafi hún sagt: „Ég veit ekki, hvað ég á að gera, bílstjóri." Hafi hún síðan skýrt frá, að ákærði, sem er föðurbróðir vitnisins, hefði ráðist á sig og beitt sig órétti. Jafnframt hafi hún sagt, að hann væri vinnufélagi sinn, og þess vegna væri erfitt fyrir sig að gera eitthvað í málinu til að fá hlut sinn réttan. Kveður vitnið sér hafa virst konan vera mjög ráðalaus um það, hvað hún ætti að gera. Hafi vitnið bent henni á, að vitnið væri ekki réttur aðili til að ráðleggja henni, en lagt

til, að hún færi heim og hugsaði málið, en jafnframt bent henni á að draga ekki lengi að kæra, ef hún ætlaði sér það. Kveðst vitnið hafa ekið konunni heim til hennar að.....í Kópavogi. Vitnið kveðst enga áverka hafa séð á henni, en hárið hafi verið úfið og það ekki leynt sér, að hún var í miklu uppnámi og miður sín. Kveðst vitnið hafa bent henni á að fara upp á slysadeild, ef hún fengi einhverja áverka, og láta skoða þá. Hafi vitninu virst ráðaleysi konunnar svo mikið og hún svo miður sín, að sér hafi borið skylda til að aðstoða hana eitthvað og gert það á framangreindan hátt.

Vitnið M, dóttir K, kveðst hafa vaknað við mannamál umrædda nótt, sennilega milli klukkan 4.00 og 5.00. Kveðst vitnið hafa farið fram og séð, hvar móðir þess var að tala við sjálfa sig. Hafi hún virst mjög miður sín og vera að reyna að hugga sig. Hafi hún stuðst við dyrastaf og haltrað á móti vitninu. Kveðst vitnið hafa spurt, hvort hún væri hölt, og hún þá sagt, að ráðist hefði verið á sig og reynt að nauðga sér. Hafi hún nefnt ákærða á nafn í því sambandi. Hún hafi verið undir áhrifum áfengis, en ekki áberandi ölvuð. Hafi hún fljótlega lagst til svefns og haft á orði, að hún vonaðist til að verða betri í fætinum sem og andlega. Kveðst vitnið hafa rætt við móður sína aftur milli klukkan 9.00 og 10.00 um morguninn og þá heyrt, að hún var að stynja og kveinka sér. Hafi hún kvartað undan miklum sársauka í hné og sagst varla geta hreyft það. Vitnið kveðst hafa farið til vinnu eftir þetta, en áður hafi það gefið móður sinni svefntöflu, þar sem hún hafi sagt, að hún hefði sofið illa. Vitnið kveðst hafa komið úr vinnunni klukkan 14.00 og líðan móður sinnar þá verið mjög slæm. Kveðst vitnið þá hafa hringt eftir sjúkrabifreið og farið með móður sína á slysadeild Borgarspítalans.

Vitnið H kveður K hafa haft samband við sig daginn eftir umræddan atburð og skýrt vitninu frá málavöxtum. Ákærði hafi svo rætt við vitnið næsta dag og greint frá málavöxtum frá sínum bæjardyrum séð. Hafi ákærði borið við minnisleysi, en sagst ekki skilja, að átök hefðu orðið, þar sem tveir piltar, sem staddir hefðu verið í húsinu, hefðu einskis orðið varir. Auk þess hafi lítil sem engin ummerki verið um slíkt. Vitnið kveður, að er það hafi rætt við ákærða, hafi hann verið með áverka á enni, sem hefði stemmt við lýsingu K á því, að hún hefði náð að berja hann í höfuðið með einhverjum hlut.

Vitnið Haraldur Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður kveðst hafa farið á heimili ákærða sunnudag 4. október 1987 ásamt Björgvin Björgvinssyni, starfsbróður vitnisins. Þar hafi ákærði verið handtekinn og færður til skýrslutöku, eftir að honum hafði verið kynnt tilefni handtökunnar. Hafi ákærði skýrt lögreglumönnunum frá því í lögreglubifreiðinni að fyrra bragði, að hann hefði lent í átökum við K á heimili sínu greinda nótt, eftir að þau hefðu verið orðin tvö ein eftir. Kveðst vitnið muna, að ákærði hafi

verið hruflaður á enni, er það hafði afskipti af honum. Er komið hafi verið á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar, hafi ákærði viljað fá að ræða við yfirmann þann, sem hafi verið á vakt. Það hafi verið leyft, og að því loknu hafi ákærða verið sleppt og ekið aftur heim.

Vitnið Björgvin Björgvinsson rannsóknarlögreglumaður kannast við að hafa farið á heimili ákærða greint sinn ásamt Haraldi Sigurðssyni. Þar hafi ákærði verið handtekinn, eftir að honum hafði verið kynnt kæran. Í lögreglubifreiðinni hafi ákærði nefnt, að hann hefði lent í átökum við konuna, og jafnframt spurt, hvort hún væri illa farin. Kveðst vitnið muna, að ákærði hafi verið með einhvern áverka á enni. Ákærði hafi beðið um að fá að ræða við yfirmann rannsóknarlögreglunnar. Það hafi verið fúslega leyft og ákærða sleppt eftir það.

Vitnið Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri kannast við að hafa rætt einslega við ákærða í skrifstofu sinni 4. október 1987. Kveðst vitnið muna eftir því, að ákærði hafi skýrt sér frá því, að kærandi málsins væri samstarfsmaður sinn. Jafnframt hafi ákærði greint frá því, að eiginkona sín hefði verið á spítala og komið heim um helgina. Hafi ákærði sagst vera miður sín og spurt, hvort möguleiki væri á, að yfirheyrslu yfir sér yrði frestað, meðan gerð yrði tilraun til að leysa málið milli sín og kæranda. Kveðst vitnið hafa ákveðið að fresta yfirheyrslunni, eftir að lögmaður kæranda hafi lýst sig fylgjandi því, meðan leitað yrði sátta.

Við meðferð málsins kom fram, að föt K voru tekin í vörslur rannsóknarlögreglunnar við upphaf rannsóknar málsins. Að fyrirlagi dómsins fór fram rannsókn á fötum hennar. Voru teknar ljósmyndir af þeim og skýrsla gerð um rannsóknina. Segir um rannsóknina í skýrslunni, sem dagsett er 15. desember sl., að faldur á pilsi hafi verið rifinn á 14 cm löngum kafla að aftan, vinstra megin við klauf. Slettur hafi verið í prjónapeysu á hægri ermi við olnboga og rifa og lykkjufall á nælonsokkabuxum frá streng og 35 cm niður hægra læri.

Svo sem áður greinir, fór K á slysavarðstofu Borgarspítalans daginn eftir dvöl sína á heimili ákærða. Segir svo í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis, dagsettu 4. janúar 1988, um komu hennar þangað og eftirlit með henni eftir það til þess tíma, sem vottorðið er ritað:

„Þ. 3/10 1987 kl. 15.31 kom á slysadeildina kona, er kvaðst vera fyrrgreind K. Hún skýrir svo frá, að á milli kl. 3.00 og 4.00 nóttina áður hefði verið ráðist á sig og reynt að nauðga sér. Hún kvaðst hafa verið stödd í.....í Breiðholti, en gat ekki tilgreint nákvæmlega, hvar hún var stödd í þeirri götu. Atvikum er ekki nánar lýst. Sjúkl. var almennt mjög miður sín. Hún kvartaði mest um verk í hægra hné og vinstri ökkla, en auk þess um eymsli og verki víðs vegar um líkamann.

Skoðun leiddi eftirfarandi í ljós: Marblettur er yfir hægra kinnbeini og

einnig marblettur og fleiður aftan við hægra eyra. Marflekkir voru á báðum framhandleggjum, einnig útbreiddir marflekkir á báðum fótleggjum og upp eftir lærum innanverðum. Mikil eymsli voru innanvert á hægra hné, og utanvert á vinstri ökkla var aumur blámaflekkur. Vegna sársauka gat sjúkl. ekki rétt að fullu úr hægra hné. Lítils háttar vökvi virtist í liðnum. Vegna eymslanna í hnénu einkanlega treysti sjúkl. sér ekki til að ganga óstuddur. Röntgenmyndir voru teknar af hægra hné og vinstri ökkla, og sáust ekki beináverkar á þessum myndum. Marblettirnir voru bláir og nýlegir að sjá og sýndust geta verið frá þeim tíma, sem sjúkl. tilgreindi.

Þrýstingsumbúðir voru lagðar á hægra hné, og fór sjúkl. síðan heim, en var stefnt til eftirlits og frekara mats tveimur dögum síðar.

Hún kom 5/10 aftur á slysadeild og taldi þá, að verkirnir í hnénu hefðu farið dvínandi. Allar hreyfingar reyndust þó sárar í hnénu og veruleg eymsli innanvert á liðnum. Lítils háttar vökvasöfnun var einnig í honum. Svo virtist sem liðband innanvert í liðnum hefði tognað eða slitnað að einhverju leyti. Teygjuumbúðir voru aftur settar á hnéð og sjúkl. stefnt til endurkomu fimm dögum síðar. Ekki er í þetta sinn vikið að öðrum áverkum.

K kom næst á slysadeildina 9/10. Hún taldi, að eymslin í hægra hné hefðu farið heldur rénandi. Enn gekk hún þó draghölt, og eymslin voru svipuð innanvert á hægra hné, enn fremur eymsli í vinstri ökkla, en ekki fundust merki um, að liðbönd þar hefðu slitnað. Stungið var á hnénu og tæmdur út nokkur vökvi og síðan lagður gipshólkur á hnéð til stuðnings því.

Þ. 23/10 kom K næst á slysadeildina. Var gipshólkurinn þá fjarlægður, en þess í stað var sjúkl. ávísað spelkuumbúnaði, sem leyfir tilteknar hreyfingar í hnéliðnum. Enn voru eymsli innanvert á hné og ofurlítil vökvasöfnun í liðnum.

Næsta eftirlit fór fram 5/11. Eymslin í hnénu höfðu heldur farið rénandi, en þó engar meginbreytingar á orðið. Enn var hnéð aumt og með skerta hreyfigetu og nokkur vökvasöfnun í því.

Sjúkl. var stefnt til eftirlits þremur vikum síðar. Hún kom 26/11. Hún kvað líðanina í hnénu fara jafnt og þétt batnandi, kvartaði helst um, að hún þreyttist í hnénu á kvöldin og hámarkskrepping væri enn sár. K gekk núorðið óhölt á sléttu gólfi. Enn var væg vökvasöfnun í hnélið, og nokkur þreifieymsli voru á hnénu innanverðu, svarandi til hliðarliðbandsins. Sjúkl. var látinn hætta að nota stuðningsspelkuna, en vísað í meðferð hjá sjúkraþjálfara.

Síðast kom K á slysadeild 21/12 sl. Hún kvaðst þá enn þreytast í hnénu við álag og finna fyrir nokkrum hreyfieymslum, en lét a.ö.l. vel af líðan sinni. Eymsli voru ekki veruleg í hnénu lengur, en einkenni bentu til slaka á fremra krossbandi, og þótti sýnt, að það hefði tognað verulega eða

jafnvel slitnað í upphafi. Við þessu varð þó ekkert gert. Rétt þótti, að sjúkl. héldi áfram í meðferð hjá sjúkraþjálfara og kæmi a.m.k. einu sinni enn til eftirlits eftir áramótin. K gerði ráð fyrir að fara nú að vinna aftur."

Læknirinn ritaði annað vottorð, sem dagsett er 5. júlí 1988, um afskipti sín af K, eftir að fyrra vottorð var ritað.

Segir svo í niðurlagi vottorðsins: „Með hliðsjón af óvissum orsökum verkjanna (í hnénu, innskot dómsins) hljóta batahorfur að teljast jafnóvissar."

Björn Önundarson tryggingalæknir gerði örorkumat á K, og er það dagsett 7. október sl. Var tímabundin örorka hennar metin hæfileg 100% í þrjá mánuði og 50% í fjóra mánuði. Varanleg örorka var metin 25% og þar af 10% vegna áverkans á hægra hnélið.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann fyrir rúmu 41 ári dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir tilraun til þjófnaðar. Hlaut hann náðun vegna þess dóms árið 1951 og hefur síðan ekki sætt öðrum refsingum vegna brota gegn almennum hegningarlögum.

Niðurstöður.

Þegar virtur er einarður framburður vitnisins K, læknisvottorð í málinu, örorkumat, skýrsla rannsóknarlögreglunnar um rifinn fatnað K og höfð er hliðsjón af framburði S, sem ræddi við K um kl. 3.45 um nóttina, framburði Davíðs Bergmanns Guðbjartssonar, sem lýst hefur því, að K hefði verið mjög miður sín, er vitnið ók henni heim til sín, framburði M, sem kveður K hafa haltrað á móti sér umrædda nótt, og framburði Haralds Sigurðssonar og Björgvins Björgvinssonar rannsóknarlögreglumanna, sem kveða ákærða hafa af sjálfsdáðum skýrt þeim frá, að hann hefði lent í átökum við K greinda nótt, og að lokum tekið mið af minnisleysi ákærða um atburði, verður að teljast sannað, að ákærði hafi misþyrmt K greint sinn með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir.

Þykir háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt ofangreindri lagagrein, og þykir hún hæfilega ákveðin varðhald tvo mánuði. Rétt þykir þó með tilliti til þess, að rúmlega 41 ár er liðið, frá því að ákærði hlaut eina dóm sinn vegna hegningarlagabrots, að fresta fullnustu refsingar ákærða og ákveða, að hún skuli niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu

dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Ragnar Franzson, sæti varðhaldi tvo mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur.

Mánudaginn 27. nóvember 1989.

Nr. 445/1989. **Hótel Örk hf.**

gegn

Sigríði Grímsdóttur.

Kærumál. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. nóvember sl. samkvæmt heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðinn 23. október 1989. Úrskurðurinn er án forsendna samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, en úrskurðarorð er svohljóðandi: „Gerðarbeiðandi í máli þessu, Sigríður Grímsdóttir, kt. 160161-2649, Vesturbergi 78, Reykjavík, þarf ekki að sæta ábendingu gerðarþola, Hótels Arkar hf., kt. 420288-1749, Hveragerði, á lausafé samkvæmt fram lögðum lista á dskj. nr. 5 til tryggingar löghaldskröfu sinni. Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 40.000,00 kr. í málskostnað."

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að taka til greina bendingu hans á fjármuni til kyrrsetningar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Júlíus Guðmundsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, sem kvað upp hinn kærða úrskurð, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Hljóða athugasemdirnar svo:

„Með beiðni, dagsettri 16. ágúst 1989, fór Atli Gíslason hrl. f.h. Sigríðar Grímsdóttur, kt. 160161-2649, þess á leit við fógetarétt Reykjavíkur, að kyrrsettar yrðu eignir Hótels Arkar hf., kt. 420288-1749, Hveragerði, til tryggingar kröfu, að fjárhæð 74.464,00 kr., auk þar tilgreindra dráttarvaxta og kostnaðar.

Er mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 4. september

sl., var þar fyrir hönd gerðarþola Pétur Þór Sigurðsson hdl., og kvaðst hann fallast á, að málið yrði rekið fyrir fógetarétti Reykjavíkur, og óskaði jafnframt eftir fresti til að leggja fram lista yfir þá lausafjármuni, sem hann vildi benda á til tryggingar löghaldskröfunni. Var málinu þá frestað til 13. september sl. Í réttarhaldi þann dag lagði lögmaður gerðarþola fram áðurnefndan lista. Lögmaður gerðarbeiðanda hafnaði með öllu ábendingu gerðarþola í það lausafé, sem upp er talið á listanum, og tók fram, að þrotabú Helga Þórs Jónssonar, nnr. 5143-0263, hefði þegar rift kaupsamningi, dagsettum 2. febrúar 1988, milli þrotabúsins og Hótels Arkar hf., en lausafé það, sem lögmaður gerðarþola bendi á til tryggingar kröfunni, sé hluti af þeim kaupsamningi. Máli sínu til stuðnings lagði lögmaður gerðarbeiðanda fram réttarstefnu, út gefna í maí 1989 af sýslumanninum í Árnessýslu, þar sem þrotabú Helga Þórs Jónssonar gerir þá kröfu m.a., að viðurkennd verði með dómi riftun á kaupsamningi, dagsettum 2. febrúar 1988, milli Helga Þórs Jónssonar og Hótels Arkar hf., um kaup hins síðarnefnda á innbúi Hótels Arkar, einkafirma Helga Þórs Jónssonar. Þá lagði lögmaður gerðarbeiðanda enn fremur fram endurrit úr dómabók Árnessýslu í innsetningarmálinu E-2/1989, Hótel Örk hf. gegn Framkvæmdasjóði Íslands, þar sem hafnað var kröfu Hótels Arkar hf. um innsetningu í lausafé það, sem um er deilt í máli þessu. Í framhaldi af þessu óskaði lögmaður gerðarþola eftir fresti til að skila greinargerð um þetta ágreiningsefni. Var málinu því frestað til 26. september sl. Þegar málið var síðan tekið fyrir þann dag, lagði lögmaður gerðarþola fram greinargerð, kaupsamning milli Helga Þórs Jónssonar sem seljanda og Hótels Arkar hf. sem kaupanda um allt það lausafé, sem fáanlegt sé í fasteign seljanda að Breiðumörk 1 C, Hveragerði, og afsal vegna áðurgreinds lausafjár. Í framhaldi af þessu óskaði lögmaður gerðarbeiðanda eftir því, að bókað yrði, að enginn ágreiningur væri um það, að gerðarþoli hefði ekki vörslur þess lausafjár, sem bent væri á til tryggingar löghaldskröfunni. Var málinu því næst frestað til munnlegs flutnings, sem fram fór 11. október 1989. Málið var tekið til úrskurðar og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

„Gerðarbeiðandi í máli þessu, Sigríður Grímsdóttir, kt. 160161-2649, Vesturbergi 78, Reykjavík, þarf ekki að sæta ábendingu

gerðarþola, Hótels Arkar hf., kt. 420288-1749, Hveragerði, á lausafé samkvæmt fram lögðum lista á dskj. nr. 5 til tryggingar löghaldskröfu sinni.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 40.000,00 kr. í málskostnað.“

Þennan úrskurð kærði síðan lögmaður gerðarþola til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 7. nóvember sl.

Í hinum kærða úrskurði lagði fógeti þær forsendur til grundvallar, að gerðarbeiðanda hefði tekist að sýna fram á, að verulegur vafi léki á um eignarrétt gerðarþola að þeim munum, sem hann hefur bent á til tryggingar löghaldskröfu gerðarbeiðanda, og að það gæti ekki verið gerðarbeiðanda að meinalausu að þurfa að sæta þessari ábendingu, eins og málum er háttað, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann.“

II.

Í máli þessu leikur verulegur vafi á um eignarrétt sóknaraðila að munum þeim, sem hann hefur bent á til tryggingar löghaldskröfu varnaraðila. Verður að telja, að það sé varnaraðila ekki að meinalausu að þurfa að sæta þessari ábendingu sóknaraðila. Hinn kærði úrskurður er því staðfestur að öðru leyti en því, að málskostnaður verður ekki ákveðinn sérstaklega í þessum þætti fógetamálsins.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaðarákvæði hans er fellt niður.

Sóknaraðili, Hótel Örk hf., greiði varnaraðila, Sigríði Grímsdóttur, 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1989.

Nr. 394/1988. **Helgi Friðgeirsson og**
Margrét Bárðardóttir
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis,
Iðnaðarbanka Íslands hf.,
Stefáni Pálssyni,
Einhamri sf.,
Halldóri Ragnarssyni,
bæjarfógetaembættinu í Grindavík,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Hverfisprenti,
Fjárfestingarfélagi Íslands hf.,
Tollstjóraembættinu í Reykjavík,
Byggingarsjóði ríkisins,
Sólningu hf.,
Brunabótafélagi Íslands hf.,
Hitaveitu Suðurnesja,
Sigurmari K. Albertssyni og
Friðgeiri Björgvinssyni.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1988 til þingfestingar 1. febrúar 1989, og var málinu þá frestað til maí s.á. Málinu var síðan frestað til júní s.á., þá til október s.á. og síðast til nóvember s.á. Er málið kom fyrir 1. nóvember 1989, óskuðu áfrýjendur eftir fresti til desember, og var fallist á þann frest af hálfu stefnda Fjárfestingarfélags Íslands hf. Af hálfu stefndu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Sólningar hf. var krafist frávísunar málsins frá Hæstarétti og ómaksbóta.

Af hálfu Iðnaðarbanka Íslands hf. og Einhamars sf. var frekari fresti mótmælt.

Lögmaður áfrýjenda skilaði til Hæstaréttar 2. nóvember sl.

dómsgerðum málsins og greinargerð. Þykir því eftir atvikum rétt að fresta málinu til 1. desember 1989. Krafa stefndu um ómakslaun er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 1. desember 1989. Krafa stefndu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Sólningar hf. um ómakslaun er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1989.

Nr. 367/1989. **Eyþór S. Jónsson**

gegn

Ragnari Högnasyni.

Ómaksbætur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Er þingfesta átti mál þetta í Hæstarétti 1. nóvember sl., lýsti lögmaður áfrýjanda yfir, að málið yrði ekki þingfest. Af hálfu stefnda var krafist ómaksbóta.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram í greinargerð, að stefndi hafi fallið frá hinu áfrýjaða fjárnámi, og sé því ágreiningur aðila leystur. Krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda.

Ekki kom til þingfestingar máls þessa. Eftir atvikum þykir rétt að taka ekki til greina kröfu stefnda um ómaksbætur.

Krafa áfrýjanda um málskostnað úr hendi stefnda er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Krafa stefnda um ómaksbætur er ekki tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um málskostnað er ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 30. nóvember 1989.

Nr. 102/1988. **Kristján Kristjánsson**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra og
fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Skaðabætur. Líkamstjón. Skaðabótaskylda hins opinbera.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða sér 13.000,000,00 króna ásamt 11% ársvöxtum frá 9. apríl 1987 til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 10. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. apríl s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júlí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 10% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 6% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september

s.á., 8% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður. Til vara krefjast þeir þess, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður fyrir báðum dómstigum þá látinn niður falla.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt nýjan útreikning Guðjóns Hansens tryggingafræðings frá 20. október 1989 á örorkutjóni áfrýjanda.

Atvik málsins eru rakin í héraðsdómi. Slys það, er áfrýjandi varð fyrir, varð í leik, er hlé varð á vinnu fanga í steypuskála vinnuhælisins. Leikurinn var ekki í tengslum við þau störf, sem föngunum höfðu verið falin. Ekki verður talið, að kaðall sá eða annar búnaður, sem hér kom við sögu, hafi haft í sér fólgna sérstaka hættu við störf fanganna. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að slysið sé vávæn afleiðing þess, að fangavörður skrapp frá, enda fangaverðir nærri og ekki varð séð fyrir, að fangarnir gætu farið sér að voða.

Ekki verður talið, að ríkissjóður beri hlutlæga ábyrgð á tjóni áfrýjanda.

Samkvæmt 45. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 100/1951, skulu fangar tryggðir fyrir slysahættu við vinnu, eftir því sem lög um slysatryggingar mæla og með þeim breytingum, sem nánar skal ákveða með reglugerð. Skilja ber ákvæðið svo, að um þetta fari nú að IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með á orðnum breytingum. Áfrýjandi hefur notið og mun framvegis njóta bóta samkvæmt reglum laga um almannatryggingar.

Samkvæmt ofanrituðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar sl., var þingfest 9. apríl 1987.

Stefnandi er Kristján Kristjánsson, nnr. 5869-4444, Hæðargarði 18, Reykjavík.

Stefnt er dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða in solidum 13.000.000,00 krónur með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá 9. apríl 1987 til 14. apríl s.á., en með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum skv. 15. gr., sbr. 1. mgr. 10. gr., laga nr. 25/1987 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu eru þær kröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim til dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Til vara er krafist verulegrar lækkunar stefnukrafna og að málskostnaður verði í því tilviki felldur niður.

Málavextir.

Mánudag 18. apríl 1977 var stefnandi að störfum í steypuskála vinnuhælisins að Litla-Hrauni, en hann var þar refsifangi.

Var stefnandi að steypa hellur ásamt föngunum Albert Ragnarssyni og Valgeiri Magnússyni.

Um kl. 14.00 varð hlé á vinnu þeirra. Klifraði þá fanginn Albert Ragnarsson upp á bita, sem lá þvert yfir steypuskálann, og kveðst hafa sveiflað sér upp á hann í kaðli, sem hafi hangið niður úr bitanum. Stefnandi ætlaði síðan á eftir honum upp á bitann. Hékk hann með fætur um bitann og hélt í kaðalinn með höndunum. Skyndilega losnaði festan í kaðlinum, svo að stefnandi datt niður á steinsteypt gólf steypuskálans og hálsbrotnaði um VI. hálslið og mæna hans skaddaðist svo, að stefnandi er algerlega lamaður í ganglimum og verulegrar lömunar gætir í handleggjum og höndum. Þá er veruleg skerðing á skyni í líkama stefnanda fyrir neðan háls og að hluta til í handleggjum og höndum, og er örorka hans metin 100%.

Hergeir Kristgeirsson, þá rannsóknarlögreglumaður, fór á vettvang eftir slysið og tók ljósmyndir á vettvangi. Í skýrslu hans, sem gerð var sama dag og slysið varð, segir svo, að Albert Ragnarsson fangi hafi sagt, að stefnandi hefði lyft sér upp á bitann í kaðli, sem hékk úr honum, en bitinn er um þrjá metra frá gólfi, og hafi hann að líkindum verið kominn með fæturna upp á bitann og muni hafa ætlað að breyta stöðu sinni og tekið til þess í kaðalinn, sem þá muni hafa losnað af bitanum, og féll stefnandi þá á höfuðið niður á steingólfið.

Þá var tekin skýrsla af Birni Einarssyni fanga, og sagði hann þar, að

Albert Ragnarsson hefði klifrað upp í sperrur í lofti steypuskálans. Albert hefði verið uppi á bitanum, þegar Kristján Kristjánsson fór á eftir honum upp. Þeir hefðu farið þannig að því að fara upp, að þeir tóku í kaðal, sem lá upp í járnbitann. Sagði Björn, að kaðallinn hefði verið tvöfaldur með stóran hnút á öðrum enda. Hann sagði, að kaðallinn hefði verið þarna á bitanum í langan tíma og verið notaður til þess að festa í hann það, sem lyfta þurfti upp, og hefði hann þá verið tvöfaldur yfir bitann og endar snúið niður. Síðan taldi hann, að kaðallinn hefði dregist til og hnúturinn þá fest uppi, en ekki verið tekið eftir því, að þarna hefði verið um svikula festingu að ræða.

Þegar Kristján var búinn að handsala sig upp kaðalinn, segir vitnið, að hann hafi ætlað að sveifla fótunum upp á bitann. Hafi hann verið kominn með fæturna upp fyrir bitann, þegar festing kaðalsins hafi losnað, en ekki verið búinn að ná taki með fótunum. Féll Kristján í gólfið og kom niður á hnakka og herðar.

Vitnið Valgeir Magnússon fangi skýrði frá málsatvikum á sama hátt og Björn Einarsson hér að framan með því fráviki, að ef til vill hafi verið bragð á kaðlinum um hnútinn uppi á bitanum, en það hafi losnað af einhverjum ástæðum. Honum var kynnt skýrsla Björns Einarssonar, og samþykkti hann hana.

Skýrslur þeirra voru teknar sama dag og slysið varð.

Föstudag 22. apríl var eftirfarandi skýrsla skráð eftir stefnanda, sem þá lá á skurðlækningadeild Borgarspítalans.

„Mætti segist hafa verið að vinna við að steypa vikurplötur í vinnuskála hælisins að Litla-Hrauni sl. mánudag. Segir hann, að þeir hafi tekið sér smáhvíld frá vinnunni og þá hafi Albert Ragnarsson klifrað upp kaðal, sem hékk í loftbita vinnuskálans, og fór hann upp á bitann. Kveðst hann hafa ætlað á eftir Albert og handstyrkt sig upp kaðalinn og ætlað að sveifla fótunum upp á bitann. Vissi hann þá ekki fyrr til en kaðallinn losnaði, og féll mætti þá niður á steingólf skálans.

Mætta er sýnd ljósmynd nr. 3, og telur hann líklegt, að hnúturinn á kaðlinum hafi skorðast í kverkinni á bitanum og skástífunni til hægri að sjá á myndinni. Mætti segir, að enginn annar hafi komið við kaðalinn. Mætti segir, að kaðallinn hafi verið búinn að vera þarna langan tíma, og hafi hann sjálfur sveiflað sér í honum, án þess að hann losnaði."

Með bréfi, dags. 14. ágúst 1978, óskaði stefnandi eftir gjafsókn í skaðabótamáli, sem hann kvaðst hyggjast höfða gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna slyssins. Í bréfi þessu lýsti hann málavöxtum þannig: „Málavextir eru í örstuttu máli þeir, að 18. apríl 1977 var ég að vinna ásamt fjórum öðrum föngum í steypuskála vinnuhælisins. Verkstjóri brá sér frá, og vorum við fangarnir einir í skálanum. Einn okkar, Albert Ragnarsson,

klifraði upp kaðal, sem hékk niður úr bita í loftinu, og fór upp á bitann. Ég klifraði upp kaðalinn einnig, en þegar ég var að ná taki á bitanum með fótunum, losnaði með einhverjum hætti kaðallinn, sem ég hélt um, og féll ég á skálagólfið og kom niður á hnakka eða herðar. Hlaut ég þarna slæmt hálsbrot, svo að ég lamaðist og er nú metinn 100% öryrki."

Beiðni þessari var synjað með bréfi, dags. 25. ágúst 1978.

Stefnandi skýrði svo frá í aðilaskýrslu sinni hér fyrir dómi 28. janúar sl., að Albert Ragnarsson hefði verið kominn upp á bitann á undan stefnanda og reynt að koma í veg fyrir, að stefnandi kæmist upp á bitann. Hefði Albert reynt að stoppa sig af að komast upp, með fótum aðallega.

Stefnandi sagði frá því, að hann hefði verið spurður um það við lögreglurannsókn, hvort einhver hefði komið við kaðalinn, og hann svarað því neitandi. Gaf hann þá skýringu á því, að sér hefði fundist Albert hafa nóg á sinni könnu á þessum tíma. Hann kvað þá félaga hafa verið að leika sér, og hefði það oft komið fyrir, að menn sveifluðu sér í kaðli þessum og klifruðu upp á bitann. Kaðallinn hefði verið þarna í langan tíma.

Vitnið Björn Einarsson, félagsmálafulltrúi Verndar, fæddur 15. maí 1944, kom fyrir dóm 28. janúar sl. Í skýrslu sinni bar vitnið, að stefnandi hefði verið kominn upp á bitann á undan Albert Ragnarssyni, og þegar hann fór upp á bitann, hefði annar fótur hans farið í fætur Kristjáns, og þegar hinn fóturinn kom á bitann, hefði hann rekist í hnútinn og kaðallinn gefið eftir. Þá kvað hann spottann hafa verið í gólfinu eftir slysið. Hann kvaðst hafa orðið þess var, að menn sveifluðu sér í spotta þessum.

Vitnið Valgeir Magnússon sjómaður, f. 1. maí 1947, kom fyrir dóm 28. janúar sl. Hann skýrði frá því, að í bita í loftinu á steypuskálanum hefði hangið kaðall eða lykkja, sem hefði verið búin að vera lengi, alveg síðan þetta var bílaverkstæði. Oft hefði verið prílað í þessum grindum og þá stokkið upp í kaðalinn. Í umrætt sinn hefði Albert verið uppi og stefnandi ætlað upp. Hefði Albert ætlað að kippa spottanum upp, svo að stefnandi næði honum ekki. Við það hefði komið hnykkur á spottann og lykkjan farið yfir hnútinn. Sýndist vitninu Albert kippa í spottann, en hinn var þá búinn að ná í hann. Minnti vitnið, að Albert hefði kippt í spottann með fótunum.

Vitnið Albert Ragnarsson verslunarmaður, f. 11.9. 1958, kom fyrir dóm 28. janúar sl. Hann skýrði svo frá, að hann hefði klifrað upp á bita, sem var þarna. Tók hann í kaðal, sem hékk þarna niður, og klifraði upp í hann og fór upp á bitann. Ætlaði Kristján að koma á eftir upp á bitann, „og þetta var svona leikur í okkur, og ég ætlaði að varna honum að koma upp á bitann. Þá einhvern veginn gefur kaðallinn sig, og ég veit ekki, fyrr en hann liggur á gólfinu, dettur beint á hvirfilinn niður í gólfið". Hann taldi sennilegt, að hann hefði komið við kaðalinn með fætinum. Hann kvað

kaðalinn hafa hangið þarna, frá því að hann kom þarna fyrst, og að hann hefði oft verið búinn að sveifla sér og leika sér í honum. Hann sagði fangaverði ekki hafa séð þá hanga eða klifra í kaðlinum og bjóst við, að þeim hefði verið bannað það, ef fangaverðir hefðu vitað af leik þeirra.

Vitnið Jón Sigurðsson aðstoðaryfirfangavörður kom fyrir dóm 28. janúar sl. Hann lýsti svo eftirliti með vinnu fanganna, að tveir verkstjórar og einn fangavörður hefðu verið úti og skipst á um að fara um svæði þau, þar sem fangarnir voru að störfum. Þennan dag voru 29 fangar að störfum, og voru þeir á þremur stöðum við vinnu. Hann mundi eftir því, að þegar bílaverkstæði var þarna, hefði kaðalspotti hangið á bitanum í loftinu, og var hann notaður til að festa upp kraftblökk, sem notuð var til að hífa þunga hluti, vélar eða annað úr bílum. Ekki mundi vitnið til þess að hafa séð kaðalspotta þennan daginn, sem slysið varð.

Vitnið Gunnar Valur Jónsson varðstjóri kom fyrir dóm 28. janúar sl. Vitnið var yfirverkstjóri, er slysið varð. Hafði hann yfirstjórn með vinnu á hælinu, fylgdist með störfum og skrifaði vinnukort, færði vinnutíma fanga, við hvað þeir hefðu starfað.

Eftirliti var þannig háttað, að fylgst var með því, að menn væru komnir til starfa sinna. Síðan var gengið um svæðið og fylgst með, hvort menn væru við verk og hvort menn væru yfirleitt á staðnum, eins og vitnið lýsti því.

Hann kvaðst muna eftir kaðli, sem hékk í bitanum, þegar bílaverkstæðið var þarna. Þennan tiltekna dag varð hann ekki var við neinn kaðal, fyrr en hann kom að þessu slysi, en vitnið hafði komið í steypuskálann fyrr um daginn. Hann kvaðst aldrei hafa orðið þess var, að fangar léku sér í kaðlinum, og taldi fullvíst, að hann hefði stöðvað þann leik, hefði hann vitað af honum.

Er vitnið kom að slysinu, sá hann kaðalspotta lafa úr loftinu. Hann kvað stefnanda hafa sagt við sig, þegar hann talaði við hann og spurði, hvað hefði gerst, að hann hefði tekið í rangan enda á kaðlinum.

Vitnið Klemens Erlingsson, áður fangavörður að Litla-Hrauni, var við gæslu utan húss ásamt Gunnari Vali Jónssyni og Steindóri Gunnarssyni umræddan dag. Hann kvaðst ekki vilja fullyrða, að hann hefði séð kaðal hanga niður úr bitanum sama dag og slysið varð, en hann hefði áður tekið eftir því, að spotti hékk niður úr loftinu. Hann mundi til þess að hafa séð fanga príla í loftbitanum, en aldrei bannað það sjálfur.

Er vitnið kom á vettvang eftir slysið, sá hann stefnanda liggja á gólfinu, og lafði kaðallinn niður úr þverbitanum. Vitnið fór með stefnanda í lögreglubifreiðinni, sem flutti stefnanda á sjúkrahús, og sagði, að stefnandi hefði sagst hafa gripið í vitlausan enda eða rangan.

Vitnið Steindór Guðmundsson fangavörður kom fyrir dóm 28. janúar

sl. Hann kvaðst ekki kannast við, að kaðall hefði hangið á bitanum að jafnaði. Hitt hefði komið fyrir, að fangar hengdu kaðal á bitann og léku sér í honum, enda hefðu spottar verið í steypuskálanum, frá því að verkstæðið var þar. Hann kvað engan kaðal hafa hangið þarna að morgni slysdags. Hins vegar hefði hann séð kaðal, sem hékk niður úr sperrunni, er hann kom á vettvang eftir slysið.

Samkvæmt mati Ólafs Jónssonar læknis frá 18. apríl 1978 og endurmati hans frá 25. ágúst 1986 er örorka stefnanda 100% varanleg vegna slyssins.

Örorkutjón stefnanda hefur þrisvar verið reiknað út, nú síðast 5. janúar sl., í öll skiptin af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi.

Niðurstaða hans er sú, að miðað við þingfestingardag máls þessa og að gefnum tilteknum forsendum, sem raktar eru í álitsgerðum hans, sé verðmæti á þingfestingardegi sem hér segir:

	„Reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum til þingfd. *kr.*	*Reiknað með einföldum vöxtum til þingfd.* *kr.*
Verðmæti tapaðra vinnutekna	11.937.945,00	10.611.753,00
Viðbót vegna tapaðra lífeyrissjóðsréttinda	606.769,00	559.016,00
Verðmæti almenns örorkulífeyris	1.238.691,00	1.238.433,00
Verðmæti öskertrar tekjutryggingar	1.814.727,00	1.814.364,00

Tapaðar tekjur m.m. á tímabilinu frá slysdegi til þingfestingardags eru hér reiknaðar fram til þingfestingardags með þeim vöxtum, sem notaðir voru við útreikninginn 5/1 1987 tímabilið frá slysdegi til útreikningsdags. Frá þingfestingardegi er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar.“

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi telur, að orsök slyssins megi rekja til skaðaverka samfanga stefnanda, Alberts Ragnarssonar, sem hafi orðið valdur að slysinu með því að spyrna í kaðalinn, svo að hann losnaði og stefnandi féll í gólfið og hálsbrotnaði.

Þá hafi aðbúnaði á vinnustað verið ábótavant, og það, að kaðallinn var á bitanum, illa festur, hafi verið slysagildra, sem stefndu beri ábyrgð á, þar sem starfsmönnum vinnuhælisins hefði borið að fjarlægja hann. Að

það var ekki gert, verði að meta stefndu til sakar eftir reglum um ábyrgð vinnuveitenda á skaðaverkum starfsmanna sinna.

Þá hafi það verið vangá af hálfu starfsmanna stefndu, að fangarnir voru látnir einir á vinnustað sínum og eftirlitslausir.

Þá heldur stefnandi því fram, að til álita komi hlutlæg óskráð bótaregla þeirra, er reka refsistofnun, og vísar í því efni til skyldu yfirvalda til að tryggja fanga við vinnu sína, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1940, og jafnframt til eftirlitsskyldu, sbr. 26. gr. reglugerðar frá 9. september 1957, um vinnuhælið á Litla-Hrauni. Einnig er vísað til 13. gr. reglugerðar nr. 260/1957, um fangavist.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að sú fullyrðing stefnanda, að Albert Ragnarsson hafi valdið slysinu, sé með öllu ósönnuð, þar sem ekkert hafi komið fram um það við rannsókn slyssins og stefnandi ekki borið það fyrir sig fyrr en mörgum árum eftir slysið. En jafnvel þótt svo kunni að vera, að fanginn Albert Ragnarsson hafi komið við kaðalinn, baki það stefndu enga bótaskyldu, þar sem ekki verði haldið fram, að Albert hafi verið hættulegur samföngum sínum og því þurft sérstakrar gæslu, og öll rök skorti fyrir því, að reglur um húsbóndaábyrgð eigi hér við.

Því er mótmælt, að aðbúnaði á vinnustað hafi verið ábótavant. Vinnuhælið geti ekki talist venjulegur vinnustaður í venjulegri merkingu þess orðs. Aðbúnaður sé allur miðaður við fangavistina og það, sem henni ber að fylgja, en ekki við djarfa leiki fanganna. Eigi reglur um vinnuslys og vinnustaði ekki við hér. Kaðall sá, sem hékk í bitanum í loftinu, hafi verið notaður til þess að hífa upp þunga hluti og ekki til þess ætlast, að fangar væru að leika sér við að sveifla sér í honum, og verði ekki talið, að váværni hafi komið til greina. Það, að stefnandi var að leika sér í kaðlinum, hafi verið algerlega óviðkomandi vinnu hans í steypuskálanum.

Forsendur og niðurstaða.

Óljóst er, með hvaða hætti slys stefnanda varð, þ.e., með hvaða hætti kaðall sá, er stefnandi hékk í, losnaði. Nokkrar líkur eru þó að því leiddar, að samfangi stefnanda, Albert Ragnarsson, hafi með því að koma við kaðalinn eða stefnanda sjálfan valdið því, að hann losnaði. Enda þótt svo kunni að vera, verður ekki fallist á það með stefnanda, að stefndu beri ábyrgð á slysi, sem Albert Ragnarsson kann að hafa valdið, hvorki með vísan til reglna um ábyrgð vinnuveitenda á skaðaverkum starfsmanna sinna né heldur verður fallist á, að starfsmönnum vinnuhælisins hafi borið að hafa sérstakar gætur á Albert, frekar en öðrum föngum. Hið gagnstæða kom fram í rekstri málsins, að Albert var prúður fangi og engin ástæða til að ætla, að hann væri samföngum sínum hættulegur.

Ágreiningur er um, hvort kaðallinn hafi hangið þarna lengur eða skemur,

og ber föngum og fangavörðum ekki saman um það. Við frumrannsókn lögreglu strax eftir slysið kom fram, að vitni töldu kaðalinn hafa verið þarna, frá því að við bílaviðgerðir var unnið í skálanum, og verið notaðan til að festa í talíu, þegar bílvélar voru teknar úr o.fl.

Hins vegar bendir framburður vitnanna Jóns Sigurðssonar, Gunnars V. Jónssonar, Klemens Erlingssonar og einkum framburður vitnisins Steindórs Guðmundssonar til þess, að fangarnir hafi sjálfir komið kaðalspottanum fyrir á bitanum.

Ágreiningur um þetta atriði skiptir ekki máli hér.

Fram kemur í framburði stefnanda og vitnanna Björns Einarssonar, Valgeirs Magnússonar og Alberts Ragnarssonar, að þeir gerðu sér ljóst, að þeim var leikur sá, er þeir stunduðu, ekki heimill, og öllum má vera ljós hætta, sem stafað getur af því, er menn klifra með þeim hætti, sem stefnandi gerði í umrætt skipti.

Leikur stefnanda og félaga hans var ekki í neinum eðlilegum tengslum við störf þau, sem hann var að vinna í skálanum, og fram er komið í málinu, að kaðalspottinn var ekki notaður við framkvæmd starfanna.

Það, að kaðalspotti þessi var þarna, er ekki til þess fallið að baka stefndu bótaskyldu frekar en tilvist annarra hluta á vinnustöðum, sem geta verið hættulegir, ef eðlilegrar varúðar er ekki gætt við meðferð þeirra.

Ekki verður fallist á þá skoðun stefnanda, að fangavörðum og verkstjórum hafi borið að standa yfir öllum föngunum og fylgjast með verkum þeirra umfram það, sem var gert, enda kemur fram í málinu, að fangavörður og verkstjóri voru á næstu grösum, er slysið varð.

Þá verður að lokum að hafna þeirri málsástæðu stefnanda, að til sé hlutlæg, óskráð bótaregla, sem taki til þeirra, sem reka refsistofnun, enda ekkert fram komið, sem sýnir fram á tilvist slíkrar reglu.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna og veikinda dómara.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Kristjáns Kristjánssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. desember 1989.

Nr. 401/1989. **Hulda Dóra Jóhannsdóttir**

gegn

Hótel Blönduósi hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hulda Dóra Jóhannsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. desember 1989.

Nr. 409/1989. **Svanur Þór Vilhjálmsson hdl.**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Svanur Þór Vilhjálmsson hdl., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. desember 1989.

Nr. 427/1989. **Ægir Stefán Hilmarsson**

gegn

Jóni Oddssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ægir Stefán Hilmarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. desember 1989.

Nr. 454/1989. **Nicolai Nicolaisson**

gegn

Tengi sf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Nicolai Nicolaisson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. desember 1989.

Nr. 76/1988. **Útgáfufélag Þjóðviljans,**
Árni Bergmann og
Össur Skarphéðinsson
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Guðmundi G. Þórarinssyni
(Eiríkur Tómasson hrl.).

Ærumeiðingar. Miskabætur. Ómerking ummæla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar fyrst með stefnu 12. október 1987, og var málið þingfest 2. nóvember s.á. Útivist varð af hálfu áfrýjenda 2. mars 1988, en með stefnu 10. mars s.á. var því að nýju skotið til Hæstaréttar.

Dómkröfur áfrýjenda eru í fyrsta lagi þær, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, í öðru lagi, að áfrýjendur Árni Bergmann og Össur Skarphéðinsson verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í héraði, en niðurstaða héraðsdóms, að því er varðar Útgáfufélag Þjóðviljans, staðfest að öðru leyti en um málskostnað. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að kröfu áfrýjenda um frávísun málsins frá héraðsdómi verði hrundið og hinn áfrýjaði dómur staðfestur að öllu leyti, en til vara, að hann verði staðfestur með þeirri breytingu einni, að orðin: „Fyrrum stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins var Guðmundur G. Þórarinsson, fyrrum þingmaður Framsóknar og gjaldkeri flokksins“, sem er að finna í fyrirsögn á forsíðu í 4. tölublaði 51. árgangs Þjóðviljans 7. janúar 1986, skuli vera dauð og ómerk. Jafnframt er þess krafist, að áfrýjendum verði gert að greiða stefnda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjendur reisa kröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða dóms hér fyrir dómi eingöngu á því, að samkvæmt 68. gr. laga nr.

85/1936, um meðferð einkamála í héraði, eigi dómari að vísa frá máli, telji hann sakarefnið eiga að sæta úrlausn annars dómstóls. Stefndi hafi kært málið til siðanefndar Blaðamannafélags Íslands með bréfi 24. janúar 1986, samtímis því, sem hann stefndi málinu til bæjarþings Reykjavíkur. Siðanefnd Blaðamannafélagsins hafi kveðið upp úrskurð 26. febrúar s.á., og hafi hann verið birtur aðilum og almenningi. Úrskurðir siðanefndar Blaðamannafélagsins séu dómsígildi og hún sett á stofn sem dómstóll til að úrskurða um „ábyrgð blaðamanns á öllu, sem hann skrifar", og enn fremur um hlutlæga ábyrgð ritstjóra á skrifum í blað sitt, sbr. 2. og 6. gr. siðareglnanna. Nefndin sé hliðstæð gerðardómi, og þar sem stefndi hafi kosið að snúa sér til hennar, verði hann að hlíta úrskurði hennar eingöngu. Ómerkja eigi því dóm héraðsdóms og vísa málinu frá héraðsdómi með lögjöfnun frá 68. gr. laga nr. 85/1936.

Áfrýjendur höfðu uppi frávísunarkröfu í héraði, sem meðal annars var reist á sömu ástæðu. Með úrskurði 4. september 1986 hratt héraðsdómari frávísunarkröfu þessari. Þess er eigi getið í áfrýjunarstefnu, að úrskurði þessum sé áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. 17. og 34. gr. laga nr. 75/1973. Framangreindum úrskurði verður ekki haggað í Hæstarétti, nema vísa eigi málinu frá án kröfu. Svo háttar ekki til í máli þessu. Verður framangreindri ómerkingarkröfu því ekki sinnt.

II.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Fram er komið í málinu, að stefndi, Guðmundur G. Þórarinsson, seldi hlut sinn í Þýsk-íslenska verslunarfélaginu hf. 1979 og lét af stjórnarformennsku og framkvæmdastjórn. Hann varð aftur framkvæmdastjóri á árinu 1983 og var það fram til janúar 1984. Á því tímaskeiði kveðst hann ekki hafa átt hlut í félaginu og hafði ekki prókúru fyrir fyrirtækið. Guðmundur Þórðarson, fjármálastjóri fyrirtækisins á þeim tíma, er máli skiptir, kvaðst fyrir dómi hafa haft yfirumsjón með fjárreiðum og bókhaldi fyrirtækisins. Hann sagði, að rannsókn rannsóknardeildar ríkisskattstjóra hefði aðeins náð til rekstrarársins 1984. Aftur á móti hefði rannsóknardeildin áætlað söluskatt nokkur ár aftur í tímann, þar á meðal fyrir árin 1984, 1983 og 1982. Þessu hafi verið mótmælt og álagningin kærð. Aðilar hafa ekki mótmælt þessum framburði, og þykir mega við hann miða. Samkvæmt upplýsing-

um, sem fram komu við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, eru skattamál félagsins enn til meðferðar hjá dómstólum og yfirvöldum.

Í forsíðufrétt Þjóðviljans, sem ágreiningslaust er, að kom út 7. janúar 1986, er nafn stefnda tengt Þýsk-íslenska verslunarfélaginu hf. Er þar fullyrt, að grunur leiki á um misferli í bókhaldi fyrirtækisins og stórfelld skattsvik þess. Hér fyrir dómi er ekki um það deilt, að þáverandi ritstjórar Þjóðviljans, þeir Árni Bergmann og Össur Skarphéðinsson, beri ábyrgð á umræddri frétt samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt.

Stefndi, sem var stefnandi í héraði, krefst staðfestingar á dómi héraðsdóms, en þar segir m.a. í dómsorði:

„Aðdróttun sú um stórfelld skattsvik af hálfu stefnanda, sem kemur fram í fyrirsögn á forsíðufrétt í 4. tölublaði 51. árgangs Þjóðviljans hinn 7. janúar 1986, skal vera dauð og ómerk."

Eftirgreind ummæli í sömu frétt:

„Stjórnarformaður fyrirtækisins og annar framkvæmdastjóri þess fram á haustdaga 1984 var Guðmundur G. Þórarinsson..... Hann er einn af stærstu hluthöfum fyrirtækisins," skulu vera dauð og ómerk."

Fyrirsögnin er tekin orðrétt upp í hinn áfrýjaða dóm.

Hér fyrir dómi er því ekki haldið fram, að stefndi tengist ætluðum skattsvikum. Áfrýjendur halda því fram, að í greindri fyrirsögn og grein sé því ekki heldur dróttað að stefnda, að hann hafi gerst sekur um skattsvik. Blaðamanninum, er skrifaði greinina, hafi hins vegar þótt það frétt, að áhrifamikill stjórnmálamaður tengdist fyrirtæki, sem grunað væri um skattsvik. Ummælin í fyrirsögninni um tengsl stefnda við fyrirtækið hafi verið rétt og tengingin eðlileg og í samræmi við hlutverk dagblaða. Stefndi hafi verið annar af framkvæmdastjórum fyrirtækisins hluta þess tíma, sem rannsóknin hafi spannað.

Viðurkennt er, að síðari ummælin séu misvísandi, enda hafi ritstjórar Þjóðviljans leiðrétt þau og beðist velvirðingar á rangri tímasetningu þeirra í blaðinu, sem út kom 9. janúar 1986, en þá hafði stefndi gefið yfirlýsingu í Morgunblaðinu um málið.

III.

Fram er komið, að síðari ummælin, sem greind eru hér að framan, eru röng, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um

ómerkingu þeirra. Þegar ummælin í fyrirsögn fréttarinnar eru metin, verður að líta á fyrirsögnina og fréttina í heild. Í fréttinni er sagt, að rannsókn á bókhaldi fyrirtækisins nái nokkur ár aftur í tímann. Fyrirsögn og frétt lesin í heild verða ekki öðruvísi skilin en svo, að verið sé að drótta því að stefnda, að hann tengist ætluðum skattsvikum fyrirtækisins. Þessi ummæli hafa ekki verið réttlætt, og ber því einnig að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um ómerkingu þeirra á þann hátt, sem í dómsorði greinir.

Aðdróttun sú, er felst í hinum ómerktu ummælum, er í héraðsdómi réttilega talin varða við 235. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Hér þykir mega líta til þess, að samkvæmt framburði Guðmundar Þórðarsonar hafði embætti ríkisskattstjóra afskipti af álagningu söluskatts á því tímabili, sem stefndi var framkvæmdastjóri, rangar tímasetningar í fréttinni voru leiðréttar í Þjóðviljanum og ómótmælt er, að úrskurður siðanefndar Blaðamannafélags Íslands frá 26. febrúar 1986, sem taldi fréttina alvarlegt brot á siðareglum félagsins, var birtur athugasemdalaust í blaðinu skömmu síðar. Refsing þykir því mega niður falla með hliðsjón af 8. tl. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Staðfesta má ákvæði hins áfrýjaða dóms um 100.000,00 króna miskabætur stefnda til handa með þeim vöxtum, sem í dómsorði greinir.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 ber að fallast á kröfur stefnda um birtingu á dómsorði og forsendum þessa dóms á þann veg, að eftir verði tekið, í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem gefið verður út eftir birtingu dóms þessa. Samkvæmt heimild í 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 er staðfest ákvæði hins áfrýjaða dóms um 50.000,00 króna greiðslu til stefnda til að kosta birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað eru staðfest.

Áfrýjendum, Árna Bergmann og Össuri Skarphéðinssyni, ber að greiða stefnda 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, að því er varðar Útgáfufélag Þjóðviljans.

Dómsorð:

Aðdróttun um tengsl stefnda, Guðmundar G. Þórarinssonar, við ætluð skattsvik, sem fram kemur í fyrirsögn forsíðufréttar

4. tölublaðs Þjóðviljans 51. árgangs hinn 7. janúar 1986, skal vera dauð og ómerk.

Eftirgreind ummæli í sömu frétt:

„Stjórnarformaður fyrirtækisins og annar framkvæmdastjóri þess fram á haustdaga 1984 var Guðmundur G. Þórarinsson.....Hann er einn af stærstu hluthöfum fyrirtækisins," skulu vera dauð og ómerk.

Áfrýjendur, Árni Bergmann og Össur Skarphéðinsson, greiði in solidum stefnda, Guðmundi G. Þórarinssyni, 100.000,00 krónur í miskabætur með dómvöxtum frá 30. janúar 1986 til 14. apríl 1987, en með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Birta skal dómsorð og forsendur dóms þessa með áberandi hætti í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem gefið verður út eftir birtingu dóms þessa.

Málskostnaður varðandi Útgáfufélag Þjóðviljans fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur, Árni Bergmann og Össur Skarphéðinsson, greiði stefnda, Guðmundi G. Þórarinssyni, 50.000,00 krónur til að kosta birtingu dómsins í opinberum blöðum og in solidum samtals 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara og Arnljóts Björnssonar prófessors.

Við erum samþykkir dómsatkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, sem segir um refsingu. Við lítum svo á, að ekki séu efni til að beita ákvæðum 74. gr. hegningarlaga. Með vísun til þess teljum við, að staðfesta megi ákvæði héraðsdóms um refsingu ritstjóranna.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. júní sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 29. janúar 1986, af Guðmundi Garðari Þórarinssyni verkfræðingi, Gnoðarvogi 24, Reykjavík, nnr. 3117-4821, gegn Útgáfufélagi Þjóðviljans, nnr. 9355-0048, og ritstjórum blaðsins, þeim Árna Bergmann, Álfheimum 48, Reykjavík, nnr. 0505-0774, og Össuri Skarphéðinssyni, Hjarðarhaga 26, Reykjavík, nnr. 9932-1822.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1.a. að aðdróttun sú um stórfelld skattsvik af hálfu stefnanda, sem fram kemur í fyrirsögn á forsíðufrétt í 4. tölublaði 51. árgangs Þjóðviljans 7. janúar 1986, verði dæmd dauð og ómerk, til vara, að fyrirsögnin í heild verði ómerkt,

b. að eftirgreind ummæli í sömu frétt verði dæmd dauð og ómerk: „Stjórnarformaður fyrirtækisins og annar framkvæmdastjóri þess fram á haustdaga 1984 var Guðmundur G. Þórarinsson.....Hann er einn af stærstu hluthöfum fyrirtækisins...“

2. að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda in solidum 100.000,00 kr. í miskabætur ásamt dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979, sbr. nú lög nr. 25/1987, frá 30. janúar 1986 til greiðsludags, til vara, að ritstjórunum einum verði gert að greiða miskabæturnar,

3. að stefndu Árna og Össuri verði gert að greiða sekt til ríkissjóðs,

4.a. að stefndu verði gert að birta dómsorð og forsendur dóms í máli þessu með áberandi hætti á forsíðu fyrsta tölublaðs Þjóðviljans, sem gefið verður út eftir birtingu dómsins,

b. að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda in solidum 100.000,00 kr. ásamt dómvöxtum frá 30. janúar 1986 til greiðsludags til þess að kosta birtingu dómsins í öllum dagblöðum,

5. að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Stefndu gerðu í upphafi kröfu um frávísun málsins, en henni var hrundið með úrskurði 4. september 1986.

Dómkröfur stefndu eru nú þessar:

Aðallega er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara sýknu að hluta. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómarans báru ekki árangur.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að þriðjudaginn 7. janúar 1986 hafi birst frétt á forsíðu Þjóðviljans undir fyrirsögninni:

„*Þýsk-íslenska:* GRIPNIR Í SKYNDIÚTHLAUPI.

Eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins grunað um að hafa dregið á annað hundrað milljónir kr. undan skatti. Víðtæk rannsókn nær til síðustu ára. Fyrrum stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins var Guðmundur G. Þórarinsson, fyrrum þingmaður Framsóknar og gjaldkeri flokksins."

Frétt þessi hafi verið aðalfrétt blaðsins þennan dag, birt efst á forsíðu og náð yfir meginhluta hennar. Notuð hafi verið fimm dálka fyrirsögn og fyrirsagnaletur af stærstu gerð. Tilefnið hafi verið, að starfsmenn skattrannsóknarstjóra hafi haft bókhald Þýsk-íslenska hf. til athugunar um nokkurt skeið. Í fréttinni sé vitnað til Guðmundar Þórðarsonar, sem sagður er „fjármálastjóri og stjórnarformaður fyrirtækisins", en skömmu síðar sé fullyrt:

„Stjórnarformaður fyrirtækisins og annar framkvæmdastjóri þess fram á haustdaga 1984 var Guðmundur G. Þórarinsson, fyrrv. alþm. Framsóknarflokksins og núverandi gjaldkeri flokksins. Hann er einn af stærstu hluthöfum fyrirtækisins ásamt Ómari Kristjánssyni, hálfbróður sínum."

Í fréttinni sé ekki greint frá því, hver sé heimild blaðsins fyrir síðastgreindum fullyrðingum. Hið rétta sé, að stefnandi hafi keypt fyrirtækið ásamt Ómari Kristjánssyni, sem tekið hafi að sér framkvæmdastjórn, en stefnandi hafi verið stjórnarformaður. Í ársbyrjun 1979 hafi stefnandi selt allt hlutafé sitt í félaginu og látið af störfum sem stjórnarformaður þess, og síðan hafi hann hvorki átt hlut í því né setið í stjórn. Að loknum alþingiskosningum 1983 hafi hann komið til starfa aftur sem annar af tveimur framkvæmdastjórum fyrirtækisins með sérstök verkefni við gerð samninga. Við þessi sérstöku verkefni hafi stefnandi starfað til áramóta 1983/1984, en látið þá af störfum. Á þessum tíma hafi hann ekki haft prókúru og ekki komið nálægt bókhaldi né fjármálum fyrirtækisins.

Með bréfi, dags. 24. janúar 1986, kærði stefnandi skrif Þjóðviljans fyrir siðanefnd Blaðamannafélags Íslands. Siðanefndin fjallaði um málið á fundum sínum í febrúar 1986 og kvað upp úrskurð sinn 26. febrúar 1986. Þar kemur fram, að blaðamaður sá, sem skrifaði umrædda frétt, Lúðvík Geirsson, sem nú er fréttastjóri Þjóðviljans, hafi komið á fund nefndarinnar 5. febrúar 1986. Í niðurstöðu úrskurðarins segir svo:

„Siðanefnd greinir brot á siðareglum svo skv. 6. gr. þeirra: a) óverulegt, b) ámælisvert, c) alvarlegt, d) mjög alvarlegt.

Úrskurður siðanefndar Blaðamannafélags Íslands er sá, að frétt Þjóðviljans sé *alvarlegt* brot á 3. gr. siðareglna Blaðamannafélagsins. Fyrsta mgr. þeirra hljóðar svo: „Blaðamaður vandar upplýsingasöfnun sína svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum."

Stefnandi telur, að í frétt Þjóðviljans felist gróf meiðyrði í sinn garð,

enda virðist svo sem fréttin hafi aðallega verið skrifuð í þeim tilgangi að sverta mannorð sitt. Stefnandi bendir á, að siðanefnd Blaðamannafélagsins hafi einróma úrskurðað fréttina „alvarlegt brot" á siðareglum félagsins, og sé það þyngsti áfellisdómur, sem siðanefndin hafi fellt til þessa. Hann bendir og á, að hvorki skattrannsóknarstjóri né Rannsóknarlögregla ríkisins hafi séð ástæðu til að taka skýrslu af sér í þeirri viðamiklu rannsókn, sem þarna hafi farið fram. Hann telur, að fyrirsögnin verði ekki skýrð á annan veg en þann, að hann hafi gerst sekur eða beri a.m.k. ábyrgð á einhverjum stórfelldustu skattsvikum, sem framin hafi verið hér á landi. Aðdróttunin sé svo studd ósönnum ummælum í fréttinni sjálfri. Fréttaflutningurinn sé í heild mjög ámælisverður, enda sé byggt á því einu, að athugun hafi farið fram á vegum skattrannsóknarstjóra á bókhaldi fyrirtækisins. Árás blaðsins á sig, sem byggð sé á ósannindum, sé þó allt annars eðlis, bæði þarflaus með öllu og jafnframt lúaleg árás á pólitískan andstæðing, þar sem sér sé gefið að sök að hafa framið eða átt þátt í alvarlegu afbroti. Með þessu hafi þeir, sem ábyrgð beri á skrifum blaðsins, farið langt út fyrir allt velsæmi í hinni pólitísku umræðu. Meiðyrðin séu enn alvarlegri fyrir þá sök, að þau séu birt í fyrirsögn, sem nær yfir þvera forsíðu blaðsins, sem og þá staðreynd, að blaðamaður sá, sem skrifaði hina umræddu frétt, lét birta hin ósönnu ummæli um afskipti stefnanda af Þýsk-íslenska hf. gegn betri vitund. Í ljós sé leitt, að blaðamaðurinn hafi hringt í fyrirtækið og ætlað að tala við stefnanda. Hann hafi fengið að tala við Guðmund Þórðarson framkvæmdastjóra og haldið, að hann væri þar að tala við stefnanda. Guðmundur Þórðarson hafi leiðrétt misskilninginn og sagt blaðamanninum, að stefnandi væri hættur fyrir tveimur árum.

Lúðvík Geirsson blaðamaður hafi komið hér fyrir dóminn sem vitni. Hann hafi útskýrt, að hann hafi flett upp í ritinu Íslenskum fyrirtækjum 1985. Þar hafi staðið, að framkvæmdastjórar fyrirtækisins væru tveir, Ómar Kristjánsson og stefnandi. Þá hafi hann hringt og ætlað að tala við stefnanda, en misskilningurinn hafi verið leiðréttur. Þá hafi hann ætlað að afla sér upplýsinga frá hlutafélagaskrá, en ekki fengið allar tilkynningarnar. Hann hafi flett upp í ritinu Frjálsri verslun frá 1983 og séð, að stefnandi væri nýorðinn framkvæmdastjóri. Þessar útskýringar blaðamannsins sýni einungis, að heimildir hans hafi verið haldlitlar og hann hafi eftir samtalið við Guðmund Þórðarson haft fulla ástæðu til þess að kanna aðild stefnanda betur, en ekki gert, og hafi hann því sett fréttina í blaðið ásamt fyrirsögninni gegn betri vitund. Blaðamaðurinn hafi lýst því hér fyrir dómi, að nöfn væru fréttir og þekkt nöfn eins og stefnanda væru meiri fréttir. Álit siðanefndar félagsins segi í raun það, sem segja þurfi um slík vinnubrögð.

Stefnandi telji sig knúinn til þess að fá aðdróttun blaðsins í sinn garð

hnekkt með dómi, aðdróttun um, að hann hafi framið eða beri ábyrgð á mjög alvarlegu afbroti, aðdróttun, sem birt hafi verið og borin út gegn betri vitund.

Stefnandi reisir kröfur sínar á 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 264. gr. sömu laga og 15. gr. og 17. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, 235. og 236. gr. alm. hgl. svo og 22. gr. laga um prentrétt og 2. mgr. 241. gr. alm. hgl.

II.

Stefndu styðja sýknukröfur sínar í fyrsta lagi á aðild. Höfundarábyrgð Lúðvíks Geirssonar sé ekki til að dreifa, og enginn hafi verið sérstaklega skráður ábyrgðarmaður Þjóðviljans 7. janúar 1986. Hlutlæga ábyrgðin hvíli á útgefanda eða ritstjóra, en ekki báðum. Hér hefði átt að stefna öðrum og hinum til vara. Þess vegna sé sú krafa gerð, að Svavar Gestsson f.h. Útgáfufélags Þjóðviljans verði sýknaður í máli þessu, með því að ritstjórarnir tveir, Árni Bergmann og Össur Skarphéðinsson, dæmi sakaraðildina varnar megin.

Í öðru lagi séu það réttlætingarástæður og ástæður, er lúta að hlutverki dagblaða í nútímaþjóðfélagi, og loks exceptio veritatis, sannindareglan.

Fréttin um rannsókn á ætluðum skattsvikum Þýsk-íslenska hafi komið í öllum fjölmiðlum. Morgunblaðið hafi 4. janúar 1986 sagt frá því, að innflutningsfyrirtæki sé grunað um stórfelld skattsvik, og um kvöldið hafi Ríkissjónvarpið sagt, að Þýsk-íslenska væri nú til sérstakrar rannsóknar hjá skattyfirvöldum, grunað um stórfelld skattsvik á undanförnum árum. DV hafi birt frétt mánudaginn 6. janúar og síðan Morgunblaðið aftur og Þjóðviljinn samtímis 7. janúar. Forystumenn fyrirtækisins og eigendur hafi verið nafngreindir, en Þjóðviljinn, eitt dagblaðanna, hafi nafngreint stefnanda sem forystumann fyrirtækisins fram á árið 1984.

a) Stefnandi flokki ummælin í máli þessu í tvennt. Beri fyrst að líta á fyrri flokkinn: aðdróttun í fyrirsögn. Það sé gölluð kröfugerð í meiðyrðamáli að tilgreina ekki nákvæmlega hin um stefndu orð. Hér verði því að álíta, að hann krefjist ómerkingar á allri fyrirsögninni.

Af orðalagi fyrirsagnarinnar sé ljóst, að stefnandi eigi ekki sakaraðild að mestum hluta hennar. Allt, sem sagt sé í fyrirsögninni um fyrirtækið og rannsóknina á því, beinist að öðrum en Guðmundi. Málsóknarrétturinn fari eftir því, við hvern sé átt með ummælunum. Hér þurfi því að sýkna stefndu vegna aðildarskorts stefnanda af fyrstu 27 orðum þessarar fyrirsagnar, sem fjalli ekki um Guðmund G. Þórarinsson, heldur um hlutafélagið Þýsk-íslenska hf.

Eftir standi þá orðin um stefnanda sjálfan. Þar eigi hann sakaraðild. En sýkna beri stefndu af þeim kröfulið stefnanda af þeirri einföldu ástæðu,

að hvert orð sé þar satt og rétt. Þetta fari eftir sannindareglunni. Íslensk dómvenja sé ótvíræð í þessu efni. Hún hvíli óskorað á þeirri meginreglu, að sannindi ummæla valdi sýknu. Hvernig ætti t.d. að dæma þau orð dauð og ómerk, að stefnandi hafi verið alþingismaður og gjaldkeri Framsóknarflokksins? Og vissulega var hann fyrrum stjórnarformaður og fyrrum framkvæmdastjóri Þýsk-íslenska hf.

Hér komi því til álita, hvort í því felist aðdróttun í skilningi refsilaga, að nafn Guðmundar G. Þórarinssonar sé nefnt í sömu andrá og Þýsk-íslenska hf., þegar fyrirtækið liggur undir grun um stórfelld skattsvik. Það sé algerlega óleyfileg túlkun á tengingu Guðmundar við Þýsk-íslenska hf. í fyrirsögninni, að það sé verið að saka hann persónulega um stórfelld skattsvik. Hins vegar sé í fyrirsögninni beinlínis verið að minna á tengsl Guðmundar við þetta fyrirtæki. Það kunni að vera, að Guðmundi þyki það miður, þegar svona er komið fyrir fyrirtækinu, en þessi tenging sé fullkomlega eðlileg og í samræmi við skyldur dagblaðsins og eigi sér þar að auki gildar réttlætingarástæður, svo sem:

1. Það sé almennt vitað, að Guðmundur hafi reist fyrirtækið úr dái á sínum tíma, rekið það með dugnaði í nokkur ár, átt mikinn hlut að því að gera það að fjárhagslegu stórveldi og stutt það leynt og ljóst með ráðum og dáð.

2. Það sé vitað staðreynd, að hann var framkvæmdastjóri fyrirtækisins á þeim tíma, sem skattrannsóknin spannar yfir, árið 1983 og árið 1984. Fyrirtækið sjálft hafi auglýst það rækilega.

Hér sé komið að ábyrgð framkvæmdastjóra á því, sem fram fer í fyrirtækjum þeirra. Almennt sé þeim hrósað, ef vel gengur, en hallmælt, ef eitthvað fer úrskeiðis. Raunveruleg sök þeirra eða ábyrgð á því, sem miður fer og kynni að vera refsivert, liggi sjaldnast í augum uppi, og þeir séu ekki sekir, fyrr en sök þeirra hafi verið sönnuð.

Ljóst sé, að tengsl Guðmundar G. Þórarinssonar við Þýsk-íslenska hf. og vitneskja Þjóðviljans í því efni sé fullkomin réttlæting þeirra orða, sem fjalli um Guðmund í fyrirsögn Þjóðviljans.

b) Þá sé það hinn flokkur ummælanna, sem stefnt er út af, en þar séu orðin tilfærð nákvæmlega innan gæsalappa, svo sem vera ber. Þau eru svohljóðandi:

„Stjórnarformaður fyrirtækisins og annar framkvæmdastjóri þess fram á haustdaga 1984 var Guðmundur G. Þórarinsson.....Hann er einn af stærstu hluthöfum fyrirtækisins.....“

Hér sé um villandi frásögn að ræða, sem Þjóðviljinn leiðrétti strax 9. janúar 1986. Þjóðviljinn vilji hafa það, sem sannara reynist. Leiðréttingin sjálf sé fullkomin refsileysiástæða vegna þessara ummæla. Allir eigi leiðréttingu orða sinna. Stefnandi geri hins vegar allt of mikið úr því, að þessi

tímasetning meiði æru hans, því að hann *var* einn stærsti hluthafinn og hann *var* stjórnarformaður. Stefnandi flytji mál sitt hér fyrir siðanefndinni og í stóryrtri blaðagrein á þeim nótum, að hann sé sakaður persónulega um skattsvik Þýsk-íslenska hf. Það hafi Þjóðviljinn aldrei gert. Í sóknarskjölum og í áðurnefndri blaðagrein leggur stefnandi áherslu á, að Þjóðviljinn hafi vitandi vits haft tímasetninguna ranga til þess eins að rægja sig að ósekju. Þessu sé mótmælt harðlega. Í blaðaviðtölum og í sóknarskjölum hafi stefnandi farið með rangar staðhæfingar um mál þetta. Nægi í því sambandi að benda á tvennt. Í viðtali við DV 8. janúar 1986 sé haft eftir Guðmundi G. Þórarinssyni í fyrirsögn: „Mikil reglusemi í bókhaldi fyrirtækisins." Næsta dag, 9. janúar 1986, segi Ómar Kristjánsson í Helgarpóstinum, að þeim í fyrirtækinu hafi orðið á mistök með þessu orðalagi: „...ég get sagt það fullum fetum, að mér er það ljóst nú, að það hafa verið gerð hér mistök". Í sóknarskjölum og blaðagreinum leggi Guðmundur G. Þórarinsson áherslu á, að hann hafi lítið komið nálægt „fjármálum" fyrirtækisins og ekki haft þar nein „mannaforráð". Hvort tveggja sé rangt. Bent sé á viðtal Ómars Kristjánssonar í Frjálsri verslun í mars 1983, þegar hann er að fagna aðild Guðmundar G. Þórarinssonar að stjórnun fyrirtækisins. Þar sé birt mynd af starfsmannafundi í Þýsk-íslenska hf., sem sagt er, að haldnir séu daglega, og hver stjórni þessum fundum annar en Guðmundur G. Þórarinsson.

Hin tilvitnuðu ummæli, sem stefnt sé út af, séu samkvæmt framansögðu eftir leiðréttingu Þjóðviljans á tímasetningunni refsilaus með öllu.

III.

Forsíðufrétt Þjóðviljans 7. janúar 1986 um fyrirtækið Þýsk-íslenska hf. skiptist í fyrirsögn og nánari frétt í smærra letri. Fyrirsögnin er tekin upp orðrétt hér að framan. Þar er setningin: „Fyrrum stjórnarformaður fyrirtækisins og framkvæmdastjóri var Guðmundur G. Þórarinsson, fyrrum þingmaður Framsóknar og gjaldkeri flokksins." Með því er dróttað að stefnanda, að hann tengist stórfelldu skattsvikamáli. Aðdróttun þessi er mjög meiðandi fyrir stefnanda, ósönn og rakalaus. Aðdróttunin í fyrirsögninni er studd ósönnum ummælum í fréttinni sjálfri, sem prentuð er með smærra letri. Þessi meiðyrði hafa á engan hátt verið réttlætt, og ber að taka kröfur stefnanda um ómerkingu þeirra til greina.

Enginn var sérstaklega skráður ábyrgðarmaður Þjóðviljans 7. janúar 1986. Skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 ber útgefandi rits eða ritstjóri refsi- og fébótaábyrgð, þegar höfundur hefur ekki nafngreint sig. Með vísan til orðalags þess ákvæðis og dómvenju verður ábyrgð á ummælunum lögð á ritstjóra blaðsins, stefndu Árna Bergmann og Össur Skarphéðinsson, samkvæmt varakröfu stefnanda, en stefndi Útgáfufélag Þjóðviljans verður sýknaður af kröfum stefnanda.

Í hinum um stefndu ummælum felst slík árás á æru stefnanda, að taka ber til greina kröfu hans um miskabætur úr hendi ritstjóranna skv. 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga.

Með vísan til 235. gr. alm. hegningarlaga verða stefndu, Árni og Össur, dæmdir til að greiða hvor um sig sekt, að fjárhæð 25.000,00 kr., til ríkissjóðs. Samkvæmt 53. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, verður vararefsing eigi ákveðin.

Fallast ber einnig á þá kröfu stefnanda, að stefndu verði gert að birta dómsorðið og forsendur dómsins með áberandi hætti á forsíðu fyrsta tölublaðs Þjóðviljans, sem gefið verður út eftir birtingu dómsins, skv. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1956, svo og, að stefndu greiði honum fjárhæð til að kosta birtingu dómsins í opinberum blöðum, skv. 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga, sem ákveðst 50.000,00 kr.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 75.000,00 kr.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Útgáfufélag Þjóðviljans, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar G. Þórarinssonar, í máli þessu. Málskostnaður, að því er hann varðar, fellur niður.

Aðdróttun sú um stórfelld skattsvik af hálfu stefnanda, sem fram kemur í fyrirsögn á forsíðufrétt í 4. tölublaði 51. árgangs Þjóðviljans 7. janúar 1986, skal vera dauð og ómerk.

Eftirgreind ummæli í sömu frétt:

„Stjórnarformaður fyrirtækisins og annar framkvæmdastjóri þess fram á haustdaga 1984 var Guðmundur G. Þórarinsson...Hann er einn af stærstu hluthöfum fyrirtækisins," skulu vera dauð og ómerk.

Stefndu, Árni Bergmann og Össur Skarphéðinsson, greiði stefnanda in solidum 100.000,00 kr. í miskabætur ásamt dómvöxtum frá 30. janúar 1986 til greiðsludags.

Stefndu, Árni Bergmann og Össur Skarphéðinsson, greiði hvor um sig 25.000,00 króna sekt til ríkissjóðs.

Birta skal dómsorð og forsendur dóms þessa með áberandi hætti á forsíðu fyrsta tölublaðs Þjóðviljans, sem gefið verður út eftir birtingu dómsins.

Stefndu, Árni og Össur, greiði stefnanda in solidum 50.000,00 kr. til þess að kosta birtingu dómsins í opinberum blöðum og 75.000,00 kr. í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. desember 1989.

Nr. 182/1988. **Ragnheiður Víglundsdóttir**
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
gegn
Sólveigu Bragadóttur
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 26. maí. Hún krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar úr hennar hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem haldið var á bæjarþingi Akureyrar 27. nóvember sl., þar sem tekin var skýrsla af Gesti H. Jónssyni, eiganda efstu hæðar hússins nr. 29 við Hafnarstræti á Akureyri á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um, og Guðrúnu Eiríksdóttur, eiganda miðhæðar hússins. Þar kom fram, að haustið 1986 hefði verið unnið við endurbætur á frárennslislögn á þvottahúsi á jarðhæð og lagfæringar gerðar á burðarveggjum, sem orðið höfðu fyrir skemmdum vegna raka, og að kostnaður vegna þessa hefði verið greiddur hlutfallslega af eigendum hússins.

Mál þetta er mjög vanreifað. Í matsgerð, sem lýst er í héraðsdómi, kemur fram, að matsmenn voru dómkvaddir „til að meta kostnað við að gera íbúðarhæfa íbúðina Hafnarstræti 29, jarðhæð, Akureyri", en matsbeiðni liggur ekki frammi í málinu. Í framburði annars matsmannsins fyrir dómi kemur fram, að aðalskemmdirnar hafi verið í burðarvegg, sem gangi eftir endilöngu húsinu og nái upp í ris, og einnig í þvervegg á burðarvegginn. Matsmenn töldu líklegt, að fúinn stafaði af raka frá biluðu frárennsli, hugsanlega niðurfalli í þvottahúsi. Í málinu hafa ekki verið lagðar fram teikn-

ingar af húsinu eða lögnum þess. Þá liggja ekki fyrir gögn um það, hver sé sameign húseigenda, en við málflutning fyrir Hæstarétti var upplýst, að þrjár íbúðir væru í húsinu. Í málinu liggur fyrir ódagsett vottorð Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar þess efnis, að íbúðin teljist óíbúðarhæf vegna ólyktar, og er þar vitnað m.a. í meindýraeyði, sem stefnda hafi kallað til. Hvorki vottorðsgjafi né meindýraeyðir hafa gefið skýrslu í málinu. Foreldrar stefndu, sem með henni voru við skoðun á íbúðinni, komu ekki fyrir dóm, og engin skýrsla var tekin af áfrýjanda. Stefnda heldur því fram, að viðgerð hafi farið fram haustið 1984, en engir reikningar hafa verið lagðir fram um kostnað. Var héraðsdómara eigi rétt að leggja efnisdóm á málið, án þess að fyrir lægju gleggri upplýsingar um ofangreind atriði. Samkvæmt því ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdómara að endurupptaka málið með tilvísun til 1. mgr. 120. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, og gera aðilum kost á að bæta úr göllum á málatilbúnaði.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 14. janúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. janúar sl., hefur Sólveig Bragadóttir, nnr. 8293-8877, nú til heimilis í Noregi, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 11. mars 1987, á hendur Ragnheiði Víglundsdóttur, nnr. 7222-8308, Foldahrauni 41 E, Vestmannaeyjum.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmd til greiðslu skaðabóta, að upphæð 75.000,00 kr., ásamt 15% ársvöxtum frá 20.6.'84 til 11.8.'84, 17% ársvöxtum frá þ.d. til 1.1.'85, en 24% ársvöxtum frá þ.d. til 11.5.'85, en 22% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3.'86, en 13% ársvöxtum frá þ.d. til 1.4.'86, en 9% ársvöxtum frá þ.d. til þingfestingardags 26.4.'87, en með vöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þ.d. til 14.4.'87, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags. Þess er krafist, að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukrafa verði lækkuð að mati dómsins. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að með kaupsamningi, dags. 30. nóvember 1982, keypti móðir stefnanda, Ólöf Halblaub, íbúð að Hafnarstræti 29, Akureyri, jarðhæð, af stefndu. Strax eftir kaupin fluttist stefnandi í íbúðina. Kveðst hún fljótlega hafa orðið vör við rottugang í veggjum og loftum og kallað á meindýraeyði, sem hafi upplýst hana um, að þetta væri árlegur viðburður í þessari íbúð. Hinn 30. nóvember 1983 undirrituðu þær mæðgur svofellda áritun á kaupsamninginn: „Ég undirrituð, Ólöf Halblaub, framsel þetta afsal Sólveigu Bragadóttur."

Stefnandi kveðst í framhaldi af aðgerðum meindýraeyðis hafa rifið niður veggstubb í því skyni að breyta íbúðinni smávegis, og hafi þá komið í ljós, að hann var fullur af rottuskít og allir stólpar gegnumnagaðir. Hafi hún þá leitað til heilbrigðisfulltrúa, sem hafi skoðað íbúðina og gefið út vottorð, sem lagt er fram í málinu. Í vottorði heilbrigðisfulltrúa segir m.a.: „Nýlega var byrjað að rífa millivegg milli stofa, og gaus þá upp megn ólykt úr veggnum. Við skoðun undirritaðs sést mikill rottuskítur í milliveggnum og op inn í annan vegg, sem gengur þvert á hinn fyrri. Megna ólykt var að finna í íbúðinni og sterkasta þar, sem veggurinn hafði verið rofinn. Ólyktin er svo sterk, að íbúðin telst óíbúðarhæf af þeim sökum, sbr. 85. gr. heilbrigðisreglugerðar, þar til úr hefur verið bætt, og er þar sérstaklega tekið tillit til barna." Vottorð þetta er ódagsett.

Hinn 15. maí 1984 voru í bæjarþingi Akureyrar dómkvaddir matsmenn að beiðni stefnanda til að skoða íbúðina og meta kostnað við nauðsynlega viðgerð á henni. Matsskoðun fór fram 2. júní s.á., en af hálfu stefndu var enginn við matsskoðuninа, þótt matsmenn boðuðu hana. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er dagsett 20. júní 1984, og hefur hún verið lögð fram í málinu. Í matsgerðinni segir m.a.: „Við skoðun kom í ljós, að undirstöður undir skilvegg milli stofa eru fúnar. Einnig er mikill fúi í undirstöðum undir langvegg hússins. Fúinn er á svæði, sem afmarkast af baði og þvottahúsi. Mikil ólykt er úr veggnum. Líklegt teljum við, að fúinn hafi komið vegna raka frá biluðu frárennsli, hugsanlega niðurfalli í þvottahúsi. Lyktin er líkust „ klóaklykt" og einnig vegna fúans. Þá má nefna, að líklegt getur talist, að hræ af rottum, sem drepist hafa af eitri, hafi ekki náð að þorna upp vegna raka og því stafi lyktin einnig af þeim. Matsmenn rákust ekki á rottuhræ. Veggir voru einnig opnaðir utan þess svæðis, sem áður er tilgreint, en þar varð ekki vart óeðlilegrar lyktar né fúa."

Hinn 8. ágúst 1984 fékk stefnandi út gefið afsal fyrir íbúðinni, en afsalið er einnig undirritað af stefnanda. Í afsalinu er m.a. svofellt ákvæði:

„Eignarhlutanum er afsalað í því ástandi, sem hann var í við skoðun og gerð kaupsamnings 30.11.1982 og kaupandi hafði þá kynnt sér."

Stefnandi telur, að íbúðin hafi verið haldin þeim göllum, sem að framan er lýst, þegar kaupin fóru fram, en um sé að ræða leynda galla, sem stefnda beri fébótaábyrgð á. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu skaðabóta vegna gallanna.

Stefnda byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi aldrei átt bein viðskipti við sig. Af þeirri ástæðu geti stefnandi engan bótarétt öðlast á hendur stefndu án sérstaks framsals á þeim rétti, og leiði það til sýknu.

Af hálfu stefndu hefur því eigi verið mótmælt, að gallarnir hafi verið orðnir, þegar kaupin fóru fram, en sýknukrafan í öðru lagi á því reist, að stefnandi hefði átt að finna lyktina við skoðun á íbúðinni, og geti hún því eigi borið fyrir sig, að um leyndan galla hafi verið að ræða, og leiði þetta til sýknu.

Þá hefur stefnda í þriðja lagi rökstutt sýknukröfu sína með því, að stefnandi hafi glatað bótarétti vegna tómlætisverkana, þar sem hún hafi ekki tilkynnt um galla fyrr en með bréfi 18. október 1985.

Varakröfu sína, lækkun stefnukröfu, rökstyður stefnda með því, að viðgerð sú, sem matsmenn miði við, sé að hluta til viðgerð á sameign, sem öðrum eigendum hússins beri að taka þátt í kostnaði við.

Með vísan til framanritaðrar áritunar kaupanda og stefnanda á kaupsamning svo og afsals stefndu til stefnanda, sem jafnframt er tvíhliða gerningur, þykir stefnandi hafa sannað nægjanlega aðild sína að máli þessu, og verður því eigi á fyrstu sýknuástæðu stefndu fallist.

Fram er komið, að stefnandi skoðaði íbúðina, áður en kaup fóru fram, ásamt foreldrum sínum. Hvorki er fram komið, að lykt sú, sem fjallað er um í málinu, hafi þá verið í íbúðinni, né annað, er vakið gæti grunsemdir stefnanda um gallann. Samkvæmt gögnum málsins virðist lyktin fyrst hafa gosið upp, er farið var að rífa vegg. Verður því við það að miða, að um dulinn galla hafi verið að ræða, og því eigi fallist á aðra sýknuástæðu stefndu.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hún hafi haft samband við stefndu, eftir að skýrsla heilbrigðisfulltrúa lá fyrir, og spurt hana, hvort hún vildi taka þátt í kostnaði við viðgerð, en stefnda hafi neitað því. Ekki liggur fyrir, hvenær þetta var, en líklegt er, að það hafi verið einhvern tíma, áður en dómkvaðning matsmanna fór fram. Eins og áður er rakið, tilkynntu matsmenn stefndu um matsskoðun. Undirritun aðila undir afsal fór fram, eftir að matsgjörð lá fyrir. Að virtum þessum gangi málsins verður eigi á það fallist, að stefnandi hafi fyrirgert bótarétti með aðgerðarleysi. Verður bótaskylda stefndu samkvæmt framansögðu talin gild í máli þessu.

Stefnandi reisir kröfu sína á mati tveggja dómkvaddra manna, sem hefur ekki verið hnekkt, og verður það því lagt til grundvallar bótafjárhæð. Samkvæmt matsgerðinni er um að ræða lágmarksaðgerðir til að gera íbúðina íbúðarhæfa. Fullyrðing stefndu um, að öðrum eigendum hússins beri að taka þátt í kostnaði bessum, hefur ekki verið studd nægjanlegum gögnum, og er því eigi á varakröfu stefndu fallist.

Er niðurstaða dómsins þá sú, að taka beri kröfu stefnanda til greina að fullu ásamt vöxtum, eins og krafist er, en vaxtakrafa stefnanda hefur ekki sætt sérstökum andmælum. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur 45.000,00 kr.

Dómsorð:

Stefnda, Ragnheiður Víglundsdóttir, greiði stefnanda, Sólveigu Bragadóttur, 75.000,00 kr. ásamt 15% ársvöxtum frá 20. júní 1984 til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þ.d. til 1. jan. 1985, 24% ársvöxtum frá þ.d. til 1. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þ.d. til 26. mars 1987, vöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þ.d. til 14. apríl s.á., en dráttarvöxtum samkv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, og 45.000,00 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. desember 1989.

Nr. 466/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Ólafi Þór Þórhallssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. nóvember 1989. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kröfum ákæruvalds um frekara gæsluvarðhald synjað, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði verulega styttur. Þá gerir skipaður verjandi hans kröfu um hæfileg málsvarnarlaun sérstaklega í þessum þætti málsins.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ákæra á hendur varnaraðila og tveimur mönnum öðrum var gefin út 11. október 1989 og barst sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 13. október. Hinn 3. nóvember var sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum háður, og var þá m.a. fært til bókar: „Ekki hefur enn borist svar við því erindi dómara, dags. 19. fyrra mánaðar, til dómsmálaráðuneytis, að sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum verði fjölskipaður til meðferðar þessa máls. Dómari telur þó eigi þola lengri bið að þingfesta málið ...“ Í þessu þinghaldi var ákæra birt hinum ákærðu og þeim skipaðir verjendur. „Dómari lét þess getið, að frestur til skoðunar fram lagðra gagna væri ákveðinn til 24. þessa mánaðar, en þá ráðgert að hefja dómsrannsókn. Nánar og nákvæmar yrði þó um það tilkynnt síðar.“

Málið var næst tekið fyrir 24. nóvember og þá m.a. bókað: „Dómari vísar til síðasta þinghalds í máli þessu ... og ráðagerða þar að halda í dag fram meðferð málsins. Svo getur þó ekki orðið og þykir rétt að skýra nokkrum orðum. Áður er vikið að skriflegu erindi dómara til dómsmálaráðuneytis ... um fjölskipaðan sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum til meðferðar þessa máls. ... Var þá á

vegum ráðuneytisins samið frumvarp til breytinga á lögum ... í því skyni að taka af tvímæli í þessu sambandi ... Fyrr í þessari viku fékk dómari staðfest, að lokið væri umfjöllun þessa frumvarps í fyrri þingdeild og það komið til meðferðar hinnar síðari ... Dómari hefur skýrt verjendum öllum frá þessari þróun, svo og, að næsta þinghald í málinu verði ákvarðað og tilkynnt svo fljótt sem verða má, eftir að ofangreint frumvarp hefur hlotið þinglega meðferð."

Hinn 29. nóvember 1989 sótti aðalfulltrúi við embætti ríkissaksóknara dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, lagði fram ýmis gögn og vísaði til þess, að komið væri „að lokum hins afmarkaða gæsluvarðhaldstíma Ólafs Þórs Þórhallssonar, en talið nauðsynlegt af hálfu ákæruvalds, að Ólafur þessi yrði fyrir dómi yfirheyrður um sakarefnið, áður en ákæruvald mótaði kröfugerð". Eftir það var varnaraðili færður fyrir dóminn og verjandi hans kvaddur til. Verjandi lagði fram bréf sitt til ríkissaksóknara, dags. 24. nóvember 1989, þar sem þess er farið á leit, að fallið verði frá frekari kröfum um gæsluvarðhald varnaraðila, „enda er hann reiðubúinn til að láta leggja fram tryggingu eða ábyrgðir, sbr. 71. gr. laga nr. 74/1974, og sæta farbanni". Varnaraðili var yfirheyrður og neitaði sakargiftum. Að því loknu kvaðst fulltrúi ákæruvalds „með vísan til fram lagðra gagna og þar með talins framburðar ákærða hér fyrir dómi nú fyrir stundu og með vísan til 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 gera kröfu til, að framlengt verði gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar, þar til undirréttardómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til 15. febrúar 1990", enda „óbreyttar allar fyrri forsendur, frá því er síðast var úrskurðað í máli ákærða". Varnaraðili og verjandi hans mótmæltu kröfu ákæruvaldsins, sem að því búnu var tekin til úrskurðar. Samkvæmt gögnum máls var hinn kærði úrskurður kveðinn upp 30. nóvember 1989, en ekki 29. nóvember, svo sem í upphafi hans greinir.

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð í máli þessu, og barst hún réttinum 5. desember. Þar segir m.a.:

„Ákæra var gefin út í máli þessu 11. október sl. á hendur nefndum Ólafi Þór....., og,....., fyrir ætluð brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ákærða, Ólafi Þór, eru gefin að sök mjög stórfelld brot, er varða innflutning og dreifingu á kókaíni í ágóðaskyni, og geta sannaðar sakir varðað allt að 10 ára

fangelsi. Ákærði hefur til þessa neitað öllum sakargiftum og síðast í þinghaldi 29. f.m.

Fyrir liggja játningar meðákærðu....., og hafa þeir báðir lýst þætti ákærða, Ólafs Þórs, í málinu, og jafnframt hafa aðrir borið þar um, m.a. ..., sem ákærður hefur verið fyrir að selja kókaín fyrir Ólaf Þór, og ..., sem ákærður hefur verið fyrir að hafa tekið við kókaíni úr höndum Ólafs Þórs. Framburður allra þessara manna skiptir mjög miklu máli við sakarmat í þætti Ólafs Þórs.

Með vísan til framanritaðs svo og forsendna hins kærða úrskurðar er þess krafist af ákæruvaldsins hálfu, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, sbr. 1. og 4. tl. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974."

Í greinargerð skipaðs verjanda varnaraðila, sem barst Hæstarétti 4. desember 1989, segir m.a.:

„Skjólstæðingur minn hefur sætt gæsluvarðhaldi viðstöðulaust frá 12. maí 1989, en frá 31. júlí 1989 eingöngu skv. 4. tölulið 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, enda þá kröfum lögreglu hafnað um gæsluvarðhald í þágu rannsóknarhagsmuna.

Lögregluranns6kn málsins var lokið 31. júlí 1989 og úrskurður þá til 30. september 1989, enda talið, að þá yrði dómsmeðferð lokið í undirrétti. Hins vegar urðu tafir á afgreiðslu rannsóknargagna frá lögreglu til embættis hæstvirts ríkissaksóknara, og var þá af hálfu ákæruvalds krafist framhalds gæsluvarðhalds allt til 30. nóvember 1989. Nú hafa aftur orðið tafir á dómsmeðferð málsins, þar sem nauðsyn þótti á fjölskipuðum dómi, en af hálfu hins háa ráðuneytis dómsmála þótti lagaheimild skorta fyrir þeirri tilhögun. Bíður nú meðferð málsins lagabreytingar frá hinu háa Alþingi ... Bendir flest til þess, að dómsmeðferð í máli skjólst. míns muni því tefjast verulega, og óvíst, hvenær lagaskilyrði verða tiltæk um meðferð á máli skjólst. míns. ...

Af hálfu skjólstæðings míns eru aðstæður til að leggja fram tryggingu og ábyrgðir, sbr. 71. gr. laga nr. 74/1974, og auk þess er vísað til heimilda um farbann. Þau úrræði ættu hér að koma að sama haldi og gæsluvarðhald skv. 4. tölulið 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974. Skjólst. minn hefur staðfastlega neitað aðild sinni varðandi ákæruatriði og nú síðast fyrir dómi 29. nóvember 1989. Aðrir ákærðu hafa verið lausir úr gæslu frá því snemma sumars og ekki

sætt gæslu skv. 4. tölulið 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974. Liggur þó fyrir játning hjá þeim aðilum og önnur sönnunargögn. ...

...Ekki þykir réttlætanlegt, að skjólst. minn þurfi að þola frelsissviptingu vegna ástæðna, er varða galla í lagasetningu vegna opinbers réttarfars, og að skjólst. minn þurfi að þola gæsluvarðhald, meðan löggjafarvaldið vinnur að úrbótum á lögum, er varða skipun og stöðu opinbers dómstóls. ...“

Í forsendum úrskurðar sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 31. júlí 1989, þegar gæsluvarðhald varnaraðila var framlengt allt til 30. september 1989, segir m.a.: „Ríkissaksóknari lýsti yfir, að hraðað yrði, sem kostur væri, meðferð málsins af hálfu ákæruvalds, eftir að endanleg gögn hefðu þangað borist, og samkvæmt því fullvíst, að innan skamms verði út gefin ákæra...“ Í forsendum úrskurðar sakadómsins 30. september 1989, þegar gæsluvarðhald varnaraðila var aftur framlengt allt til 30. nóvember 1989, sagði m.a.: „Margt þykir benda til, að dómsmeðferð máls þessa muni verða umfangsmikil og tímafrek. Tímamörkin 30. nóvember n.k. í kröfugerð ákæruvalds eru því ekki talin óraunhæf í þessu samhengi.“ Með dómi Hæstaréttar 6. október 1989 var þessi úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Af hálfu ákæruvalds hefur ekki verið sýnt fram á, að nauðsyn sé frekara gæsluvarðhalds varnaraðila á grundvelli 1. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, og var enda ekki á því byggt í héraði. Þegar gæsluvarðhaldi er beitt, skal máli sökunautar fram haldið án undandráttar. Svo sem að framan er rakið, hefur dómsmeðferð á máli varnaraðila verið frestað af ástæðum, sem honum verður ekki um kennt, og er óvíst, hvenær henni verður haldið áfram. Að svo vöxnu máli þykja eigi næg skilyrði vera til að taka kröfu ákæruvalds um framlengingu gæsluvarðhaldsvistar varnaraðila til greina. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds hafa ekki verið hafðar uppi til vara kröfur um önnur úrræði gagnvart varnaraðila, og koma þau því ekki nú til álita hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma skipuðum verjanda varnaraðila málsvarnarlaun úr ríkissjóði í þessum þætti málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði. Að öðru leyti bíður ákvörðun um sakarkostnað efnisdóms í máli varnaraðila.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ríkissjóður greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 30. nóvember 1989.

Ár 1989, miðvikudag 30. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni sakadómara og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Hinn 31. júlí sl. var hér við embætti og að fram kominni kröfu ríkissaksóknara kveðinn upp úrskurður um framlengt gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar, kt. 170264-2669, frá kl. 15.00 að telja 1. ágúst og allt að jafnlengd 30. september 1989.

Sama dag og enn að kröfu ákæruvalds var með úrskurði, upp kveðnum hér við embætti, framlengt nefnt gæsluvarðhald frá kl. 15.00 að telja 30. september 1989 og allt að sama tíma 30. nóvember 1989, en þó ekki lengur en til uppsögu héraðsdóms í máli Ólafs Þórs, ef fyrr yrði.

— — —

Gögn þessa máls voru 12. septembor sl. send ríkissaksóknara frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, en ákæra út gefin 11. október sl., og barst hún þessu embætti 13. sama mánaðar.

Dómari sendi dómsmálaráðuneyti 19. sama mánaðar skriflegt erindi um fjölskipaðan sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum til meðferðar þessa máls. Erindi þetta var til umfjöllunar í nefndu ráðuneyti fram til 3. þessa mánaðar og þá ekki talið ótvírætt, að þessi skipan dómsins ætti stoð í gildandi lögum. Sama dag var á vegum ráðuneytisins samið frumvarp til breytinga á lögum nr. 29/1986 í því skyni að taka af tvímæli í þessu sambandi. Enn sama dag var málið þingfest hér við embætti, ákærur birtar, verjendur skipaðir og þeim afhent afrit allra gagna, en þeim ákveðinn frestur til 24. þessa mánaðar að kynna sér þau.

Nefnt frumvarp var til meðferðar í þingflokkum 6. þessa mánaðar, en fyrir allsherjarnefnd efri deildar Alþingis 9. og 10. þessa mánaðar. Þá er dómara kunnugt, að fyrr í þessari viku var frumvarpið til nefndarmeðferðar í síðari þingdeild.

Fulltrúi ríkissaksóknara sótti dóm hér í dag og lagði fram ofangreind gögn, en taldi nauðsynlegt, áður en hann tæki afstöðu til frekari kröfugerðar, að gæslufanginn yrði yfirheyrður efnislega fyrir dómi um ætlað sakar-

efni samkvæmt fyrrnefndu ákæruskjali. Var svo gert, og bar þá Ólafur Þór Þórhallsson algerlega af sér öll ætluð sakaratriði, talin í nefndu skjali.

Nefndur fulltrúi ákæruvalds gerði þá með vísan til fram lagðra gagna og þar með talins þessa framburðar gæslufanga fyrir dómi, svo og með vísan til 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, kröfu til, að framlengt yrði með dómsúrskurði gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar, þar til undirréttardómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til 15. febrúar 1990 kl. 17.00. Kvaðst nefndur fulltrúi telja óbreyttar allar fyrri forsendur, frá því er síðast var framlengt gæsluvarðhald margnefnds Ólafs.

Verjandi mótmælti þessari kröfugerð ákæruvalds og vísaði nánar þar um til bréfs, sem hann hefði sent ríkissaksóknara og dagsett er 24. þessa mánaðar. Er þar rakin vistun gæslufangans í einangrun að kröfu lögregluyfirvalda tímabilið 12. maí 1989 til 31. júlí sl., en með rýmri réttarstöðu frá 1. ágúst sl. til þessa dags að kröfum ákæruvalds. Einnig var lýst ætlaðri töf á framsendingu gagna frá lögreglu til ákæruvalds svo og nýlegri töfum á málsmeðferð vegna þinglegrar meðferðar lagafrumvarps.

Verjandi taldi áðurgreinda gæsluvarðhaldsvist hafa orðið mjög þungbæra skjólstæðingi sínum svo og fjölskyldu hans og umfram það, sem aðrir grunaðir í máli þessu hefðu þurft að þola. Verjandi taldi hvorki rannsóknarhagsmuni né réttaröryggi kalla eftir lengra gæsluvarðhaldi, en tryggingu eða ábyrgðir og farbann geta komið í þess stað. Þá vék verjandi að heimilishögum gæslufanga svo og hugsanlegri hættu á heilsutjóni og velferðarmissi gæslufangans og hans nánustu.

Gæslufanginn mótmælti og kröfugerð ákæruvalds, en tók undir og áréttaði röksemdir verjanda.

Niðurstöður.

Samkvæmt ofanskráðu hafa þrír síðustu úrskurðir um framlengt gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar verið reistir á sömu forsendum og kröfugerð ríkissaksóknara á grundvelli 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Úrskurður, upp kveðinn 30. september sl., var samkvæmt framanskráðu kærður til Hæstaréttar Íslands, en staðfestur þar óbreyttur. Þykir með vísan til þess auk annars ofanritaðs óhjákvæmilegt að telja hér enn gilda skilyrði nefnds 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og þá skylt að verða við kröfum ákæruvalds.

Málsmeðferð þykir samkvæmt því, sem fyrr er rakið, um margt orðin óvenjuleg, en ætlaðar tafir í því sambandi þó ekki með réttu raktar til aðgerða ákæruvalds eða þessa embættis. Með vísan til þessa auk ofanritaðs svo og 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir eiga að ná fram að ganga sú krafa ákæruvalds, að framlengt verði gæsluvarðhald Ólafs

Þórs Þórhallssonar, þar til undirréttardómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til 31. janúar 1990 kl. 17.00.

Er þá gert ráð fyrir, að gæslufanginn njóti í þessari vistun, svo sem verið hefur frá 31. júlí sl., réttarstöðu afplánunarfanga.

Úrskurðarorð:

Framlengd er gæsluvarðhaldsvist Ólafs Þórs Þórhallssonar, kt. 170264-2669, frá kl. 15.00 að telja 30. nóvember 1989 og þar til undirréttardómur gengur í máli nefnds aðila, en þó eigi lengur en til kl. 17.00 31. janúar 1990, enda njóti nefndur aðili á þessu tímabili réttarstöðu afplánunarfanga.

Fimmtudaginn 7. desember 1989.

Nr. 161/1987. **Þórarinn Magnússon og**
Sigríður Austmann
(Sigmundur Hannesson hdl.)
gegn
Stefáni Bergmann Matthíassyni og
Ingunni Ingimundardóttur
(Sigurður Sigurjónsson hdl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur. Skuldajöfnuður. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur krefjast þess aðallega, að þau „verði sýknuð af kröfum stefndu í aðalsök í héraði og stefndu verði dæmd in solidum til þess að greiða áfrýjendum 233.553,65 kr. auk 20% samningsvaxta frá 1. ágúst 1984 til 1. ágúst 1985 eða 46.710,73 kr. auk vaxta af 280.264,38 kr. sem hér greinir:„ 3,50% dráttarvexti á mánuði frá 1. ágúst 1985 til 1. september 1985, 3,75% frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, 2,75% frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, 2,25% frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, 2,50% frá 1. mars 1987 til 14. apríl 1987, 30% ársvexti frá 14. apríl 1987 til 1. júní 1987, 33,6% frá 1. júní 1987 til 1. júlí 1987, 36% frá 1. júlí 1987 til 1. ágúst 1987, 40,8% frá 1. ágúst 1987 til 1. september 1987, 42% frá 1. september 1987 til 1. október 1987, 43,2% frá 1. október 1987 til 1. nóvember 1987, 45,6% frá 1. nóvember 1987, til 1. desember 1987, 49,2% frá 1. desember 1987 til 1. janúar 1988, 51,6% frá 1. janúar 1988 til 1. mars 1988, 45,6% frá 1. mars 1988 til 1. maí 1988, 44,4% frá 1. maí 1988 til 1. júlí 1988, 52,8% frá 1. júlí 1988 til 1. ágúst 1988, 56,4% frá 1. ágúst 1988 til 1. september 1988, 49,2% frá 1. september 1988 til 1. október 1988, 33,6% frá 1. október 1988 til 1. nóvember 1988, 27,6% frá 1. nóvember 1988 til 1. desember 1988, „en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1.8. 1986, allt í samræmi við 12. gr. síðast-

nefndra laga. Verði eigi fallist á aðalkröfu áfrýjenda um sýknu (þeim til handa) og þau dæmd til þess að greiða stefndu einhverja fjárhæð, gera áfrýjendur þá kröfu til vara, að dómkröfur stefndu í héraði verði lækkaðar verulega að mati hins virðulega réttar, en til þrautavara, að dómkrafa stefndu í héraði verði lækkuð í 425.000,00 kr. vaxtalaust til loka október 1988, en til dæmd fjárhæð, bæði í vara- og þrautavarakröfu, komi til skuldajafnaðar við aðalkröfu áfrýjenda fyrir virðulegum Hæstaretti, en krafist er sjálfstæðs dóms um þann hluta kröfu áfrýjenda, sem er umfram hugsanlegan skuldajöfnuð.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar auk söluskatts af málskostnaði og að málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags."

Stefndu krefjast þess, „að hinn áfrýjaði dómur bæjarþings Reykjavíkur verði staðfestur. Þá gera stefndu nú þá kröfu að auki, að afborgun skv. kaupsamningi, þ.e. óútgefnu skuldabréfi með gjalddaga 1. ágúst 1987, 93.421,46 kr., komi til skuldajafnaðar dómkröfum stefndu.

Loks er gerð sú krafa, að stefndu verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti að mati réttarins." Þá er krafist sérstaks söluskatts af málskostnaði.

I.

Áfrýjendur hafa lagt fyrir Hæstarétt dómkvaðningar þriggja yfirmatsmanna, er fram fóru að beiðni þeirra á bæjarþingi Reykjavíkur 18. mars og 20. maí 1988, svo og matsgerð þeirra, sem dagsett er 1. nóvember s.á.

Í dómkvaðningarbeiðni eru færðar fram tvær meginástæður fyrir því, að hlutast er til um yfirmat. Í fyrsta lagi sé yfirmatsmönnum ætlað að láta uppi rökstutt álit á forsendum og niðurstöðu undirmats, en í annan stað skuli þeir fjalla um tilgreind atriði, sem fjallað hafi verið um að hluta til í undirmatsgerð.

Í undirmatsgerð er fjallað í sjö liðum um viðgerð, sem talin var nauðsynleg til að bæta úr göllum á húsinu nr. 28 við Brekkusel. Yfirmatsmenn telja einungis einn þessara liða ofmetinn, en hann tekur til viðgerðar á loftum hússins. Töldu undirmatsmenn nauðsynlegt að endurnýja allt rakavarnarlag í loftunum og klæðningu

neðan á þeim. Yfirmatsmenn telja umfangsminni viðgerð á loftum fullnægjandi. Þetta er stærsti kostnaðarliður viðgerðar samkvæmt báðum matsgerðum. Síðasta lið undirmats töldu yfirmatsmenn aftur á móti vanmetinn.

Af hálfu stefndu var framlagningu yfirmatsgerðar mótmælt. Henni var og mótmælt efnislega og sem óstaðfestri.

Þegar yfirmat fór fram, var liðið nokkuð á fjórða ár, frá því að undirmat lá fyrir í júní 1985. Í bréfi lögmanns stefndu til lögmanns áfrýjenda, sem dagsett er 30. júlí 1985, er vakin athygli á nauðsyn þess, að viðgerð á húsinu fari fram. Jafnframt var boðað, að hafist yrði handa um viðgerð að viku liðinni á ábyrgð og kostnað áfrýjenda.

Viðgerð á húsinu fór fram um sumarið. Hana annaðist Ásgeir Ingimundarson. Liggur fyrir í málinu greinargerð hans um viðgerðina. Þar kemur m.a. fram, að rakavörn í loftum hafi verið mjög illa farin.

Í máli af þessu tagi, þar sem deilt er um galla á húseign, orsakir þeirra og umfang, nauðsyn lagfæringa og kostnað við þær, er mat dómkvaddra manna hefðbundið sönnunargagn. Má ætla, að það verði lagt til grundvallar dómi, nema yfirmat komi til, er hnekki því.

Úr því að áfrýjendur undu ekki undirmatinu, var brýnt, að þau hlutuðust til um yfirmat, áður en viðgerð færi fram, svo sem þeim gafst kostur á, enda var auðsætt, að veruleg vandkvæði yrðu á framkvæmd yfirmats að viðgerð lokinni. Öflun yfirmats dróst langt úr hömlu og verður á engan hátt réttlætt.

Með vísan til þessa verður að hafna yfirmatinu sem allt of seint fram komnu, sbr. 110. gr. 3. mgr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 15. gr. laga nr. 54/1988.

II.

Í undirmatsgerð er gerð ýtarleg grein fyrir göllum þeim, sem komu í ljós á húsinu Brekkuseli 28 eftir kaup stefndu á því, svo og orsökum gallanna og úrbótum, sem að áliti matsmanna voru nauðsynlegar til að ráða bót á þeim á viðhlítandi hátt. Áætlaður kostnaður er sundurliðaður og rökstuddur. Verður að leggja matsgerðina til grundvallar dómi í málinu.

Samkvæmt því og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða

dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, ber að staðfesta ákvæði hans um bótaábyrgð áfrýjenda á tjóni stefndu af völdum umræddra galla og mat hans á tjóninu, samtals 383,000,00 krónur.

III.

Hluti þeirra greiðslna, er stefndu bar að inna af hendi samkvæmt makaskiptasamningi málsaðila, nam 311.404,87 krónum. Fyrir þessari fjárhæð áttu stefndu að gefa út skuldabréf til fjögurra ára með 20% ársvöxtum, árlegum gjalddaga 1. ágúst, í fyrsta sinn 1. ágúst 1984, og tryggt með veði í Brekkuseli 28.

Vegna umræddra galla á húsinu og ágreinings aðila, er af þeim spratt, kom hvorki til þess, að afsal fyrir húsinu yrði gefið út né nefnt skuldabréf. Fyrsta afborgun var greidd inn á bankareikning, en með samkomulagi aðila í ágúst 1984 innleystu áfrýjendur þessa greiðslu.

Greiðslur afborgana í gjalddaga 1. ágúst 1985 og 1986 voru ekki inntar af hendi í reiðufé, en skuldajafnað við bætur, sem stefndu töldu sig eiga rétt til úr hendi áfrýjenda á grundvelli þeirrar matsgerðar, er þá lá fyrir. Svo sem fram kemur í kröfugerð stefndu hér fyrir dómi, er þess krafist, að síðasta afborgun, í gjalddaga 1. ágúst 1987, komi og til skuldajafnaðar bótakröfu þeirra.

Áfrýjendur hafa mótmælt skuldajöfnuði stefndu, og í bréfi 28. október 1985 var stefndu tilkynnt eindögun allra eftirstöðva umræddrar samningsgreiðslu með vöxtum og dráttarvöxtum. Sú tilkynning var síðan ítrekuð.

IV.

Mat dómkvaddra manna á tjóni stefndu af völdum umræddra galla lá fyrir í júní 1985, svo sem áður greinir. Samkvæmt matinu nam tjónið mun hærri fjárhæð en afborganir ásamt vöxtum, er voru í gjalddaga 1. ágúst 1985 og 1986. Við svo búið voru lagaskilyrði til þess, að stefndu nýttu bótakröfu sína til skuldajafnaðar þessum samningsgreiðslum. Sama máli gegnir um síðustu samningsgreiðslu, í gjalddaga 1. ágúst 1987, eftir að héraðsdómur var kveðinn upp. Af þessu leiðir, að ekki voru skilyrði til þess, að áfrýjendur mættu eindaga þessara greiðslur.

V.

Ágreiningslaust er, að eftirstöðvar af samningskröfu áfrýjenda nema 233.553,65 krónum. Við bætast um samdir vextir: 20% af 233.553,65 kr. frá 1. ágúst 1984 til 1. ágúst 1985, af 155.702,45 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 1986 og af 77.851,22 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 1987. Samkvæmt áðursögðu koma höfuðstóll og vextir, samtals 326.975,11 krónur, til frádráttar bótakröfu stefndu, 383.000,00 krónum. Mismuninn, 56.024,89 krónur, verða áfrýjendur dæmd til að greiða stefndu með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, frá 1. júlí 1985 til greiðsludags. Við útreikninga þessa er farið eftir reikningsaðferðum, sem báðir málsaðilar studdust við í málflutningi sínum hér fyrir dómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst að með töldum matskostnaði samtals 250.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Þórarinn Magnússon og Sigríður Austmann, greiði óskipt stefndu, Stefáni Bergmann Matthíassyni og Ingunni Ingimundardóttur, 56.024,89 krónur með 42% ársvöxtum af 383.000,00 krónum frá 1. júlí 1985 til 1. ágúst s.á., af 258.438,05 krónum frá þeim degi til 1. september s.á., með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 12. desember s.á., með dómvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af 149.446,35 krónum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til 1. ágúst s.á. og af 56.024,89 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefndu 250.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. febrúar 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. febrúar sl., er höfðað af Stefáni Bergmann Matthíassyni, nnr. 8355-9837, og Ingunni Ingimundardóttur, nnr. 4750-7529, báðum til heimilis að Brekkuseli 28, Reykjavík, með stefnu, birtri 12. desember 1985, á hendur Þórarni Magnússyni, nnr. 9416-6713, og Sigríði Austmann, nnr. 7635-9830, báðum til heimilis að Bakkaflöt 5, Garðabæ.

Með stefnu, birtri 17. desember 1985, höfðuðu aðalstefndu í máli þessu sérstakt mál á hendur aðalstefnendum. Það mál var sameinað máli þessu með bókun í þingbók 26. júní 1985 og kröfur stefnenda reknar sem gagnsök í máli þessu.

Endanlegar dómkröfur aðalstefnenda í aðalsök og gagnsök eru þær, að aðalstefndu verði dæmd in solidum til þess að greiða aðalstefnendum skaðabætur, að fjárhæð 458.000,00 kr., ásamt 42% ársvöxtum frá 1. júlí 1985 til 1. september s.á., en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 12. desember 1985, en með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til 1.3. 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frá dreginni greiðslu aðalstefnenda til aðalstefndu, 124.561,95 kr. 1.8. 1985 og 108.991,70 kr. 1.8. 1986, samkvæmt ákvæðum kaupsamnings um afborgun af eftirstöðvum kaupverðs, en gerð er krafa um skuldajöfnuð á greiðslum þessum til frádráttar skaðabótakröfu aðalstefnenda á hendur aðalstefndu. Verði eigi fallist á kröfu um skuldajöfnuð, er krafist sjálfstæðs dóms um skaðabætur, vexti og málskostnað, en málskostnaðar er krafist skv. dskj. nr. 49.

Endanlegar dómkröfur aðalstefndu í aðalsök og gagnsök eru þessar:

Í aðalsök krefjast aðalstefndu aðallega sýknu, en til vara, að dómkröfur aðalstefnenda í aðalsök verði lækkaðar verulega og dæmdum fjárhæðum skuldajafnað við dómkröfu aðalstefndu í gagnsök, sem er krafa um, að aðalstefnendum verði gert að greiða aðalstefndu 233.553,65 kr. auk 20% samningsvaxta á ári frá 1. ágúst 1984 til 1. ágúst 1985, 46.710,73 kr., auk 3,5% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af 280.264,38 kr. frá 1.8. 1985 til 1.9. s.á., með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á., með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi aðalstefnenda. Krafist er sjálfstæðs dóms in solidum um þann hluta gagnkröfu, sem verður umfram skuldajafnaða aðalkröfu, ef til kemur.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust í aðalsök og gagnsök.

II.

Málavexti kveða aðalstefnendur vera þá, að með makaskiptasamningi, dags. 13. júní 1983, hafi aðilar máls þessa gert með sér samning, þar sem fasteignin nr. 28 við Brekkusel í Reykjavík kom í hlut aðalstefnenda. Samkvæmt ákvæðum samningsins skyldu aðalstefnendur greiða aðalstefndu fyrir fasteignina með eftirgreindum hætti:

1. með afsali og afhendingu á fasteign stefnenda í húsinu nr. 2 við Austurberg ásamt bílskúr og sameign,
2. með peningagreiðslum á tímabilinu 13. júní 1983 til 1. júní 1984, 1.000.000,00 kr.,
3. með greiðslu eftirstöðva á fjórum árum ásamt 20% ársvöxtum með gjalddaga ár hvert, í fyrsta sinn 1. ágúst 1984, 311.404,87 kr.,
4. með töku stefnenda við veðskuldum að Brekkuseli 28, 109.371,68 kr.

Aðalstefndu hafi tekið að sér áhvílandi veðskuld á Austurbergi 2, 70.779,26 kr.

Afsal fyrir Austurbergi 2 hafi farið fram. Um útgáfu afsals og veðskuldabréfs vegna Brekkusels 28 segi svo í samningi aðila, að afsal skuli gefið út við lokagreiðslu 1. júní 1984. Áður en til þess kom, að afsal yrði gefið út, hafi komið fram gallar í Brekkuseli 28, en ljóst hafi verið, að leki var á þaki eða þakfrágangi hússins.

Aðalstefndu hafi eigi fallist á, að leki eða tjón yrði rakið til þess, að frágangi á fasteigninni væri í einhverju áfátt eða að aðalstefndu bæru sem seljendur ábyrgð á tjóni kaupenda.

Aðalstefndi Þórarinn Magnússon verkfræðingur hafi reist húsið ásamt öðrum húsbyggjendum, en húsið sé raðhús með samliggjandi húsum til hvorrar handar. Eigi sé aðalstefnendum ljóst, að hve miklu leyti aðalstefndi Þórarinn hafi sjálfur staðið að byggingarframkvæmdum, en hann hafi ítrekað við aðalstefnendur, eftir að tjóns varð vart, og fullyrt, að þakfrágangur væri óaðfinnanlegur, enda væri sér sjálfum um það kunnugt, þar eð hann hefði fylgst með og haft hönd í bagga með byggingarframkvæmdum á sínum tíma.

Hinn 31. maí hafi aðalstefnandi Stefán Matthíasson skrifað aðalstefnda Þórarni Magnússyni bréf, þar sem greint sé skilmerkilega frá þeim atriðum, sem áfátt sé, en áður hafi margoft verið kvartað við aðalstefndu um leka og galla á fasteigninni. Af athugasemdum þessum hafi verið ljóst, að frágangi fasteignarinnar væri verulega áfátt með einhverjum hætti. Aðalstefnendur hafi sett fram skýlausa kröfu um úrbætur og tafarlausar aðgerðir, en aðalstefndu hafi ávallt með úrtölum og undanslætti færst undan því að leita vandans með því að rjúfa loft eða þak. Það hafi í upphafi þótt sanngirniskrafa frá aðalstefnda Þórarni, að hann léti framkvæma varanlegar lagfæringar án óþarfatilkostnaðar.

Samkomulag hafi verið með aðilum í ágúst 1984 að bíða með útgáfu afsals og skuldabréfs, meðan eigi væri komist fyrir leka eða tjóni afstýrt. Aðalstefnendur hafi hins vegar greitt allar útborganir og greiðslu afborgunar af óútgefnu skuldabréfi 1.8. 1984. Afsal og skuldabréf þetta séu enn óútgefin. Afsal skyldi út gefið 1. janúar 1984, en hafi þá eigi legið fyrir, og hafi aðalstefnendur eigi afhent aðalstefndum aðfinnslubréfið fyrr en í júlí 1984.

Aðalstefndi Þórarinn hafi ávallt haft uppi skoðanir og meiningar um úrbætur, en eigi hafi orðið úr framkvæmd nema að litlu leyti. Tjón aðalstefnenda hafi ágerst, hvort tveggja með auknum raka í íbúðinni svo og leka ofan af lofti. Hafi aðalstefnendur neyðst til þess að óska dómkvaðningar matsmanna til þess að staðreyna tjón sitt, meta það og benda á úrbætur. Í matsbeiðni, dags. 6. febrúar 1985, sé rakinn aðdragandi að beiðni og tjóni lýst. Niðurstaða matsmanna, þeirra Magnúsar Guðjónssonar húsasmíðameistara og Sæbjörns Kristjánssonar tæknifræðings, liggi fyrir á dskj. nr. 14, og sé matsgerðin dagsett í júní 1985. Sé viðgerð þá talin nema 358.000,00 kr., en þá eigi tekið tillit til flutnings búslóðar, röskunar á heimilishögum o.fl. Í matsgerð komi glögglega fram meginástæður tjóns aðalstefnenda, en þar segi m.a.: „Útloftun vantaði í þakið frá upphafi, og rakastreymi upp í þakið hefur verið mikið vegna óþéttleika á rakavarnarlagi." Enn fremur segi þar m.a.: „...Í ljós kom, að í þakrýminu var afar hátt rakastig, líklega mettun, og allir þakviðir rennblautir. Þá voru steyptir útveggir þaksins rakir og blautir. Stálbitar, er bera uppi þakið, voru sums staðar orðnir kolryðgaðir af langvarandi bleytu. Ryðlitað vatn hefur runnið af stálbitunum og niður á vindpappann og þaðan í gegnum glerullina og álpappann og valdið skemmdum á panelklæðningu í lofti. Ástæðurnar fyrir þessu slæma ástandi urðu fljótt augljósar. Í öll útloftunargöt á þakinu, bæði á vestur- og austurhlið, hefur vandlega verið troðið glerull, svo að þakið hefur verið útloftunarlaust nema hvað viðvíkur hugsanlegum óþéttleika í pappa og þakáli. Engin merki sáust um það, að farið hefði verið upp í þakið, eftir að það var einangrað og lokað að neðan. Því virðist ljóst, að þakið hefur alla tíð verið óútloftað. Einnig kom í ljós, að ljósrák sást og sums staðar talsverð rifa niður í íbúðina meðfram nánast öllum veggjum ..." Af tilgreindum ástæðum og útlistunum í matsgerð hafi aðalstefnendum þótt staðfest, hverjar væru ástæður tjóns síns, hvað væri til úrbóta, svo og, hvert fjárhagslegt tjón væri að við bættum beinum og óbeinum útlögðum kostnaði sínum vegna óþæginda og röskunar á stöðu og högum. Í framhaldi af niðurstöðu matsgerðar hafi aðalstefnendur freistað þess að ná samkomulagi við aðalstefndu, án árangurs.

Hinn 1. ágúst 1985 hafi aðalstefnendur átt að greiða afborgun af eftirstöðvum kaupverðs. Þá hafi verið ljóst, að aðalstefndu hygðust eigi bæta

aðalstefnendum tjón þeirra. Hafi þeim því verið tilkynnt, að aðalstefnendur treystu sér ekki til að bíða með úrbætur og lagfæringar á húsinu og myndu láta fara fram strax a.m.k. lágmarksaðgerðir skv. matsgerð til að afstýra frekara tjóni á húsinu. Þau myndu því nýta þá fjármuni, er þeim bar að greiða stefndu skv. samningi, til þess að lagfæra húsið, enda væri ljóst, að óhjákvæmilegt yrði að leita atbeina dómstóla við uppgjör á skaðabótum og greiðslum milli aðila.

Málsástæður og lagarök aðalstefnenda í aðalsök eru eftirfarandi:

Dómkröfur styðjist við makaskiptasamning málsaðila, og telji aðalstefnendur, að hinni seldu eign sé áfátt, þar sem í ljós hafi verið leitt samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, að tjón af völdum raka og leka verði rakið til þess, að frágangi og hönnun sé áfátt. Séu kröfur aðalstefnenda reistar á hinni fram lögðu matsgerð. Þá telji aðalstefnendur ljóst, að mistök aðalstefndu sjálfra og/eða starfsmanna þeirra vegna lokunar útrása eigi verulegan þátt í tjóni aðalstefnenda. Aðalstefnendur telji, að um sé að ræða leyndan galla í hinni seldu eign, sem hafi valdið þeim tjóni. Beri aðalstefndu óskipta ábyrgð á tjóni aðalstefnenda skv. almennum reglum samninga- og skaðabótaréttar og með lögjöfnun frá l. nr. 39/1922, þar sem þau geti átt við.

Samkvæmt niðurstöðu matsmanna sé beinn viðgerðarkostnaður vegna tjónsins talinn nema 358.000,00 kr. Þá sé ótalinn kostnaður aðalstefnenda vegna flutnings á búslóð o.fl., meðan á viðgerð standi. Ljóst sé, að viðgerð sé svo umfangsmikil, að gera verði verulegar ráðstafanir, m.a. með flutningi og tilfærslu á búslóð og bráðabirgðahúsnæði, meðan viðgerð fer fram, auk þess sem aðalstefnendur hafi kvatt til tæknifræðing til umsjónar með viðgerðinni. Allt þetta hafi í för með sér stórfelldan kostnað fyrir stefnendur, sem aðalstefndu hljóti að bera ábyrgð á. Sé því gerð krafa um greiðslu á 100.000,00 kr. auk matsfjárhæðar, samtals 458.000,00 kr., úr hendi aðalstefndu.

Málavexti kveða aðalstefndu vera þá, að í tilefni af athugasemdum kaupenda við ástand hússins um áramót 1983/1984 hafi verið haft samband við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og hafi sérfræðingar hennar gefið skýrslur um athuganir sínar, sbr. dskj. nr. 5 og 6, sbr. dskj. nr. 32. Á þeim tíma hafi ekki verið orðið neitt tjón á húseigninni. Aðalstefndu hafi ekki fengið tækifæri til þess að ljúka framkvæmd þeirra úrbóta, sem sérfræðingarnir mæltu með. Af þeim sökum svo og því, að aðalstefnendur hafi algjörlega vanrækt venjulegt og eðlilegt viðhald hússins, hafi nú orðið nokkrar skemmdir á húsinu, sbr. dskj. nr. 16, bls. 3 i.f.

Aðalstefndu hafi gert aðalstefnendum fulla grein fyrir ástandi hússins við kaupin, eftir því sem þeir vissu best. Sérstaklega hafi þeim verið sagt frá atriði varðandi húsið, sem aðstefndu höfðu þurft að lagfæra og þau

töldu, að hefði tekist. Ástæða hafi þó verið fyrir aðalstefnendur að kanna það atriði nánar, hafi þau ekki viljað taka áhættuna af því. Aðalstefnendur beri áhættuna af því að hafa ekki gert það, ef það atriði teljist tengjast ætluðum göllum hússins nú. Í söluverði hússins endurspeglist vafalaust sú óvissa, sem verið hafi um þetta atriði, þegar kaupin fóru fram, enda þótt aðalstefndu teldu þetta atriði í lagi.

Í matsbeiðni aðalstefnenda sé óskað mats á atriðum, sem aðalstefndu beri enga ábyrgð á, og sé matsgerðinni í heild sinni og einstökum þáttum mótmælt sem óstaðfestri og efnislega rangri að því marki, sem hún stangist á við málsútlistun aðalstefndu og álitsgerðir starfsmanna Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Málsástæður aðalstefndu í aðalsök svo og lagarök eru eftirfarandi: Stefndu beri ekki ábyrgð á greiðslu tjónsbóta til aðalstefnenda samkvæmt almennum reglum íslensks skaðabótaréttar, sbr. l. nr. 39/1922, per analogiam. Athygli aðalstefnenda hafi sérstaklega verið vakin á hugsanlegum veikleikum hússins, og að því marki, sem þeir teljist hafa þýðingu, gæti þess í verði hússins til lækkunar. Þegar kaupin fóru fram, hafi húsið ekki haft neina leynda galla, eftir því sem aðalstefndu hafi best verið kunnugt. Þær skemmdir, sem krafist er bóta fyrir í máli þessu, stafi af skorti á viðhaldi og/eða algjöru aðgerðarleysi aðalstefnenda í þá átt að koma í veg fyrir tjón á eigninni. Ekkert tjón hafi verið komið í ljós, þegar fyrst varð ljóst, að halda þurfti húsinu við.

Málsástæður aðalstefndu í gagnsök eru þær, að samkvæmt 11. tl., staflið C, í makaskiptasamningi málsaðila skyldu aðalstefnendur gefa út veðskuldabréf til fjögurra ára með 20% vöxtum og fyrsta gjalddaga 1. ágúst 1984, en síðan með gjalddaga 1. ágúst ár hvert eftir það. Skuldabréfið skyldi vera tryggt með veði í Brekkuseli 28, Reykjavík, næst á eftir áhvílandi skuldum, og hafi það verið að fjárhæð 311.404,87 kr.

Þrátt fyrir áskoranir hafi aðalstefnendur ekki fengist til útgáfu bréfs þessa, enda þótt þau ættu kost á móttöku afsals, en þau hafi þó greitt fyrstu afborgun 1. ágúst 1984.

Í stefnufjárhæðinni séu gjaldfelldar eftirstöðvar skuldabréfsins, en það hafi verið gjaldfellt með sérstakri tilkynningu þar um með bréfi, dags. 28. október 1985. Samningsvextir hafi numið 46.710,73 kr. 1.8. 1985, og sé dráttarvaxta krafist af höfuðstól og gjaldföllnum samningsvöxtum 1.8. 1985, 280.264,30 kr., frá 1.8. 1985 til greiðsludags.

Málsástæður aðalstefnenda í gagnsök eru þessar:

1. Stefnendur geti eigi gjaldfellt veðskuldabréf, sem eigi hafi verið gefið út. Engum heimildum um gjaldfellingu afborgana 1.8. 1986 geti verið fyrir að fara, enda þótt afborgun 1.8. 1985 væri í vanskilum.

2. Í ágúst 1984 hafi samist svo um með aðilum, að útgáfu afsals og

veðskuldabréfs yrði frestað, uns samkomulag lægi fyrir um galla fasteignar. Samkomulag þetta standi, og geti seljendur ekki breytt því með einhliða ákvörðun um gjaldfellingu ógjaldfallinna greiðslna skv. kaupsamningi í einu og sama máli.

3. Sýkna beri aðalstefnendur af kröfum aðalstefndu í gagnsök, enda verði að telja bersýnilega ósanngjarnt að líta algerlega fram hjá augljósu tjóni kaupenda vegna galla á hinni seldu eign. Beri þá að horfa til fram lagðrar matsgerðar þar að lútandi. Eðlilegt hljóti að teljast að taka til úrlausnar ætlaða galla og ætlaðar eftirstöðvar greiðslna skv. kaupsamningi í einu og sama máli.

4. Greiðslur skv. kaupsamningi og kröfur vegna galla á fasteigninni varði sömu fasteign og hafi úrslitaáhrif á uppgjör og lögskipti milli aðila kaupsamnings, þ.e. seljendur og kaupendur. Vanefnd eða galli hljóti því að leiða til niðurfellingar eða lækkunar á samningsgreiðslum skv. kaupsamningi. Af matsgerð megi vera ljóst, að tjón aðalstefnenda sé langtum meira en eftirstöðvar kaupsamnings.

5. Eigi sé leitt í ljós, með hvaða hætti aðalstefndu hafi forræði yfir kröfu á hendur aðalstefnendum, en aðalstefndi sé aðeins annar tveggja viðsemjenda og aðila makaskiptasamnings, dags. 13.6. 1983. Beri því að sýkna aðalstefnendur af helmingi dómkrafna ex officio.

III.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, svo og samkvæmt framburði aðila og vitna fyrir dómi er upplýst, að aðalstefnendur urðu fyrst varir raka og leka í íbúðinni haustið 1983. Skýrðu þeir aðalstefndu fljótlega frá því, og kvaddi aðalstefndi Þórarinn til menn frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins til þess að kynna sér ástand hússins og gera tillögur um úrbætur. Liggja þær tillögur fyrir á dskj. nr. 6, dagsettar um áramót 1983/1984, undirritaðar af Jóni Sigurjónssyni verkfræðingi.

Þessar athuganir leiddu í ljós, að lítil sem engin útloftun var í þakrými. Í samræmi við úrbótatillögur á dskj. nr. 6 voru, á vegum aðalstefnda, boruð tólf göt gegnum útvegg milli þaksperra til þess að auka útloftun.

Í maí 1984 fékk aðalstefndi Þórarinn að nýju mann frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Björn Marteinsson, til þess að kanna nánar ástand þaksins. Athugasemdir hans er að finna á dskj. nr. 8. Telur hann þar, að þegar sé farið að gæta árangurs af þeirri borun, sem gerð var að tillögu Jóns Sigurjónssonar, og leggur hann til m.a., að beðið verði með endanlegt mat til hausts til þess að gefa þakrýminu tækifæri (sic) til þess að þorna betur, en auk þess gerir hann nokkrar tillögur um úrbætur.

Samkvæmt dskj. nr. 11 fór síðari athugun hans fram 9. september 1984.

Kemur þar fram í fyrsta sinn, að æskilegt sé að losa þakklæðningu til að kanna ástand þaksins nánar.

Síðan virðist ekkert vera aðhafst, fyrr en aðalstefnendur óska eftir því, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta galla á húsinu og tjón vegna þeirra. Voru til þess dómkvaddir þeir Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari og Sæbjörn Kristjánsson byggingatæknifræðingur, og var fyrsti matsfundur þeirra haldinn 19. apríl 1985, og var þá ákveðið að rjúfa þakklæðninguna. Var það síðan gert á öðrum matsfundi þeirra 14. maí s.á. Kom þá í ljós m.a., að í þakrýminu var afar hátt rakastig og allir þakviðir rennblautir, og auk þess voru útveggir hússins blautir. Ástæður þessa voru taldar þær, að á vestur- og austurhlið hafði verið vandlega troðið glerull í öll útloftunargöt, svo að þakið virtist alla tíð hafa verið óútloftað. Þá kom jafnframt í ljós, að af tólf götum, sem boruð höfðu verið á vegum aðalstefndu í samræmi við tillögur Jóns Sigurjónssonar verkfræðings, höfðu aðeins fimm fremur þröng göt náð inn úr einangruninni, svo að þær aðgerðir höfðu ekki borið árangur nema að mjög óverulegu leyti.

Það hefur komið fram undir rekstri málsins, að aðalstefnendum var tjáð, áður en þeir keyptu eignina, að þakleki hefði komið upp í húsinu, en jafnframt var þeim tjáð, að með aðgerðum hefði verið unnt að komast fyrir lekann og hans ekki orðið vart hálft annað ár. Telja verður upplýst, að aðalstefndu hafi verið ókunnugt um frágang á útloftunaropum í þakrými og verið í góðri trú, er þau gáfu þessar upplýsingar. Hins vegar firrir það þau ekki ábyrgð á þeim göllum, sem fram komu, þar sem aðalstefnendur máttu ætla, að þau væru að kaupa eign, sem hefði ekki slíkan galla. Ekki verður heldur talið, að upplýsingar aðalstefndu um fyrri þakleka hefði átt að leggja aðalstefnendum þá skyldu á herðar að ganga sérstaklega úr skugga um, að upplýsingar aðalstefndu um, að búið væri að komast fyrir lekann, væru réttar, enda máttu þau treysta fullyrðingum aðalstefnda Þórarins, sem er byggingafræðingur að mennt.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er ljóst, að aðalstefndu tóku að sér að sjá um könnun á göllum og úrbætur vegna þeirra þegar haustið 1983, og höfðu þau forræði þeirra framkvæmda allt til hausts 1984 eða vetrar 1984/1985. Eins og fram hefur komið, er aðalstefndi Þórarinn byggingaverkfræðingur að mennt, en aðalstefnendur eru ekki sérfróð um byggingar. Verður ekki gerð sú krafa til þeirra, að þau hefðu átt að grípa til sérstakra aðgerða, meðan málið var í höndum aðalstefnda Þórarins, og máttu þau treysta því, að þar væri faglega að verki staðið. Hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til annars en aðalstefnendur hafi gert allt, sem í þeirra valdi stóð, til að láta kanna orsakir lekans og koma í veg fyrir óþarfatjón.

Þá er ósönnuð sú staðhæfing aðalstefndu, að tjónið megi á einhvern hátt rekja til vanrækslu aðalstefnenda á eðlilegu viðhaldi hússins.

Enn fremur er ósannað, að aðalstefnendur hafi staðið í vegi fyrir því, að aðalstefndu fengju að gera þær úrbætur, sem af þeirra hálfu voru taldar nauðsynlegar til að koma í veg fyrir meira tjón.

Sú fullyrðing aðalstefndu, að tekið hafi verið tillit til hugsanlegs þakleka í verði hússins, er ósönnuð og órökstudd með öllu.

Samkvæmt framansögðu bera aðalstefndu óskipta bótaábyrgð á þeim göllum, sem voru á húsinu, og því tjóni, sem rekja má til gallanna.

Bótakrafa aðalstefndu er reist á matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna á dskj. nr. 14, sem dagsett er í júní 1985.

Matsgerðinni hefur verið mótmælt í heild sinni sem og einstökum liðum hennar, og hefur því verið haldið fram af aðalstefndu, að matsmönnunum hafi verið falið að meta atriði, sem aðalstefndu beri enga ábyrgð á.

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóminn og staðfest matsgerðina. Er það álit þeirra, að óhjákvæmilegt sé að gera allar þær úrbótatillögur, sem þar koma fram, til þess að tryggja, að ekki verði um frekari leka eða raka að ræða, auk þess sem þeir telja, að ekki fáist fullnægjandi viðgerð á tjóni (sic) aðalstefnenda á ódýrari hátt en lagt er til í matsgerð.

Dómurinn fór á vettvang og kynnti sér aðstæður.

Það er niðurstaða dómsins, að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hafi ekki verið hnekkt. Þykir því verða að leggja hana til grundvallar við ákvörðun bótafjárhæðar.

Aðalstefnendur gera enn fremur kröfu um greiðslu á 100.000,00 kr. vegna kostnaðar við flutning á búslóð, bráðabirgðahúsnæðis, meðan á viðgerð stendur, svo og kostnaðar vegna þóknunar til tæknifræðings, sem þau hafi kvatt sér til aðstoðar. Hefur þessum kröfulið verið andmælt sem of háum og aðalstefndu óviðkomandi.

Ekki hafa verið lögð fram gögn vegna þóknunar til tæknifræðings eða sú krafa verið rökstudd nánar. Hins vegar þykja aðalstefnendur eiga nokkrar bætur vegna flutnings á búslóð og bráðabirgðahúsnæðis, meðan á viðgerð stendur, og þykir sú fjárhæð hæfilega ákveðin 25.000,00 kr.

Krafa aðalstefnenda um skuldajöfnuð tengist gagnkröfu aðalstefndu.

Ágreiningslaust er, að aðalstefnendum ber að greiða aðalstefndu um samdar greiðslur skv. óútgefnu skuldabréfi samkvæmt ákvæði í kaupsamningi. Aðalstefnendur greiddu fyrstu greiðslu, en héldu eftir 2. og 3. afborgun, sem voru með gjalddögum 1. ágúst 1985 og 1. ágúst 1986. Síðasti gjalddagi átti síðan að vera 1. ágúst 1987.

Þegar aðalstefnendur ákváðu að halda eftir greiðslum, lá fyrir matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Þegar litið er til þess, að tjón aðalstefnenda skv. niðurstöðu hennar var miklum mun meira en nam umræddum afborgunum, og með hliðsjón af því, að bótaábyrgð hefur verið lögð á aðalstefndu, þykir mega líta svo á, að aðalstefnendum hafi verið vansalaust

að halda eftir greiðslunum. Gjaldfelling hins óútgefna skuldabréfs var því ekki heimil. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að taka til greina kröfu aðalstefnenda um skuldajöfnuð.

Vaxtakröfu aðalstefnenda hefur ekki verið andmælt sérstaklega, og dæmast því vextir eins og krafist er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðalstefndu til að greiða aðalstefnendum málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 150.000,00 kr., og er matskostnaður þar með talinn.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn ásamt meðdómsmönnunum Ragnari Ingimarssyni prófessor og Birni Björnssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Þórarinn Magnússon og Sigríður Austmann, bæði til heimilis að Bakkaflöt 5, Garðabæ, greiði in solidum aðalstefnendum, Stefáni Bergmann Matthíassyni og Ingunni Ingimundardóttur, báðum til heimilis að Brekkuseli 28, Reykjavík, 149.446,35 kr. ásamt 42% ársvöxtum af 383.000,00 kr. frá 1. júlí 1985 til 1. ágúst s.á., en af 258.438,05 kr. frá þeim degi til 1. september s.á., með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 12. desember s.á., en með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., en með sömu vöxtum af 149.446,35 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 150.000,00 kr. í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. desember 1989.

Nr. 440/1989. **Hávöxtunarfélagið hf.**

gegn

Sólveigu Magnúsdóttur.

Kærumál. Verðbréfasjóður. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili hefur 16. september 1989 með heimild í 1. mgr. 3. gr. þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, kært til Hæstaréttar aflýsingu á veðskuldabréfi, sem fram fór við borgarfógetaembættið í Reykjavík 22. ágúst 1989. Kæran barst Hæstarétti 13. nóvember 1989.

Sóknaraðili krefst þess ,,aðallega, að hin kærða úrlausn og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá þinglýsingardómi í héraði, en til vara, að hinni kærðu úrlausn verði hrundið og staðfest verði færsla veðskjals nr. A 020027/1987 í fasteignabók 27. ágúst 1987". Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Þinglýsingardómari hefur samkvæmt 3. gr. laga nr. 39/1978 sent Hæstarétti skýringar sínar. Segir þar m.a.:

,,Með bréfi til embættisins, dags. 9. maí 1989, krafðist Baldvin Hafsteinsson hdl. þess fyrir hönd Sólveigar Magnúsdóttur, Geitastekk 9, Reykjavík, að veðskuldabréf, út gefið af Steinverki hf. 26. ágúst 1987 og tryggt með veði í Reykjavíkurvegi 42, Reykjavík, yrði afmáð úr veðmálabókum embættisins, þar sem Sólveig hafi aldrei samþykkt veðsetningu þessa, en hún hafi keypt umrædda íbúð af Steinverki hf., og hafi kaupsamningur hennar verið móttekinn til þinglýsingar á undan umræddu veðskuldabréfi, sbr. 15. gr. þinglýsingarlaga.

Með bréfi til embættisins, dags. 24. maí 1989, mótmælir Eggert Ólafsson hdl. fyrir hönd Hávöxtunarfélagsins hf. kröfunni um aflýsingu, þar sem bréfinu hafi verið þinglýst án athugasemda og Hávöxtunarfélagið hf. hafi fengið það framselt, eftir að því hafi verið þinglýst, og verið grandalaust um tilvist kaupsamnings.

Málavextir eru nánar þessir:

Sólveig keypti íbúðina Reykjavíkurveg 42 af Steinverki hf. með kaupsamningi, dags. 24. júlí 1987, og var hann móttekinn til þinglýsingar 20. ágúst 1987, en honum var ekki endanlega þinglýst fyrr en 18. desember 1987, og mun skýringin á því vera sú, að þinglýstir eigendur að eigninni (og fleiri eignum á þessu svæði) voru Bogi og Ingimar Ingimarssynir og við innlagningu kaupsamningsins til þinglýsingar lá ekki fyrir samþykki þeirra til þess, að Steinverk seldi íbúðina, en því var þinglýst (móttekið) 24. nóvember 1987.

Hinn 26. ágúst var svo lagt inn til þinglýsingar umrætt veðskuldabréf, 1.250.000,00 kr., vt.tr., út gefið 26. ágúst 1987 af Steinverki til Svans Þórs Vilhjálmssonar. Var því endanlega þinglýst daginn eftir, 27. ágúst, en áður (20. ágúst) hafði verið þinglýst veðleyfi þeirra Boga og Ingimars handa Steinverki hf. Hins vegar lá ekki fyrir við þinglýsingu veðskuldabréfsins samþykki Sólveigar Magnúsdóttur, en kaupsamningur hennar um íbúðina hafði verið lagður inn sex dögum áður. Veðskuldabréfinu er þinglýst án athugasemdar, og má ætla, að þeim, sem þinglýsti, hafi þá verið ókunnugt um, að búið var að leggja kaupsamninginn inn til þinglýsingar.

Af hálfu embættisins var haft samband við skuldara, eftir að krafan um aflýsingu kom fram, til að reyna að leysa málið með samkomulagi, en það tókst ekki.

Taldi þá undirritaður þinglýsingardómari eftir atvikum rétt að verða við kröfu kaupsamningshafa um aflýsingu, þar sem kaupsamningurinn hafði verið móttekinn til þinglýsingar á undan veðskuldabréfinu og samþykki kaupsamningshafa til veðsetningarinnar hafði aldrei verið þinglýst. Var í því sambandi höfð hliðsjón af 1. mgr. 24. gr. þinglýsingarlaga, sbr. og 27. gr., sem gerir ráð fyrir hugsanlegri leiðréttingu þinglýsingardómara.

Einnig var höfð hliðsjón af hæstaréttardómi nr. 384/1988, þar sem gert virðist ráð fyrir, að kaupandi fasteignar þurfi ekki að sætta sig við þinglýsingu einhliða veðsetningar af hálfu seljanda, ef kaupsamningur hefur verið móttekinn til þinglýsingar á undan veðskjalinu, jafnvel þótt því sé þinglýst með athugasemd um ágallann.

Var þá veðskuldabréfið afmáð úr fasteignabók, er svofelld áritun hafði verið gerð á staðfest endurrit af þinglýsingarendurriti veðskuldabréfsins:

„Veðskuldabréf þetta, A 20077/87, aflýsist skv. kröfu kaupsamningshafa, Sólveigar Magnúsdóttur. Bréfinu var þinglýst, eftir að kaupsamningur við Sólveigu, A 19545/87, var afhentur til þinglýsingar, en við þinglýsingu bréfsins lá samþykki Sólveigar ekki fyrir. Aflýsingin fer fram með vísan til 1. mgr. 24. gr., sbr. 27. gr., þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, sbr. og hrd. 384/1988.“‘‘

Í gögnum málsins kemur fram, að sóknaraðili, Hávöxtunarfélagið hf., sé verðbréfasjóður og að unnið sé að breytingum á samþykktum félagsins til að aðlaga þær lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Í 1. mgr. 18. gr. þeirra laga segir, að verðbréfasjóður geti „eigi verið aðili að dómsmáli, nema málið fjalli um samskipti sjóðsins og verðbréfafyrirtækis, sem sér um rekstur hans“.

Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komist að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Hávöxtunarfélagið hf., greiði varnaraðila, Sólveigu Magnúsdóttur, 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Föstudaginn 8. desember 1989.

Nr. 252/1989. **Magnús Thoroddsen**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra vegna ríkisvaldsins
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
og gagnsök.

Dómarar, frávikning. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og varadómararnir Gunnlaugur Briem yfirsakadómari, Ingibjörg Benediktsdóttir sakadómari, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Ragnar Halldór Hall borgarfógeti, Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1989. Hann gerir svofelldar dómkröfur:

„1. Aðalsök í héraði:

Að aðaláfrýjandi verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda og til dæmdur málskostnaður úr hans hendi með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 11. júlí 1989 til greiðsludags.

2. Gagnsök í héraði:

Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, með þeirri breytingu þó, að aðaláfrýjanda verði til dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 11. júlí 1989 til greiðsludags.

3. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags."

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1989 og gerir svohljóðandi dómkröfur:

„1. Aðalsök í héraði:

Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að gagnáfrýjanda verði til dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi úr hendi aðaláfrýjanda að mati Hæstaréttar.

2. Gagnsök í héraði:

Að gagnáfrýjandi verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda og til dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi úr hans hendi að mati Hæstaréttar.

3. Að gagnáfrýjanda verði til dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda að mati Hæstaréttar.“

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Atvik málsins eru rakin í héraðsdómi. Til viðbótar því, sem þar kemur fram um heimildir til kaupa á áfengi hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á svonefndum sérkjörum eða kostnaðarverði, þykir rétt að rekja hér efni bréfs forstjóra Áfengisverslunar ríkisins til fjármálaráðherra frá 21. október 1947, en tilefni þess var fyrirspurn, er þá hafði verið beint til ráðherrans á Alþingi, ,,um réttindi til áfengis með niðursettu verði“. Bréf þetta, sem birt er í Alþingistíðindum 1947, er að loknum inngangsorðum svohljóðandi:

,,Fyrsti liður fsp. er svolátandi: Hvaða trúnaðarstöðum í landinu fylgir réttur til að fá frá ríkinu áfengi til kaups með niðursettu verði? Svar: Þennan rétt hafa nú:

1. forseti Íslands,
2. Stjórnarráð Íslands samkvæmt fyrirlagi einhvers af ráðherrunum,
3. Alþingi samkvæmt fyrirlagi forseta sameinaðs þings,
4. ráðherrar,
5. forsetar Alþingis,
6. forstjóri Áfengisverslunar ríkisins,
7. erlendar sendisveitir og heimansendir konsúlar.

Annar liður fsp. hljóðar þannig: Hvenær hafa trúnaðarmenn þjóðfélagsins öðlast þessi réttindi, hvaða stjórnarvöld veittu réttindin, og hvaða ár fékk hver einstök trúnaðarstaða sinn frumrétt?

Svar: Þegar núverandi forstjóri verslunarinnar tók við starfi á miðju ári 1928, hafði forsætisráðherra haft þennan rétt og Stjórnarráðið samkvæmt hans fyrirlagi, — enn fremur Alþingi samkvæmt fyrirlagi forseta sameinaðs þings.

Í tíð þjóðstjórnarinnar, sem sat að völdum 1939-1942, var öllum ráðherrunum veittur réttur til þess að kaupa áfengi með niðursettu

verði, en kaupin féllu í framkvæmdinni niður, meðan áfengissölu var hætt, frá því í júlímánuði 1941 til ársloka, er teknar voru upp undanþáguveitingar til kaupa á áfengi.

Á þessu tímabili öðluðust einnig deildarforsetar og síðar varaforsetar Alþ. rétt til kaupa á áfengi með niðursettu verði samkvæmt fyrirlagi þáverandi forseta sameinaðs þings. Með bréfi fjmrh., dags. 26. júní 1944, er mælt fyrir um, að forseti sameinaðs þings skuli einn af þingforsetum hafa þennan rétt. En með bréfi frá fjmrn. 29. jan. 1946 er mælt fyrir um, að selja megi forsetum Alþ. áfenga drykki án álagningar fyrir allt að 1000 krónum hverjum árlega. En þetta hefur í framkvæmdinni aðeins verið látið ná til forseta efri og neðri deildar Alþ.

Forstjóri Áfengisverslunar ríkisins hlaut aðstöðu til þessara áfengiskaupa í júnímánuði 1944.

Þriðji liður fyrirspurnarinnar er þessi: Hvaða skilyrði eða takmarkanir eru settar hinum einstöku notendum þessara hlunninda?

Svar: Engin önnur en þau, er að framan greinir og vita að forsetum efri og neðri deildar Alþ. um magn það, er þeim er leyft að kaupa.

Síðasta lið fsp. teljum vér ekki í vorum verkahring að svara.“

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fram koma í téðu bréfi, virðast handhafar forsetavalds a.m.k. ekki fram til þess tíma, er bréfið var ritað, hafa notið réttar til kaupa áfengis á sérkjörum. Heimild þeim til handa var hins vegar til staðar 12. febrúar 1964 samkvæmt bréfi forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins 25. nóvember 1988, en meginefni þess er rakið í héraðsdómi. Gögn málsins veita ekki upplýsingar um, hvenær á tímabilinu frá 21. október 1947 til 12. febrúar 1964 handhöfum forsetavalds voru veitt þessi hlunnindi.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, nýtur engra upplýsinga í málinu um það, með hvaða hætti stofnað var til þessara hlunninda, hvort einhverjar reglur voru settar um þau eða hverjar venjur kunna að hafa myndast um nýtingu þeirra. Samkvæmt frásögn aðaláfrýjanda studdist hann um hlunnindi þessi við upplýsingar frá tveimur af forverum sínum í embætti forseta Hæstaréttar og þó næsta óljósar, að því er virðist.

Gögn málsins leiða í ljós, að handhafar forsetavalds hafa um langt árabil notið þeirra fríðinda að mega kaupa til einkanota áfengi á kostnaðarverði hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Verður ekki séð, að fríðindi þessi hafi tengst opinberri risnu við þann embættisrekstur, svo sem haldið er fram af hálfu gagnáfrýjanda.

Þótt engra reglna eða leiðbeininga nyti um magn þess áfengis, er kaupa mætti á þessum sérstöku kjörum, verður að telja, að þeim, er þeirra nutu, hafi borið að binda kaup sín hverju sinni við eðlileg hófsemdarmörk og hafa að leiðarljósi í því efni virðingu sjálfra sín og þeirra embætta, er þeir gegndu.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir því, hvernig aðaláfrýjandi nýtti umrædd hlunnindi, er hann gegndi starfi sem einn af handhöfum forsetavalds, meðan hann var forseti Hæstaréttar frá 1. janúar 1987 til 25. nóvember 1988. Áfengismagn það, er hann keypti, fór langt fram úr því, sem hæfilegt gat talist og samboðið var virðingu embættis hans. Þessi miklu áfengiskaup aðaláfrýjanda hlutu að rýra álit hans siðferðislega og voru fallin til að skerða virðingu fyrir Hæstarétti Íslands og það traust, sem á miklu ríður, að borið sé til réttarins.

Mikil áhersla er á það lögð af hálfu aðaláfrýjanda, að óeðlilegrar tregðu hafi gætt af hálfu gagnáfrýjanda að verða við margítrekuðum kröfum hans um framlagningu gagna í málinu um það, hvernig aðrir nýttu þau hlunnindi, sem um ræðir, og þá ekki aðeins á síðari árum. Þótt gagnáfrýjandi hafi aðeins að takmörkuðu leyti orðið við þessum kröfum aðaláfrýjanda, getur það þó ekki, eins og máli þessu er háttað, bætt réttarstöðu hans á grundvelli sönnunarreglna, enda hljóta úrslit málsins að ráðast fyrst og fremst af því, hvernig aðaláfrýjandi sjálfur nýtti sér umrædd hlunnindi, en ekki, hvernig öðrum, er þeirra hafa notið, fórst í því efni.

II.

Samkvæmt 1. tl. 5. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, er eitt af skilyrðum þess, að skipa megi mann hæstaréttardómara, að hann fullnægi almennum dómaraskilyrðum. Málsaðila greinir ekki á um, að hér sé átt við skilyrði þau, sem tilgreind eru í 32. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Í 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 4. gr. laga nr. 54/1988, segir m.a., að hafi dómari að áliti dómsmálaráðherra rýrt svo álit

sitt siðferðislega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti, víki ráðherra honum frá embætti um stundarsakir, en síðan skuli mál höfða á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má.

Í lögum nr. 75/1973 er ekkert sambærilegt ákvæði um hæstaréttardómara, og lögin vísa ekki til laga nr. 85/1936 í öðru, sem hér skiptir máli, en um hin almennu dómaraskilyrði, er áður getur.

Augljóst er, að eigi verða að lögum gerðar minni siðferðiskröfur til hæstaréttardómara en héraðsdómara. Þykir því samkvæmt eðli máls eiga að skýra áðurnefnt ákvæði 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936 svo, að það taki ekki síður til hæstaréttardómara en héraðsdómara. Eigi eru rök til þess vegna embættisstöðu aðaláfrýjanda og eins og úrlausnarefni málsins er háttað, að fallast á þá málsástæðu, að réttarstaða hans í málinu geti byggst á niðurlagsákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

III.

Eigi eru efni til að fallast á þá málsástæðu gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjandi fullnægi ekki lengur skilyrði 4. tl. 32. gr. laga nr. 85/1936.

Þegar það er hins vegar virt, sem áður sagði um áfengiskaup aðaláfrýjanda, verður ekki hjá því komist að líta svo á, að í þeim hafi falist slík ávirðing, sem fellur undir 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 4. gr. laga nr. 54/1988, og vitnað var til hér að framan. Af því leiðir óhjákvæmilega samkvæmt lagaákvæði þessu, að taka verður til greina kröfu gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjanda verði vikið úr embætti dómara við Hæstarétt Íslands.

IV.

Fallast verður á það með gagnáfrýjanda, að heimilt hafi verið að víkja aðaláfrýjanda úr embætti um stundarsakir, án þess að sú ákvörðun væri áður borin undir dómstóla. Það er í samræmi við ákvæði 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 4. gr. laga nr. 54/1988, hefur og stoð í 3. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar og verður eigi talið brjóta gegn embættishelgi hæstaréttardómara samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar, sem ætlað er að tryggja, að dómurum, sem

eigi gegna jafnframt umboðsstörfum, verði aldrei á grundvelli ákvæða í almennum lögum vikið endanlega úr embætti án undangengins dóms. Á það er og að líta við mat á þessu álitaefni, að ýmis vandkvæði hlytu óhjákvæmilega að fylgja því, að hæstaréttardómari sæti við svo búið í embætti, meðan beðið væri dóms í máli hans.

V.

Ákvæði 61. gr. stjórnarskrárinnar ber að túlka svo, að aðaláfrýjandi eigi rétt til óskertra launa, meðan lausn hans úr embætti um stundarsakir stendur.

VI.

Samkvæmt framanskráðu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um annað en málskostnað. Með hliðsjón af launakröfu aðaláfrýjanda, sem tekin er til greina að fullu, þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 200.000,00 krónur, að með töldum söluskatti. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Gagnaöflun í héraði varð mjög umfangsmikil. Verulegur hluti fram lagðra gagna er umfjöllun fjölmiðla um áfengiskaup aðaláfrýjanda. Drjúgur hluti þessa eru endurrit af samtölum útvarpsstöðva við ónafngreint fólk. Fæst af þessari umfjöllun fjölmiðla átti erindi inn í málið, og var framlagning þessara gagna andstæð grundvallarreglum réttarfars um málatilbúnað. Auk þess er margt af því, sem þar kemur fram, meiðandi fyrir aðaláfrýjanda og aðra, sem ekki eru aðilar máls þessa, og því með öllu óviðeigandi. Málatilbúnað þennan af hálfu ríkisvaldsins ber að átelja harðlega.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Gagnáfrýjandi, dómsmálaráðherra vegna ríkisvaldsins, greiði aðaláfrýjanda, Magnúsi Thoroddsen, samtals 200.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

1633

Sératkvæði
varadómaranna Sigurðar Reynis Péturssonar og Sveins Snorrasonar.

I.

Við erum samþykkir inngangsorðum meiri hluta dómsins svo og málsatvikalýsingu í I. kafla í forsendum allt til loka þeirrar málsgreinar, sem endar á orðunum: „svo sem haldið er fram af hálfu gagnáfrýjanda".

Í sératkvæði okkar lýkur I. kafla forsendna þannig:

Svo sem fram kom í svari fjármálaráðherra og þáverandi forstjóra Áfengisverslunarinnar við fyrirspurn á Alþingi árið 1947 og að framan greinir, voru engin takmörk um magn eða verðmæti sett fyrir kaupum þeirra embættismanna, er hlunnindanna nutu, um kaup á áfengi á niðursettu verði utan deildarforseta og varaforseta Alþingis.

Heimildir til kaupa áfengis á niðursettu verði hafa samkvæmt gögnum málsins verið ákveðnar með bókunum ríkisstjórna eða ákvörðun fjármálaráðherra. Þær hafa ekki haft að geyma takmarkanir á magni eða verðmæti umfram það, sem að framan er rakið, né heldur leiðbeiningar um, hvernig með skuli fara að öðru leyti, og þær hafa ekki verið birtar að hætti annarra stjórnvaldaerinda. Á Alþingi hafa hlunnindi þessi, veiting þeirra og neysla verið gagnrýnd, og þingsályktunartillögur hafa áður verið fluttar um afnám þeirra, en ekki hlotið þar samþykki eða fullnaðarafgreiðslu. Þótt tilvist þessara hlunninda hafi verið á allra vitorði, hefur huliðshjúpur þó hvílt yfir hlunnindum þessum, veitingu þeirra og framkvæmd, að því er best verður séð, að vilja stjórnvalda, en með vitund Alþingis.

Í málinu er upplýst, að ÁTVR hefur haldið sérstakar skrár um alla sölu áfengis á sérkjörum til þeirra, er heimild hafa til kaupanna, enn fremur, að Ríkisendurskoðun hafi fylgst nokkuð með notkun framangreindra hlunninda. Þá hefur komið fram, að leitað hefur verið álits ríkisendurskoðanda fyrir fram, ef not heimildar hafa þótt orka tvímælis.

Í máli þessu er upplýst, að á miðju ári 1988 hafði forstjóri ÁTVR tilkynnt ríkisendurskoðanda um áfengiskaup aðaláfrýjanda. Athuguðu þeir þá sameiginlega innkaupin, og eftir það var fylgst með

innkaupum þessum, og þóttu „þau vera svona heldur í meira lagi". Hinn 6. júlí 1988 hafði aðaláfrýjandi samkvæmt gögnum málsins keypt þann tíma, er hann hafði gegnt störfum sem handhafi forsetavalds, á árunum 1987 og 1988, samtals 1380 flöskur af áfengi, þar af 660 flöskur á árinu 1988.

Ekki var þó gerð athugasemd við aðaláfrýjanda um áfengiskaup hans að sinni, né heldur sýnist dómsmálaráðherra hafa verið gert viðvart um þau, svo sem rétt sýnist hafa verið að gera, ef forstjóri og ríkisendurskoðandi töldu þá, að heimild til kaupanna væri farin að orka tvímælis, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 35. gr. laga 85/1936. Það varð þó ekki fyrr en í nóvember 1988, sem ríkisendurskoðanda þótti „ástæða til þess að fara að athuga málið nánar og gera eitthvað í því", og í því sambandi taldi hann rétt „að fá álit forseta sameinaðs þings, sem starfar sem nokkurs konar yfirmaður Ríkisendurskoðunar".

Aðaláfrýjanda barst vitneskja um, að athugun á áfengiskaupum hans færi fram, síðdegis fimmtudaginn 24. nóvember 1988, þegar fréttamaður Ríkisútvarpsins bar þau undir aðaláfrýjanda í skrifstofu hans í Hæstarétti, en fregnir af kaupum hans birtust fyrst í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins þann dag kl. 19.00. Ekki verður séð, að dómsmálaráðherra hafi borist vitneskja um þetta fyrr en eftir, að hún hafði borist fjölmiðlum.

Í fréttaviðtali í Ríkisútvarpinu að kvöldi 25. nóvember 1988, sem lagt hefur verið fram í endurriti af ríkisvaldsins hálfu í málinu, segir dómsmálaráðherra m.a.: „Ríkisendurskoðun á að gera athugasemdir við það, sem hún telur ekki vera í samræmi við lög og reglur, og síðan á að bregðast við þeim athugasemdum, svo að það er Ríkisendurskoðunar að mínu mati að dæma um það, hvernig framkvæma eigi hlutina, en að sjálfsögðu er nauðsynlegt, til þess að Ríkisendurskoðun geti unnið verk sitt af kostgæfni, að skýrar reglur séu um hvaðeina í rekstri ríkisins og þeirra stofnana, sem tilheyra stjórnsýslu okkar."

Aðaláfrýjandi hefur margsinnis beint áskorunum til gagnáfrýjanda um framlagningu gagna í málinu um það, hvernig almennt hafi verið háttað nýtingu þeirra hlunninda til áfengiskaupa á sérkjörum, sem einstökum embættismönnum hafa verið veitt langt aft-

ur í tímann. Þrátt fyrir mikið tómlæti og undanbrögð gagnáfrýjanda gagnvart áskorunum þessum hafa nokkrar upplýsingar í þessu efni verið lagðar fram. Af þeim takmörkuðu gögnum, sem fyrir liggja í málinu um notkun þessara hlunninda, er ljóst, að mjög frjálslega hefur verið með heimildir þessar farið af þeim, sem hlunninda þessara hafa notið, án þess að sætt hafi aðfinnslum eða þeir sóttir til ábyrgðar, þótt eðlismunur sé ekki á háttsemi þeirra og aðaláfrýjanda. Þá er það enn fremur ljóst af sameiginlegri athugun forstjóra ÁTVR og ríkisendurskoðanda á áfengisúttekt aðaláfrýjanda á miðju ári 1988, þar sem úttekt þessi var talin „svona heldur í meira lagi", að þessir aðilar hafa litið svo á, að um mjög rúma úttektarheimild á áfengi með sérkjörum hafi verið að ræða. Engu að síður erum við ósammála meiri hluta dómsins, að ekki skipti máli, hvernig almennt hafi verið háttað nýtingu þeirra hlunninda, sem hér um ræðir, einkum þar sem engin takmörk eru sett um nýtingu þeirra. Álitaefnið hér er ekki, hvort aðrir hafi brotið af sér í þessu efni, heldur hitt, hvert innihald þessara hlunninda hafi verið í framkvæmd, hvernig aðrir hafi skilið þessar heimildir og framkvæmt. Þetta skiptir ekki síst máli af þeim sökum, að gagnáfrýjandi rökstyður mál sitt með því, að aðaláfrýjandi hafi gerst sekur um siðferðisbrest, en mat á siðgæði miðast ekki síst við það, hver sé háttsemi annarra við svipaðar aðstæður.

Þá erum við ekki sammála meiri hluta dómsins um það atriði, að það bæti ekki réttarstöðu aðaláfrýjanda á grundvelli sönnunarreglna, að legið sé á upplýsingum um staðreyndir, sem hér skipta máli. Í réttarríki er það grundvallarregla, að allir séu jafnir fyrir lögunum og að allar grunsemdir um það, að mönnum sé mismunað í því efni, hljóti að veikja traust manna á grundvallarreglum íslensks réttarfars og skerða virðingu manna fyrir þeim stjórnvöldum, sem slíkri mismunun beita.

II.

Við erum samþykkir fyrstu þremur málsgreinum í II. kafla forsendna meiri hluta dóms svo og aftur að orðunum: „hæstaréttardómara en héraðsdómara" í síðustu málsgrein kaflans. Samkvæmt sératkvæði okkar lýkur þessum kafla forsendna þannig:

3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936 fjallar um þrenns konar tilvik:

1. missi almennra dómaraskilyrða, sbr. 32. gr. laganna, 2. misferli í dómarastarfi, enda hafi áminning ekki komið að haldi, eða 3. dómari hefur að áliti ráðherra rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti, o.s.frv.

Samkvæmt báðum síðast töldu liðunum er gert ráð fyrir því, að áður en brottvikningu um stundarsakir sé beitt, hafi áminning verið veitt og viðkomandi gefinn kostur á að bæta ráð sitt, þannig að ákvæðum þessum verður að jafnaði ekki beitt nema við ítrekun eftir haldlausa áminningu. Hið sama leiðir einnig af ákvæðum 2. mgr. 7. gr. starfsmannalaganna, nr. 38/1954, sem við teljum, að eigi við hæstaréttardómara eins og aðra embættismenn, að því marki, sem sérlög eða stjórnarskrá kveði ekki á um annað.

Á það er þó að líta í þessu sambandi, að eins og á stóð, eftir að mál þetta hafði sætt svo mikilli og óvæginni fjölmiðlaumfjöllun sem raun varð á, átti dómsmálaráðherra óhægt um vik að láta aðaláfrýjanda njóta þess skýlausa réttar í þessu efni, sem hann átti samkvæmt framangreindum lagaákvæðum. Þegar það er virt, sýnist hafa verið enn ærnari ástæða fyrir ráðherra að fallast á lausnarbeiðni aðaláfrýjanda 28. nóvember 1988 um stundarsakir, meðan ætlaðar ávirðingar hans voru athugaðar í samræmi við ákvæði 8. gr. laga 38/1954. Með því hefði að nokkru verið bætt fyrir þá réttarskerðingu, sem aðaláfrýjandi hafði þegar orðið fyrir, og mál hans fengið hlutlæga rannsókn, en málsmeðferð síðan farið að hætti opinberra mála, svo sem mælt er fyrir um í greindu lagaákvæði.

III.

Áfengiskaup aðaláfrýjanda eru, eins og að framan hefur verið greint, byggð á heimildum til hlunninda, er hann naut, meðan hann var einn af handhöfum forsetavalds. Hvorki eru lagafyrirmæli né nokkrar skýrar reglur um takmörk eða notkun þessara heimilda. Kaupin eru því sjálfstætt skoðað ekki brot á neinum lagafyrirmælum, löglega settum reglum eða birtum stjórnvaldaerindum.

Það er enn fremur fram komið í málinu, að hér hefur verið um mjög rúmar heimildir að ræða, og ótvírætt, að þær hafa verið hugsaðar sem „hlunnindi" eða launabót til þeirra aðila, er þeirra nutu. Verður að líta á hlunnindi þessi sem einn þátt í kjörum viðkomandi

manna hjá ríkisvaldi. Það hlýtur að vera löggjafarvaldsins eða framkvæmdavaldsins, en ekki dómstóla, að setja slíkum heimildum mörk og ákveða, hversu víðtækar heimildir til áfengiskaupa með sérkjörum fælust í hlunnindunum.

Ákvæði 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936 veitir ekki — og getur ekki samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár veitt — dómstólum vald eða heimild til þess að reisa ákvörðun um að víkja dómara úr embætti samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar á frjálsu mati á takmörkum hlunninda þeirra, sem hér um ræðir, og hvort farið hafi verið fram úr eðlilegum mörkum í því efni. Af því leiðir óhjákvæmilega, að sýkna verður aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök.

IV.

Við erum sammála meiri hluta dóms um forsendur í IV. kafla forsendna hans með þeirri athugasemd, sem leiðir af niðurlagi II. kafla sératkvæðis okkar.

V.

Atkvæði okkar er samhljóða atkvæði meiri hluta dómsins samkvæmt V. kafla í forsendum hans.

VI.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um gagnsök.

Samkvæmt þessum lyktum máls þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í báðum sökum í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 1.500.000,00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Magnús Thoroddsen, á að vera sýkn í aðalsök af kröfum gagnáfrýjanda, dómsmálaráðherra f.h. ríkisvalds.

Staðfest er niðurstaða héraðsdóms í gagnsök.

Gagnáfrýjandi, dómsmálaráðherra f.h. ríkisvalds, greiði aðaláfrýjanda 1.500.000,00 krónur í málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní sl., höfðaði dómsmálaráðherra, Halldór Ásgrímsson, f.h. ríkisvaldsins, gegn Magnúsi Thoroddsen hæstaréttardómara, Silungakvísl 23, Reykjavík, með þingfestingu málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 23. febrúar 1989.

Stefndi höfðaði gagnsök í málinu 28. apríl 1989.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefnda, Magnúsi Thoroddsen, verði með dómi vikið úr embætti dómara við Hæstarétt Íslands og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, dómsmálaráðherra f.h. ríkisvaldsins, og til dæmdur málskostnaður úr hans hendi. Málskostnaðurinn beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnanda í gagnsök eru þær, að gagnstefndi, dómsmálaráðherra f.h. ríkisvalds, verði dæmdur til að greiða sér 388.477,00 kr. með 21,6% ársvöxtum af 96.366,00 kr. frá 1. janúar 1989 til 1. febrúar 1989, en af 193.335,00 kr. frá þeim degi til 1. mars 1989, með 24% ársvöxtum af 290.906,00 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1989, með 33,6% ársvöxtum af 388.477,00 kr. frá þeim degi til 1. maí 1989, en með áframhaldandi dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Á föllnum dráttarvöxtum verði bætt við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta á viðkomandi hluta höfuðstólsins. Þá krefst gagnstefnandi málskostnaðar úr hendi gagnstefnda að skaðlausu í gagnsökinni, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda í gagnsök eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda, Magnúsar Thoroddsens, og að gagnstefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda að mati réttarins.

I.

Málavextir.

Stefndi, Magnús Thoroddsen, var skipaður í embætti dómara við Hæstarétt Íslands 1. janúar 1982. Hann var kjörinn forseti Hæstaréttar kjörtímabilið frá 1. janúar 1987 til 31. desember 1988. Stefndi sagði af sér embætti forseta Hæstaréttar 25. nóvember 1988.

Samkvæmt 8. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands var stefndi sem forseti Hæstaréttar jafnframt handhafi forsetavalds ásamt forsætisráðherra og forseta sameinaðs þings.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu forseta Íslands gegndi stefndi

starfi handhafa forsetavalds í sex skipti árið 1987 og átta skipti árið 1988. Fyrra árið námu laun hans fyrir starfann 89.083,00 kr., en 192.541,00 kr. síðara árið, samtals 281.624,00 kr. bæði árin.

Samkvæmt upplýsingum Ríkisendurskoðunar keypti stefndi áfengi á svokölluðu kostnaðarverði í fimm skipti árið 1987, samtals 720 flöskur, fyrir 125.850,00 kr., en árið 1988 í átta skipti, samtals 1440 flöskur, fyrir 231.588,00 kr. Útsöluverð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á þessu áfengi nam á sínum tíma 2.934.780,00 kr. og því munur á kaupverði og útsöluverði 2.577.342,00 kr.

Stefndi skilaði Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 1260 flöskum af áfengi 27. nóvember 1988.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf frá Höskuldi Jónssyni, forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, til fjármálaráðherra, dags. 25. nóv. 1988, og er þar að finna helstu skjalfestu upplýsingarnar um heimildir eða reglur um kaup áfengis og tóbaks á svokölluðu kostnaðarverði. Bréfið er svohljóðandi:

„Málefni: Um afhendingu áfengis og tóbaks á kostnaðarverði (sendiráðsverði).

Elsta bréf, sem ég hef undir höndum, er frá 26. júní 1944, og fjallar það eingöngu um forstjóra Áfengisverslunar ríkisins. Í bréfi þessu segir Guðbrandur Magnússon m.a.:

„...maður er farinn að líta á það eins og misskilinn metnað að sveitast lengur undir því að sitja við þessi kjör, úr því að nokkrar undantekningar eigi sér stað í þessu efni."

Kjör þau, er forstjórinn vísar til, eru kaup áfengis á útsöluverði. Ljóst er, að sala á „kostnaðarverði" hefur ekki verið nýmæli á þeim tíma. Björn Ólafsson fellst á tilmæli Guðbrands samdægurs.

Árið 1964 virðast þeir Skúli Guðmundsson og Björn Fr. Björnsson hafa skrifað ÁTVR bréf með fyrirspurn um, hverjir geti fengið áfengi á „kostnaðarverði". Áfengis- og tóbaksverslunin svarar alþingismönnunum 12. febrúar 1964 í samráði við fjármálaráðuneytið, sbr. gögn í skjalasafni ráðuneytisins, A-43.

Í nefndu bréfi segir svo:

„Sem svar við bréfi yðar, dags. 23. f.m., viljum við upplýsa eftirfarandi:

1. Þeir íslenskir aðilar, búsettir hér á landi, er fá áfengi keypt hjá oss á kostnaðarverði, eru þessir:
   forseti Íslands, handhafar forsetavalds, ríkisstjórn, ráðherrar, ráðuneytin, Alþingi, forseti sameinaðs Alþingis, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Eimskipafélag Íslands, Ríkisskip, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli.
   Þá hafa deildarforsetar Alþingis heimild til að kaupa áfengi á kostn-

aðarverði fyrir allt að 2.000,00 kr. og varaforsetar Alþingis fyrir allt að 1.000,00 kr. á hverju þingi.

Tekið skal fram, að handhafar forsetavalds hafa aðeins rétt til slíkra áfengiskaupa þann tíma, sem forsetavaldið er í þeirra höndum.

Áfengi það, er Eimskipafélag Íslands og Ríkisskip kaupa, er einungis selt í siglingum milli landa og kemur því ekki til neyslu innan lands.

Fríhöfnin selur aðeins farþegum flugvéla við brottför þeirra af landinu, og kemur því ekki heldur til neyslu innan lands áfengi það, er hún selur.“

Á fundi ríkisstjórnar 14. október 1971 var samþykkt:

1. Fríðindi þau við innkaup áfengis og tóbaks til einkanota, er ráðherrar og forsetar Alþingis hafa notið, skulu afnumin.
2. Við innkaup áfengis og tóbaks vegna boða, sem ráðherra heldur í embættisnafni, skulu þó haldast sömu reglur og verið hafa, enda annist hlutaðeigandi ráðuneyti umrædd innkaup.

Samþykkt þessi var kynnt ÁTVR 22. október 1971.

Ég finn engin gögn, er skýra, hvernig reglur þær, er koma fram í bréfinu frá 12. febrúar 1964, skuli nýttar, ef undan eru skilin fyrirmæli um risnu og gjafir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins frá 18. apríl 1968 og samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 14. október 1971.“

Þá hafa verið lagðar fram í málinu athugasemdir yfirskoðunarmanna Alþingis við ríkisreikninga fyrir árin 1971 og 1972 að hluta til. Kemur þar fram, að yfirskoðunarmenn telja sig ekki þekkja nein rök eða fyrirmæli um, að einstakir embættismenn, s.s. handhafar forsetavalds, njóti ívilnana við áfengiskaup. Í svari fjármálaráðuneytisins segir, að hér sé um að ræða mjög langvarandi hefð.

Á fundi sínum 24. janúar sl. setti ríkisstjórn Íslands nýjar reglur um áfengiskaup á sérstöku verði, en með þeim eru afnumdar heimildir handhafa forsetavalds til áfengiskaupa á þeim kjörum.

Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 24. nóvember 1988 var greint frá því, að stefndi hefði keypt það, sem af væri árinu, 1440 flöskur af sterku áfengi á kostnaðarverði. Var þetta upphaf umfangsmikillar umfjöllunar í fjölmiðlum landsins um áfengiskaup stefnda, sem stóð um nokkra hríð. Urðu margir til þess að láta skoðanir sínar í ljós.

Stefndi skilaði skýrslu til dómsmálaráðherra um áfengiskaup á kostnaðarverði, og er hún dags. 28. nóvember 1988. Í skýrslunni segir m.a. eftirfarandi:

„Áður en ég tók við störfum sem forseti Hæstaréttar, fékk ég vitneskju um, að forseti hefði rétt á að kaupa áfengi á kostnaðarverði, er hann gegndi störfum handhafa forsetavalds í forföllum forseta Íslands. Aldrei var mér tjáð, að í gildi væru reglur um hámark slíkra kaupa. Forseti Hæstaréttar

hefur ekki risnu. Með þetta í huga hefi ég haldið veislur á vegum embættisins á eigin kostnað án þess að gera Hæstarétti reikning.

Í flest sinn, er forseti Íslands fór utan, gerði ég kaup á áfengi hjá ÁTVR. Mér var aldrei bent á, að kaup mín væru komin fram úr heimildum, heldur var hver pöntun afgreidd án athugasemda.

Þar sem forseti Íslands hefir alloft þurft að fara utan, bæði í opinberum og einkaerindum, urðu kaup mín mikil, þegar allt kemur saman, en ég tel þau ekki brjóta í bága við fastsettar reglur um innkaup þessi, þar sem þær eru ekki til að mínum dómi."

Sama dag ritar stefndi dómsmálaráðherra svohljóðandi bréf:

„Að höfðu samráði við samdómendur mína í Hæstarétti óska ég eftir því, hæstvirtur dómsmálaráðherra, að þér hlutist til um, að mér verði veitt lausn frá embætti hæstaréttardómara um stundarsakir, meðan athugaðar eru meintar ávirðingar mínar sem eins af handhöfum forsetavalds."

Dómsmálaráðherra féllst ekki á þessa beiðni.

Hinn 1. desember 1988 gerði dómsmálaráðherra tillögu til forseta Íslands um, að stefnda yrði veitt lausn frá embætti hæstaréttardómara um stundarsakir.

Efni tillögunnar er svohljóðandi:

„Við athugun Ríkisendurskoðunar hefur komið í ljós, að Magnús Thoroddsen hæstaréttardómari hefur árin 1987 og 1988, er hann sem forseti hæstaréttar var einn af handhöfum forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, keypt af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins svo mikið af áfengi á svonefndu kostnaðarverði, að það telst verulega umfram það, sem hæfilegt eða heimilt getur talist.

Áfengiskaup þessi hafa verið gerð opinber og fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlun.

Ég tel, að með þessu framferði sínu hafi dómarinn misnotað stöðu sína og aðstöðu í bága við ákvæði laga og rýrt svo álit sitt siðferðilega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti við Hæstarétt Íslands. Tel ég því nauðsynlegt, að mál verði höfðað gegn honum til embættismissis með dómi, eins og tilskilið er í 61. gr. stjórnarskrárinnar, og að hann láti nú af embætti um stundarsakir.

Ég vil því leyfa mér að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast að veita nefndum Magnúsi Thoroddsen lausn frá embætti hæstaréttardómara um stundarsakir og að rita nafn yðar undir afgreiðslu þá, sem hér með fylgir."

Hinn 2. desember 1988 féllst forseti Íslands á tillögu dómsmálaráðherra og gjörir sama dag eftirfarandi kunnugt:

„Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn beri til, að höfðað verði mál samkvæmt 61. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands á hendur Magnúsi

Thoroddsen, til að honum verði veitt lausn frá embætti dómara við Hæstarétt Íslands. Ástæður þess séu þær, að við athugun Ríkisendurskoðunar hafi komið í ljós, að Magnús Thoroddsen hafi keypt af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 720 flöskur af áfengi árið 1987 og 1440 flöskur af áfengi árið 1988 á þeim kjörum, sem gilda fyrir embætti forseta Íslands. Kaupin hafi farið fram í skjóli þess, að hann hafi sem forseti hæstaréttar verið einn af handhöfum forsetavalds í fjarveru forseta Íslands. Með þessum umfangsmiklu kaupum, sem nú hafi verið gerð opinber og ljóst þyki, að hafi að minnsta kosti að langmestum hluta verið ætluð til einkanota, hafi hann misnotað stöðu sína og aðstöðu í bága við ákvæði laga og rýrt álit sitt svo siðferðilega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti.

Af þessum sökum veiti ég hér með Magnúsi Thoroddsen lausn frá embætti dómara við Hæstarétt Íslands um stundarsakir, þar til endanlegur dómur gengur í máli því, er að framan greinir.

Gjört í Reykjavík 2. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir

Halldór Ásgrímsson

Lausnarbréf
fyrir Magnús Thoroddsen
til að vera leystur frá
embætti hæstaréttardómara
um stundarsakir.“

Mál þetta var síðan höfðað 23. febrúar 1989 og gagnsökin 28. apríl 1989, eins og fyrr greinir.

Frá 1. janúar sl. hafa stefnda verið greidd hálf laun hæstaréttardómara.

Í málinu hafa farið fram umfangsmiklar vitnaleiðslur og önnur gagnaöflun. Gagnaöflunin hefur að verulegu leyti miðað að því að upplýsa, hvers efnis þær reglur eru, sem lýst er í bréfi forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til fjármálaráðherra frá 25. nóvember 1988 og fyrr er rakið, og hvernig framkvæmd þeirra hefur verið háttað.

Ekki þykir ástæða til að rekja sérstaklega framburð vitna og stefnda.

Þess ber að geta samkvæmt f-lið 1. tl. 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, að undir aðalmeðferð málsins 31. maí sl. var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

„Þeim spurningum, sem lögmaður stefnda, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., hefur beint til vitnisins Arnars Páls Haukssonar, er vitninu óskylt að svara.“

II.

Málsástæður stefnanda í aðalsök.

Af hálfu stefnanda, dómsmálaráðherra f.h. ríkisvalds, er því haldið fram, að í 4. gr. laga nr. 3/1964, um laun forseta Íslands, sé tæmandi

og tvímælalaust talið, hverra kjara handhafar forsetavalds njóti, er þeir hafa forsetavaldið með höndum. Af því leiði, að þeir eigi ekki að njóta annarra þeirra hlunninda, sem forseti Íslands hafi, og kaup stefnda á áfengi á þeim kjörum, sem forsetanum séu heimil, hafi verið stefnda heimildarlaus með öllu.

Um þetta breyti engu þær reglur um kaup áfengis á sérkjörum, sem lýst sé í bréfi forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til fjármálaráðherra frá 25. nóvember 1988. Reglurnar heimili ekki handhöfum forsetavalds að kaupa áfengi á sérkjörum til einkanota, svo sem stefndi hafi gert. Heimild handhafa forsetavalds takmarkist við risnu vegna rækslu starfa forseta Íslands. Allt bendi til þess, að framkvæmd reglnanna hafi miðast við, að áfengi á sérkjörum væri eingöngu selt til opinberra nota.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, verði ekki á þetta fallist, að áfengiskaup stefnda hafi, hvað sem öðru líði, verið svo umfangsmikil og úr hófi, að hann hafi farið langt fram úr þeim heimildum til kaupa áfengis til einkanota, sem hugsanlega gætu talist fólgnar í reglunum. Þau kaup verði að vera í samræmi við eðlilega og hóflega notkun í þann tíma, sem viðkomandi hafi með höndum handhöfn forsetavalds, en ekki í þeim mæli, að um birgðasöfnun áfengis sé að ræða til að endast fram yfir þann tíma, sem handhafahlutverkinu sé gegnt.

Engu skipti, þótt reglurnar hafi ekki að geyma tölulegt hámark, en handhöfum forsetavalds verði að treysta til þess að gera sér grein fyrir þeim mörkum. Það, sem gerst hafi í tilviki stefnda, hafi verið sjálftaka hlunninda, sem hvergi sé heimiluð hjá ríkinu.

Hvort sem litið yrði svo á, að áfengiskaupin hafi verið með öllu óheimil eða hugsanleg heimild hafi verið misnotuð, þá sé ljóst, að stefndi hafi með ámælisverðri háttsemi sinni misnotað stöðu sína og aðstöðu og með því rýrt álit sitt svo siðferðilega, að hann megi ekki lengur gegna embætti dómara við Hæstarétt Íslands. Þetta sé og tvímælalaust dómur alls almennings, sem stefndi hafi reyndar átt gildan þátt í að móta með viðbrögðum sínum við fréttum af áfengiskaupunum.

Enda þótt svo yrði litið á, að stefnda hafi verið heimilt að taka sér hlunnindi með þeim hætti, sem raun var á, hafi hann engu að síður rýrt álit sitt svo siðferðilega, að hann megi ekki lengur gegna embætti hæstaréttardómara.

Þá hafi stefndi með háttsemi sinni flekkað mannorð sitt og fullnægi því ekki lengur hinum almennu dómaraskilyrðum. Af þessum sökum verði óhjákvæmilega með dómi að víkja stefnda úr embætti hæstaréttardómara skv. 61. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi heldur því fram, að 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, eigi jafnt við alla dómara, hvort sem þeir hafi

umboðsstörf með höndum eða ekki. Í þeirri málsgrein sé kveðið á um það, að hafi dómari að áliti dómsmálaráðherra rýrt svo álit sitt siðferðilega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti, víki ráðherra honum frá um stundarsakir, en skuli síðan höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða megi. Hér sé um að ræða lagareglu, sem byggi á mati á siðferði.

Hafa beri í huga, að ekki verði gerðar minni siðferðilegar kröfur til þeirra dómara, sem ekki hafi umboðsstörf með höndum, en þeirra, sem fari jafnt með umboðsstörf og dómstörf. Hæstiréttur verði að vera hafinn yfir allan vafa um siðferðisbrest og hafi að því leyti sérstöðu fram yfir nær allar aðrar stofnanir þjóðfélagsins.

Stefnandi heldur því fram, að eigi lagagreinin ekki beint við um umboðsstarfalausa dómara, megi beita henni um þá með lögjöfnun.

Í 5. og 58. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, sé vísað til laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, og þar með til 3. mgr. 35. gr. laganna, sem eigi þá beint við um hæstaréttardómara.

Verði ekki á það fallist, sé hafið yfir allan vafa, að 5. gr. laga nr. 75/1973, sem kveði á um dómaraskilyrði hæstaréttardómara, vísi beint til 32. gr. laga nr. 85/1936, um hin almennu dómaraskilyrði. Skoða verði 35. gr. laga nr. 85/1936 sem hluta af 32. gr. sömu laga, og sé niðurstaðan því hin sama, að 3. mgr. 35. gr. laganna eigi við um stefnda.

Með því að stefndi hafi gerst brotlegur við 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936, hafi hann flekkað mannorð sitt og því misst hin almennu dómaraskilyrði. Engin ein skilgreining sé til á því, hvað sé flekkað mannorð, og víst sé, að sá, sem hafi rýrt svo álit sitt siðferðilega, að hann megi ekki gegna dómaraembætti, hafi þar með flekkað mannorð sitt og um leið misst það skilyrði 4. tl. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 85/1936, að dómari verði að hafa óflekkað mannorð.

Ekkert komi fram um það í framangreindum lagagreinum, að um refsiverða háttsemi þurfi að vera að ræða, til þess að hún geti talist siðferðilega ámælisverð. Við málsóknina hafi í upphafi verið ákveðið, að ekki skyldi tekin afstaða til þess, hvort háttsemi stefnda væri refsiverð eða ekki.

Af hálfu stefnanda er því hafnað, sem stefndi heldur fram, að skilgreining þess, hvað sé flekkað mannorð, sé í öllum tilvikum sú, sem fram komi í 3. gr. laga nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, en sú grein er svohljóðandi:

„Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri, er hann framdi brotið,

og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.“

III.

Málsástæður stefnda í aðalsök.

Af hálfu stefnda, Magnúsar Thoroddsens, er því mótmælt, að hann hafi brotið gegn reglum um heimildir til áfengiskaupa á sérverði. Ekki sé hægt að líta á þessar reglur sem neins konar réttarheimild, heldur virðist vera um að ræða gamlar venjur, sem engum hafi verið kynntar, en mótast hafi í framkvæmd Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Ljóst sé af bréfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins frá 12. febrúar 1964, að ýmsum embættismönnum sé heimilt að kaupa áfengi til einkanota. Þessar heimildir hafi ríkisstjórnin, sem við völd var árið 1971, afnumið, að því er varðaði ráðherra og forseta Alþingis, en ekki aðra, sem heimildirnar höfðu. Í samþykktinni sé beinlínis talað um einkanot. Þetta sýni óyggjandi, að heimildirnar hafi náð til kaupa áfengis til einkanota og nái enn, að því er varði þá, sem ekki séu taldir upp í ríkisstjórnarsamþykktinni frá 1971. Reyndar leiki vafi á því, hvort ríkisstjórnarsamþykkt þessi hafi bundið aðra en ráðherra þeirrar ríkisstjórnar.

Auk þessa sé langvarandi hefð fyrir kaupum af þessu tagi.

Það sé öldungis ljóst, að reglurnar geymi ekki einungis heimild til handa forseta Hæstaréttar sem handhafa forsetavalds að kaupa áfengi til einkaneyslu, heldur hafi það beinlínis verið markmið þeirra að veita honum og öðrum, sem reglurnar nái til, slíka heimild.

Af reglunum verði ekki ráðið, að þær hafi að geyma nokkrar takmarkanir á því magni, sem samkvæmt þeim sé heimilt að kaupa. Miklu fremur megi beinlínis ráða af bréfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins frá 1964, að ekki hafi verið í gildi neinar takmarkanir á því magni, sem menn máttu kaupa, að undanskildum deildarforsetum Alþingis og varaforsetum, vegna þess að sérstakar takmarkanir hafi gilt gagnvart þeim, en ekki öðrum.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi ekki keypt meira magn af áfengi á sérkjörum en margir á undan sér og ekki sé eðlismunur á kaupum sínum og annarra, sem heimildin nái til. Hins vegar hafi ekki fengist nægar upplýsingar um þessi kaup þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu stefnda. Sönnunarbyrðin þar um hvíli á stefnanda með sama hætti og sönnunarbyrðin hvíli á honum um það, að efni reglnanna sé annað en haldið sé fram af hálfu stefnda. Þessi sönnunarskortur eigi einn sér að leiða til þess, að sýkna beri stefnda.

Af hálfu stefnda er á það bent, að reglurnar hafi kveðið á um fríðindi til handa þeim embættismönnum, sem í bréfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins séu taldir upp. Stefndi mótmælir þeim skilningi stefnanda, að ólög-

mætt sé að ákveða handhöfum forsetavalds fríðindi umfram það, sem beinlínis leiði af lögum nr. 3/1964, um laun forseta Íslands. Þau lög verði ekki túlkuð öðruvísi en svo, að í þeim sé kveðið á um lágmarkskjör, sem óheimilt væri að rýra nema með settum lögum.

Ekkert sé athugavert við það, þótt stefndi hafi viljað nýta sér þau fríðindi til fulls, sem honum hafi verið heimil, og því sé harðlega mótmælt, að hann hafi ætlað að misnota heimildir sínar.

Þess beri að gæta, að svo virðist sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi sett umtalaðar reglur, og svo mikið sé víst, að verslunin hafi verið sá aðili innan stjórnkerfisins, sem hafi séð um framkvæmd þeirra. Af hálfu verslunarinnar hafi engar athugasemdir verið gerðar við pantanir stefnda, og honum hafi ekki verið kynntar reglurnar með neinum formlegum hætti. Stefndi hafi vitað það eitt, að hann hefði heimild til þess að kaupa áfengi á kostnaðarverði hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, og talið, að þar hlytu menn að vita um efni þessara reglna og gæta þess, að ekki yrði farið út fyrir þær.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að hvorki 35. gr. laga nr. 85/1936 í heild né einstök ákvæði hennar verði talin eiga við um hæstaréttardómara fremur en önnur ákvæði II. kafla laganna. Lögjöfnun frá greininni verði ekki beitt, enda yrði þá einungis lögjafnað frá hluta hennar, sem sé óheimilt. Lagagreinina sé að finna í lögum um meðferð einkamála í héraði, og þar sé einungis fjallað um dómara í héraði, en hæstaréttardómara ekki getið. Einu ákvæði II. kafla laganna, sem eigi við um hæstaréttardómara, séu í 32. gr., þar sem almennu dómaraskilyrðin séu talin, en til þeirrar greinar sé vísað í 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Í 58. gr. hæstaréttarlaganna sé einungis að finna tilvísun, er varði málsmeðferð almennt, en ekki réttarstöðu dómaranna.

Stefndi sé hæstaréttardómari, er njóti hinnar ríku verndar, sem 61. gr. stjórnarskrárinnar veiti, en þar sé kveðið á um, að dómurum, sem hafi ekki umboðsstörf á hendi, verði ekki vikið úr embætti nema með dómi. Í 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936 sé ráðherra hins vegar veitt heimild til þess að víkja dómara úr embætti um stundarsakir. Slíkt fái ekki staðist vegna ákvæða 61. gr. stjórnarskrárinnar, þegar í hlut eigi dómarar, sem hafi ekki umboðsstörf á hendi.

Í 61. gr. stjórnarskrárinnar séu ekki neinar efnisreglur um, hvaða atvik leiði til þess, að umboðsstarfalausum dómara verði vikið úr embætti, svo sem gert sé í takmörkuðum mæli um héraðsdómara í 35. gr. laga nr. 85/1936. Af þessu leiði einfaldlega, að skilyrði þess, að hæstaréttardómara verði vikið úr embætti, sé, að hann fullnægi ekki lengur hinum almennu dómaraskilyrðum, eins og þau séu ákveðin í lögum. Það sé efnisregla 61. gr. stjórnarskrárinnar að þessu leyti.

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda sem fjarstæðu, að stefndi hafi misst hin almennu dómaraskilyrði, þar sem hann hafi ekki lengur óflekkað mannorð. Þetta lagahugtak sé þannig skýrt, að maður þurfi að hafa gerst sekur um refsiverðan verknað, sem teljist svívirðilegur að almenningsáliti, og þurfi dómur að hafa gengið á hendur viðkomandi um a.m.k. fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi, til þess að um flekkun mannorðs sé að ræða.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að telji dómurinn, að 35. gr. laga nr. 85/1936, þ.m.t. 3. mgr., eða aðrar heimildir með svipuðu efni eigi við um dómara við Hæstarétt Íslands, leiði það samt sem áður ekki til þess, að dómkröfur stefnanda verði teknar til greina. Í þessu ákvæði sé talað um, að dómari hafi rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti. Þessu skilyrði sé ekki fullnægt, að því er stefnda varði.

Háttsemi stefnda hafi verið lögmæt, eins og að framan sé rakið, og lögmæt háttsemi geti aldrei talist brot á ákvæðinu. Í ákvæðinu geti ekki talist vera fólgin allsherjartilvísun til óskráðra siðferðisreglna, sem gildi við hlið lagareglna og verði beitt sem lagareglur væru, enda væri þá búið að innleiða geðþóttavald við lagaframkvæmd. Samkvæmt stjórnarskránni dæmi dómstólar eftir lögum, en ekki ólögfestum, matskenndum mælikvarða. Þar sem 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936 tilskilji, að dómstólar taki ákvarðanir um að víkja dómendum úr embætti, felist í því fyrirmæli um, að slík krafa verði ekki tekin til greina á frjálsum matsgrundvelli, heldur verði að koma til brot á lagareglum. Það sé því miklu nær að túlka ákvæði 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936 svo, að lágmarksskilyrði hennar sé, að háttsemin sé ólögmæt.

Ef talið yrði, að stefndi hafi með áfengiskaupum sínum brotið lög í einhverjum skilningi, væri það „lögbrot" einvörðungu í því fólgið að panta og kaupa áfengi hjá ríkisstofnun, sem að réttum lögum fari með framkvæmd óbirtra reglna um áfengiskaup á kostnaðarverði. Stefndi hafi mátt gera ráð fyrir, að sú stofnun gætti að því, að ekki væri farið út fyrir þær heimildir, sem í gildi væru. Ef þetta yrði talið lögbrot, væri það í hæsta máta afsakanlegt.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að stofnað hafi verið til upphlaups í fjölmiðlum vegna áfengiskaupa sinna. Málinu hafi verið komið í fjölmiðla, án þess að stefnda væri áður gert viðvart, og einungis fjallað um áfengiskaup sín, en ekki um áfengiskaup á sérkjörum almennt.

Af málflutningi stefnanda verði ráðið, að hann telji almenning umsvifalaust hafa fellt þungan áfellisdóm yfir stefnda, eftir að fréttir af áfengiskaupum hans hafi komið í fjölmiðlum. Málsókn stefnanda virðist reist á þessum almenningsdómi og hann vera ástæða þess, að til hennar var stofnað.

IV.

Málsástæður stefnanda í gagnsök.

Af hálfu stefnanda í gagnsök, Magnúsar Thoroddsens, er því haldið fram, að stefnda í gagnsök, dómsmálaráðherra f.h. ríkisvalds, hafi verið óheimilt vegna ákvæðis 61. gr. stjórnarskrárinnar að víkja sér úr embætti um stundarsakir, enda eigi 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936 ekki við um hæstaréttardómara, eins og rakið hafi verið í aðalsök, og reyndar sé ekki í þeim að finna nein heimildarákvæði um skerðingu launa dómara, sem vikið sé úr embætti um stundarsakir.

Af þessu leiði, að gagnstefnda hafi verið óheimilt að skerða embættislaun hans um helming, og því geri hann kröfu um, að sér verði greidd full laun.

Þótt 61. gr. stjórnarskrárinnar yrði túlkuð þannig, að hún bannaði ekki brottvikningu dómara um stundarsakir, hljóti að vera ljóst, að við slíka brottvikningu megi ekki skerða laun dómara. Ef ráðherra teldist slíkt heimilt, hefðu honum verið fengin í hendur veruleg fjárhagsleg þvingunarráð gagnvart dómara, sem fái ekki samrýmst tilgangi stjórnarskrárákvæðisins. Hér eigi ekki við ákvæði laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, enda hafi stefndi ekki fengið að njóta neinna réttinda þeirra laga. Ef þessi lög væru talin eiga við um stefnda, væri honum harla lítil vernd að 61. gr. stjórnarskrárinnar.

V.

Málsástæður stefnda í gagnsök.

Af hálfu stefnda í gagnsök, dómsmálaráðherra f.h. ríkisvalds, er því haldið fram sem í aðalsök, að sér hafi verið heimilt að víkja gagnstefnanda, Magnúsi Thoroddsen, úr embætti um stundarsakir með heimild í 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936 beint eða með lögjöfnun, og komi 61. gr. stjórnarskrárinnar ekki í veg fyrir það. Til vara er því haldið fram, að lausn um stundarsakir hafi verið heimil samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki verði betur séð en gagnstefnandi hafi sjálfur verið þessarar skoðunar á sínum tíma, þar sem hann hafi með bréfi til gagnstefnda, dags. 28. nóv. 1988, óskað eftir því, að sér yrði veitt lausn um stundarsakir frá embætti sínu.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/1954 njóti starfsmaður hálfra fastra launa, þeirra er stöðu hans fylgi, á meðan lausn um stundarsakir vari. Ekkert komi fram í lögum eða lögskýringargögnum, sem styðji það, að lögin og þar með ákvæði 9. gr. þeirra eigi ekki við um alla starfsmenn ríkisins, hæstaréttardómara jafnt sem aðra, enda njóti ekki við sérreglna í öðrum lögum og 61. gr. stjórnarskrárinnar feli ekki í sér sérreglu um hæstaréttardómara að þessu leyti. Af þessum sökum beri að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda.

VI.

Niðurstaða dómsins í aðalsök.

Af hálfu stefnda hefur því ekki verið hreyft, að vafi kunni að leika á því, að dómurinn sé til þess bær að fara með mál þetta. Engu að síður þykir ástæða til, eins og málinu er háttað, að dómurinn geri sérstaka grein fyrir afstöðu sinni til þess, hvort hann hefur lögsögu í málinu eða hvort því beri að vísa frá dómi án kröfu af öðrum ástæðum.

Ekki er að finna í lögum sérákvæði um meðferð mála, sem höfðuð eru gegn hæstaréttardómurum til vikningar úr embætti eða af öðrum sökum. Engin ákvæði eru um, að mál gegn þeim skuli höfðuð fyrir sérstökum dómstóli á fyrsta dómstigi eða fyrir Hæstarétti. Mál þetta sætir því réttilega almennri meðferð fyrir almennum dómstólum.

Telja verður ótvírætt samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, að lögin gildi um dómara, þar með talda hæstaréttardómara, að því leyti, sem lög mæla ekki á annan veg og aðrar reglur verða ekki leiddar af ákvæðum stjórnarskrár eða öðrum réttarheimildum.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/1954 skal mál ríkisstarfsmanns, sem hefur verið veitt lausn um stundarsakir fyrir ætlaðar misfellur í starfi, rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til.

Samkvæmt 12. tl. 2. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, fer fram eftir þeim lögum rannsókn eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra.

Ekki verður sagt, að tilefni þess, að stefnda var veitt lausn um stundarsakir, sé misfellur í starfi. Þegar mál þetta var höfðað, voru öll atvik varðandi háttsemi stefnda, þau er mál þetta snýst um, fullljós og enginn ágreiningur um staðreyndir að því leyti. Önnur atvik málsins hafa að mati dómsins verið nægilega upplýst undir rekstri þess, og verður ekki talið, að skortur rannsóknar standi því í vegi, að lagður verði efnisdómur á málið. Samkvæmt 10. tl. 2. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, fara mál til ákvörðunar atriða samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eftir lögunum, þótt ekki sé jafnframt krafist refsingar. Meðal ákvæða VII. kafla almennra hegningarlaga er svohljóðandi ákvæði í 1. mgr. 68. gr.:

„Nú fremur opinber starfsmaður refsiverðan verknað, og má þá í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild til að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess."

Því var að vísu hreyft af hálfu stefnanda við aðalmeðferð málsins, að hann teldi háttsemi stefnda varða við 139. gr. almennra hegningarlaga, en á því er málsóknin þó engan veginn reist. Málið varð þannig ekki höfðað að hætti opinberra mála og telst því réttilega höfðað sem almennt einkamál hér fyrir dómi samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt 8. gr. starfsmannalaga, sbr. 7. gr. og 28. gr. sömu laga, virðist rétt að veita ríkisstarfsmanni lausn að fullu, ef framkoma hans eða athafnir í starfi eða utan þess þykja ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu. Þessi regla gildir samkvæmt framansögðu um hæstaréttardómara að svo miklu leyti sem aðrar réttarheimildir mæla ekki annan veg.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, er rétt að skipa þann einan hæstaréttardómara, sem fullnægir almennum dómaraskilyrðum auk þeirra sérstöku skilyrða, sem talin eru í lagagreininni.

Almennu dómaraskilyrðin eru talin í 32. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, og er óflekkað mannorð meðal þeirra. Óumdeilt er í málinu, að ákvæði þessarar lagagreinar eiga við hæstaréttardómara.

Samkvæmt 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936, sem ótvírætt á við um héraðsdómara, víkur ráðherra dómara frá embætti um stundarsakir, sem hann telur hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða gert sig sekan um misferli í dómarastarfi eða rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti.

Hér kemur einvörðungu til skoðunar, hvort hæstaréttardómara megi víkja úr embætti á grundvelli framangreinds ákvæðis vegna siðferðisbrests, en um gildi þessa ákvæðis, að því er varðar frávikningu hæstaréttardómara um stundarsakir, er fjallað í úrlausn gagnsakar.

Fyrir gildistöku laga nr. 85/1936 giltu ákvæði Norsku laga frá 15. apríl 1687, N.L. 1-5-1, um almennu dómaraskilyrðin, en þar sagði m.a., að dómarar skyldu vera heiðursmenn og hafa óflekkað mannorð. Jafnframt voru ákvæði í kosningalögum og ýmsum öðrum lögum um missi réttinda vegna flekkaðs mannorðs. Greint ákvæði Norsku laga var skýrt svo, að dómari teldist hafa fengið blett á mannorð sitt, ef hann hafði verið dæmdur fyrir verknað, sem taldist svívirðilegur að almenningsáliti. En auk þess var talin ástæða til að gera strangari kröfur til dómara, þannig, að hann gæti fyrirgert embætti sínu, þótt hann hefði ekki orðið sannur að refsiverðu athæfi, ef hátterni hans og áliti manna á honum var svo farið, að hann nyti með réttu ekki þess trausts, sem dómarar verða að hafa. Þessi skilningur hefur nú lagastoð í 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt þessu og eðli máls verður óhjákvæmilega að líta svo á, að meðal almennra skilyrða til að fá skipun í fast dómaraembætti sé, að sá, sem skipun vill fá, hafi ekki rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi ekki gegna dómarastarfi.

Þessi regla gildir um héraðsdómara, eins og að framan var lýst, og einnig um hæstaréttardómara samkvæmt tilvísun 5. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, að þeir skuli fullnægja almennum dómaraskilyrðum. Af þessu leiðir jafnframt, að hæstaréttardómara verður samkvæmt 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 5. gr. laga nr. 75/1973, vikið úr starfi, hafi hann

rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti, enda virðast gilda sömu skilyrði um að fá dómaraembætti og halda því.

Regla þessi er vísiregla, sem mælir hið siðferðislega ámælisverða athæfi ólögmætt með því að láta það varða embættismissi, enda þótt það varði ekki öðrum viðurlögum. Ekki verður talið, að vísiregla þessi gangi lengra í því að veita dómstólum svigrúm til mats en heimilt er að stjórnlögum.

Óupplýst er, með hvaða hætti þær reglur um áfengiskaup á sérverði, sem um er deilt í málinu, voru settar. Ekki er upplýst, að þær hafi verið settar á grundvelli sérstakra lagaheimilda, en helst að sjá, að þær hafi komið til fyrir ákvarðanir fjármálaráðuneytisins og séu því stjórnvaldsákvörðun. Þá verður ekki séð, að reglurnar hafi verið birtar eða kynntar á annan hátt. Engu að síður verður að telja, að reglurnar hafi haft það gildi, að þeir, sem fengu keypt áfengi á sérkjörum í skjóli þeirra, hafi haft til þess heimild, enda væri áfengiskaupunum haldið innan réttra marka. Telja verður í ljós leitt af gögnum málsins, þ. á m. framburði vitna, að framangreindar reglur hafi verið þess efnis og þannig framkvæmdar um langt árabil, að þeim, sem þær náðu til, hafi verið heimil kaup áfengis til einkanota, þ. á m. handhöfum forsetavalds. Hér ber þess sérstaklega að geta, að ríkisstjórn Íslands ákvað árið 1971, að heimild ráðherra og forseta Alþingis til kaupa áfengis á sérkjörum til einkanota skyldi afnumin, en engin breyting var gerð á reglunum, að því er varðaði handhafa forsetavalds og aðra þá, er þær tóku til.

Í reglunum var ekki að finna ákveðin takmörk á því magni, sem samkvæmt þeim var heimilt að kaupa, en þrátt fyrir það verður að líta svo á, að þeir, sem reglurnar náðu til, hafi ekki getað nýtt heimildir þessar takmarkalaust.

Hér er um forréttindi að ræða, sem fáir njóta, og slík forréttindi hljóta ætíð að vera vandmeðfarin. Þeim, sem þeirra nutu, bar að gæta hófsemi og velsæmis og hafa í huga virðingu þeirra stofnana ríkisins, sem þeir voru í forsvari fyrir. Ekki verður talið, að við nákvæmari viðmiðunarmörk hafi verið að styðjast, og ekki var þess að vænta, að starfsmenn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins gætu leiðbeint í þessu efni, eins og stefndi virðist hafa reitt sig á.

Stefndi keypti 720 flöskur af áfengi árið 1987 og 1440 flöskur árið 1988, samtals 2160 flöskur. Fyrir það greiddi hann 357.438,00 kr., en verð á sama magni í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins var 2.934.780,00 kr., og er því mismunurinn 2.577.342,00 kr., 112.058,00 kr. fyrir hvern mánuð, er stefndi var forseti Hæstaréttar.

Í ljósi þess, sem að framan er rakið, verður að telja, að áfengiskaup stefnda hafi farið langt fram úr því, sem hæfilegt gat talist og samboðið

virðingu hans sem forseta Hæstaréttar og eins af handhöfum forsetavalds.

Telja verður, að stefndi hafi með þessum áfengiskaupum rýrt svo mjög álit sitt siðferðislega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að víkja stefnda úr embætti dómara við Hæstarétt Íslands.

VII.

Niðurstaða dómsins í gagnsök.

Stefnandi í gagnsök, Magnús Thoroddsen, hefur gert þá kröfu, að stefndi í gagnsök, dómsmálaráðherra f.h. ríkisvalds, greiði sér 388.477,00 kr. með tilgreindum vöxtum. Hér er um að ræða hálft kaup hæstaréttardómara í fjóra mánuði, en frá 1. janúar 1989 voru gagnstefnanda greidd hálf laun. Gagnstefnandi gerir því kröfu til að fá laun sín greidd að fullu í þennan tíma.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar getur forseti Íslands vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það. Í niðurlagsákvæði sömu greinar er kveðið á um, að með lögum megi undanskilja tiltekna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir, að þeim dómendum, sem hafi ekki að auk umboðsstörf á hendi, verði ekki vikið úr embætti nema með dómi.

Þessi stjórnarskrárgrein veitir umboðsstarfalausum dómurum sem gagnstefnanda þá vörn, að framkvæmdavaldið getur ekki vikið þeim úr embætti án atbeina dómstóla. Í greininni er ekki sérstaklega fjallað um vikningu um stundarsakir. Sú skoðun hefur lengi verið almenn, að þrátt fyrir ákvæði 61. gr. stjórnarskrárinnar gæti forseti Íslands og áður konungur samkvæmt eldri stjórnarskrám vikið umboðsstarfalausum dómara úr embætti um stundarsakir. Þar til mál þetta kom upp, hafði ekki reynt á þennan skilning, og þeir fræðimenn, sem um efnið hafa fjallað, hafa lítt eða ekki rökstutt skoðanir sínar.

Orðalagið að víkja frá á samkvæmt almennri merkingu jafnt við um lausn í bráð og lengd. Sá eðlismunur er þó á frávikningu til fullnaðar og frávikningu um stundarsakir, að síðarnefnda úrræðið er ekki neins konar viðurlög við ámælisverðri háttsemi, heldur bráðabirgðaúrræði, sem gripið er til vegna rannsóknar eða ef ekki þykir viðurkvæmilegt, að opinber starfsmaður, sem borinn hefur verið alvarlegum sökum, starfi áfram, meðan mál hans er rannsakað, þar til úr því er skorið, hvort hann heldur starfi sínu.

Hér verður úrlausn að velta á því, hvort efnisrök leiða til sömu niðurstöðu um aðferðina við að víkja dómara frá um stundarsakir annars vegar og frávikningu til fullnaðar hins vegar.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins fara dómendur með dómsvaldið, og þeir skulu samkvæmt 1. málslið 61. gr. stjórnarskrárinnar fara einungis eftir lögunum í embættisverkum sínum. Þeim ber að sýna fyllstu óhlutdrægni í dómum, og þeir mega ekki láta undan neins konar þrýstingi, svo að hallað sé réttu máli. Ákvæðum 61. gr. stjórnarskrárinnar virðist einkum ætlað að girða fyrir, að handhafar framkvæmdavaldsins geti beitt dómara þrýstingi með hótun um frávikningu og tekjumissi eða með frávikningu komið í veg fyrir, að dómari, sem er ekki stjórnvöldum að skapi, vinni tiltekin dómaraverk.

Þessar efnisástæður, sem bann 61. gr. stjórnarskrárinnar um frávikningu án dóms byggjast á, virðast eiga bæði við vikningu til fullnaðar og um stundarsakir.

Samkvæmt þessum rökum verður að telja, að ekki sé hægt að skerða þá vörn, sem greinin veitir umboðsstarfalausum dómurum, með setningu almennra laga um aðra aðferð við frávikningu um stundarsakir en við frávikningu að fullu. Því verður ekki talið gegn ákvæðum 61. gr. stjórnarskrárinnar, að 3. mgr. 35. gr. laga nr. 85/1936 eða 7. gr. laga nr. 38/1954 hafi að geyma heimild framkvæmdavaldinu til handa til þess að víkja umboðsstarfalausum dómurum úr embætti um stundarsakir.

Sú nauðsyn, sem kann að vera á því, að umboðsstarfalausum dómara verði vikið úr embætti með svo skjótvirkum hætti sem vikning ráðherra getur verið, þykir engan veginn geta leitt til þess, að 61. gr. stjórnarskrárinnar verði skýrð svo, að nauðsynin víki ákvæðum greinarinnar til hliðar. Í því tilviki verður framkvæmdavaldið að sætta sig við að bera kröfu um vikningu um stundarsakir undir dómstóla, enda þótt gildandi réttarfarsreglur kunni að hafa í för með sér, að sú leið sé seinfarin, þar sem sérákvæði um skjóta meðferð slíkra mála er ekki að finna í lögum.

Samkvæmt þessu verður talið, að frávikning umboðsstarfalauss dómara um stundarsakir sé ekki heimil nema með dómi.

Framangreind niðurstaða leiðir sjálfkrafa til þess, að hér á ekki við 9. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem kveður á um það, að starfsmaður njóti hálfra fastra launa, er stöðu hans fylgja, á meðan lausn um stundarsakir stendur.

Niðurstaða dómsins í gagnsök er því sú, að gagnstefnandi hafi átt rétt á fullum launum, og ber því að taka gagnkröfu hans til greina, en fjárhæð hennar er óumdeild.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins í báðum sökum.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson yfirborgardómari, Eggert Óskarsson borgardómari og Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefnda í aðalsök, Magnúsi Thoroddsen, er vikið úr embætti dómara við Hæstarétt Íslands.

Stefndi í gagnsök, dómsmálaráðherra f.h. ríkisvalds, greiði stefnanda í gagnsök, Magnúsi Thoroddsen, 388.477,00 kr. með 21,6% ársvöxtum af 96.366,00 kr. frá 1. janúar 1989 til 1. febrúar 1989, af 193.335,00 kr. frá þeim degi til 1. mars 1989, með 24% ársvöxtum af 290.906,00 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1989, með 33,6% ársvöxtum af 388.477,00 kr. frá þeim degi til 1. maí 1989 og með áframhaldandi dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Á fallnir vextir leggist við höfuðstól skuldar samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 25/1987.

Málskostnaður í báðum sökum fellur niður.

Mánudaginn 11. desember 1989.

Nr. 458/1989. **Þrotabú Vatnagulls hf.**
gegn
Þórarni Þ. Jónssyni,
Ráðgarði hf. og
Gunnari Haraldssyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, skotið frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur frá 10. október 1989 til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 24. október sl., sem barst Hæstarétti 28. nóvember sl. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Eins og fram kemur í hinum kærða dómi, vísaði héraðsdómari málinu frá héraðsdómi með vísan til 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Í héraðsdómsstefnu gerir sóknaraðili grein fyrir málavöxtum og málsástæðum og telur upp þau gögn, sem hann telur styðja kröfu sína, ásamt lagarökum. Í greinargerð eru síðan talin þau skjöl, er sóknaraðili lagði fram við þingfestingu málsins. Varnaraðili gerði engar athugasemdir við málatilbúnað sóknaraðila. Lögmenn aðila höfðu leitt vitni og munnlegur málflutningur farið fram.

Málatilbúnaður sóknaraðila var ekki því til fyrirstöðu, að héraðsdómari gæti, með vísan til 120. gr. laga nr. 85/1936, gert sóknaraðila kost á að afla nýrra gagna og skýra frekar önnur þau atriði, sem þurfa þótti, áður en dómur yrði á málið lagður. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. október 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 5., 9. og 10. janúar 1989, af þrotabúi Vatnagulls hf., kt. 630388-1639, Landmannahreppi, Rangárvallasýslu, gegn Þórarni Þ. Jónssyni, kt. 070638-7469, Stekkjarflöt 25, Garðabæ, Ráðgarði hf., kt. 580385-0369, Nóatúni 17, Reykjavík, og Gunnari Haraldssyni, kt. 190549-3139, Tjarnarbóli 14, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

— að viðurkennd verði riftun á greiðslum Vatnagulls hf., alls að fjárhæð 2.624.048,50 kr., samkvæmt þremur reikningum frá stefnda Þórarni tímabilið 5. maí til 5. ágúst 1988, alls að fjárhæð 177.778,00 kr., fjórum reikningum frá stefnda Ráðgarði hf. fyrir sama tímabil, alls að fjárhæð 1.813.333,00 kr., einum reikningi frá Thom G. Borgen, Oslo, að fjárhæð 139.278,20 kr., greiddum 6. júní 1988, einum reikningi frá Vidar Nielsen f.h. Det Norske Garantiselskab A/S Oslo, að fjárhæð 217.015,90 kr., greiddum 6. júní 1988, og einum reikningi frá Ole Haugen f.h. Fokus Bank A/S, Fillan, Noregi, að fjárhæð 276.643,40 kr., greiddum 6. júní 1988.

— að stefndu verði in solidum dæmdir til að endurgreiða stefnanda 2.624.048,50 kr., þ.e. andvirði þeirra reikninga, er Vatnagull hf. greiddi framangreindum aðilum, ásamt 33.6% ársvöxtum frá 2. október 1988 til 1. nóvember s.á., 27.6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en 24% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags og með ársvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags,

— að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri sömu vexti og að ofan greinir, 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður.

Málavextir.

— — —

Niðurstaða.

Stefnandi höfðar mál þetta til riftunar greiðslum samkvæmt þremur reikningum frá Þórarni Þ. Jónssyni, samtals að fjárhæð 177.778,00 kr., og fjórum reikningum frá Ráðgarði hf., 1.813.333,00 kr. Þá er krafist riftunar á greiðsum til Thom G. Borgen, að fjárhæð 139.278,20 kr., Garantiselskabet 217.015,90 kr. og Fokus Bank 276.643,40 kr.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um greiðslur til stefnda Gunnars Haraldssonar, og hefur stefnandi ekki gert grein fyrir aðild hans að málinu í sóknargögnum. Þá hefur stefnandi ekki gert grein fyrir því, á hverju hann reisir solidariska ábyrgð stefndu í málinu, eða skýrt það með neinum hætti, hvernig kröfu um riftun á greiðslum til hinna erlendu aðila verði beint að stefndu í málinu.

Af hálfu stefnanda er óútskýrt, hverju hann styður rétt sinn til þess að endurkrefja um greiðslur skv. reikningum, sem stílaðir eru á Ráðgarð hf. og Vatnagull hf.

Ekki liggur fyrir, að stefndu hafi fengið aðrar greiðslur frá stefnanda á greiðslustöðvunartímabili en þær, sem fjallað er um í máli þessu.

Málatilbúnað stefnanda ber að skilja svo, að stefndu hafi borið einhver þóknun fyrir störf sín í þágu stefnanda, en greiðslur til þeirra hafi hins vegar verið of háar. Engin grein hefur þó verið gerð fyrir því, hvað stefnandi telji hæfilega þóknun fyrir störf stefndu, og engin gögn hafa verið lögð fram í málinu til sönnunar því, að umræddar greiðslur hafi verið hærri en sanngjarnt var.

Kröfugerð stefnanda miðar hins vegar að því, að stefndu endurgreiði að fullu þær greiðslur, er um ræðir.

Þegar framanritað er virt, verður að telja mál þetta svo óljóst og vanreifað af hálfu stefnanda og kröfugerð hans í slíku ósamræmi við málsástæður hans, að ekki verði lagður á það efnisdómur, og ber því með vísan til 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936 að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 70.000,00 kr., þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Vatnagull hf., greiði stefndu, Þórarni Þ. Jónssyni, Ráðgarði hf. og Gunnari Haraldssyni, 70.000,00 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. desember 1989.

Nr. 223/1988. **Leó E. Löve**
(sjálfur)
gegn
Kristjáni Ingimundarsyni
(Ingólfur Hjartarson hdl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Víxill.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1988. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta höfðaði stefndi á hendur áfrýjanda sem víxilmál, en í stefnu sagði þó, að hin um stefnda skuld væri „skv. fram lögðum reikningi og afriti áskorunarstefnu". Víxill var ekki lagður fram í málinu, en við munnlegan málflutning í héraði lagði stefndi fram staðfest afrit víxils og kvaðst hafa fengið hann léðan hjá bæjarþingi Hafnarfjarðar. Málatilbúnaður stefnda var þannig óskilríkur, og verður að telja, að á grundvelli hans hafi ekki verið skilyrði til að reka málið sem víxilmál samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Héraðsdómari dæmdi málið hins vegar sem víxilmál, og þykir því sjálfkrafa verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. maí sl., er höfðað með stefnu, birtri 14. október 1987.

Stefnandi er Kristján Ingimundarson, nnr. 5863-1221, Víðihvammi 3, Kópavogi.

Stefndi er Leó E. Löve, nnr. 6076-8013, Laufásvegi 25, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 40.415,00 krónur auk 3% dráttarvaxta á mánuði af 40.415,00 krónum frá 17. júlí 1987 til 1. ágúst 1987, 3,4% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. september 1987 og 3,5% mánaðarvaxta frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. júlí 1988, allt í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málsatvik.

Stefnandi kveður skuld þessa vera skv. reikningi og afriti áskorunarstefnu. Hafi Árni Gunnlaugsson hrl. f.h. Sigurjóns Þorsteinssonar stefnt Blikksmiðju Selfoss, Sveini Guðmundssyni, Leó Löve, Blikkveri hf. og Kristjáni Ingimundarsyni vegna ógreidds víxils. Víxilfjárhæðin var 200.000,00 krónur. Hann var samþykktur af Blikksmiðju Selfoss til greiðslu 15. janúar 1987 í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Útgefandi var stefndi, Leó E. Löve, og var víxillinn út gefinn 1. október 1986. Ábekingar á víxli þessum voru stefnandi, Kristján Ingimundarson, og Blikkver hf.

Með áritun dómara 3. mars 1987 voru stefnukröfur í fyrrgreindu víxilmáli gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu í því máli, öðrum en stefnda, Leó Löve, eins og segir í áritun dómara.

Stefnandi, Kristján Ingimundarson, innleysti kröfurnar frá Árna Gunnlaugssyni hrl. 17. júlí 1987 með því að greiða 270.415,00 krónur, og sundurliðast krafan þannig: stofnskuld 200.000,00 krónur, dráttarvextir til 15. júlí 1987 27.000,00 krónur, málskostnaður 27.100,00 krónur, fjárnám 2.620,00 krónur, fjárnámsgjöld 3.610,00 krónur, þinglestur og stimpilgjald fjárnámsgerðar 3.015,00 krónur, uppboðsbeiðni 1.310,00 krónur, mót við fyrirtekt í uppboðsrétti 1.310,00 krónur, uppboðskostnaður til fógeta 2.840,00 krónur og afturköllun uppboðs 1.610,00 krónur.

Stefndi greiddi stefnanda 230.000,00 krónur inn á skuldina 16. júlí 1987, og kveður stefnandi eftirstöðvar skuldar stefnda við sig nema 40.415,00 krónum, sem sé stefnufjárhæð máls þessa.

Stefnandi kveður málsókn þessa nauðsynlega, þar eð innheimtutilraunir hafi ekki borið neinn árangur.

Stefndi kveðst hafa gefið nefndan víxil út, en hann hafi ekki verið vistaður í Sparisjóði Hafnarfjarðar, heldur Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi beri sem útgefandi víxilsins ábyrgð á greiðslu alls kostnaðar, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna innheimtu hans, og skírskotað til 49. gr. víxillaga, nr. 93/1933, í því sambandi.

Ekki skipti máli, þótt vera kunni, að víxillinn hafi verið vistaður annars staðar en í Landsbanka Íslands, eftir að stefndi gaf hann út, sbr. 3. mgr. 2. gr. víxillaga.

Þá hafi stefnda verið opin sú leið að greiða víxilinn með geymslugreiðslu, sbr. 42. gr. víxillaga.

Stefndi heldur því fram, að þar eð fallið hafi verið frá kröfum á hendur sér í máli því, er höfðað var á hendur sér og fleirum til innheimtu skuldar skv. víxlinum, sé reikningur sá, sem hér er krafið um greiðslu á, sér óviðkomandi. Ekkert samband sé á milli stefnda og kröfugerðar í máli þessu, og beri því að sýkna sig af öllum kröfum stefnanda.

Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á, að hann hafi fengið kröfu skv. víxlinum framselda.

Því er mótmælt, að mál þetta sé rekið sem víxilmál, enda hafi víxill sá, er stefndi gaf út, ekki verið lagður fram fyrr en í þinghaldi 3. maí, er málið var flutt, og þá gegn mótmælum stefnda, sem telur það allt of seint fram komið að reka málið sem víxilmál, þar sem nægur tími hefði verið til að leggja fram víxilinn fyrr. Reyndar sé víxillinn ekki lagður fram í frumriti, heldur einungis ljósrit hans.

Forsendur og niðurstaða.

Krafa sú, er gerð er í máli þessu, er um endurgreiðslu kostnaðar vegna innheimtu á kröfu, sem gerð var aðfararhæf á hendur stefnanda o.fl. með áritun á áskorunarstefnu. Felur hún í sér kostnað vegna fjárnámsgerðar og uppboðsaðgerða gagnvart stefnanda. Krafan varð til vegna víxils, er stefndi gaf út. Honum var stefnt í fyrrnefndu áskorunarmáli, og fram kemur í þessu máli, að stefnda var sú málsókn kunn, enda ritaði hann á stefnuna, að hún væri sér nægjanlega birt, en sótti ekki þing við þingfestingu málsins.

Þá kemur fram í málinu, að stefndi greiddi stefnanda víxilfjárhæðina, 200.000,00 krónur, og 30.000,00 krónur að auki, sem þá voru rúmlega sú fjárhæð, sem fallin var í dráttarvöxtum. Greiðsla þessi var innt af hendi 16. júlí 1987, en af gögnum málsins má ráða, að kostnaður sá, er stefnandi krefur stefnda um greiðslu á, var þá til fallinn.

Ekki er fallist á þá málsástæðu stefnda, að mál þetta verði ekki rekið sem víxilmál, sbr. a-lið 1. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir að stefnandi hafði leyst til sín kröfu skv. aðfararhæfri áritun á áskorunarstefnu, var honum rétt að snúa sér að einhverjum þeirra víxilskuldara, sem ábyrgð báru gagnvart honum, sbr. 49. gr. laga nr. 93/1933, og telur dómurinn, að skv. því ákvæði beri stefndi ábyrgð á þeim kostnaði, sem stefnandi bar af innheimtuaðgerðum, með því að stefndi er fyrir framan hann á víxlinum.

Ber því samkvæmt framansögðu að dæma stefnda til greiðslu krafna stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður ákveðst 25.000,00 krónur, þar með talinn söluskattur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Leó E. Löve, greiði stefnanda, Kristjáni Ingimundarsyni, 40.415,00 krónur auk 3% dráttarvaxta á mánuði frá 17. júlí 1987 til 1. ágúst 1987, 3,4% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. september 1987, 3,5% mánaðarvaxta frá þeim degi til 14. október 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 25.000,00 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Á fallnir vextir skulu lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. júlí 1988.

Fimmtudaginn 14. desember 1989.

Nr. 161/1989. **Ásgeir Ebenezersson**

gegn

Arinbirni Óskarssyni,
Arnóri Sigurðssyni,
Auðbjörgu Helgadóttur,
Verslunarbanka Íslands hf.,
Ásmundi Jakobssyni,
Tollstjóraembættinu í Reykjavík,
Iðnaðarbanka Íslands hf.,
Böðvari Valgeirssyni,
Eddu Björgvinsdóttur,
Einari Ingimundarsyni,
Erlu Bjarnadóttur,
Fa Trici Schober,
Blikksmiðju Gylfa sf.,
Byggingavöruverslun Kópavogs sf.,
Contoro,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Guðfinnu Kristjánsdóttur,
Guðjóni Axelssyni,
Guðrúnu Jónsdóttur,
Guðrúnu Ó. Blöndal,
Halldóri Páli Gíslasyni,
Árvakri hf.,
Jórunni Ingimundardóttur,
Kristínu Jónsdóttur,
Lars Lundgren,
Magnúsi Héðinssyni,
Magnúsi I. Magnússyni,
Matteu Þorleifsdóttur,
Nirði Geirdal,
Ólafi Þ. Jónssyni,
Ólöfu Októsdóttur,
Heklu hf.,
Rögnvaldi Bergsveinssyni,
Hagskiptum hf.,

S. Helgasyni hf.,
Sigríði Guðmundsdóttur,
Sigrúnu Óladóttur,
Sigurði Guðmundssyni,
Sonju Marleu Strandness,
Karnabæ hf.,
Stefáni Petersen,
Sverri Sigurðssyni,
Sævari Helgasyni,
Valdimar Kristinssyni,
JL-Völundi hf.,
Þóru Árnadóttur,
Þórhalli Halldórssyni,
Þórunni Hermannsdóttur og
Þórði Kristjánssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Er mál þetta var tekið fyrir í Hæstarétti 1. nóvember 1989, var eigi sótt dómþing af hálfu áfrýjanda.

Áfrýjandi greiði stefnda S. Helgasyni hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 9.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1989.

Nr. 476/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Helenu Guttormsdóttur.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. desember 1989. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Í þinghaldi í sakadómi Akraness 13. þ.m. kynnti héraðsdómari varnaraðila kæru þessa. Varnaraðili kvaðst engar athugasemdir gera við kæruna.

Hin kærða dómsátt var gerð í sakadómi Akraness 1. desember 1989. Sættist varnaraðili þá á greiðslu sektar fyrir brot á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. 102. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, vegna ölvunar við akstur. Jafnframt sættist hún á ökuleyfissviptingu í 12 mánuði.

Magn alkóhóls í blóðsýni, er tekið var úr varnaraðila, mældist 1,27‰. Með vísan til dóms Hæstaréttar í málinu, nr. 59/1988 (Hrd. 1988, 346. bls.) bar að færa brot hennar undir 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. umferðarlaga, sem samkvæmt 102. gr. þeirra laga leiðir til skemmri ökuréttindamissis og lægri sektar en á var sæst. Dómsáttin fær því ekki staðist. Ber að fella sáttina úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Sátt, gerð í sakadómi Akraness 1. desember 1989.

Ár 1989, föstudaginn 1. desember, er dómþing sakadóms Akraness háð í skrifstofu dómsins að Suðurgötu 57 af Jóni Vilberg Guðjónssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið mál nr. 129/1989: Kæra á hendur Helenu Guttormsdóttur fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: nr. 1, skjalaskrá lögreglunnar á Akranesi.

Kl. 11.00 kemur í dóminn kærða Helena Guttormsdóttir aðstoðarkokkur, Bjarkargrund 20, kt. 260663-7399.

Kærðu var kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærða játar að hafa ekið bifreiðinni E 1275 undir áhrifum áfengis 9. júní 1989 um götur Akraness.

Dómarinn skýrir nú kærðu frá því, að í blóðsýni því, sem úr henni var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,27‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærðu að ljúka málinu þannig, að hún fallist á að greiða 20.000,00 króna sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera svipt ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hennar þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. 102. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987.

Kærða samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 1.3.1990, en ella sæti kærða í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærða samþykkir að greiða málskostnað, 4.500,00 kr., fyrir sama tíma.

Kærðu er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 1.12.1989.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Föstudaginn 15. desember 1989.

Nr. 166/1988. **Þrotabú Hermanns Björgvinssonar**
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
Sveini Jónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Gjaldþrot. Löggeymsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. júní 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 939.163,00 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 6. október 1986 til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 12. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Aðfararheimild sú, sem stefndi reisti á kröfu sína um fjárnám hjá Hermanni Björgvinssyni, var dómur í tékkamáli. Sýknukrafa í málinu var reist á því, að stefnukrafan tengdist refsiverðri háttsemi. Opinber rannsókn fór fram á lánsviðskiptum Hermanns Björgvinssonar við ýmsa aðila, m.a. stefnda. Leiddi sú rannsókn ekki til þess, að stefndi yrði sakfelldur.

Stefndi kom ekki fram fjárnámi og krafðist löggeymslu til tryggingar dómskuldinni sökum þess, að Hermann Björgvinsson áfrýjaði nefndum héraðsdómi. Fógetaréttur Kópavogs úrskurðaði 11. mars 1986, að hin um beðna gerð skyldi ná fram að ganga. Að gengnum úrskurði 19. sama mánaðar var löggeymsla lögð á reiðufé Hermanns Björgvinssonar, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hafði lagt hald á og var í hennar vörslum. Löggeymslunni var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Hún fór fram utan sex mánaða frests samkvæmt 1. tölulið

58. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, og hafði samkvæmt eðli sínu sömu réttaráhrif og fjárnám gagnvart áfrýjanda.

Þegar það lá fyrir, að fallið hefði verið frá áfrýjun héraðsdóms, var stefnda rétt að krefjast greiðslu af hinu löggeymda fé, svo sem lögmaður hans gerði með bréfi til bæjarfógetans í Kópavogi 3. október 1986. Með atbeina fógeta fékk stefndi fullnustu kröfu sinnar, svo sem lög stóðu til, með greiðslu af hinu löggeymda fé. Eins og hér stóð á, reynir ekki á riftunarreglu 61. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað, en rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabú Hermanns Björgvinssonar, greiði stefnda, Sveini Jónssyni, 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt óáfrýjuðum úrskurði frá 11. mars 1986 lagði fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi að ósk stefnda löggeymslu á fé Hermanns Björgvinssonar, en það var þá í vörslum Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Löggeymsla er réttargerð, sem hefur sömu réttaráhrif og aðför að öðru leyti en því, að löggeymslan veitir aðeins tryggingu í þeim fjármunum, sem fullnustugerðin er í gerð, en ekki rétt til sölu, sbr. og 7. gr. aðfararlaga, nr. 19/1887. Réttur til sölu er undir því kominn, hver úrslit málsins verða í Hæstarétti. Skilja ber réttarreglur um löggeymslu svo, að þegar meðferð máls er lokið fyrir Hæstarétti, veiti löggeymslan rétt til sölu eða útlagningar eftir úrslitunum í Hæstarétti án frekari réttaraðgerða.

Eftir að mál það, sem var grundvöllur löggeymslunnar, var fellt niður í Hæstarétti 1. október 1986, bað lögmaður stefnda 3. s.m. um fjárnám í löggeymdum munum í fógetarétti. Í þinghaldi 6. s.m.

óskaði hann þess, að löggeymslan yrði felld niður og fjárnám gert í hinu löggeymda fé. Síðan fór fram fjárnám lögum samkvæmt, sem hófst að heimili gerðarþola. Það var ekki fyrr en sá, er þar hittist fyrir, kvaðst ekki geta greitt, að gerðin var að kröfu gerðarbeiðanda flutt í sakadóm Kópavogs, en bókað er, að gerðarbeiðandi telji þar að finna reiðufé gerðarþola. Í sakadómi voru fógeta afhent gögn um reiðufé í vörslum dómsins. Deilur eru með aðilum, hvort þetta fé var hið sama og hið löggeymda, og mótmælir áfrýjandi því, að andlag gerðanna hafi verið hið sama. Eins og að þessari fullnustugerð var staðið, verður að líta á hana sem nýja gerð.

Hermann Björgvinsson óskaði gjaldþrotaskipta 9. október 1986. Fjárnám það, er gert var 6. október 1986, var fullnustugerð í skilningi 58. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Með því að hún fór fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, batt hún búið á engan hátt samkvæmt þessu lagaákvæði.

Ber því að dæma stefnda til að endurgreiða áfrýjanda hina um stefndu fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Jónsson, greiði stefnanda, þrotabúi Hermanns Björgvinssonar, 939.163,00 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 6. október 1986 til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað af Magnúsi M. Norðdahl hdl., Ingólfsstræti 5, Reykjavík, f.h. þrotabús Hermanns Björgvinssonar, nnr. 4042-5993, Auðbrekku 10, Kópavogi, með stefnu, birtri 29. apríl 1987, á hendur Sveini Jónssyni, Breiðagerði 7, Reykjajvík, nnr. 8750-5863, til greiðslu á 939.163,00 kr. ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði

frá 6. október 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og fram lögðum reikningi, en niðurfellingar málskostnaðar, tapist málið.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfum, auk þess sem vaxtakröfum stefnanda er ex tuto mótmælt, bæði vaxtafæti og upphafsdegi vaxta. Þá er málskostnaðar krafist í varakröfu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Mál þetta var þingfest 12. maí 1987, og skilaði stefndi greinargerð 30. júní s.á. Gerði hann þær kröfur aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, og fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna 26. október s.á. Með úrskurði, upp kveðnum 2. nóvember s.á., var frávísunarkröfu stefnda hrundið.

III.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að 4. mars 1986 hafi lögmaður stefnda, Kristján Stefánsson hdl., komið í fógetarétt Kópavogs og lagt þar fram dóm bæjarþings Kópavogs, dags. 24.2. 1986, í bæjarþingsmálinu Sveinn Jónsson gegn Hermanni Björgvinssyni, og hafi hann krafist þess, að lögð yrði löggeymsla á verðmæti í eigu gerðarþola, Hermanns Björgvinssonar. Hafi hann sagt löggeymsluna vera til tryggingar skuld, að fjárhæð 671.830,00 kr., ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 6.12. 1985 til greiðsludags, 55.000,00 kr. í málskostnað og 490,00 kr. í birtingarkostnað auk alls kostnaðar við gerðina. Með löggeymslubeiðni og endurriti dóms hafi lögmaðurinn lagt fram afrit af áfrýjunarstefnu fyrir framangreindu bæjarþingsmáli. Fyrir fógetarétt hafi gerðarþoli, Hermann Björgvinsson, komið ásamt lögmanni sínum, Grétari Haraldssyni. Hafi málinu verið frestað til næsta dags og tekið þá fyrir að nýju. Hafi lögmaður gerðarþola mótmælt löggeymslunni, þar sem lagaskilyrði skorti. Þar sem sættir tókust ekki, hafi málið verið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi og úrskurður kveðinn upp, svo að gerðin skyldi ná fram að ganga. Hinn 18.3. 1986 hafi málið verið tekið fyrir að nýju og skorað á gerðarþola að benda á eignir til löggeymslu. Hafi gerðarþoli bent á til löggeymslu tékka, að fjárhæð 181.150.000,00 kr., út gefinn af Sigurði Kárasyni til handhafa 29.11. 1985. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi mótmælt og krafist þess, að löggeymsla yrði lögð á reiðufé, sem hann taldi sig vita af í vörslu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hafi þeirri kröfu verið mótmælt af lögmanni gerðarþola, og hafi það deiluefni verið tekið til úrskurðar. Hafi fógeti úrskurðað, að löggeymsla skyldi ná fram að ganga, og hafi að svo búnu verið lögð löggeymsla á reiðufé gerðarþola í íslenskum pening-

um og erlendum gjaldeyri, sem hann hafði upplýst, að Rannsóknarlögregla ríkisins hefði lagt hald á 31.10. 1985, er gerðarþoli var handtekinn vegna grunar um okur.

Hinn 6. október 1986 hafi fógetaréttur Kópavogs verið settur enn að nýju og tekið fyrir fógetaréttarmálið Sveinn Jónsson gegn Hermanni Björgvinssyni. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi þá lagt fram gerðarbeiðni, endurrit úr fógetabók Kópavogs varðandi löggeymslu 19.3. 1986 og vottorð Hæstaréttar Íslands um, að niðurfall hefði orðið á áfrýjun í bæjarþingsmálinu Sveinn Jónsson gegn Hermanni Björgvinssyni. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi óskað eftir því, að löggeymsla, á lögð 19.3. 1986, félli niður, og jafnframt, að lagt yrði fjárnám á hina löggeymdu muni til tryggingar dómskuld, að fjárhæð 3.374.134,00 kr., ásamt þeim vöxtum og kostnaði, sem að framan greini. Fógetaréttarhaldið hafi hafist að Engihjalla 1B, skráðu lögheimili gerðarþola, en hann hafi ekki verið viðstaddur. Fyrir hann hafi sótt réttarhaldið Lárus Ragnarsson. Áminntur um sannsögli hafi hann sagst ekki geta greitt. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi þá krafist þess, að honum yrði greidd skuldin með reiðufé gerðarþola, sem nú hafi verið komið í vörslu sakadóms Kópavogs. Um hafi verið að ræða stofnskírteini yfir gjaldeyrisreikning nr. 180111, að fjárhæð $ 22.000,00, staða 31.12. 1985 $ 22.256,67, og reikningseigandi skráður Rannsóknarlögregla ríkisins, í öðru lagi stofnskírteini varðandi gjaldeyrisreikning nr. 480018, stofnaðan 4.11. 1985, d. kr. 57.500,00, staða 31.12. 1985 d. kr. 58.215,56, reikningseigandi Rannsóknarlögregla ríkisins, í þriðja lagi stofnskírteini varðandi gjaldeyrisreikning nr. 380048, sömuleiðis inn lagðan 4.11. 1985, DM 81.000,00, staða 31.12. 1985 DM 81.535,00, reikningseigandi Rannsóknarlögregla ríkisins. Allir hafi þessir gjaldeyrisreikningar verið í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu Kópavogi. Jafnframt hafi sakadómur Kópavogs afhent sparisjóðsbók nr. 2823 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogsútibúi, þar sem innleggið hafi verið 690.000,00 kr., inn lagt 4.11. 1985. Samtals hafi verið um að ræða innstæður á framangreindum reikningum að fjárhæð 3.737.635,66 kr., og hafi lögmanni gerðarbeiðanda verið greiddar 939.163,00 kr. til greiðslu á kröfu þeirri, er fjárnáms var krafist fyrir. Að svo búnu hafi rétti verið slitið.

Hinn 9.10. 1986 hafi gerðarþoli, Hermann Björgvinsson, komið í skiptarétt Kópavogs og farið þess á leit, að bú sitt yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Hinn 17.11. 1986 hafi verið kveðinn upp úrskurður. Skv. 1. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, 1. gr., 1. mgr., sömu laga (sic) sé frestdagur í gjaldþrotabúi Hermanns Björgvinssonar 9.10. 1986. Í byrjun nóvember 1986 hafi Magnús M. Norðdahl hdl. verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða í þrotabúinu, og hafi hann 24.11. 1986 ritað Sveini Jónssyni bréf, þar sem nefndur Sveinn var krafinn um endurgreiðslu á 939.163,00 kr. með vísan til 58. gr. l. nr. 6/1978. Í fyrrgreindu bréfi bústjórans sé upphafsdagur skipta ranglega tilgreindur

10.10. 1986, en sú skekkja breyti engu um gildi kröfubréfsins. Hinn 8.12. 1986 hafi lögmaður stefnda svarað erindi bústjórans og hafnað kröfu hans með vísan til þess, að löggeymsla hefði verið lögð á reiðufé Hermanns Björgvinssonar 19.3. 1986, rúmum sjö mánuðum fyrir frestdag. Hafi hann vísað til lögjöfnunar frá 58. gr. l. nr. 6/1978. Á skiptafundi, sem haldinn var 27.2. 1987, hafi verið samþykkt heimild til bústjóra til málshöfðunar á hendur stefnda.

Málsástæður sínar kveður stefnandi vera þessar:

Endurgreiðslukrafa þb. Hermanns Björgvinssonar styðjist aðallega við 24. gr. og 8. kafla l. nr. 6/1978, um gjaldþrot.

Í fyrsta lagi verði að líta svo á, að löggeymslan, sem lögð var á reiðufé stefnanda, hafi verið bráðabirgðagerð, sem jafna megi við kyrrsetningu skv. 3. tl. 24. gr. l. nr. 6/1978 og sé því ekki skuldbindandi fyrir búið. Krafa stefnanda um, að löggeymslunni verði jafnað til kyrrsetningar og að ákvæði 2. tl. 24. gr. l. nr. 6/1978 verði beitt með lögjöfnun um löggeymslu, styðjist við það, að löggeymsla veiti gerðarhafa ekki rétt til þess að selja hið löggeymda á uppboði, ekki rétt til þess að taka hið löggeymda í vörslu sína né taka sér greiðslu af því. Fullnusta löggeymslunnar sé með öllu háð því, að mál það, sem áfrýjað hafi verið til Hæstaréttar, vinnist af hálfu gerðarhafa, og í framhaldi þess verði fógetagerðin tekin upp og henni fram haldið til fullnustu. Löggeymslunni sé að lögum ekki ætlað annað hlutverk en tryggja löggeymsluhafa til bráðabirgða gagnvart öðrum aðfararhöfum og framframt að tryggja honum, að hið löggeymda sé enn tiltækt, er dómur gangi í hinu áfrýjaða máli. Fyrri hluti tilskipunar frá 13.1. 1792 gildi ekki um fógetagerð þá, er fram fór 19.3. 1986, heldur eigi seinni hluti tilskipunarinnar við, sem vísi beint til 24. gr. 22. kapítula 1. bókar Norsku laga Kristjáns V. Löggeymsla hafi skv. þessu öll einkenni þeirra bráðabirgðagerða, sem 24. gr. l. nr. 6/1978 sé ætlað að taka á.

Í öðru lagi sé við það miðað, að fógetagerð stefnda í eignum þb. Hermanns Björgvinssonar, sem fram fór 6.10. 1986, hafi í skilningi 58. gr. l. nr. 6/1978 verið gerð innan sex mánaða fyrir upphaf skipta og því ekki skuldbindandi fyrir þrotabúið. Þar sem stefndi hafi ekki sinnt greiðslutilmælum þrotabúsins, sé nauðsynlegt að höfða mál þetta til greiðslu kröfunnar. Viðurkennt sé, að upphaf gerðarinnar hafi farið fram utan við það sex mánaða tímabil, sem 58. gr. gjaldþrotalaga greini. Hins vegar verði að líta svo á, að fógetagerðinni, sem hófst í fógetarétti Kópavogs 19.3. 1986, hafi verið fram haldið og henni lokið 6.10. 1986, og miða beri sex mánaða frest skv. ákvæði 58. gr. l. nr. 6/1978 við lok gerðarinnar, en ekki upphaf hennar. Verði litið svo á, að löggeymslan sé fullnustugerð, sem falli utan við 24. gr. l. nr. 6/1978, sé ljóst, að þeirri fullnustugerð hafi ekki lokið og ekki getað lokið 19.3. 1986. Nauðsynleg forsenda endanlegrar fullnustu sé dómur Hæstaréttar í vil gerðarhafa eða, eins og í máli þessu, að þingsókn falli niður í Hæstarétti af hálfu

dómþola. Þar til þessar forsendur liggi fyrir, sé einungis um að ræða geymdan rétt gerðarhafa, sem ómögulegt sé að fullnusta.

Nauðsyn hafi borið til þess, eftir að vottorð Hæstaréttar lá fyrir, að gerðin yrði upp tekin og henni fram haldið til endanlegrar fullnustu gerðarhafa af hinu löggeymda, enda leiði löggeymslan ekki til sjálfstæðrar fullnustu. Frestur skv. 58. gr. l. nr. 6/1978 skuli því miðast við nauðsynlega endurupptöku eða framhald hinnar upphaflegu gerðar, en ekki upphaf hennar. Þetta sjónarmið styðjist einnig við 60. gr. l. nr. 6/1978, en á bak við það lagaákvæði sé m.a. það sjónarmið, að kröfuhafi geti ekki reist rétt á ráðstöfun eða fullustugerð gagnvart þrotabúi skuldara, nema hann hafi fullnægt þeim skilyrðum eða gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar séu, til þess að betri réttur fáist ekki með annarri réttargerð. Þessar ráðstafanir séu m.a. þinglýsing, vörslusvipting eða aðrar sambærilegar ráðstafanir. Þessar ráðstafanir hafi stefndi ekki gert og hafi ekki heldur getað gert, fyrr en vottorð Hæstaréttar lá fyrir 2.10. 1987. Þess vegna sé enn frekar ástæða til þess að miða frest skv. 58. gr. við gerð þá, sem fram fór 6.10. 1986.

Fallist rétturinn ekki á þá niðurstöðu, að löggeymsla stefnda og fjárnám það, sem gert var 6.10. 1986, skuli falla niður, sökum þess að fyrrgreind löggeymsla sé bráðabirgðagerð, sem falli niður sem slík með vísan til 24. gr. gjaldþrotalaga, eða að fjárnámið, sem fram fór 6.10. 1986, sé framhald og lok þeirrar gerðar, sem hófst 19.3. 1986, þá sé endurgreiðslukrafa stefnanda reist á því, að lögmaður gerðarbeiðanda hafi með bókun í fógetarétti Kópavogs óskað eftir því, að löggeymsla, sem lögð var á eignir gerðarþola 19.3. 1986, félli niður. Í framhaldi þeirrar yfirlýsingar sinnar hafi lögmaðurinn krafist þess, að lagt yrði fjárnám á þá sömu muni og lögð hafði verið löggeymsla á 19.3. 1986 til tryggingar sömu skuld. Við þeirri beiðni hafi fógeti orðið með því að hefja nýja fógetagerð, sem stefnt hafi verið að sömu eignum, sem síðan hafi verið tekin greiðsla af að kröfu lögmanns gerðarbeiðanda, án tillits til löggeymslu þeirrar, sem lögð var á 19.3. 1986. Hin síðari fógetagerð, sem fram fór 6.10 1986, sé því ný fógetagerð, sem marki nýtt upphaf frests í skilningi 58. gr. l. nr. 6/1978, og sú greiðsla, sem fram fór í fógetarétti Kópavogs í framhaldi af fjárnámskröfu gerðarbeiðanda, bindi því ekki þrotabúið á nokkurn hátt.

Um málsástæður að öðru leyti vísar stefnandi til gjaldþrota- og réttarfarslaga. Þá tekur stefnandi sérstaklega fram, að stefnda hafi við hina umdeildu fógetagerð verið fullljóst, að þær eignir, sem greiðsla var tekin af, hafi verið einu eignir búsins, sem fjárnám var leggjandi á, og því ljóst, að gerðarþoli var ekki gjaldfær.

Sýknukröfu sína reisir stefndi m.a. á þeirri málsástæðu í fyrsta lagi, að stefndi hafi fengið greiddan óáfrýjanlegan dóm á hendur þrotamanni, Hermanni Björgvinssyni, en greiðsla hafi farið fram fyrir frestdag með því,

að bæjarfógetinn í Kópavogi greiddi í þinghaldi 6.10. 1986 löggeymda peninga. Því sé mótmælt, að endurgreiðsluskilyrði VIII. kafla laga um gjaldþrotaskipti, nr. 6/1978, eigi við, þar sem eigi sé um nákominn aðila að ræða eða greitt með óvenjulegum greiðslueyri. Löggeymslu eða aðför, sem geymi öll réttaráhrif fjárnáms, verði ekki rift, þar sem hún sé lögð á sérgreind verðmæti utan sex mánaða fyrir frestdag. Með löggeymsluaðför 19.3. 1986 hafi þrotamaður verið sviptur mögulegum umráðum hinna löggeymdu verðmæta. Löggeymsla sé fullnustugerð, en ekki tryggingargerð, eins og staðhæft sé í stefnu, enda þoki hún ekki fyrir aðför, eins og tryggingargerðir geri.

Með beiðni á dskj. nr. 7 hafi verið krafist atbeina fógetadóms til að fá fullnustu óáfrýjanlegs dóms með afhendingu hins löggeymda reiðufjár.

Taka fjárins og afhending þess til lögmanns stefnda hafi ekki verið fjárnám, sbr. dskj. nr. 9.

Beiðni lögmanns stefnda um niðurfellingu á löggeymslu hafi verið bundin afhendingu fjárins, enda falli réttaráhrif löggeymslunnar eðli málsins samkvæmt niður við greiðslu; lausnargerð hafi ekki verið gerð.

Þá séu sýknukröfur enn fremur reistar á ákvæðum 32. gr. gjaldþrotalaganna, þ.e. stefndi hafi uppi til skuldajafnaðar gegn endurgreiðsluskyldu kröfur sínar á hendur stefnanda.

Þá séu sýknukröfur stefnda reistar á ákvæðum 45. gr. eml., nr. 85/1936, in fine, um aðildarskort. Þar sem kröfur stefnanda taki til afhendingar hinna löggeymdu fjármuna, sýnist rétt, að kröfurnar yrðu því hafðar uppi gegn fógetarétti Kópavogs, en ekki gegn stefnda.

Varakrafa stefnda til lækkunar stefnukröfum verði kynnt ýtarlega í rekstri málsins. Kröfur séu gerðar til lækkunar á vöxtum, og eins sé gerð krafa til, að vextir verði reiknaðir fyrst frá þingfestingardegi. Ekki sé eðlilegt, að stefndi verði krafinn um vexti, fyrr en ákvörðun um málshöfðun hafði verið tekin með formlegum hætti á skiptafundi stefnanda og stefnda gerð ljós sú ákvörðun, en það hafi fyrst verið gert með málshöfðun.

Þá sé sérstaklega mótmælt kröfum stefnanda um málskostnað.

IV.

Af hálfu stefnanda er því í fyrsta lagi haldið fram, að löggeymsla sé tryggingargerð, en ekki fullnustugerð, og verði henni jafnað til kyrrsetningar skv. 3. tl. 24. gr. l. nr. 6/1978, og að 2. tl. sömu greinar verði beitt með lögjöfnun um löggeymslu. Verður að skilja svo þessa kröfu stefnanda, að með gagnályktun frá 2. tl. víki þær gerðir, sem ekki teljist fullnustugerðir, fyrir gjaldþroti.

Í 1. tl. 58. gr. l. nr. 6/1978 segir, að fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag bindi búið á engan hátt. Laga-

ákvæði þetta leysti af hólmi 22. gr. eldri gjaldþrotalaga, nr. 25/1929, sem var svohljóðandi:

„Hafi farið fram fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymsla eftir sætt um greiðslu skuldar, er þrotamaður hefir gengið að, á tímabili því, sem um er að ræða í 19. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á sama tímabili, þá falla í burtu sérréttindi þau í búinu, er af fjárnáminu eða löggeymslunni leiðir, nema því aðeins, að sannað verði, að þrotamaður hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gerð eða mál höfðað, eða ef lánardrottinn sannar, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að þrotamaður ætti þá fyrir skuldum."

Frestur sá, sem vísað er til í 19. gr. laganna, er sá hinn sami og í 58. gr. núgildandi laga. Skilyrði þess, að réttindi þau, sem framangreindar fullnustugerðir veittu, féllu niður, voru þau, að aðfararheimildin væri fengin innan sex mánaða frestsins.

Breytingin, sem varð með gildistöku 58. gr. núgildandi laga, er einkum sú, að ákvæðið tekur til allra fullnustugerða, en takmarkast ekki einungis við löggeymslu og fjárnám, en auk þess skiptir ekki máli, hvenær aðfararheimildin er fengin.

Af framansögðu má vera ljóst, að löggeymslan sem slík telst vera fullnustugerð í skilningi gjaldþrotalaga, og er ekki fallist á það með stefnda, að henni verði jafnað til kyrrsetningar skv. 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga eða að 2. tl. sömu greinar verði beitt um hana með lögjöfnun. Samkvæmt þessu er enn fremur nægilegt, að löggeymslan sem slík hafi verið lögð á muni þrotamanns fyrir upphaf sex mánaða frestsins, til þess að hún verði bindandi fyrir þrotabúið. Í máli þessu er ágreiningslaust, að löggeymsla var lögð á fyrir upphaf frestsins.

Munir þeir, sem lögð var á löggeymsla, voru í vörslu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Verður að telja, að þessi vörslusvipting þrotamanns á munanum skoðist næg tryggingarráðstöfun í skilningi 60. gr. l. nr. 6/1978.

Við munnlegan málflutning vísaði lögmaður stefnanda til 61. gr. gjaldþrotalaga, en lögmaður stefnda mótmælti þeirri tilvísun sem of seint fram kominni.

Í málatilbúnaði sínum tekur stefnandi fram, að stefnda hafi verið ljóst, að gerðarþoli var ekki gjaldfær, þegar löggeymslan var lögð á, og rúmast þessi málsástæða innan 61. gr. gjaldþrotalaga. Hins vegar fjallar 61. grein laganna um riftunarkröfu, en slíka kröfu hefur stefnandi ekki haft uppi. Verður almenn tilvísun stefnanda í 8. kafla gjaldþrotalaga ekki skilin svo, að hann sé með því að gera kröfu um riftun á ráðstöfunum þrotamanns.

Krafa stefnanda um endurgreiðslu með vísan til 61. gr. verður því þegar af þessum sökum ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 185.920,00 kr., þar með talinn söluskattur, 19.920,00 kr.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Jónsson, Breiðagerði 7, Reykjavík, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Hermanns Björgvinssonar, Auðbrekku 10, Kópavogi.

Stefnandi, þrotabú Hermanns Björgvinssonar, greiði stefnda, Sveini Jónssyni, 185.920,00 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1989.

Nr. 168/1988. **Þrotabú Hermanns Björgvinssonar**
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
Hauki Sveinssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Gjaldþrot. Löggeymsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.579.262,00 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 6. október 1986 til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 12. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Aðfararheimild sú, sem stefndi reisti á kröfu sína um fjárnám hjá Hermanni Björgvinssyni, var dómur í tékkamáli. Sýknukrafa í málinu var reist á því, að stefnukrafan tengdist refsiverðri háttsemi. Opinber rannsókn fór fram á lánsviðskiptum Hermanns Björgvinssonar við ýmsa aðila, m.a. stefnda. Leiddi sú rannsókn ekki til þess, að stefndi yrði sakfelldur.

Stefndi kom ekki fram fjárnámi og krafðist löggeymslu til tryggingar dómskuldinni sökum þess, að Hermann Björgvinsson áfrýjaði nefndum héraðsdómi. Fógetaréttur Kópavogs úrskurðaði 11. mars 1986, að hin um beðna gerð skyldi ná fram að ganga. Að gengnum úrskurði 19. sama mánaðar var löggeymsla lögð á reiðufé Hermanns Björgvinssonar, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hafði lagt hald á og var í hennar vörslum. Löggeymslunni var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Hún fór fram utan sex mánaða frests samkvæmt 1. tölulið

58. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, og hafði samkvæmt eðli sínu sömu réttaráhrif og fjárnám gagnvart áfrýjanda.

Þegar það lá fyrir, að fallið hefði verið frá áfrýjun héraðsdóms, var stefnda rétt að krefjast greiðslu af hinu löggeymda fé, svo sem lögmaður hans gerði með bréfi til bæjarfógetans í Kópavogi 3. október 1986. Með atbeina fógeta fékk stefndi fullnustu kröfu sinnar, svo sem lög stóðu til, með greiðslu af hinu löggeymda fé. Eins og hér stóð á, reynir ekki á riftunarreglu 61. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað, en rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 200.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabú Hermanns Björgvinssonar, greiði stefnda, Hauki Sveinssyni, 200.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt óáfrýjuðum úrskurði frá 11. mars 1986 lagði fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi að ósk stefnda löggeymslu á fé Hermanns Björgvinssonar, en það var þá í vörslum Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Löggeymsla er réttargerð, sem hefur sömu réttaráhrif og aðför að öðru leyti en því, að löggeymslan veitir aðeins tryggingu í þeim fjármunum, sem fullnustugerðin er í gerð, en ekki rétt til sölu, sbr. og 7. gr. aðfararlaga, nr. 19/1887. Réttur til sölu er undir því kominn, hver úrslit málsins verða í Hæstarétti. Skilja ber réttarreglur um löggeymslu svo, að þegar meðferð máls er lokið fyrir Hæstarétti, veiti löggeymslan rétt til sölu eða útlagningar eftir úrslitunum í Hæstarétti án frekari réttaraðgerða.

Eftir að mál það, sem var grundvöllur löggeymslunnar, var fellt niður í Hæstarétti 1. október 1986, bað lögmaður stefnda 3. s.m. um fjárnám í löggeymdum munum í fógetarétti. Í þinghaldi 6. s.m.

óskaði hann þess, að löggeymslan yrði felld niður og fjárnám gert í hinu löggeymda fé. Síðan fór fram fjárnám lögum samkvæmt, sem hófst að heimili gerðarþola. Það var ekki fyrr en sá, er þar hittist fyrir, kvaðst ekki geta greitt, að gerðin var að kröfu gerðarbeiðanda flutt í sakadóm Kópavogs, en bókað er, að gerðarbeiðandi telji þar að finna reiðufé gerðarþola. Í sakadómi voru fógeta afhent gögn um reiðufé í vörslum dómsins. Deilur eru með aðilum, hvort þetta fé var hið sama og hið löggeymda, og mótmælir áfrýjandi því, að andlag gerðanna hafi verið hið sama. Eins og að þessari fullnustugerð var staðið, verður að líta á hana sem nýja gerð.

Hermann Björgvinsson óskaði gjaldþrotaskipta 9. október 1986. Fjárnám það, er gert var 6. október 1986, var fullnustugerð í skilningi 58. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Með því að hún fór fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, batt hún búið á engan hátt samkvæmt þessu lagaákvæði.

Ber því að dæma stefnda til að endurgreiða áfrýjanda hina um stefndu fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Sveinsson, greiði stefnanda, þrotabúi Hermanns Björgvinssonar, 1.579.262,00 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 6. október 1986 til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað af Magnúsi M. Norðdahl hdl., Ingólfsstræti 5, Reykjavík, f.h. þrotabús Hermanns Björgvinssonar, nnr. 4042-5993, Auðbrekku 10, Kópavogi, með stefnu, birtri 29. apríl 1987, á hendur Hauki Sveinssyni, Breiðagerði 7, Reykjavík, nnr. 3836-4952, til greiðslu á 1.579.262,00 kr. ásamt 2,25% dráttarvöxtum á

mánuði frá 6. október 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og fram lögðum reikningi, en niðurfellingar málskostnaðar, ef málið tapast.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfum, auk þess sem vaxtakröfum stefnanda er ex tuto mótmælt, bæði vaxtafæti og upphafsdegi vaxta. Þá er málskostnaðar krafist í vaxtakröfu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II

Mál þetta var þingfest 12. maí 1987, og skilaði stefndi greinargerð 30. júní s.á. Gerði hann þær kröfur aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, og fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna 26. október s.á. Með úrskurði, upp kveðnum 2. nóvember s.á., var frávísunarkröfu stefnda hrundið.

III.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að 4. mars 1986 hafi lögmaður stefnda, Kristján Stefánsson hdl., komið í fógetarétt Kópavogs og lagt þar fram dóm bæjarþings Kópavogs, dags. 23.1. 1986, í bæjarþingsmálinu Haukur Sveinsson gegn Hermanni Björgvinssyni, og hafi hann krafist þess, að lögð yrði löggeymsla á verðmæti í eigu gerðarþola, Hermanns Björgvinssonar. Hafi hann sagt löggeymsluna vera til tryggingar skuld, að fjárhæð 1.140.614,00 kr., ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af 191.011,00 kr. frá 4.11. 1985 til 9.12. 1986, en af 1.140.614,00 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 75.000,00 kr. í málskostnað og 480,00 kr. í birtingarkostnað auk alls kostnaðar við gerðina. Með löggeymslubeiðni og endurriti dóms hafi lögmaðurinn lagt fram afrit af áfrýjunarstefnu fyrir framangreindu bæjarþingsmáli. Fógetarétt hafi gerðarþoli, Hermann Björgvinsson, sótt ásamt lögmanni sínum, Grétari Haraldssyni. Hafi málinu verið frestað til næsta dags og tekið þá fyrir að nýju. Hafi lögmaður gerðarþola mótmælt löggeymslunni, þar sem lagaskilyrði skorti. Þar sem sættir tókust ekki, hafi málið verið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi og úrskurður kveðinn upp, svo að gerðin skyldi ná fram að ganga. Hinn 18.3. 1986 hafi málið verið tekið fyrir að nýju og skorað á gerðarþola að benda á eignir til löggeymslu. Hafi gerðarþoli bent á til löggeymslu tékka, að fjárhæð 181.150.000,00 kr., út gefinn af Sigurði Kárasyni til handhafa 29.11. 1985. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi mótmælt og krafist þess, að löggeymsla yrði lögð á reiðufé, sem hann taldi sig vita af í vörslu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hafi þeirri kröfu verið mót-

mælt af lögmanni gerðarþola, og hafi það deiluefni verið tekið til úrskurðar. Hafi fógeti úrskurðað, að löggeymsla skyldi ná fram að ganga, og hafi að svo búnu verið lögð löggeymsla á reiðufé gerðarþola í íslenskum peningum og erlendum gjaldeyri, sem hann hafði upplýst, að Rannsóknarlögregla ríkisins hefði lagt hald á 31.10. 1985, er gerðarþoli var handtekinn vegan grunar um okur.

Hinn 6. október 1986 hafi fógetaréttur Kópavogs verið settur enn að nýju og tekið fyrir fógetaréttarmálið Haukur Sveinsson gegn Hermanni Björgvinssyni. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi þá lagt fram gerðarbeiðni, endurrit úr fógetabók Kópavogs varðandi löggeymslu 19.3. 1986 og vottorð Hæstaréttar Íslands um, að niðurfall hefði orðið á áfrýjun í bæjarþingsmálinu Haukur Sveinsson gegn Hermanni Björgvinssyni. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi óskað eftir því, að löggeymsla, á lögð 19.3. 1986, félli niður, og jafnframt, að lagt yrði fjárnám á hina löggeymdu muni til tryggingar dómskuld, að fjárhæð 1.140.614,00 kr., ásamt þeim vöxtum og kostnaði, sem að framan greini. Fógetaréttarhaldið hafi hafist að Engihjalla 1 B, skráðu lögheimili gerðarþola, en hann hafi ekki verið viðstaddur. Fyrir hann hafi sótt réttarhaldið Lárus Ragnarsson. Áminntur um sannsögli hafi hann sagst ekki geta greitt. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi þá krafist þess, að sér yrði greidd skuldin með reiðufé gerðarþola, sem nú hafi verið komið í vörslu sakadóms Kópavogs. Um hafi verið að ræða stofnskírteini yfir gjaldeyrisreikning nr. 180111, að fjárhæð $ 22.000,00, staða 31.12. 1985 $ 22.256,67, og reikningseigandi skráður Rannsóknarlögregla ríkisins, í öðru lagi stofnskírteini varðandi gjaldeyrisreikning nr. 480018, stofnaðan 4.11. 1985, d. kr. 57.500,00, staða 31.12. 1985 d. kr. 58.215,56, reikningseigandi Rannsóknarlögregla ríkisins, í þriðja lagi stofnskírteini varðandi gjaldeyrisreikning nr. 380048, sömuleiðis inn lagðan 4.11. 1985, DM 81.000,00, staða 31.12. 1985 DM 81.535,00, reikningseigandi Rannsóknarlögregla ríkisins. Allir hafi þessir gjaldeyrisreikningar verið í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu Kópavogi. Jafnframt hafi sakadómur Kópavogs afhent sparisjóðsbók nr. 2823 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogsútibúi, þar sem innleggið hafi verið 690.000,00 kr., inn lagt 4.11. 1985. Samtals hafi verið um að ræða innstæður á framangreindum reikningum að fjárhæð 3.737.635,66 kr., og hafi lögmanni gerðarbeiðanda verið greiddar 1.579.262,00 kr. til greiðslu á kröfu þeirri, er fjárnáms var krafist fyrir. Að svo búnu hafi rétti verið slitið.

Hinn 9.10. 1986 hafi gerðarþoli, Hermann Björgvinsson, komið í skiptarétt Kópavogs og farið þess á leit, að bú sitt yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Hinn 17.11. 1986 hafi verið kveðinn upp úrskurður. Skv. 1. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, 1. gr., 1. mgr., sömu laga sé frestdagur í gjaldþrotabúi Hermanns Björgvinssonar 9.10. 1986. Í byrjun nóvember 1986 hafi Magnús

M. Norðdahl hdl. verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða í þrotabúinu, og hafi hann 24.11. 1986 ritað Hauki Sveinssyni bréf, þar sem nefndur Haukur var krafinn um endurgreiðslu á 1.579.262,00 kr. með vísan til 58. gr. l. nr. 6/1978. Í fyrrgreindu bréfi bústjórans sé upphafsdagur skipta ranglega tilgreindur 10.10. 1986, en sú skekkja breyti engu um gildi kröfubréfsins. Hinn 8.12. 1986 hafi lögmaður stefnda svarað erindi bústjórans og hafnað kröfu hans með vísan til þess, að löggeymsla hefði verið lögð á reiðufé Hermanns Björgvinssonar 19.3. 1986, rúmum sjö mánuðum fyrir frestdag. Hafi hann vísað til lögjöfnunar frá 58. gr. l. nr. 6/1978. Á skiptafundi, sem haldinn var 27.2. 1987, hafi verið samþykkt heimild til bústjóra til málshöfðunar á hendur stefnda.

Málsástæður sínar kveður stefnandi vera þessar:

Endurgreiðslukrafa þb. Hermanns Björgvinssonar styðjist aðallega við 24. gr. og 8. kafla l. nr. 6/1978, um gjaldþrot.

Í fyrsta lagi verði að líta svo á, að löggeymslan, sem lögð var á reiðufé stefnanda, hafi verið bráðabirgðagerð, sem jafna megi við kyrrsetningu skv. 3. tl. 24. gr. l. nr. 6/1978 og sé því ekki skuldbindandi fyrir búið. Krafa stefnanda um, að löggeymslunni verði jafnað til kyrrsetningar og að ákvæði 2. tl. 24. gr. l. nr. 6/1978 verði beitt með lögjöfnun um löggeymslu, styðjist við það, að löggeymsla veiti gerðarhafa ekki rétt til þess að selja hið löggeymda á uppboði, ekki rétt til þess að taka hið löggeymda í vörslu sína né taka sér greiðslu af því. Fullnusta löggeymslunnar sé með öllu háð því, að mál það, sem áfrýjað hafi verið til Hæstaréttar, vinnist af hálfu gerðarhafa, og í framhaldi þess verði fógetagerðin tekin upp og henni fram haldið til fullnustu. Löggeymslunni sé að lögum ekki ætlað annað hlutverk en tryggja löggeymsluhafa til bráðabirgða gagnvart öðrum aðfararhöfum og jafnframt tryggja honum, að hið löggeymda sé enn tiltækt, er dómur í hinu áfrýjaða máli gangi. Fyrri hluti tilskipunar frá 13.1. 1792 gildi ekki um fógetagerð þá, er fram fór 19.3. 1986, heldur eigi seinni hluti tilskipunarinnar við, sem vísi beint til 24. gr. 22. kapítula 1. bókar Norsku laga Kristjáns V. Löggeymsla hafi skv. þessu öll einkenni þeirra bráðabirgðagerða, sem 24. gr. l. nr. 6/1978 sé ætlað að taka á.

Í öðru lagi sé við það miðað, að fógetagerð stefnda í eignum þb. Hermanns Björgvinssonar, sem fram fór 6.10. 1986, hafi í skilningi 58. gr. l. nr. 6/1978 verið gerð innan sex mánaða fyrir upphaf skipta og því ekki skuldbindandi fyrir þrotabúið. Þar sem stefndi hafi ekki sinnt greiðslutilmælum þrotabúsins, sé nauðsynlegt að höfða mál þetta til greiðslu kröfunnar. Viðurkennt sé, að upphaf gerðarinnar hafi farið fram utan við það sex mánaða tímabil, sem 58. gr. gjaldþrotalaga greini. Hins vegar verði að líta svo á, að fógetagerðinni, sem hófst í fógetarétti Kópavogs 19.3. 1986, hafi verið fram haldið og henni lokið 6.10. 1986, og miða beri sex

mánaða frest skv. ákvæði 58. gr. l. nr. 6/1978 við lok gerðarinnar, en ekki upphaf hennar. Verði litið svo á, að löggeymslan sé fullnustugerð, sem falli utan við 24. gr. l. nr. 6/1978, sé ljóst, að þeirri fullnustugerð hafi ekki lokið og ekki getað lokið 19.3. 1986. Nauðsynleg forsenda endanlegrar fullnustu sé dómur Hæstaréttar í vil gerðarhafa eða, eins og í máli þessu, að þingsókn falli niður í Hæstarétti af hálfu dómþola. Þar til þessar forsendur liggi fyrir, sé einungis um að ræða geymdan rétt gerðarhafa, sem ómögulegt sé að fullnusta.

Nauðsyn hafi borið til þess, eftir að vottorð Hæstaréttar lá fyrir, að gerðin yrði upp tekin og henni fram haldið til endanlegrar fullnustu gerðarhafa af hinu löggeymda, enda leiði löggeymslan ekki til sjálfstæðrar fullnustu. Frestur skv. 58. gr. l. nr. 6/1978 skuli því miðast við nauðsynlega endurupptöku eða framhald hinnar upphaflegu gerðar, en ekki upphaf hennar. Þetta sjónarmið styðjist einnig við 60. gr. l. nr. 6/1978, en á bak við það lagaákvæði sé m.a. það sjónarmið, að kröfuhafi geti ekki byggt rétt á ráðstöfun eða fullnustugerð gagnvart þrotabúi skuldara, nema hann hafi fullnægt þeim skilyrðum eða gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar séu, til þess að betri réttur fáist ekki með annarri réttargerð. Þessar ráðstafanir séu m.a. þinglýsing, vörslusvipting eða aðrar sambærilegar ráðstafanir. Þessar ráðstafanir hafi stefndi ekki gert og hafi ekki heldur getað gert, fyrr en vottorð Hæstaréttar lá fyrir 2.10. 1987. Þess vegna sé enn frekar ástæða til þess að miða frest skv. 58. gr. við gerð þá, sem fram fór 6.10. 1986.

Fallist rétturinn ekki á þá niðurstöðu, að löggeymsla stefnda og fjárnám það, sem gert var 6.10. 1986, skuli falla niður, sökum þess að fyrrgreind löggeymsla sé bráðabirgðagerð, sem falli niður sem slík með vísan til 24. gr. gjaldþrotalaga, eða að fjárnámið, sem fram fór 6.10. 1986, sé framhald og lok þeirrar gerðar, sem hófst 19.3. 1986, þá sé endurgreiðslukrafa stefnanda reist á því, að lögmaður gerðarbeiðanda hafi með bókun í fógetarétti Kópavogs óskað eftir því, að löggeymsla, sem lögð var á eignir gerðarþola 19.3. 1986, félli niður. Í framhaldi þeirrar yfirlýsingar sinnar hafi lögmaðurinn krafist þess, að lagt yrði fjárnám á þá sömu muni og lögð hafði verið löggeymsla á 19.3. 1986 til tryggingar sömu skuld. Við þeirri beiðni hafi fógeti orðið með því að hefja nýja fógetagerð, sem stefnt hafi verið að sömu eignum, sem síðan hafi verið tekin greiðsla af að kröfu lögmanns gerðarbeiðanda, án tillits til löggeymslu þeirrar, sem lögð var á 19.3. 1986. Hin síðari fógetagerð, sem fram fór 6.10. 1986, sé því ný fógetagerð, sem marki nýtt upphaf frests í skilningi 58. gr. l. nr. 6/1978, og að sú greiðsla, sem fram fór í fógetarétti Kópavogs í framhaldi af fjárnámskröfu gerðarbeiðanda, bindi því ekki þrotabúið á nokkurn hátt.

Um málsástæður að öðru leyti vísar stefnandi til gjaldþrota- og réttarfarslaga. Þá tekur stefnandi sérstaklega fram, að stefnda hafi við hina um-

deildu fógetagerð verið fullljóst, að þær eignir, sem greiðsla var tekin af, hafi verið einu eignir búsins, sem fjárnám var leggjandi á, og því ljóst, að gerðarþoli var ekki gjaldfær.

Sýknukröfu sína reisir stefndi m.a. á þeirri málsástæðu í fyrsta lagi, að stefndi hafi fengið greiddan óáfrýjanlegan dóm á hendur þrotamanni, Hermanni Björgvinssyni, en greiðsla hafi farið fram fyrir frestdag með því, að bæjarfógetinn í Kópavogi greiddi í þinghaldi 6.10. 1986 löggeymda peninga. Því sé mótmælt, að endurgreiðsluskilyrði VIII. kafla laga um gjaldþrotaskipti, nr. 6/1978, eigi við, þar sem eigi sé um nákominn aðila að ræða eða greitt með óvenjulegum greiðslueyri. Löggeymslu eða aðför, sem geymi öll réttaráhrif fjárnáms, verði ekki rift, þar sem hún sé lögð á sérgreind verðmæti utan sex mánaða fyrir frestdag. Með löggeymsluaðför 19.3. 1986 hafi þrotamaður verið sviptur mögulegum umráðum hinna löggeymdu verðmæta. Löggeymsla sé fullnustugerð, en ekki tryggingargerð, eins og staðhæft sé í stefnu, enda þoki hún ekki fyrir aðför, eins og tryggingargerðir geri.

Með beiðni á dskj. nr. 7 hafi verið krafist atbeina fógetadóms til að fá fullnustu óáfrýjanlegs dóms með afhendingu hins löggeymda reiðufjár.

Taka fjárins og afhending þess til lögmanns stefnda hafi ekki verið fjárnám, sbr. dskj. nr. 9.

Beiðni lögmanns stefnda um niðurfellingu á löggeymslu hafi verið bundin afhendingu fjárins, enda falli réttaráhrif löggeymslunnar eðli málsins samkvæmt niður við greiðslu; lausnargerð hafi ekki verið gerð.

Þá séu sýknukröfur enn fremur reistar á ákvæðum 32. gr. gjaldþrotalaganna, þ.e. stefndi hafi uppi til skuldajafnaðar gegn endurgreiðsluskyldu kröfur sínar á hendur stefnanda.

Þá séu sýknukröfur stefnda reistar á ákvæðum 45. gr. eml., nr. 85/1936, in fine, um aðildarskort. Þar sem kröfur stefnanda taki til afhendingar hinna löggeymdu fjármuna, sýnist rétt, að kröfurnar yrðu því hafðar uppi gegn fógetarétti Kópavogs, en ekki gegn stefnda.

Varakrafa stefnda til lækkunar stefnukröfum verði kynnt ýtarlega undir rekstri málsins. Kröfur séu gerðar til lækkunar á vöxtum, og eins sé gerð krafa til, að vextir verði reiknaðir fyrst frá þingfestingardegi. Ekki sé eðlilegt, að stefndi verði krafinn um vexti, fyrr en ákvörðun um málshöfðun hafi verið tekin með formlegum hætti á skiptafundi stefnanda og stefnda gerð ljós sú ákvörðun, en það hafi fyrst verið gert með málshöfðun.

Þá sé sérstaklega mótmælt kröfum stefnanda um málskostnað.

IV.

Af hálfu stefnanda er því í fyrsta lagi haldið fram, að löggeymsla sé tryggingargerð, en ekki fullnustugerð, og verði henni jafnað til kyrrsetning-

ar skv. 3. tl. 24. gr. l. nr. 6/1978, og að 2. tl. sömu greinar verði beitt með lögjöfnun um löggeymslu. Verður að skilja svo þessa kröfu stefnanda, að með gagnályktun frá 2. tl. víki þær gerðir, sem ekki teljist fullnustugerðir, fyrir gjaldþroti.

Í 1. tl. 58. gr. l. nr. 6/1978 segir, að fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag bindi búið á engan hátt. Lagaákvæði þetta leysti af hólmi 22. gr. eldri gjaldþrotalaga, nr. 25/1929, sem var svohljóðandi:

„Hafi farið fram fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymsla eftir sætt um greiðslu skuldar, er þrotamaður hefir gengið að, á tímabili því, sem um er að ræða í 19. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á sama tímabili, þá falla í burtu sérréttindi þau í búinu, er af fjárnáminu eða löggeymslunni leiðir, nema því aðeins, að sannað verði, að þrotamaður hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gerð eða mál höfðað, eða ef lánardrottinn sannar, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að þrotamaður ætti þá fyrir skuldum."

Frestur sá, sem vísað er til í 19. gr. laganna, er sá hinn sami og í 58. gr. núgildandi laga. Skilyrði þess, að réttindi þau, sem framangreindar fullnustugerðir veittu, féllu niður, voru þau, að aðfararheimildin væri fengin innan sex mánaða frestsins.

Breytingin, sem varð með gildistöku 58. gr. núgildandi laga, er einkum sú, að ákvæðið tekur til allra fullnustugerða, en takmarkast ekki einungis við löggeymslu og fjárnám, en auk þess skiptir ekki máli, hvenær aðfararheimildin er fengin.

Af framansögðu má vera ljóst, að löggeymslan sem slík telst vera fullnustugerð í skilningi gjaldþrotalaga, og er ekki fallist á það með stefnda, að henni verði jafnað til kyrrsetningar skv. 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga eða að 2. tl. sömu greinar verði beitt um hana með lögjöfnun. Samkvæmt þessu er enn fremur nægilegt, að löggeymslan sem slík hafi verið lögð á muni þrotamanns fyrir upphaf sex mánaða frestsins, til þess að hún verði bindandi fyrir þrotabúið. Í máli þessu er ágreiningslaust, að löggeymsla var lögð á fyrir upphaf frestsins.

Munir þeir, sem lögð var á löggeymsla, voru í vörslu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Verður að telja, að þessi vörslusvipting þrotamanns á munum skoðist næg tryggingarráðstöfun í skilningi 60. gr. l. nr. 6/1978.

Við munnlegan málflutning vísaði lögmaður stefnanda til 61. gr. gjaldþrotalaga, en lögmaður stefnda mótmælti þeirri tilvísun sem of seint fram kominni.

Í málatilbúnaði sínum tekur stefnandi fram, að stefnda hafi verið ljóst, að gerðarþoli var ekki gjaldfær, þegar löggeymslan var lögð á, og rúmast þessi málsástæða innan 61. gr. gjaldþrotalaga. Hins vegar fjallar 61. grein

laganna um riftunarkröfu, en slíka kröfu hefur stefnandi ekki haft uppi. Verður almenn tilvísun stefnanda í 8. kafla gjaldþrotalaga ekki skilin svo, að hann sé með því að gera kröfu um riftun á ráðstöfunum þrotamanns.

Krafa stefnanda um endurgreiðslu með vísan til 61. gr. verður því þegar af þessum sökum ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 275.520,00 kr., þar með talinn söluskattur, 29.520,00 kr.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Sveinsson, Breiðagerði 7, Reykjavík, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Hermanns Björgvinssonar, Auðbrekku 10, Kópavogi.

Stefnandi, þrotabú Hermanns Björgvinssonar, greiði stefnda, Hauki Sveinssyni, 275.520,00 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1989.

Nr. 151/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jóhannesi Guðmundssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1989 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu. Af þess hálfu er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist ómerkingar héraðsdóms og heimvísunar. Til vara er krafist mildunar refsingar. Krafist er þeirrar breytingar á vöxtum vegna bótakrafna í 6.-8. lið ákæru, að dæmdir verði hæstu innlánsvextir. Þá er krafist málsvarnarlauna.

Ómerkingarkrafa ákærða er í fyrsta lagi rökstudd með því, að ákæra hafi ekki verið birt á fullnægjandi hátt. Ákærði kom fyrir sakadóm 16. mars 1989. Var þá bókað: „... er mættur í réttinum Jóhannes Guðmundsson ... Mættum eru kynnt fram lögð skjöl, sem hann kannast við, að varði málið. Honum er afhent afrit ákæruskjals...“ Þó að bókun beri eigi ljóslega með sér, að ákæran hafi verið lesin fyrir ákærða, eins og tíðkað er, þegar ákærur eru birtar í dómi, verður héraðsdómur eigi ómerktur vegna ágalla á birtingu ákæru.

Í öðru lagi er því haldið fram til stuðnings ómerkingarkröfunni, að dómsrannsókn málsins hafi verið ófullkomin og ákærði ekki verið spurður um hvern einstakan tékka, sem um er fjallað í málinu. Í bókun, sem ákærði hefur undirritað, er þess þó getið, að hann hafi fyrir sakadómi lýst sig hafa útfyllt alla tékkana. Einnig segir: „Ákærður skýrir sjálfstætt spurður nánar frá atvikum á sama veg

og hjá rannsóknarlögreglu...,fer yfir skýrslur sínar þar og staðfestir sem réttar." Eru ekki efni til að ómerkja héraðsdóm af fyrrgreindri ástæðu.

Þá er talið, að ómerkja beri héraðsdóm vegna þess, að í forsendum hans, þar sem efni ákæru er lýst, er ekki getið þess tékka, sem í ákærunni er nr. 12. Í þeim kafla forsendnanna, sem fjallar um refsingar, skaðabætur o.fl., er síðan ekki getið tékka nr. 9, þó að í dómsorði segi, að ákærða beri að greiða andvirði hans. Í bréfi héraðsdómara til saksóknara 17. nóvember sl. segir, að fyrra atriðið stafi af mistökum við vélritun. Þessir ágallar þykja eigi leiða til ómerkingar héraðsdóms, og ber við ákvörðun refsingar og bóta að taka tillit til þessara tékka beggja.

Fyrrgreindur tékki, sem í ákæru er einkenndur með tölunni 12, er nr. 2261599 í tékkheftinu, út gefinn af ákærða til handhafa og að fjárhæð 16.500,00 krónur. Hann er framseldur af Leyser hf. Er leitt í ljós, að tékka þennan fyllti ákærði út og notaði til kaupa á segulbandstæki í verslun við Nóatún í Reykjavík.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar sakfellingu og færslu til refsiákvæða.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt sakavottorð ákærða frá 28. nóvember sl. Kemur þar fram, að hann samþykkti að greiða 15.000,00 króna sekt með sátt í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 21. desember 1988 og 12.000,00 króna sekt með sátt, sem gerð var fyrir sama dómstóli 19. apríl 1989. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 11. október sl. var ákærða gerður hegningarauki við þá refsingu, sem hann sætti í hinum áfrýjaða dómi. Var hann þá dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir skjalafals. Enn fremur hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf Fangelsismálastofnunar ríkisins, dagsett 27. nóvember sl. Þar kemur fram, að ákærði hefur að fullu afplánað refsingu, sem dæmd var 30. júlí 1987, eftir að hann rauf skilorð reynslulausnar, er honum var veitt 14. nóvember 1987, eins og fram kemur í héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af þeim hegningarlagaákvæðum, sem nefnd eru í héraðsdómi, hæfilega ákveðin fangelsi tíu mánuði.

Bótakröfur eru raktar í forsendum héraðsdóms að einni undanskilinni. Er það krafa frá Hagkaupum hf., að fjárhæð 10.000,00

krónur án vaxta. Krafan er hins vegar tekin til greina í dómsorði. Ber að staðfesta héraðsdóm, að því er bætur varðar, þó þannig, að vextir verða eins og segir hér á eftir. Ber að taka til greina kröfu ákærða um breytingu á vöxtum. Um upphafstíma vaxta er ekki deilt, og ber að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um það atriði.

Ákærði verður dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Guðmundsson, sæti fangelsi tíu mánuði.

Ákvæði dómsorðs héraðsdóms um fébætur er staðfest, þó þannig, að vextir af kröfum Bifreiðastöðvar Íslands, Verslunarinnar Nóatúna og söluturnsins Nýju kúlunnar skulu vera hæstu innlánsvextir á hverjum tíma.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 28. mars 1989.

Ár 1989, þriðjudag 28. mars, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2786/1988: Ákæruvaldið gegn Jóhannesi Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 10. október sl., höfðað gegn Jóhannesi Guðmundssyni, Köldukinn 25, Hafnarfirði, fyrir skjalafals og fjársvik með því að gefa út og nota í viðskiptum í maí 1988 eftirtalda tólf tékka á stolin eyðublöð úr tékkhefti frá Iðnaðarbanka Íslands hf., aðalbanka, ýmist með eigin nafni eða fölsuðum undirskriftum og svíkja þannig út fé. Tékkarnir eru allir til handhafa, nema annað sé nefnt, og notaði ákærði reikningsnúmerið 7316 á þá alla:

1. Nr. 2261583, 1.700,00 kr., gefinn út af ákærða 15. maí með eigin nafni og notaður til að greiða fyrir akstur í leigubíl.

2. Nr. 2261585, 3.000,00 kr., gefinn út af ákærða sama dag með fölsuðu nafni, Jón G. Gunnarsson, til Jóhannesar Guðmundssonar, og framselur ákærði tékkann með eigin nafni og kaupir vörur í söluturninum Hellisgötu 18, Hafnarfirði.

3. Nr. 2261588, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út til sín sama dag með sömu fölsuðu undirskrift og framselur með eigin nafni og notar í söluturninum Mávahlíð 25, Reykjavík.

4. Nr. 2261589, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út til sín sama dag með sömu fölsuðu undirskrift og framselur með eigin nafni og notar í biðskýlinu, Hvaleyrarholti, Hafnarfirði.

5. Nr. 2261590, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út 16. maí með sömu fölsuðu undirskrift og notar í söluturninum Allra-bestu, Stigahlíð 45-47, Reykjavík.

6. Nr. 2261591, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út til sín 16. maí með sömu fölsuðu undirskrift og framselur með eigin nafni og notar á Bifreiðastöð Íslands, Reykjavík.

7. Nr. 2261594, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út sama dag með sömu fölsuðu undirskrift og framselur með eigin nafni og notar í Versluninni Nóatúnum, Laugavegi 116, Reykjavík.

8. Nr. 2261598, 10.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út 17. maí með eigin nafni og framselur einnig og notar í söluturninum Nýju kúlunni, Réttarholtsvegi 1, Reykjavík.

9. Nr. 2261600, 10.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út sama dag með eigin nafni og notar í versluninni Hagkaupum, Skeifunni 15, Reykjavík.

10. Nr. 2261593, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út 16. maí með sömu fölsuðu undirskrift og framselur með eigin nafni og notar í versluninni Austurstræti 17, Reykjavík.

11. Nr. 2261595, 5.500,00 kr. Ákærði gefur tékkann út 16. maí með eigin nafni og notar í versluninni Bílanausti hf., Borgartúni 26, Reykjavík.

Telst verknaður ákærða, sem nánar er lýst í töluliðum 2-7 og 10, varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en í liðum 1, 8-9 og 11-12 við 248. gr. sömu laga.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 16. júlí 1961 í Reykjavík, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

[Sakavottorð tilgreinir 20 refsivistardóma, upp kveðna á árabilinu 1978-1987, fyrir auðgunarbrot o.fl., einnig 10 sektir skv. dómsátt, þar af tvær fyrir auðgunarbrot. Einnig segir, að 14. nóvember 1987 hafi ákærða verið veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 120 dögum.]

— — —

Málavextir samkvæmt framburði ákærða, lögregluskýrslum og öðrum rannsóknargögnum eru þessir:

Helgina 13. til 15. maí 1988 var ákærði gestkomandi að Mávahlíð 33, Reykjavík, hjá Unu Hrönn Kristinsdóttur, en þangað hafði hann á þessum tíma stundum komið á kvöldin. Í þetta skipti tók hann þar ófrjálsri hendi

tékkhefti Unu á Iðnaðarbanka Íslands hf., aðalbanka, en í því höfðu verið ávísanaeyðublöð nr. 2261576-600. Var þetta gamalt tékkhefti, sem Una hafði ekki notað lengi, og taldi hún, að reikningnum, sem hún fékk tékkheftið út á, hefði verið lokað. Á næstu dögum, frá 15. til 17. maí, gaf ákærði út 12 tékkávísanir úr heftinu, sem kært var út af til Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem þær voru ýmist falsaðar eða innstæðulausar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út þær 12 tékkávísanir, sem tilgreindar eru í ákæru, og notað þær í viðskiptum, eins og þar er greint, en hann kvað þeim þar í alla staði rétt lýst, og verður hér fylgt sömu númeraröð. Ákærði fyllti allar tékkávísanirnar út á tékkareikning nr. 7316, en þann reikning hafði hann einu sinni við Iðnaðarbankann hf., Hafnarfirði, en honum hafði löngu verið lokað vegna misnotkunar.

Tékkávísanirnar voru samtals að fjárhæð 64.700,00 kr. Fimm af tékkávísununum gaf ákærði út í eigin nafni, en hinar, í liðum nr. 2-7 og nr. 10 í ákæru, gaf ákærði út í nafni Jóns G. Gunnarssonar. Hann kvaðst hafa ritað þetta nafn af handahófi, og væri engin ákveðin persóna, sem hann hefði í huga á bak við það. Tékkana, sem ákærði gaf út í nafni Jóns G. Gunnarssonar, stílaði hann á sitt nafn og framseldi í eigin nafni nema tékka í lið 5, sem hann stílaði á handhafa og var ekki framseldur. Hina tékkana stílaði ákærði á handhafa og þurfti ekki að framselja nema einn þeirra, í lið 8, sem hann framseldi í eigin nafni. Með notkun tékkanna 12 í viðskiptum fékk ákærði andvirði þeirra í vörum, þjónustu eða peningum, sem hann notaði í eigin þágu. Hann gat þess ekki í neinu tilviki við viðtakendur tékkanna, að innstæðu skorti fyrir þeim.

Með verknaði þessum, sem sannaður er með játningu ákærða og öðrum gögnum, hefur ákærði gerst sekur um skjalafals og fjársvik, svo sem rakið er í ákæru, og varða brotin í liðum 2-7 og 10 við 1. mgr. 155. gr., en hin við 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Refsingar, skaðabætur o.fl.

Ákærði er síbrotamaður, svo sem sjá má af sakaferli hans, og þykir refsing hans samkvæmt framangreindum ákvæðum almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 72. gr., 77. gr. og 255. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 14 mánuði.

Eftirtaldir aðilar hafa gert bótakröfur vegna brota ákærða:

1. Eggert Víkings, Gnoðarvogi 78, Reykjavík, kt. 090924-3899 — 1.700,00 kr.
2. Söluturninn Hellisgötu 18, Hafnarfirði, kt. 171262-4459 — 3.000,00 —

3. Söluturninn Mávahlíð 25, Reykjavík, kt. 501183-0169	3.000,00 kr.
4. Biðskýlið á Hvaleyrarholti, Hafnarfirði, kt. 510178-0929	3.000,00 —
5. Söluturninn Allra-best, Stigahlíð 45-47, Reykjavík, kt. 590587-1439	3.000,00 —
6. Bifreiðastöð Íslands hf., Reykjavík, nnr. 1108-5814	3.000,00 —
7. Verslunin Nóatún hf., Reykjavík, nnr. 9347-3434	3.000,00 —
8. Söluturninn Nýja kúlan, Réttarholtsvegi 1, Reykjavík, nnr. 9347-1261	10.000,00 —
10. Verslunin Austurstræti 17, Reykjavík,	3.000,00 —
11. Bílanaust hf., Borgartúni 26, Reykjavík	5.500,00 —
12. Iðnaðarbanki Íslands hf., Lækjargötu 12, Reykjavík	16.500,00 —

Kröfuhafar í liðum 1-5 og 10-11 gera og kröfur um vexti og dráttarvexti samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags. Í liðum 6-8 krefjast kröfuhafar dómvaxta frá sýningardegi tékkanna til greiðsludags, og í lið 12 krefst kröfuhafi dráttarvaxta frá 18.5.1988 til greiðsludags, sbr. 2. tl. 45. gr. l. nr. 94/1933, og vaxtavaxta, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Ákærði hefur samþykkt allar þessar kröfur, og þykir mega taka þær til greina, og greiði ákærði auk fjárhæðar tékkanna dráttarvexti af þeim nema kröfu í lið 9 frá sýningardegi til greiðsludags skv. 15. gr., sbr. 10. gr., laga nr. 25/1987, og er heimilt að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. sömu laga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Guðmundsson, sæti fangelsi 14 mánuði.

Ákærði greiði Eggert Víkings, Gnoðarvogi 78, Reykjavík, 1.700,00 kr., Söluturninum Hellisgötu 18, Hafnarfirði, 3.000,00 kr., Söluturninum Mávahlíð 25, Reykjavík, 3.000,00 kr., Biðskýlinu á Hvaleyrarholti, Hafnarfirði, kt. 510178-0929, 3.000,00 kr., Söluturninum Allra-bestu, Stigahlíð 45-47, Reykjavík, kt. 590587-1439, 3.000,00 kr. Bifreiðastöð Íslands hf., Reykjavík, nnr. 1108-5814, 3.000,00 kr., Versluninni Nóatúnum hf., Reykjavík, nnr. 9347-3434, 3.000,00 kr., Söluturninum Nýju kúlunni, Réttarholtsvegi 1, Reykjavík, nnr. 9347-1261, 10.000,00 kr., Versluninni Hagkaupum, Skeifunni 15, Reykjavík, 10.000,00 kr., Versluninni Austurstræti 17, Reykjavík, 3.000,00 kr.,

Bílanausti hf., Borgartúni 26, Reykjavík, 5.500,00 kr. og Iðnaðarbankanum hf., Lækjargötu 12, Reykjavík, 16.500,00 kr.

Ákærði greiði af öllum þessum kröfum nema kröfu Hagkaupa dráttarvexti skv. 15. gr., sbr. 10. gr., laga nr. 25/1987, frá sýningardegi tékkanna til greiðslu krafnanna, og er heimilt að bæta dráttarvöxtum við kröfur þessar á 12 mánaða fresti skv. reglum 12. gr. laga nr. 25/1987.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. desember 1989.

Nr. 272/1987. **Guðmundur Jóhannsson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Valgeiri Kristinssyni hrl.
f.h. Gustafsson Markaryd Möbel AB
(Valgeir Kristinsson hrl.).

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1987 og gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 17. júlí 1987. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 19. júní 1987. Innköllun var gefin út 23. október sama ár og fyrst birt í Lögbirtingablaði 6. nóvember sama ár. Á skiptafundi 29. febrúar 1988 var ákveðið, að þrotabúið gengi ekki inn í mál þetta. Með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 27. nóvember 1989 var Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni veitt heimild til að fara með málið „fyrir Hæstarétti, enda sé það án kostnaðar fyrir þrotabúið". Í yfirlýsingu skiptaráðanda 14. desember sl. segir, að bréf þetta beri ekki að skilja svo, að þrotabúið óski að taka við aðild málsins, „heldur þannig, að búið hafi ekkert við það að athuga, þótt þrotamaður reki þessi mál, enda eru það hagsmunir hans í húfi, þar sem búið er sennilega alveg eignalaust". Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að hann beindi kröfum sínum bæði að áfrýjanda persónulega

og þrotabúi hans. Samkvæmt 1. tl. 118. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, verður frávísunarkröfu hans því ekki sinnt.

II.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál á hendur áfrýjanda „persónulega og vegna einkafirma hans, Borgarhúsgagna", en því vikið til almennrar meðferðar, eftir að áfrýjandi sótti sjálfur þing, lagði fram greinargerð og krafðist sýknu. Við fyrirtekt málsins 10. júní 1987 sótti áfrýjandi ekki þing og var málið þá dómtekið að kröfu stefnda og tekið fram, að aðeins væri óskað dóms á áfrýjanda persónulega. Hinn 30. júní 1987 var bæjarþing Reykjavíkur háð í þingstofu bæjarþings Hafnarfjarðar og mál þetta tekið fyrir. Þá var bókað: „Málið er endurupptekið til sóknar. Af hálfu stefnda er ekki sótt þing. Af hálfu stefnanda sækir þing Valgeir Kristinsson hrl. og leggur fram nr. 7 vottorð Seðlabankans um vexti og nr. 8-15 sókn og fskj. og málið í dóm. ... Málið er dómtekið."

Er málið var dómtekið fyrra sinni 10. júní 1987, hafði stefndi lagt fram kröfu sinni til stuðnings tvo vörureikninga, stílaða á Borgarhúsgögn, og farmskírteini um sendingu vörunnar til Borgarhúsgagna. Nafn áfrýjanda var hvergi skráð á skjöl þessi, og ekki hafði verið lögð fram staðfesting pöntunar af hans hendi. Í greinargerð áfrýjanda til bæjarþingsins segir m.a.: „Undirritaður hefur aldrei persónulega pantað vörur þær, sem stefnandi heldur fram í máli þessu. Borgarhúsgögn eru ekki einkafyrirtæki mitt og hafa aldrei verið. Borgarhúsgögn er nafn á húsgagnaverslun, sem var í eigu G.J.-húsgagna."

Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, gat stefndi, að því leyti sem nauðsynlegt var til að hnekkja því, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda, fengið frest til að afla gagna eða flytja sókn. Stefndi neytti eigi þessarar heimildar og lagði málið í dóm. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði bar nú að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda. Málatilbúnaði var svo áfátt af hendi stefnda, að vísa átti málinu sjálfkrafa frá dómi. Þess í stað var málið án rökstuðnings endurupptekið „til sóknar". Ekki verður á það fallist, að við þessar aðstæður hafi dómara verið rétt að endurupptaka málið. Ber því sjálfkrafa að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá bæjarþinginu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af máli þessu.

Ekki er fram komið, hvaða nauðsyn bar til að halda þing í máli þessu í Hafnarfirði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. júní 1987, hefur Gustafsson Markaryd Möbel AB, Markaryd, Svíþjóð, höfðað fyrir dóminum með áskorunarstefnu, birtri 9. desember 1986, á hendur Guðmundi Jóhannssyni, Fellsmúla 26, Reykjavík, persónulega og f.h. Borgarhúsgagna til greiðslu skuldar, að fjárhæð 11.218,00 sænskar krónur, auk vaxta og kostnaðar. Stefndi, Guðmundur Jóhannsson, hefur sótt þing í málinu. Málinu hefur verið vikið til almennrar meðferðar. Stefnandi hefur fallið frá kröfum á hendur Guðmundi vegna Borgarhúsgagna og lagt fram sókn í málinu, eftir að þingsókn féll niður af hálfu stefnda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum fyrrgreinda fjárhæð með 6% ársvöxtum frá 19. mars 1985 til greiðsludags og vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti við útreikning vaxta, fyrst 19. mars 1986, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af stefnda hálfu var krafist sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi kveður skuldina vera samkvæmt tveimur reikningum vegna kaupa stefnda á húsgögnum af stefnanda. Húsgögnin voru send stefnanda með ms. Skógafossi. Farmskírteini eru dagsett 22. febrúar 1985.

Stefndi kveðst aldrei hafa pantað vörurnar persónulega. Hann segir Borgarhúsgögn ekki vera einkafyrirtæki sitt og aldrei hafa verið, heldur nafn á húsgagnaverslun í eigu G.J.-húsgagna hf.

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram ýmis skjöl til sönnunar, þ. á m. vörureikningur og farmskírteini. Skjöl þessi eru öll stíluð á Borgarhúsgögn, Fellsmúla 26, Reykjavík. Stefnandi kveður stefnda hafa gert kaup á vörum þessum í nafni „Borgarhúsgagna" í febrúar 1985 í Stokkhólmi á kaupstefnu, sem þar var haldin. Stefnandi hafi leyst til sín hluta pöntunarinnar, en ekki greitt fyrir hluta af vörunum.

Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrárinnar, dagsettu 29. júní 1987, er stefnandi stjórnarformaður G.J-húsgagna hf. Dagsetning samþykkta þess

félags er 1. maí 1984 og dagsetning samþykkta Borgarhúsgagna hf. 26. febrúar 1986, en fyrir þann tíma virðist ekkert fyrirtæki hafa verið skráð í firmaskrá eða hlutafélagaskrá með nafninu Borgarhúsgögn. Samkvæmt gögnum málsins virðist mega leggja til grundvallar, að stefndi hafi gert kaupsamning um umræddar vörur í nafni Borgarhúsgagna, sem þá voru óskráð firma, án þess að gera viðsemjanda sínum ljóst, að hann teldi sig semja í nafni hlutafélags. Verður því að telja, að hann hafi sjálfur persónulega orðið bundinn af samningi þessum, og ber honum því að efna hann.

Vegna útivistar stefnda þykir skv. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 bera að dæma mál þetta eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum og því, sem fram hefur komið af hálfu stefnda. Samkvæmt framangreindu þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda höfuðstól dómkröfunnar ásamt vöxtum og vaxtavöxtum, eins og krafist er, og málskostnaði. Vexti og málskostnað skal ákveða eins og nánar greinir í dómsorði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnanda, Gustafsson Markaryd Möbel AB, 11.218,00 s.kr. með 14,5% ársvöxtum, frá 19. mars 1985 til 1. ágúst 1985, með 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 17. janúar 1986, með 14,5% ársvöxtum frá þeim degi til 14. mars 1986, með 13,5% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 16. október 1986, með 12,5% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1986, en með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, en þó eigi hærri en 16% p.a., og 15.000,00 kr. í málskostnað.

Vexti skal leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 19. mars 1986.

Mánudaginn 18. desember 1989.

Nr. 273/1987. **Guðmundur Jóhannsson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Valgeiri Kristinssyni hrl.
f.h. Messin OY
(Valgeir Kristinsson hrl.).

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1987 og gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 17. júlí 1987. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 19. júní 1987. Innköllun var gefin út 23. október sama ár og fyrst birt í Lögbirtingablaði 6. nóvember sama ár. Á skiptafundi 29. febrúar 1988 var ákveðið, að þrotabúið gengi ekki inn í mál þetta. Með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 27. nóvember 1989 var Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni veitt heimild til að fara með málið „fyrir Hæstarétti, enda sé það án kostnaðar fyrir þrotabúið". Í yfirlýsingu skiptaráðanda 14. desember sl. segir, að bréf þetta beri ekki að skilja svo, að þrotabúið óski að taka við aðild málsins, „heldur þannig, að búið hafi ekkert við það að athuga, þótt þrotamaður reki þessi mál, enda eru það hagsmunir hans í húfi, þar sem búið er sennilega alveg eignalaust". Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að hann beindi kröfum sínum bæði að áfrýjanda persónulega

og þrotabúi hans. Samkvæmt 1. tl. 118. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, verður frávísunarkröfu hans því ekki sinnt.

II.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál á hendur áfrýjanda „persónulega og vegna einkafirma hans, Borgarhúsgagna", en því vikið til almennrar meðferðar, eftir að áfrýjandi sótti sjálfur þing, lagði fram greinargerð og krafðist sýknu. Við fyrirtekt málsins 10. júní 1987 sótti áfrýjandi ekki þing, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnda og tekið fram, að aðeins væri óskað dóms á áfrýjanda persónulega. Hinn 30. júní 1987 var bæjarþing Reykjavíkur háð í þingstofu bæjarþings Hafnarfjarðar og mál þetta tekið fyrir. Þá var bókað: „Málið er endurupptekið til sóknar. Af hálfu stefnda er ekki sótt þing. Af hálfu stefnanda sækir þing Valgeir Kristinsson hrl. og leggur fram nr. 8-12 sókn og fskj. og málið í dóm. ... Málið er dómtekið."

Er málið var dómtekið fyrra sinni 10. júní 1987, hafði stefndi lagt fram kröfu sinni til stuðnings vörureikning á nafn áfrýjanda ásamt farmskírteini. Staðfesting pöntunar var ekki lögð fram. Í greinargerð áfrýjanda til bæjarþingsins segir m.a.: „Undirritaður hefur aldrei persónulega pantað vörur þær, sem stefnandi heldur fram í máli þessu. Borgarhúsgögn eru ekki einkafyrirtæki mitt og hafa aldrei verið. Borgarhúsgögn er nafn á húsgagnaverslun, sem var í eigu G.J.-húsgagna."

Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, gat stefndi, að því leyti sem nauðsynlegt var til að hnekkja því, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda, fengið frest til að afla gagna eða flytja sókn. Stefndi neytti eigi þessarar heimildar og lagði málið í dóm. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði bar nú að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda. Málatilbúnaði var svo áfátt af hendi stefnda, að vísa átti málinu sjálfkrafa frá dómi. Þess í stað var málið án rökstuðnings endurupptekið „til sóknar". Ekki verður á það fallist, að við þessar aðstæður hafi dómara verið rétt að endurupptaka málið. Ber því sjálfkrafa að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá bæjarþinginu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af máli þessu.

Ekki er fram komið, hvaða nauðsyn bar til að halda þing í máli þessu í Hafnarfirði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. júní sl., hefur hlutafélagið Messin OY, Pori, Finnlandi, höfðað fyrir dóminum á hendur Guðmundi Jóhannssyni, nnr. 3082-4067, Eyjabakka 3, Reykjavík, persónulega og vegna einkafirma hans, Borgarhúsgagna, Fellsmúla 26, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 17.608,25 n.kr. auk vaxta og kostnaðar, með áskorunarstefnu, birtri 9. desember 1986.

Málið er höfðað til greiðslu kaupverðs húsgagna, sem stefndi keypti af stefnanda árið 1984. Vörureikningur er dagsettur 30. júní 1984. Farmskírteini er dagsett 9. júlí 1984. Varan var send til Íslands með Dettifossi, en kaupandi virðist ekki hafa leyst hana út.

Af stefnda hálfu var upphaflega sótt þing í málinu og haldið uppi þeim vörnum, að hann hefði aldrei pantað vörurnar persónulega og að Borgarhúsgögn hefðu aldrei verið einkafyrirtæki hans, heldur nafn á húsgagnaverslun í eigu G.J.-húsgagna hf.

Málinu var vikið til almennrar meðferðar, en síðan féll þingsókn niður af hálfu stefnda, og var þá málið dómtekið að loknum skriflegum málflutningi. Ber þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum og því, sem fram hefur komið af hálfu stefnda.

Stefnandi hefur fallið frá kröfum á hendur stefnda vegna einkafirma hans, Borgarhúsgagna. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 17.608,25 n.kr. með 10% ársvöxtum frá 30. júlí 1984 til greiðsludags. „Við útreikning vaxta bætist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti allt til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu."

Samkvæmt gögnum málsins er stefnandi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hlutafélagsins G.J.-húsgagna hf., en dagsetning samþykkta þess er 1. maí 1984. Þá er hann meðstjórnandi í hlutafélaginu Borgarhúsgögnum hf., en dagsetning samþykkta þess er 26. febrúar 1986. Við það þykir mega miða, að ekkert firma með nafninu Borgarhúsgögn hafi verið skráð á þeim tíma, sem samningurinn var gerður. Eftir gögnum málsins virðist stefnandi hafa samið um kaupin án þess að láta þess að nokkru

getið, að hann semdi sem umboðsmaður hlutafélags, og þykir hann þá hafa orðið persónulega bundinn við skuldbindingar kaupanda skv. samningnum. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á kröfur stefnanda, eins og hér greinir. Stefnda ber að greiða stefnanda 17.608,25 n.kr. með vöxtum og málskostnaði, eins og greinir í dómsorði, en þar sem krafa stefnanda í máli þessu er um, að við útreikning vaxta bætist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti allt til greiðsludags, en án þess að þetta sé nánar afmarkað í kröfugerð eða málsreifun, verður vaxtavaxtakrafa ekki tekin til greina fram til 14. apríl 1987, þegar vaxtalögin tóku gildi, en frá þeim tíma fer um útreikning vanskilavaxta, þ. á m. dráttarvaxta, eftir ákvæðum þeirra laga, sbr. 11. og 12. gr. Stefnandi hefur ekki aflað upplýsinga um vexti frá fyrri tíma en 29. september 1985, og verður upphafstími dráttarvaxta því miðaður við þann dag.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnanda, Messin OY, 17.608,25 norskar krónur með 10% ársvöxtum frá 29. september 1985 til 14. apríl 1987, en með vanskilavöxtum, þ.m.t. vaxtavöxtum, skv. 11. gr., sbr. 12. gr., laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, þó eigi hærri en 10% p.a., og 18.000,00 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 18. desember 1989.

Nr. 274/1987. **Guðmundur Jóhannsson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Valgeiri Kristinssyni hrl.
f.h. Pedro Möbler A/S
(Valgeir Kristinsson hrl.).

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1987 og gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 17. júlí 1987. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 19. júní 1987. Innköllun var gefin út 23. október sama ár og fyrst birt í Lögbirtingablaði 6. nóvember sama ár. Á skiptafundi 29. febrúar 1988 var ákveðið, að þrotabúið gengi ekki inn í mál þetta. Með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 27. nóvember 1989 var Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni veitt heimild til að fara með málið „fyrir Hæstarétti, enda sé það án kostnaðar fyrir þrotabúið". Í yfirlýsingu skiptaráðanda 14. desember sl. segir, að bréf þetta beri ekki að skilja svo, að þrotabúið óski að taka við aðild málsins, „heldur þannig, að búið hafi ekkert við það að athuga, þótt þrotamaður reki þessi mál, enda eru það hagsmunir hans í húfi, þar sem búið er sennilega alveg eignalaust". Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að hann beindi kröfum sínum bæði að áfrýjanda persónulega

og þrotabúi hans. Samkvæmt 1. tl. 118. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, verður frávísunarkröfu hans því ekki sinnt.

II.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál á hendur áfrýjanda ,,persónulega og vegna einkafirmans Borgarhúsgagna", en því vikið til almennrar meðferðar, eftir að áfrýjandi sótti sjálfur þing, lagði fram greinargerð og krafðist sýknu. Við fyrirtekt málsins 10. júní 1987 sótti áfrýjandi ekki þing, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnda og tekið fram, að aðeins væri óskað dóms á áfrýjanda persónulega. Hinn 30. júní 1987 var bæjarþing Reykjavíkur háð í þingstofu bæjarþings Hafnarfjarðar og mál þetta tekið fyrir. Þá var bókað: ,,Málið er endurupptekið til sóknar. Af hálfu stefnda er ekki sótt þing. Af hálfu stefnanda sækir þing Valgeir Kristinsson hrl. og leggur fram nr. 8-10 sókn og fskj. og málið í dóm. ... Málið er dómtekið."

Er málið var dómtekið fyrra sinni 10. júní 1987, hafði stefndi lagt fram kröfu sinni til stuðnings vörureikning og farmskírteini, stílað á Borgarhúsgögn. Nafn áfrýjanda var hvergi skráð á skjöl þessi, og ekki hafði verið lögð fram staðfesting pöntunar af hans hendi. Í greinargerð áfrýjanda til bæjarþingsins segir m.a.: ,,Undirritaður hefur aldrei persónulega pantað vörur þær, sem stefnandi heldur fram í máli þessu. Borgarhúsgögn eru ekki einkafyrirtæki mitt og hafa aldrei verið. Borgarhúsgögn er nafn á húsgagnaverslun, sem var í eigu G.J.-húsgagna."

Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, gat stefndi, að því leyti sem nauðsynlegt var til að hnekkja því, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda, fengið frest til að afla gagna eða flytja sókn. Stefndi neytti eigi þessarar heimildar og lagði málið í dóm. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði bar nú að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda. Málatilbúnaði var svo áfátt af hendi stefnda, að vísa átti málinu sjálfkrafa frá dómi. Þess í stað var málið án rökstuðnings endurupptekið ,,til sóknar". Ekki verður á það fallist, að við þessar aðstæður hafi dómara verið rétt að endurupptaka málið. Ber því sjálfkrafa að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá bæjarþinginu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af máli þessu.

Ekki er fram komið, hvaða nauðsyn bar til að halda þing í máli þessu í Hafnarfirði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. júní sl., hefur hlutafélagið Pedro Möbler AS., Stordal, Noregi, höfðað fyrir dóminum með áskorunarstefnu, birtri 9. desember 1986, á hendur Guðmundi Jóhannssyni, nnr. 3082-4067, Eyjabakka 3, Reykjavík, persónulega og vegna einkafirma hans, Borgarhúsgagna, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 8.500,00 n.kr., auk vaxta og kostnaðar. Fallið hefur verið frá kröfum á hendur Borgarhúsgögnum.

Skuld þessi er samkvæmt reikningi, dagsettum 29. ágúst 1985, vegna kaupa stefnda á húsgögnum af stefnanda. Vörurnar voru sendar með ms. Jan frá Larvik í Noregi til Reykjavíkur samkvæmt farmskírteini, út gefnu 3. september 1985. Kaupandi hefur ekki greitt vörurnar. Stefnandi telur stefnda vera einkaeiganda firmans Borgarhúsgagna.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 8.500,00 n.kr. með 10% ársvöxtum frá 29. september 1985 til greiðsludags, ,,vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti auk málskostnaðar að skaðlausu". Af stefnda hálfu var upphaflega sótt þing í málinu og greinargerð skilað. Var málinu af þeim sökum vikið til almennrar meðferðar, en síðan féll þingsókn niður af hálfu stefnda, og var málið þá dómtekið, eftir að stefnandi hafði skilað skriflegri sókn. Verður þá að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum og því, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, en í greinargerð hans var krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hélt því fram, að hann hefði aldrei persónulega pantað vörur þær, sem stefnandi krefur um greiðslu fyrir í málinu. Hann kvað Borgarhúsgögn ekki einkafyrirtæki sitt og aldrei hafa verið. Hann segir Borgarhúsgögn vera nafn á húsgagnaverslun, sem hafi verið í eigu G.J.-húsgagna.

Samkvæmt gögnum málsins er stefndi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri G.J.-húsgagna hf. Dagsetning samþykkta þess er 1. maí

1984. Þá er hann meðstjórnandi Borgarhúsgagna hf., en dagsetning samþykkta þess félags er 26. febrúar 1986.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi þykir bera að leggja til grundvallar, að stefndi hafi gert kaupsamninginn án þess að gera grein fyrir því, að hann semdi sem umboðsmaður hlutafélags, og verður hann þá að bera ábyrgð á efndum samningsins, sem stefnandi virðist hafa efnt að sínu leyti. Ber þá að fallast á kröfur stefnanda, eins og hér segir. Stefnda ber að greiða stefnanda höfuðstól kröfunnar ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og nánar greinir í dómsorði, en vaxtavextir fram til gildistöku vaxtalaga verða ekki dæmdir frá fyrri tíma en gildistöku vaxtalaga, nr. 25/1987, þar sem engin viðhlítandi grein er gerð fyrir vaxtavaxtakröfu í málatilbúnaði stefnanda.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnanda, Pedro Möbler AS, 8.500,00 norskar krónur með 10% ársvöxtum frá 29. september 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum, þ.m.t. vaxtavöxtum, skv. 11. gr., sbr. 12. gr., laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó eigi hærri en 10% ársvöxtum, og 13.000,00 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 18. desember 1989.

Nr. 275/1987. **Guðmundur Jóhannsson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Valgeiri Kristinssyni hrl.
f.h. H. T. Collection
(Valgeir Kristinsson hrl.).

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1987 og gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 17. júlí 1987. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 19. júní 1987. Innköllun var gefin út 23. október sama ár og fyrst birt í Lögbirtingablaði 6. nóvember sama ár. Á skiptafundi 29. febrúar 1988 var ákveðið, að þrotabúið gengi ekki inn í mál þetta. Með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 27. nóvember 1989 var Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni veitt heimild til að fara með málið „fyrir Hæstarétti, enda sé það án kostnaðar fyrir þrotabúið". Í yfirlýsingu skiptaráðanda 14. desember sl. segir, að bréf þetta beri ekki að skilja svo, að þrotabúið hafi tekið við aðild málsins, „heldur þannig, að búið hafi ekkert við það að athuga, þótt þrotamaður reki þessi mál, enda eru það hagsmunir hans í húfi, þar sem búið er sennilega alveg eignalaust". Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að hann beindi kröfum sínum bæði að áfrýjanda persónulega og

þrotabúi hans. Samkvæmt 1. tl. 118. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, verður frávísunarkröfu hans því ekki sinnt.

II.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál á hendur áfrýjanda „persónulega og vegna einkafirma hans, Borgarhúsgagna", en því vikið til almennrar meðferðar, eftir að áfrýjandi sótti sjálfur þing, lagði fram greinargerð og krafðist sýknu. Við fyrirtekt málsins 10. júní 1987 sótti áfrýjandi ekki þing, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnda og tekið fram, að aðeins væri óskað dóms á áfrýjanda persónulega. Hinn 30. júní 1987 var bæjarþing Reykjavíkur háð í þingstofu bæjarþings Hafnarfjarðar og mál þetta tekið fyrir. Þá var bókað: „Málið er endurupptekið. Af hálfu stefnda er ekki sótt þing. Af hálfu stefnanda sækir þing Valgeir Kristinsson hrl. og leggur fram nr. 7-11 sókn og fskj. og málið í dóm. ... Málið er dómtekið."

Er málið var dómtekið fyrra sinni 10. júní 1987, hafði stefndi lagt fram kröfu sinni til stuðnings vörureikning, stílaðan á Borgarhúsgögn, ásamt bréfi til umboðsmanns síns á Íslandi. Nafn áfrýjanda kemur þar ekki fram, og ekki hafði verið lögð fram staðfesting pöntunar af hans hendi. Í greinargerð áfrýjanda til bæjarþingsins segir m.a.: „Undirritaður hefur aldrei persónulega pantað vörur þær, sem stefnandi heldur fram í máli þessu. Borgarhúsgögn eru ekki einkafyrirtæki mitt og hafa aldrei verið. Borgarhúsgögn er nafn á húsgagnaverslun, sem var í eigu G.J.-húsgagna."

Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, gat stefndi, að því leyti sem nauðsynlegt var til að hnekkja því, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda, fengið frest til að afla gagna eða flytja sókn. Stefndi neytti eigi þessarar heimildar og lagði málið í dóm. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði bar nú að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda. Málatilbúnaði var svo áfátt af hendi stefnda, að vísa átti málinu sjálfkrafa frá dómi. Þess í stað var málið án rökstuðnings endurupptekið. Ekki verður á það fallist, að við þessar aðstæður hafi dómara verið rétt að endurupptaka málið. Ber því sjálfkrafa að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá bæjarþinginu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af máli þessu.

Ekki er fram komið, hvaða nauðsyn bar til að halda þing í máli þessu í Hafnarfirði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. júní sl., hefur H.T. Collection, Salpangas, Finnlandi, höfðað fyrir dóminum með áskorunarstefnu, birtri 9. desember 1986, á hendur Guðmundi Jóhannssyni, nnr. 3082-4067, Eyjabakka 3, Reykjavík, persónulega og vegna einkafirma hans, Borgarhúsgagna, Fellsmúla 26, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 13.033,00 finnsk mörk, auk vaxta og kostnaðar. Skuld þessi er vegna húsgagnakaupa samkvæmt vörureikningi, dags. 10. sept. 1986. Vörurnar voru sendar stefnda með skipi. Kaupverðið var 23.068,00 f.m. Stefndi leysti ekki til sín vörurnar, og voru þær seldar öðrum aðila á ábyrgð stefnda fyrir 17.301,00 f.m. til þess að komast hjá því, að vörurnar yrðu seldar á nauðungaruppboði. Mismunur á kröfu stefnanda og greiðslunni, er fékkst fyrir vörurnar, nemur 5.767,00 f.m. og vextir í 630 daga til 10. september 1986 7.266,00 f.m., og er stefnukrafa þannig fundin, 13.033,00 f.m. Stefnandi hefur gert nánari grein fyrir málsatvikum þannig í skriflegri sókn:

Stefndi gerði kaupin sjálfur í Kaupmannahöfn á vörusýningu, að fjárhæð 23.060,00 f.m. Kröfunni var skipt í tvennt að hans ósk. Valhúsgögn hf. keyptu síðan vörurnar á síðasta degi fyrir nauðungaruppboð og fengu afslátt, 5.767,00 f.m., til að hægt væri að mæta geymslukostnaði, sem á fallinn var, þar sem Borgarhúsgögn höfðu ekki leyst til sín vöruna.

Innheimtumál þetta er fyrir eftirstöðvum kröfunnar ásamt vöxtum, og nam skuldin 13.033,00 f.m. 10.9. 1986.

Umboðsmaður stefnanda annaðist meðalgöngu um sölu til Valhúsgagna á vörunni til að afstýra frekara tjóni en verða myndi, ef vörurnar seldust á nauðungaruppboði.

Ekki var gerð skrifleg pöntun á vörunum, en stefnandi sendi skriflega staðfestingu, sem nú er lögð fram í málinu.

Stefndi rak á þeim tíma, sem krafan stofnaðist, fyrirtæki undir nafninu Borgarhúsgögn, sem var ekki skráð og því rekið á persónulega ábyrgð stefnda, sem notaði firmanafnið.

Síðar, í febrúar 1986, stofnaði stefndi hlutafélagið Borgarhúsgögn, og

er það því ekki samningsaðili og ekki önnur félög, sem stefndi kann að hafa rekið á sama tíma, enda bera gögn málsins það ekki með sér.

Stefnandi orðar stefnukröfur sínar þannig:

Fyrir dóminum mun stefnandi gera þær réttarkröfur, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 13.033,00 f.m. með 7,75% ársvöxtum frá 10.9. 1986 til greiðsludags, vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti við útreikning vaxta auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af gögnum málsins má sjá, að reikningur stefnanda er frá 29. nóvember 1984.

Við þingfestingu málsins var sótt þing af hálfu stefnda, og af hans hálfu hefur komið fram greinargerð í málinu, þar sem krafist er sýknu og málskostnaðar að mati dómsins. Stefndi kveðst aldrei persónulega hafa pantað vörurnar og ekki vera eigandi Borgarhúsgagna. Máli þessu hefur verið vikið til almennrar meðferðar, en þingsókn hefur fallið niður af hálfu stefnda. Verður þá að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum og því, sem fram hefur komið af hálfu stefnda í málinu.

Samkvæmt vottorði hlutafélagaskrár er stefndi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri G.J.-húsgagna hf. Dagsetning samþykkta þess félags er 1. maí 1984. Þá er hann meðstjórnandi í Borgarhúsgögnum hf., en dagsetning samþykkta þess félags er 26. febrúar 1986. Við það verður að miða, að ekkert skrásett firma hafi verið með nafni Borgarhúsgagna, þegar samningurinn var gerður, og að stefndi hafi ekki gert grein fyrir því, að hann gerði samninginn sem umboðsmaður hlutafélags. Verður hann því að bera persónulega ábyrgð á efndum samningsins, sem stefnandi virðist hafa efnt að sínu leyti.

Stefnandi hefur fallið frá kröfum á hendur stefnda „f.h. einkafirma hans, Borgarhúsgagna".

Mikið vantar á, að viðhlítandi grein sé gerð fyrir málinu af hálfu stefnanda, en ekki þykja þó næg efni til að neyta heimildar til frávísunar málsins. Engin viðhlítandi grein hefur verið gerð fyrir vaxtakröfu stefnanda, og þykja þá ekki efni til að fallast á hana frá fyrri tíma en gildistökudegi vaxtalaga 14. apríl 1987. Einungis þykir fært að veita dóm fyrir eftirstöðvum kaupverðsins ásamt vöxtum, en kröfugerð stefnanda þykir mega skilja svo, að hann krefjist vaxta frá 18. desember 1984. Vextir þeir, sem reiknaðir eru inn í höfuðstól dómkröfu stefnanda, eru 18% ársvextir, en samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, eru leyfilegir dráttarvextir á umræddu tímabili mun lægri. Samkvæmt þessu þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda 5.767,00 f.m. auk vaxta og málskostnaðar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnanda, H.T. Collection, 5.767,00 finnsk mörk með 10,25% ársvöxtum frá 18. desember 1984 til 1. febrúar 1985, með 7,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 8,75% ársvöxtum frá þeim degi til 19. maí 1986, með 7,75% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum, þar með töldum vaxtavöxtum, samkvæmt 11. gr., sbr. 12. gr., laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó eigi hærri en 7,75% p.a., og 13.000,00 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 18. desember 1989.

Nr. 276/1987. **Guðmundur Jóhannsson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Valgeiri Kristinssyni hrl.
f.h. Hjellegjerde Möbler A/S
(Valgeir Kristinsson hrl.).

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1987 og gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 17. júlí 1987. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 19. júní 1987. Innköllun var gefin út 23. október sama ár og fyrst birt í Lögbirtingablaði 6. nóvember sama ár. Á skiptafundi 29. febrúar 1988 var ákveðið, að þrotabúið gengi ekki inn í mál þetta. Með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 27. nóvember 1989 var Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni veitt heimild til að fara með málið „fyrir Hæstarétti, enda sé það án kostnaðar fyrir þrotabúið". Í yfirlýsingu skiptaráðanda 14. desember sl. segir, að bréf þetta beri ekki að skilja svo, að þrotabúið óski að taka við aðild málsins, „heldur þannig, að búið hafi ekkert við það að athuga, þótt þrotamaður reki þessi mál, enda eru það hagsmunir hans í húfi, þar sem búið er sennilega alveg eignalaust". Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að hann beindi kröfum sínum bæði að áfrýjanda persónulega

og þrotabúi hans. Samkvæmt 1. tl. 118. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, verður frávísunarkröfu hans því ekki sinnt.

II.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál á hendur áfrýjanda „persónulega og vegna einkafirmans Borgarhúsgagna", en því vikið til almennrar meðferðar, eftir að áfrýjandi sótti sjálfur þing, lagði fram greinargerð og krafðist sýknu. Við fyrirtekt málsins 10. júní 1987 sótti áfrýjandi ekki þing, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnda og tekið fram, að aðeins væri óskað dóms á áfrýjanda persónulega. Hinn 30. júní 1987 var bæjarþing Reykjavíkur háð í þingstofu bæjarþings Hafnarfjarðar og mál þetta tekið fyrir. Þá var bókað: „Málið er endurupptekið til sóknar. Af hálfu stefnda er ekki sótt þing. Af hálfu stefnanda sækir þing Valgeir Kristinsson hrl. og leggur fram nr. 9-17 sókn og fskj. og málið í dóm. ... Málið er dómtekið."

Er málið var dómtekið fyrra sinni 10. júní 1987, hafði stefndi lagt fram kröfu sinni til stuðnings vörureikninga og farmskírteini til Borgarhúsgagna hf. Í stefnu kvaðst stefndi einungis hafa átt viðskipti við áfrýjanda persónulega og vegna einkafirma síns, Borgarhúsgagna, enda Borgarhúsgögn hf. „ekki til á þeim tíma, sem skuldin stofnaðist". Nafn áfrýjanda var hvergi skráð á skjöl þessi, og ekki hafði verið lögð fram staðfesting pöntunar af hans hendi. Í greinargerð áfrýjanda til bæjarþingsins segir m.a.: „Undirritaður hefur aldrei persónulega pantað vörur þær, sem stefnandi heldur fram í máli þessu. Borgarhúsgögn eru ekki einkafyrirtæki mitt og hafa aldrei verið. Borgarhúsgögn er nafn á húsgagnaverslun, sem var í eigu G.J.-húsgagna."

Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, gat stefndi, að því leyti sem nauðsynlegt var til að hnekkja því, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda, fengið frest til að afla gagna eða flytja sókn. Stefndi neytti eigi þessarar heimildar og lagði málið í dóm. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði bar nú að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda. Málatilbúnaði var svo áfátt af hendi stefnda, að vísa átti málinu sjálfkrafa frá dómi. Þess í stað var málið án rökstuðnings endurupp-

tekið „til sóknar“. Ekki verður á það fallist, að við þessar aðstæður hafi dómara verið rétt að endurupptaka málið. Ber því sjálfkrafa að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá bæjarþinginu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af máli þessu.

Ekki er fram komið, hvaða nauðsyn bar til að halda þing í máli þessu í Hafnarfirði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. júní sl., hefur Hjellegjerde Möbler AS höfðað fyrir dóminum með áskorunarstefnu, birtri 9. desember 1986, á hendur Guðmundi Jóhannssyni, Eyjabakka 3, Reykjavík, persónulega og f.h. einkafirma hans, Borgarhúsgagna, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 20.040,00 n.kr., auk 10% ársvaxta frá 28. mars 1985 til greiðsludags, „vextir bætist við höfuðstól á tólf mánaða fresti við útreikning vaxta, 600,00 ísl. kr. í bankakostnað auk málskostnaðar að skaðlausu“.

Málsóknin er vegna kaupa stefnda á húsgögnum af stefnanda, og hefur stefnandi gefið út þrjá reikninga fyrir skuldinni, alla dagsetta 28. febrúar 1985. Stefnandi hefur fallið frá kröfum á hendur stefnda f.h. Borgarhúsgagna.

Af stefnda hálfu hefur verið skilað greinargerð í málinu, og hefur málinu verið vikið til almennrar meðferðar, en eftir það hefur þingsókn fallið niður af hálfu stefnda og málið verið flutt skriflega af hálfu stefnanda. Verður þá samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram komnum kröfum, skilríkjum og sókn sækjanda og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu verjanda.

Af stefnda hálfu hefur verið krafist sýknu og málskostnaðar. Hann kveðst aldrei persónulega hafa pantað vörur þær, sem hann er krafinn um greiðslu fyrir í málinu, segir Borgarhúsgögn ekki einkafyrirtæki sitt og aldrei hafa verið, en nafn á húsgagnaverslun, sem hafi verið í eigu G.J.-húsgagna hf.

Stefnandi kveður pöntun vegna vörukaupanna hafa verið gerða við heimsókn forstjóra stefnanda í verslun stefnda, Borgarhúsgögnum, í Reykjavík, og

hafi pöntunin verið rituð á staðnum. Stefnandi hafi sent stefnda staðfestingu á pöntuninni og stefndi greitt eina af þrem pöntunum, en tvær þeirra ekki, og er málsóknin vegna þeirra pantana. Stefnandi lýsir málavöxtum að öðru leyti þannig:

Stefndi rak á þeim tíma, sem kaupin stofnuðust, firmað Borgarhúsgögn, sem var óskráð, og verður því að telja viðskiptin gerð á persónulega ábyrgð þess, sem notar firmanafnið.

Hins vegar stofnaði stefndi hlutafélagið Borgarhúsgögn 26.2. 1986, þ.e. löngu eftir að kaupin voru gerð.

Stefndi notaði firmanafnið Borgarhúsgögn á þessum tíma, svo sem gögn, sem nú eru lögð fram, bera með sér. Hins vegar blandast firmað G.J.-húsgögn á engan hátt inn í þetta mál, þar sem það kemur hvergi fram í gögnum málsins.

Ekki verður talið, að viðskipti stofnist á árinu 1984 við hlutafélag, sem fyrst lítur dagsins ljós árið 1986 (febr.), og stefndi leysti sjálfur til sín hluta vörunnar, þótt viðtakandi væri að forminu til Borgarhúsgögn.

Samkvæmt gögnum málsins er stefnandi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri G.J.-húsgagna hf. Dagsetning samþykkta þess er 1. maí 1984. Borgarhúsgögn hf. voru stofnuð 26. febrúar 1986, og er stefndi meðstjórnandi í því félagi.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir verða að miða við, að þegar stefndi gerði pöntun sína, hafi hann ekki gert það ljóst, að hann gerði hana sem umboðsmaður annars aðila, og þykir hann þá verða að bera sjálfur ábyrgð á samningsskyldum kaupanda í þeim samningi, en stefnandi virðist hafa efnt samninginn að sínu leyti. Þykir þá bera að fallast á dómkröfur stefnanda, eins og nánar greinir í dómsorði, að öðru leyti en því, að ekki þykir fært að fallast á vaxtavaxtakröfu stefnanda frá fyrri tíma en gildistöku vaxtalaga frá 14. apríl 1987, þar sem hún þykir ekki nægilega afmörkuð í kröfugerð eða málsreifun. Stefnandi hefur lagt fram vottorð Seðlabanka Íslands um vexti, en þar er ekki að finna upplýsingar um vexti af norskum krónum frá fyrri tíma en 29. september 1985, og þykir því ekki fært að dæma vexti frá fyrri tíma.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnanda, Hjellegjerde Möbler AS, 20.040,00 n.kr. með 10% ársvöxtum frá 29. september 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum, þ.m.t. vaxtavöxtum, skv. 11. gr., sbr. 12. gr., laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó eigi hærri vöxtum en 10% ársvöxtum, 14.000,00 kr. í málskostnað og 600,00 kr. í bankakostnað.

Mánudaginn 18. desember 1989.

Nr. 475/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðrúnu Geirsdóttur.

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. desember 1989. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Í þinghaldi í sakadómi Akraness 13. þ.m. kynnti héraðsdómari varnaraðila kæru þessa. Varnaraðili kvaðst taka undir kröfu ákæruvalds.

Hin kærða dómsátt var gerð í sakadómi Akraness 29. nóvember 1989. Sættist varnaraðili þá á greiðslu sektar fyrir brot á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. 102. gr., sbr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, með því að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis án þess að hafa ökuskírteini meðferðis. Jafnframt sættist hún á ökuleyfissviptingu í 12 mánuði.

Magn alkóhóls í blóðsýni, er tekið var úr varnaraðila, mældist 1,30‰. Með vísan til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 59/1988 (Hrd. 1988, 346. bls.) bar að færa brot hennar fyrir akstur undir áhrifum áfengis undir 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., umferðarlaga, sem samkvæmt 102. gr. þeirra laga leiðir til skemmri ökuréttindamissis og einnig samkvæmt dómvenju til lægri sektar en á var sæst. Dómsáttin fær því ekki staðist. Ber að fella sáttina úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Sátt, gerð í sakadómi Akraness 29. nóvember 1989.

Ár 1989, miðvikudag 29.11., er dómþing sakadóms Akraness háð í skrifstofu dómsins að Suðurgötu 57 af Jóni Vilberg Guðjónssyni, fulltrúa bæjarfógeta.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: nr. I, skjalaskrá lögreglunnar á Akranesi.

Kl. 15.30 kemur í dóminn kærða, Guðrún Geirsdóttir kennari, Lerkigrund 3, kt. 221157-4869.

Kærðu er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærða játar að hafa ekið bifreiðinni E 3571 um götur Akraness 24.6. 1989 undir áhrifum áfengis án þess að hafa ökuskírteini meðferðis.

Dómarinn skýrir nú kærðu frá því, að í blóðsýni því, sem úr henni var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,30‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómari kærðu að ljúka málinu þannig, að hún fallist á að greiða 20.000,00 kr. í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera svipt ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hennar þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. 102. gr., sbr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. 77. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940.

Kærða samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og skal greiða sektina fyrir 1.3. 1990, en ella sæti kærða í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærða samþykkir að greiða málskostnað, 4.500,00 kr., fyrir sama tíma.

Kærðu er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 13.12. 1989.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Þriðjudaginn 19. desember 1989.

Nr. 32/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Nauðgun. Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar. Þá er krafist hækkunar miskabóta í 300.000,00 krónur.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ákæruvaldið og ákærði una héraðsdómi um I. lið ákæru frá 19. febrúar 1986. Til endurskoðunar hér fyrir dómi er II. liður ákæru frá 19. febrúar 1986, ákæra frá 7. apríl 1986 og ákæra frá 9. ágúst 1988.

Sannað er með vitnaskýrslum og viðurkenningu ákærða, að hann hafi framið verknaði þá, er greinir í II. lið ákæru frá 19. febrúar 1986 og ákæru 7. apríl s.á. Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um brot á þeim refsiákvæðum, sem greinir í ákærum þessum.

Það athugast, að í ákæru frá 7. apríl 1986 er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, og verður við það að sitja. Brot það, sem hér er sakfellt fyrir, er þess eðlis, að 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga ætti við um það.

Þrátt fyrir skýringar ákærða er sannað með framburði hans sjálfs og vitnisins A, að hann hafi gerst sekur um verknað þann, sem honum er gefinn að sök í ákæru frá 9. ágúst 1988. Þessi niðurstaða hefur og stoð í framburði vitnisins B og áverkavottorðum og framburði læknisins Ingólfs Kristjánssonar, sem skoðaði vitnið A sama sólarhring og atburðurinn gerðist. Verknaðurinn er réttilega heimfærður til refsiákvæða í héraðsdómi, og ber því að fallast á niðurstöðu héraðsdómara um sakfellingu ákærða.

Fallast verður á þau sjónarmið, sem héraðsdómari rekur til stuðnings refsiákvörðun, en þegar þau eru virt, ber að þyngja refsingu ákærða, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár. Gæsluvarðhaldstími skal koma refsivist ákærða til frádráttar, eins og í dómsorði greinir.

Sama bótakrafa er uppi höfð fyrir Hæstarétti sem í héraði. Taka ber kröfuna til greina með þeim vöxtum, sem í dómsorði greinir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð og málsvarnarlaun verjanda síns, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að héraðsdómari hefur sett ákvæði um aðfararfrest í héraðsdóm, en það er andstætt 5. mgr. 166. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði, Jens Karl Magnús Jóhannesson, sæti fangelsi tvö ár. Til frádráttar dæmdri refsingu komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 30. mars 1985 til 5. apríl sama árs og 15. janúar 1988 til 21. sama mánaðar.

Ákærði greiði A 300.000,00 krónur með almennum sparisjóðsvöxtum frá 8. janúar 1988 til greiðsludags samkvæmt 8. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 80.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 80.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 20. desember 1988.

I. Dómkröfur o.fl.

Mál þetta, sem að undangengnum munnlegum málflutningi var tekið til dóms 5. þ.m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með þremur ákæruskjölum, eins og hér nánar greinir:

A.

Ákæra, út gefin 19. febrúar 1986.

Með ákæru, út gefinni ofangreindan dag, er málið höfðað gegn Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni verkamanni, Strembugötu 20, Vestmannaeyjum, og X fyrir eftirgreindar líkamsárásir:

I.

„Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa aðfaranótt 29. september 1984 við Vestmannabraut 28, Vestmannaeyjum, ráðist á Jón Björgvin Sigurðsson, fæddan 28. október 1963, og slegið hann nokkur hnefahögg í höfuðið, og er Jón Björgvin reyndi að komast undan, hlaupið hann uppi og ráðist á hann á mótum Vestmannabrautar og Skólavegar og slegið hann nokkur hnefahögg í höfuðið og sparkað í hann, eftir að hann féll í götuna.

Afleiðingar árásarinnar urðu þær, að Jón Björgvin hlaut heilahristing, skarst og marðist á vörum og fékk eymsli í andlit og axlir og lá á sjúkrahúsi frá 29. september til 1. október 1984.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981."

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfum um greiðslu skaðabóta vegna ákæru þessarar, enda upplýst í málinu, að ákærði Jens Karl hefði að fullu greitt fram komna skaðabótakröfu.

II.

„Ákærða Jens Karli Magnúsi er enn fremur gefið að sök að hafa föstudagskvöldið 29. mars 1985 á veitingastaðnum Gestgjafanum, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, ráðist á Friðrik Stefánsson, fæddan 30. júlí 1962, og veitt honum nokkur högg í andlit með höfði sínu og hnefum með þeim afleiðingum, að Friðrik nefbrotnaði, hlaut 0,7 cm skurð á nefi, sem sauma þurfti saman með 2 sporum, 0,5 cm skurð á neðri vör og marðist neðan við hægra auga og á neðri kjálka hægra megin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. hegningarlaganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar."

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfum um greiðslu skaðabóta, enda upplýst í málinu, að ákærði Jens Karl hefði að fullu greitt fram komna skaðabótakröfu.

B.

Ákæra, út gefin 7. apríl 1986.

Með ákæru ofangreindan dag er málið enn fremur höfðað gegn ákærða

Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni verkamanni, Strembugötu 20, Vestmannaeyjum, fyrir „líkamsárás með því að hafa aðfaranótt 2. febrúar 1985 við verslunina Eyjataxa, Strandvegi 75, Vestmannaeyjum, ráðist á Björn Sverrisson, fæddan 1. febrúar 1961, og slegið hann hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum, að tvær framtennur brotnuðu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist."

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfu um greiðslu skaðabóta vegna þessa ákæruliðar, enda upplýst í málinu, að ákærði Jens Karl hefði greitt skaðabætur að fullu.

C.

Ákæra, út gefin 9. ágúst 1988.

Loks er málið enn fremur höfðað með ákæru ofangreindan dag gegn ákærða Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni verkamanni, Ásavegi 30, Vestmannaeyjum, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt föstudags 8. janúar 1988 á heimili sínu þröngvað stúlkunni A, fæddri 1958, til holdlegs samræðis með líkamlegu ofbeldi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist."

Við munnlegan flutning málsins var áréttað, að haldið væri fast við kröfu um greiðslu skaðabóta vegna þessarar ákæru, enda væri nú fram komin skaðabótakrafa frá brotaþola, sem með öllu væri ógreidd af hálfu ákærða Jens Karls.

Málin hafa verið sameinuð og sæta sókn og vörn samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 1. tl. 130. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærða X er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds í málinu og að málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða verði greidd úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærða Jens Karls Magnúsar Jóhannessonar er þess krafist, að ákærði Jens Karl verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu og hæfileg réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða verði greidd úr ríkissjóði. Verði ákærða hins vegar dæmd frelsissvipting, verði hún skilorðsbundin og frá dregnir gæsluvarðhaldsdagar 30. mars 1985 til 6. apríl 1985 (sic) og 13. janúar (sic) 1985 til 6. apríl 1988 (sic).

II. Málsatvik.

A.

Ákæra, út gefin 19. febrúar 1986.

I. liður.

Í málinu liggur fyrir afdráttarlaus játning ákærðu á ákæruatriðum, og þykir mega í samræmi við það lýsa málsatvikum eins og hér greinir:

Laust eftir miðnætti aðfaranótt 29. september 1984 var ákærði X staddur fyrir utan Samkomuhús Vestmannaeyja og sá þá stúlku og pilt, Jón Björgvin Sigurðsson og Elínu Baldursdóttur, koma frá samliggjandi veitingastað, Hallarlundi við Vestmannabraut hér í bæ. Ákærði X, sem ekkert þekkti þetta unga fólk, veitti án nokkurs tilefnis því nú eftirför, þar sem það gekk vestur Vestmannabraut. Hreytti hann ókvæðisorðum í árásarþola, vitnið Jón Björgvin Sigurðsson, sem tók það óstinnt upp og svaraði í sömu mynt. Réðst ákærði X nú á vitnið Jón Björgvin og sló hann með krepptum hnefa í höfuð. Bróðir ákærða X, ákærði Jens Karl Magnús, sem hafði fylgt bróður sínum, togaði nú í ákærða X, þar sem honum fannst, að eigin sögn, ákærði X ekki standa sig nógu vel í áflogunum, en við það losnaði um árásarþola, Jón Björgvin Sigurðsson, og tók hann þegar í stað til fótanna. Ákærði Jens hljóp þá á eftir honum, enda kvaðst hann hafa ætlað að hefna bróður síns.

Ákærði Jens náði að hlaupa Jón Björgvin uppi, og við gatnamót Vestmannabrautar og Skólavegar réðst ákærði á Jón Björgvin og sló hann þrjú til fjögur högg í höfuðið með krepptum hnefa. Við það féll Jón Björgvin í götuna, og sparkaði þá ákærði Jens nokkrum sinnum í Jón Björgvin, þar sem hann lá í götunni, en ákærði X stóð við hlið bróður síns, á meðan á því stóð. Bræðurnir skildu nú við Jón Björgvin liggjandi í götunni, en vegfarandi, er átti leið þar um, hjálpaði sambýliskonu Jóns Björgvins, vitninu Elínu Baldursdóttur, að reisa hann á fætur. Fóru þau síðan tvö á lögreglustöðina og lögðu þar fram kæru á hendur ákærðu, sem voru handteknir samdægurs.

Í málinu liggur fyrir áverkavottorð varðandi Jón Björgvin Sigurðsson, út gefið af Hannesi Sigmarssyni lækni, Heilsugæslustöð Vestmannaeyja, dags. 2. okt. 1984, svohljóðandi: „Ráðist var á Jón rétt utan við skemmtistaðinn Hallarlund, þar sem hann var að ganga yfir á Skansinn. Var hér um tvo menn að ræða. Var sparkað og barið í andlit hans, einnig sparkað í síðu hans.

Við komu á heilsugæslustöðina leið honum frekar illa, var með velgju og höfuðverk. Hann var skorinn og marinn á vörum og með smásár innan á vör, sem ekki var saumað. Var einnig aumur yfir parietal-beini vinstra megin og blæðing undir húð yfir kinnbeini vinstra megin. Einnig var eymsli

yfir axlarvöðva vinstra megin, og átti hann erfitt með hreyfingar þar. Engir kviðverkir né áverkar á kvið.

Rtg-mynd á höfuðkúpu sýndi enga sprungu né brot og ekki merki um heilaskaða.

Hann var inn lagður til observationar m.t.t. heilahristings, og lá hann hér inni frá 29.9.-1.10.84 og var þá orðinn nokkuð góður. Í legunni hér kemur í ljós, að hann hefur fengið heilahristing, og er ráðlagt að vera frá vinnu í viku til 10 daga. Ef hann fær ógleði, höfuðverk eða önnur einkenni heilahristings, er honum ráðlagt að hafa samband við heimilislækni."

Er Jón Björgvin hafði verið útskrifaður af spítalanum, gaf hann skýrslu hjá rannsóknarlögreglumanni í Vestmannaeyjum og lýsir þar upphafi málsins á þann hátt, að er þau Elín hafi gengið Vestmannabraut til vesturs og voru á leiðinni á veitingastaðinn Skansinn, hafi ákærði X kallað til þeirra: „Ég hélt þið ættuð að fara á Hollywood", en vitnið Jón Björgvin kvaðst ekkert hafa ansað þessu. Í sama framburði kemur það einnig fram, að vitnið taldi, að báðir bræðurnir hefðu sparkað í sig, er það lá í götunni.

Vitnið Elín Baldursdóttir kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja 29. september 1984, og kemur þar m.a. eftirfarandi fram: „Vitnið kveður þau Jón nú hafa gengið frá Samkomuhúsinu í áttina að Skansinum, en tekur fram, að það þekki ekki götunöfn, enda ókunnugt hér. Er þau voru komin á móts við bakaríið, hefðu tveir menn komið á eftir þeim og annar þeirra, þrekvaxinn og rauðhærður, farið að toga í Jón. Vitnið kveðst hafa gengið á milli, en þá hefði hinn maðurinn gripið utan um það og haldið því föstu. Vitnið kveðst minnast þess, að annar mannanna hefði sagt eitthvað á þessa leið: „Farið þið á Hollywood, þið eigið heima þar." Eftir að áðurnefndur maður hafi verið búinn að ná taki á vitninu, kveður það Jón Björgvin hafa hlaupið af stað og sá rauðhærði og þrekvaxni á eftir honum í sömu átt og þau hugðust ganga. Kveðst vitnið hafa misst sjónar á þeim tveimur, meðan hinn maðurinn hélt því föstu, sem það kveður þó ekki hafa verið langan tíma. Þegar vitnið var laust, kveðst það hafa hlaupið áfram eftir sömu götu, þó nokkurn spöl, og komið þar að, sem Jón Björgvin lá á gangstéttinni og áðurnefndir tveir menn stóðu yfir honum og spörkuðu í hann, en hann reynt að bera hendur fyrir höfuð sér. Nánar aðspurt kveðst vitnið hafa séð, að annar þeirra sparkaði í höfuð Jóni Björgvin, en treysti sér ekki til að fullyrða, hvor þeirra það var, telur, að það hafi séð eitt spark lenda í höfði Jóni Björgvin.

Ákærðu hafa gefið skýrslu fyrir dómi, og er framburður þeirra í samræmi við málavaxtalýsingu hér að framan.

Með eigin játningu beggja ákærðu, sem er studd öðrum gögnum máls þessa, þ. á m. framburði vitnisins Elínar Baldursdóttur hjá lögreglu og fyrir dómi, svo og með framburði vitnisins (árásarþola) Jóns Björgvins Sigurðs-

sonar hjá lögreglu telst sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um framangreinda líkamsárás, sem er réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. febrúar 1986. Ákærðu komu fyrir dóm sama dag og brotið er framið, þ.e. 29. september 1984. Rannsóknardómari virðist ekki hafa sent málið ríkissaksóknara fyrr en rúmu ári síðar, 22. október 1985, og tæpum fjórum mánuðum síðar, 19. febrúar 1986, gefur ríkissaksóknari út ákæru í málinu. Um áramót 1986/1987 hætti rannsóknardómarinn, sem með málið hafði farið, störfum hjá embættinu, og er málið þingfest í sakadómi Vestmannaeyja 13. janúar 1987 af fulltrúa bæjarfógeta, og í því þinghaldi er tekin skýrsla af ákærða X. Ákærði Jens kom þá einnig fyrir dóminn. Málið kom næst fyrir í sakadómi 26. nóvember 1987, er dómari sá, er mál þetta dæmir, hafði tekið við málinu, og var það þá sameinað öðrum ákærumálum á hendur ákærða Jens, er lágu ódæmd hjá embættinu.

Sök í máli þessu telst fyrnd. Fyrning var að vísu rofin, er málið sætti dómsrannsókn 29. september 1984. Ekki verður hins vegar hjá því komist að líta svo á, að rannsókn hafi verið hætt um óákveðinn tíma í skilningi 5. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940 þar á eftir, enda komu ákærðu ekki næst fyrir dóm fyrr en tveimur árum og rúmum þremur mánuðum síðar, eða, eins og að framan greinir, 13. janúar 1987. Málið var þá fyrnt, enda ekkert komið fram í því, sem bendir til þess, að hinn óhæfilegi dráttur, sem verður á rannsókn málsins fyrir dómi eftir 29. september 1984, stafi af því, að ákærðu hafi komið sér undan rannsókn, en sök samkvæmt broti þessu fyrnist á tveimur árum, sbr. 80. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 1. tl. 81. gr. sömu laga, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 20/1981, enda liggur ekki þyngri refsing við brotinu en eins árs fangelsi skv. 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, og refsing ákærða X hefði ekki farið fram úr sektum.

Fram lögð skaðabótakrafa frá Jóni Björgvini Sigurðssyni kemur ekki til álita í málinu, enda var hún afturkölluð með bréfi, dagsettu 20. febrúar 1987, og ákæruvaldið hefur fallið frá kröfum um greiðslu skaðabóta, eins og að framan greinir.

II. liður.

Föstudaginn 29. mars 1985 hóf ákærði Jens áfengisneyslu um miðjan dag. Um klukkan 21 þá um kvöldið fór ákærði á veitingastaðinn Gestgjafann hér í bæ og var þá orðinn verulega ölvaður. Laust fyrir miðnætti kom ákærði að borði, þar sem vitnið Friðrik Stefánsson sat ásamt fleira fólki. Ákærði gerði sig líklegan til að taka auðan stól, sem var við borðið, en vitnið Friðrik hélt í stólinn og sagði, að hann væri frátekinn, þar sem sá, er setið hefði í stólnum, væri að versla við veitingaborðið. Toguðust nú vitnið og ákærði á um stólinn, en skyndilega sleppti ákærði tökum á stólnum og veitti í sömu andrá vitninu þungt högg í andlitið með höfði sínu. Sló ákærði síðan áðurnefndan Friðrik mörg högg í höfuðið með krepptum hnefa, en

vitnið reyndi árangurslaust að skýla sér fyrir höggunum með því að halda höndunum fyrir andlitinu. Ákærði var handtekinn, en vitnið fór á Sjúkrahús Vestmannaeyja, og var þar gert að sárum þess.

Er lögregla handtók ákærða, kannaðist hann ekki við að hafa slegið neinn mann á veitingastaðnum. Er rannsóknardómari tók skýrslu af ákærða fyrir dómi daginn eftir umræddan atburð, þ.e. 30. mars 1985, kvaðst hann ekki muna eftir að hafa lent þar í átökum, en sagði, að úr því að hann hefði verið færður á lögreglustöð, hlyti það að hafa verið af einhverju tilefni. Hann kvaðst hvorki geta neitað því né játað að hafa slegið mann þarna innan dyra, en sagði sem svo, að úr því að hann hefði verið færður í fangageymslu, væri mjög líklegt, að svo væri. Ákærði rengdi ekki staðhæfingar, er hafðar eru eftir árásarþola í frumskýrslu málsins, og hann gerði engar athugasemdir við áverkavottorð, er frammi lá í málinu. Í lok þinghaldsins er bókað: „Kærði endurtekur, að hann þræti ekki fyrir að hafa verið þarna að verki, en hann muni ekki, hvað gerðist," Ákærði hefur ekki tjáð sig frekar um málavöxtu við síðari yfirheyrslu fyrri dómi, en í þinghaldi 25. nóvember sl., er ákærða var kynntur framburður árásarþola, vitnisins Friðriks Stefánssonar, í málinu, kvaðst hann ekkert hafa að segja, hann gæti ekki mótmælt þessu, þetta hlyti að vera rétt.

Vitnið Friðrik Stefánsson, 23 ára sjómaður, gaf skýrslu fyrir dómi 30. mars 1985. Það kvaðst hafa fengið sð setjast við borð hjá tveimur stúlkum. Er vitnið var nýsest við borðið, kvað það ákærða hafa komið aðvífandi og ætlað að taka stólinn.

Vitnið Eygló Eiríksdóttir, er sat við umrætt borð ásamt vinkonu sinni, Fanneyju Kristjánsdóttur, hefur fyrir dómi staðfest skýrslu þá, sem það gaf hjá rannsóknarlögreglumanni 3. apríl 1985. Vitnið kvaðst hafa gefið árásarþola, Friðriki, heimild til að setjast við borðið hjá þeim. Það kvað ákærða hafa komið nokkru seinna að borðinu og ætlað að taka umræddan stól, en Friðrik sagt honum, að hann væri að gæta stólsins. Ætlaðri líkamsárás lýsir vitnið með þessum hætti: „Jens brást hinn versti við, stangaði Friðrik í ennið, þar sem Friðrik sat í stól sínum. Síðan sló hann Friðrik í andlitið með hnefanum, en Friðrik beygði sig niður og setti hendurnar fyrir sig, en þá tók Jens annarri hendi undir höku Friðriks og lyfti höfði hans, en sló hann síðan mörg högg í andlitið." Vitnið kvað ákærða nú hafa farið frá borðinu með stólinn, en vitnið reyndi að hlúa að Friðriki, sem var blóðugur eftir komu ákærða að borðinu.

Vitnið Fanney Kristjánsdóttir hefur sömuleiðis fyrir dómi staðfest skýrslu þá, sem það gaf rannsóknarlögreglumanni 3. apríl 1985. Vitnið tók fram, að árásarþoli, Friðrik, hefði ekki svarað í sömu mynt, er ákærði réðst á hann, og sagði, að sér hefði blöskrað, hversu hrottaleg árás ákærða var.

Framburður vitnanna Berglindar Gylfadóttur og Þórleifar Guðmunds-

dóttur, er sáu umræddan atburð, voru samhljóða framburði vitnanna Eyglóar og Fanneyjar, en vitnin Berglind og Þórleif gáfu skýrslu hjá rannsóknarlögreglumanni í aprílmánuði 1985.

Meðal málskjala er svohljóðandi áverkavottorð, undirritað af Boga Jónssyni heilsugæslulækni:

„Hinn 29.3.1985 kl. 23.10 kemur sjúkl. á sjúkrahús, eftir að hann hafði hlotið áverka á Skansinum þá um kvöldið.

Lýsing áverka:

0,7 cm skurður ofan á nefi fyrir miðju, saumaður með tveimur sporum. Einnig mjög bólginn á nefi og mjög aumur þar yfir. Nef er skakkt til vinstri. Auk þess er 0,5 cm skurður á neðri vör, grunnur, vinstra megin. Hann er ekki saumaður. Vör er bólgin. Auk þess kemur fram mar neðan við hægra auga, ca. 2x3 cm að stærð. Daginn eftir tekin röntgenmynd af nefi, sem sýnir brot á nefbeini. Svoleiðis opið beinbrot. Fer í nefaðgerð 3/4. Einnig kvartaði sjúklingur undan verkjum frá hægri kjálka, og var fengin röntgenmynd af því, sem sýndi engin brot. Hefur hann því marist á hægri neðri kjálka."

Óskar Jónsson, læknir á Heilsugæslustöð Sauðárkróks, skoðaði vitnið Friðrik Stefánsson einu og hálfu ári eftir umræddan atburð og gaf síðan út læknisvottorð, er fylgir málskjölum og er svohljóðandi:

„Friðrik Stefánsson, f. 30.7.62, Hólmagrund 14, Sauðárkróki, kemur til skoðunar hjá undirrituðum 1. október 1986. Friðrik kveðst hafa nefbrotnað fyrir um ári, og eftir það líti nefið öðruvísi út en áður.

Þá kveðst Friðrik oft vera með stíflur í nefi eftir þennan áverka.

Við skoðun á nefi er aðeins aukin fyrirferð til hægri á hægra nefbeini, og fremst á vinstra nefbeini finnst fyrir hörðum hnúð, sem mælist 3x4 mm.

Að sögn Friðriks var fyrirferðin við hægra nefbein og hnúðurinn fremst á vinstra nefbeini ekki til fyrir áverkann.

Gert að beiðni Friðriks Stefánssonar 1. október 1986."

Með framburði vitnanna Eyglóar Eiríksdóttur og Fanneyjar Kristjánsdóttur hjá lögreglu og fyrir dómi, sem er samhljóða framburði vitnisins Friðriks Stefánssonar fyrir dómi, en þeim framburði hefur ákærði ekki mótmælt og talið vera réttan, svo og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins telst nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás með því að hafa föstudagskvöldið 29. mars 1985 á veitingastaðnum Gestgjafanum, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, ráðist á Friðrik Stefánsson, fæddan 30. júlí 1962, eins og nánar er lýst í II. lið ákæru ríkissaksóknara frá 19. febrúar 1986, en þar er hegðun ákærða réttilega lýst og hún færð til réttra refsilagaákvæða.

Meðal málskjala er skaðabótakrafa frá árásarþola, Friðriki Stefánssyni, en þar sem skaðabótakrafan mun hafa verið greidd af ákærða og aftur-

kölluð, sbr. bréf, dagsett 23. febrúar 1987, kemur hún ekki frekar til álita í máli þessu, en ákæruvaldið hefur fallið frá kröfu um greiðslu skaðabóta vegna þessa ákæruliðar, eins og að framan greinir.

B.

Ákæra, út gefin 7. apríl 1986.

Laust eftir klukkan tvö aðfaranótt laugardags 2. febrúar 1985 voru tveir ungir menn, þeir Björn Sverrisson og Friðrik Stefánsson frá Sauðárkróki, skipverjar á ms. Katrínu, VE, að koma af dansleik og voru á leið til dvalarstaðar síns, verbúða Vinnslustöðvar Vestmannaeyja. Á leið sinni staðnæmdust þeir við nætursöluna Eyjataxa við Strandveg og stóðu þar í biðröð og biðu eftir afgreiðslu. Bar þá þar að ákærða Jens Karl, og ruddist hann fram fyrir þá félaga og hafði um leið á orði, að hann væri næstur. Er áðurnefndur Björn sagði honum að taka það rólega, brást hann hinn versti við, hrinti eða sparkaði honum úr röðinni og sló síðan með hnefa sínum framan í andlit Birni, en við það brotnuðu í Birni tvær framtennur. Er ákærði sá, hvernig komið var með Björn, hætti hann barsmíðum og kom sér undan, áður en lögregla kom á staðinn.

Vitnið Friðrik Stefánsson skýrir þannig frá háttsemi ákærða í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglumanni 5. febrúar 1985:

.....„en svo kom þarna strákur, sem mætti veit, að kallaður er Jenni, og sneri hann sér að Birni og hrinti honum frá, og er Björn sagði eitthvað við hann, rauk þessi Jenni á Björn, hrinti honum í götuna og sló hann, en síðan, er Björn stóð upp, sparkaði Jenni í hann, enda sló hann Björn þrisvar þannig, að Björn féll þrisvar í götuna.“ Vitnið kvað Björn nú hafa öskrað upp: „Þú hefur brotið í mér tennurnar“ og ákærði Jens þá hlaupið í burtu. Framangreindan framburð hefur vitnið staðfest fyrir dómi.

Árásarþoli, vitnið Björn Sverrisson, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglumanni 5. febrúar 1985 og staðfesti síðar framburð sinn fyrir dómi. Vitnið kvað þá félaga hafa verið allsgáða í umrætt sinn.

Fjórum dögum eftir hinn tilgreinda atburð, 6. febrúar 1985, tekur rannsóknarlögreglumaður skýrslu af ákærða. Ákærði viðurkenndi að hafa áðurgreindan dag slegið Björn Sverrisson fyrir utan afgreiðsluop Eyjataxa. Hann kvaðst hins vegar ekki treysta sér til að segja til um frekari málavöxtu, þar sem hann hefði verið mjög ölvaður í umrætt sinn. Hann kvaðst hafa átt erindi að söluopinu, þar sem hann hefði ætlað að panta sér leigubifreið.

Ákærði gaf síðan skýrslu fyrir dómi 9. júlí 1987. Þá kom ákærði fyrir dóm 25. nóvember sl. og viðurkenndi þá afdráttarlaust brot sitt og sagði vitnin Björn og Friðrik greina rétt frá málavöxtum í framburði sínum.

Með framburði vitnanna, Friðriks Stefánssonar og Björns Sverrissonar,

og eigin játningu ákærða sjálfs telst sannað, að ákærði Jens K. M. Jóhannesson hafi gerst sekur um líkamsárás með því að hafa aðfaranótt 2. febrúar 1985 við verslunina Eyjataxa, Strandvegi 75, Vestmannaeyjum, ráðist á Björn Sverrisson, fæddan 1. febrúar 1961, og slegið hann hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum, að tvær framtennur brotnuðu, en þannig er háttsemi ákærða réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og hún þar réttilega heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Árásarþoli, Björn Sverrisson, setti fram í málinu skaðabótakröfu á hendur ákærða, en þar sem ákærði mun hafa árið 1987 (sbr. ódagsett bréf lögmanns Björns, er lagt var fram í sakadómi 9. júlí 1987) gert fullnaðarskil á greiðslu bóta, þá kemur skaðabótakrafan ekki til álita í máli þessu. Ákæruvaldið hefur einnig fallið frá kröfu um skaðabótagreiðslu í málinu, eins og að framan greinir.

C.

Ákæra, út gefin 9. ágúst 1988.

Í byrjun janúar sl. var 29 ára stúlka, A, búsett í Reykjavík, gestkomandi hjá ættingjum í Vestmannaeyjum. Fimmtudagskvöldið 7. janúar sl. fór hún á skemmtistað ásamt systur sinni, B. Einhvers áfengis neyttu þær á skemmtistaðnum, en héldu þaðan út um klukkan eitt um nóttina. Á heimleið hittu þær þrjá pilta, sem buðu að aka þeim heim, og þágu þær það. Piltarnir sögðu nú, að þeir væru á leið í samkvæmi á heimili ákærða, og spurðu, hvort þær vildu ekki koma með. Þær þágu það. Ákærði, sem býr í kjallaraíbúð að Ásavegi 30, Vestmannaeyjum, tók á móti þeim við komu í húsið og hleypti þeim inn. Auk ákærða, sem þá var 22 ára, voru þar saman komin nokkur ungmenni. Fólk var almennt ölvað. Stúlkan A þekkti þar einungis eina stúlku, og ekki þekkti hún ákærða eða hann hana. Stúlkan A fór úr kápunni og lagði hana frá sér inni í stofu. Er hér var komið sögu, var klukkan um hálftvö að nóttu. Ákærði virðist fljótlega hafa rennt hýru auga til stúlkunnar A, og þau fóru saman inn í svefnherbergi. Ekki ber þeim saman um, með hvaða hætti það hafi gerst. Ákærði sýndi henni þar blíðuhót, en hún segist hafa tekið því fálega, og ekki dvöldust þau þar lengi saman, u.þ.b. 15 mínútur, að því er stúlkan telur. Ekki voru nein vitni að þessum fyrstu samskiptum ákærða og stúlkunnar, og heldur hún nú út úr húsinu og fer í bifreið með piltum, sem eru að afla vínfanga til að fara með í samkvæmið. Ekki tekst piltunum að afla vínfanganna, en A sér systur sína í annarri bifreið og spyr hana, hvort hún hafi tekið kápu hennar. Systirin B svarar því neitandi. Er nú ekið aftur heim til ákærða, og kveðst A hafa ætlað að ná í þann fatnað sér tilheyrandi, er eftir varð í húsinu. Er þangað kemur, virðist stúlkunni sem fólkið sé að

fara þaðan, og kveðst hún ekki hafa ætlað að stansa þar neitt, aðeins ætlað að ná í kápu sína og trefil, en klukkan mun hafa verið orðin um tvö um nóttina, er þetta var. Ákærði leggur hart að stúlkunni að koma með sér inn í sama herbergi og áður getur, en hún er ekki fús til þess. Hún segist hafa kallað til pilta þeirra, er óku henni, að hún myndi koma með þeim, en annaðhvort hafi verið, að þeir hafi ekki heyrt til hennar, eða hitt sé, sem hún hafi fengið hugboð um, að þeir hafi verið hræddir við ákærða og því ekki ansað sér. Piltarnir fara, og stúlkan verður ekki vör við annað fólk í íbúðinni.

Ákærði og stúlkan A eru ein til frásagnar um, hvað gerðist í hjónaherberginu, er hér er komið sögu. Vegna hugsanlegra vafaatriða verður framburður ákærða lagður til grundvallar, er málavöxtum verður hér lýst.

Ákærði fer nú með stúlkuna inn í herbergið, og þau setjast á hjónarúm, sem þar er. Hann ýtir henni síðan niður og leggst við hlið henni, en hún vill fara, en hann biður hana að bíða. Stúlkan var með brjósthöld, klædd undirfatnaði, rúllukragabol og peysu, gallabuxum, háum íþróttasokkum og var í leðurstígvélum. Ákærði þuklar nú stúlkuna innan klæða, en hún bregst illa við. Hann segir við hana, að sig langi að gera það með henni, en hún segist engan áhuga hafa á því. Stúlkan gerir sig líklega til að fara, en ákærði varnar henni brottfarar með því að leggja hana aftur niður og leggst síðan ofan á hana. Stúlkan biður ákærða að hætta og segir, að hann muni sjá eftir þessu, en hann kveður svo ekki vera. Ákærði reynir nú að afklæða stúlkuna gegn vilja hennar. Hann byrjar á því að hneppa buxurnar frá, og þótt hún brjótist um, tekst honum smám saman að draga buxurnar niður að leðurstígvélunum. Því næst tekur ákærði til við að taka skófatnað hennar af henni. Hann sest klofvega ofan á hana og teygir báðar hendur sínar aftur fyrir sig og tekst þannig að klæða hana úr öðrum skónum, en áður hafði hann sett báðar hendur hennar undir hana sjálfa. Henni tekst að losa sig og sparkar í hann, og snýr hann sér þá við, svo að hann sneri nú baki í hana, þar sem hann situr klofvega á henni. Ákærði njörvar hendur hennar fast niður með því að setjast ofan á þær, og getur hún þá sig hvergi hreyft. Hann tekur nú hinn skóinn af henni. Ákærði reynir að klæða hana alveg úr galla- og nærbuxum, en það tekst ekki. Hún segir við hann, að hún þurfi að kasta af sér þvagi, en þar sem ákærði heldur, að hún sé að skrökva, segir hann við hana, að hún geti þá bara pissað í rúmið. Hún endurtekur í sífellu, að hún þurfi að pissa, en ákærði synjar henni jafnharðan um það og segir, að sig langi til að gera það með henni. Hún segir þá við hann, að hann megi gera það með sér, ef hann leyfi henni að fara á klósettið. Hún segir við hann, að þegar hún sé búin að pissa, séu kynfærin þrengri og samfarir gangi þá betur. Ákærði segir síðan við hana: „Allt í lagi, fyrst þú lofar mér að gera það.“ Ákærði spyr hana, hvort hann

megi fara með henni á salernið, en hún neitar því. Hann leyfir henni að fara, en er áður búinn að taka af henni loforð um, að hún hlaupist ekki á brott. Hún fer inn á salerni, og hann fylgir henni eftir. Hún biður hann að bíða frammi, en ákærði verður ekki við því og snýr sér undan. Hún kastar af sér vatni og segir, að sig vanti salernispappír. Ákærði spyr hana, hvort hann sé ekki á staðnum, en hún segir það ekki vera. Hann skýst fram og nær í eldhúsrúllu og réttir henni, en snýr sér síðan aftur undan. Hann spyr hana, hvort hún sé ekki að koma, en hún biður hann að bíða. Hún neitar að koma með honum, og dregur þá ákærði hana inn í svefnherbergið. Hann setur hana á hjónarúmið og sest síðan klofvega ofan á hana. Ákærði heldur höndum hennar föstum og losar síðan um buxnastreng á buxum hennar og lyftir upp bol hennar og peysu og brjósthöldum, en fer síðan í aðra stellingu og sleikir geirvörtur og brjóst hennar. Hann sest nú á hnén og togar buxur hennar niður og tekst það þrátt fyrir mótspyrnu hennar. Ákærði beygir fætur hennar upp að brjóstunum og setur fingurna í kynfæri hennar, en hún reynir árangurslaust að koma í veg fyrir það. Hún biður hann að hætta, en hann er orðinn æstur og heldur ótrauður áfram. Vegna mótspyrnu hennar reynist honum erfitt að klæða hana úr buxunum, en honum tekst það að lokum. Ákærði byrjar nú að sleikja á henni kynfærin og yfirvinnur mótstöðu hennar með því að halda höndum hennar föstum, en henni tekst fljótlega að losa sig og velta sér yfir á magann, en þá leggst hann ofan á hana og glennir út fætur hennar. Ákærði stingur tveimur fingrum í kynfæri hennar, og þar hreyfir hann þá fram og aftur. Hann stingur einnig litla fingri sínum í afturenda hennar og fer síðan höndum um getnaðarlim sinn og fær hann stífan og stingur honum síðan á kaf í kynfæri hennar, en áður hafði hann komið henni þannig fyrir, að hún lá á hnjánum með höfuðið þétt við rúmflötinn, en ákærði hélt utan um mitti hennar. Ákærða virðist sem hún nú vilji, að hann haldi áfram. Skyndilega snýr hún sér við og gerir sig líklega til að standa upp úr rúminu, en ákærði togar hana niður til sín aftur. Hann leggst nú ofan á hana og með fótum sínum glennir hann út fætur hennar, en stingur síðan getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar. Hún segir honum, að hún sé ekki á getnaðarvörnum og sé einnig með alnæmissjúkdóm (Aids), því að hún hefði nýverið fengið úrskurð um það, en á meðan hefur ákærði við hana samfarir. Ekki er upplýst, hversu lengi samfarir stóðu yfir, en áður en ákærða varð sáðlát, tók hann getnaðarlim sinn úr kynfærum hennar og lét sæðið renna yfir læri hennar og kynfæri.

Stúlkan A telur, að klukkan hafi verið tæplega fimm að nóttu, er hér var komið sögu. Ákærði vildi, að stúlkan tæki föggur sínar og færi, en hún var ósátt við framferði ákærða, og kom til orðaskipta á milli þeirra. Er ákærði hafði komið stúlkunni út úr íbúðinni, grýtti hún húsið og hafði

í hótunum um að kæra ákærða. Enduðu samskipti stúlkunnar og ákærða þannig, að ákærði fylgdi stúlkunni til síns heima, en hafði áður vakið vitnin D og E, er lagst höfðu til hvílu í íbúðinni í næsta herbergi við hjónaherbergið, þar sem ákærði kom fram vilja sínum við stúlkuna. Stúlkan A leitaði til læknis klukkan þrjú síðdegis næsta dag, og skoðaði hann stúlkuna og gaf út vottorð um skoðun sína og afhenti stúlkunni, en áður hafði hún átt símasamband við lögreglumann, vitnið Ásgeir Lýðsson. Stúlkan A lagði hins vegar ekki fram formlega kæru til rannsóknarlögreglunnar í Vestmannaeyjum fyrr en fjórum dögum eftir tilgreindan atburð, 12. janúar sl.

Í vottorði læknis, er skoðaði stúlkuna, kemur þetta fram: „Sjúklingur leitaði til vakthafandi læknis, undirritaðs, föstudaginn 8.1.1988, vildi fá áverkavottorð vegna nauðgunarákæru (sic). Kvaðst hún hafa orðið fyrir nauðgun á tímabilinu 2.00-5.00 aðfaranótt komudags. Var í miklu uppnámi við komu og gaf óljósa sögu. Var snyrtilega til fara, í heillegum og hreinlegum fötum. Átti erfitt með að komast að efninu, en eftir nokkurt spjall kom þó tilefni komunnar fram. Mátti skilja á henni, að hún hefði verið í heimahúsi hjá kunningjafólki. Er verknaðurinn var framinn, kveðst hún hafa verið ein með þeim, er hann framdi. Hafði hann klætt hana úr fötunum og haldið um úlnliði hennar og hendur. Kvaðst hún vera í sömu fötum við skoðun og er verknaðurinn hófst, benti á teygðan nærbol sem merki um átök. Við nauðgunina kveður hún nauðgarann hafa komið getnaðarlim sínum inn í fæðingarveg hennar, en var ekki viss, hvort hann hefði fengið sáðlos í líkama hennar eða utan á. Hafði hann reynt samfarir í endaþarm og troðið fingri inn í endaþarmsop.

Við skoðun kvaðst hún vera í sömu fötum og er verknaðurinn hófst. Var nærbolur hennar teygður, en ekki að sjá nein skemmdarmerki á fötum. Ekki var heldur að sjá á þeim neina sæðisbletti.

Við líkamsskoðun á henni sjálfri koma fram:

1. marblettur á hægra handarbaki,
2. marblettur á vinstra handlegg aftan til, rétt við olnboga.

Skýrði hún þessa marbletti með því, að sá, er framdi verknaðinn, hefði haldið henni þar.

3. Hún var hrufluð á hægra hné og talsvert marin og kvað það vera eftir átökin.

Önnur áverkamerki fundust ekki. Kvaðst hún vera mjög aum í kringum fæðingarveg og endaþarmsop eftir fingur og getnaðarlim mannsins. Ekki fundust nein sár í fæðingarvegi eða kringum fæðingarveg og endaþarmsop. Þar var ekki heldur um marbletti eða sýnilegan þrota að ræða. Þar sem ekki fundust nein sýnileg merki um sæði í fötum konunnar eða líkamshárum, voru tekin fimm strok úr fæðingarvegi og leghálsi auk tveggja stroka

úr endaþarmsopi. Voru strokin bleytt upp í 0,9% natríumklóríð. Fannst ekkert af sæðisfrumum í þeim."

Málið sætti síðan ýtarlegri rannsókn rannsóknarlögreglunnar í Vestmannaeyjum, og að þeirri rannsókn lokinni sendi bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum málið ríkissaksóknara til fyrirsagnar með bréfi, dags. 28. janúar sl. Ríkissaksóknari gaf síðan út ákæru í málinu 9. ágúst sl., og var málið þingfest í sakadómi Vestmannaeyja 25. nóvember sl., og fór þá fram í málinu aðalrannsókn fyrir dómi, en munnlegur málflutningur fór fram 5. desember sl., eins og að framan greinir. Með úrskurði, upp kveðnum 15. janúar sl., var ákærða í þágu rannsóknar málsins gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 25. janúar 1988. Ákærði kærði þann úrskurð til Hæstaréttar, en hann var þar staðfestur. Á meðan á rannsókn málsins stóð, sat ákærði síðan í gæsluvarðhaldi í sex daga, frá 15. janúar til 21. janúar að báðum dögum meðtöldum.

Ákærði og stúlkan A hafa komið fyrir dóminn og gefið þar skýrslu svo og fjöldi vitna, sem flest höfðu áður gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Verður framburður rakinn eins og efni standa til.

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson gaf tvisvar skýrslu fyrir dómi. Við aðalrannsókn málsins fyrir dóminum 25. nóvember sl. var ákærði spurður, hvort hann með tilvísun til þeirra skýrslna, sem hann hefði gefið hjá rannsóknarlögreglu 13., 20. og 21. janúar sl. og fyrir dómi 14. janúar sl., viðurkenndi brot það, sem hér væri til rannsóknar og í ákæru væri tilgreint. Ákærði kvað svo vera. Hins vegar kannaðist hann ekki við að hafa beitt stúlkuna A ofbeldi eða þess háttar, og í öllum tilfellum hafi hún komið sjálfviljug inn í herbergið til hans. Um einstök atriði málsins vísaði ákærði til skýrslna þeirra, sem hann hefði gefið hjá rannsóknarlögreglumanni og fyrir dómi 14. janúar sl., en þær skýrslur kvað hann vera réttar. Hann kvaðst ekki bera á móti því, að brotaþoli hefði þrásinnis barist á móti því, að hann fengi vilja sínum framgengt, þ.e., að hann hefði við hana samfarir, og sömuleiðis viðurkenndi hann, að hann hefði þurft að beita hana líkamlegu valdi til þess að fá framgengt vilja sínum. Hann kvaðst í því sambandi einnig viðurkenna að hafa neytt mikils aflsmunar og vera miklu sterkari en brotaþoli. Þá viðurkenndi ákærði, að sér hefði tekist að halda henni þannig, að hún hefði ekki getað hreyft sig. Hann kvaðst þrátt fyrir þetta ekki hafa gert sér ljóst, að hún vildi ekki hafa við sig samfarir, og þótt hann gæti ekki tilgreint einstök atriði, er styddu mál sitt, hefði sér fundist á framkomu hennar í samkvæminu, að hún væri tilkippileg þarna, eins og ákærði orðaði það. Er ákærði var þá spurður, hvort hún hefði sýnt honum blíðuhót, kvað hann svo vera, og margspurður, á hvern hátt það hefði komið fram, kvaðst hann ekki geta skýrt það nánar, en ítrekaði, að sér hefði bara fundist hún tilkippileg. Ákærði viðurkenndi,

að sér hefði tekist að hafa samfarir við brotaþola, sér hefði tekist að stinga getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar og samræðishreyfingar hefðu orðið. Er ákærði var spurður, hvenær hann hefði verið ákveðinn í að hafa samfarir við brotaþola, kvaðst hann telja, að sá ásetningur hefði strax vaknað, er þau, eins og að framan er lýst, áttust við í herberginu, áður en stúlkan gekk til salernis. Ákærði sagði það skoðun sína, að stúlkunni hefði verið í lófa lagið að kalla á hjálp, því að hann hefði einungis einu sinni haldið fyrir munn henni, þ.e. þegar vitnið D hefði komið inn í herbergið til að sækja sæng. Ákærði sagði, að vel gæti verið, að áverkar þeir, sem fram kæmu á áverkavottorði stúlkunnar, væru eftir sig, en hann þyrði bara ekki um það að segja.

Brotaþoli, stúlkan A, sagði fyrir dómi, að hún hefði aldrei farið sjálfviljug inn í herbergið til ákærða. Vitnið sagði, að ákærði hefði ýtt sér inn í herbergið. Hið eina, sem það hafi getað gert, hafi verið að tala við hann og biðja hann að hætta þessu og láta ekki eins og bjáni, eins og vitnið orðaði það. Í almennum orðum lýsti vitnið því, hvernig ákærði hefði beitt það líkamlegu valdi til að fá fram vilja sinn. Brotaþoli sagði, að ákærði hefði aðallega haldið sér, beygt sig á alla kanta og sagt: „Svona og svona og alla vega," og hvort ég vildi gera þetta svona, „og heldurðu, að þetta væri ekki gott svona." Vitnið sagði, að það hefði reynt að bíta ákærða og klóra hann. Það kvaðst hafa bitið ákærða í axlirnar og víðar, en það hafi verið sárt fyrir sig, þar sem það hafi verið með spangir. Það hafi verið í leðurstígvélum og náð að sparka í bakið á honum, og þá hafi hann farið að hlæja og sett hendur þess undir líkama vitnisins, sest klofvega yfir vitnið og snúið baki í það og tekið vitnið úr stígvélunum, en alls ekki baráttulaust, það hafi beitt öllum kröftum á móti, en ákærði notað hin mestu fantabrögð og oft og tíðum meitt vitnið. Í framburði vitnisins kom fram, að það hefði reynt af mætti að berjast á móti því, að ákærði næði fram vilja sínum, með því að beita eigin afli, sem ekki hefði gagnað gegn kröftum ákærða. Í þeim viðskiptum þeirra hefði ákærði haft tögl og hagldir. Það kvaðst enn fremur hafa reynt að kalla, en án árangurs. Þá hafi það reynt að tala um fyrir ákærða, m.a. sagst ekki vera á getnaðarvörnum, og það hafi sagt við ákærða, að það hefði engan áhuga á því að hafa við ákærða samfarir, en því hafi á engan hátt tekist að tala um fyrir ákærða. Ástæðan til, að það hafi reynt að fá ákærða til að samþykkja, að það fengi að fara á salerni, hafi verið sú, að þá hefði það kannski möguleika á að hlaupa í burt. Vitnið sagði, að sú von hefði hins vegar brugðist, því að ákærði hefði haldið í vitnið, á meðan það gekk inn á salernið, síðan staðið yfir því og að lokum hrint því inn í herbergið aftur. Vitnið sagðist ekki hafa haft hugmynd um það, að fólk væri í íbúðinni, þ.e., að stúlka og piltur væru í næsta herbergi, og það kvaðst ekki hafa orðið vart við, að maður kæmi

inn í herbergið til þeirra og sækti þangað ábreiðu eða sæng, en það tók fram, að ákærði hefði haldið fyrir munninn á því. Vitnið neitaði því algjörlega, að það hefði nokkurn tíma gefið ákærða tilefni til að hafa við sig samfarir, heldur reynt allt, sem það gat, til að fá ákærða til að hætta. Vitnið sagði, að eftir að ákærði hafði náð fram vilja sínum, hefði hann farið út úr herberginu. Vitnið sagði, að það hefði þá þurrkað sæðið, sem hefði verið á lærinu, í lakið, klætt sig í fötin og farið út úr svefnherberginu. Ákærði hefði verið hranalegur og nánast hent vitninu út úr íbúðinni. Vitnið kvaðst hafa verið mjög reitt út í ákærða og grýtt steinum í húsið, en ákærði þá komið og beðið það að hætta, þar sem hann ætti ekki húsið. Vitnið sagði, að það hefði fundið, að ákærði hræddist það mjög, er það nefndi, að það ætlaði að kæra hann. Í framburði vitnisins kom fram, að samskipti vitnisins við ákærða enduðu þannig, að ákærði fylgdi vitninu heim til systur vitnisins, og áður en vitnið hafi farið þar inn, hafi hann beðið það að kæra hann ekki, og lagt á það þunga áherslu. Vitnið skýrði þannig ástæðuna til þess, að það lagði ekki fram formlega kæru á hendur ákærða fyrr en fjórum dögum eftir umræddan atburð, að það hefði verið hikandi. Það hefði gert sér grein fyrir þeim óþægindum, sem af því kynnu að hljótast fyrir það, og það hefði fundið til smánar. Vitnið sagði, að atburður þessi hefði haft slæm áhrif á andlega líðan sína, sem hefði brotist fram í þunglyndi og geðvonskuköstum, sem bitnað hefðu á fjölskyldu vitnisins, en vitnið er einstæð móðir með tvö börn á framfæri.

Vitnið D sagði, að þegar það hefði komið inn í herbergið, þar sem stúlkan og ákærði voru, hefði verið myrkur í herberginu. Ákærði hefði legið að hluta til ofan á stúlkunni og lagt höndina yfir hana. Vitnið kvað þau hafa verið í öllum fötum, og það sá ekki í andlit stúlkunnar. Vitnið minntist þess, að síðar um nóttina hefði það heyrt hávaða frá herbergi þeirra, stúlkan hefði verið að hrópa. Það kvaðst ekki hafa séð ástæðu til aðgerða af sinni hálfu, þótt vitnið E, er lá við hlið ákærða, hefði tekið þetta alvarlega. Vitnið staðfesti, að það hefði fylgt nefndri E til síns heima, og hefðu þá ákærði og stúlkan orðið þeim samferða, en flughálka hefði verið á götum úti. Vitnið vissi ekki, hvað ákærða og stúlkunni fór þá á milli.

Vitnið E sagðist hafa heyrt stúlkuna A öskra þrisvar: „Hættu", og sagði vitnið, að því hefði ekki liðið vel að heyra það. Vitnið kvaðst hafa haft það á tilfinningunni, að einhver átök væru á milli ákærða og stúlkunnar, en tekið orð rekkjunautar síns trúanleg, að þetta hlyti áreiðanlega að vera í lagi, og því hefði þetta ekki verið athugað neitt nánar, þótt sjálfsagt hefði verið ástæða til þess að mati vitnisins. Vitnið sagði, að því hefði fundist stúlkan A fámál, en róleg, er vitnið sá hana síðar um nóttina.

Vitnið B, systir stúlkunnar A, var vakandi, er systir hennar kom heim til vitnisins um nóttina. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt komu systur sinnar

neina athygli, það kvaðst hafa verið með hugann við allt annað. Vitnið sagði, að það hefði ekki verið fyrr en um nónbil síðar þann sama dag, að systir vitnisins, stúlkan A, spurði vitnið, hvað það myndi gera, ef það hefði orðið fyrir því að vera nauðgað. Vitnið kvaðst hafa svarað því til, að það myndi fara til læknis. Þá kvað vitnið systur sína hafa fylgt fyrri spurningu eftir með annarri spurningu, því að hún hafi nú spurt: „Mundir þú kæra?“ Vitnið kvaðst ekki hafa svarað spurningunni afdráttarlaust, en sagt, að það færi eftir ýmsu. Vitnið kvað systur sína þá hafa spurt: „En veistu, hvað gerðist?“ Vitnið kvaðst að sjálfsögðu hafa svarað spurningunni neitandi, og þá kvað það systur sína ekki hafa komist hjá því að segja, hvað gerst hefði. Vitnið kvaðst hafa ítrekað, að það myndi fara beinustu leið upp á spítala, og bætti því við, að það vildi ekki verða fyrir því að verða ólétt undir slíkum kringumstæðum. Vitnið kvaðst í framhaldi af þessu hafa ekið systur sinni á spítalann og skilið hana þar eftir. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað, hvert framhald systir sín hefði haft í máli þessu, hvort hún eða hvenær hún kærði, en hitt hafi verið, að hún hafi mikið brotið heilann um þetta næstu daga og borið sig þá gjarnan upp við vitnið, en vitnið kvaðst lítið hafa getað liðsinnt systur sinni í þessu sambandi vegna ókunnugleika um það, hvernig með þessi mál væri farið. Vitnið kvaðst hafa lagt til við systur sína, að hún leitaði eftir því hjá ákærða, að hann í þessu sambandi veitti henni fjárhagsstyrk. Ekki vissi vitnið, hvað systir hennar hefði gert í þeim málum eða öðru því, er snerti þetta mál.

Vitnið Ásgeir Lýðsson lögreglumaður kvað konu hafa hringt á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum, þar sem vitnið var á vakt, um hádegisbil föstudaginn 8. janúar, og spurt, hvernig hún ætti að snúa sér í nauðgunarmáli. Vitnið kvað konuna ekki hafa viljað gefa upp neitt nafn eða veita frekari upplýsingar í síma. Vitnið kvað konuna hafa lagt á það áherslu, að þetta færi hljótt, og hefði alls ekki viljað tjá sig um málið í síma að öðru leyti en því, að hún hefði nefnt það, að sér hefði verið nauðgað, án þess að gefa upp stað og stund atburðar eða hver ætti þar hlut að máli.

Vitnið kvaðst hafa bent konunni á, að hún þyrfti að tala við rannsóknarlögreglumann, ef hún ætlaði að gera reka að málinu.

Vitnið Geir Jón Þórisson rannsóknarlögreglumaður sagði, að þegar brotaþoli, stúlkan A, hefði haft samband við vitnið fjórum dögum eftir umræddan atburð, hefði stúlkan verið mjög áfram um það, að enginn sæi hana, er hún kæmi til skýrslutökunnar, og kvaðst vitnið hafa orðið við þeim óskum stúlkunnar og tryggt, að svo mætti verða. Hefði stúlkan komið og gefið skýrslu sína, án þess að nokkur yrði hennar var. Taldi vitnið, að skýringin á því, að stúlkan kærði ekki atburðinn fyrr til lögreglu en raun bar vitni, hafi verið sú hræðsla hennar, að málið yrði þá á allra vörum

í bænum. Vitnið staðfesti þær skýrslur, er það tók í málinu, og gaf skýringar á einstökum atriðum, er snertu rannsókn málsins.

Vitnið Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn staðfesti fyrir dóminum skýrslu þá, er það hafði gert um rannsókn á blettum í laki og koddaveri.

Þá komu einnig fyrir dóminn vitnin F og G, er voru gestkomandi hjá ákærða í umræddri íbúð fyrr um nóttina, og staðfestu vitnin skýrslur, er teknar voru af þeim hjá rannsóknarlögreglumanni, er málið sætti lögreglurannsókn. Einnig kom fyrir dóminn eigandi á efri hæð nefnds húss, Ásavegar 30, Vestmannaeyjum, Eiríkur Ómar Sæland, en vitnið hafði einnig gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglumanni. Vitnið var í svefni, er atburðir þeir gerðust á neðri hæðinni, sem mál þetta er sprottið af, og röskuðu þeir ekki svefnró vitnisins.

Dómari lætur þess getið, að er brotaþoli, A, kom fyrir dóm, var framburður hennar hjá rannsóknarlögreglumanni rækilega prófaður, og reyndist hún staðföst í framburði sínum. Rannsóknarnauðsynjar kröfðust þess hins vegar ekki, að hún ynni eið að framburði sínum, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 74/1974.

Álit dómara.

Af hálfu ákærða hefur sýknukrafa verið rökstudd með því, að ekki geti verið um það að ræða, að ákærða verði dæmd refsing fyrir fullframið nauðgunarbrot samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, þar sem ætlað brot ákærða fullnægi ekki því skilyrði, að um ofbeldi af hálfu ákærða hafi verið að ræða. Enn fremur hafi samfarir ekki farið fram, fyrr en ákærði hafði fengið samþykki stúlkunnar A.

Á framangreindar málsástæður verjanda ákærða verður eigi fallist.

Eins og fram kemur, er málavöxtum var lýst, tekst ákærða að ná fram vilja sínum og hafa við brotaþola, stúlkuna A, samfarir með líkamlegri valdbeitingu, og honum tekst þannig að brjóta á bak aftur mótspyrnu hennar, og liggur fyrir í málinu viðurkenning ákærða á því. Einnig hefur ákærði viðurkennt að hafa neytt mikils aflsmunar og vera miklu sterkari en brotaþoli og sér hafi tekist að halda henni þannig, að hún hafi ekki getað hreyft sig. Er framburður ákærða um líkamlega valdbeitingu hans í þessu sambandi í samræmi við það, sem brotaþoli hefur haldið fram í málinu, og styður framburð hennar um, að áverkar þeir, sem fram komu við líkamsskoðun á henni, séu af völdum ákærða.

Þá fær sú málsástæða, að samþykki brotaþola hafi legið fyrir, er samfarir urðu, fráleitt staðist. Á það ber að líta, að brotaþoli heldur því fram, að hún hafi tekið það til ráða, þegar hvorki líkamlegt afl sitt né fortölur fengu stöðvað ákærða, að fá ákærða til að hleypa sér á salernið í þeim tilgangi að komast hugsanlega undan ákærða. Hann neitar henni um að

fara á salernið og segir, að hún geti bara pissað í rúmið. Það er ekki fyrr en eftir þrábeiðni hennar, sem hann hleypir henni á salernið, en er áður búinn að taka af henni loforð um, að hann megi hafa við hana samfarir, eftir að hún komi þaðan, og hún hlaupist ekki á brott. Hann heldur í hana, á meðan hún er á leið á salernið, og hefur alltaf eftirlit með henni, er þangað er komið. Gegn vilja hennar dregur ákærði síðan brotaþola inn í herbergið aftur og heldur áfram líkamlegri valdbeitingu og tekst þá að klæða hana úr fötunum og hafa við hana samfarir þrátt fyrir kröftuga mótspyrnu hennar, allt eins og að framan er lýst. Ljóst er, að það, sem kallað er samþykki af hálfu ákærða, en gefið við framangreindar aðstæður, hefur ekkert gildi í máli þessu. Með engum hætti gat ákærða dulist, að vilji brotaþola stóð ekki til þess að hafa við hann samfarir.

Brot ákærða fellur undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Háttsemi ákærða í greint sinn fullnægir þeim skilyrðum að ná til allra efnisþátta í verknaðarlýsingu brotsins. Þannig er ljóst, að ákærði þröngvaði brotaþola til holdlegs samræðis og hafði í því sambandi að engu athafnafrelsi og sjálfsákvörðunarrétt hennar. Ekki einungis beitti ákærði brotaþola ofbeldi, heldur var frelsissvipting mikill þáttur í misgerð ákærða.

Um fullframið brot í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga er að ræða, en ákærða tókst með framangreindum hætti að stinga getnaðarlim sínum inn í fæðingarveg stúlkunnar A og hóf síðan samræðishreyfingar.

Tvímælalaust er um ásetningsbrot að ræða.

Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og hún heimfærð til réttra lagaákvæðis, eins og að framan greinir.

III. Ákvörðun refsingar.

Ákærðu eru báðir sakhæfir.

— — —

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson fæddist 26. janúar 1965 í Vestmannaeyjum og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1981 2/8 í Vestmannaeyjum. Sátt: 120 kr. f. brot g. 21. gr. áfl.

1982 í Vestmannaeyjum. Sátt: Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 24.3.1982.

1982 19/10 í Vestmannaeyjum. Sátt: 1.200,00 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 49. gr. og 2. mgr. 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 1 mán. frá 14.8.1982.

1983 12/2 í Vestmannaeyjum. Sátt: 250,00 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

1984 6/12 í Vestmannaeyjum. Sátt: 5.600,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., umfl. Sviptur ökuleyfi 3 mán. frá 6.12.1984.

1985 28/12 í Vestmannaeyjum. Sátt: 800,00 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

Er ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson framdi brot það, sem um getur í II. lið ákæru, út gefinnar 19. febrúar 1986, var hann tæplega tvítugur að aldri og sömuleiðis, er hann framdi brot það, er um getur í ákæru, út gefinni 7. apríl 1986. Ákærði var hins vegar tæplega tuttugu og þriggja ára, er hann framdi hið alvarlega brot, sem um getur í ákæru, út gefinni 9. ágúst 1988. Ákærði hefur greitt þeim, er urðu fyrir líkamsárás hans, fullar skaðabætur. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið, að líkamsárásirnar eru ófyrirleitnar (II. liður ákæru, út g. 19. febr. 1986, og ákæra, út. g. 7. apríl 1986, en ekki kemur I. liður ákæru, út g. 19. febr. 1986, til álita, þar sem sýknað er af því broti, sbr. framanritað) og framdar algjörlega að tilefnislausu, og hið sama á reyndar við um nauðgunarbrotið, sem er að sjálfsögðu sýnu alvarlegast.

Með hliðsjón af öllu þessu og málavöxtum að öðru leyti, sbr. einnig 77. gr. laga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða Jens Karls Magnúsar Jóhannessonar hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði. Ákærði sat í gæsluvarðhaldi á árinu 1985 frá 30. mars til 5. apríl að báðum dögum með töldum og á árinu 1988 frá 15. janúar til 21. janúar að báðum dögum með töldum, samtals 12 daga. Framangreindur gæsluvarðhaldstími skal koma refsivist ákærða til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Í samræmi við 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 140. gr. sömu laga, verður greiðsla sakarkostnaðar ákveðin sem hér segir:

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson greiði 8/9 hluta á móti ríkissjóði, sem skal greiða 1/9 hluta. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Jóns Hjaltasonar hrl., 15.000,00 kr., og saksóknarlaun, 15.000,00 kr., greiðist þó úr ríkissjóði. Málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda ákærða Jens Karls Magnúsar Jóhannessonar, Jóns Hjaltasonar hrl., ákveðast 65.000,00 kr. og saksóknarlaun 55.000,00 kr., en Egill Stephensen, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ríkissaksóknara.

IV. Skaðabætur.

Ásdís J. Rafnar hdl. hefur sett fram bótakröfu f.h. stúlkunnar A á hendur ákærða Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni vegna, eins og segir í bótakröfunni, nauðgunar, líkamsmeiðinga og miska, en upphaf bótakröfunnar er að öðru leyti þannig:

„F.h. A (innskot dómara, gætt nafnleyndar) gerir undirrituð þá kröfu með heimild í 3. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, að Jens Karl M. Jóhannesson verði í máli ákæruvaldsins á hendur honum, sbr. ákæru, dags. 9. ágúst 1988, dæmdur til að greiða umbjóðanda mínum

300.000,00 kr., — krónur þrjú hundruð þúsund, — í bætur fyrir þann miska, sem hann gerði henni með nauðgunarverknaði sínum 8. janúar 1988, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þá er krafist almennra sparisjóðsvaxta á þá fjárhæð frá 8. janúar 1988 til greiðsludags."

Fjárhæð bótakröfunnar er ósundurliðuð, en rækilega rökstudd.

Af hálfu ákærða hefur ekki verið tekin bein afstaða til bótakröfunnar, en eins og málavöxtum er háttað, þykir hæfilegt að taka hana til greina með 250.000,00 krónum, og bera skal hún dráttarvexti í samræmi við 15. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. 10. gr. sömu laga, frá 8. janúar 1988 til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem tók við þremur fyrstu ákærumálunum síðari hluta árs 1987 og nauðgunarþætti málsins 8. september sl., en hafði eigi haft afskipti af málunum fyrir þann tíma, dæmir mál þetta, en málin voru sameinuð, eins og að framan greinir.

Dómsorð:

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson sæti fangelsi 18 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. mars 1985 til 5. apríl s.á. að báðum dögum með töldum og 15. janúar til 21. janúar sl., sömuleiðis að báðum dögum með töldum, samtals 12 daga, skal draga frá refsingu hans.

Ákærði X skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu, og skulu málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hrl., 15.000,00 kr., og saksóknarlaun, 15.000,00 kr., greidd úr ríkissjóði.

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson greiði A 250.000,00 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga nr. 25/1987, frá 8. janúar 1988 til greiðsludags.

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson greiði 8/9 hluta alls sakarkostnaðar, þ.m.t. réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hrl., 65.000,00 kr., og saksóknarlaun, 55.000,00 kr., en 1/9 hluta skal greiða úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. desember 1989.

Nr. 486/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Hallsteini Sigurjóni Gestssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. desember 1989. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Varnaraðili var handtekinn kl. 20.15 fimmtudaginn 14. desember sl., en var leiddur fyrir dómara kl. 20.50 föstudaginn 15. desember. Ekki hefur verið gefin skýring á þessum drætti, sem þykir óhæfilega langur og aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. desember 1989.

Ár 1989, föstudag 15. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Lögreglan í Reykjavík gaf í gær sérstakar gætur Hringbraut 99 hér í borg vegna grunsemda um, að þar færu fram fíkniefnaviðskipti. Einn þeirra, sem hvarf úr nefndum húsakynnum eftir skamma viðdvöl, reyndist Hallsteinn Sigurjón Gestsson, kt. 011258-7869, og var hann af lögreglu stöðv-

aður í akstri á mótum Hringbrautar og Sóleyjargötu hér í borg og reyndist þá hafa í sínum fórum um 1 g af ætluðum hassefnum. Kannaðist hann við að eiga þessi efni, en neitaði að upplýsa, hvaðan fengin væru.

Á lögreglustöð tilgreindi Hallsteinn þessi sem lögheimili og dvalarstað Greniteig 22 í Keflavík. Lögreglan í Keflavík upplýsti hins vegar, að raunverulegur dvalarstaður Hallsteins þessa væri að Melteigi 20 í Keflavík.

Var þá með dómsúrskurði og að kröfu lögreglu heimiluð leit á síðastnefndum stað, og fannst þar í útigeymslu og nánar í upp hengdum þakrennum filmuhylki og glerflaska með samtals 72 g af hassefnum, vegnum án umbúða, einnig í setkrók við hlið stofu vindlahylki með ætluðum hassleifum, vasahnífur með sams konar efnisleifum og 250 g af mjólkursykri, sem að sögn lögreglu er algengt íblöndunarefni fíkniefna. Loks fannst í fyrrnefndri geymslu rifinn plastpoki með ætluðum hassleifum.

Fyrr í dag héldu lögreglumenn á ofangreindan handtökustað á mótum Hringbrautar og Sóleyjargötu og fundu þar tæp 50 g af ætluðum hassefnum, vafin í plast. Fram er tekið, að umbúðirnar hafi verið hreinar, en efnin að mati lögreglu mjög lík að sjá þeim, er samkvæmt ofanskráðu fundust að Melteigi 20. Telja lögregluyfirvöld sterkar líkur benda til, að nefndur Hallsteinn hafi rétt fyrir handtöku fleygt frá sér þessum efnum, og gera á þeim grundvelli svo og með vísan til annars ofanritaðs kröfu til, að Hallsteinn Sigurjón Gestsson verði með dómsúrskurði og á grundvelli 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 23. þessa mánaðar.

Samkvæmt gögnum hér við embætti hefur nefndur Hallsteinn samtals sjö sinnum tímabilið 23.4. 1976 til 5.4. sl. orðið uppvís að fíkniefnamisferli og hlotið refsingar fyrir.

Hallsteinn þessi kannaðist hér fyrir dómi og fyrir stundu við að hafa átt þau hassefni, er fundust í fórum hans við handtöku í gærkveldi, einnig þau efni, sem samkvæmt ofanskráðu fundust að Melteigi 20, Keflavík, svo og reykpípu, sem þar fannst með ætluðum hassleifum. Kærði taldi sig hafa þegið þessi efni að gjöf frá ónefndum útlendingi fyrir mörgum mánuðum og prófað að nota af, en ekki líkað, reyndar ekki telja víst, að þetta væru í raun hassefni. Kærði neitaði að hafa rétt fyrir handtöku haft í fórum sínum fíkniefni utan þau, sem að ofan greinir, og mótmælti gæsluvarðhaldskröfu. Réttargæslumaður áréttaði þau mótmæli og kvaðst ekki telja umfang brots slíkt, að þörf væri þess rannsóknarúrræðis.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986, en kærði grunaður um að hafa með ofangreindum hætti haft í vörslum sínum liðlega 120 g af hassefnum rétt fyrir handtöku í gærkveldi.

Telja verður rannsókn á frumstigi og nauðsyn til bera að yfirheyra kærða nánar, án þess að hann eigi þess kost með óskertu frelsi að torvelda rannsókn.

Fyrrgreindar sakir myndu, ef sannaðar teldust, geta varðað kærða fangelsisrefsingu. Þykir því 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, ekki girða fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi. Þykir því rétt í þágu rannsóknarhagsmuna að verða við fram komnum kröfum lögregluyfirvalda í Reykjavík, en jafnframt að stytta tímalengd sem fært þykir.

Samkvæmt því ákveðst, að Hallsteinn Sigurjón Gestsson skuli sæta gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 fimmtudaginn 21. desember 1989.

Úrskurðarorð:

Hallsteinn Sigurjón Gestsson, kt. 011258-7869, skal sæta gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 fimmtudaginn 21. desember 1989.

Miðvikudaginn 20. desember 1989.

Nr. 155/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Skúla Helga Skúlasyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Nauðgun. Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1989 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og staðfestingar á ákvörðun skaðabóta.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvalds, en til vara, að refsing verði milduð verulega. Þá er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

I.

Með úrskurði Hæstaréttar 19. október 1989 var mælt fyrir um öflun nýrra gagna.

Af því tilefni hafa vottorð læknanna Jóhannesar M. Gunnarssonar, sérfræðings í almennum skurðlækningum við skurðdeild Borgarspítalans, og Jóhönnu Jónasdóttur, aðstoðarlæknis á kvennadeild Landspítalans, verið lögð fyrir Hæstarétt. Í vottorði Jóhönnu koma ekki fram aðrar upplýsingar en voru í fyrra vottorði hennar.

Vottorð Jóhannesar M. Gunnarssonar er svohljóðandi:

„1) Spurt er um hugsanlega ytri áverka á líkama ofanskráðrar konu, eftir að hún kom á skurðlækningadeild Borgarspítalans 7.9. '88. Sjúklingur var við komuna með marblett vi. megin á hálsi framan til, ca. 2 cm á breidd og 7 cm langan, virtist nýlegur. Á baki yfir spjaldhrygg voru tveir samliggjandi marblettir, hvor um sig ca. 4x4 cm, og virtust einnig nýlegir. Að öðru leyti fundust ekki merki um ytri áverka umfram það, sem fram kemur í fyrra vottorði og lýtur að kviðarholsáverka.

2) Spurt er um líkur á því, að gat á görn, sem áður hefur verið lýst, hafi getað stafað af öðru en höggi á kvið konunnar.

Svar: Mar á görninni í kringum gatið, sem á hana kom, bendir eindregið til þess, að sjúklingur hafi fengið högg á kviðinn (blunt trauma). Ekki verður séð, að fyrri áverkar geti tengst þessu á neinn hátt, og mjög ólíklegt, að samfarirnar í sjálfu sér hafi valdið þessum áverka á görnina.

Áverkarnir í sjálfu sér geta þannig vel samrýmst því að hafa orðið við þann áverka, sem sjúklingur kvaðst hafa orðið fyrir, og einnig gat útlit þeirra bólgubreytinga í kviðarholi, sem orðið höfðu sem afleiðing gatsins í görninni, vel bent til að vera allt að því sólarhringsgamlar, þegar aðgerðin fór fram, en það samrýmist einnig sögu sjúklings hér á deildinni."

II.

Sannað er með eiðfestum framburði vitnisins K og vottorðum læknisins Jóhannesar M. Gunnarssonar, að ákærði sló stúlkuna í kviðinn með þeim lífshættulegu afleiðingum, sem lýst er í ákæru. Þá er einnig sannað með frásögn ákærða, frásögn vitnisins K, umræddum læknisvottorðum og ummerkjum á fatnaði vitnisins, að ákærði hefur þröngvað stúlkunni til holdlegs samræðis, svo sem lýst er í ákæru.

Ber að staðfesta sakarmat héraðsdóms og færslu til refsiákvæða.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga og 77. gr. sömu laga, ber að ákveða ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem nú er dæmt um, og með hliðsjón af þeirri refsivist, sem ólokið er og ákærði hlaut reynslulausn á 23. janúar 1987. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin svo sem í héraðsdómi segir, fjögur ár og sex mánuðir. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingunni gæsluvarðhald það, sem ákærði sætti við rannsókn málsins, frá 14. september 1988 til 28. sama mánaðar.

IV.

Staðfesta ber það ákvæði hins áfrýjaða dóms, að ákærði greiði K 400.000,00 krónur í miskabætur með meðalvöxtum samkvæmt

auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. 8. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, svo sem krafist hefur verið fyrir Hæstarétti. Vexti skal reikna frá 6. september 1988 til greiðsludags.

V.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Skúli Helgi Skúlason, sæti fangelsi fjögur ár og sex mánuði, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 14. september 1988 til 28. sama mánaðar.

Ákærði greiði K 400.000,00 krónur með vöxtum frá 6. september 1988 til greiðsludags, sem séu meðalvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. 8. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 80.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. desember 1988.

Ár 1988, fimmtudag 29. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 732/1988: Ákæruvaldið gegn Skúla Helga Skúlasyni, sem tekið var til dóms 27. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. desember sl., á hendur ákærða, Skúla Helga Skúlasyni, til lögheimilis að Tunguseli 4, en búsettum að Öldugötu 11 í Reykjavík, fæddum 24. júlí 1964 í Reykjavík.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir nauðgun og stórfellda líkamsmeiðingu með því að hafa aðfaranótt þriðjudags 6. september 1988 ráðist á konuna K, öryrkja, á heimili hennar í risíbúð að [...], Reykjavík, og þröngvað henni þar til holdlegs samræðis með hrotta-

fengnu ofbeldi, m.a. veitt henni svo þungt högg í kvið, að af hlaust lífshættulegur áverki í kviðarholi, dreifð lífhimnubólga og rof eða gat á görn, og þurfti konan að gangast undir skurðaðgerð á Borgarspítalanum í Reykjavík eftir bráðainnlögn að kvöldi 6. september.

Atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Skömmu fyrir klukkan 11 árdegis miðvikudaginn 7. september sl. var leitað til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna K [...], Reykjavík, sem væri á Borgarspítalanum í lífshættu eftir nauðgun og líkamsmeiðingar. Var það systir K, sem hafði samband við rannsóknarlögregluna.

Systir K skýrði svo frá, að K hefði leitað til læknis vegna nauðgunar morguninn áður, en eftir skoðun hefði henni verið bent á, að kæmu fram kviðarholsverkir, ætti hún að leita læknis á ný. Það hafi gerst og næturlæknir lagt hana inn, og eftir skoðun og síðan skurðaðgerð hefði komið í ljós gat á görn og saur farið um hana innvortis og það leitt til lífhimnubólgu.

Systir K hafði það eftir henni, að mánudagskvöldið næst á undan hefði hún farið á veitingastaðinn Abracadabra og hitt þar mann, sem hún vissi ekki nafn á og ekki annað en hann væri stýrimaður á fiskibát frá Reykjavík, sem færi á veiðar um hádegisbil 6. september. Aðrar upplýsingar hafði systir K ekki frá systur sinni en þær, að maður þessi hefði nauðgað henni og veitt henni hnefahögg í maga, svo mikið, að hún hefði fallið saman og síðar verkjað enn meira. Þá fylgdi það með, að maðurinn hefði beðið hana afsökunar á framkomu sinni.

Systir K kvað hana vera 75% öryrkja eftir umferðarslys fyrir 10 árum eða svo, og væri hún bækluð á fæti og hendi auk innvortis meiðsla.

Hinn 8. september fór rannsóknarlögreglumaðurinn Dóra Hlín Ingólfsdóttir í Borgarspítalann og yfirheyrði þar K, eins og heilsufar hennar leyfði, en hún virtist greinilega mjög þjáð. Í þessari yfirheyrslu lýsti K umræddum manni og gerði grein fyrir frásögn hans af sér og sínum högum. Þá kom fram, að K mundi ekki nafn mannsins, en helst væri það Helgi eða eitthvað líkt því.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar gerði vettvangsrannsókn á heimili K síðdegis 7. september og fann þá á öskubakka far eftir þumalfingur hægri handar ákærða, Skúla Helga Skúlasonar, sem rannsóknarlögreglan hafði oftsinnis áður haft afskipti af. Lá niðurstaða þessi fyrir 12. september. Var næsta dag hafin leit að ákærða og gefin út handtökuskipun á hann. Sama

dag kom ákærði sjálfur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, en búið var að hafa samband við tvær systur ákærða, sem vildu ekki gefa upp heimilisfang hans, en sögðust ætla að koma til hans skilaboðum um að hafa samband við rannsóknarlögregluna.

Ákærði gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu sama dag, og næsta dag þar á eftir var þess krafist, að hann yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Var sú krafa tekin til greina í dóminum samdægurs og ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til miðvikudags 28. september klukkan 17. Vék ákærði frá í gæslu umdræddan dag klukkan 17.05. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, en þar var hann staðfestur 20. september.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitnisins K, sem hefur unnið eið að framburði sínum.

Vitnið skýrir svo frá, að það hafi hitt ákærða í veitingahúsinu Abracadabra umrætt kvöld, en þar var vitnið með vinkonu sinni. Var vitnið undir áhrifum áfengis. Fannst því ákærði kátur og viðkunnanlegur. Ekki man vitnið eftir að hafa dansað við ákærða, en hann sagði vitninu, að hann vildi halda áfram að drekka, en vildi ekki fara með áfengi heim til kærustu sinnar. Bauð vitnið ákærða að drekka heima hjá sér. Finnst vitninu, að það hafi verið orðið mikið ölvað, þegar það fór úr veitingahúsinu með ákærða, en hann hafi verið með tvær hvítvínsflöskur og eina flösku af rauðvíni. Segir vitnið, að það hafi sagt ákærða í veitingahúsinu, að ef hann fylgdi vitninu heim, kæmi ekkert kynferðislegt til mála.

Vitnið man, að þegar komið var heim til þess, fór ákærði að eiga við að opna eina flöskuna, en síðan bregst minni vitnisins aðeins. Það man ekki eftir að hafa setið í sófa með ákærða, en þorir ekki að útiloka það. Vitnið minnir, að það hafi sest andartak og minnst við ákærða á kisu sína, sem þarna var. Vitnið man hins vegar, að köttur þess fór inn í svefnherbergið. Var vitnið þá búið að sækja glas fram í eldhús. Vitnið ætlaði síðan að snúa við og fá sér í glas, en það var nær ekkert farið að drekka af áfengi á heimili sínu eftir komuna þangað, en það telur, að liðnar hafi verið 20 mínútur eftir komuna þangað, þegar hér var komið.

Vitnið kveðst hafa staðið í svefnherbergisdyrunum og snúið sér við, þegar ákærði stóð fast upp við það og sagði: „Ég ætla að fá þig". Tók ákærði þá taki í peysu vitnisins og kippti því að sér þannig, að andlit þeirra urðu saman. Tók vitnið þessu eins og gríni og ýtti ákærða frá sér og sagði honum hálfhlæjandi að láta ekki svona. Vitnið gat aðeins losað sig og hörfað, en ákærði tók það aftur í fangið. Sá þá vitnið, að alvara var á ferðum. Braust vitnið um og gat losnað frá ákærða. Voru þau þá frammi í stofunni, og hafði vitnið komist 2-3 skref frá ákærða. Vitnið gat haldið jafnvægi, en það var fyrst við að falla aftur yfir sig. Þegar vitnið var búið að ná jafnvægi, sló ákærði með hnefa annarrar handar mikið högg í kvið vitnisins,

sem kenndi mjög mikið til. Ekki missti vitnið jafnvægið, en stífnaði upp og fór í keng, en datt ekki alveg í gólfið. Fannst vitninu ákærði hafa hnefann þannig krepptan, að langatöng hafi skagað fram kreppt.

Vitnið minnir, að ákærði hafi þessu næst tekið í axlir vitnisins og ýtt því aftur á bak, en vitnið kveðst hafa spyrnt á móti. Það féll nú aftur á bak í rúm sitt á ská með fæturna út af. Ákærði lagðist síðan ofan á það smástund, en síðan stóð hann upp og reif fötin utan af vitninu og fór sjálfur úr fötunum. Vitnið segir, að líðan þess hafi verið mjög slæm eftir höggið, þegar hér var komið. Vitnið reyndi að rísa upp, en gat það ekki, þar sem ákærði ýtti því jafnharðan aftur niður. Þá fann vitnið mjög mikið til í kviðarholi.

Vitnið kveðst hafa sagt ákærða, þegar hann ætlaði að fara að hefja samfarirnar, að það væri með tíðatappa. Virtist ákærði þá hika aðeins, en sagði síðan, að það skipti ekki máli, og hélt áfram. Lá ákærði ofan á vitninu og setti varir sínar yfir varir þess. Var ákærði þá búinn að glenna sundur læri vitnisins. Vitnið getur ekki ímyndað sér, að ákærði hafi verið lengi að hafa samfarir við það, en hann rak liminn harkalega inn í vitnið, sem fann ofsalega verki um allan líkamann.

Vitnið segir, að ákærði hafi eftir samfarirnar gengið nokkrum sinnum um frammi í stofunni, en síðan kom hann inn í svefnherbergið, lagðist hjá vitninu, og sofnuðu þau bæði.

Vitnið segir, að það hafi ekki farið og leitað sér aðstoðar vegna hræðslu við manninn og þess, hversu kvalið það var. Það mótmælir framburði ákærða um það, að það hafi haft samfarir við hann af fúsum vilja að undangengnu „keleríi", en því heldur ákærði fram.

Vitnið var yfirkomið af sársauka í maga og lá um stund í rúminu, en þurfti þá að fara á salerni. Var það nokkuð lengi að rísa upp og komast að íbúðardyrunum, en salernið er frammi á stigagangi. Var vitnið við dyr fram á stigaganginn, þegar það fann, að allt rann niður af því, saur eða eitthvað, og gat vitnið ekki haldið því. Reyndi vitnið að þrífa eitthvað upp, en lagðist síðan aftur upp í rúmið, en þar lá ákærði í hnipri. Lagðist vitnið fyrir neðan til fóta, og um leið og það lagðist, kastaði það upp tvívegis. Gat vitnið aðeins legið á bakinu. Það gat ekki þrifið upp æluna, en það sofnaði fljótlega aftur. Næsta morgun um klukkan 9 vaknaði vitnið og ákærði rétt á eftir því. Áður en hann vaknaði, setti vitnið stórt baðhandklæði yfir æluna.

Vitnið reyndi að hagræða sér í rúminu, en það var mikið kvalið. Ákærði fór síðan að segja vitninu af högum sínum, og einnig hafði hann orð á því, hvort vitnið vildi ekki koma út að borða, en vitnið, sem var þyrst, treysti sér ekki til þess vegna þess, hversu kvalið það var í maga. Þá segir vitnið, að ákærði hafi boðist til þess að fara út og sækja maltöl, og hafi

hann gert það, en áður bað ákærði vitnið fyrirgefningar á því, sem komið hefði, fyrir kvöldið áður og sagðist ekki vita, hvað hefði komið yfir sig. Vitnið kveðst hafa leyft ákærða að fara í steypibað og fór einnig sjálft á eftir. Vitnið hresstist ekkert við baðið og fór strax beint í rúmið.

Eftir að ákærði kom frá að sækja maltið, en vitnið sagði ákærða, hvar næsta „sjoppa" væri, sagðist hann þurfa að komast heim til að kveðja unnustu sína, áður en hann færi út á sjó, en hann hefði hitt skipsfélaga sinn í búðinni, og hefði hann sagt, að skipið ætti að fara klukkan 13, en áður var ákærði búinn að segja, að það ætti að fara klukkan 14. Ákærði fór síðan, en áður hafði hann hellt hvítvíni í glas handa vitninu og boðið því mogadon, sem myndi slá á verkina. Vitnið drakk bæði glas af malti og tvo eða þrjá „sjússa" af hvítvíni, en kom ekki meira niður. Lá vitnið síðan um stund, eftir að ákærði var farinn. Kveðst vitnið hafa farið að leita að tappanum, sem hafi átt að vera uppi í leggöngunum, en fann hann ekki. Staulaðist vitnið fram og henti rifnu fötunum í rusladall svo og tómu flöskunum.

Vitnið ætlaði að leita læknis til að ná tappanum, en þegar það gekk, fann það sárt til. Komst vitnið út í næsta söluturn, en treysti sér ekki lengra. Þar sagði það einhverjum strák frá því, að sér hefði verið nauðgað. Fór hann að spyrja, hver hefði gert það, og sagðist ætla að berja hann. Þessi strákur hringdi fyrir vitnið í leigubifreið, og í henni fór vitnið til kunningja síns, A. Sagði vitnið honum, að það teldi verkina vera út af tappanum. A ók vitninu að Borgarspítala vegna þessa og síðan að kvennadeild Landspítalans, þar sem tappinn var fjarlægður og vitninu sagt að hafa samband við kvensjúkdómalækni, ef því batnaði ekki af verkjunum. Ekki sagði vitnið frá barsmíð ákærða, þar sem það taldi verkina út af tappanum, og auk þess hafði vitnið lofað ákærða að segja ekki frá málinu.

Verkirnir bötnuðu ekki, og hringdi þá A á næturlækni, en vitnið var hjá A. Næturlæknirinn sendi vitnið á sjúkrahús, þar sem það var skorið upp að skoðun lokinni.

Vitnið segist vera búið að ná sér eftir uppskurðinn og sé að mestu í jafnvægi eftir nauðgunina.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dóminum, áður en hann var úrskurðaður í gæslu, og er framburður hans hjá rannsóknarlögreglu og við meðferð málsins þessi:

Ákærði kveðst hafa farið í veitingahúsið Abracadabra að kvöldi mánudags 5. september sl. og hitt þar K. Hafi þau tekið tal saman og fengið sér í glas. Segir ákærði, að þau hafi látið vel hvort að öðru og ákveðið að fara heim til hennar, en áður hafi ákærði keypt nokkrar flöskur af léttvíni á bar veitingahússins.

Ákærði kveðst ekki hafa þekkt K fyrir þetta kvöld, heldur hafi verið

um „skyndikynni“ að ræða. Kveður ákærði það hafa verið tilgang sinn að dveljast næturlangt á heimili K, en þau hafi þó ekki rætt um þetta sérstaklega.

Þegar komið var heim til K, segir ákærði, að þau hafi sest í sófa í stofunni og haldið áfram að „kela“ og kyssast, og hafi þau neytt áfengis á meðan. Síðan hafi þau farið inn í svefnherbergið, þar sem ákærði hafi afklæðst og síðan klætt K úr fötunum. Ákærði segir, að pils K hafi staðið á sér, og því hafi það rifnað, þegar ákærði tók í það, eftir að þau höfðu verið mjög lengi í „keleríi“. Kveðst ákærði því hafa verið orðinn mjög æstur í að hafa samfarir við K, og hún hafi ekki síður verið æst í það. Ákærði man, að hann sleit brjóstahaldarann af K, og einnig man hann, að blússa hennar rifnaði, þegar hann ætlaði að draga hana til sín. Ítrekar ákærði, að það hafi verið æsingur, sem réð því, að fötin rifnuðu, og einnig „töffaraskapur“ af sinni hálfu.

Ákærði segir, að samfarir sínar og K hafi farið fram með samþykki hennar og einu sinni. Kom þetta af sjálfu sér, og sagði hún hvorki já né nei, streittist aldrei á móti, og aldrei kveðst ákærði hafa lagt á hana hendur. Ákærði segir, að þau hafi síðan sofnað allsnakin í rúminu.

Ákærði kveðst ekkert hafa orðið var við það, að K segði, að hún væri með tíðatappa, né kveðst hann hafa orðið var við hann við samfarirnar. Ákærði telur samfarir sínar við K hafa verið harkalegar, án þess þó að um ofbeldi væri að ræða. Samfarirnar stóðu lengi, en ekki gerir ákærði sér grein fyrir því, hvort honum varð sáðfall. Ákærði segir, að þau hafi bæði verið afar drukkin, en þó muni hann með vissu, að hann hafi aldrei slegið K, og kveðst hann ekki hafa vitað, að hún var með blæðingar.

Ákærði segir, að séu meiðsli K af sínum völdum, sé það fyrir slysni, en ekki af ásetningi, og hafi gerst í svefni í þröngu rúmi hennar. Ákærði neitar því algerlega, að hann hafi barið K í kvið með krepptum hnefa, eins og hún lýsir því. Hann telur hugsanlegt, að hann hafi rekið hné eða olnboga í kvið henni um nóttina, á meðan þau sváfu.

Ákærði segir, að er þau vöknuðu um morguninn, hafi farið vel á með þeim, og hafi þau rætt saman í mesta bróðerni og K m.a. sagt sér frá bílslysi, sem hún lenti í nokkrum árum áður, og hafi hún sýnt sér ör víðs vegar um líkama sinn, sem væru afleiðingar slyssins. Segir ákærði, að sér hafi ekki verið kunnugt um fötlun K fyrr en um morguninn.

Ákærði segir, að um nóttina hafi K vakið sig, og hafi hún þá verið búin að kasta upp, og morguninn eftir hafi hún kvartað undan eymslum í eggjastokkum.

Ákærði kveðst ekki hafa beðið K afsökunar á háttsemi sinni, er þau vöknuðu, enda engin ástæða til, þar sem samfarirnar hafi verið með vilja

hennar. Hann kannast ekki við, að K hafi haft orð á því í veitingahúsinu, að ekkert kynferðislegt kæmi til greina.

Ákærði, sem er í sambúð, segir áður hafa komið fyrir, að hann hafi verið næturlangt að heiman, en þó hafi hann ekki haldið fram hjá sambýliskonu sinni fyrr en í umrætt sinn. Ákærði kveður það eina glæp sinn í þessu máli.

Framburður ákærða um það, sem gerðist næsta dag, er með áþekkum hætti og framburður K í flestum atriðum. Ákærði telur sig þó hafa keypt bæði malt og appelsín og kannast, eins og áður greinir, ekki við að hafa beðist afsökunar á háttsemi sinni.

Vitnið A, [...], Reykjavík, segir K hafa hringt til sín um hádegisbil þriðjudag 6. september sl. og spurt, hvort hún mætti koma til vitnisins. Heyrði vitnið, að eitthvað var að, og sagði K að taka bíl þegar í stað. Vitnið tók á móti henni og sá, að hún var mikið kvalin og eins og í keng og kvartaði um verk í maga.

Vitnið segir, að K hafi sagt, að sér hefði verið nauðgað af manni, sem hún hefði boðið heim. Fór vitnið með hana, fyrst á slysadeild Borgarspítalans og þaðan á kvennadeild Landspítalans. Þaðan fór vitnið með K heim til sín, en henni versnaði, og hringdi vitnið á næturlækni um klukkan 17 og sendi K á slysadeild í sjúkrabifreið um klukkan 19.45. Þá var K búin að segja vitninu, að hún hefði fengið ógurlegt högg í kviðinn, og því hefði hún orðið að láta undan manninum, sem hún vissi ekki, hvað héti. Þá kvað hún hann hafa beðið sig afsökunar, og vildi hún ekki kæra hann, þar sem hann væri með stúlku, og myndi hún þá eyðileggja samband þeirra.

Rannsóknarlögreglan hafði tal af sjómanni, sem kvaðst hafa hitt ákærða skammt frá heimili K alveg um klukkan 12 6. september sl. Var ákærði þá með lykla í höndum og maltflösku, en hann sagðist hafa skroppið út í „sjoppu" eftir malti. Sjómaðurinn átti að koma um borð í skip sitt klukkan 14 þennan dag og telur sig hafa haft orð á því við ákærða.

Afgreiðslustúlka í söluturni í næsta nágrenni við heimili K staðfesti við rannsóknarlögreglu, að umræddan þriðjudag hefði komið í söluturninn stúlka mjög illa á sig komin, og hefði hún þekkt einhvern í söluturninum og sagt honum, að einhver, sem hún nefndi nafn á, hefði barið sig og farið illa með sig. Hafði viðmælandi stúlkunnar orð á því, að hann skyldi drepa manninn. Þá sagði afgreiðslustúlkan, að umrædd stúlka hefði hringt í einhvern mann og síðan leigubifreið. Lýsti afgreiðslustúlkan stúlkunni svo, að hún hefði verið grátandi, eins og hún ætti mjög bágt.

Vitnið Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn, Giljalandi 4, Reykjavík, Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður, Bjarnastaðavör 3, Bessastaðahreppi, og Dóra Hlín Ingólfsdóttir rannsóknarlögreglumaður, Arnar-

tanga 17, Mosfellsbæ, unnu að rannsókn málsins og hafa við meðferð þess fyrir dóminum staðfest skýrslur sínar og önnur verk sín.

Í vottorði Jóhannesar M. Gunnarssonar, sérfræðings í almennum skurðlækningum á Borgarspítalanum í Reykjavík, dagsettu 13. september sl., segir svo um K:

„Lögð inn bráðainnlögn milli kl. 10.00 og 11.00 að kvöldi 6.9. 88. Hafði þá um hádegisbil þann dag leitað á slysadeild og uppgaf þá, að sér hefði þá um nóttina, aðfaranótt 6.9., verið nauðgað. Hún var send til skoðunar á kvensjúkdómadeild Landspítalans, svo sem venja er í slíkum tilvikum, en fór þaðan heim eftir skoðun, síðan send af vaktlækni aftur á slysadeild vegna einkenna um dreifða lífhimnubólgu. Við skoðun við komu á Borgarspítalann að kvöldi 6.9. hefur hún öll einkenni um dreifða lífhimnubólgu. Ómskoðun af kvið sýnir merki um frían vökva í kviðarholi. Hún er illa haldin af verk. Tekin til aðgerðar þá þegar, og kemur í ljós, að sjúklingur hefur hlotið rof eða fengið gat á görn. Greinilega er mar á görninni þar í námunda, og virðist sem um áverka sé að ræða. Sjúklingur gaf sömuleiðis upp við komuna öðru sinni, að til átaka hefði komið milli sín og nauðgarans í upphafi verknaðarins.

Gert var að þessu gati á görninni og kviðarhol hreinsað af þarmainnihaldi, sem var þar fljótandi um.

Ástand sjúklings við komu var mjög alvarlegt og áverkinn lífshættulegur, en eftir aðgerð hefur sjúkl. batnað eðlilega og er nú úr allri lífshættu."

Í vottorði Jóhönnu Jónasdóttur, aðstoðarlæknis á kvennadeild Landspítalans, dagsettu 16. september sl., segir, að K hafi 6. september sl. komið á kvennadeildina fyrir beiðni lækna slysadeildar Borgarspítalans til að fjarlægja tíðatappa úr leggöngum hennar, og hafi læknirinn gert það.

Í öðru vottorði Jóhönnu læknis, dagsettu 26. september sl., kemur fram, að hún hafi ekki verið beðin um rannsókn vegna nauðgunar, þegar hún fjarlægði tappann, enda ætlaði K ekki að kæra nauðgun.

Í vottorði Ernu Þorleifsdóttur, félagsráðgjafa á geðdeild Landspítalans, dagsettu 19. desember sl., segir svo m.a. um heilsufar vitnisins K:

„Það vottast hér með skv. beiðni, að K hefur komið reglulega einu sinni í viku í viðtöl til undirritaðrar síðan 14. september 1988. Þann dag var K útskrifuð af Borgarspítala eftir árás þá, er hún varð fyrir og varðar mál þetta.

Er skemmst frá að segja, að stórstígar framfarir hafa verið hjá K þessa þrjá mánuði. Hún kom hingað niður brotin og vart í raunveruleikatengslum í fyrstu. Nú vinnur hún á vernduðum vinnustað hálfan daginn, og er allt geðslag breytt til eðlilegra horfs.

Hún mun halda áfram að hitta mig hér einu sinni í viku um óákveðinn tíma."

Í vottorði Odda Erlingssonar, sálfræðings á geðdeild Landspítalans, dagsettu 15. desember sl., segir, að samkvæmt niðurstöðum úr sálfræðilegu mati á vitninu K sé starfhæf greind hennar innan meðaltals (við neðri mörk), en hún eigi við alvarleg tilfinningavandamál að stríða. Framkoma hennar birtist aðallega í deyfð og sinnuleysi, sem að öllum líkindum séu viðbrögð við miklum kvíða, þunglyndi og félagslegri einangrun. Rætur þessa vanda megi að hluta rekja til hlutbundinnar og ósveigjanlegrar hugsunar, og sé aðlögun að nýjum og breyttum aðstæðum K erfið. Slíkar aðstæður hafi K ekki á valdi sínu og bregðist við með tilfinningalegu jafnvægisleysi, sem taki á sig psychótískan blæ.

Tæknideild Rannsóknarlögreglu ríkisins rannsakaði fatnað þann, sem K var í umrætt sinn, og tók rannsóknarlögreglan fatnaðinn á heimili hennar 8. september sl.

Í skýrslu Ragnars Vignis aðstoðaryfirlögregluþjóns segir svo m.a. um þessa skoðun:

1. *Pils,* brúnt „mínípils" úr 100% baðmull, stærð - S, - vörumerki Thomas Basic's. Tveir vasar eru framan á pilsinu og tveir að aftan. Rennilás, 16 cm langur, er framan á pilsinu, og 11 cm löng klauf er á því bæði að framan og aftan. Pilsið er rifið að framan frá enda rennilássins og niður úr klauf að framan. Blóðblett er að sjá við hægri vasa. Vinstri vasi að aftan er rifinn frá á 3 cm kafla að utanv. Þá er pilsið sundur tætt á 16 cm löngum kafla, sem er 4 cm frá pilsfaldi neðst og upp, rétt vinstra megin við miðju. Blóðkám er á neðanverðu pilsinu hægra megin, um 3 cm ofan við fald neðst, 8 cm upp á 10 cm breiðum kafla.

2. *Blússa,* svört að lit með rauðum kraga úr teygjanlegu efni, 82% nælon og 18% elastane. Blússan er með löngum ermum og rennilás frá hálsmáli og niður, 22 cm löngum. Rennilásinn er rifinn frá blússunni á 15 cm löngum kafla h. megin og niður úr, síðan hefur blússan rifnað út frá rennilásnum á 8 cm kafla til hægri og 15 cm til vinstri. Smá-saumsprettur eru undir höndum báðum megin, 3-4 cm. Daufir blóðblettir sjást á kraga hægra megin.

3. *Sokkabuxur,* úr nælonefni. Nokkur smágöt eru á buxunum, en þær eru órifnar og enga óeðlilega bletti á þeim að sjá.

4. *Brjóstahaldari,* gerð Triumph cup B, stærð 75/34. Hann hefur verið rifinn í sundur að framan, þar sem hann er 4 cm breiður milli bolla, og teygjufaldur, sem er neðst á brjóstahaldaranum, hefur rifnað frá á 25 cm löngum kafla. Blóðkám er á bolla fyrir vinstra brjóst.

Hvorki ákærði né K geta gefið skýringar á blóðblettunum á fötum hennar.

Niðurstöður.

Ákærði heldur fram sakleysi sínu, og hafi hann haft samfarir við vitnið K með samþykki þess. Hann vefengir ekki, að áverkinn í kvið vitnisins sé af sínum völdum, en þar hafi verið um óviljaverk að ræða, og hafi hann ekki barið hana í kviðinn.

Vitnið K heldur fast við það, að ákærði hafi haft við það samfarir nauðugt og áður barið það í kvið með krepptum hnefa.

Sannað er með læknisvottorðum, að vitnið K hafi fengið högg á kvið, sem leitt hafi til lífshættulegs áverka í kviðarholi vitnisins. Telja verður með ólíkindum, að slíkur áverki hljótist af slysni. Er því sannað með framburði vitnisins K og læknisvottorðum þrátt fyrir neitun ákærða, að ákærði hafi valdið þessum áverka með vísvitandi líkamsárás, sem leiddi til meiðsla þeirra, er vitnið hlaut.

Með læknisvottorðum og framburði vitnisins K er sannað, að ákærði hafi haft við það samfarir umrætt sinn, enda þótt það væri með tíðatappa, og að undangengnu höggi á kvið. Er óhugsandi, að nokkur kona leyfi samfarir við sig af fúsum vilja við þessar aðstæður. Er þetta til þess að styðja framburð vitnisins um það, að samfarirnar hafi farið fram að óvilja þess. Þá styrkir það einnig það, að um nauðung hafi verið að ræða, að pils, blússa og brjóstahaldari vitnisins var rifið. Þetta allt og höggið á kvið vitnisins, sem ákærði er sakfelldur fyrir að hafa valdið með refsiverðum hætti, þykir allt sameiginlega styðja framburð vitnisins K, sem einnig hefur stoð í framburði systur hennar og A, áður en vitnið var skorið upp, að ákærði hafi með ofbeldi og líkamsmeiðingum haft samfarir við vitnið K umrætt sinn. Hefur ákærði þar með gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákærunni og þar er rétt fært til refsiákvæða.

Sakaferill ákærða.

— — —

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði síðan 1982 sætt 10 sinnum refsidómi, þar á meðal (1986) 15 mánaða fangelsi fyrir ránstilraun. Auk þess hefur hann 12 sinnum undirgengist sektargreiðslu fyrir ýmis brot. Honum var 23. jan. 1987 veitt reynslulausn í 2 ár af eftirstöðvum refsivistar, 405 dögum.]

Refsing.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón á 77. gr. almennra hegningarlaga og sakaferli hans, en ákærði hefur áður verið dæmdur fyrir ofbeldisbrot. Þá verða þeir 405 dagar, sem ákærði fékk reynslulausn á 23. janúar 1987, felldir inn í refsingu ákærða nú, sbr. 60. gr. almennra hegn-

ingarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af þessu öllu fangelsi fjögur ár og sex mánuði.

Gæsluvarðhald.

Ákærði sætti, eins og áður greinir, gæsluvarðhaldi frá 14. september sl. klukkan 17.05. Hann var látinn laus 28. september sl. klukkan 16. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að framangreint gæsluvarðhald, 14 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Skaðabætur.

Af hálfu K hefur verið sett fram á hendur ákærða ósundurliðuð bótakrafa, að fjárhæð 400.000,00 krónur, fyrir þann miska, sem ákærði hafi gert K vegna líkamsmeiðingar og nauðgunar umrætt sinn, auk almennra sparisjóðsvaxta frá 6. september 1988 til greiðsludags.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni og krefst þess, að hún verði stórlega lækkuð.

Ákærði telst bótaskyldur gagnvart K vegna þeirrar háttsemi, sem hann er sakfelldur fyrir. Þykir kröfu hennar í hóf stillt miðað við alvarleika brotsins, og verður ákærði dæmdur til þess að greiða K 400.000,00 krónur auk almennra vaxta frá 6. september 1988 til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar héraðsdómslögmanns, 40.000,00 krónur.

Málið flutti af ákæruvaldsins hálfu Björn Helgason saksóknari.

Dómsorð:

Ákærði, Skúli Helgi Skúlason, sæti fangelsi fjögur ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingu skal koma 14 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði K 400.000,00 krónur í miskabætur ásamt almennum vöxtum frá 6. september 1988 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 40.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar héraðsdómslögmanns, 40.000,00 krónur.

Miðvikudaginn 20. desember 1989.

Nr. 58/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissakdóknari)
gegn
Guðmundi Inga Björnssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Fiskveiðibrot. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1989 að ósk ákærða og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar refsingar og staðfestingar á upptöku afla og veiðarfæra. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var þess krafist til vara, að brot ákærða varðaði refsingu og upptöku afla samkvæmt 12. gr. og 18. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og yrði refsing þá einnig þyngd.

Ákærði krefst þess, að dæmd sekt í hinum áfrýjaða dómi verði lækkuð og felld verði niður ákvörðun héraðsdóms um upptöku veiðarfæra bv. Ásgeirs, RE 60.

Ákærði var að botnvörpuveiðum innan fiskveiðilandhelginnar á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar eru heimilar samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1976, og hefur því ekki brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga þessara. Við veiðarnar notaði ákærði botnvörpu með minni möskvum en mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu. Undanþáguákvæði 2. gr. reglugerðarinnar tekur ekki til veiða á því svæði, þar sem ákærði var að veiðum. Hann hefur því brotið gegn ákvæði 1. mgr. 1. gr., sbr. 10. og 11. gr., reglugerðar þessarar. Sjá dóma Hæstaréttar 20. mars 1989 í málunum nr. 19/1989 og nr. 20/1989.

Fyrir Hæstarétti var málið reifað með hliðsjón af varakröfu ríkissaksóknara, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ber að ákveða ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda nú 100 gullkrónur 3.657,75 krónum. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt 450.000,00 krónur, er skal samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976 renna í Landhelgissjóð Íslands. Rétt þykir, að fjögurra mánaða varðhald komi í stað sektar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla, en andvirði hans skal renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Í 18. gr. laga nr. 81/1976 felst ekki heimild til upptöku veiðarfæra nema við ítrekað brot, og ber að hnekkja niðurstöðu héraðsdóms að því leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra. Þá ber að dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins að ¾ hlutum, eins og greinir í dómsorði. Að öðru leyti skal sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ingi Björnsson, greiði 450.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald fjóra mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli bv. Ásgeirs, RE 60, skal upptækur og andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra er fellt úr gildi.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins að ¾ hlutum, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 10. desember 1988.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri einnig í dag, á hendur Guðmundi Inga Björnssyni, Túngötu 16, Besstastaðahreppi, skipstjóra á skuttogaranum Ásgeiri, RE 60, skipaskrárnúmer 1505, sem er 442 brúttórúmlestir og 49,86 lengdarmetrar, fyrir fiskveiðibrot „með því að hafa um hádegisbil föstudag 9. desember 1988 verið á botnvörpuveiðum á skipinu með botnvörpu, leyfðri til karfaveiða, þ.e. útbúinni poka með 135 mm lágmarksmöskvastærð, í Reynisdjúpi utan Hjörleifshöfða, en á svæði innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem veiðar með slíka botnvörpu eru ekki leyfðar.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 1. mgr. 1. gr., 2. gr. tölul. B, reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 5. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., nefndra laga, nr. 81/1976, og til þess að sæta samkvæmt 3. mgr., sbr. 21. mgr. (sic), sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

II.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir afdráttarlaus játning ákærða á ákæruatriðum, og er málavöxtum verður lýst, þykir mega taka tillit til þess. Í samræmi við það teljast málsatvik vera sem hér greinir:

Síðdegis 9. desember 1988 barst embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum sú tilkynning frá stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands, að vs. Óðinn hefði staðið skipstjórann á bv. Ásgeiri, RE 60, að ætluðum ólöglegum veiðum í Reynisdjúpi utan Hjörleifshöfða þá fyrr um daginn, og væru skipin á leið til Vestmannaeyja. Var þess óskað, að embættið hlutaðist til um, að gerðar yrðu viðeigandi ráðstafanir við komu bv. Ásgeirs til hafnar í Vestmannaeyjum, en skipherrann á varðskipinu myndi leggja fram skýrslu sína í sakadómi Vestmannaeyja næsta dag.

Formleg rannsókn hófst fyrir dóminum kl. 10.30 í dag. Skipherrann á varðskipinu hefur lagt fram skýrslu sína, og er hún svohljóðandi:

„Föstudaginn 9. desember 1988 var bv. Ásgeir, RE 60/1505, staðinn að meintu fiskveiðibroti SSA af Kötlutanga.

Skipstjóri bv. Ásgeirs er Guðmundur I. Björnsson, nafnnúmer 3050-

1144, fæddur 12.2. 1950, til heimilis að Túngötu 16, Bessastaðahreppi.

Nánari atvik voru sem hér greinir:

Föstudaginn 9. desember, er varðskipið var á eftirlitsferð undan Hjörleifshöfða, sást skip, sem virtist vera að togveiðum við fjögra sjómílna mörkin SSA af Kötlutanga. Kl. 12.00 var stefnu breytt á skipið og samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Hjörleifshöfði r/v 004, fjarlægð 4,2 sjómílur (O.K.).

Skipið miðast í r/v 100, fjarlægð 3,5 sjómílur. Gefur þessi mæling stað skipsins um 2,3 sjómílur innan karfalínunnar.

Kl. 12.06 sást, að skipið var bv. Ásgeir, RE 60, að togveiðum, og var samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Arnardrangur, fjarlægð 4,5 sjómílur.

Reynisdrangar, fjarlægð 9,4 " (H.S./O.K.).

RE - 60 r/v 110, fjarlægð 2,0 sjómíla. Gefur þessi mæling stað skipsins um 1,85 sjómílur innan karfalínunnar.

Kl. 12.15 var komið að bv. Ásgeiri, RE 60, og sáust togvírar greinilega liggja í sjó. Var togaranum sagt að hífa inn vörpuna, og var samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið hans:

Hjörleifshöfði, fjarlægð 5,9 sjómílur (H.S./O.K.).

Reynisdrangar, fjarlægð 11,0 sjómíla. Gefur þessi mæling stað skipsins um 1,9 sjómílur innan karfalínunnar.

Kl. 12.21 fór léttibátur varðskipsins með 1. stýrimann og tvo háseta yfir í RE 60 til mælinga á afla og veiðarfærum, auk þess sem þeir áttu að gera búnaðarskoðun þar um borð.

Kl. 13.30 hafði 1. stýrimaður (E.S.) samband við varðskipið og sagði, að við mælingu á vörpunni hefði komið í ljós, að RE 60 hefði verið á veiðum með karfapoka. Meðaltalsmöskvastærð 60 mældra möskva væri 142,18 mm.

Kl. 14.58 staðfesti skipstjóri RE 60, að hann hefði verið að veiðum með karfapoka, en talið, að karfalínan næði að fjögra sjómílna mörkunum á þessum slóðum.

Kl. 15.45 var mælingu og skoðun á búnaði RE 60 lokið, og var skipstjóranum sagt að halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði rannsakað frekar.

Vindur og sjór höfðu aukist, meðan á mælingu stóð, svo að mælingarmönnum var sagt að vera um borð í RE 60 til Vestmannaeyja.

Mæling á veiðarfærum RE 60 var gerð með mælistiku Landhelgisgæslunnar.

Veiðarfæramælingar varðskipsins fylgja skýrslu þessari, enn fremur úrklippa úr sjókorti no. 32, þar sem staðir skipanna eru markaðir inn á ásamt karfalínunni.

Staðarákvarðanirnar voru gerðar með Sperry MK-16-ratsjá varðskipsins. Lausi fjarlægðarhringur ratsjárinnar var borinn saman við þá föstu og reyndist réttur.

Veður VSV 6-7, síðan 7-8, éljagangur, sjór 4-5, síðan 5-6."

Er rannsókn málsins var hafin, lagði skipherra fram svofellda viðbót og leiðréttingu á framangreindri skýrslu:

„Að gefnu tilefni vil ég fá kæru minni breytt úr meintu reglugerðarbroti í meint fiskveiðibrot. Rök mín fyrir þessari breytingu eru þau, að þegar skip eru að veiðum innan ákveðinna fiskveiðimarka með ólögleg veiðarfæri, er um fiskveiðibrot að ræða. Ásgeir, RE 60, var, eins og skýrsla mín vitnar, að veiðum með karfavörpu innan karfalínunnar úti af Kötlutanga, þar sem aðeins er heimilt að veiða með þorskvörpu. Skipið var því að ólöglegum fiskveiðum samkvæmt skilgreiningu fiskveiðilaganna."

Ákærði, Guðmundur Ingi Björnsson, kvaðst viðurkenna brot sitt, en hann hefði talið, að karfalínan næði upp að fjórum mílum. Hann hefði enn fremur haldið sig vera á löglegum veiðum í umrætt sinn, en síðan hefði komið í ljós, að svo var ekki, og átti ákærði þá við, að stýrimaður varðskipsins hefði komið um borð í skip sitt og bent sér á, hvernig karfalínan lægi. Ákærði sagði, að veiðiferðin hefði hafist fimmtudaginn 8. desember sl., er þeir fóru um miðjan dag úr Reykjavíkurhöfn áleiðis á miðin suðaustur af landinu. Varpan hefði verið látin fara á utanverðu Reynisdjúpi klukkan 8.30 árdegis næsta dag. Þeir hefðu tekið eitt hal og afli verið eitthvað u.þ.b. rúm tvö tonn, að mestu leyti karfi, en þó aðeins ýsu- eða þorskblandað. Hann kvað það rétt vera, að varðskipið hefði komið að skipi sínu laust eftir hádegi, og hefðu þá veiðarfæri verið í sjó, og samkvæmt mælingu sinni hefði skip sitt, bv. Ásgeir, RE 60, þá verið SSA af Kötlutanga, 4,7 sjómílur frá landi, þ.e. 1,3 sjómílur fyrir innan tilgreinda karfalínu, þótt hann þannig teldi, að skip sitt hefði verið rúmlega hálfri sjómílu sunnar en varðskipsmenn hefðu mælt það, er skipin voru samsíða, þá viðurkenndi ákærði, að það skipti ekki máli fyrir hið ætlaða fiskveiðibrot, því að í báðum tilvikum hefði skip sitt verið vel fyrir innan tilgreinda karfalínu. Ákærði gerði að öðru leyti ekki athugasemdir við skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni. Hann viðurkenndi að hafa verið með skip sitt, bv. Ásgeir, RE 60, á togveiðum með karfapoka á vörpunni (karfavörpu), er varðskipið kom að skipinu. Ákærði kvaðst á engan hátt rengja mælingar varðskipsmanna á möskvastærð veiðarfæra og kvaðst reiðubúinn að staðfesta, að þær væru réttar, en samkvæmt þeim hefðu möskvar verið að meðaltali 142,18 mm. Ákærði viðurkenndi, að sér væri kunnugt um, að reglugerð sú, sem skipherra varðskipsins vitnaði til í skýrslu sinni, væri á blaðsíðu 229 í sjómannaalmanakinu. Ákærði kvaðst að lokum ekki sjá ástæðu til að mótmæla eða gera athugasemdir við leiðréttingu skipherra

varðskipsins á frumskýrslu, enda væri hann búinn að viðurkenna að hafa verið á veiðum með karfavörpu á tilgreindum stað.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson skipherra kom fyrir réttinn og staðfesti skýrslur þær, sem varðskipsmenn hefðu gert um málið. Vitnið sagði, að stýrimaður varðskipsins hefði haft samband um borð í varðskipið, er hann var kominn um borð í bv. Ásgeir, RE, og sagt, að fyrir lægi játning ákærða um, að hann hefði verið á veiðum með þennan svokallaða karfapoka, sem segi samkvæmt tilvitnaðri reglugerð, að eigi að vera með lágmarksmöskvastærð 135 mm og eingöngu leyfilegur utan hinnar svokölluðu karfalínu. Vitnið sagði það rétt vera, að brotið væri fólgið í því, að ákærði hefði verið með ólögleg veiðarfæri á svæði, þar sem óheimilt væri að vera með veiðarfæri með tilgreindri möskvastærð, 135 mm. Vitnið benti í því sambandi á yfirlitskort yfir karfalínuna, dskj. II,3, en þar kæmi fram, að ekki væri leyfilegt að veiða með þennan karfapoka innar en að sex sjómílum, en samkvæmt mælingum varðskipsmanna hefði hann verið allt upp að fjögurra mílna mörkunum. Vitnið sagði, að karfalínan væri tilgreind í tilvitnaðri reglugerð, 2. gr. hennar, staflið a (sic). Er vitnið kom aftur fyrir dóminn, hafði það meðferðis framangreinda viðbótarskýrslu og staðfesti, að hún væri gerð þá fyrr um daginn (9. des. 1988). Að beiðni vitnisins var skýrsla þessi lögð fram í málinu, dskj II,8, og kvað vitnið það rétt vera, að óskað væri eftir því, að litið væri á þessa viðbótarskýrslu sem hluta fyrri skýrslu vitnisins, dskj. II,1. Vitnið staðfesti undirskrift sína undir skýrsluna og skýrði tilurð hennar með eftirgreindum hætti: „Eftir þeim leiðbeiningum eða skilgreiningum, sem ég fékk hjá saksóknara ríksins, er meginmunur á, hvort um er að ræða veiðarfæri, sem er ólöglegt, eða hvort um er að ræða veiðarfæri, sem er í sjálfu sér leyfilegt, en er ekki fullnægjandi. Þá á ég við þorskvörpu, sem er innan leyfilegra marka, t.d. eins og karfalínunnar. Ef þá væri um of smáa vörpu að ræða, væri það reglugerðarbrot, en í þessu viðbótarskjali er um ólöglegt veiðarfæri að ræða.“ Í þessu sambandi kvaðst vitnið eiga við ólöglegt veiðarfæri miðað við það svæði, sem skipið var á að veiðum. Vitnið kvaðst hafa farið yfir allar staðarákvarðanir og sannfærst um, að þær væru réttar og staðir skipsins rétt markaðir á fram lagt sjókort, nr. 32, dskj. II,4.

Vitnið minnti á, að eins og fram kæmi í skýrslu þess, væru allar staðarákvarðanir varðskipsmanna gerðar með Sperry-MK-16-ratsjá varðskipsins, og við hverja staðarákvörðun væru teknar tvær fjarlægðir. Að því er tæki til þriðju mælingarinnar, þegar skipin hefðu verið samsíða, gæti ólík niðurstaða hjá þeim varðskipsmönnum annars vegar og ákærða hins vegar um stað skipsins bv. Ásgeirs, RE 60, stafað af því, að ákærði hefði notað lórantæki við sína mælingu, en þeir ratsjá varðskipsins, eins og að framan greini. Enn fremur sagði vitnið, að ekki væri síður að því að hyggja í þessu

sambandi, að ef ákærði hefði gert sína mælingu á öðrum tíma en þeir á varðskipinu, væri eðlilegt, að misræmi væri í niðurstöðum.

Vitnið Ómar Karlsson, yfirstýrimaður á varðskipinu Óðni, sagðist vera samþykkur þeim skýrslum, sem skipherra hefði lagt fram í málinu, og kvað þær vera réttar. Vitnið sagði, að ákærði hefði ekkert haft við mælingar varðskipsmanna á vörpu togarans að athuga og 1. stýrimaður varðskipsins hefði fengið það staðfest hjá ákærða, að um karfapoka væri að ræða.

Vitnið Guðmundur Emil Sigurðsson, 1. stýrimaður á vs. Óðni, staðfesti mælingaskýrslu sína, dskj. II,2. Vitnið gerði grein fyrir mælingaaðferðum og sagði, að notuð hefði verið lögboðin mælistika. Vitnið kvað það rétt vera, að ákærði hefði viðurkennt að vera með karfapoka, og kvaðst vitnið hafa sýnt ákærða með því að fletta upp á reglugerðinni í sjómannaalmanakinu, að karfalínan næði aðeins upp að sex sjómílum, en ekki upp að fjórum sjómílum, eins og ákærði hefði talið.

Vitnin Jakob Jónsson og Guðmundur Valdimarsson, hásetar á vs. Óðni, staðfestu nafnritanir sínar á skoðunarskýrslunni og kváðu skýrsluna vera rétta, en vitnin unnu við mælingar á möskvum veiðarfæra undir stjórn vitnisins Guðmundar Emils Sigurðssonar, 1. stýrimanns.

III.

Niðurstaða.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi um hádegisbil föstudag 8. desember sl. verið á ólöglegum botnvörpuveiðum á skipi sínu, Ásgeiri, RE 60, í Reynisdjúpi utan Hjörleifshöfða með botnvörpu, leyfðri til karfaveiða, þ.e. útbúinni karfapoka, en á svæði innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem veiðar með slíkri botnvörpu eru ekki leyfðar, allt eins og nánar greinir í ákæruskjali ríkissaksóknara, en þar er broti ákærða rétt lýst og það heimfært til réttra refsiákvæða.

Ætlaður misskilningur ákærða á því, hversu langt karfalínan næði út frá landi, flokkast hvorki undir afsakanlega vanþekkingu né aðra lögvillu (error juris) í skilningi 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940. Í því sambandi ber á það að líta, að afmörkun á svæði karfalínunnar kemur greinilega fram í 2. gr. stafliðar b reglugerðar nr. 125/1979 og þess þar greinilega getið, að hún sé dregin sex sjómílur utan við grunnlínu, sbr. reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975. Báðar framangreindar reglugerðir eru settar samkvæmt lögum. Reglugerð nr. 125/1979 er sett samkvæmt lögum nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og reglugerð nr. 299/1975 er sett samkvæmt lögum nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Báðar reglugerðirnar eru birtar almenningi með lögformlegum hætti í B-deild Stjórnartíðinda sömu ára, og þær eru enn fremur prentaðar óstyttar í Íslensku sjómannaalmanaki 1988, sem gefið er út af

Fiskifélagi Íslands og er um borð í hverju íslensku skipi 12 metra eða lengra. Upplýst er í málinu, að ákærða var kunnugt um, að reglugerð nr. 125/1979 var að finna í sjómannaalmanakinu. Refsimildunarsjónarmið 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 getur því augljóslega ekki átt við um brot ákærða.

Það, að skipherra vs. Óðins breytti við meðferð málsins efni kæru sinnar úr meintu reglugerðarbroti í meint fiskveiðibrot samkvæmt eigin upplýsingum í samræmi við leiðbeiningar og skilgreiningar, er vitnið fékk hjá ríkissaksóknara, þykir ekki skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa, enda hafði vitnið sagt við fyrri yfirheyrslu, að brotið væri fólgið í því að vera með veiðarfæri með tilgreindri möskvastærð, 135 mm, á svæði, þar sem óheimilt væri að veiða með slíku veiðarfæri. Vitnið vísaði til yfirlitskorts (gefins út af Sjómælingum Íslands), dskj. II,3, í því sambandi eða eins og vitnið sagði: „Já, eins og benda má á í yfirlitskorti yfir karfalínuna, dskj. 3, að þar er ekki leyfilegt að veiða með þennan karfapoka innar en að sex mílum, en samkvæmt okkar mælingum var hann allt upp að fjögurra mílna mörkunum." Ákærði fór enn fremur ekki í grafgötur um það, hvert kæruefnið var, þ. á m., að hér var um svonefnt svæðisbrot að ræða. Þótt, eins og að framan greinir, þetta atriði skipti ekki máli fyrir niðurstöðu málsins, eru allar breytingar á kæruefnum við meðferð opinberra mála óheppilegar, enda verður að ætlast til þess, að starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands séu svo vel upplýstir, að þeir geti með fullkomnu öryggi lagt fyrir dómstóla kærur, þar sem kæruefnið kemur skýrt og ótvírætt fram og ekki þurfi breytinga við.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 9. des. sl., segir svo: „Samkvæmt gullgildi 9. desember 1988 jafngilda 100 gullkrónur 2.812,83 - tvö þúsund átta hundruð og tólf 83/100 krónum."

Ákærði, Guðmundur Ingi Björnsson, er sakhæfur. Hann er fæddur 12. febrúar 1950 í Reykjavík og hefur samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins á tímabilinu frá 1969 til 1975 þrisvar í dómsáttum undirgengist greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot og einu sinni sektargreiðslu fyrir áfengis- og tollalagabrot.

Er ákærða verður ákvörðuð refsing, þykir mega hafa hliðsjón af framkomu ákærða við rannsókn málsins, en hún var til fyrirmyndar.

Samkvæmt refsiákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, og með hliðsjón af stærð skuttogarans Ásgeirs, RE 60, og málsatvikum að öðru leyti, þ. á m. góðri framkomu ákærða, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt 450.000,00 kr. til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald sex mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri bv. Ásgeirs, RE 60, voru metin til peningaverðs af

dómkvöddum matsmönnum, þeim Sigurði Inga Ingólfssyni netagerðarmeistara og Ágústi Helgasyni fiskimatsmanni, og staðfestu þeir mat sitt hér fyrir dóminum og komust að svofelldri niðurstöðu:

„Mat á fiski:

Karfi	34 kassar, samtals	1870 kg á 15,58 =	29.135,00 kr.
ufsi	4 " "	220 kg á 17,34 =	3.815,00 kr.
þorskur	3 " "	165 kg á 29,00 =	4.785,00 kr.
ýsa	3 " "	165 kg á 27,16 =	4.481,00 kr.
		Afli samtals	42.216,00 kr.

Troll og meðfylgjandi:

tvö st. troll á dekki ásamt tveimur bobbingalengjum, annað trollið rifið, samtals	900.000,00 kr.
fiskitroll á tromlu	275.000,00 kr.
flottroll á tromlu, frágengið til geymslu, óverðlagt	
varagrandarar	63.000,00 kr.
varastykki í troll	112.000,00 kr.
togvír, 1000 fml. 3 ¼"	165.000,00 kr.
toghlerar fyrir flottroll í geymslu, óverðlagt.	
toghlerar, 2 stk., frá Hleragerðinni	245.000,00 kr.
Samtals	1.760.000,00 kr.

Við mat þetta þykir verða að styðjast, þótt matsgerðin beri ekki annað með sér en matsmenn hafi aðeins metið annan togvírinn. Þrátt fyrir framangreindan annmarka verður ekki hróflað við niðurstöðutölu matsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali, ber með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 að gera allan framangreindan afla og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi, upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari (dómsformaður) kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Kristni Pálssyni skipstjóra og Finnboga Ólafssyni netagerðarmeistara.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ingi Björnsson, greiði 450.000,00 kr. í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi sex mánuði.

Öll veiðarfæri bv. Ásgeirs, RE 60, þar með taldir dragstrengir, svo

og allur afli innan borðs skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. desember 1989.

Nr. 216/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóni Marteini Guðröðarsyni
(Sigurður Georgsson hrl.).

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 16. maí 1989 og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar refsingar.

Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvalds, en til vara, að sér verði ekki gerð sérstök refsing. Þá er þess krafist, að allur sakarkostnaður fyrir Hæstarétti verði greiddur úr ríkissjóði. Jafnframt er krafist hækkunar á réttargæslu- og málsvarnarlaunum í héraði.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er með þeim hætti, að hún hefur eigi þýðingu í máli þessu.

Mælingu varðskipsmanna, sem þeir gerðu á möskvastærð botnvörpu skuttogarans um borð í skipinu 1. nóvember 1988, ber að leggja til grundvallar í málinu. Reyndist meðaltal 130 mældra möskva vera 152,3 mm og því undir leyfilegri stærð. Var botnvarpan því ólögmæt að því leyti. Þá er sannað, að útbúnaður botnvörpunnar var einnig ólöglegur, með því að minna bil var milli gjarða en leyfilegt var.

Ákærði hefur því gerst brotlegur við 1. mgr. 1. gr. og c-lið 7. gr., sbr. 10. og 11. gr., reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, sbr. 12. gr. og 1. mgr. 18. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, og lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948, sbr.lög nr. 45/1974.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda nú 100 gull-

krónur 3.657,75 krónum. Með hliðsjón af því þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 300.000,00 króna sekt, er renni til Landhelgissjóðs Íslands samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976, og komi þriggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Sigurður Georgsson hæstaréttarlögmaður var skipaður verjandi ákærða í héraði 16. mars 1989, en ákæra var gefin út 27. janúar sama ár. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður því staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Marteinn Guðröðarson, greiði 300.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald þrjá mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sakasóknarlaun, 50.000,00 krónur, í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verja síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 13. apríl 1989.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. apríl sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. janúar 1989, á hendur Jóni Marteini Guðröðarsyni, Bakkagerði 2, Stöðvarfirði, skipstjóra á skuttogaranum Kambaröst, SU 200, skipaskrárnúmer 1505, sem er 487 brúttórúmlestir og 47.91 lengdarmetri, fyrir fiskveiðibrot „með því að hafa árla morguns þriðjudaginn 1. nóvember 1988 verið á botnvörpuveiðum á skipinu í fiskveiðilandhelgi Íslands í Berufjarðardjúpi og á Hvalbaksgrunni með botnvörpu með möskva allt niður í 130 mm í stað 155 mm lágmarksmöskvastærðar, sem áskilið er í a.m.k. átta öftustu metrum botnvörpu. Í neðra byrði poka mældust 22 möskvar af 60 mældum möskvum 130-150 mm, og í efra byrði poka mældist 31 möskvi af 70 mældum möskvum 135-155 mm og því samtals

53 möskvar af samtals 130 möskvum, 40,7% mælinga, undir tilskilinni lágmarksstærð möskva.

Enn fremur er málið höfðað fyrir ólöglegan útbúnað botnvörpunnar að öðru leyti, með því að minna bil var á milli gjarða en áskilið er, frá pokaenda í 1. gjörð 1 metri, frá 1. gjörð í 2. gjörð 1,30 metrar og frá 2. gjörð í 3. gjörð 0,9 metrar.

Brot ákærða telst varða við 1. mgr. 1. gr., sbr. 6. gr. og c-lið 7. gr., sbr. 10. og 11. gr., reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 12. og 1. mgr. 18. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. mgr. 18. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skipaður verjandi ákærða, Sigurður Georgsson hrl., krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnar- og réttargæslulaun.

II.

Málsatvik.

Hinn 1. nóvember 1988 tilkynnti skipherrann á varðskipinu Óðni, að hann hefði staðið skipstjórann á skuttogaranum Kambaröst, SU 200, að ætluðum ólöglegum veiðum þá fyrr um daginn og gefið honum fyrirmæli um að sigla skipinu til hafnar á Eskifirði, þar sem mál hans yrði tekið til frekari rannsóknar. Skipherra kvað varðskipið og bv. Kambaröst verða komin til hafnar um kl. 18.00 og óskaði eftir því, að bæjarfógetaembættið á Eskifirði hlutaðist til um, að gerðar yrðu viðeigandi ráðstafanir, er skipin kæmu í höfn.

Formleg rannsókn hófst fyrir dóminum kl. 20.40 sama dag, 1. nóvember 1988.

Skipherra á varðskipinu hefur lagt fram skýrslu sína, og er hún svohljóðandi:

Þriðjudaginn 1. nóvember 1988 var bv. Kambaröst, SU 200, staðinn að ætluðu reglugerðarbroti í Berufjarðardjúpi. Skipstjóri bv. Kambarastar, SU 200, er Jón Marteinn Guðröðarson, nnr. 5136-8568, fæddur 16. mars 1941, til heimilis að Bakkagerði, Stöðvarfirði.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Þriðjudaginn 1. nóvember 1988, er varðskipið var á eftirlitssiglingu SA af Hvalbak, var tekið eftir skipi í ratsjá varðskipsins. Kl. 6.27 var gerð eftirfarandi mæling:

Hvalbakur r/v 319°, fjarlægð 7,7 sjómílur, og samtímis mældist skipið í r/v 217° í 12,0 sjómílu fjarlægð. Gefur þessi ákvörðun stað skipsins um 15,2 sml. innan karfalínunnar.

Kl. 6.33 var gerð eftirfarandi mæling:

Hvalbakur r/v 322°, fjarlægð 8,8 sjómílur, og samtímis mældist skipið í r/v 220° í 11,2 sjómílna fjarlægð. Gefur þessi ákvörðun stað skipsins um 15,1 sjómílu innan karfalínunnar.

Kl. 7.15 sást greinilega, að skipið var skuttogari og sneri bakborðshlið að varðskipinu, sem sigldi í r/v 240°.

Kl. 7.25 sást, að togarinn hafði snúið þannig, að nú sneri hann stjórnborðshlið að varðskipinu, sem sigldi óbreytta stefnu.

Kl. 7.27 sást, að togarinn var að hífa net upp skutrennuna.

Kl. 7.30 var gerð eftirfarandi mæling við hlið togarans, sem reyndist vera bv. Kambaröst, SU 200:

Krossanes r/v 283°, 31,6 sjómílur. Gefur þessi ákvörðun stað skipanna um 13,9 sjómílur innan karfalínunnar (sett út í kort frá fyrstu hæðarlínu).

Var skipstjóra Kambarastar sagt að stöðva skip sitt, því að varðskipið hygðist senda mælingamenn yfir til hans.

Kl. 7.35 var gerð eftirfarandi mæling við hlið Kambarastar, sem hafði verið stöðvuð:

Krossanes r/v 283°, fjarlægð 31,2 sjómílur. Gefur þessi ákvörðun stað skipanna um 14,2 sjómílur innan karfalínunnar (sett út í kort frá sama tíma og fyrr).

Frá kl. 7.37 til kl. 11.00 unnu 1. og 2. stýrimaður varðskipsins ásamt tveimur hásetum við mælingar á veiðarfærum og afla Kambarastar, og komu eftirfarandi atriði í ljós:

1. Poki vörpunnar reyndist 10,4 metrar, en samkvæmt reglugerð nr. 353/1984 á poki botnvörpu að vera 8,0 metri.

2. Af 130 möskvum, sem mældir voru í efra og neðra byrði pokans, reyndust 53 undir lágmarksstærð möskva samkvæmt reglugerð nr. 353/1984, 40,7% mælinga.

3. Frágangur gjarða var eftirfarandi:

1 metri frá pokakolli að fyrstu gjörð, 1,3 metrar á milli fyrstu og annarrar gjarðar, 0,9 metrar milli annarrar og þriðju gjarðar, 2,8 metrar milli þriðju og fjórðu gjarðar og 2,7 metrar milli fjórðu og fimmtu gjarðar.

Er þessi búnaður ekki heldur í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar reglugerðar.

Kl. 11.10 var skipstjóra Kambarastar sagt að halda til Eskifjarðar, þar sem mál hans yrði rannsakað frekar.

Veiðarfæramælingar varðskipsins fylgja skýrslu þessari ásamt mælingunni á afla.

Staðarákvarðanir voru gerðar með Sperry-MK-16-ratsjá, og voru fjarlægðarhringirnir bornir saman við þá föstu og reyndust réttir.

Með skýrslunni fylgir enn fremur sjókort nr. 71, sem staðir skipanna eru markaðir inn á ásamt karfalínunni og reglugerðarhólfinu frá 6. ágúst síðastliðnum.

Veður: NNA-5, sjór 3-4, léttskýjað.

Höskuldur Skarphéðinsson skipherra
(sign).“

Skýrslu skipherra fylgdi úrklippa úr sjókorti. Enn fremur fylgdi skýrsla um mælingar varðskipsmanna á veiðarfærum.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson skipherra kom fyrir réttinn og staðfesti framangreindar skýrslur, sem það hafði gert um málið. Að skýrslu hafi unnið auk þess yfirstýrimaður og 2. stýrimaður. Vitnið kveðst hafa unnið að mælingum á staðarákvörðunum skipsins, tveimur hinum síðari. Samkvæmt mælingum á staðarákvörðun skipsins reyndist það á veiðum innan lokaðs hólfs. Staðarákvarðanir voru gerðar með ratsjá af gerðinni Sperry-MK-16.

Aðspurt segir vitnið 1. og 2. stýrimann hafa annast mælingar á botnvörpunni.

Þá segir vitnið skipverja hafa verið að hala, er varðskipið bar að.

Kom þá fyrir dóminn sem vitni Ómar Karlsson, yfirstýrimaður á varðskipinu Óðni.

Staðfesti vitnið skýrslu skipherrans sem rétta. Vitnið kveðst hafa annast tvær síðari mælingar, sem gerðar voru á staðarákvörðun skipsins, ásamt skipherra og 1. stýrimanni.

Vitnið Guðmumdur Emil Sigurðsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu skipherra. Sagðist það hafa annast tvær fyrstu staðarákvarðanir skipsins eitt og tvær hinar síðari með skipherra, yfirstýrimanni og 2. stýrimanni og staðfestir þær réttar. Þá kvaðst vitnið hafa unnið að mælingum á veiðarfærum og afla skipsins.

Vitnið Friðrik Hermann Friðriksson, 2. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóminn og sagðist hafa unnið að tveimur síðari staðarmælingum skipsins, staðfesti mælingar réttar svo og skýrslu skipherra. Vitnið sagðist hafa unnið að mælingum á veiðarfærum og afla skipsins, en verið var að hala, þegar varðskipið bar að.

Ákærði, Jón Marteinn Guðröðarson, kvaðst viðurkenna að hafa verið á veiðum innan karfalínunnar, en samkvæmt sinni mælingu hefði skip sitt þá verið 0,7 sjómílur suðvestur af friðuðu svæði á Breiðdalsgrunni, er skipið var stöðvað. Segist hann hafa fengið tilmæli um að sigla til hafnar, þar sem skipið hafi verið staðið að veiðum inni í lokuðu hólfi.

Í mælingum varðskipsmanna telur ákæruði 1. lið réttan, þ.e. mælingu á poka botnvörpunnar, en mótmælir vísan til reglugerðar nr. 353 frá 1984 sem rangri. Um 2. lið, mælingar á möskvastærð, gerir ákæruði þá athugasemd, að sér vitandi hafi varðskipsmenn ekki mælt möskvastærð vængja og belgs, þó að þeir gefi upp stærð möskva. Hann telur 3. lið réttan.

Er ákæruði kom síðar fyrir dóm, mótmælti hann niðurstöðum möskvamælinga varðskipsmanna. Jafnframt mótmælti hann, hvernig að töku skipsins var staðið. Ákæruði segist hafa verið færður til hafnar á þeim forsendum, að hann væri að veiðum inni í lokuðu hólfi, þrátt fyrir það að samkvæmt „videoplotter" skipsins hafi hann talið sig vera 0,7 sjómílur suðvestur af friðuðu svæði á Breiðdalsgrunni. Hafi sér verið bent á, að um skekkju væri að ræða í tæki sínu.

Að beiðni lögmanns ákærða voru nú dómkvaddir matsmenn til að sannreyna möskvastærð. Þá komu varðskipsmenn til hafnar að nýju og endurtóku mælingu á möskvastærð botnvörpunnar jafnframt því að mæla möskvastærð karfapoka skipsins.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson kom aftur fyrir dóminn og staðfesti efni fram lagðra gagna. Bornar eru saman tvær fyrri mælingar varðskipsmanna á möskvastærð botnvörpunnar. Undirmálsmöskvar reyndust 40,7% samkvæmt fyrri mælingu, en 7% minni munur við hina síðari, þ.e. 33,7%. Benti vitnið á, að fyrri mæling væri frumathugun, sem hann teldi, að næsta mæling styddi. Vitnið telur síðari mælingu leiða í ljós, að hinn umdeildi poki sé þorskpoki þrátt fyrir undirmálsmöskva, sem fram komu við mælingu.

Aðspurt segir vitnið, að niðurstaða möskvamælinga ein hafi leitt til þess, að skipið var fært til hafnar, en vill auk þess benda á ögrandi siglingu skipsins.

Vitnið Ómar Karlsson yfirstýrimaður kemur enn fyrir dóminn og kveður síðari mælingu gerða af sömu mönnum á sömu tæki. Vitnið kveðst sannfært um, að sami poki hafi verið mældur. Það getur þess, að niðurstaða mælinga bendi til of smárra möskva af þorskpoka að vera, telur, að um teygðan karfapoka sé að ræða.

Vitnið Guðmundur E. Sigurðsson, 1. stýrimaður, kom fyrir dóminn, en það hafði gert mælingar ásamt 2. stýrimanni og staðfestir efni þeirra. Vitnið segir mælingar hafa verið gerðar á sama poka og telur, að um þorskpoka hafi verið að ræða. Þá telur vitnið hugsanlegt, að framleiðslugalli geti valdið undirmálsmöskva.

Vitnið Friðrik Hermann Friðriksson, 2. stýrimaður, kom fyrir dóminn og staðfesti mælingar sínar. Taldi það ekki leika vafa á, að sami poki hefði verið mældur í bæði skiptin, en vafa leika á, hvort um karfa- eða þorskpoka hefði verið að ræða.

Aðspurt um skýringu á mun mælinga varðskipsmanna segist það álíta afleiðingu þess, að nót hafi fyrst verið mæld úr hafi, en lítillega bleytt við síðari mælingu.

Þá kom fyrir dóminn Jónas Sveinsson, sem starfar við netaverkstæði Hraðfrystihúss Eskifjarðar og dómkvaddur var til möskvamælinga. Staðfestir hann skýrslu sína og segir, að samkvæmt sinni mælingu hafi ekki mælst undirmálsmöskvar. Vitnið var viðstatt mælingu varðskipsmanna og telur vinnubrögð nokkuð frábrugðin því, sem það átti að venjast á sjó.

Þorbergur Hauksson, starfsmaður netaverkstæðis Hraðfrystihúss Eskifjarðar og dómkvaddur til möskvamælinga, kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sína. Aðspurður um undirmálsmöskva við mælingar þeirra segist hann hafa orðið var við einn undirmálsmöskva. Þá telur vitnið aðspurt mælingu hafa farið fram á þorskpoka.

Vitnið var viðstatt mælingu varðskipsmanna og telur, að við þær mælingar, sem það þekkir til, hafi verið þrýst fastar í möskvana en hann varð vitni að í gær.

III.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákæröi hafi þriðjudaginn 1. nóvember 1988 verið að botnvörpuveiðum á skuttogaranum Kambaröst, SU 200, á Berufjarðardjúpi, um 14,2 sjómílur innan karfalínunnar. Ekki er deilt um staðarákvarðanir í málinu. Á svæði þessu ber við veiðar að hafa botnvörpu skipa þannig útbúna, að lágmarksmöskvastærð að minnsta kosti átta öftustu metra sé 155 mm, með vísan til 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 125 frá 5. mars 1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu.

Við möskvamælingar varðskipsmanna á veiðarfærum Kambarastar, SU 200, var beitt hefðbundinni mæliaðferð Landhelgisgæslunnar, sem er í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 263 frá 1970, um alþjóðlegt fiskveiðaeftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu. Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum.

Niðurstöður mælinga voru þær, að 40,7% af mældum möskvum reyndust undir tilskilinni lágmarksstærð möskva.

Að ósk lögmanns ákærða voru dómkvaddir starfandi netagerðarmenn til að annast mælingu á veiðarfærum skipsins. Niðurstaða þeirrar mælingar var sú, að engir undirmálsmöskvar mældust. Enn var hin umrædda varpa skipsins mæld af varðskipsmönnum að viðstöddum aðilum málsins svo og hinum dómkvöddu matsmönnum. Við mælingu þessa reyndust frávik vera 7% minni en við fyrri mælingu varðskipsmanna.

Á grundvelli niðurstöðu ýtarlegra mælinga varðskipsmanna þykir talið sannað, að ákærði, Jón Marteinn Guðröðarson, hafi þriðjudaginn 1. nóvember 1988 gerst sekur um fiskveiðibrot. Ákærði var þá á botnvörpuveiðum á skuttogaranum Kambaröst, SU 200, sem er 487 brúttórúmlestir og 47,91 lengdarmetri, í Berufjarðardjúpi og á Hvalbaksgrunni með botnvörpu, sem reyndist með of smáa möskva, þar sem ákærða bar að hafa botnvörpu skipsins útbúna þannig, að lágmarksmöskvastærð a.m.k. átta öftustu metra væru 155 mm.

Með eigin játningu ákærða telst sannað, að útbúnaður botnvörpu var ólöglegur að því leyti, að minna bil var á milli gjarða en áskilið er í c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 125/1979.

Í ákæru ríkissaksóknara er hegðun ákærða réttilega lýst og hún þar heimfærð til réttra refsingarákvæða.

Nokkurrar ónákvæmni gætti við kæruefni skipherra vs. Óðins. Þótt ekki skipti máli fyrir niðurstöðu málsins, verður að ætlast til þess, að starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands leggi fyrir dómstóla kærur, þar sem kæruefnið komi ótvírætt fram.

Í vottorði Seðlabanka Íslands 1. nóvember 1988 segir svo: „Samkvæmt gullgildi 1. nóvember 1988 jafngilda 100 gullkrónur 2.823,09 kr. -tvö þúsund átta hundruð og tuttugu og þremur 09/100 krónum.“

Ákærði, Jón Marteinn Guðröðarson, er sakhæfur. Hann er fæddur 16. mars 1941 í Kálfavík, Ögurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og hefur samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins á tímabilinu frá 1959 til 1982 fjórtán sinnum í dómsáttum undirgengist greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot, þrisvar sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot, tvisvar sektargreiðslu fyrir áfengis- og umferðarlagabrot og sviptingu ökuleyfis og dóm fyrir brot á umferðar- og áfengislögum.

Samkvæmt refsiákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, og með hliðsjón af stærð skuttogarans Kambarastar, SU 200, og málsatvikum að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt 160.000,00 kr. til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 50 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Georgssonar hrl., 40.000,00 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Inger L. Jónsdóttir aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmanninum Garðari Eðvaldssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Marteinn Guðröðarson, greiði 160.000,00 kr. í sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Í stað sektar komi varðhald 50 daga, verði sekt ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Georgssonar hrl., 40.000,00 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. desember 1989.

Nr. 125/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Magnúsi Ríkharðssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Fiskveiðibrot. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1989 að ósk ákærða og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu og staðfestingar á upptöku afla og veiðarfæra. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist ríkissaksóknari til vara, að ákærði sætti refsingu og upptöku afla samkvæmt 12. gr. og 18. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og refsing verði þá einnig þyngd.

Ákærði krefst sýknu, en til vara vægustu refsingar samkvæmt 12. og 18. gr. laga nr. 81/1976, sbr. lög nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, og reglugerð nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu.

Ákærði var að botnvörpuveiðum á togskipinu Sigurvík, VE 555, innan fiskveiðilandhelginnar á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar eru heimilar samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1976, og hefur því ekki brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga þessara. Við veiðarnar notaði ákærði botnvörpu með minni möskvum en mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979. Undanþáguákvæði 2. gr. reglugerðarinnar tekur ekki til veiða á því svæði, þar sem ákærði var að veiðum. Hann hefur því brotið gegn ákvæði 1. mgr. 1. gr., sbr. 10. og 11. gr., reglugerðar þessarar. Sjá dóma Hæstaréttar 20. mars 1989 í málunum nr. 19/1989 og nr. 20/1989.

Fyrir Hæstarétti var málið reifað með hliðsjón af varakröfu ríkissaksóknara, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ber að ákveða ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga

nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur 3.657,75 krónum. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og skal sektin samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976 renna í Landhelgissjóð Íslands. Rétt þykir, að tveggja mánaða varðhald komi í stað sektar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla, en andvirði hans skal renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Í 18. gr. laga nr. 81/1976 felst ekki heimild til upptöku veiðarfæra nema við ítrekað brot, og ber að hnekkja niðurstöðu héraðsdóms að því leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra. Þá ber að dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins að ¾ hlutum, eins og greinir í dómsorði. Að öðru leyti skal sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Ríkharðsson, greiði 180.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald tvo mánuði í stað sektar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli Sigurvíkur, VE 555, skal upptækur og andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra er fellt úr gildi.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins að ¾ hlutum, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 20. febrúar 1989.

I.

Dómkröfur o.fl.

Mál þetta, sem að undangengnum munnlegum málflutningi var dómtekið í gær, er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. febrúar 1989, á hendur Magnúsi Ríkharðssyni, Foldahrauni 40 F, Vestmannaeyjum, skipstjóra á togskipinu Sigurvík, VE 555, „fyrir fiskveiðibrot með því að hafa um kl. 18.00 föstudaginn 17. febrúar 1989 verið á botnvörpuveiðum á skipinu, sem er 66 brúttórúmlestir og 21,73 lengdarmetrar, norðan til í Álnum, skammt undan Bakkafjöru, með botnvörpu, sem búin var riðli með lágmarksmöskvastærð 135 mm í 4,20 öftustu metrum vörpunnar, og á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem gefur stað skipsins um 24 sjómílur innan þeirra marka, þar sem veiðar með svo útbúinni botnvörpu eru leyfðar á þessum árstíma.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 1. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 5. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 17. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, og til þess að sæta samkvæmt 3. mgr., sbr. 21. gr., sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlauna, í ríkissjóð."

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og honum dæmd málsvarnarlaun að mati réttarins, en til vara er þess krafist, að til grundvallar dómsniðurstöðu verði lagðar reglugerðir um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979 og 353/1984, aðallega 10. gr. Enn fremur er krafist málsvarnarlauna eins og með aðalkröfu.

II.

Málsatvik.

Síðdegis föstudaginn 17. febrúar sl. tilkynnti skipherrann á varðskipinu Týr, að hann hefði staðið skipstjórann á togskipinu Sigurvík, VE 555, að ætluðum ólöglegum veiðum þá fyrr um daginn, og hefði hann gefið skipstjóranum fyrirmæli um að sigla skipinu til hafnar í Vestmannaeyjum, þar sem mál hans yrði tekið til frekari rannsóknar. Skipherrann kvað varðskipið og ms. Sigurvík verða komin til hafnar í Vestmannaeyjum eftir u.þ.b. klukkustund og óskaði eftir því, að bæjarfógetaembættið í Vest-

mannaeyjum hlutaðist til um, að gerðar yrðu viðeigandi ráðstafanir, er ms. Sigurvík kæmi í höfn.

Formleg rannsókn hófst fyrir dóminum kl. 11 næsta dag, laugardaginn 18. febrúar sl. Skipherrann á varðskipinu hefur lagt fram skýrslu sína, og er hún svohljóðandi:

„Föstudaginn 17. febrúar 1989 stóð varðskipið Týr togbátinn Sigurvík, VE 555, skipstjóri Magnús Ríkharðsson, til heimilis að Foldahrauni 40 F, Vestmannaeyjum, fæddur 20.8. 1964, nafnnúmer 6279-5328, að ólöglegum togveiðum í Álnum N af Vestmannaeyjum. Nánari málsatvik voru sem hér greinir:

Föstudaginn 17. febrúar var varðskipið Týr á eftirlitsferð N af Elliðaey. Um kl. 17.35 var tekið eftir togbát að veiðum N af Vestmannaeyjum.

Kl. 17.45 var komið að togbátnum Sigurvík, VE 555, sem var að taka vörpuna, og sást, þegar skipverjar bátsins hífðu inn pokann.

Staður Elliðaeyjar miðast r/v 148 gráður, fjarlægð 3.6 sjóm. Gefur það stað bátsins um 18.0 sjóm. (sic) innan leyfilegra marka.

Kl. 17.46 fóru 1. og 2. stýrimaður varðskipsins ásamt tveimur hásetum yfir í togb. Sigurvík, VE 555, til mælinga.

Við mælingu á poka botnvörpunnar kom í ljós, að hann var of smáriðinn að hluta. Var þá skipstjóra bátsins tilkynnt, að hann yrði færður til hafnar í Vestmannaeyjum, svo að frekari rannsókn gæti farið fram í máli hans.

Um kl. 19.40 hélt báturinn áleiðis til Vestmannaeyja, en varðskipið sneri til annarra starfa.

Veður: SV 3 vindst., snjóél, sjór 5.

Með skýrslu þessari fylgir mælingaskýrsla 1. og 2. stýrimanns ásamt ljósriti af sjókorti, nr. 321, þar sem staður bátsins kl. 17.45 er markaður.

Það skal tekið fram, að varðskipsmenn tóku poka vörpunnar með sér um borð í varðskipið, og er hann geymdur þar.

Sigurður Þ. Árnason (sign).“

Í mælingaskýrslu varðskipsmanna á poka vörpu skipsins, sem er undirrituð af 1. stýrimanni varðskipsins, vitninu Halldóri Gunnlaugssyni, kemur m.a. fram, að neðsti hluti pokans, þ.e. 4,20 metrar, hafi verið með 135-140 mm möskva.

Ákærði, Magnús Ríkharðsson, kvaðst enga athugasemd gera við skýrslu skipherrans á varðskipinu Týr og kvað skýrsluna í alla staði rétta. Ákærði kvaðst viðurkenna, að það væri rétt hjá varðskipsmönnum, að neðsti hluti pokans hefði verið með 135-140 mm möskva, og kvaðst viðurkenna það. Ákærði kvað það rétt vera, að allur poki vörpunnar, þ.e. allir átta metrarnir, hefðu átt að vera með 155 mm möskva. Við mælingaskýrsluna í heild sinni kvaðst hann ekki gera athugasemdir, en hafa verið grunlaus um, að svo stór hluti af poka vörpunnar hefði verið með svo þéttriðnu neti. Ákærði

upplýsti hins vegar, að þar sem teygst hefði á möskvunum í neðsta hluta pokans og þeir verið komnir í allt að 170 mm og engu haldið inni, hefði hann beðið útgerðarmann skipsins, vitnið Sigurð Inga Ingólfsson, sem jafnframt sé starfandi netagerðarmeistari, að skipta um möskvana í botninum á pokanum, nokkrar síður. Ákærði kvaðst hafa talað um það við útgerðarmanninn, að þeir möskvar ættu að vera eitthvað minni en hinir lögboðnu, 155 mm, eða nánar til tekið 140 - 145 mm. Ákærði taldi hins vegar, að orðið hefðu mistök hjá útgerðarmanninum, þar sem hann hefði sett upp fjóra metra, eins og ákærði orðaði það, og um það hefði hann verið algjörlega grunlaus. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að nota vörpu pokans þannig útbúna í u.þ.b. mánaðartíma, en gæftir hefðu verið með eindæmum stirðar, litlar sem engar. Ákærða, sem ekki gerði athugasemdir við mælingu varðskipsmanna, eins og fyrr greinir, fannst þó rétt að taka fram, að sér hefði fundist varðskipsmenn mæla of mikið í ólöglega netinu, en ekki upp átta metrana, sem hann teldi þó, að hefði átt að gera og taka síðan meðaltal af því, og eins væri spurning að sínu mati, hversu mikið átak ætti að nota við mælinguna. Við þingfestingu málsins hafði ákærði ekkert við hegðunarlýsingu í ákæru að athuga.

Vitnið Sigurður Ingi Ingólfsson, útgerðarmaður mb. Sigurvíkur, VE-555, upplýsti, er vitnið kom fyrir dóminn, hvernig stóð á því, að 4,20 öftustu metrar vörpunnar reyndust vera með 135 mm möskvastærð. Vitnið kvaðst sjálft hafa unnið það verk, sem til hefði þurft í þessu sambandi. Aðdragandi hefði verið sá, sagði vitnið, að í byrjun desember hefði það mælt þann hluta vörpu pokans, sem fyrir hafi verið, áður en skipt var um, og notað við það sams konar mælistiku og varðskipsmenn nota. Möskvarnir hefðu mælst hjá sér allt upp í 164 mm. Á þessum tíma hefði verið mikil óánægja með það, hvað skipið fékk lítinn afla úr sjó, og það hefði verið mat vitnisins, að skipta þyrfti um þetta við fyrstu hentugleika. Strax eftir jól kvaðst vitnið síðan hafa ráðist sjálft í að gera þetta. Vitnið kvaðst hafa sniðið niður „stykki" og gengið frá þessu. Vitnið taldi, að sér hefðu sjálfsagt orðið á einhver mistök, þar sem það hefði ekki ætlað að skipta um nema smáhluta neðst í vörpu pokans, svokölluðum hífipoka, en þar sagði vitnið, að tognaði strax upp í mikla riðilsstærð, sem ylli því á litlum báti, eins og hér um ræðir, að mikið af stórum fiski færi þar út um netið. Vitnið sagði, að það hefði gert þetta um borð og staðið þar eitt að verki, og þar sem möskvarnir í vörpu pokans hefðu að mati vitnisins verið stórir, langt upp fyrir hífipokann, kvaðst það hafa haldið áfram upp pokann og með því gert einhver mistök. Vitnið sagðist ekki geta mótmælt því, sem stæði í ákæru, að 4,20 öftustu metrar af vörpu pokans hefðu verið af lágmarksstærðinni 135 mm, en tók hins vegar fram, að það hefði talið, að möskvastærðin hefði verið yfir 140 mm.

Vitnið Sigurður Árnason, skipherra á varðskipinu Týr, kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sína. Vitnið gerði grein fyrir einstökum atriðum skýrslunnar, og kom fram í framburði vitnisins, að þar sem talað væri um í skýrslunni, að við mælingu á poka botnvörpunnar hefði komið í ljós, að hann væri of smáriðinn að hluta, væri höfð til hliðsjónar reglugerð um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu. Þar sem segði í skýrslunni, að báturinn hefði verið 18 (sic) sjómílur innan leyfilegra marka, sagði vitnið, að átt væri við svokallaða karfalínu, sem dregin sé samkvæmt sömu reglugerð á 12 mílna mörkunum (miðað við grunnlínu) suður af Geirfuglaskeri. Eftir þingfestingu málsins kom vitnið aftur fyrir dóminn og upplýsti, að orðið hefðu mistök í skýrslugerðinni, dskj. III, skjal 1, þar sem talað væri um, að báturinn hefði verið 18 sjómílur innan leyfilegra marka, en ætti að vera, miðað við árstíma, 24 sjómílur. Vitnið taldi, að hér væri eingöngu um brot á reglugerðinni um möskvastærð að ræða. Vitnið sagði, að staður skipsins kl. 17.45 hefði verið markaður inn á sjókortið nr. 321 af yfirstýrimanni, Ólafi Val Sigurðssyni, og kvaðst vitnið hafa yfirfarið það og það reynst vera rétt markað. Vitnið gerði nánari grein fyrir því, þegar það sendi undirmenn sína yfir í mb. Sigurvík til mælinga. Það kvað yfirmann þess leiðangurs hafa verið 1. stýrimann varðskipsins, Halldór Gunnlaugsson, og með honum í för hefðu verið 2. stýrimaður varðskipsins, Þórir Jóhann Axelsson, bátsmaðurinn, Steinar Clausen, og einn háseti.

Vitnið Halldór Gunnlaugsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Týr, sagði, að þegar það hefði komið um borð í mb. Sigurvík, hefði ekki verið búið að kasta trollinu. Vitnið, sem sagðist vera vanur netamaður og búið að vera mikið á fiskiskipum, sérstaklega á trollbátum og togurum, sagðist hafa byrjað á því, er það kom um borð, að kíkja í fiskikassann og þá séð, að fiskurinn var mjög smár. Vitnið greindi frá því, hvernig staðið hefði verið að mælingunni, sagði, að mælt hefði verið eftir sérstakri vinnureglu, og í samræmi við hana hefði ekki verið mælt nær pokaopinu en fjóra möskva, og mælt hefði verið í tveimur samhliða línum upp eftir pokanum og ekki færri en 20 möskva í báðum byrðum og síðan upp eftir pokanum til þess að sjá, hve langt hin tiltekna möskvastærð næði. Vitnið sagði, að þegar það hefði verið búið að finna það, hefði það reynst vera 4 metrar og 20 cm frá pokaopi, þangað til sú möskvastærð byrjaði, sem lögleg sé, þ.e. 155 mm. Vitnið sagði, að ekki hefði verið notaður vigtarmælir, heldur mælistika, löggilt og viðurkennd af dómsmálaráðuneytinu, og hefði skipstjóri og fleiri skipverjar verið viðstaddir mælinguna. Vitnið kvaðst hafa bent skipstjóra sérstaklega á það, að við sína mælingu notaði það krafta, til þess að það yrði þeim örugglega í hag, og sýnt honum fram á, að örugglega væri notuð nægileg orka við að setja mælistikuna í netið. Í því sambandi kveðst vitnið gera ráð fyrir því, að hún hafi verið nær því að vera

20-30 kg en 5 kg. Vitnið sagði, að þegar möskvinn hefði verið mældur, hefði hann verið teygður horna á milli, þ.e. teygður langsum eftir upptökum, og þess gætt að halda honum í beinni línu, hæfilega strekktum fyrir mælistikuna. Vitnið sagði, að netið hefði verið vel vott, enda nýkomið upp úr sjó. Vitnið kvað það rétt vera, að það hefði komið ákærða á óvart, hver niðurstaða á mælingunni hefði verið, og hefði ákærði tekið fram, að netið hefði verið lítið notað, enda nýlega komið frá netagerð, og hefði einn af eigendum skipsins lagt til veiðarfærið. Í þessu sambandi sagðist vitnið ekki sjá betur en um það bil helmingur af upphaflega pokanum hefði verið skorinn frá og annar með smærri möskvum saumaður fyrir neðam. Vitnið, sem sagðist telja, að hér væri um skýlaust brot að ræða, sagði, að mælingaskýrslan væri gerð af samviskusemi og eftir bestu vitund, og kvaðst telja hana rétta, en aðstoðarmenn við mælinguna hefðu verið vitnið Þórir Jóhann Axelsson, 2. stýrimaður á varðskipinu, og hásetinn Hannes Bjarnason og bátsmaðurinn, Steinar Clausen.

Vitnið Þórir Jóhann Axelsson, 2. stýrimaður á varðskipinu, sagði, að það hefði fylgst með því, er 1. stýrimaður, vitnið Halldór Gunnlaugsson, hefði mælt möskva vörpunnar. Það sagði, að vitnið Halldór hefði lesið upp þær tölur, sem hefðu komið fram við mælinguna, og bátsmaður, Steinar Clausen, hefði endurtekið þær og skráð þær, en það sjálft fylgst með því, að réttar tölur, sem voru upp lesnar, væru færðar inn á mælingaskýrsluna, dskj. III, 2. Vitnið staðfesti mælingaskýrsluna sem rétta.

III.

Niðurstaða.

Skv. 5. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð skiptingu veiðisvæða milli veiðarfæra og banna notkun tiltekinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma.

Í 2. gr. a-liðar reglugerðar nr. 125/1987, sem byggð er á nefndum lögum, er tilgreint, hvar heimilt er að veiða með botnvörpu, sem hefur poka með 135 mm lágmarksstærð möskva.

Á svæði því, sem veiðar ákærða fóru fram á, bar ákærða að hafa botnvörpu skipsins útbúna þannig, að lágmarksmöskvastærð a.m.k. átta öftustu metrana væri 155 mm., sbr. 1. gr. 1. mgr. áðurnefndrar reglugerðar, nr. 125/1979. Óumdeilt er í málinu, að botnvarpa skipsins fullnægði ekki framangreindum skilyrðum, enda var varpa skipsins útbúin þannig, að 4,20 öftustu metrar hennar voru með riðli (möskva), þar sem lágmarksmöskvastærð var 135 mm. Ákærða var þannig, eins og hér stóð á, óheimilt að stunda botnvörpuveiðar á skipinu á því svæði, þar sem veiðarnar fóru fram, en ekki er deilt um staðarákvarðanir í máli þessu.

Ekki skiptir máli í þessu sambandi, þótt ákærði hafi talið, að hann væri á löglegum veiðum í umrætt sinn, þar sem ákærða bar sem skipstjóra að fylgjast með því, að veiðarfæri skipsins fullnægðu settum reglum, áður en hann hóf veiðar. Ákærða var þannig með öllu óheimilt að gefa útgerðarmanni skipsins fyrirmæli um að breyta þannig vörpu skipsins, að hún fullnægði ekki settum reglum, en viðurkennt er af ákærða, að hann hafi ætlast til þess, að neðstu möskvarnir í trollinu, þ.e. nokkrar síður, yrðu með 140 til 145 mm möskva. Ákærða mátti því vera ljóst, að hann var á ólöglegum veiðum í umrætt sinn.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins þykir því nægilega sannað, að ákærði hafi um kl. 18 föstudaginn 17. febrúar 1989 gerst sekur um fiskveiðibrot. Ákærði var þá á botnvörpuveiðum á skipi sínu, Sigurvík, VE 555, sem er 66 brúttórúmlestir og 21,73 lengdarmetrar, norðan til í Álnum, skammt undan Bakkafjöru, með botnvörpu, útbúinni eins og að framan greinir, og á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem gefur stað skipsins um 24 sjómílur innan þeirra marka, þar sem veiðar með slíkri botnvörpu eru leyfðar á þessum árstíma. Í ákæru ríkissaksóknara er hegðun ákærða réttilega lýst og hún þar heimfærð til réttra refsilagaákvæða.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 19. febrúar sl., segir svo: „Samkvæmt gullgildi 19. febrúar 1989 jafngilda 100 gullkrónur 3.061,71 - þrjú þúsund sextíu og einni 71/100 krónum."

Ákærði, Magnús Ríkharðsson, er sakhæfur. Hann er fæddur 20. ágúst 1964 í Ólafsvík og hefur samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins sætt einungis eftirgreindri refsingu:

1984 28/3 Snæfells- og Hnappadalssýsla. Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. l. um skotv. og sprengiefni, nr. 46/1977.

Samkvæmt refsiákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, og með hliðsjón af stærð vélbátsins Sigurvíkur, VE 555, og málsatvikum að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, 180.000,00 kr., til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri mb. Sigurvíkur, VE 555, voru metin til peningaverðs af dómkvöddum matsmönnum, þeim Hallgrími Júlíussyni netagerðarmeistara og Ágústi Helgasyni fiskimatsmanni, og staðfestu þeir mat sitt hér fyrir dóminum og komust að svofelldri niðurstöðu:

Mat á veiðarfærum:

90 feta fótreipistroll	117.500,00 kr.
80 feta kassatroll	119.000,00 "
1 sett toghlerar, Byson no. 8	75.000,00 "

grandarar, 12 og 16 mm.	10.000,00	kr.	
2x300 faðma togvírar 2"	38.800,00	"	
bobbingalengja	25.500,00	"	
2 undirbyrði og varastykki	11.900,00		397.700,00 kr.

Mat á afla (miðað við Landssambandsverð):

130 kg ýsa ... 27/51	3.576,00	kr.	
270 kg ýsa ... 39/30	10.611,00	"	
200 kg þorskur 40/76	8.152,00	"	22.339,00 kr.
	Samtals		420.039,00 kr.

Eins og krafist er í ákæruskjali, ber með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 að gera allan framangreindan afla og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi, upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 30.000,00 kr., og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000,00 kr., en Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari flutti mál þetta af ákæruvalds hálfu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari (dómsformaður) kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Friðriki Ásmundssyni skipstjóra og Finnboga Ólafssyni netagerðarmeistara.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Ríkharðsson, greiði 180.000,00 kr. í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi 60 daga.

Öll veiðarfæri mb. Sigurvíkur, VE 555, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innan borðs skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Skarphéðins Þórissonar hrl., 30.000,00 kr., og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000,00 kr., en Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari flutti mál þetta af ákæruvalds hálfu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. desember 1989.

Nr. 69/1989. **Skúli J. Pálmason**
(sjálfur)
gegn
Tollstjóraembættinu í Reykjavík
(Kjartan Ragnars hrl.).

Opinber gjöld. Endurgreiðsla. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 8.928,00 krónur með ársvöxtum svo sem hér segir: 33,6% frá 6. október 1988 til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 24% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 38,4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. september s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. október s.á., en með 38,4% frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig, að vextir breytist til lækkunar eða hækkunar samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á greiðslutíma skuldarinnar, auk vaxtauppfærslu á tólf mánaða fresti. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1965, um launaskatt, skal greiða dráttarvexti af vangreiddum launaskatti frá og með gjalddaga, ef hann er ekki greiddur fyrir eindaga. Í 8. tl. skýringa, sem eru á bakhlið launaskattsseðils, sem sendur er gjaldendum, er vikið frá þessari reglu, gjaldendum til hagsbóta, en þar segir: „Þær greiðslur gjaldenda, sem póstlagðar hafa verið fyrir eða á eindaga og berast eftir hann, teljast hafa borist innheimtumanni á eindaga.“ Enginn áskilnaður er þar gerður um, að greiðslu skuli senda í ábyrgðarpósti, né heldur, að ekki megi greiða skattinn með D-gíróseðli, eins og stefndi heldur fram. Sannað er, að áfrýjandi greiddi

á lagðan launaskatt með D-gíróseðli í Samvinnubanka Íslands hf. á eindaga og enginn dráttur varð af bankans hálfu á sendingu greiðslunnar til stefnda. Verður þessi greiðslumáti að teljast jafngilda póstlagningu í merkingu 8. tl. fyrrgreindra skýringa. Samkvæmt þessu ber stefnda að endurgreiða áfrýjanda dráttarvexti þá, sem hann greiddi með fyrirvara 6. október 1988, ásamt vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 60.000,00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Tollstjóraembættið í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Skúla J. Pálmasyni, 8.928,00 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 6. október 1988 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 60.000,00 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. október 1988, af Skúla J. Pálmasyni hrl., kt. 100338-7699, Hvassaleiti 7, Reykjavík, gegn Tollstjóraembættinu í Reykjavík, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að Tollstjóraembættið verði dæmt til að greiða stefnanda 8.928,00 kr. með 33,6% ársvöxtum frá 6. október 1988 til greiðsludags, þó þannig, að vextir breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands um hæstu leyfða dráttarvexti á vaxtatímanum, auk vaxtauppfærslu á tólf mánaða tímabili, fyrst 6. október 1989. Málskostnaðar er krafist skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að við bættum söluskatti.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir og málsástæður.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að árið 1987 hafi sér verið gert að

greiða 83.059,00 kr. í launaskatt vegna tekna ársins á undan. Gjalddagi skattsins hafi verið þá sem ávallt 15. ágúst, en eindagi hans 15. september umrætt ár.

Á bakhlið launaskattsseðils, undir 8. tölulið, séu leiðbeiningar til gjaldenda um það, hvernig greiða megi skattinn. Þar segi: „Þær greiðslur gjaldenda, sem póstlagðar hafa verið fyrir eða á eindaga og berast eftir hann, teljast hafa borist innheimtumanni á eindaga."

Stefnandi hafi undanfarin ár sent greiðslu skattsins í almennum pósti og oft lent í vandræðum af þeim sökum, sem hafi falist í því, að dráttarvextir voru lagðir á á lagðan skatt. Þetta hafi þó alltaf verið leiðrétt eftir nokkurn eftirgang.

Síðastliðið haust hafi stefnandi ætlað að losna við öll eftirmál og leiðindi og greitt skattinn á eindaga með gíróseðli í stað þess að senda ávísun í almennum pósti. Gíróseðilinn hafi stefnandi póstlagt samdægurs til Tollstjóraembættisins. Leið nú og beið, og hafi stefnandi talið málum sínum vel borgið.

Undir lok janúarmánaðar 1988 hafi stefnandi fengið tilkynningu frá Tollstjóraembættinu, dags. 19. janúar, og þar tilkynnt um launaskattsskuld, að fjárhæð 6.634,00 kr., og hótað lögtaki og öðru harðræði, ef ekki yrðu gerð skil þegar í stað.

Af þessu tilefni hafi stefnandi ritað Birni Hermannssyni tollstjóra bréf og beðið hann að létta af sér hinni árlegu áþján og áreitni, sem hann yrði að sæta af hálfu starfsmanna hans vegna launaskattsmála sinna.

Nokkur bréf hafi síðan gengið á milli málsaðila, án þess að nokkur niðurstaða fengist. Í bréfi, dags. 15. febrúar 1988, hafi stefnandi tjáð fulltrúa hjá Tollstjóraembættinu, að hann myndi ekki greiða skuldina nema að undangengnum úrskurði fógetaréttar.

Ekkert hafi síðan gerst í málinu, fyrr en launaskattsseðill ársins 1988 hafi borist stefnanda. Þar komi fram, að Tollstjóraembættið sé ennþá við sama heygarðshornið. Nú hafi stefnanda verið gert að greiða 7.990,00 kr. í dráttarvexti auk á lagðs launaskatts.

Hinn 12. september 1988 hafi stefnandi sent Tollstjóraembættinu, í almennum pósti, á lagða fjárhæð, 89.614,00 kr., en lýst yfir því, að hann myndi ekki greiða frekar nema að undangengnum úrskurði fógetaréttar, eins og hann hafi áður gert grein fyrir.

Hinn 21. september 1988, hafi stefnanda borist tilkynning um ábyrgðarbréf. Þar sem hann átti sér einskis ills von, hafi hann ekki sótt ábyrgðarbréfið fyrr en 26. september s.á.

Í bréfinu hafi stefnanda verið gert að koma til þar tilgreinds fulltrúa borgarfógeta 23. september vegna vangoldins launaskatts og lögtaki hótað, hafi full skil ekki verið gerð. Stefnandi hafi þegar haft samband við fulltrúa

þennan, sem hafi ekkert haft við stefnanda að tala, lögtak hefði þegar verið gert. Hafi fulltrúa þessum þó verið fullkunnugt um skipti stefnanda við Tollstjóraembættið og eins, að stefnandi gerði athugasemdir við kröfu þess á hendur sér. Þá fyrst hafi stefnanda orðið ljóst, hver stórmenni hann ætti skipti við, og séð sér þann kost vænstan að greiða um krafða fjárhæð með fyrirvara um endurkröfu í sérstöku dómsmáli.

Málsástæður stefnanda séu þær, að hann hafi greitt launaskatt ársins 1987 á réttum tíma, svo að stefnda hafi verið allsendis óheimilt að krefjast greiðslu dráttarvaxta.

Úrlausn máls þessa velti á því, hvort talið verði, að greiðsla inn á gíróreikning í banka og sending gíróseðils í almennum pósti til hlutaðeigandi innheimtustofnunar jafngildi sendingu ávísunar með sama hætti.

Í 8. tl. á bakhlið launaskattsseðils segi, að greiðslur, sem póstlagðar hafi verið á eindaga og berist eftir hann, teljist hafa borist á eindaga. Ekki sé þess krafist, að greiðslan sé send í ábyrgðarbréfi.

Ávísun, sem send sé í pósti, verði vart lögð inn á reikning innheimtumanns fyrr en nokkrum dögum eftir eindaga. Þrátt fyrir þetta sé ávísun talin fullgild greiðsla, en greiðsla með gíróseðli ekki, að því er virðist. Furðulegt megi þetta heita, sé haft í huga, að greiðsla með ávísun verði því aðeins virk, að innstæða sé fyrir henni við innlausn hennar, en þegar greitt sé inn á gíróreikning í banka, hafi greiðsla þar með farið fram.

Stefndi kveður málavexti vera með þeim hætti, sem fram komi í stefnu og öðrum fram lögðum skjölum, að 24. júlí 1987 hafi stefnanda verið sendur launaskattsseðill 1987 vegna launa 1986, og samkvæmt seðlinum skyldi stefnandi greiða tollstjóranum í Reykjavík 83.124,00 kr.

Málsástæður stefnda eru þær, að í 2. tl. neðst á umræddum launaskattsseðli sé tekið fram, að gjalddagi launaskatts sé 15. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar og eindagi mánuði síðar. Gjalddagi greiðslu hafi því verið 15. ágúst 1987 og eindagi mánuði síðar. Í 4. tl. athugasemda á launaskattsseðli sé bent á, að á bakhlið seðilsins séu skýringar og skrár yfir innheimtumenn ríkissjóðs, sem taki á móti launaskattsgreiðslum. Upptalning þeirra, sem þar séu nefndir réttir móttakendur greiðslna, verði að teljast tæmandi. Bankastofnanir séu þar ekki tilgreindar og séu því ljóslega ekki innheimtuaðilar fyrir ríkissjóð. Á bakhlið launaskattsseðilsins séu skýringar. Í 8. tl. þeirra segi orðrétt: „Þær greiðslur gjaldenda, sem póstlagðar hafa verið fyrir eða á eindaga og berast eftir hann, teljast hafa borist innheimtumanni á eindaga."

Greiðsla sé því aðeins bókfærð sem komin á eindaga:

1. að komið sé með hana til innheimtumanns ríkissjóðs,
2. hún sé póstlögð í ábyrgð innan lögsagnarumdæmis á eða fyrir eindaga,

3. hún sé lögð inn á hlaupareikning eða gíróreikning innheimtumanns ríkissjóðs.

Það sé því alveg vafalaust, að greiðsla með D- og U-gíró teljist ekki rétt greiðsla, nema því aðeins að gíróávísun, út gefin af banka þeim, sem greitt er í, sé póstlögð í ábyrgð innan lögsagnarumdæmis á eða fyrir eindaga, svo að sannanlegt megi teljast, að póstlagt hafi verið á tilskildu tímamarki eða komið sé með hana til innheimtumanns ríkissjóðs.

Ekki geti því talist, að greiðsla inn á gíróreikning í banka (þ.e.a.s. ekki reikning hlutaðeigandi innheimtumanns) og sending gíróseðils í almennum pósti til viðkomandi innheimtustofnunar jafngildi sendingu ávísunar í ábyrgðarpósti á eða fyrir eindaga. Krafa embættisins um dráttarvexti af skuldinni sé því réttmæt, þar sem greiðsla hafi ekki verið innt af hendi með réttum hætti.

Niðurstaða.

Óumdeilt er, að stefnandi greiddi á lagðan launaskatt ársins 1987 með D-gíróseðli í Samvinnubanka Íslands á eindaga skuldarinnar 15. september 1987, og er upplýst í málinu og óumdeilt, að Samvinnubankinn greiddi stefnda þessa fjárhæð með ávísun, er barst stefnda 17. september 1987.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 5. gr. laga nr. 5/1982, um launaskatt, ber launagreiðanda ótilkvöddum að greiða innheimtumanni ríkissjóðs launaskatt, í Reykjavík tollstjóra. Á launaskattsseðli þeim, er sendur var stefnda, eru þeir innheimtumenn ríkissjóðs tilgreindir, sem veita viðtöku launaskattsgreiðslum. Bankar eru ekki þar á meðal.

Telja verður það meginreglu, að peningakrafa sé greidd, þegar viðtakandi hennar fær greiðsluna í hendur.

Í 8. tl. skýringa á bakhlið launaskattsseðilsins heimilar stefndi undantekningu frá þessari reglu, en þar segir, að þær greiðslur gjaldenda, sem póstlagðar hafi verið fyrir eða á eindaga og berist eftir hann, teljist hafa borist innheimtumanni á gjalddaga.

Þar sem stefnandi greiddi umræddan launaskatt í banka, sem telst ekki innheimtumaður ríkissjóðs, og ósannað er, að ávísun bankans til stefnda hafi verið póstlögð á eindaga, ber með hliðsjón af framansögðu að fallast á það með stefnda, að stefnandi hafi greitt skuld sína við stefnda eftir eindaga. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um endurgreiðslu dráttarvaxta og dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn 29.000,00 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Tollstjóraembættið í Reykjavík, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Skúla J. Pálmasonar.

Stefnandi, Skúli J. Pálmason, greiði stefnda, Tollstjóraembættinu í Reykjavík, 29.000,00 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. desember 1989.

Nr. 170/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóel Þór Andersen
(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1989 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar svo og til upptöku alls afla togskipsins Danska Péturs, VE 423.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem í ákæru getur, en fallið er frá þeim hluta ákæru, er varðar möskva í belg vörpu. Þá er krafist upptöku á afla samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Að lokum er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð.

Ákærði krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að allur kostnaður vegna áfrýjunar málsins verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda. Til vara er þess krafist, komi til sakfellingar, að refsing ákærða verði felld niður og sakarkostnaði skipt. Til þrautavara er þess krafist, að refsing verði ákveðin eins væg og lög leyfa og vararefsing ekki dæmd. Verði sakarkostnaði þá einnig skipt.

Varðskipið Týr kom að togbátnum Danska Pétri, VE 423, að veiðum með botnvörpu, þar sem slíkar veiðar eru óheimilar, með vörpu með minni möskva en 155 mm.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, mældu varðskipsmenn samtals 60 möskva í vörpu skipsins, eftir að það hafði verið stöðvað. Ber að leggja mælingu þessa til grundvallar í málinu.

Samkvæmt henni reyndist meðalstærð mældra möskva vera 150,3 mm og því undir leyfilegri stærð. Var botnvarpan því ólögleg.

Ákærði hefur því gerst brotlegur við 1. mgr. 1. gr., sbr. 10. og 11. gr., reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, sbr. 12. gr. og 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands,nr. 299/1975, og lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948, sbr. lög nr. 45/1974.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur 3.657,75 krónum. Með hliðsjón af því þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 200.000,00 króna sekt, er renni til Landhelgissjóðs Íslands samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að taka til greina kröfu ákæruvalds um upptöku afla, og skal andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat á verðmæti veiðarfæra. Þá ber að dæma hann til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Jóel Þór Andersen, greiði 200.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald tvo mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli Danska Péturs, VE 423, skal upptækur og andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat á verðmæti veiðarfæra svo og áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. apríl 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, 1. apríl sl., er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. mars sl., á hendur Jóel Þór Andersen, Heiðartúni 6, Vestmannaeyjum, skipstjóra á togskipinu Danska Pétri, VE 423, fyrir fiskveiðibrot „með því að hafa síðdegis miðvikudaginn 29. mars 1989 verið á botnvörpuveiðum á skipinu, sem er 103 brúttórúmlestir og 27,29 lengdarmetrar, í fiskveiðilandhelgi Íslands, í Álnum norður af Vestmannaeyjum, og notað við veiðarnar botnvörpu, sem við möskvamælingu um borð í skipinu á veiðisvæði reyndist vera búin riðli með undirmálsmöskvum sem hér segir:

Af 40 mældum möskvum í poka botnvörpunnar mældust fjórir möskvar 140 mm, 11 möskvar 145 mm, og 11 möskvar 150 mm, samtals 26 af 40 mældum möskvum undir lágmarksmöskvastærð.

Af 10 mældum möskvum í belg botnvörpunnar mældust tveir möskvar 130 mm, þrír möskvar 135 mm og fimm möskvar 140 mm og því allir mældir möskvar undir lágmarksmöskvastærð.

Þá reyndust af 20 möskvum í poka botnvörpunnar, mældum við sérstaka mælingu að ákærða viðstöddum, tveir möskvar 140 mm, sex möskvar 145 mm og fimm möskvar 150 mm, samtals 13 af 20 mældum möskvum undir lágmarksmöskvastærð.

Brot ákærða telst varða við 1. mgr. 1. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. mgr. 18. gr., sbr. 1. tölul. 1. mgr., 2. mgr. 17. gr. og 21. gr., nefndra laga, nr. 81/1976, til þess að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á öllum afla innan borðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Við þingfestingu málsins, 31. mars sl., lýsti ákærði yfir, að hann óskaði ekki eftir að fá sér skipaðan verjanda í málinu, en fékk að koma að sjónarmiðum sínum, áður en málið var endanlega dómtekið. Ákærði telur sig ekki sekan í málinu, og sjónarmið hans eru fólgin í kröfu um sýknu.

II.

Síðdegis miðvikudaginn 29. mars sl. barst dómsformanni sú tilkynning frá Landhelgisgæslu Íslands, að varðskipið Týr hefði staðið togbátinn Danska Pétur, VE 423, skipaskrnr. 1146, skipstjóri Jóel Þór Andersen, að togveiðum í Álnum með of smáa möskva. Skipin tóku síðan höfn í Vestmannaeyjum um kl. 21 sama dag.

Formleg rannsókn hófst fyrir dóminum 30. mars sl. Lagði þá skipherra varðskipsins fram skýrslu sína, og er hún svohljóðandi:

„Miðvikudaginn 29. mars 1989 stóð varðskipið Týr togbátinn Danska Pétur, VE 423, skipstjóri Jóel Þór Andersen, fæddur 6. september 1950, til heimilis að Heiðartúni 6, Vestmannaeyjum, nafnnr. 4944-8112, að ólöglegum togveiðum í Álnum N af Vestmannaeyjum. Nánari málsatvik voru sem hér greinir:

Miðvikudaginn 29. mars 1989 var varðskipið á eftirlitsferð NA af Elliðaey. Um kl. 16.00 var tekið eftir togbát að veiðum í Álnum N af Vestmannaeyjum. Kl. 16.48 var komið að togbátnum Danska Pétri, VE 423, sem var að toga með skutvörpu og hélt í vestlæga stefnu.

Staður: Þrídrangar, fjarlægð 4,56 sjóm. Grasleysa, fjarlægð 2,85 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 22,6 sjóm. innan leyfilegra marka.

Haft var samband við skipstjóra bátsins og honum sagt að taka inn vörpuna vegna heföbundins eftirlits.

Kl. 16.48 fór 2. stýrimaður varðskipsins ásamt bátsmanni og háseta yfir í togbátinn Danska Pétur, VE 423, til mælinga. Við mælingu í poka og belg vörpunnar kom í ljós of smáriðið net. Var þá skipstjóra bátsins tilkynnt, að hann yrði færður til hafnar í Vestmannaeyjum, svo að frekari rannsókn gæti farið fram í máli hans.

Kl. 17.10 var staðarákvörðun endurtekin við hlið bátsins: Þrídrangar, fjarlægð 4,13 sjóm. Grasleysa, fjarlægð 2,96 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 22,7 sjóm. innan leyfilegra marka.

Kl. 17.15 kom 2. stýrimaður varðskipsins ásamt bátsmanni og háseta um borð í varðskipið með poka úr vörpu togbátsins.

Skömmu síðar hélt varðskipið til annarra starfa, og lét þá Danski Pétur, VE 423, reka með hluta vörpunnar í sjó.

Um kl. 18.45 var tekið eftir því, að togbáturinn Danski Pétur, VE 423, var enn á svipuðum slóðum og þegar varðskipið skildi við hann kl. 17.55. Var þegar haldið til bátsins.

Kl. 19.13 var komið að togbátnum Danska Pétri, VE 423, sem var þá að toga með skutvörpu og hélt í norðvestlæga stefnu.

Staður: Þrídrangar, fjarlægð 1,49 sjóm. Grasleysa, fjarlægð 5,20 sjóm.

Gefur það stað bátsins 24,2 sjóm. innan leyfilegra marka.

Var skipstjóra bátsins sagt að hífa strax inn vörpuna og fylgja varðskipinu til Vestmannaeyja, sem hann gerði.

Kl. 20.55 kom varðskipið til Vestmannaeyja, og um svipað leyti kom togbáturinn Danski Pétur, VE 423, einnig til hafnar í Vestmannaeyjum.

Veður: A 3-8 vindstig, sjór 3-5, skýjað.

Skýrslu þessari fylgir mælingaskýrsla 2. stýrimanns varðskipsins ásamt

ljósriti af sjókorti nr. 321, þar sem staður bátsins kl. 16.48, kl. 17.10, kl. 17.19 og kl. 19.13 er markaður."

Skipherra varðskipsins Týs svo og þeir tveir skipverjar varðskipsins, sem sáu um mælingu á vörpu skipsins Danska Péturs, VE 423, hafa gefið skýrslu hér fyrir dóminum. Eftir þingfestingu málsins fór fram frekari rannsókn. Nokkur vitni hafa komið fyrir dóminn svo og ákærði bæði fyrir og eftir þingfestingu. Eftirfarandi hefur komið fram í rannsókn málsins og framburði hér fyrir dómi.

Vitnið Sigurður Árnason, skipherra á varðskipinu Tý, staðfesti skýrslu sína hér fyrir dóminum. Vitnið kvað leyfilega möskvastærð botnvörpu vera 155 mm á því svæði, sem ákærði hefði verið með skip sitt að veiðum. Þar sem talað væri um í skýrslunni, dskj. III, 3, að skipið hefði verið að veiðum rúmar 22 sjómílur innan leyfilegra marka, væri átt við mun á svæðum, þar sem annars vegar sé leyfður lágmarksmöskvi 155 mm og hins vegar 135 mm lágmarksmöskvi. Á þessu svæði séu það 12 sjómílna fiskveiðimörkin suður af Surtsey, sem fram komi á sjókorti nr. 31, dskj. III, 6, sem afmarki þá skiptingu. Ákærði hafi verið með skip sitt að veiðum rúmar 22 sjómílur norðan við þessa línu og því á svæði, þar sem lágmarksmöskvastærð botnvörpu sé 155 mm. Vitnið kvað 2. stýrimann varðskipsins og bátsmann hafa mælt vörpu skipsins. Vitnið kvað greinilega koma fram í báðum þeim skýrslum, dskj. III, 2 og 3, sem þeir hefðu gert um mælinguna, að skipið hefði verið með of smáa möskva við veiðarnar. Hinar ólöglegu togveiðar, sem getið væri um í skýrslu þess, kvað vitnið í eðli sínu fólgnar í því, að ákærði hefði verið að veiðum á skipi sínu með of smáa möskva í botnvörpu. Það sagði, að þótt 2. stýrimaður hefði talað um það við sig í talstöðinni, að undirbyrðið í pokanum væri of smáriðið, teldi það ekki, að hér væri um karfapoka að ræða. Vitnið sagði, að staðir skipsins hefðu verið markaðir inn á sjókort nr. 31 og nr. 321 af 2. stýrimanni varðskipsins, og hefði það síðan yfirfarið þær útsetningar, og hefðu staðir skipsins verið rétt markaðir inn á sjókortin, en stuðst hefði verið við mælingu, sem vitnið og 1. stýrimaður varðskipsins hefðu gert. Vitnið sagði, að það hefði óskað eftir því við 2. stýrimann í talstöð, að hann tilkynnti ákærða, að skip hans yrði fært til hafnar, svo að frekari rannsókn gæti farið fram í máli hans, þar sem hann væri að mati vitnisins brotlegur við fiskveiðilögsöguna. Það tók hins vegar fram, að það vissi ekki, hvernig 2. stýrimaður hefði orðið við þessum fyrirmælum, en ástæðan til þess, að þeir hefðu ekki fylgt skipinu strax til hafnar, hefði verið sú, að ætlunin hefði verið að mæla hjá fleiri bátum, sem hefðu verið á sömu fiskislóð, þótt hætta hefði orðið við það vegna versnandi veðurs á svæðinu. Er komið hefði verið að skipinu í síðara skiptið, hefði skipið verið á veiðum með aðra vörpu en notuð hefði verið í fyrra skiptið, og sú varpa hefði við athugun reynst lögleg, dskj. III, 7.

Vitnið Einar Heiðar Valsson, 2. stýrimaður á vs. Tý, sagði, að það hefði ásamt bátsmanninum, Steinari Má Clausen, farið að boði skipherra yfir í Danska Pétur til að athuga veiðarfæri og búnað skipsins. Vitnið sagði, að þeir hefðu komið um borð í þann mund, sem ákærði hefði verið að hífa inn trollið, og sagði vitnið, að um leið og búið hefði verið að losa úr pokanum, hefðu þeir strax farið í að mæla möskva pokans og belgsins. Vitnið sagði, að þeir hefðu fyrst gert 20 mælingar, eins og þeir geri venjulega, og þá hefði sér fundist þetta frekar smátt, eins og vitnið orðaði það. Vitnið sagði, að það hefði þá tekið fleiri mælingar og síðan tilkynnt skipherra varðskipsins, að meðalmöskvastærð pokans, 40 mælingar, dskj. III, 2, væri sennilega um 145 mm (sic). Vitnið sagði, að skipherra hefði þá beðið um, að ákærði samþykkti mælingarnar. Kvaðst vitnið nú hafa farið til ákærða og greint honum frá niðurstöðunum, og í framhaldi af því hefðu til viðbótar verið gerðar 20 mælingar, dskj. III, 3, sem ákærði hefði samþykkt og skrifað undir þá skýrslu. Vitnið sagði, að við mælingarnar hefði verið notuð hin hefðbundna mælistika, en ekki svonefndur Utson-átaksmælir. Vitnið sagði, að það hefði sjálft mælt og farið með stikuna eins langt og það gat og notað við það eins mikið afl og það hafði. Þegar mælt hefði verið, hefði möskvinn verið teygður horna á milli. Netið hefði verið vott, enda pokinn nýkominn úr sjó. Vitnið sagði, að ákærði hefði tekið fram, að hann hefði fengið þennan poka frá netaverkstæði sem 155 mm poka. Vitnið kvaðst hins vegar telja, að hér væri um gamlan, teygðan karfapoka að ræða, þar sem varla gæti verið, að þorskpoki hefði hlaupið svo mikið sem raun bæri vitni. Pokinn hefði verið svolítið slitinn. Síðar við rannsókn málsins kom fram hjá vitninu, að það vildi ekki fullyrða, að um gamlan karfapoka væri að ræða, það hefði ályktað sem svo eða getið sér þess til. Eftir þetta hefði verið gerð venjuleg búnaðarskoðun í bátnum, og að henni lokinni hefðu komið þau fyrirmæli frá skipherra að láta skera trollpokann frá og taka um borð í varðskipið. Vitnið kvaðst aldrei hafa berum orðum gefið skipstjóranum fyrirmæli að halda með skip sitt til hafnar, heldur kvaðst það hafa sagt honum, að mál hans yrði væntanlega tekið fyrir hér í Vestmannaeyjum og rannsakað frekar.

Vitnið Steinar Már Clausen, bátsmaður á vs. Tý, staðfesti, að hefðbundin mælistika hefði verið notuð við mælinguna. Það sagði, að pokinn hefði verið tekinn og lagður á dekkið og teygt úr honum, svo að auðveldara hefði verið að komast að honum. Annar stýrimaður, vitnið Einar H. Valsson, hefði stungið stikunni í möskvana, en háseti á ms. Danska Pétri haldið í netið með honum. Vitnið kvaðst hafa skráð allar tölur, jafnóðum og þær bárust frá vitninu Einari. Vitnið tók fram, að auk áðurnefnds háseta, sem hefði aðstoðað við mælinguna, hefðu þrír skipverjar á ms. Danska Pétri

fylgst með þeim, er þeir tóku 40 fyrstu mælingarnar. Vitnið sagði, að þeir hefðu síðan farið upp í brú og sýnt skipstjóra tölurnar, og hefði hann síðan fylgst með, er teknar voru 20 mælingar í viðbót.

Ákærði, Jóel Þór Andersen, sagði, er honum var kynnt fram komin kæra og hver væri grundvöllur hennar, að hann hefði keypt þennan poka hjá Veiðarfæragerð Vestmannaeyja sem þorskpoka og sér þar sagt, að hann hefði verið framleiddur hjá Hampiðjunni hf. í Reykjavík sem 155 mm poki. Hann kvaðst ekki hafa rengt þá í þessu sambandi og ekki mælt pokann sjálfur, en treyst því, að hann væri að kaupa rétta vöru, en ekki svikna, eins og sér sýndist, að hér væri um að ræða. Hann kvaðst hafa keypt pokann í fyrra vetur, og þá hefði trollið verið sett upp. Hann tók fram, að er hann hefði keypt pokann, hefði hann verið nýr og seldur sem löglegur þorskpoki. Hann kvaðst eingöngu hafa notað pokann við kolaveiðar og af þeim sökum ekki neima hluta úr ári. Á meðan pokinn hefði ekki verið í notkun, hefði hann verið geymdur inni í veiðarfærahúsi útgerðarinnar. Hann kvað hitastig þar vera sambærilegt því, sem úti væri á hverjum tíma, nema kannski á vetrum, þegar frost væri, þá væri kynnt upp. Taldi hann ekki ósennilegt, að á geymslutíma hefði veiðarfærið verið geymt við 5 til 10 gráðu hita. Hjá þeim hefði verið uppi það vandamál, að pokarnir hefðu vilja togna, og það hefðu þeir gert til skamms tíma. Þeir hefðu þá breytt yfir í það að fá poka, sem hnýttir væru úr 6 mm efni, en hann kvað það sama sverleika og togararnir nota, en svo væri að sjá, að þá virtist þetta geta gerst, að mistognaði á möskvunum og þeir jafnvel hlypu, ef þeir væru ekki undir stöðugu álagi og átaki. Nú undanfarið hefði umræddur poki verið lítið notaður og enginn afli komið í veiðarfærið, sem heitið gæti, á þesari vertíð. Í þessu sambandi kvaðst hann ekki efast um, að ef þeir hefðu verið búnir að hífa þennan poka inn fyrir, þótt ekki væri nema þrisvar til fjórum sinnum, kýldan af kola, eins og ákærði orðaði það, væri neðri hluti hans langt fyrir ofan leyfileg mörk. Efri hluti pokans, þar sem átakið væri minna, virtist hins vegar eftir þessa breytingu hlaupa eða breyta sér einhvern veginn þannig, að þeir stæðust ekki lágmarksmöskvastærð. Hann kvaðst hins vegar viðurkenna, að átakið væri mest í neðsta hluta pokans og að þar hefðu möskvar einnig mælst undir lögleyfðri lágmarksstærð. Þótt hann rengdi ekki þær mælingar, sem varðskipsmenn hefðu gert að sér ásjáandi (dskj. III, 3), færi hann fram á, að þessi poki væri mældur og skoðaður af netagerðarmeistara eða af einhverjum öðrum en varðskipsmönnum. Hann kvaðst vita það fyrir víst, að þessar mælingar væru alls ekki 100% réttar. Mælistikan, sem varðskipsmenn noti, sé með 10 mm millimun og 5 mm millibilið sé ágiskun þess, sem mæli. Hann nefndi sem dæmi, að þar sem möskvi væri mældur 150 mm, gæti hann alveg eins verið 152 mm, 154 mm, 158 mm, svo að hér gæti augljóslega aldrei verið um

nákvæma mælingu að ræða. Hann kvað meðalstærð allra mældra möskva vera 150 mm, sem væri 3% frávik frá því, sem leyfilegt væri. Hann lagði áherslu á það, að hann hefði ekki hnýtt þennan poka eða breytt honum á neinn hátt eða breytt möskvunum í honum úr 155 mm og smækkað hann. Í því sambandi benti hann á, að ef hann hefði ætlað að vera með vísvitandi ólöglegt veiðarfæri, hefði hann ekki haft 150 mm að meðaltali, heldur niður í 120 mm. Hann fullyrti, að hann fengi engu meiri fisk í þennan poka, þó að einn og einn möskvi væri þar undir máli og aðrir langt yfir, en poka, sem væri með réttum 155 mm riðli og væri jafn. Hann kvað það skoðun sína, að það væri framleiðendanna að svara því, hvers vegna möskvastærð pokans stæðist ekki lágmarksmöskvastærð. Hann kvaðst enga skýringu hafa á því nema þá þetta efni virtist bara breyta sér við venjulega notkun, eins og hér hefði gerst, en hvernig á því stæði, hefði hann enga skýringu á. Hann ítrekaði, að hann hefði keypt pokann sem poka með 155 mm möskvastærð. Hann hefði ekki breytt pokanum að neinu leyti, bætt hann eða hnýtt. Að sínu viti væri það einnig af og frá, að nokkur maður léti sér detta í hug að gera sig sekan fyrir poka, sem mældist að meðaltali með 3% smærri möskva en leyfilegt væri, ekki væri þetta gert vísvitandi. Hann kvaðst ekki geta sagt til um, hversu margar veiðiferðir hann hefði farið með þennan poka, en þær væru ekki margar. Hann kvaðst aðeins vera búinn að taka örfá höl með þessu veiðarfæri, e.t.v. ekki meira en svona tíu. Hann kvaðst ekki hafa kannað það, hvort pokinn hefði verið saumaður við millistykkið með úrtökum í, því að það hefði verið gert á netaverkstæðinu, þegar trollið hefði verið sett upp í fyrra vetur. Hann kvaðst ekki vefengja þær staðarákvarðanir, sem varðskipsmenn hefðu gert.

Vitnið Hallgrímur Þórðarson netagerðarmeistari, annar aðaleigandi Veiðarfæragerðar Vestmannaeyja, staðfesti, að ákærði hefði í fyrra vetur keypt umrætt veiðarfæri hjá fyrirtæki vitnisins. Vitnið staðfesti einnig, að veiðarfærið hefði verið selt og afhent ákærða sem 155 mm nýr þorskpoki, sem framleiddur hefði verið í Hampiðjunni hf. í Reykjavík og seldur í umboðssölu til Vestmannaeyja af Kristjáni Ó. Skagfjörð. Vitnið staðhæfði, að pokinn hefði staðist mál, er hann fór frá vitninu. Sem hugsanlega skýringu á möskvaminnkun í þessu sambandi nefndi vitnið, að bátar, sem þurfa að taka poka og hífa hann inn á gjörðinni, gagnstætt því sem væri um báta, sem taki pokann inn um rennu með öllum fiskinum í, þá reyndi í fyrra tilviki minna á allan pokann, einkanlega efri hluta hans, þ.e. þann hluta, sem væri fyrir neðan gjörð, en aftur á móti reyndi vel á þann hluta, sem væri undir gjörð, því að þar strekktist svo mikið á, þegar pokinn væri tekinn inn, að möskvarnir í þeim hluta héldu sér. Ekki hafði vitnið skýringu á því, hvers vegna hluti þeirra möskva, sem væru undir gjörð, hefði ekki staðist mál, og taldi, miðað við þá staðreynd, að ekki gæti í þessu dæmi

komið annað til greina en skýringarinnar væri að leita í vélhnýtingunni, en það tók fram, að það vissi ekki til, að þessi tiltekni poki hefði nokkurn tíma verið bættur. Vitnið kvað einnig reynslu sína sem netagerðarmeistara segja sér, að netagarnið hefði tilhneigingu til að hlaupa. Vitnið nefndi í því sambandi, að þegar farið væri að nota pokann mikið, safnaðist í þetta skítur, sandur og annað, því að netagarnið væri þannig útbúið, að þræðir væru inni í hulsu, og ef sandur kæmist þar inn í, píndi það út möskvann (sic, mismæli, á að vera legginn, innskot dómara) og möskvinn skryppi við það saman. Vitnið sagði, að það hefði ekki bent ákærða á þetta, er það afhenti honum veiðarfærið. Vitnið kannaðist vel við afhendingarseðilinn frá Hamiðjunni hf. með áletruninni: ATHUGIÐ! MÆLIÐ MÖSKVANN. HANN GETUR BREYST, og kvað seðilinn ekki hafa fylgt veiðarfærinu, er ákærði fékk það afhent frá vitninu. Ástæðan til þess væri sú, að þessa framleiðsluvöru Hamiðjunnar hf. fengju þeir þaðan í ferköntuðum stykkjum. Vitnið sagði, að þeir byrjuðu á því að brytja stykkin niður og sniðu þau niður eftir því, hvers konar troll þeir væru að búa til. Vitnið sagði, að í engum tilvikum færu þessir miðar um borð í bátana. Vitnið sagði, að þeir einfaldlega skæru þessa miða af, þegar þeir færu að sníða stykkin niður. Til skýringar á því, hvers vegna þeir vektu ekki athygli skipstjórnarmanna á ábendingu Hampiðjumanna, sagði vitnið það skoðun sína, að sjómenn vissu, að netið gæti bæði hlaupið og tognað einungis eftir því, hvernig á það reyndi. Vitnið kvaðst alls ekki vita til þess, að mælistika til að mæla netamöskva væri um borð í bátunum, og kvaðst reyndar aðeins vita um einn bát, sem hefði slíka stiku. Vitnið sagði, að umræddur poki hefði verið saumaður við belginn með úrtökum.

Vitnið Birgir Steindór Kristjánsson, framleiðslustjóri netahnýtingardeildar Hampiðjunnar í Reykjavík, staðfesti, að umræddur poki hefði verið framleiddur í Hampiðjunni hf. í Reykjavík, en að tilhlutan dómsins fór vitnið ásamt dóminum og ákærða í vettvangskönnun í gærdag, eins og síðar verður sérstaklega að vikið. Vitnið sagðist ekki vita ástæðuna til þess, að möskvar í umræddum poka hefðu ekki staðist tilskilda lágmarksmöskvastærð, þegar varðskipsmenn mældu möskvana í netinu. Vitnið sagði, að netið hefði að öllu eðlilegu átt að fara frá framleiðanda með möskvastærðinni 155 mm, en í einstaka dæmi hefðu komið upp slys í framleiðslunni, sem væru í því fólgin, að mælt hefði verið skakkt. Sagði vitnið, að netið væri sett í gegnum gufustrekkingu, og þar væri það mannanna verk að stilla það rétt í rétta lengd og slys þá orðið við það, að rangt væri lesið á mælinn eða af hreinni óvandvirkni. Sagði vitnið framleiðanda alltaf reyna að ganga úr skugga um, að hvert net fullnægði lágmarksmöskvastærð. Nánar skýrir vitnið þetta atriði þannig, að fyrst sé netið hnýtt og síðan fari það í gegnum strekkitæki. Sérstakur maður sé hafður í því að mæla

heildarlengd netsins, en hún þyrfti að vera rétt, en aðeins sé tekin „stikkprufa“ með stiku, lögleiddri stiku, alveg samsvarandi þeirri, er Landhelgisgæslan noti. Vitnið tók hins vegar sérstaklega fram, að það væri heildarmælingin, þ.e. heildarlengd netsins, sem væri látin ráða, en það þýddi í raun og veru, að einn möskvi gæti verið heldur minni en hin tiltekna lágmarksmöskvastærð, en annar svo stærri. Í þessu sambandi sagði vitnið, að það legði þann skilning í 1. gr. reglugerðarinnar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, að það væri meðaltalsmöskvinn í öftustu 8 metrum trollsins, sem mætti ekki vera minni en 155 mm, nánar til tekið, að meðaltal 20 mældra möskva þyrfti að fullnægja lágmarksmöskvastærðinni. Í þessu sambandi var vitninu bent á, að þar sem slíkur meðaltalsútreikningur væri viðhafður, þýddi það í raun og veru, að sumir möskvar væru stærri en aðrir minni, og sem svar við þeirri spurningu, hvað það teldi, að skekkjan (frávikið) mætti vera mikil í prósentum talið, sagði það, að það teldi, að skekkjan (frávikið) mætti vera að meðaltali í kringum 3%, þegar efnið færi frá framleiðanda. Vitnið tók hins vegar fram, að reynt væri að vera með möskvann sem jafnastan. Vitnið sagði, að sá skilningur væri í samræmi við það, sem gilti í löndum Efnahagsbandalags Evrópu, en sú reglugerð, sem þar gilti, dskj. XII og XIII, væri miklu betur skilgreind en hin íslenska. Vitnið sagði, að netagarnið væri úr gerviefninu „polyethylen“, og væri það plastefni. Þetta efni gæti breytt sér, það væri vitað. Ástæðuna sagðist vitnið hins vegar ekki vita. Vitnið tilgreindi þó, að við vettvangsskoðun sína hefði það séð, þegar það hefði skorið í sundur einn möskva, að töluvert var af sandi inni í garninu, sem vitnið sagði, að vitanlega hefði þau áhrif, að möskvinn minnkaði. Vitnið sagði, að vert væri að hafa í huga í þessu sambandi, að gamlir pokar mældust minni en nýir, það hefðu þeir hjá Hampiðjunni hf. rekið sig á og talið stafa af því, að við það að vera á þvælingi, eins og vitnið orðaði það, væri eins og garnið opnaði sig. Er vitnið var spurt, hvort Hampiðjan hf. léti kaupendur vita um það, að möskvarnir í netinu gætu minnkað, — og var þá vitnað til þess, sem vitnið hafði sagt um gamla poka, — sagði vitnið, að hverju neti frá Hampiðjunni fylgdi spjald, dskj. XIV, með ábendingum, þar sem fram kæmu upplýsingar um stærð netsins, og einnig kæmi þar fram beiðni um, að menn mældu netið, því að það gæti breyst. Vitnið kvað þessar ábendingar vera ætlaðar skipstjórnarmönnum og kvað það skoðun sína, að þeir ættu að mæla net sín og hafa á skipi sínu til þess gert spjald. Vitnið nefndi sem dæmi, að vitað væri, að menn væru bæði með svonefnda karfapoka á skipi hjá sér svo og þorskpoka, og þegar þeir skiptu um poka, bæri þeim, áður en þeir settu hann í sjó, að mæla pokann. Vitnið sagði, að erfiðara væri hins vegar að setja reglur, er menn væru eingöngu með þorskpoka um borð hjá sér, en að sínu mati væri ekki óeðlilegt, að þeir gerðu það annað slagið; t.d. fannst

vitninu, að þeir ættu ekki að byrja veiðiferð („túr") eða setja út vörpu, sem þeir hefðu ekki notað. Vitnið sagði, að löggiltar mælistikur væru boðnar til kaups í Hampiðjunni hf. Þess skal getið, að er vitnið skoðaði poka botnvörpunnar, var pokinn í vörslu dómsins, og fór skoðunin fram að dóminum viðstöddum og undir eftirliti dómara.

Þótt ekki reyni sérstaklega á það í máli þessu, skal þess getið, að við upphaf málsins voru dómkvaddir tveir hæfir og óvilhallir mats- og skoðunarmenn til að meta afla og veiðarfæri ms. Danska Péturs, VE 423, til peningaverðs, og komust þeir m.a. að þeirri niðurstöðu í mati sínu, að afli væri 14,5 tonn af blönduðum fiski og að verðmæti 452.582,00 kr. Hinir dómkvöddu mats- og skoðunarmenn, þeir Sigurður Gunnarsson yfirfiskimatsmaður og Hallgrímur Júlíusson netagerðarmeistari, komu fyrir dóminn og staðfestu matið.

Í þágu rannsóknar málsins og með vísan til 2. tl. 1. mgr. 105. gr. laga nr. 74/1974 voru dómkvaddir tveir hæfir og óvilhallir mats- og skoðunarmenn til að skoða og mæla möskva í poka botnvörpu ms. Danska Péturs, VE 423, sem varðskipsmenn höfðu tekið í sína vörslu. Hinum dómvöddu mats- og skoðunarmönnum var enn fremur fyrirlagt að segja til um, hvernig samsetningu þessa tiltekna poka og millistykkis trollsins um borð í Danska Pétri væri háttað með tilliti til, hvort hér væri um að ræða 135 mm eða 155 mm poka. Hinir dómkvöddu mats- og skoðunarmenn, þeir Hallgrímur Júlíusson og Arnmundur Þorbjörnsson netagerðarmeistarar, skiluðu mats- og skoðunargerð, dags. 30. mars sl., dskj. III, 10, og er hún svohljóðandi:

„Samkvæmt dómkvaðningu, dagsettri í dag, höfum við undirritaðir mælt möskva í poka botnvörpu ms. Danska Péturs, VE 423, og metið, hvort umræddur poki sé 135 mm eða 155 mm.

I. Mæling möskva í poka hófst þannig, að pokinn var bleyttur, svo að netið varð vel vott. Mælingin sjálf fór þannig fram, að byrjað var á fjórðu síðu frá kolllínumöskva og gerðar 38 mælingar á síðu upp pokann með mælistiku varðskipsmanna. Annars vegar mældu að ósk okkar varðskipsmennirnir Einar Heiðar Valsson, 2. stýrimaður varðskipsins, og bátsmaðurinn, Steinar Már Clausen, sjá meðfylgjandi mælingaskýrslu, fskj. 1 A, og hins vegar mældum við undirritaðir, sjá sama fskj., 1 B. Niðurstöður mælinganna eru eins og fylgiskjalið sýnir. Þess skal getið, að við undirritaðir mældum þremur upptökum til hliðar við mælingu varðskipsmanna.

Fskj. 2. Þá var mælt með 10 kg lóði, sem hékk neðan í mælistikunni á sama hátt og í 1. Niðurstöður urðu eins og fskj. 2 sýnir.

Fskj. 3. Loks voru mældir sömu möskvar og á fskj. 2, annars vegar af varðskipsmönnum, fskj. 3 A, og hins vegar af undirrituðum, fskj. 3 B. Niðurstöður urðu eins og sést á fskj. 3.

II. Athugun á poka og millistykki. Við athugun á poka kom fram, að

hann hafði verið saumaður með úrtökum við millistykki. Við talningu á pokabyrði kom fram, að upptökur voru 30. Síðan var farið um borð í ms. Danska Pétur, VE 423, og taldar upptökur í millistykki, sem reyndust vera 40 á byrði. Þess skal getið, að 2. stýrimaður varðskipsins var viðstaddur ofangreindar athuganir.

Niðurstaða þessarar athugunar leiðir í ljós, svo að ekki verður um villst, að samsetning poka og millistykkis sýna, að þetta er 155 mm poki.

Gert samkvæmt bestu sannfæringu,

Hallgrímur Júlíusson (sign.)
Arnmundur Þorbjörnsson (sign.).“

Rétt þykir að tilgreina hér, hverjar mælingatölurnar voru samkvæmt framanrituðum fylgiskjölum.

Fskj. 1.

A. Mæling varðskipsmanna. Byrjað á fjórðu síðu frá kolllínumöskva. Fjöldi mældra möskva 38. Möskvastærð pokans:

155; 150; 145; 155; 140; 155; 160; 145; 145; 155;
155; 145; 145; 150; 145; 155; 155; 145; 150; 155;
150; 145; 140; 150; 155; 150; 155; 155; 150; 150;
155; 155; 150; 150; 155; 155; 150; 150;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 38 mældu möskva, og reynist hún vera 150,66, sem er 2,8% undir lágmarksmöskvastærð.

B. Mæling hinna dómkvöddu netagerðarmeistara. Byrjað á fjórðu síðu frá kolllínumöskva. Mælt þremur upptökum til hliðar við mælingu varðskipsmanna. Fjöldi mældra möskva 38. Möskvastærð pokans:

155; 150; 155; 150; 160; 130; 155; 155; 150; 150;
150; 155; 155; 150; 155; 150; 150; 155; 160; 150;
155; 150; 150; 155; 150; 155; 150; 145; 155; 165;
150; 150; 155; 155; 155; 150; 150; 155;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 38 mældu möskva, og reynist hún vera 152,37, sem er 1,7% undir lágmarksmöskvastærð.

Fskj. 2.

Mæling varðskipsmanna og dómkvaddra netagerðarmeistara sameiginlega. Mælt með 10 kg lóði, sem hékk neðan í mælistikunni, á sama hátt og gert var í fskj. 1. Fjöldi mældra möskva 38. Möskvastærð pokans:

145; 145; 145; 145; 145; 145; 140; 150; 150; 145;
140; 145; 145; 145; 145; 145; 140; 150; 150; 150;
145; 150; 145; 145; 150; 145; 150; 150; 145; 150;
145; 155; 140; 155; 150; 155; 150; 155;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 38 mældu möskva, og reynist hún vera 147,11, sem er 5,1% undir lágmarksmöskvastærð.

Fskj. 3.

A. Mæling varðskipsmanna. Sömu möskvar mældir og þegar mælt var með 10 kg lóðinu, sem hékk neðan í mælistikunni, sbr. fskj. 2. Fjöldi mældra möskva 38. Möskvastærð pokans:

150; 150; 155; 150; 150; 145; 145; 155; 155; 145;
145; 150; 150; 150; 150; 150; 150; 150; 150; 150;
150; 150; 150; 145; 150; 150; 150; 150; 145; 150;
150; 155; 145; 155; 150; 155; 145; 155;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 38 mældu möskva, og reynist hún vera 149,87, sem er 3,3% undir lágmarksmöskvastærð.

B. Mæling dómkvaddra netagerðarmeistar. Sömu möskvar mældir og þegar mælt var með 10 kg lóðinu, sem hékk neðan í mælistikunni, sbr. fskj. 2. Fjöldi mældra möskva 38. Möskvastærð pokans:

150; 155; 155; 150; 155; 150; 145; 155; 155; 150;
145; 150; 150; 150; 150; 150; 150; 155; 150; 155;
150; 150; 150; 145; 150; 150; 150; 155; 150; 155;
150; 155; 145; 155; 150; 155; 150; 155;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 38 mældu möskva, og reynist hún vera 151,18, sem er 2,5% undir lágmarksmöskvastærð.

Þá verða hér tilgreindar mælingar varðskipsmanna úti á sjó, en undirmálsmöskvar í þeim mælingum eru tilgreindir í ákæruskjali ríkissaksóknara.

Dskj. III, 2, 40 mældir möskvar. Möskvastærð pokans:

150; 155; 150; 160; 145; 160; 155; 155; 155; 150;
150; 145; 150; 150; 140; 145; 140; 145; 155; 150;
145; 145; 145; 160; 150; 145; 145; 155; 150; 155;
145; 155; 155; 160; 150; 150; 160; 155; 145; 140;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 40 mældu möskva poka botnvörpunnar, og reynist hún vera 150,38, sem er 2,98% undir lágmarksmöskvastærð.

Dskj. III, 3, 20 mældir möskvar til viðbótar af varðskipsmönnum úti á sjó að ákærða viðstöddum. Möskvastærð pokans:

155; 150; 150; 155; 150; 145; 140; 155; 160; 160;
155; 160; 150; 150; 140; 145; 145; 145; 145; 145;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 20 mældu möskva pokans, og reynist hún vera 150,00, sem er 3,23% undir lágmarksmöskvastærð.

Möskvastærð í belg botnvörpunnar mældum af varðskipsmönnum úti á sjó, dskj. III, 2, reyndist vera:

140; 135; 140; 130; 135; 140; 140; 135; 130; 140;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 10 mældu möskva í belg, og reynist hún vera 136,50, sem er 1,11% yfir lágmarksmöskvastærð (135 mm) í belg.

III.

Eins og kemur fram í framburði vitnisins Birgis Steindórs Kristjánssonar, framleiðslustjóra netahnýtingardeildar Hampiðjunnar hf., getur skekkjan (frávikið) frá lögboðinni lágmarksstærð numið að meðaltali allt að 3%, er netið fer frá framleiðanda. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar, hvort Landhelgisgæsla Íslands hefur í löggæslustörfum sínum hliðsjón af slíkri skekkju (fráviki). Eðli máls og sanngirnissjónarmið hljóta að leiða til þess, að miðað sé við þessa skekkju (frávik) við úrlausn málsins, enda er fullljóst, eins og síðar greinir nánar, að möskvar netsins geta minnkað nokkuð við notkun, án þess að slíkt verði greint berum augum. Ljóst er, eins og ákæru í máli þessu er háttað, að við úrlausn málsins verður að miða við þær mælingar, er varðskipsmenn gerðu um borð í skipinu, er það var úti á sjó.

Ekki kemur til greina að mati dómsins að leggja hlutlæga (objektíva) refsiábyrgð á ákærða í þessu sambandi. Til álita hlýtur því að koma, hvort möskvaminnkunin sé sök ákærða vegna aðgæslu- eða eftirlitsleysis. Upplýst er, að ákærði mældi ekki netið, eftir að það kom í hans hendur, og hann hafði ekki löggilta mælistiku um borð í báti sínum, enda verður að telja það „notoríska" staðreynd, að slíka mælistiku hafa skipstjórnarmenn almennt ekki um borð í bátum sínum. Í máli þessu þykir að öðru leyti eftirfarandi hafa þýðingu:

Í 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, er sett sú meginregla, að lágmarksstærð möskva í að minnsta kosti 8 öftustu metrum botnvörpu og flotvörpu skuli vera 155 millimetrar, en í öðrum hlutum þeirra 135 millimetrar.

Ákæruskjal ríkissaksóknara er grundvallað á þeim mælingum, sem varðskipsmenn gerðu á poka og belg ms. Danska Péturs, VE 423, um borð í skipinu, en varðskipið Týr hafði komið að skipinu, þegar það var á botnvörpuveiðum í Álnum norður af Vestmannaeyjum. Telur ákæruvaldið, að mælingar varðskipsmanna hafi gefið þá niðurstöðu, að bæði poki og belgur botnvörpunnar hafi verið með of smáriðnum möskva. Ákærði, skipstjórinn á ms. Danska Pétri, hefur réttilega bent á, að leyfileg möskvastærð í belg sé 135 mm, og telur, að sá hluti veiðarfærisins hafi staðist þá lágmarksmöskvastærð. Á það sjónarmið ákærða verður fallist. Kemur þá til álita, hvort poki botnvörpu skipsins hafi verið búinn riðli með undirmálsmöskvum. Ákæruvaldið bendir á í því sambandi, að af 40 mældum möskvum hafi fjórir möskvar mælst 140 mm, ellefu möskvar 145 mm, og ellefu möskvar 150 mm, samtals 26 af 40 mældum möskvum undir lág-

marksmöskvastærð. Ekki fær þessi niðurstaða að öllu leyti staðist, þar sem einungis þrír af 40 mældum möskvum reyndust, sbr. dskj. III, 3, vera með möskvastærðina 140 mm og eru því augljóslega 25 af samtals 40 mældum möskvum undir tilskilinni 155 mm lágmarksmöskvastærð í þessum hluta veiðarfærisins. Verður við úrlausn málsins miðað við þá forsendu. Einnig bendir ákæruvaldið á, að af 20 möskvum í poka botnvörpunnar, mældum við sérstaka mælingu að ákærða viðstöddum, hafi tveir möskvar reynst vera 140 mm, sex möskvar 145 mm og fimm möskvar 150 mm, samtals 13 af 20 möskvum undir lágmarksmöskvastærð.

Sjónarmið ákærða í þessu sambandi eru þau, að hann hafi keypt poka þann, sem varðskipsmenn mældu, sem þorskpoka og hann hafi verið framleiddur í Hampiðjunni hf. í Reykjavík, og er það staðfest af vitninu Birgi Steindóri Kristjánssyni, framleiðslustjóra netahnýtingardeildar í Hampiðjunni hf., en vitnið gaf skýrslu fyrir dóminum, eins og fram hefur komið hér að framan. Telur ákærði, að sér verði ekki um það kennt, þótt þessi framleiðsluvara frá Hampiðjunni hf. hafi ekki staðist kröfur um lágmarksmöskvastærð. Hann fullyrðir, að hann hafi ekki gert neitt til að breyta möskvunum í pokanum úr 155 mm og smækkað hann. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að svo hafi verið. Þá hafi hvorki geymsla pokans né notkun átt að hafa þau áhrif, að hann yrði ólöglegur.

Fram er komið í málinu, að netagarnið er úr gerviefninu „polyethylen", sem er plastefni, fléttað úr mörgum þráðum. Í málinu hefur komið fram, að ef sandur kemst inn í þræðina, tútnar garnið út og veldur minnkun möskvans. Einkanlega virðist þetta verða í gömlum netapokum, sem orðið hafa fyrir hnjaski, þótt um venjulega notkun sé að ræða. Ekki verður ákærða um það kennt, þótt möskvar í pokanum hafi minnkað af þessum ástæðum. Ekkert bendir til þess, að geymslu sé um möskvaminnkunina að kenna. Fyrirliggjandi framleiðsluaðferðir virðast ekki tryggja, svo að öruggt sé, að möskvarnir verði allir jafnstórir. Óumdeilt er, að þegar varðskipsmenn mældu möskva pokans, fóru þeir í hvívetna eftir þeirri aðferð, sem beita á skv. reglugerðinni við slíkar mælingar, en í 6. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um hana, og hljóðar hún þannig:

„Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri möskvastærð og tveggja mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott."

Þegar varðskipsmenn mældu netið, var það nýkomið úr sjó. Ljóst er, að löggilt mælistika getur gefið mismunandi niðurstöðu, þar sem ótilteknu handafli er beitt. Þótt einstakir möskvar hafi mælst undir lögboðinni lágmarksstærð, þykir eðlilegt, eins og hér stendur á, að miða við meðalstærð allra (40) mældra möskva, sbr. dskj. III, 2, og allra (20) mældra möskva,

sbr. dskj. III, 3, þegar tekin er afstaða til hugsanlegrar skekkju við mælingu og annarra atriða, sem hér skipta máli. Með hliðsjón af niðurstöðu dómkvaddra mats- og skoðunarmanna, sbr. dskj. III, 10, telst sannað, að umræddur poki botnvörpunnar hefur verið saumaður við millistykkið sem þorskpoki. Þess skal getið, að dómurinn rannsakaði einnig vettvang að þessu leyti.

Meginregla opinbers réttarfars, sbr. m.a. 108. gr. laga nr. 74/1974, er, að sönnunarbyrði um sekt sökunautar og atvik, sem telja má honum til óhags, hvílir á ákæruvaldinu. Allur skynsamlegur vafi er metinn ákærða í hag (in dubio pro reo).

Þar sem ákæruvaldinu hefur ekki tekist að sanna sekt ákærða í máli þessu og með hliðsjón af vafaatriðum og því, sem að framan greinir, þykir verða að sýkna ákærða, Jóel Þór Andersen, af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Ákærði, Jóel Þór Andersen, skipstjóri á ms. Danska Pétri, VE 423, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Sakarkostnað máls þessa skal greiða úr ríkissjóði.

Dóminn kvað upp Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari (dómsformaður) og meðdómsmennirnir Friðrik Ásmundsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, og Finnbogi Ólafsson netagerðarmeistari.

Dómsorð:

Ákærði, Jóel Þór Andersen, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður máls þessa skal greiddur úr ríkissjóði.